Fornleifaskráning í Rangárþingi ytra

Áfangaskýrsla I

Ritstjóri:Ágústa Edwald
Höfundar efnis: Ágústa Edwald, Sigríður Þorgeirsdóttir og Rúnar Leifsson

FS379-06191

Fornleifastofnun Íslands
Reykjavík
2008

Forsíðumynd er af smalakofatóft á Eystri-Kirkjubæ 278:013

© Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit

I. INNGANGUR **5**

II. FORNLEIFASKRÁNING OG LÖGGJÖF UM MINJAVERND **7**

III. FORNLEIFASKRÁ **10**

RA-262 Hátún (Ártún) 10
RA-263 Ártúnakot 15
RA-264 Bakkakot 16
RA-265 Bakkakotskot 23
RA-266 Vestra Fróðholt 24
RA-267 Fróðholtshjáleiga 27
RA-268 Fróðholtshóll 30
RA-269 Eystra Fróðholt 31
RA-270 Galtarholt 34
RA-271 Markhóll 41
RA-272 Stórholt 42
RA-273 Uxahryggur 43
RA-274 Oddahóll 52
RA-275 Lambhagi 63
RA-276 Strönd 73
RA-277 Vestari Kirkjubær 77
RA-278 Eystri Kirkjubær 96
RA-279 Stóra Hof 104
RA-280 Minna Hof 124
RA-281 Stokkalækur 137
RA-289 Reyðarvatn 152
RA-290 Steinkross 166
RA-291 Kot 172
RA-292 Dagverðarnes 187
RA-293 Selsund [Skarð eystra] 200
RA-294 Haukadalur 225
RA-295 Bolholt 236
RA-296 Næfurholt 246
RA-297 Háls 271
RA-298 Svínahagi 272
RA-299 Kaldbakur 284
RA-300 Þingskálar 294
RA-301 Heiði 313
RA-469 Mörk 326

IV. FORNLEIFAR OG BYGGÐ **336**

Byggð á Rangárvöllum 336
Bæjarhólar og býli 341
Kirkjur og legstaðir 349
Útihús og túngarðar 350
Stekkir, kvíar, réttir og smalakofar 354
Beitarhús, sel og fjárskýli 357
Beitarhús 357
Sel 362
Fjárskýli 362
Mótekja, kolagrafir, torfrista og hellutak 363
Myllur 364
Samgönguminjar 364
Þjóðsögur, álagablettir, huldufólksbústaðir, tröll og útilegumenn 364

V. NIÐURSTÖÐUR **366**

Fornleifar í stórhættu: 368

Kynning og varðveisla 370

HEIMILDASKRÁ 374

Óprentaðar heimildir: 378
Heimildamenn: 380

VIÐAUKI: 381

Ástand skráðra útihúsa 381
Hnit á ISN93 formi:..... 391

MINJAKORT: 405

ÖRNEFNAKORT INGÓLFS EINARSSONAR: 424

TÖFLUR OG SKÍFURIT:

Tafla 1: Skráðar jarðir.....340
Tafla 2: Skráðir bæjarhólar.....344
Tafla 3: Skráð býli.....347
Talfa 4: Skráð útihús.....351
Tafla 5:Skráðir túngarðar.....354
Tafla 6: Skráð beitarhús.....360
Tafla 7: Hlutverk skráðra fornleifa.....366
Tafla 8: Ástand skráðra útihúsa.....381
Skífurit 1: Ástand bæjarhóla.....344
Skífurit 2: Ástand býla.....347
Skífurit 3: Ástand fornleifa.....367
Skífurit 4: Minjaspjöll.....367
Skífurit 5: Hættumat.....368

I. Inngangur

Í byrjun árs 2005 hafði sveitarfélagið Rangárþing ytra[1] samband við Fornleifastofnun Íslands og fór þess á leit að stofnunin tæki að sér aðalskáningu fornleifa í sveitarfélaginu. Samningur þessa efnis var undirritaður vorið 2005. Samkvæmt samningi verður skráningu í sveitarfélaginu skipt upp í níu áfanga vettvangsskráningar. Sá fyrsti var unninn sumarið 2006 og annar sumarið 2007. Stefnt er á að gefa út fimm skýrslur um skráninguna, þ.e. að skýrslur fyrir hverja tvo áfanga verði útgefnar annað hvort ár. Þessi skýrsla er sú fyrsta í skýrsluröðinni og er hún niðurstöður vettvangsvinnu fyrstu tvö árin. Áætlað er að verkinu ljúki árið 2015 með útgáfu fimmtu skýrslunnar.

Nú hefur 901 fornleif verið skráð í Rangárþingi. Sumarið 2006 voru fornleifar á 14 jörðum skráðar en á 20 jörðum 2007. Fyrra árið voru samtals skráðar 510 fornleifar en það síðara 391 fornleif. Jarðirnar sem skráðar voru sumarið 2006 voru: Reyðarvatn, Steinkross, Kot, Dagverðarnes, Selsund, Haukadalur, Bolholt, Næfurholt, Háls, Svínhagi, Kaldbakur, Þingskálar, Heiði og Mörk og voru að meðaltali 36 fornleifar á jörð. Jarðirnar sem skráðar voru sumarið 2007 voru: Ártún, Ártúnakot, Bakkakot, Bakkakotskot, Vestara-Fróðholt, Fróðholtshjáleiga, Fróðholtshóll, Eystra-Fróðholt, Markhóll, Stórholt, Galtarholt, Uxahryggur, Oddhóll, Lambhagi, Strönd, Eystri-Kirkjubær, Vestari-Kirkjubær, Stórahof, Minnahof og Stokkalækur. Þar voru að meðaltali 19 fornleifar á hverri jörð. Sumarið 2008 stendur til að skrá jarðirnar Keldur, Tungu, Reynifell, Þorleifsstaðir, Rauðnefsstaðir og Foss.

Skýrsla þessi er byggð upp eins og aðrar skýrslur um fornleifaskráningu. Í skýrslunni er fyrst sagt í stuttu máli frá löggjöf um minjavernd og sögu fornleifaskráningar (2. kafli) og í kjölfarið fylgir ítarleg skrá yfir fornleifar (3. kafli). Í henni eru minjastaðir flokkaðir eftir jörðum og byggir tölusetning jarðanna á *Jarðatali Johnsens* frá 1847. Á undan minjaskrá hverrar jarðar er annars vegar gert grein fyrir því hvenær jarðanna var getið fyrst í heimildum og í hvaða fornritum öðrum þeirra er getið, auk þess sem fjallað er um afbýli, hjáleigur, bænhús og kirkjur ef einhver eru, til að varpa ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Hins vegar er fjallað um landslag á jörðunum, gróðurfar og túnasléttun og aðra þætti sem hafa áhrif á varðveislu minja. Í minjaskrá er fjallað sérstaklega um hvern minjastað, sagt frá staðsetningu minjanna og aðstæðum og þeim lýst. Í 4. kafla er yfirlit um sögu byggðar á svæðinu og samantektir um helstu minjaflokka. Að lokum eru svo niðurstöður skráningarinnar fyrstu tvö sumrin dregnar saman og settar fram tillögur um verndun og

[1] Sveitarfélagið Rangárþing ytra varð til árið 2002 við sameiningu Rangárvallahrepps, Djúpárhrepps og Holta- og Landssveitar (sem varð til við sameiningu Holtahrepps og Landmannahrepps árið 1999).

kynningu fornleifa á því svæði sem skráð hefur verið (5. kafli). Aftast í skýrslunni eru fornleifakort sem sýna dreifingu minjastaða auk örnefnakorta Ingólfs Einarssonar. Minjastaðirnir eru merktir á loftmyndir af svæðinu frá Loftmyndum ehf.. Örnefnakortin eru varðveitt eru hjá Langræðslu ríkinsins og eru birt með leyfi höfundar og eru honum færðar bestu þakkir fyrir.

Sædís Gunnarsdóttir gerði svæðisskráningu (heimildakönnun) fyrir Rangárvallasýslu árið 1999 og vettvangsskráningin byggði á henni. Rúnar Leifsson og Sigríður Þorgeirsdóttir skráðu minjar á vettvangi sumarið 2006 en vettvangsvinnan árið 2007 var unnin af Ágústu Edwald. Ágústa sá einnig um samantekt og ritaði skýrsluna. Skrásetjarar vilja koma á framfæri þökkum til heimildamanna sinna fyrir dygga aðstoð og hlýjar móttökur.

II. Fornleifaskráning og löggjöf um minjavernd

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Fornleifaskráning er bundin skipulagsgerð í þjóðminjalögum (nr. 107/2001) en þar segir í 11. gr.: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“ Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.”

Er fornleifakönnunin í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum skipulags á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifa fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við fornleifaskráninguna.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 13. gr. þjóðminjalaga segir m.a.: „Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er… Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.“

Við skráningu á fornleifum notar Fornleifastofnun Íslands staðlað kerfi þar sem hver sýsla hefur skammstafað heiti (ÁR, RA o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því.

Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-264:011 er beitarhúsatóft í Bakkakoti). Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð.

Fjallað er um hverja fornleif eins og dæmið hér að neðan sýnir



Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið

mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Miðað er við að áætlað frávik frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu séu til heimildir um staðinn, en minjar hafi ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar sýnilegar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnit staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap, og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu eru minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum verði raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

III. Fornleifaskrá



RA-262 Hátún (Ártún)

10 hdr., 1711, Oddakirkjueign. "Bærinn Ártún var fyrrum nefndur Hátún og kemur fyrst fyrir með því nafni í máldaga Oddakirkju 1553. Hátúna-nafnið var síðan einrátt á jörðinni fram yfir 1700, en nafnið Ártún kemur fyrst fyrir í manntalinu 1729 og tíðkuðust bæði nöfnin eftir það jafnhliða fram á miðja 19. öld, en síðan hefur Ártúnanafnið verið einrátt. Í máldaga Oddakirkju 1397 er getið bæjar í eigu kirkjunnar, sem hét Múlaland og gat Vigfús Guðmundsson frá Keldum þess til að þar bæri um sama bæ að ræða og nú nefnist Ártún." VS: Rangvellingabók, 11. "Land Ártúna er flöt, framræst mýri og þurrir bakkar við Þverá og Hólsá." SB V, 99. "Séra Markús Jónsson í Odda lýsti Ártúnum svo 1850: "Ártún með Ártúnakoti eru að landstærð í það heila 1400 faðmar að lengd og 1300 faðmar að breidd og verður eiginlega ekkert af þessu landi verð því skepnur okkar þriggja ábúenda verða á því að lifa. Túnblettur fylgir aðeins Ártúnakotinu." VS: Rangvellingabók, 12.
1711: "Af túninu brýtur Rangá. Engjar eru blautar og votar. Engjavegur torfær og verður hann að brúa." JÁM I, 259. 1917: Tún 2 ha, allt slétt, garðar 1605 m² . 1940: "Tún: Láglent, sendið. Engjar. Áveituengi, samfellt, grasgefið. Að hálfu vélfært, annað greiðfært. Fremur votlent. Beitiland: Mýri og sandbakkar, mjög þröngt." VS: Rangvellingabók, 12

RA-262:001 *Hátún* bæjarhóll bústaður 63°46.336N 20°28.997V



Bæjarhóllinn, horft til suðvesturs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var tvíbýli í Ártúnum það ár. Þar sem bæirnir stóðu er hóll. Hann er um 130 m ANA af núverandi íbúðarhúsi (byggt 1932) og um 30 m sunnan við Þverá. Hér er skráður syðri bærinn, en ekki er ljóst hvort hann hafi heitað Ártún I eða Ártún II. Nyrðri bærinn er skráður undir númeri 002.
Hóllinn er í sléttu túni. Núverandi heimreið að bænum liggur yfir suðurenda hans.
Hóllinn er um 60x30 m stór, snýr N-S. Hann er um 3 m hár. Í NV horni hans er dæld eftir fjárhús sem þar stóðu. Þau fuku í ofsaveðri á seinnihluta níunda áratug síðustu aldar. Dældin er um 0.8 m djúp, um 17x13 m stór og snýr A-V. Uppdráttur af Ártúnum II eftir Helgu Skúladóttur er varðveittur í bók hennar Rangárvellir. Þar er hlaða sambyggð bænum sem og fjós og hesthús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; HS., viðauki.

RA-262:002 *Ártún* bæjarhóll bústaður 63°46.336N 20°28.997V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var tvíbýli í Ártúnum árið 1917. Þar sem bæirnir stóðu er hóll. Hann er um 130 m ANA af núverandi íbúðarhúsi (byggt 1932) og um 30 m sunnan við Þverá. Hér er nyrðri bærinn skráður en ekki er ljóst hvort hann hafi heitað Ártún I eða Ártún II.
Hóllinn er í sléttu túni. Núverandi heimreið að bænum liggur yfir suðurenda hans.
Hóllinn er um 60x30 m stór, snýr N-S. Hann er um 3 m hár. Í NV horni hans er dæld eftir fjárhús sem þar stóðu. Þau fuku í ofsaveðri á seinnihluta níunda áratug síðustu aldar. Dældin er um 0.8 m djúp, um 17x13 m stór og snýr A-V. Uppdráttur af Ártúnum II eftir Helgu Skúladóttur er varðveittur í bók hennar Rangárvellir. Þar er hlaða sambyggð bænum sem og fjós og hesthús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917. HS., viðauki.

RA-262:003 heimild um útihús 63°46.322N 20°29.090V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 80 m vestan við bæ (001, 002). Sunnan við húsið var girðing, samkvæmt túnakorti.
Á þessum stað er nú hesthús. Sunnan við það er heimreið að bænum en í aðrar áttir er slétt grasflöt.
Ekki sést til útihússins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-262:004 heimild um útihús 63°46.285N 20°29.145V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 150 m VSV við bæ (001,002). Girðing var SV við húsið, samkvæmt túnakorti.
Á þessum stað er nú malarplan sunnan fjóss.
Ekki sést til útihússins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-262:005 hleðsla brú 63°45.381N 20°30.066V



Hleðslan, horft til austurs

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709 segir: "Af túninu brýtur Rangá. Engjar eru blautar og votar. Engjavegur torfær og verður hann að brúa." Nú (2007) hafa engjarnar verið ræstar fram og eru að mestu leyti þurrar. Um 2 km SV við bæ (001,002) og um 340 m norðan frá þúst 011 er kræklótt garðlag, hugsanlega leifar göngugarðs, veghleðslu eða brúarsmíðar.
Umhverfis garðlagið eru hvompur, uppþurrkaðar mýrarkeldur og þá þýfður mói í allar áttir.
Líklegt er að fé hafi leitað skjóls í hvompunum og ýkt lag þeirra og garðlagsins. Garðlagið er á um 50x20 m stóru svæði sem snýr NA-SV. Það er nokkuð þýft og víða skorðið af umferð. Það er hæst um 0.9 m og breiðast um 0.8 m. Að norðan hverfur það í skurð en að sunnan fjarar það út í þýfðum móanum. Frá skurðinum liggur það til suðurs um 15 m þar sem það beygir til vesturs um 10 m. Þaðan liggur það til suðurs um 40 m þar til það hverfur í móann.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM I, 259

RA-262:006 þúst óþekkt 63°45.496N 20°28.853V

Þúst A,, horft til norðurs

Þúst B, horft til norðurs

Um 1,6 km suður af bæ (001, 002) og um 30 m vestan við garðlag 013 eru tvær þústir.
Þústirnar eru í smáþýfðri mýri.
Þústirnar eru á svæði sem er um 30x10 m stórt og snýr N-S. Hér verður þústunum gefnir bókstafir til aðgreiningar. Þúst A er um 15 m norðan við þúst B. Hún er um 7x5 m stór og veggir hennar eru um 0,8 m háir. Hún snýr N-S. Þúst B er um 5x4 m stór, snýr einnig N-S. Veggir hennar eru um 1m háir. Hlutverk þústanna er ekki ljóst en augljós mannaverk eru á þeim. Hugsanlega er hér um heystæði að ræða, en ekki er hægt að fullyrða um það að svo stöddu.
Hættumat: engin hætta

RA-262:007 garðlag landamerki 63°46.157N 20°27.612V
Landamerki 1890: "Að austan ræður lína sú frá Landeyjamörkum samhliða Bakkakotalandi er myndast um vörðu á Jónsborgarrifi [264:003] beina línu í garðlegg og vörðu [008] sem er í Þverárbökkum, hvert mið skarð austan til í mitt Skarðsfjall, að norðan ræður Þverá sunnan Oddaeyra, að vestan ræður Hólsá fram að Hólalandi, að sunnan að Hólsárbökkum bein lína í áðurnefnda vörðu á Jónsborgarrifi, skal sú lína miði lítið laust við Múlaenda." Ekki sér lengur til garðlags á Þverárbökkum. Merkin við ána, móts Bakkakoti, eru um 1,2 km ASA við bæ 001,002.
Þar eru sandeyrar fast við ána. Bakkakotsmegin eru ræktuð tún en grasivaxinn sandur Ártúnamegin.
Garðlagið er líklega horfið í ána.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 11

RA-262:008 varða landamerki 63°46.157N 20°27.612V
Landamerki 1890: "Að austan ræður lína sú frá Landeyjamörkum samhliða Bakkakotalandi er myndast um vörðu á Jónsborgarrifi [264:003] beina línu í garðlegg [007] og vörðu sem er í Þverárbökkum, hvert mið skarð austan til í mitt Skarðsfjall, að norðan ræður Þverá sunnan Oddaeyra, að vestan ræður Hólsá fram að Hólalandi, að sunnan að Hólsárbökkum bein lína í áðurnefnda vörðu á Jónsborgarrifi, skal sú lína miði lítið laust við Múlaenda." Engin varða er nú á merkjum við ána.
Á merkjum Bakkakots og Árútna eru sandeyrar fast við ána. Bakkakotsmegin eru ræktuð tún en grasivaxinn sandur Ártúnamegin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 11

RA-262:009 heimild um kálgarð 63°16.354N 20°29.006V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður við NV horn nyrðri bæjarins í Ártúnum 002.
Á þessum stað er nú slétt grasflöt við NV við bæjarhólinn.
Ekki sér fyrir kálgarðinum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-262:010 heimild um kálgarð 63°46.328N 20°29.040V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast vestan við syðri bæinn í Ártúnum 001.
Þar er nú grasflöt við vesturrætur bæjarhólsins, norðan heimreiðar.
Ekki sér fyrir kálgarðinum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-262:011 þúst óþekkt 63°45.206N 20°29.950V
Um 2,2 km SV frá bæ 001,002 og um 1,6 km SV af Ártúnakoti 263:001 er lágur en stór hóll þar sem ætla má að mannvistarleifar leynist undir sverði.
Hóllinn er í framræstri mýri sem nú er flatlend og þurr.
Hóllinn er um 40x20 m stór og snýr N-S. Hann er um 1 m hár. Ekki eru augljós mannaverk á honum en hann stingur mjög í stúf í marflötu umhverfinu auk þess sem hann er eilítið grænni en gróðurinn í kring. Teljast verður mjög líklegt að undir sverði séu mannvistarleifar.
Hættumat: engin hætta

RA-262:012 þúst óþekkt 63°45.060N 20°30.060V

Þústin, horft til norðvesturs

Þúst er um 300 m SV við þúst 011, um 2,3 km SV frá bæ 001,002 og um 1,9 km SV frá Ártúnakoti 263:001. Hún er um 100 m norðan við suðurmerki jarðarinnar.
Þústin er í flatlendri mýri.
Þústin er um 60x30 m stór, snýr N-S. Hún er um 1 m há, dældótt í toppinn. Engin skýr mannaverk eru þó á henni en líkt og með þúst 011 stingur hún í stúf í annars marflötu umhverfinu og líklegt verður að teljast að þarna leynist mannvistarlög undir sverði.
Hættumat: engin hætta

RA-262:013 garðlag áveita 63°45.587N 20°28.794V

Um 1,4 km sunnan við bæ (001,002) og um 1,1 km sunnan við Ártúnakot 263:001 er garðlag í mýrinni.
Umhverfis garðlagið er mýrin fremur blaut og mýrarlækur rennur fast vestan við það (nú, í júlí 2007, þurr til að kalla).
Garðlagið liggur nálega N-S. Það er um 260 m langt, um 0,7 m hátt og um 0,9 m breitt. Það er all víða klofið af umferð. Garðlagið er í raun í tveimur hlutum rofið af grónu holti sem er um 35 m breitt. Norðan við holtið liggur garðlagið í norður, um 95 m, þar sem það hverfur skyndilega. Sunnan við holtið liggur garðlagið í um 163 m suður þar til það kemur að öðru holti þar sem það hverfur. Hlutverk garðlagsins er ekki þekkt en af staðsetningu þess og umhverfi að dæma er líklegt að um áveitugarð sé að ræða.
Hættumat: engin hætta

Garðlagið, horft til norðausturs

RA-263 Ártúnakot

Hjáleiga Hátúns. "Bærinn Ártúnakot, sem í upphafi var nefndur Ártúnahjáleiga, var svo sem nafnið bendir til hjáleiga frá Ártúnum og stóð á bökkum Hólsár um einn kílómetra suðvestur frá þeim bæ. Ártúnahjáleiga er fyrst nefnd í húsvitjanabók Oddakirkju 1831 og víst er að jarðaafnot hafði þetta býli ekki fyrr en það ár, en líklega hefur bær þessi fyrst verið byggður tveimur árum fyrr, því 1829 og 1830 er skráð í húsvitjanabók þriðja býlið í Ártúnum, en það var húsmennskubýli og bjó þar sama fólkið og fyrst var í Ártúnakoti." VS: Rangvellingabók, 26. "Ártúnakort var hjáleiga frá Ártúnum, í byggð árin 1831-1904." SB V, 100

RA-263:001 *Ártúnakot* bæjarhóll bústaður 63°46.071N 20°29.507V

Bæjarhóllinn, horft til norðurs

"Eyðibýlið Ártúnskot liggur kippkorn suður af túninu við ána. Það fór í eyði vegna vatnságangs, áður en ósarnir voru tepptir," segir í örnefnalýsingu. Ártúnkot var um 265 m SV frá bæjarhól Ártúna 262:001,002. Þar eru nú gömul fjárhús.

Fjárhúsin eru á hálfgrónum hól, umhverfis eru sléttuð tún.

Fjárhúsin standa á hól sem er um 50x40 m stór og snýr N-S. Hann er mest um 1 m hár. Fjárhúsin eru á steyptum grunni, bárujárnsklædd. Engar útihúsatættur eða leifar túngarðs sjást á svæðinu. Bærinn fór í eyði á 19. öld þegar ábúendurnir fluttust til Kanada.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Bakkabæir, 10



RA-264 Bakkakot

10 hdr., 1711 Oddakirkjueign. "Bakkakots finnst fyrst gerið í visitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar árið 1641. Jörðin var þá sem aðrar jarðir á Bakkabæjum eign Oddakirkju og hélst svo til 1880 er hún var lögð prestinum í Landaþingum til uppbótar. Árið 1907 varð Bakkakot eign Kirkjujarðarsjóðs og er það síðan. Afbýli frá Bakkakoti voru Bakkakotskot sem byggt var 1826 og Litla-Bakkakot sem byggt var 1826." VS: Rangvellingabók, 30. "Land Bakkakots er þurrir bakkar við Þverá og flatlend mýri, nú framræst." SB V, 98.
1711: "Túnin því litla sem er hefur spilt aur og sandur frá Rangá, og er skaða von af framvegis. Heyskapur er peníngi óheilnæmur, verður hann alloft sjúkur af því." JÁM I, 258 1850: "Tún fylgja engin þessari jörð og hvergi svo stór bali að borin verði eldiviður. Hagar eru hér engin nema hið votlenda slægjuland og nýtur þeirra þess vegna ekki nema frá sumarmánuðum til veturnótta og það hleðst yst í landi jarðarinnar sem gjörir skepnuhirðingu svo miklu örðugri. - Vart mun þriðjungur þessarar landareignar verið graslendi, hinir tveir partarnir eru sandur og eyðilegging eftir Þverá sem geysar hér fram yfir alla Bakkabæi, einkum á vetrum og sprengir á stundum upp stykki úr heillri jörðu hvar af orsakast ósar og árflóð svo mikil að oft rennur inn í húsin og á stundum upp úr húsunum ... Víðátta landsins að meðreiknuðum báðum Bakkakotum fylgir að meðrieknuðu svokölluðu Þrætulandi er 1400 faðmar að lengd en 1300 faðmar að breidd." VS: Rangvellingabók, 30-31 1917: Garðar 1345 m² . 1940: "Tún: Láglent, sendir. Engjar: Áveituengi, samfellt grasgefið, 2/3 vélfært, hit greiðfært. Fremur þurrlendar. beitilandið: Mýri og sandbakkar, gremur þröngt." VS: Rangvellingabók, 30-31

RA-264:001 *Bakkakot* bæjarhóll bústaður 63°45.850N 20°26.200V

Bæjarhóllinn, horft til norðurs

Gamli bærinn í Bakkakoti stóð um 2 m vestan við þar sem núverandi íbúðarhús í Bakkakoti I er. Bærinn var rifinn árið 1968 eftir að upp kom eldur. Núverandi íbúðarhús var byggt árið 1952 og var þá flutt úr gamla bænum en gert var til mjólkur í honum þangað til hann var rifinn 1968. Núverandi íbúðarhús er steinsteypt á tveimur hæðum en ekki með kjallara.
Þar sem bærinn stóð er nú grasflöt fast vestan við núverandi íbúðarhús og sunnan við fjós.
Þar sem bærinn stóð er hóll sem snýr A-V og nær austur fyrir núverandi íbúðarhús. Hann er um 50x30 m stór, hæstur frá norðri um 1, 1 m. Bærinn sneri N-S og A-V í kross og var gengið inn í baðstofu að sunnan og eldhús að austan. Í bók Helgu Skúladóttur, Rangárvellir, segir neðan við uppdrátt af bænum: "Skarsúð er hér undir torfþaki á

baðstofunni (og járnplötur), og er henni skipt milli tveggja heimila, með þverþili. (Sbr. lýsing búenda á þessum bæjum). Strompurinn einkennir eldhúsið, og taðhús þar hjá, en að líkindum gripahús til beggja enda."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917. HS, viðauki.

RA-264:002 heimild um útihús 63°45.840N 20°26.214V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 5 m sunnan við bæ 001.
Þar er nú slétt grasflöt framan við bæjarhólinn 001.
Ekki sést til útihússins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-264:003 *Jónsborgarrif* örnefni landamerki 63°44.420N 20°28.035V
"Vestur og vesturjaðrinum er Jósborgarrif, slétt og véltækt engi," segir í örnefnalýsingu. Í landamerkjalýsingu Ártúna frá 1890 segir ennfremur: "Að austan ræður lína sú frá Landeyamörkum samhliða Bakkakotslandi er myndast um vörðu á Jónsborgarrifi beina línu í garðlegg [262:007] og vörðu [262:008] sem er í Þverárbökkum". Örnefnið Jónsborgarrif er nú týnt. Gengið var með suður- og vestur merkjum jarðarinnar (austurmerkjum Ártúna) vestarlega í mýrinni suður af bæ 001 (sbr. fornleifar 024,025). Engar fornleifar fundust sem skýra örnefnið né heldur varða á merkjum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 8. VS: Rangvellingabók, 11.

RA-264:004 *Miðrétt* heimild um rétt
"Fyrir ofan það [003] er Miðrétt, tóftarbrot, hefur staðið þar rétt fyrrum. Nokkuð ofar er Efstarétt [005]," segir í örnefnalýsingu. Örnefnið er nú týnt. Gengið var með SV mörkum landareignarinnar og vestarlega í mýrinni fram, norður, að bæ 001. Engin tóftarbrot fundust í marflatri mýrinni enda hefur landið breyst mikið á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 9

RA-264:005 *Efstarétt* heimild um rétt
"Fyrir ofan það [003] er Miðrétt [004], tóftarbrot, hefur staðið þar rétt fyrrum. Nokkuð ofar er Efstarétt," segir í örnefnalýsingu. Örnefnið er nú týnt. Gengið var með SV mörkum landareignarinnar og vestarlega í mýrinni fram, norður, að bæ 001. Engin tóftarbrot fundust í marflatri mýrinni enda hefur landið breyst mikið á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 9

RA-264:006 *Katrínartættur* heimild um bústað
"Norður af rifinu [sjá 003] liggur sandflæmi eftir ósinn. Þá tekur við Langhóll. Á honum eru tættur, nefndar Katrínartættur, kenndar við Katrínu, sem þar bjó ..," segir í örnefnalýsingu. Nú er ekkert sandflæmi á þessum slóðum í landareigninni né greinilegur hóll. Gengið var eftir vesturmerkjum og vestarlega í mýrinni sunnan við bæ 001. Engar tóftir sem koma heim og saman við lýsingu örnefnaskrárinnar fundust.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 9

RA-264:007 álagablettur 63°45.231N 20°28.054V
"Vesturmýrin liggur vestur af bænum. Í henni eru flóð, sem þau álög liggja á, að ekki megi slá (þá á að drepast snemmbæra)," segir í örnefnalýsingu. Nú hefur mýrin vestan bæjar 001 að miklu leyti verið ræst fram.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 9

RA-264:008 heimild um landamerki 63°44.824N 20°29.400V
Landamerki Ártúna og Bakkakots 1843: "Mörkin ættu að liggja úr tanga litlum sem skagar norður í svokallaða Kvísl, og í tvær þúfur grænar þar standandi sem nú stendur það byrgi sem ég og Bakkakotsmenn hlóðu þegar ég í Ártúnum var. Þetta beina stefnu í Gegnishóla sem að standa skammt fyrir vestan Skúmsstaði." Þar sem nú liggja mörk milli Bakkakots og Ártúna, að sunnan, er breiður skurður sem kemur í skurðinn á merkjum mót Landeyjum. Það er um 3,2 km VSV við bæ 001.
Beggja vegna landamerkjaskuðsins eru grösug engi.

Ekki sér til fornleifa á þessum slóðum enda líklegt að byrgið hafi verið eyðilagt, því rutt út, þegar skurðurinn var tekinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 30

RA-264:009 frásögn óþekkt 63°45.974N 20°26.528V
Halla Bjarnadóttir í Ártúnum (f. 1965) sagði frá því að faðir hennar, Bjarni Ársælsson frá Bakkakoti hefði getið um tóftir við skeifulaga dæld sem liggur frá Þverá og upp undir núverandi þjóðveg milli Ártúna og Bakkakots um 950 m NV frá bæ 001.
Þar eru nú slétt tún beggja vegna dældarinnar.
Ekki sást til tófta á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-264:010 mannvirki útihús 63°45.542N 20°26.710V

Leifar mannvirkisins, horft til norðaustus



Um 700 m SV frá bæ 001 eru leifar byggingar.
Þær eru á þýfðri grasflöt í smáþýfðri mýri.
Ummerki byggingar má greina á svæði sem eru um 30x16m stórt og snýr A-V. Engar skýrar hleðsluleifar eru á svæðinu sem líklega geymir leifar byggingar frá seinni tíð. Hún hefur hugsanlega verið byggð úr torfi, grjóti og steypu í bland og líklega verið útihús frá Bakkakoti.. Á svæðinu má greina óskýrar dældir sem líklega eru vísbending um innri skiptingu byggingarinnar. Í norður horni þess er um 10x6 m stór dæld, um 0,4 m djúp, sem snýr A-V. Sunnan við hana eru aðrar dældir en þær eru of óskýrar til að hægt sé að mæla þær út. Mikið af steinsteypu klumpum og bárujárni eru á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-264:011 tóft beitarhús 63°45.297N 20°27.300V



Tóftin, horft til suðausturs

Tóft er um 1,4 km SV frá bæ 001, um 240 m SV frá hleðslu 014 og um 40 m sunnan við gamla, hálfhrunda skemmu.
Tóftin er á flatlendu grasivöxnu svæði sem teygir sig til vesturs og suðurs. Norðar og austar er mýri.
Tóftin er um 18x15m stór og snýr NV-SA. Tóftin er tvískipt, suðaustast í henni er dæld um 12x3 m stór að innanmáli og um 1,2 m djúp. Hún snýr þvert á tóftina, líklega leifar heygryfju. Norðan við hana er aðalhólf

tóftarinnar. Það er um 8x13 m stórt að innanmáli og snýr eins og tóftin. Í miðju hólfinu er garði. Það er opið til NV, þar sem hugsanlega hefur verið timburgafl. Hleðsluhæð tóftarinnar er mest um 1,1 m. Hvergi sér í grjót í hleðslum.
Hættumat: engin hætta

RA-264:012 varða landamerki63°44.171N 20°27.244V Landamerki frá 1890: "Að sunnan skapast lína frá vörðu sem er við Tunguland (hornmark austan og sunnan), bein lína sjónhending í vörðu á Jónsborgarrifi [003], hornmark að vestan og sunnan, skal sú lína miðuð að varðan við Tunguland sé lítið laus við Múlaendann (Fjallsendann). Að vestan skapast lína frá vörðu á Jónsborgarrifi sjónhending í vörðu og garðlag á Þverárbökkum [262:007,008] sem miða skal austan til í mitt Skarðsfjall." Nú er skurður á suðausturmerkjum sem eru um 3,2 km SSV frá bæ 001.
Þýfður mói er beggja vegna merkjaskurðarins.
Engin varða er nú á merkjum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 30

RA-264:013 þúst óþekkt 63°45.480N 20°27.256V

Þústin, horft til suðurs



Um 1,1 km VSV frá bæ 001 og um 460 m V frá útihúsrústum 010 er stakur hóll í mýrinni, dældóttur í toppinn.
Hóllinn er í smáþýfðri mýri.
Hóllinn er um 14x20 m stór og snýr NA-SV. Hann er hæstur um 1,1 m. Dældin í toppi hans er um 10x6 m stór og snýr þvert á hólinn, hún er um 0,3 m djúp. Hugsanlega hefur hér verið heystæði, en ekki er hægt að fullyrða um það að svo stöddu.
Hættumat: engin hætta

RA-264:014 hleðsla áveita 63°45.421N 20°27.273V

Hleðslan, horft til suðurs



Um 1,2 km VSV frá bæ 001 og um 110 m SV frá þúst 013 er hleðsla í mýri.
Hleðslan liggur yfir mýrarsprænu milli holta í mýrinni sem nú (2007) er að mestu leyti þurr.

Hleðslan er um 10 m löng A-V og um 4 m breið, rennur inn í holt til austurs og vesturs. Hleðslan er um 0,8 m há, rofin austast, eflaust vegna vatnságangs. Hreinn Árnason, heimildamaður, frá Fróðholtshjáleigu sagði frá því að fyrr hafi vatni verið veitt í Bakkakotsland úr Þverá og þá hafi víða verið hlaðið fyrir mýrarspildur í mýrinni til að stjórna vatnsflaumnum. Hér er eflaust um eina slíka að ræða.
Hættumat: engin hætta

RA-264:015 hleðsla áveita 63°45.215N 20°27.337V

Hleðslan, horft til VSV

Um 150 m suður frá fjárhústóft 011 og um 1,5 km SV frá bæ 001 er hleðsla í mýri. Hún er um 395 m sunnan við áveituhleðslu 014.
Hleðslan er í þýfðri mýri sem teygir sig í allar áttir.
Hleðslan er um 4 m löng SA-NV, um 0,6 m breið og um 0,5 m há. Hreinn Árnason, heimildamaður, frá Fróðholtshjáleigu sagði frá því að fyrr hafi vatni verið veitt í Bakkakotsland úr Þverá og þá hafi víða verið hlaðið fyrir mýrarspildur í mýrinni til að stjórna vatnsflaumnum. Hér er eflaust um eina slíka að ræða.
Hættumat: engin hætta

RA-264:016 *Runkaveldi* heimild um óþekkt
"Lánarstykki er í landsuður af bænum, sunnarlega, og liggur í mörk Fróðholts. Fyrir sunnan það er tóftarbrot, sem heitir Runkaveldi," segir í örnefnalýsingu. Gengið var frá hálfhruninni skemmu við fjárhústóft 011 í landsuður , skammt vestan við mörk móts Ármótum að vegi sem liggur niður í Landeyjar. Engar tóftir fundust í mýrinni.
Þóra Bernódusdóttir, heimildamður þekkti ekki tóftina.
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 8

RA-264:017 frásögn fjós 63°45.853N 20°26.177V
Þóra Bernódusdóttir man eftir útihúsum framan (norðan), við núverandi íbúðarhús. Þar voru fjós og hlaða sem rutt var út 1973. Fjósið og hlaðan voru um 5-10 m NA við bæ 001.
Þar sem húsin stóðu eru nú slétt malarplan norðan íbúðarhúss.
Ekki sést fyrir húsunum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-264:018 heimild um kálgarð 63°45.848N 20°26.179V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast austan við bæ 001.
Þar stendur núverandi íbúðarhús í Bakkakoti I, malarplan er norðan við það en slétt grasflöt í aðrar áttir.
Ekki sér fyrir kálgarðinum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-264:019 frásögn rétt 63°45.864N 20°26.151V
Þóra Bernódusdóttir heimildamaður, man eftir réttartóftum um 30 m norðan við núverandi íbúðarhús í Bakkakoti I og um 50 m NA við bæ 001.
Þar er nú slétt grasflöt framan, norðan við bæ.
Ekki sést fyrir réttartóftinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-264:020 frásögn lambhús 63°45.861N 20°26.111V
Þóra Bernódusdóttir heimildamaður sagði frá því að þar sem íbúðarhúsið í Bakkakoti II stendur nú hafi staðið þrír kofar. Þeirra á meðal lambhús. Það er um 75 m austan við bæ 001.
Þar stendur nú íbúðarhús á einni hæð, ekki með kjallara. Umhverfis það er gróinn garður.
Ekki sér til kofanna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-264:021 heimild um kálgarð 63°45.861N 20°25.938V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður um 200 m austan við bæ 001, um 135 m vestan við Litla Bakkakot 265:001.
Þar eru nú slétt tún, fast sunnan við þjóðveg milli Bakkabæja.
Ekki sér fyrir kálgarðinum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-264:022 garðlag áveita 63°45.135N 20°27.109V

Um 1,5 km SV af bæ 001 og um 240 m SA af hleðslu 015 er önnur hleðsla í mýrinni.
Hleðslan er í þýfðri mýri.
Hún er um 7 m löng, A-V, um 0,9 m breið og um 0,6 m há. Hleðslan fjarar út í mýrina til beggja enda. Hreinn Árnason, heimildamaður, frá Fróðholtshjáleigu sagði frá því að fyrr hafi vatni verið veitt í Bakkakotsland úr Þverá og þá hafi víða verið hlaðið fyrir mýrarspildur í mýrinni til að stjórna vatnsflaumnum. Hér er eflaust um eina slíka að ræða.
Hættumat: engin hætta

Garðlagið, horft til ASA

RA-264:023 garðlag áveita 63°45.169N 20°26.965V

Um 1,51 km SSV af bæ 001 og um 130 m SA við áveitugarð 022 er garðlag.
Garðlagið er í smáþýfðri mýri.
Garðlagið er um 35 m langt SA-NV. Það er um 0,8 m breitt og um 0,6 m hátt. Garðlagið er að hluta klofið vegna umferðar, líklega fjár. Það fjarar út í mýrina til beggja enda. Hlutverk garðlagsins er ekki þekkt en líklega er hér um brúarhleðslu eða áveitugarð að ræða.
Hættumat: engin hætta

Garðlagið, horft til ASA

RA-264:024 þúst óþekkt 63°45.013N 20°28.809V

Vestar- og sunnarlega í mýri, um 2,45 km suður frá bæ 001 og um 600 m ANA af mörkum móti Ártúnum (þar sem byrgið 008 var) er þýfður grænn hóll þar sem líklegt má teljast að mannvistarleifar leynist undir sverði.
Hóllinn er í smáþýfðri mýri.
Hóllinn er um 50x25 m stór, snýr A-V og um 0,7 m hár. Engin greinileg mannaverk eru á honum en hann stingur í stúf í annars flatlendri mýrinni auk þess sem hann er grænni en umhverfið. Það má þó vera að hér sé um náttúrulegt holt að ræða sem sé grænna vegna þess að fé hefur leitað þangað upp úr mýrinni. Ekki er hægt að fullyrða um gerð hólsins að svo stöddu en hann er skráður sökum þess að líklegt telst að undir sverði leynist mannvistarleifar.
Hættumat: engin hætta

Þústin, horft til austurs

RA-264:025 þúst óþekkt 63°45.086N 20°28.639V

Þúst A, horft til vesturs

Þúst B, horft til VSV



Um 200 m NA frá þúst 024 og um 2,3 km sunnan við bæ 001 eru tvær þústir í mýrinni. Þústirnar eru í dálítilli, þýfðri lægð í mýrinni sem eflaust hefur verið allblaut fyrrum.

Þústirnar eru á svæði sem er um 9x8 m stórt og snýr N-S. Þær eru báðar einfaldar og hlaðnar úr torfi. Þúst A er norðar, hún er um 3x2 m stór, snýr A-V. Hleðsluhæð hennar er mest um 0,6 m. Dyr hafa líklega verið á henni í SV horni hennar en nú eru þær ógreinilegar. Þúst B er um 3 m sunnan við A. Hún er um 8x4 m stór og snýr A-V. Hleðslur hennar eru lægri, hæstar um 0,4 m. Engar dyr eru greinilegar á henni. Hugsanlega er hér um að ræða litla kofatóft og rétt.

Hættumat: engin hætta

RA-265 Bakkakotskot

Ekki í byggð árið 1711. Hjáleiga frá Bakkakoti 1847. "Bakkakotskot var afbýli eða hjáleiga frá Bakkakoti, en ekki er mér kunnugt um hvort það stóð á sama stað og Litla-Bakkakot var síðar byggt (og raunverulega um sama bæ að ræða) eða annarsstaðar. Bæjar þessa finnst fyrst getið í húsvitjunarbók Oddakirkju 1797, en í sveitarbók Rangárvallahrepps er hann ekki nefndur fyrr en 1805 en í hans stað er talið tvíbýli í Bakakoti svo sem verið hafði frá 1792. ... Bakkakotskot lagðist í eyði 1818." VS: Rangvellingabók, 39. Sennilega sama og býlið Litla-Bakkakot sem nefnt er í BS, og sagt vera hjáleiga frá Bakkakoti í byggð árin 1826-1904. SB V, 97

RA-265:001 *Bakkakotskot* bæjarhóll bústaður 63°45.838N 20°25.780V

Bæjarhóllinn, horft til austurs

Bæjarhóllinn, horft til norðurs

"Nokkuð austur af bænum var smábýli, sem hét Litla-Bakkakot. ... Í tóftunum á að halda til gömul kerling í rollulíki, hafa Bakkabæingar stundum þózt sjá hana, er þeir hafa verið á ferð í skuggsýni að vetrarlagi," segir í örnefnalýsingu. Bæjarhóll Litla-Bakkakots (sem sennilega er sama hjáleiga og sú sem nefnd er Bakkakotskot) er um 350 m VNV frá bæ í Bakkakoti 264:001. Þjóðvegurinn um Bakkabæi liggur yfir norðurenda hólsins.
Hóllinn er í sléttu túni.
Hóllinn er um 20x15 m stór og snýr N-S. Hann er hæstur um 1 m. Halla Bjarnadóttir í Ártúnum (f. 1965) sagði frá því að þegar faðir hennar, Bjarni Ársælsson frá Bakkakoti var að taka upp tún þarna hafi komið upp hellur. Engar hleðsluleifar eru nú á hólnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 9

RA-266 Vestra Fróðholt

Fróðholt vestra var einbýli fram til um miðja 17. öld þá var skipt út úr býlin Bakka-Fróðholt (síðar Fróðholtshjáleiga) 3 hdr og 40 álnir, Oddakirkjueign og Nýja-Fróðholt en þangað var Vestra-Fróðholt flutt, 6 hdr., 80 álnir, Oddakirkjueign. JÁM I, 256-257. "Elsta heimild sem til er um Vestra-Fróðholt er máldagi Oddakirkju frá 1270, þar sem talað er um Fróðaholt tvö [DI II, 86-88] ." VS: Rangvellingabók, 476. Jörðin í eyði frá 1906 og lagðist þá undir Fróðholtshjáleigu en býlið var í byggð annað slagið til 1969. Fróðholtshóll var hjáleiga í byggð frá 1819-1907. "Fróðholt er sagður elzti byggði bær á Bakkabæjum, kenndur við Sæmund fróða, er mun hafa haft þar útibú eða selstöð." Ö-Bakkabæir, 4. "Land jarðarinnar er framræst mýri og bakkar með Þverá." SB V, 96-97
1711: Þverá skemmdi engjar beggja jarðanna og í Bakka Fróðholti spillti sandblástur túnum. JÁM I, 256-258.
1850: "Fróðholts vestra með hjáleigunni og Fróðholtshól hafa enga túnbletti. Útheysskaparslægjur eru allar þýfðar og sumstaðar kargaþýfðar, votlendar mjög svo að þriðjungur heyskapar á vestari jörðunum verður að drýlast á vatni og berast upp, en engjavegurinn er þar á móti stuttur. Heyskapurinn er allur eflingarborinn og ónýtur til mjólkur og aðeins hæfur til fóðurs. - Högum er svoleiðis háttað að gefa verður hverri skepnu þegar áskýjar, á meðan jörð er auð eru þeir heldur áreiðanlegir, en að víðáttunni eru þeir heldur litlir." VS: Rangvellingabók, 477

RA-266:001 *Vestra Fróðholt* heimild um bústað
Bærinn í Vestara Fróðholti var fluttur árið 1705 á bæjarstæði Nýja-Fróðholts samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709. Ekki er vitað hvar bæjarstæðið var fyrir 1705. Hugsanlega hefur það verið á Fróðholtshóli 268:001 á undan býlinu sem var þar síðar (byggt 1819), samanber. örnefnið Fróðholtshóll. Ekki er hægt að segja til um það með neinni vissu þó.
Heimildir:JÁM I, 257.

RA-266:002 *V-Fróðholtskálgarðar* heimild um kálgarð 63°45.482N 20°23.513V
"Austur af Vestara-Fróðholti voru kálgarðar, sem áin er nú að brjóta niður og löngu er hætt að setja niður í, en nafninu haldið og eru þeir nefndir V.-Fróðholtskálgarðar," segir í örnefnalýsingu. Örnefnið er nú týnt. Hnit var tekið um 80 m A við bæ 003 við bakka Þverár. Örnefnið er nú týnt en garðarnir hafa líklega verið um 80 m austan við bæ, við Þverá.
Þar eru sandeyrar við ána.
Ekki sér fyrir kálgörðunum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 7.

RA-266:003 *Nýja Fróðholt* bæjarstæði bústaður 63°45.462N 20°23.598V

Bæjarstæðið, horft til vesturs

Vestara-Fróðholt var flutt um 1705 vegna forðaða samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Þar sem bærinn í Vestra-Fróðholti stóð eftir 1705 eru nú tveir moldarhólar sem rutt hefur verið upp. Þeir eru um 60 m austan við þjóðveg um sveitina, um 1,3 km sunnan frá Eystra-Fróðholti (269:003) og um 1 km frá Fornabæ (269:001).
Hólarnir eru á grasivöxnu svæði þar sem grafnir hafa verið skurðir og jarðvegi ýtt til.
Hólarnir eru á svæði sem er um 50x25 m stórt og snýr A-V. Eystri hóllinn er um 30x12 m stór, snýr A-V og sá vestari er um 16x13 m stór og snýr eins. Hvor um sig eru hólarnir um 4-5 m háir. Augljóst er að hér er ekki um eiginlegan bæjarhól Vestara-
Fróðholts að ræða því svæðinu hefur verið mikið raskað. Fast austan og vestan við hólanna hafa verið grafnir skurðir og um 40 m sunnan við þá er enn einn skurðurinn samsíða þjóðveginum. Hólarnir eru hálfgrónir og allvíða sér í grjót í þeim. Í bók Helgu Skúladóttur, Rangárvellir, segir fyrir neðan uppdrátt af bænum: "Lítill torfbær, óþiljaður að mestu, moldargólf, járnþak undir torfi. Baðstofan er um þriggja rúma lengd.

Geymsla ytri endi. Hún er yzt til vinstri, þá eru bæjardyr og skemma, og eldhús innar af. Smiðja er þriðja standþilið, fjós inn af. Fjárhús lengst til hægri og hesthús. Upphitun engin. Hlöðu vantar og yfirleitt öll þægindi. Bærinn er 5 ára."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM I, 257-258. HS, viðauki.

RA-266:004 frásögn vatnsból 63°45.477N 20°23.623V
Hreinn Árnason, heimildamaður sagði frá vatnsbóli í Vestara-Fróðholti, um 10-15 m norðan við bæ 003.
Þar er nú skurður. Beggja vegna skurðarins er grasivaxið svæði.
Hreinn Árnason, heimildamaður sagði vatnsbólið hafa verið mjög gott, tær lind. Ekki sér fyrir því lengur.
Hættumat: engin hætta

RA-266:005 frásögn vað 63°45.767N 20°24.794V
Hreinn Árnason, heimildamaður man eftir vaði yfir Þverá, um 1,1 km NV frá bæ 003 og um 50 m norðan við varnargarð 006.
Þar sem vaðið var eru sandeyrar við ána beggja vegna og í henni miðri.
Ekki sást til slóða að eða frá vaðinu.
Hættumat: engin hætta

RA-266:006 hleðsla varnargarður 63°45.551N 20°23.888V

Hleðslan, horft til austurs

Hlaðið var í bakka Þverár, um 240 m NV við bæ 003 og um 750 m SA við hleðsluna í Gamlós 007.
Hleðslan er fast við árbakkann. Sunnan og vestan til er grasivaxið svæði en vestar tekur við skógarrjóður þar sem hús Hreins Árnasonar, Ósabakkar stendur.
Hleðslan er um 60 m löng og snýr NV-SA. Hún er um 3 m breið. Hlaðin úr torfi. Fast SV við hana er allstór kvos og séð úr henni er hleðslan um 1,3 m há. Upp frá ánni er hún öllu hærri eða um 2,5 m. Í árbakkanum má sjá viðarstaura og víra sem notaðir hafa verið til að halda við hleðsluna. Hreinn sagði frá því að áður hafi stundum verið synt í kvosinni SV hleðslunnar á sumrin. Hreinn Árnason sagði að hleðslan hafi verið hlaðinn 1924, hún er því ekki fornleif í lagalegum skilningi (þar sem miðað er við minjar 100 ára og eldir). Hleðslan er engu að síður skráð hér þar sem hún er minjar um forna búskaparhætti og þá ógn sem bændum stafaði af Þverá fyrr á tímum.
Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-266:007 hleðsla varnargarður 63°45.739N 20°24.780V
"Bakkarnir liggja meðfram Þverá austur og suður af bænum. Hefur hún brotið ós í bakkann, Gamlaós, en hlaðið var í hann áður en spjöll urðu árið 1906," segir í örnefnalýsingu. Gamlós er um 1,1 km NV frá bæ 003 og um 750 m NV frá hinni hleðslunni við ána 006.
Hleðslan er á grasivöxnum háum bakka Þverár en NV og vestar er trjárækt, grenitré og aspir.
Hleðslan er um 1,5-1,6 m há, séð frá vestri úr kvos sem þar er en um 2,5 m há séð úr NA frá ánni. Hún er hlaðin úr torfi. Í árbakkanum má sjá viðarstaura sem hafa verið notaðir til að halda við hleðsluna. Hún er um 15 m löng og um 4 m breið, samsíða ánni, NV-SA.
Hreinn Árnason sagði að garðurinn hafi verið hlaðinn 1923. Það hefur þá líklega verið í annað sinn samanber örnefnaskrá þar sem segir að hlaðið hafi verið í ósinn árið 1906. Sú hleðsla sem nú sér til er því ekki fornleif í lagalegum skilningi (þar sem miðað er við minjar 100 ára og eldir). Hleðslan er engu að síður skráð hér þar sem hún er minjar um forna búskaparhætti og þá ógn bændum stafaði af Þverá fyrr á tímum.

Hleðslan, horft til norðvesturs

Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 5

RA-266:008 stífla áveita 63°45.595N 20°24.118V

Leifar stíflunnar, horft til suðurs

Um 500 m NV við bæ 003 og um 20 m austan við hús Hreins Árnasonar, Ósabakka, er stífla þar sem opnað var fyrir þegar veita átti vatni inn á Bakkakotsland.
Umhverfis vaxa há greni-, birkitré og aspir í bakgarði Hreins.
Hér var grafinn ós og í hann settur viðarhleri sem opnað var fyrir þegar veita átti vatni inn í land. Enn sér fyrir viðarhleranum sem þó er við það að hverfa í gróður.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

RA-266:010 frásögn áveita 63°44.595N 20°26.741V
Hreinn Árnason, heimildamaður, man eftir áveitu-hleðslu við veg niður í Landeyjar (milli Bakkakots og Ármóta), um 3 km SV af bæ 003, á svæði sem kallað var Jaðar. Þar var stundum synt samkvæmt Hreini.
Þar eru nú skurðir á merkjum og þýfð mýri allt í kring.
Ekki sér til hleðslunnar.
Hættumat: engin hætta

RA-266:011 frásögn áveita 63°44.207N 20°26.559V
Hreinn Árnason, heimildamaður, sagði frá því að hlaðið hafi verið fyrir mýrarlæk í mýri um 3,3 km vestur frá Eystra-Fróðholti 269:003 og um 3,4 km SV frá bæ 003 til að stjórna flæði vatns þegar veitt var á túnin.
Þar er nú skurður í framræstri mýrinni. Beggja vegna skurðarins er þýfður mói.
Ekki sér fyrir hleðslu.
Hættumat: engin hætta

RA-266:012 tóft fjárhús 63°45.455N 20°23.723V



Tóftin, horft til norðurs

Um 100 m vestan frá hólunum þar sem Vestara-Fróðholt stóð 003 er fjárhústóft. Hún er um 20 m austan við þjóðveg um sveitina og um 10 m austan við skurð sem þar er. Tóftin er á grasivöxnu, smá þýfðu svæði.Tóftin er um 13x8 m stór og snýr SV-NA. Hún er tvískipt. Nyrðra hólfið snýr A-V, er um 7x3 m stórt og ekkert op er á því. Syðra hólfið er um 10x4 m stórt og snýr eins og tóftin, það er opið til SV. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 0,8 m. Mikið af timburleifum og bárujárni eru í tóftinni. Hreinn Árnason, heimildamaður, sagði að fjárhúsið hafi verið byggt á fimmta áratug síðustu aldar. Tóftin er því ekki fornleif í strangasta skilningi en sjálfsagt þótti að skrá hana þar sem fjárhúsið var hlaðið úr torfi og er því minnisvarði um gamla byggingahefð.
Hættumat: engin hætta



RA-267 Fróðholtshjáleiga

Ekki í byggð árið 1711. 3 1/3 hdr, 1847. "Hennar er fyrst getið með því nafni í bændatali 1753 [Fróðholtshjáleiga], en í jarðabókinni 1711 og bændatalinu 1733 er getið um bæinn Bakka-Fróðholt, og í jarðabók Skúla fógeta frá 1760 eru bæði nöfnin notuð og sést af því að um sama bæ er að ræða." VS: Rangvellingabók, 97. Hjáleigan er byggð úr landi Vestra-Fróðholts og var þriðjungur þeirrar jarðar til 1906 er Vestra-Fróðholt fór í eyði en þá lagðist landið undir hjáleiguna. Búið þar til 1962. Ármót nýbýli úr jörðinni frá 1960. "Land jarðarinnar er þurrir bakar með Þverá og framræst mýri." SB V, 95-96
1711: "Túninu spillir blásturssandur. Engjaplátsinu grandar og Þverá í ísaleysingum." JÁM I, 256. 1917: Tún 0,9 ha, allt slétt, garðar 1270 m² 1940: "Engjar: Áveituengi, samfellt, grasgefið, 2/3 vélfært, hitt greiðfært. Votlent. Beitiland: Mýri og sendnir bakkar. Ókostir: Sandhætta frá vatnsfarvegum í rénun." VS: Rangvellingabók, 97

RA-267:001 *Fróðholtshjáleiga* bæjarhóll bústaður 63°45.244N 20°22.801V

Bæjarhóllinn, horft til norðausturs

Fróðholtshjáleiga stóð þar sem nú er lögbýlið Ármót um 180 m sunnan við Þverá. Bærinn stóð austan við íbúðarhúsið í Ármótum sem var byggt 1959, og stóð hann þá enn, en nú hefur verið byggt við það, yfir bæjarstæðið. Þar er nú steinsteypt hús, án kjallara.
Hellulagt hefur verið framan, sunnan, við húsið sem stendur á grasflöt, að vestan og austan er malarplan.
Þar sem bærinn var er lítill stallur eða hæð, sem núverandi hús stendur á. Hann er um 50x35 m stór og snýr A-V. Hann er hæstur séð frá suðri, um 1 m en óskýr úr öðrum áttum þar sem hann rennur inn í landið. Uppdráttur af bænum eftir Helgu Skúladóttur er varðveittur í bók hennar, Rangárvöllum. Þar er sýndur burstabær með 5 burstum og sambyggðu búri og hlöðu aftan við (líklega norðan við). Burstirnar eru frá hægri á uppdrættinum: baðstofa, stofa, bæjardyr og geymsla, taðhús (áður eldhús), skemma og smiðja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM I, 256; Túnakort 1917; HS, viðauki.

RA-267:002 heimild um útihús 63°45.269N 20°22.825V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 40 m NV við bæ 001.
Þar er nú malarplan á milli íbúðarhúss og hesthúss.
Ekki sér fyrir útihúsinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-267:003 heimild um lambhús 63°45.257N 20°22.838V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 40 m vestan við bæ 001. Hreinn Árnason frá Fróðholtshjáleigu telur að þar hafi verið lambhús og sambyggð rétt.
Þar er nú malarplan og heimreið að Ármótum.
Ekki sér fyrir útihúsinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-267:004 *Mosakot* heimild um útihús 63°45.231N 20°22.760V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 50 m austan við bæ 001. Hreinn Árnason, heimildamaður, man eftir þúst á þessum slóðum sem krakkarnir á bænum léku sér í og var kölluð Mosakot.
Þar er nú slétt tún austan íbúðarhúss í Ármótum.
Ekki sér fyrir húsinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-267:005 heimild um hesthús 63°45.218N 20°22.721V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 80 m austan við bæ 001. Samkvæmt Hreini Árnasyni heimildamanni, var þar hesthús.
Þar er nú slétt tún.
Ekki sér fyrir húsinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-267:006 *Fjárhúsnef* heimild um fjárhús 63°45.120N 20°23.412V
"Suður af hólnum [Fróðholtshól] er nefnt Fjárhúsnef," segir í örnefnalýsingu. Fjárhúsin í Fjárhúsnefi voru við SA horn Fróðholtshóls 268:001, um 550 m vestan við bæ 001og fast vestan við skurð sem þar hefur verið grafinn.
Nú er slóði milli Fróðholtshóls og skurðarins og slétt tún í allar áttir.
Ekki sér til fjárhúsanna en Hreinn Árnason, heimildamaður, mundi eftir þeim.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 7

RA-267:007 *Draugur* þúst óþekkt 63°45.251N 20°23.576V
ú"Sandkelda sunnan við hólinn [Fróðholtshól] er í mörkum Heimaengja og haga, fyrir vestan hólinn er gömul kofatóft, nefnd Draugur," segir í örnefnalýsingu. Draugur var um 640 m vestan við bæ 001 og um 240 m NNV við Fróðholtshól 268:001.
Slétt tún eru nú á þeim slóðum sem kofinn var.
Aðeins sér móta fyrir lágum hrygg í túninu þar sem kofinn var. Hryggurinn liggur í NA út frá skurði sem þarna er í túninu. Hann er um 4x2 m stór, snýr NA-SV og um 0,15-0,2 m hár.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 7

RA-267:008 *Gömlu-Kvíar* heimild um kvíar 63°45.304N 20°22.938V
"Bakkinn vestur af Fróðholti er nefndur Skák, vottar þar fyrir gamalli byggingu, sem nefnd er Gömlu-Kvíar," segir í örnefnalýsingu. Kvíarnar voru þar sem nú er NV endi útihúsasamstæðu í Ármótum, um 160 m NV frá bæ 001.
Þar er nú steinsteypt hlaða og malarplan umhverfis hana.
Hreinn Árnason, heimildamður, man eftir kvíunum. Hann sagði þær hafa verið einfaldar, hlaðnar úr torfi og hleðslur þeirra voru lágar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Bakkabæir, 7

RA-267:009 heimild um fjárhús 63°45.189N 20°23.562V
Hreinn Árnason, heimildamaður, man eftir fjárhúsum um 150 m NV við Fróðholtshól (268:001) og um 640 m vestan við bæ 001.
Þar er nú slétt tún.
Engin ummerki húsanna sáust í túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-267:010 *Hjáleiguborgir* heimild um fjárhús 63°44.846N 20°24.126V
"Nýjuengjar liggja suður við Landeyjamörk. Hagarnir voru þarna fram til 1923 og fjárhúsin því látin standa þar og kölluð Hjáleiguborgir. Fjárhúsin voru reist við eða á rústum þeirra," segir í örnefnalýsingu. Hjáleiguborgir eru um 1,3 km SV við bæ 001 og um 810 m SV við Fróðholtshól 268:001.
Þar eru nú slétt og framræst tún.
Engin ummerki húsanna sáust í sléttu túninu. Hreinn Árnason nefndi fjárhúsin Ólafsborgir eða Gamlahús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 8

RA-267:011 *Skjólgarðsrimi* heimild um varnargarður 63°44.729N 20°24.129V
"Í útsuður frá þeim [010] er Skjólgarðsrimi, hefur þar eflaust verið reistur skjólgarður áður fyrr," segir í örnefnalýsingu. Skjólgarðsrimi er um 220 m sunnan við Hjáleiguhús 010 og um 1,4 km SV við bæ 001.
Þar eru nú sléttuð tún.
Riminn er ekki lengur skýr í landslaginu enda komin í tún. Engin ummerki skjólgarðs sáust á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 8

RA-267:012 heimild um hesthús 63°45.256N 20°22.799V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var girðing í NV horni túns. Samkvæmt Hreini Árnasyni, heimildamanni, var þar hestarétt og hesthús fyrir þá sem tóku ferjuna yfir Þverá (sjá 274:009).
þar er nú slétt grasflöt vestan við núverandi íbúðarhús.
Ekki sér til réttarinnar né hússins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-267:013 frásögn hrútakofi 63°43.213N 20°22.709V
Hreinn Árnason, heimildamaður, man eftir hrútakofa austan við hesthús 005. Hann var um 100 m SA við bæ 001.
Þar er nú slétt tún, fast norðan og NA við það er slóði.
Ekki sér fyrir húsinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-267:014 heimild um kálgarð 63°45.242N 20°22.826V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast SV við bæ 001.
Þar sem kálgarðurinn var er nú malarplan framan (sunnan) við bæ og þá reiðvöllur.
Ekki sér fyrir kálgarðinum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-268 Fróðholtshóll

Jarðardýrleiki óviss 1847, Oddakirkjueign. Hjáleiga Vestra-Fróðholti í byggt á árunum 1819-1907. SB V, 96 "Fróðholtshóls finnst fyrst getið í kirkjubók Stórólfshvolsþinga 1827 ... Heimild um uppruna bæjarins er hinsvegar að finna í dóma- og þingabók Rangárvallsýslu 5. mars 1835, þar sem skráður er vitnisburður Odds Gunnarssonar. Segist hann þar hafa gifst fyrir 17. árum og búið fyrst eitt ár í Vestra-Fróðholti, "en síðan hafa búið í Fróðholtshól, hvar hann hafi byggt bæinn". Samkvæmt þessum vitnisburði hefur Fróðholtshóll verið byggður árið 1819 ..." VS: Rangvellingabók, 102

RA-268:001 *Fróðholtshóll* bæjarhóll bústaður 63°45.148N 20°23.409V

Bæjarhóllinn, horft til austurs

Fróðholtshóll er um 530 m SV við Fróðholtshjáleigu 267:001 og um 610 m SSA af bæjarhól Vestara-Fróðholts 267:003. Hann er um 430 m NV af Fornabæ 269:001 og um 715 m NV við Eystra-Fróðholt 269:003.

Hóllinn er í sléttuðu túni sem nú er nýtt í kornrækt.

Hóllinn er um 75x35 m stór og snýr A-V. Hann er um 2,5-3 m hár og vel greinilegur þó hann hafi verið sléttaður og plægður í seinni tíð. Engar skýrar hleðsluleifar eru þó á hólnum. Hafliði Halldórsson á Ármótum sagði að þegar hann plægði hólinn hafi mikið komið upp af hellum og grjóti. Þar sem nytjajurtir eru ræktaðar á hólnum og hann plægður reglulega telst hann vera í stórhættu. Örnefnið Fróðholtshóll er forvitnilegt og má leiða líkur að því að þar sé hugsanlega elsta bæjarstæði Vestara-Fróðholts áður en þeirri jörð var skipt og bærinn fluttur, árið 1705, ekki er þó hægt að fullyrða neitt um það að svo stöddu.

Hættumat: stórhætta, vegna jarðræktar



RA-269 Eystra Fróðholt

5 hdr., 1711., Oddakirkjueign. "Eystra Fróðárholts er fyrst gerið í máldaga Oddakirkju 1270 [DI II, 86-88] ..." VS: Rangvellingabók, 60 "Land Eystra-Fróðholts er þurrir og sendnir bakkar meðfram Þverá og flöt mýri sem nú hefur verið ræst fram og þurrkuð." Blábringa var hjáleiga í byggð frá 1856-1907, Galtarholt einnig byggt úr jörðinni svo og Markhóll. SB V, 93-94
1711: "Engjum spillir Þverá, líka sandfjúk." JÁM I, 256. 1850: "Fróðholt með Galtarholti og Markhól hafa túnrima sem ábúandi Galtarholts einn nýtur góðs af, - er þýft og heldur mýrlent. Utantúnsheyskapur á þessum jörðum öllum er svo eflingarborinn að óhætt mun að fullyrða að helmingurinn sé efling og aðeins helmingurinn sé starungur. Slægjurnar utantúns eru eins og túnriminn ósléttur til afsláttar og heyskapurinn af þeim heldur leirborinn og þverbrestasamur í rosaárum. - - Hagar sem þessum jörðum fylgja verða helzt Galtarholtsmanninum að notum og eru áreiðanlegir fram að jólum. Að víðáttu eru þeir heldur litlir." VS: Rangvellingabók, 61 1917: Tún 2,4 ha, þar af 1,5 ha slétt, garðar 2324 m² 1940: "Tún: Sendið, sæmilegt vélfært. Engjaland: Samfellt, grasgefið. Að hálfu vélfært, hitt greiðfært og þýft. Fremur þurrlent: Beitiland: Flöt mýri og sendnir bakkar. Allgóð sumarbeit. Vetrarbeit lítil." VS: Rangvellingabók, 61

RA-269:001 *Fornibær* bæjarhóll bústaður 63°44.933N 20°23.201V

Bæjarhóllinn, horft til vesturs

"Bærinn stóð upphaflega tæpum hálfum kílómetri vestar en nú, þar sem enn heitir Fornibær, en var um 1810 fluttur þangað sem hann enn stendur [003]," segir í Rangvellingabók. Í örnefnalýsingu segir enn fremur: "Bærinn stóð áður nokkuð vestar og norðar á hól út í mýrinni, en eflaust verið fluttur þaðan á bakka Þverár vegna sandágangs, nú er hóll þessi nefndur Fornibær eða Gunnarshóll, kenndur við karl einn sem bjó þar og Gunnar hét." Fornibær er um 30 m austan við landamerki við Ármót, um 345 m VNV við núverandi bæ í Eystra-Fróðholti 003.
Hóllinn er í sléttu túni, í beygjunni á L-laga stykki sem er afmarkað með skurðum. Allt í kring eru slétt tún.
Hóllinn hefur verið sléttaður en enn sér mjög vel fyrir honum. Hann er um 40x30m stór og um 3 m hár, flatur í toppinn. Hóllinn snýr NA-SV.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 60

RA-269:002 þúst fjós 63°44.869N 20°22.835V

Þústin, horft til austurs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 20 m vestan við bæ 001. Þar stóð fjós og hlaða.
Þar sem húsið stóð er nú gróinn hóll á malarplani vestan við bæ 003.
Hóllinn er um 30x15m stór og snýr N-S. Hann er um 2 m hár, dældóttur í toppinn. Hóllinn gengur út frá bæjarhól 003 til austurs. Húsin sem stóðu á hólnum höfðu verið endurnýjuð í seinni tíð og sér í steypt gólf í hólnum. Þau fuku í ofsaveðri á níunda áratugi síðustu aldar. Uppdráttur af bænum í Eystra-Fróðholti eftir Helgu Skúladóttur er varðveittur í bók hennar, Rangárvellir. Þar sér í tveggja bursta hús aftan við bæinn og í texta undir myndinni segir: "Fjós og heyhlaða stór mun vera lengst til hægri". Það eru þessi hús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917. HS, VIÐAUKI.

RA-269:003 *Eystra Fróðholt* bæjarhóll bústaður 63°44.863N 20°22.816V

Bæjarhóllinn, horft til norðausturs

"Bærinn stóð upphaflega tæpum hálfum kílómetri vestar en nú, þar sem enn heitir Fornibær [sjá 001], en var um 1810 fluttur þangað sem hann enn stendur," segir í Rangvellingabók. Bærinn í Eystra-Fróðholti stóð frá 1810 þar sem íbúðarhúsið á bænum (byggt á þriðja áratug síðustu aldar) stendur nú, það er ekki með kjallara. Húsið er um 345 m VSV við Fornabæ 001.
Húsið stendur á hól, austan og sunnan við það eru sléttuð tún en að vestan er hóll (002) og malarplan.
Hóllin er um 35x25m stór og snýr N-S. Hann er ógreinilegur frá norðri þar sem land hækkar upp að vegi en hæstur að sunnan þar sem hann er um 1,1 m hár. Fast upp við húsið, á hólnum er gróinn garður þar sem trjám og öðrum gróðri hefur verið plantað. Uppdráttur af bænum eftir Helgu Skúladóttur er varðveittur í bók hennar, Rangárvellir. Þar er sýnt fjögurra bursta hús og undir teikningunni segir: " ... mest ber á baðstofunni (5x4,7x2,2m.) og húsi (?) þar hjá, bæði með hálfþiljum og járnþaki ... en búr og eldhús torfhúsin á vinstri hlið við baðstofuna, og kálgarður þar sunnan undir."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 60; Túnakort 1917; HS, viðauki.

RA-269:004 þúst útihús 63°44.826N 20°23.165V
Um 300 m vestan við bæ 003 og um 200 m suður frá Fornabæ 001 er þúst.
Þústin er í sléttu túni.
Þústin hefur augljóslega verið sléttuð og er lág en þó greinileg. Hún er um 12x8 m stór og um 0,3 m há, snýr SV-NA. Ekkert skýrt tóftarlag er á þústinni en líklegt verður að teljast að mannvistarlög leynist undir sverði. Af staðsetningu hennar að dæma er líklegt að hér hafi staðið úthús frá Eystra-Fróðholti, hugsanlega þegar búið var í Fornabæ.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-269:005 varða landamerki 63°44.212N 20°21.800V
Landamerki 1889: "Að austan ræður lína frá vörðu eða garðlagi sem er á bakkanum fyrir austan Markhól, skal varða sú bera í hæsta hnúkinn á vestanverðu Hagafjalli í Eystrihrepp ..." Varðan eða garðlagið á bakkanum austan við Markhól hefur verið um 1,5 km suður af bæ 003 og um 100 m ASA við Markhól 271:001.
Þar er nú skurður á merkjum og tún beggja vegna við hann.

Engin varða né garðlag er á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 61

RA-269:006 varða landamerki 63°45.197N 20°22.632V
Landamerki 1889: "Að vestan skapast lína frá vörðu á bökkunum fyrir austan Fróðholtshjáleigu [267:001], sjónhending fyrir vestan svonefndan Fornabæ [001], bein lína suður að Landeyjarmörkum, sem eru þegar varðan við Kýrauga [270:006] jaðar við Múlaendann sem er almennt kallaður Fjallsendi." Erfitt er að ákvarða nákvæmlega hvar varðan á bökkunum austan Fróðholtshjáleigu hefur verið þar sem áin hefur mikið breyst sem og umhverfi hennar. Hún hefur þó líklega staðið um 680 m NA við bæ 001.
Árbakkinn er nú hálfgróinn melgresi og lúpínu.
Ekki sér til vörðu á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 61

RA-269:007 heimild um stekk 63°44.309N 20°22.222V
"Sunnan til á bökkunum er þurrlend lægð, sem heitir Stekkjarrifslág. Dregur hún nafn af stekk, sem þar var fyrrum," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað með vissu hvar stekkurinn var en Hreinn Árnason, heimildamaður, taldi að líklega hafi hann verið um það bil 1,1 km suður af bæ í Eystra-Fróðholti 003, um 300 m NV við Markhól 271:001.
Þar er nú slétt tún.
Enginn ummerki stekkjarins sjást á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 6

RA-269:008 *Stígstótt* heimild um bústað 63°43.905N 20°22.227V
"Hagarnir liggja vetur og suðvestur frá bænum. Þar eru Stígsláttulágar, allblautlendar, og Stígstótt. Dregur hún nafn af karli, sem Stígur hét og hét þar til um skeið," segir í örnefnalýsingu. Stígstótt var um 1,8 km suður frá Eystra-Fróðholti 003 og um 710 m SV við Markhól 271:001.
Þar er nú gróinn, grænn, kargaþýfður rimi í mýrinni.
Engin ummerki tóftarinnar sjást á þessum slóðum, hún er hugsanlega að fullu hlaupin í þúfur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 6

RA-269:009 hleðsla varnargarður 63°45.141N 20°22.642V
"Bakkinn norður að Fróðholtshjáleigu heitir Krókabakki, sléttlendar engjar. Í miklum leysingum flýtur árin yfir bakkana og brýtur úr þeim. Um 1920 var hún búin að brjóta ós í bakkann, sem ekki náði þó til að gera mikið tjón, því hlaðið var í hann skömmu síðar," segir í örnefnalýsingu. Krókbakkinn er 70-100 m sunnan við Þverá, um 530 m N við bæ 003 og um 600 m NA við Fornabæ 001.
Krókbakkinn er nú að mestu leyti í sléttu túni en nyrsti hluti hans, næst ánni, er sendinn og vaxinn melgresi.
Hreinn Árnason, heimildamaður, sagði að frá því að hann var strákur hafi áin verið hætt að renna þarna, en hann mundi eftir varnargarðinum. Enn sér móta fyrir honum í sléttu túninu. Þar hækkar land og myndar e.k. bakka sem liggur frá norðri til suðurs, þvert yfir túnið. Bakkinn er um 200 m langur þar til hann deyr út í sléttu túninu. Hann er greinilegastur úr austri um 0,8 m hár. Varnargarðurinn er ekki fronleif í strangasta skilningi (þar sem miðað er við minjar 100 ára og eldri) en hann heimild um forna búskaparhætti og þá ógn sem bændum stafaði af Þverá fyrrum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 5

RA-269:010 frásögn landamerki 63°44.659N 20°23.998V
Hreinn Árnason, heimildamaður, man eftir landamerkjagarði á merkjum Fróðholtanna.
Nú er skurður á merkjum Eystra-Fróðholts og Ármóta.
Ekkert garðlag er nú á merkjum.
Hættumat: engin hætta

RA-269:011 heimild um traðir 63°44.860N 20°22.836V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 lágu traðir að bænum úr suðri.
Þar sem traðirnar lágu er nú slétt tún.
Engin ummerki traðanna sjást í sléttu túninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Heimildir:Túnakort 1917

RA-270 Galtarholt

Jarðdýrleiki talinn 5 hdr., 1711, til forna var hún haldin helmingur Eystra-Fróðárholts. "Galtarholts er fyrst getið í máldaga Oddakirkju frá 1270 [1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88] og er svo jafnan í máldögum þeirrar kirkju til 1480. Jörðin mun síðan hafa lagst í eyði, því er Brynjólfur biskup Sveinsson visiteraði Oddakirkju 1641 taldi hann Galtarholt eign kirkjunnar nýbyggt úr Eystra-Fróðholti, en í hinum fornu máldögum Oddakirkju var Galtarholt ekki talið með eignum hennar." VS Rangvellingabók, 115-116. Oddakirkjueign. Árið 1942 voru gerð landaskipti milli G og Eystra-Fróðholts. SB V, 94
1711: "Engjum spillir Þverá." JÁM I, 255. 1917: Tún 1,6 ha, þar af 0,4 ha slétt, garðar 1670 m² 1940: "Tún. Vallendisrimi, rakt, greiðfært. Engjar: Samfelldar og blautar. Beitiland: Þýfð mýri. Fremur víðlent. Sæmilega til allrar beitar." VS Rangvellingabók, 116

RA-270:001 *Galtarholt* bæjarhóll bústaður 63°44.149N 20°23.753V



Bæjarhóllinn, horft til ASA

Bæjarhóll Galtarholts er um 2,18 km SV við

Fróðholtshjáleigu 267:001 og um 1,5 km SSV af Fornabæ 269:001.
Bæjarhóllinn er í þýfðri fremur þurrlendri mýri sem teygir sig í allar áttir.
Hóllinn er um 50x30 m stór og snýr SA-NV. Hann er um 5 m hár þar sem bærinn hefur staðið. Hóllinn er á hólrana sem er teygir sig lengra til SA og NV. Lag hans samsvarar túnakorti af Galtarholti frá 1917 vel. Enn sér vel fyrir bænum en á hólnum eru þrjár djúpar dældir, A, B og C. Dældir A og B eru á miðjum hólnum. A er fast vestan við B. Hún er um 10x7m stór, snýr nálega NA-SV og er um 1,1 m djúp. B er svipuð að stærð og gerð, ívið minni, um 8x5 m stór, snýr einnig NA-SV. Dæld C er um 8 m norðan við A. Hún er um 20x10 m stór. Hún snýr N-S og er opin til norðurs. Hún er um 0,8 m djúp. Einar Valmundsson frá Galtarholti sagði frá því að síðasta íbúðarhúsið sem byggt var í Galtarholti hafi verið byggt 1930. Húsið var úr timbri en kjallari var hlaðinn úr torfi fyrir jarðávöxt. Síðar var svo hlaða byggð við hliðina á húsinu. Uppdráttur af Galtarholti eftir Helgu Skúladóttur er varðveittur í bók hennar, Rangárvellir. Í texta fyrir neðan uppdráttinn segir: " A baðstofa með eldhúsi (7,7x4,1x3 m.), B bæjardyr, C taðhús, D hlaða, F fjós og hesthús."
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917; HS, viðauki.

RA-270:002 tóft útihús 63°44.151N 20°23.735V

Tóftin, horft til austurs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 5 m austan við bæ 001. Þar er nú smá dæld í bæjarhólnum.
Dældin er á grónum hólnum, umhverfis er þýfð mýri.
Dældin er um 7x5 m stór, snýr A-V og hún er um 0,4 m djúp. Ekkert greinilegt op er á dældinni. Hleðslur hennar eru einungis varðveittar að vestan og sunnan, þar eru þær um 0,2 m háar. Hvergi sér í grjót í hleðslunum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917

RA-270:003 gryfja útihús 63°44.139N 20°23.780V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 5-10m sunnan við bæ 001.
Útihúsið hefur staðið á grasivöxnu svæði við rætur bæjarhólsins, umhverfis er þurrlend mýri.
Þar sem útihúsið var er nú lítil gryfja við rætur bæjarhólsins. Hún er um 2x1,5 m stór og snýr SA-NV. Hún er um 1,1-1,2 m djúp. Ekkert grjót er í gryfjunni né skýrar hleðsluleifar umhverfis hana. Hún er hugsanlega leifar þess hús sem var hér þó ekki sé hægt að útiloka að hún sé seinni tíma verk þar sem hún er dýpri og minni en dæmigerðar leifar úthúsa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917



Gryfjan, horft til SSV

RA-270:004 tóft útihús 63°44.166N 20°23.797V



Tóftin, horft til suðurs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 20 m vestan við bæ 001. Þar er nú tóft á bæjarhólnum.
Tóftin er á grasivöxnu svæði á NV hluta hólsins. Umhverfis er mýri.
Tóftin er um 9x4 m stór og snýr NA-SV. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,3 m. Tóftin er

einföld, opin til SV.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917

RA-270:005 þúst fjárhús 63°44.098N 20°23.595V



Þústin, horft til austurs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 160 m SA af
bæ 001. Einar Valmundsson, heimildamaður man eftir húsinu, sem var fjárhús fyrir um 30 kindur.
Þar sem fjárhúsið var er nú grænn hóll á suðausturenda bæjarhólsins.
Hóllinn er um 6x7 m stór og snýr NA-SV. Hann er um 2 m hár. Ekki sér fyrir skýrum hleðsluleifum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917

RA-270:006 *Kýraugavarða* varða landamerki 63°42.977N 20°23.051V
"Suður af Borgarholti liggur Smjörkelda og Kýraugað ... Kýraugavarða er landsuður-hornmark milli Rangárvalla og Landeyja," segir í örnefnalýsingu. Kýraugað er um 2,4 km SV frá Uxahrygg 273:001 og um 2,3 k m SSA frá Galtarholti 001.
Þar er nú skurður á merkjum.
Ekki sér lengur til vörðunnar. Henni hefur líklega verið rutt út þegar skurður var grafinn. Einar Valmundsson frá Galtarholti man eftir vörðunni, hann sagði hana ekki hafa verið mikla umfangs. Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi en hnit var tekið af korti.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 2, 3.

RA-270:007 *Blábringa* bæjarhóll býli 63°43.629N 20°24.369V



Bæjarhóllinn, horft til suðurs

"Blábringa var hjáleiga frá Eystra-Fróðholti, í byggð á árunum 1856-1907. Bær þessi var syðstur og næstur sjó allra bæja er verið hafa í Rangárvallahreppi fyrr og síðar," segir í Sunnlenskum byggðum. Í Rangvellingabók segir enn fremur: "Blábringa var hjáleiga frá Eystra-Fróðárholti og stóð röskan kílómetra suð-suðvestur frá Galtarholti., næst sjó allra bæjar sem verið hafa í Rangárvallahreppi. Síðan Galtarholti var skipt úr Eystra-Fróðholti er bæjarstæðið innan þeirrar jarðar. Bærinn reistu Jón Guðmundsson og Höskuldur Jónsson árið 1856, en árið 1907 lagðist hann í eyði." Blábringa er eyðibýli sem liggur undir Galtarholti, því tilheyrðu engin Smjörkelda og Loðnadæld, segir í örnefnalýsingu. Bæjarhóll Blábringu er um 1,1 km SV af bæjarhól Galtarholts 001.
Bæjarhóllinn er á grasivöxnu holti umkringdu þýfðri mýri.
"Síðustu ábúendur voru þar Gunnar Ásbjörnsson og Þórunn Jónsdóttir, nú búandi í Skipagerði," segir í örnefnalýsingu. Hreinn Árnason, heimildamaður frá Fróðholtshjáleigu sagði að síðast þegar hann myndi eftir

hefðu fjárhús frá Galtarholti verið á bæjarstæðinu. Hóllinn er um 20x12 m stór, snýr N-S. Hann er um 1,2 m hár. Hóllinn er flatur og smáþýfður í toppinn en engar skýrar hleðsluleifar eru á honum. Í SV horni hans eru stórar og flatar hellur, hugsanlega bæjarhellurnar og er líklegt að þar hafi verið gengið inn í bæinn eða fjárhúsið sem þar var síðast. Á stöku stað á hólnum sér fyrir hellublöðum. Hugsanlega er hóllinn að einhverju leyti náttúrulegur þar sem ólíklegt verður að teljast að svo mikill hóll hafi safnast upp af 50 ára búsetu. Hann er þó einstakur í umhverfinu og ugglaust að miklu leyti uppsöfnuð mannvistarlög.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 3; SB V, 94; VS: Rangvellingabók, 40

RA-270:008 tóftir fjárhús 63°43.967N 20°23.650V

Tóftin, horft til suðurs



"Fyrir ofan það [Elftingarrif, aðalengjar Galtarholts] er Heimrikelda og Rauðsrimi norður af henni. Þar var hús og rétt til skamms tíma," segir í örnefnalýsingu. Einar Valmundsson, heimildamaður, man eftir fjárhúsi , á þessum stað. Það var rifið 1944. Tóft hússins og réttarbrot eru um 345 m suður af bæ 001.
Hleðslurnar eru á grónum rima í þýfðri mýrinni.
Tóftin (A) og réttarbrotið (B) eru á svæði sem er um 35x10 m stórt og snýr N-S. Tóftin er um 14x10 m stór og snýr N-S. Hún er opin til norðurs. Hleðslur tóftarinnar eru lágar, hæstar um 0,2 m. Í henni miðri mótar fyrir garða og syðst er dálítil dæld svo hugsanlega var tóftin upphaflega tvískipt. Hvergi sér í grjót í henni. Um 7 m sunnan við tóftina er L-laga réttarbrot. Það er um 14x5 m stórt og snýr N-S líkt og tóftin. Brotið er að hluta hlaupið í þýfi og er fremur ógreinilegt. Hleðslur þess eru hæstar um 0,5 m. Hvergi sér í grjót í því heldur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 3

RA-270:009 heimild um vatnsból
"Í Pyttrifi var lengi pyttur eða vatnshola, er var þannig til komin. Jón Loftsson, bóndi á Geldingalæk, heyjaði þar grasleysissumarið 1882. Tók hann þá brunn eða pytt í rifið til að fá vatn til neyzlu," segir í örnefnalýsingu. Einar Valmundsson fæddur 1926 í Galtarholti kannaðist ekki við rifið. Mýrin milli Blábringu 007 og Galtarholts 001 var gengin í leit að vatnsbólinu en ekki sást til pyttsins.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 4

RA-270:010 *Sólrúnartótt* þúst bústaður 63°44.238N 20°24.092V

Þústin, horft til vesturs

"Í Sólrúnartótt bjó eitt sinn einsetukona," segir í örnefnalýsingu. Um 320 m NV frá bæ 001 og um 250 m vestan við Bala 012 er þýfður hóll í mýrinni, líklega leifar Sólrúnartóttar.
Hóllinn er grænn og þýfður, umhverfis hann er mýri.
Hóllinn er um 20x12 m stór og um 0,8-0,1 m hár. Hann snýr norður-suður. Engar skýrar hleðsluleifar eru á honum en hann er flatur í toppinn með stórum þúfum á stangli.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 4

RA-270:011 *Þvottarif* örnefni þvottastaður
"Syðrarif og Þvottarif liggja til útsuðurs frá bænum, en nafnlaust mýrarsund á milli þeirra og sundsins," segir í örnefnalýsingu. Einar Valmundsson, fæddur í Galtarholti 1926, kannaðist ekki við örnefnið. Mýrin milli

Galtarholts og Blábringu var gengin en ekki reyndist unnt að bera kennsl á rifið enda hefur mýrin breyst eftir að hún var að hluta ræst fram.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 4

RA-270:012 *Bali* þúst útihús 63°44.252N 20°23.797V

Þústin, horft til suðurs

"Heima og norðar [en 011] er nokkurt þurrlendi, kallað Bali, þar er tóftarbrot gamalt," segir í örnefnalýsingu. Bali er við NV horn túnsins í Galtarholti, um 200 m norðan við bæ 001. Einar sagði stóran rima sem þar er hafa gengið undir þessu nafni og að þar hafi stundum verið kartöflugarðar.
Þar er nú þýfður hóll í mýrinni.
Hóllinn er um 25x20 m stór, snýr N-S. Hann er um 1,1 m hár, flatur í toppinn. Engar skýrar hleðsluleifar eru á honum. Hugsanlega er hann leifar þess tóftarbrots sem nefnt er í örnefnaskránni eða upprót vegna kartöfluræktunar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 4

RA-270:013 *Gömlukvíar* tóft+garðlag kvíar 63°44.100N 20°23.500V



Tóftin, horft til norðurs

"Í túninu eru Gömlukvíar, þar sést til gamallar hleðslu," segir í örnefnalýsingu. Einar Valmundsson, fæddur í Galtarholti 1926, sagði að greinilega hafi sést fyrir kvíunum við NA horn túnsins í Galtarholti. Um 230 m SA við bæ 001 við mörk túnsins er þúst og garðlag.
Hleðslurnar eru í þurrlendri og þýfðri mýri.
Þústin og garðlagið eru á svæði sem er um 26x16 m stórt og snýr NA-SV. Þústin er um 4x4 m stór og er í SV horni gerðisins sem garðlagið myndar. Hún er um 1 m há en ekkert skýrt tóftarlag er á henni. Garðlagið liggur í ferhyrning, það er um 16x14 m stórt og snýr N-S. Úr SA horni þess liggur garðlag sem tengist túngarðinum umhverfis tún Galtarholts (sjá fornleif 014). Það er hæst um 0,6 m og breiðast um 0,5 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 4

RA-270:014 garðlag túngarður 63°44.098N 20°23.515V
Túngarður liggur umhverfis túnið í Galtarholti.
Garðurinn er á mörkum túns og þýfðrar mýri.
Túngarðurinn afmarkar tún Galtarholts nema að suðaustan þar sem það er horfið í þýfi. Það nær yfir svæði sem er alls um 300x95 m stórt og snýr austur-vestur.. Garðlagið er að nokkru leyti hlaupið í þúfur. Það snýr NV-SA og liggur frá NA horni túns til vesturs að NV horni túnsins, um 300 m, þaðan liggur það til suðurs að SV horni túnsins, um 96 m og þaðan til austurs um 190 m þar sem það hverfur í þýfi. Garðlagið er alls um 580 m langt. Það er hæst um 0,6 m og breiðast um 0,5 m.

Hættumat: engin hætta

RA-270:015 hleðsla traðir 63°44.178N 20°23.639V

Traðirnar, horft til suðvesturs

Traðir liggja heim að bæjarhólnum 001 úr NA.
Traðirnar eru í þýfðri mýrinni.
Traðirnar liggja úr austri, NA við bæjarhólinn, til vesturs þar sem þær beygja til SA að hólnum. Þær eru alls um 90 m langar, um 2,5 m breiðar og um 0,6 m háar.
Hættumat: engin hætta

RA-270:016 garðlag óþekkt 63°44.216N 20°23.945V

Um 200 m NV frá bæ 001 og um 125 m SA frá Sólrúnartótt 010 er garðlag.
Garðlagið liggur um þýfða en nú þurrlenda mýri.
Garðlagið liggur NA-SV. Það eru um 145 m langt. Það er mjög þýft og gróið, um 0,5 m hátt og um 0,7 m breitt þar sem það er breiðast. Hvergi sér í grjót í því. Garðlagið fjarar út í mýrinni við báða enda. Hlutverk þess er óþekkt en líklega er hér um einhverskonar varnar- eða áveitugarð að ræða.
Hættumat: engin hætta

RA-270:017 hleðsla traðir 63°44.642N 20°24.347V

Traðirnar, horft til suðurs

Traðir liggja að bæjarhólnum í Blábringu 007 úr austri.
Traðirnar liggja í þýfðri mýrinni.
Það sér móta fyrir tröðunum á um 30 m löngum kafla fast við bæjarhólinn. Þær eru um 2 m breiðar og hæstar um 0,7m.
Hættumat: engin hætta

RA-270:018 garðlag túngarður 63°43.670N 20°24.421V

Túngarðurinn í forgrunni, bæjarhóllinn í fjarska, horft til suðurs

Túngarður liggur umhverfis túnið í Blábringu 007.
Garðlagið liggur í þýfðri mýri.
Túngarðurinn nær yfir svæði sem er alls um 120x90 m stórt og snýr NV-SA. Garðlagið er nær trapisulaga. Það er alls um 440 m langt. Það er að hluta hlaupið í þúfur, er hæst um 0,7m og um 0,8 m breitt þar sem það er breiðast. Hvergi sér í grjót í hleðslum.
Hættumat: engin hætta

RA-270:019 þúst útihús

Þústin, horft til norðvesturs



63°43.680N 20°24.418V

Um 110 m norðan við bæ í Blábringu 007 er grænn þýfður hóll á rima í mýrinni. Þar reynast eflaust mannvistarleifar undir sverði.
Hóllinn er í þýfðri mýri.
Hólinn er um 15x13 m stór og snýr N-S. Hóllinn er hæstur um 0,9 m, flatur og þýfður í toppinn. Á austur brún hans eru hleðsluleifar um 12 m langar og hæstar um 0,4 m. Hér hefur líklega verið útihús frá Blábringu en hún er næsti bær við hólinn.

Hættumat: engin hætta

RA-270:020 þúst útihús

63°43.624N 20°24.290V

Um 70 m SA frá Blábringu 007 við túngarðshornið er þúst sem líklega er af útihúsi.
Þústin er í þýfðri mýri.
Þústin er um 7x6m stór og snýr N-S, hún er um 0,5 m há. Ekkert skýrt tóftarlag er á þústinni en hún er mjög þýfð og grænni en umhverfið. Hér leynast eflaust leifar útihúss frá Blábringu undir sverði.
Hættumat: engin hætta

Þústin, horft til austurs

RA-270:021 tóft óþekkt

63°43.912N 20°23.518V

Þústin, horft til suðurs



Um 485 m suður frá bæ 001 og um 150 m SA frá fjárhústóft 008 er tóft.
Tóftin er á mjög þýfðum rima.
Riminn er um 40x10 m stór, snýr N-S. Nyrst á honum er ferhyrnd tóft. Hún er einföld um 5x5 m stór. Veggir hennar eru um 0,4m háir, hvergi sér í grjót í þeim. Ekkert op er greinilegt á tóftinn. Hlutverk hennar er óþekkt.
Hættumat: engin hætta

RA-271 Markhóll

Ekki byggð 1711. Jarðardýrleiki óviss 1847, Oddakirkjueign. Fyrst nefnd árið 1828, varð grasbýli 1831. Í eyði 1881. VS: Rangvellingabók, 60, 277

RA-271:001 *Markhóll* bæjarhóll bústaður 63°44.257N 20°21.871V

Bæjarhóllinn, horft til suðausturs. Uxahryggur II í bakgrunni

Markhóll er um 100 m vestan við merkin milli Eystra-Fróðholts og Uxahryggjar II, Eystra-Fróðholts megin. Hann er um 1,4 km sunnan við íbúðarhúsið í Eystra-Fróðholti 269:003 og um 950 m NV við íbúðarhúsið á Uxahrygg II (sjá fornleif 273:013).
Hóllinn er austast í sléttu túni.
Hóllinn er um 25x18 m stór og snýr nær A-V. Hann hefur verið sléttaður og er nú um 1,3 m hár, flatur í toppinn. Engar hleðsluleifar eru á honum og hvergi sér í grjót.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-272 Stórholt

Ekki í byggð 1711. Jarðardýrleiki óviss 1847, Oddakirkjueign. Stórholt var hjáleiga frá Uxahrygg, í byggð frá 1825-1883.

RA-272:001 *Stórholt* bæjarhóll bústaður 63°43.680N 20°22.008V



Bæjarhóllinn, horft til suðvesturs

"Stórholt var hjáleiga frá Uxahrygg og stóð tæpan kílómetra suður frá Þverá og um 1 1/2 km vestnorðvestur frá Uxahrygg," segir í Rangvellingabók. Stórholt er um 950 m SV frá íbúðarhúsinu á Uxahrygg II (sjá fornleif 273:013) og um 1,1 km SV frá Markhól (271:001).
Hóllinn er í þýfðri mýri.
Hóllinn er um 70x30 m stór, snýr A-V og er um 4 m hár. Hann er dældóttur í toppinn og á stöku stað sér í hellublöð. Á honum miðjum er um 7x15 m stórt dæld, um 0,5 m djúp. Líklega er hún leifar íbúðarhússins sem þar stóð. Vestast á hólnum er einnig lítil tóft. Tóftin er um 8x6 m stór, snýr A-V. Hún er einföld en ekkert op er greinilegt á henni. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,4m. Hvergi sér í grjót í tóftinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 425

RA-272:002 tóftir beitarhús 63°43.503N 20°22.369V



Tóftirnar, horft til austurs

Á Skollarima, á mörkum Uxahryggjar og Eystra-Fróðholts eru tóftir. Þær eru um 1 km SA frá íbúðarhúsinu á Uxahrygg II (sjá fornleif 273:013) og um 440 m SV frá Stórholti 001.
Tóftirnar eru í þýfðri mýri, um 15 m austar er merkjaskurður.
Tóftirnar eru tvær. Þær eru á svæði sem er alls um 55x16 m stórt og snýr N-S. Tóft A er norðar. Hún er um 16x10 m stór og snýr A-V. Hún er þrískipt. Hólf I er vestast. Það er um 10x8 m stórt og snýr N-S. Op er á því í NV horni. Austan við I eru svo hólf II og III. II er sunnar, það er mjög óskýrt, um 3x2m stórt og snýr A-V. Ekkert op er greinilegt á því. Hólf III er um 5x3 m stórt, einnig mjög óskýrt. Það snýr A-V, ekkert op er greinilegt á því heldur. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 0,3 m. Tóft B er um 37 m sunnan við tóft A. Hún er einföld, um 8x6 m stór og snýr N-S. Vesturveggur hennar er óskýr og má vera að þar hafi verið op. Hleðslur tóftarinnar eru mest um 0,4 m á hæð . Hvergi sér í grjót í tóftunum. Sveinn Guðjónsson, heimildamaður, taldi að hér væru beitarhús sem líklega hefðu tilheyrt Stórholti á sínum tíma.
Hættumat: engin hætta



RA-273 Uxahryggur

20 hdr., 1711, Oddakirkjueign. "Uxahryggjar finnst fyrst getið í máldaga Oddakirkju frá árinu 1332. Í máldaga sömu kirkju frá 1270 er talin meðal eigna kirkjunnar jörðin Fjóslandi, en aldrei síðar, og taldi Vigfús Guðmundsson frá Keldum að þar væru um að ræða sama bæ og Uxahrygg." VS: Rangvellingabók, 452. Jörðin skiptist nú í tvö býli og er landið aðskilið, bæirnir stóðu saman til 1957. "Landareignin er að mestumýri, nú ræst fram og þurrkuð. Meðfram Þverá eru þurrir bakkar." SB V, 90-91. Afbýli frá Uxahrygg voru Stórholt byggt 1825 og Blábringa 1856.
1711: "Túninu spillir vatn nokkurt (Þverá), er uppá ber sand og ísa í leysíngum rifur grasrót af, er og ekki þá bænum óhætt, líka grandar því sandfjúk. Engjum spillir í sama máta Þverá." JÁM I, 255 1849. "Tún eru engin, en útslægjur afbragðs góðar og miklar so árlega má ljá öðrum. Hagbeit engin önnur en sú sem fæst fyrir slægjulán. Á sumrum er gagn af kúm ogso mikið gott, lítið af kúm á vetri. Jörðin er að öllu hæg, því garðhleðsla sem þarf til að verja landið árflóðum getur ei álitist eins, því síðar meiri vinna en túnræktun vanalega krefur." 1850: "Uxahryggur með Stórholti hafa eigin tún. Utantúnsslægjur eru að kalla má allar þýfðar, nema tvö lítil stykki við Þverárbakka. Heyskapur þessara jarða er allur helmingjur efling sem heldur er árlega að aukast af sandfoki úr þverá og árflóðum á vetrum, mjög er þessi heyskapur votsamur í rosárum. - Þverá rétt við fyrstu frost rennur yfir bakkana fyrir austan Skeið og rennur svo vestur eftir allri mýri, þar sem hún er hvað líklegust til beitar." VS: Rangvellingabók, 453 1917: Norðurbær: Tún 0,3 ha, ekkert slétt, garðar 1750 m² Suðurbær: Tún 0,3 ha, ekkert slétt, garðar 2080 m² 1940. "Túnið er valllendisrimi, rakt, greiðfært, vélfært að nokkru, votlent, blautt. beitiland: Votlend, flöt mýri, grasgefin. Sumarbeit góð, hausbeit sæmileg, vetrarbeit leggst undir, votbeit góð." VS: Rangvellingabók, 453

RA-273:001 *Uxahryggur* bæjarhóll bústaður 63°43.492N 20°20.144V



Bæjarhóllinn, horft til vesturs

Bærinn á Uxahrygg stóð fyrr á hól í mýri, sunnan Uxahryggjar I. Í örnefnalýsingu segir: "Fornibær stendur skammt suður af bænum úti í mýrinni. Bærinn sennilega fluttur þaðan vegna örðugra samgangna." Fornibær er um 230 m SV við Uxahrygg I, þar sem bæirnir stóðu síðar. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús á bæjarhólnum þá og mun það hafa verið fjárhús. Ekki er vitað hvenær bærinn var fluttur.
Hóllinn er í smáþýfðu túni afmörkuðu af skurðum, sunnar er þýfð mýri en tún í aðrar áttir.
Hóllinn er um 60x25 m stór og snýr A-V. Hann er um 3 m hár. Suðvestan í honum er allmikil dæld, opin til SV. Hún er um 8x5 m stór, snýr N-S og um 2 m djúp. Líklega er hún leifar fjárhúsanna sem hér voru eftir að bærinn var fluttur. Ekki eru önnur ummerki bygginga á hólnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 2. HS, viðauki.

RA-273:002 *Uxahryggur* bæjarhóll bústaður 63°43.593N 20°19.985V

Bæjarhóllinn, horft til norðvesturs

Bæirnir á Uxahrygg voru sambyggðir og stóðu á hól þar sem íbúðarhúsið í Uxahrygg I stendur nú, um 1km SA af Uxahrygg II (sjá fornleif 013). Núverandi íbúðarhús var byggt í tveimur hlutum árin 1976 og 1979 við gaflinn á gamla bænum, en enginn kjallari er á því. Gamla bænum var skipt í helminga, norður- og suðurbæ.
Hóllinn er að hluta í sléttu túni. Syðst næst íbúðarhúsinu er gróinn garður með trjám. Sunnan, vestan og norðan við hólinn er heimreið að bænum.
Hóllinn er um 70x25 m stór, snýr N-S. Hann er hæstur um 1,5 m séð frá suðri en ógreinilegur frá norðri og vestri. Uppdráttur af bæjunum eftir Helgu Skúladóttur er varðveittur í bók hennar, Rangárvellir. Fyrir neðan uppdráttinn segir: "A og B íbúðarhús beggja býla (9 og 11,5x4,2x3 m.), með göngum og eldhúsum að baki. Í suðurbæ: C eldiviðarhús, að húsabaki, D hesthús. Norðurbær: C skemma, D smiðja, E fjós, F hesthús, G taðhús."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-273:003 heimild um kálgarð 63°43.586N 20°19.134V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast austan við bæjarsamstæðuna.
Þar er nú hátt gras milli bæjar og slóða sem liggur niður, suður, í mýrina.
Engin ummerki garðsins sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-273:004 heimild um útihús 63°43.639N 20°20.003V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 120 m norðan við bæ 002.

Þar er nú fjós og malarplan umhverfis það.
Engin ummerki hússins sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-273:005 heimild um útihús 63°43.654N 20°20.020V
Samkvæmt túnakorti var útihús um 130 m norðan við bæ 002, það er um 6 m norðan við núverandi fjós.
Þar er nú malarplan umhverfis fjósið.
Engin ummerki hússins sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-273:006 hús útihús 63°43.646N 20°20.049V

Útihúsið, horft til norðurs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 120 m NNV við bæ 002, um 20 m vestan við útihús 005. Þar er nú hús um 30 m vestan við núverandi fjós.
Húsið er í háu grasi við norðurmörk túns.
Húsið er líkt og það sé grafið inn í hól, en þak þess er þó að hluta úr bárujárni. Það er um 10x9 m, snýr N-S, og um 1, 8 m hátt. Dyr eru á miðri suðurhlið þess. Ekki er víst að þetta sé það hús sem teiknað er á túnakortið frá 1917 en það hefur í öllu falli staðið á nær sama stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-273:007 heimild um kálgarð 63°43.599N 20°19.988V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast vestan við norðurbæinn, norðurenda bæjarsamstæðunnar 002.
Þar er nú hátt gras sunnan við heimreið að bænum. Til vesturs og suðurs eru tún.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-273:008 heimild um útihús 63°43.562N 20°19.982V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 2-3 m sunnan við syðri bæinn, suður enda bæjarsamstæðunnar 002 og girðing umhverfis.
Þar sem húsið stóð er nú slétt tún.
Engin ummerki hússins sjást í túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-273:009 *Sauðahús* tóft beitarhús 63°43.418N 20°21.435V



Tóftin, horft til austurs

Um 1 km sunnan við íbúðarhúsið að Uxahrygg II
(sjá fornleif 013) og um 1 km vestan við Fornabæ 001 voru fjárhús, kölluð Sauðahús. Þar er nú óskýr tóft.
Tóftin er á grænum rima í þýfðri mýrinni.
Tóftin er um 13x6 m stór, snýr A-V. Hún er tvískipt. Eystra hólfið er mun skýrara, það er um 10x6 m stórt og snýr eins og tóftin, opið til austurs. Vestan við það er svo lítið óskýrt hólf. Það er um 5x3 m stórt og snýr einnig A-V. Ekkert op er á því. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 0,2 m. Hvergi sér í grjót í þeim.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917

RA-273:010 heimild um útihús 63°43.629N 20°19.858V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 120 m ANA við bæ 002. Það erum 100 m SV við núverandi fjárhús.
Þar er nú malarslóði að núverandi fjárhúsum.
Engin ummerki hússins sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-273:011 heimild um útihús 63°43.628N 20°19.840V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 10 m austan við útihús 010. Það er 5-10 m vestan við þar sem nú stendur braggi.
Þar sem húsið stóð er nú grasflöt á milli bragga og slóða að núverandi fjárhúsi.
Engin ummerki hússins sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-273:012 heimild um útihús 63°43.646N 20°19.797V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 170 m ANA við bæ 002 um 60 m NA við útihús 010.
Þar er nú grasflöt fast sunnan við fjárhús.
Engin ummerki hússins sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-273:013 *Langhólar* bæjarstæði býli 63°43.917N 20°20.944V

Íbúðarhúsið að Uxahrygg II, horft til suðausturs

Burstahúsið, horft til suðurs

"Í Vesturbakka, þar sem bugurinn er á ánni, nefnist Bugar ... Nokkuð austar eru ávalir hæðahryggir, sem nefnast Langhólar (eyðibýli), nú standa þar ærhús," segir í örnefnalýsingu. Núverandi íbúðarhús á Uxahrygg II stendur á Langhólum, um 1 km NV af Fornabæ 001 og um 1 km VNV af Uxahrygg I 002. Húsið var byggt 1957 það er ekki með kjallara. Ærhúsin stóðu um 30 m vestan við núverandi íbúðarhús en þar er nú steinsteypt burstahús.
Húsin standa bæði á grónum stalli, norðan við hann er malarplan en sunnar slétt tún.
Stallurinn er um 70x40 m stór, snýr A-V. Hann er hæstur frá suðri um 1 m en ógreinilegur frá norðri. Gróinn garður er fast upp við íbúðarhúsið. Stallurinn hefur eflaust myndast við byggingu húsanna fremur en við uppsöfnun mannvistarlaga enda búseta á þessum stað ekki löng.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 2

RA-273:014 *Jónstóft* þúst fjárskýli 63°43.274N 20°20.500V

Þústin, horft til vesturs

"Suður af holtinu [sjá 013] er Skollarimi, en austur af honum Borgarholt, sennilega staðið þar fjárborgir. Sést móta fyrir gamalli kofatóft, sem kölluð er Jónstóft," segir í örnefnalýsingu. Borgarholt er um 500 m sunnan við Fornabæ 001 og um 730 m sunnan við bæ 002.
Holtið er í þýfðri mýri.
Holtið er grænt og gróið. Það er um 75X35 m stórt, snýr A-V og um 3-4 m hátt. Það er ugglaust að mestu leyti náttúrulegt en eflaust að hluta uppsöfnuð mannvistarlög. Magnús á Uxahrygg I (f. 1936) kannaðist ekki við örnefnið Jónstóft en sagði frá því að þegar grafið hafi verið fyrir hlöðu í holtinu hafi komið upp aska og síðar, árið 1957 þegar hann gróf fyrir nýrri hlöðu hafi hann komið niður á mjög sérstakt lag. Hlaðan var síðar rifin og fyllt var upp í grunn hennar á níunda áratug síðustu aldar. Grunnurinn var hlaðinn úr hraungrýti ofan úr Landssveit og enn sér vel fyrir því á holtinu og enn mótar fyrir grunni hlöðunnar. Hann er um 7x4 m stór og snýr A-V og hleðslur hans eru um 0,5 m háar þar sem þær eru hæstar en Magnús sagði grunninn hafa verið mannhæðar djúpan.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakkabæir, 2

RA-273:015 *Skjólgarðsrimi* heimild um varnargarður 63°42.935N 20°19.498V
"Engjarnar liggja suður og austur af bænum. Sorarnir liggja í austur næst bænum, þýfð mýri og blautlend. Í þeim er gamall skjólgarður, er stendur þar í rima, sem kenndur er við hann og kallaður Skjólgarðsrimi," segir í örnefnalýsingu. Skjólgarðsrimi er um 1,2 km SSA af bæ 002 og um 165 m sunnan við austurenda Engjagarðsins 020.
Riminn er í flatlendri og þýfðri mýri.
Engin ummerki skjólgarðsins sjást nú á kargaþýfðum rimanum en Magnús Guðmundsson (f. 1936) mundi eftir honum. Hann sagði hann hafa smám saman sigið og horfið í mýrina.
Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Bakkabæir, 2-3

RA-273:016 tóft+garðlag óþekkt 63°43.306N 20°20.506V



Garðlagið og tóftin, horft til austurs

Um 690 m SSV af bæ 002 og um 50 m norðan við Borgarholt 014 er tóft og garðlag.
Tóftin og garðlagið eru í þýfðri mýri.
Tóftin og garðlagið ná yfir svæði sem er alls um 365x100 m stórt og snýr A-V. Tóftin er einföld, um 9x5 m stór, snýr N-S. Hún er opin til vesturs. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,8 m. Hvergi sér í grjót í þeim. Garðlagið liggur frá NA horni hennar, um 245 m til ASA. Þar er það rofið á einum stað þar sem vegur 018 liggur þvert á það, það hættir svo skyndilega um 165 m austar. Annar hluti garðlagsins liggur úr NV horni tóftarinnar, um 110 m til VNV þar sem það hverfur í þýfi. Garðlagið er hæst um 1 m og um 0,7 m breitt. Það er hlaðið úr torfi. Erfitt er að geta til um hvaða hlutverki þetta mannvirki hefur gengt en líklega hefur hér verið einhverskonar rétt eða aðhald.
Hættumat: engin hætta

RA-273:017 heimild um landamerki 63°43.430N 20°18.488V
Landamerki 1629: "Í fyrstu skal sá garður ráða sem liggur á milli Skeiðs og Uxahryggjar, síðan úr honum sjónhending í þann skurð, sem kallast Markaskurður, en sumir nefna Markalæk. So þaðan sjónhending í rima þann sem nefnist Krákuskjól. Þá út eftir honum öllum í móts við Kýrauga." Nú er skurður á merkjum milli Uxahryggjar og Skeiða.
Á merkjum eru tún næst veginum, Uxahryggjarmegin en Skeiðamegin eru þýfðir móar og mýrar.
Merkjagarðinum var raskað þegar skurðurinn var tekinn og ekki sér fyrir honum lengur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 452

RA-273:018 vegur leið 63°43.279N 20°20.443V

Vegurinn, horft til norðausturs

Upphlaðinn vegur liggur úr mýrinni að Borgarholti 014 úr norðri, þvert á garðlag 016.
Vegurinn er í þýfðri mýrinni.
Hann liggur N-S, alls um 40 m langur, 4 m breiður og hæstur um 0,8 m. Líklega er hann leifar vegar sem legið hefur að Borgarholti þegar þar stóð hlaða sjá 014.
Hættumat: engin hætta

RA-273:019 *Helgastaðarimi* örnefni bústaður 63°43.176N 20°20.208V

Riminn, horft til vesturs

Magnús á Uxahrygg I (f. 1936) sagði að riminn sem gengur austur úr Borgarholti 014 væri nefndur Helgastaðarimi. Hann kunni þó engar skýringar á örnefninu. Riminn er um 300 m austan við Borgarholt 014 og um 590 m SSV við Fornabæ 001.
Riminn er gróinn og stórþýfður, umkringdur þýfðri mýri.
Engar greinilegar hleðsluleifar fundust á rimanum við vettvangsskoðun en ekki er hægt að fullyrða um hvort hér hafi staðið bær sem riminn er kenndur við. Hugsanlega hafa Helgastaðir staðið á Borgarholti 014 þar sem aska hefur komið upp en engar heimildir geta til um það. Ekkert verður því sagt með vissu um tildrög örnefnisins að svo stöddu.
Hættumat: engin hætta

RA-273:020 *Engjagarður* garðlag óþekkt 63°43.095N 20°20.052V

Garðlag liggur NA-SV í mýrinni sunnan bæjar 002. Vesturendi þess er um 740 m sunnan við Fornabæ 001 og um 500 m SA við Borgarholt 014.
Garðlagið liggur í þýfðri mýri.
Garðlagið er alls um 580 m langt. Það er hæst um 0,8 m og breiðast um 0,5 m, hlaðið úr torfi. Við SA endann hverfur það í skurð en endar skyndilega að NA. Magnús Guðmundsson á Uxahrygg I (f. 1936) sagði garðinn heita Engjagarð. Hlutverk garðlagsins er ekki þekkt en hugsanlega hefur það verið vörslugarður.
Hættumat: engin hætta

Garðlagið, horft til austurs

RA-273:021 gerði óþekkt 63°43.047N 20°19.657V



Gerðið, horft til norðurs

Gerði er um 920 m sunnan við Fornabæ 001, um 1 km sunnan við bæ 002 og um 3 m norðan við Engjagarðinn 020.
Gerðið er á litlu holti í þýfðri mýrinni.
Gerðið er um 8x13m stórt og snýr N-S. Það er einfalt, hlaðið úr torfi. Hleðslur þess eru hæstar um 0,4 m. Dyr hafa líklega verið í SA horni þess en nú er að hluta hrunið fyrir þær. Hlutverk gerðisins er óþekkt en ekki er ólíklegt að það tengist notkun Engjagarðsins 020.

Hættumat: engin hætta

RA-273:022 tóftir beitarhús 63°43.460N 20°19.869V

Tóft B, horft til norðausturs

Tóft A, horft til norðvesturs



Um 245 m ASA af Fornabæ 001 og um 270 m SSA við bæ 002 eru tvær tóftir.
Tóftirnar eru í sléttu túni.
Tóftirnar eru á svæði sem er um 25x8 m stórt og snýr A-V. Tóft A er vestar. Hún er um 10x8 m stór og snýr A-V. Hún er tvískipt. Hólf I er vestar, um 5x4 m stórt að innanmáli og snýr N-S. Op eru á því á tveimur stöðum, á miðjum austurvegg og miðjum vesturvegg. Hólf II er austan við hólf I. Það er um 5x3 m stórt að innanmáli og snýr einnig N-S. Op er á norðurvegg austarlega og nyrst á vesturvegg. Mögulegt er að þriðja hólfið hafi verið á milli þessara tveggja en það er mjög óljóst, ef frá er talinn norðurveggurinn sem tengir hólf I og II. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 0,7 m. Hvergi sér í grjót í þeim. Tóft B er um 12 m austan við A. Hún er einföld, um 5x3 m stór og snýr N-S. Op er á miðjum vesturvegg. Hleðsluhæð hennar er mest um 0,6m. Hvergi sér í grjót í tóftinni. Líklega er hér um beitarhús að ræða. Hlutverk tóftanna er ekki þekkt en af lögun þeirra og staðsetningu að dæma hafa líklega verið beitarhús hér.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-273:023 tóft beitarhús 63°43.517N 20°21.343V



Tóftin, horft til vesturs

Um 1 km vestan við Fornabæ 001 og um 200 m NA frá Sauðahúsum 009 er tóftarhóll. Hann er um 800 m NA við Uxahrygg II (sjá fornleif 013).
Tóftin er í þýfðri mýri.
Tóftin er um 8x8 m stór. Hún er tvískipt. Hólf I er norðan við II. Það er um 8x5 m stórt að innanmáli og snýr A-V. Op er á miðjum vesturvegg og miðjum austurvegg. Hólf II er fast vestan við I, það er minna, eða um 4x3 m stórt að innanmáli en snýr eins. Það er opið til vesturs og austurs. Hleðslur tóftarinnar eru um 0,3 m háar. Hvergi sér í grjót í þeim. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en af staðsetningu hennar og lögun að dæma er líklegt að hér hafi verið beitarhús. Þau hafa þá að öllum líkindum verið frá býlinu á Langhólum 013.

Hættumat: engin hætta

RA-273:024 tóft óþekkt 63°43.517N 20°21.198V

Tóftin, horft til suðausturs



Tóft er um 870m vestan við Fornabæ 001, um 765 m NA við Uxahrygg II (sjá fornleif 013) og um 120 m austan við tóft 023.
Tóftin er á þýfðum rima umkringdum mýri.
Tóftin er að miklu leyti hlaupin í þúfur og lag hennar því fremur óskýrt. Hún er um 4x3 m stór og snýr SA-NV. Hún er einföld, hlaðin úr torfi. Hleðsluhæð veggja er um 0,5 m. Tóftin er opin til SV og NA veggur hennar hefur að hluta verið rofinn af kindagötum. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt.
Hættumat: engin hætta

RA-273:025 *Barðakofi* heimild um fjárhús 63°43.648N 20°20.540V
Sveinn Guðjónsson á Uxahrygg II sagði frá fjárhúsum, kölluð Barðakofi, sem voru þar sem nú eru mörk milli Uxahryggja I og II. Þau voru um 400m vestan við útihús 006 og um 440 m NV við Fornabæ 001.
þar er nú skurður á merkjum og tún beggja vegna við hann.
Húsin voru rifin þegar jörðinni var skipt milli bæjanna árið 1957. Húsin voru 40-60 kinda hús.
Hættumat: engin hætta



RA-274 Oddahóll

Hjáleiga frá Odda 1711. Jarðardýrleiki óviss 1847, Oddakirkjueign. "Bærinn Oddhóll finnst fyrst nefndur í máldaga Oddakirkju 1553 og stóð upphaflega á hól tæpa tvo kílómetra suð-suðaustur frá Odda, en var árið 1949 fluttur austur á bakka Eystri-Rangár andspænis Móeiðarhvoli." VS: Rangvellingabók, 301. "Oddahóll var áður hjáleiga frá Odda en 1922 var jörðinni skipt frá Oddalandi og er síðan sjálfstæð bújörð. ... Landareignin er öll gróin, valllendi og mýri." SB V, 89
1850: "Túnið er hálft greiðfært en hitt þýft. - Utantúnsslægjur eru flóð sem fást af 40 hestar, stör og fergin. Af öðrum útslægjum jarðarinnar fást 280 hestar af meðalbandi af eflingarheyi, og er því létt til fóðurs. Þar til fást 20 hestar af gulstarung. Mikið stykki af engjum er komið í sand, er það í mæli að þar af hafi fengist 300 hestar. Hagar eru litlir og léttir. Hættur fyrir fé af flóðum og dýjum. Engjarnar liggja undir áföllum. Reiðingsrista til eigin brúkunar og torfrista er hér næg." VS: Rangvellingabók, 302 1917: Tún 5,7 ha, þar af 3 ha slétt, garðar 1690 m² 1940: "Tún: Gott, 1/2 vélfært, samfellt, grasgefið. Að mestu vélfært. Vallendi og mýrgresi. Þurrar. Beitiland: Valllendisbakkar og mýri. Þröngt miðað við heyafla. Góð sumarbeit. Lítil vetrarbeit. Ókostir: Hætta af flóðum." VS: Rangvellingabók, 302

RA-274:001 *Oddahóll* bæjarhóll bústaður 63°45.960N 20°22.529V

Bæjarhóllinn, horft til austurs



"Bærinn Oddahóll stóð frá fornu fari á hól tæpa tvo km suð-suðaustur frá Odda en árið 1949 var hann fluttur austur á bakka Eystri-Rangár," segir í Sunnlenskum byggðum. Þar sem bærinn stóð fram til 1949 er mikill hóll í hæðóttu landslagi, um 1,3 km vestan við núverandi íbúðarhús á jörðinni.
Við bæjarhólinn eru miklar hæðir og hólar svo erfitt er að greina nákvæm mörk hans. Hólraninn sem bæjarhóllinn er á teygir sig til austurs og suðurs. Vestan við hann er vallendi en að norðan þýfður mói.
Hóllinn er um 120x100 m stór og snýr N-S. Hann er um 7 m hár. Hlíðar hólsins eru mjög ójafnar sem og toppurinn. Traðir 011 liggja að hólnum úr norðri og yfir hann austarlega og halda áfram til suðurs. Vestan við traðirnar er stór dæld, A. Eflaust grunnur síðasta hússins á hólnum. Hún er um 13x13 m stór og um 3 m djúp. Aftan (sunnan) við hana eru þrjár óskýrar dældir, B,C og D. B er um 7 m SV við A, hún er um 7x3 m stór, snýr A-V. Dyr eru á miðjum suðurvegg hennar. Hún er um 0,6 m djúp. C er um 1 m NV við B. Hún er um 3x3 m stór, full af steinsteypuklumpum sem steypujárnið stendur út úr. Hún er um 0,5 m djúp. D er um 1 m SV við C og um 5 m vestan við B. Hún er um 5x7 m stór og snýr A-V, um 0,7 m djúp. Um 13 m vestan við A er önnur stór dæld, E, hugsanlega leifar þeirrar hlöðu sem var á hólnum. Hún er um 10x10 m stór og um 2,5 m djúp. Í suðurvegg hennar sér vel í grjóthleðslur. Þá eru þrjár tóftir í NV hluta hólsins, F,G og H. F er um 15 m NV við E. Hún er um 3x2 m stórt og snýr A-V með op á miðjum vesturvegg. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,4 m. Fast norðan við F er H. Hún er um 4x4 m stórt, opin til vesturs, hleðslur hennar eru hæstar um 0,7 m. Tóft G er þá fast austan við H. Hún er um 4x4 m stórt, með dyr á miðjum norðurvegg. Hleðslur hennar eru hæstar um 1 m. Hvergi sér í grjót í tóftunum. Þetta eru þær dældir og tóftir í hólnum sem unnt er að koma máli á. Hann er víða mjög dældóttur og ljóst að víða hefur verið byggt á honum. Hóllinn er að hluta farinn að blása upp í toppinn, fast norðan við hólf A, auk þess er hann á stöku stað skorinn af kinda og hestagötum. Uppdráttur af bænum eftir Helgu Skúladóttur er varðveittur í bók hennar, Rangárvellir. Fyrir neðan uppdráttinn segir: "A og B íbúðar-timburhús, járnklætt (8,3x7x3,5 m.), C bæjardyr, D skemma, E og F hlöður." Í Sunnlenskum byggðum segir: "Í Langekrutúni sjást merki um fallin helli, eins í gamla Oddhól." Engin ummerki hellisins sáust á vettvangi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SB V, 12, 89; Túnakort 1917; HS, viðauki.

RA-274:002 heimild um útihús 63°45.989N 20°22.405V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 40 m austan við traðirnar 011 og um 110 m SA við bæ 001.
Þar er nú grasivaxinn hólrani sem liggur SSV-NNA.
Engin ummerki hússins sjást á hólrananum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917

RA-274:003 heimild um útihús 63°45.993N 20°22.405V
Samkvæmt túnakorti var útihús um 20 m sunnan við útihús 002 og um 120 m SA við bæ 001.
Þar er nú grasivaxinn hólrani.
Engin ummerki hússins sjást.
Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1917

RA-274:004 þúst útihús 63°45.923N 20°22.313V

Þústin, horft til austurs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 200 m ASA við bæ 001, þar er nú þúst uppi á hól.
Þústin er á grasivöxnum hól, inni í túni gamla Oddhóls.
Þústin er um 4x3 m stór, snýr A-V. Þústin er um 0,6 m há en engar skýrar grjóthleðslur eða tóftarlag er á henni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917

RA-274:005 tóft heystæði 63°45.583N 20°21.857V

Tóftin, horft til norðurs



Um 890 m SSA við bæ 001, um 150 m frá Bátsvaði 008 og um 1 km VSV frá núverandi íbúðarhúsi í Oddhól er tóft.
Tóftin er í smáþýfðum móa sem teygir sig til allra átta.
Tóftin er einföld um 6x5 m stór og snýr N-S. Op er á miðjum suðurvegg hennar. Hleðslur tóftarinnar eru að nokkru leyti hlaupnar í þúfur en lag hennar er ennþá skýrt. Hleðslurnar eru hæstar um 0,5 m, hvergi sér í grjót í þeim. Fríða Hildur, heimildamaður sagði að móinn hafi áður jafnan verið slegin og er líklegt að um að hér hafi verið heystæði.
Hættumat: engin hætta

RA-274:006 tóftir óþekkt 63°46.019N 20°22.026V



Tóft E, horft til norðurs

Þýfðir hólar, þar sem ætla má að mannvistarleifar leynist undir sverði, eru um 430 m austan við bæ 001, fast sunnan við túngarð 015 þar sem hann liggur vestan með vegslóða, austur út í mýrina.
Hólarnir eru í þýfðum móa.
Hólarnir eru á svæði sem er um 90x40 m stórt og snýr A-V. Hóll A er nyrstur, hann er fast norðan við garðlag 015. Hann er um 10x7 m stór, snýr N-S og um 1,1 m hár. Engar skýrar hleðsluleifar eru á honum. B er um 12 m sunnan við A. Hann er um 14x15 m stór, snýr N-S. Hóllinn er um 1,1 m hár. Í suðvestur horni hans er skýr hleðsla um 2,5 m löng og um 1 m breið, hún er um 0,5 m há. Hleðslan er eingöngu úr torfi, hún snýr A-V. Engar aðrar skýrar hleðslur eru á hólnum. Hóll C er um 12 m austan við B. Hann er um 10x7 m stór og snýr A-V, hann er um 0,7 m hár. Engar skýrar hleðslur eru á honum. Hóll D er um 10 m austan við C. Hann er um 15x14 m stór, og snýr A-V. Hann er um 1,3 m hár. Engar skýrar hleðslur eru á hólnum. Hóll E er um 11 m norðan við D. Hann

er um 10x10 m stór og um 2 m hár. Á honum er skeifulaga tóft, um 5x3 m stór sem snýr N-S. Hún er opin til vesturs. Hleðslur hennar eru um 0,4 m háar, hvergi sér í grjót í þeim. Hóll F er um 10 m austan við D. Hann er um 10x8 m stór og snýr A-V. Hann er um 1,2 m hár. Á honum er tóft sem er um 7x5 m stór og snýr eins og hóllinn. Hún er opin til vesturs. Hleðslur tóftarinnar eru um 0,7 m háar, hvergi sér í grjót í þeim. Augljós mannaverk eru á hólum B, E og F en aðrir eru óljósari og ekki hægt að fullyrða að um fornleifar sé að ræða. Hólarnir eru allir inni í hestagirðingu svo mikill ágangur hefur verið á þeim. Þeir eru grænni en umhverfið og nálægð A, C, og D við hina hólana sem og garðlagið 015 gefur til kynna að hér séu mannaverk á ferð. Hlutverk hólanna er óþekkt en hugsanlega er hér um smalakofa, frá mismunandi tímum, að ræða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-274:007 *Klaufarvað* heimild um vað 63°45.866N 20°20.775V
"Vestar í engjunum, rétt við ána, er hár og sléttur hóll, sem nefndur er Ferstikla, skammt vestar er Klaufarvað á Rangá," segir í örnefnalýsingu. Klaufarvað er um 280 m sunnan við íbúðarhúsið í Oddhól og um 1,45 km ASA við gamla Oddhól 001.
Þar sem vaðið var á ánni rennur áin til vesturs, lygn og breið. Bakkar hennar eru lágir beggja vegna. Að norðan er gras fast við ána og þá malarbakki en að sunnan er bakkinn smáþýfður og gróinn.
Beggja vegna árinnar eru bakkar hennar rofnir svo skín í svartan sandinn. Líklega hefur verið farið þar upp úr ánni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Oddhóll, 2

RA-274:008 *Bátsvað* heimild um vað 63°45.534N 20°21.708V
"Enn vestar er Bátsvað, alldjúpt landa á milli," segir í örnefnalýsingu. Bátsvað er um 980 m vestan við Klaufarvað 007. Það er um 1 km SA við gamla Oddhól 001 og um 1 km SV við núverandi íbúðarhús í Oddhól.
Þar sem vaðið var á ánni eru bakkar árinnar háir beggja vegna og hún djúp. Bakkarnir eru grónir en SV við er malarkambur.
Engin ummerki vaðsins sjást á þessum stað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Oddhóll, 2

RA-274:009 heimild um ferju 63°45.424N 20°22.563V

Ferjustaðurinn við ána, bærinn Ármót er handan hennar. Þar stóð áður Fróðholtshjáleiga. Horft til SSV

"Syðst oddinn milli ánna heitir Króktangi. Þar er ferja yfir að Fróðholtshjáleigu [RA-267]," segir í örnefnalýsingu. Í þúsund ára sveitaþorpi segir: "... sumarið 1846 afsegja bændur á tveimur lögferjustöðum á henni [Þverá] að ferja þar lengur. Þessar lögferjur voru hjá Dufþaksholti og Fróðholtshjáleigu." Hreinn Árnason frá Fróðholtshjáleigu, sagði að ferjan hafi verið mikið notuð fram til 1932. Ferjað var um 1 km sunnan við bæ 001 og um 730 m vestan við Bátsvað 008. Þar eru nú sandtangar í ánni þar sem Rangá kemur í Þverá.
Þar sem vaðið var á ánni er áin lygn rétt austan við ármótin en þrengist þar og verður straumharðari.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Oddhóll, 2; Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 59

RA-274:010 *Einbúi* heimild um huldufólksbústað 63°45.779N 20°23.135V

Einbúi, horft til norðvesturs

"Eystri-Einbúi nefnist grashóll fyrir vestan Kríuflóð, en Vestri-Einbúi á bökkum Þverár. Hann er úr móbergi og er að brotna á ána. Hóllinn er á mörkum Oddahverfis. Í Einbúa á að vera huldufólk, en engar sagnir eru til um það lengur," segir í örnefnalýsingu. Einbúi er um 600 m VSV frá gamla Oddhól 001 og um 870 m norðan við ferjustaðinn við ármótin 009.
Norðan og austan við hólinn er gróinn mói en að vestan og sunnan er blásinn melur að ánni.
Hóllinn er talsvert blásinn að SV þar sem hann snýr að ánni en gróinn á aðrar hliðar. Hann er ílangur, snýr N-S og fremur lágur, um 1,5 m hár.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Oddhóll, 2

RA-274:011 vegur traðir 63°45.993N 20°22.466V
Traðir eru merktar á túnakort frá 1917, að norðan, heim að bæ 001. Þær eru enn greinilegar norðan í bæjarhólnum (sjá 001).
Traðirnar liggja upp grasivaxinn hólinn.
Þær er um 1,1 m djúpar, um 2,5 m breiðar og eru greinilegar á um 70 m löngum kafla.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917

RA-274:012 gerði kálgarður 63°45.996N 20°22.415V

Kálgarðurinn, horft til austurs



Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður um 100 m NA við bæ 001, fast vestan við útihús 002 og 003. Þar sér enn móta fyrir hleðslum.
Hleðslurnar eru á grasivöxnu svæði vestan í hólrana, norðaustan í bæjarhólnum.
Hleðslurnar mynda gerði sem er um 16x8 m stórt og snýr A-V. Að austan og norðan eru hleðslurnar um 0,8 m háar og um 0,7 m breiðar en að vestan og sunnan hefur verið stungið niður með hólrananum. Í NV horni gerðisins sér í grjót en annarsstaðar eru einungis torfhleðslur sýnilegar. Syðst í gerðinu er um 1 m breiður stallur, hann er um 0,4 m hár.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917

RA-274:013 heimild um kálgarð 63°45.943N 20°22.560V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður um 20 m sunnan við bæ 001.

Sunnan undir bæjarhólnum er hátt og gróskumikið gras. Líklega hefur kálgarðurinn verið þar.
Engin ummerki hans sjást í háu grasinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917

RA-274:014 garðlag 63°45.992N 20°22.563V

Garðlagið, horft til VSV

Girðing er merkt á túnakort frá 1917, um 30 m vestan við bæ 001. Um 2 m vestan við bæjarhólinn gengur garðlag til vesturs út í mýrina og er það líklega leifar umræddrar girðingar.
Garðlagið liggur í þýfðri mýri.
Garðlagið nær yfir svæði sem er alls um 285x70 m stórt og snýr ASA-VNV. Það er alls um 345 m langt. Það liggur frá bæjarhólnum í um 16 m til vesturs þar sem það greinist í tvennt. Annarsvegar liggur það lengra til vesturs, um 265 m þar sem það hverfur í þýfða mýrina. Hins vegar liggur það til norðurs, um 60 m þar sem það fjarar út. Frá norðurlegg þess liggur einnig smá garðlagsbútur til austurs í átt að bæjarhólnum, hann er um 3 m langur. Garðlagið er hæst um 0,5 m og breiðast um 0,3 m. Það er mosavaxið og á stöku stað rofið af kindagötum. Það hefur líklega verið undirstaða fyrir girðingu.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917

RA-274:015 garðlag túngarður 63°45.998N 20°22.417V

Hluti túngarðsins, horft til suðausturs

Túngarður liggur úr norðurhlið kálgarðs 012 og til norðurs, þar sem hann beygir til austurs samsíða bæjarhólnum og þá til suðurs.
Garðlagið liggur að mestu leyti í grasivöxnum móa en austurhluti þess liggur að hluta í mýrarspildu.
Túngarðurinn hefur afmarkað tún Oddhóls að norðan og sunnan en ekki sér fyrir honum sunnan né vestan við bæjarhólinn. Langur armur liggur út frá norðaustur hluta túngarðsins til austur þar til hann hverfur skyndilega og hefur hann líklega markað annað tún fast austan við heimatún bæjarins. Samtals nær hann yfir svæði sem er um 470x 160 m stórt og snýr A-V. Garðlagið er alls um 750 m langt. Hæð þess er misjöfn, hæst er það um 1,2 m en víðast um 0,7 m. Það er um 0,5-0,8 m breitt. Gerði 017 liggur fast upp við garðlagið við NA horn þess og tóft 016 er hjá því um 130 m eftir að það hefur beygt til suðurs. Tóftir 006 eru skammt sunnan við arminn sem gengur til austur frá túngarðinum (sjá 006). Garðlagið er hlaðið úr torfi og hvergi sér í grjót í því.
Hættumat: engin hætta

RA-274:016 tóft óþekkt 63°45.989N 20°22.221V

Tóftin, horft til ASA



Fast upp við túngarð 015, í NA horni hans, um 260 m austan við bæ 001 er tóft.
Tóftin er í grasivöxnum, þýfðum móa.
Á þessum slóðum liggur garðlagið þvert yfir lítinn hól og er tóftin stungin ofan í hann að hluta, að sunnan, austan og norðan en vestur hlið hennar er hlaðin. Tóftin er um 29x10 m stór og snýr A-V. Hún er tvískipt. Eystra hólfið er stærra, um 12x6 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Vestara hólfið er um 10x8 m að innanmáli, snýr einnig A-V. Op er á milli hólfa syðst á millivegg og út úr vestara hólfinu í NV horni tóftarinnar. Hleðslur hennar eru hæstar um 1m háar, að nokkru leyti hlaupnar í þúfur en tóftin er dýpst um 1, 3 m þar sem hún hefur verið stungin niður í hólinn. Hún er eingöngu hlaðin úr torfi. Hlutverk hennar er ekki þekkt en líklegt er að hér sé um einhverskonar aðhald eða rétt að ræða. Hugsanlega er þetta kvíatóft en hún er helst til stór til að hafa gegnt því hlutverki eingöngu.
Hættumat: engin hætta

RA-274:017 tóft+garðlag óþekkt 63°46.019N 20°22.305V



Horft inn í gerðið til suðausturs

Gerði með þremur tóftum gengur út frá norðurhlið túngarðs 015, um 220 m NA við bæ 001.
Gerðið er í þýfðum móa, innan þess er smáþýfður blettur þar sem tóftirnar eru.
Garðlaginu svipar mjög til túngarðsins 015 sem myndar í raun suðurhlið þess. Það afmarkar svæði sem er alls um 40x30 m stórt og snýr A-V. Það er rofið í NA horni og má vera að þar hafi verið hlið. Hleðslur eru um 0,5 m háar og um 0,3 m breiðar. Tóft A er um 10 m NV við SA horn gerðisins. Hún er einföld, um 5x4 m stór og snýr N-S. Engar hleðsluleifar eru sýnilegar og er fremur sem tóftin hafi verið stungin niður, hún er um 0,6 m djúp, ekkert op er á henni. Tóft B er fast við NV horn tóftar A. Hún er einföld, um 6x4 m stór og snýr N-S. Líkt og með A eru hér engar hleðslur, en tóftin er um 1 m djúp þar sem hún er dýpst, engar dyr eru greinilegar á henni heldur. Tóft C er um 12 m vestan við B. Hún er einnig einföld, um 8x4 m stór og snýr A-V. Hún er um 0,2 m djúp, líkt og A og B, stungin niður. Ekkert op er á henni. Hlutverk gerðisins og tóftanna er óþekkt er líklega er hér um einskonar rétt eða nátthaga að ræða.
Hættumat: engin hætta

RA-274:018 tóft óþekkt 63°45.974N 20°22.289V

Tóftin, horft til austurs



Um 200 m vestan við bæ 001 og um 60 m SV frá tóft 016 er tóft.
Tóftin er í túninu frá gamla Oddhól 001, sem er hæðótt og grasivaxið.

Tóftin er einföld, um 18x5 m stór og snýr A-V. Hún er stungin inn í hól að sunnan- og vestanverðu en norður- og hluti suðurveggjar hennar er hlaðinn en mjög sigin. Hleðslurnar eru hæstar um 0,3 m en þar sem hún er stungin niður í hólinn er hún um 1,2 m djúp. Ekkert op er greinilegt á tóftinni. Hlutverk hennar er óþekkt, hugsanlega hefur hér staðið útihús frá bænum.
Hættumat: engin hætta

RA-274:019 tóft óþekkt 63°45.922N 20°22.300V



Tóftin, horft til austurs

Um 210 m vestan við bæ 001 og um 3 m vestan við þúst 004 er tóft, stungin niður í sama hól sem þúst 004 er á.
Í túninu eru grasivaxnir hólar og á milli þeirra er djúp mýrlend laut.
Svo er sem stungið hafi verið niður í austasta hólinn, af þeim sem mynda lautina, og tóft mynduð.

Opið er til vesturs inn í tóftina. Hún er einföld, snýr A-V og er um 20x6 m stór og um 2 m djúp. Hlutverk þessarar tóftar er óþekkt, en hugsanlega er hér um aðhald að ræða. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni.
Hættumat: engin hætta

RA-274:020 þúst óþekkt 63°46.056N 20°21.792V

Hóllinn, horft til vesturs

Um 630 m vestan við gamla Oddhól 001 og um 680 m austan við núverandi íbúðarhús á Oddhól er hóll í sléttu túni.
Hóllinn er vestast í sléttuðu túni.
Hóllinn er um 30x20 m stór, snýr N-S og um 2 m hár. Engar hleðslur eru á hólnum, en líklegt er að hér hafi verið úthús eða einhver önnur mannaverk. Hóllinn er áberandi í sléttu túninu. Hann hefur augljóslega sléttaður sem skýrir hvers vegna engar hleðslur sjást á honum lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-274:021 garðlag túngarður 63°45.993N 20°22.405V

Garðlagið, horft til norðurs

Garðlag liggur með suður-, vestur- og norðvesturjaðri sléttaðs túns, um 760 m ANA við íbúðarhúsið á Oddhól og um 540 m VNV við gamla Oddhól 001.
Garðlagið liggur með sléttuðu túni, sunnan og vestan við það er slóði heim að gamla Oddhól 001 og þá þýfður mói.
Garðlagið liggur við suður-, vestur- og norðvesturjaðar sléttað túns. Það afmarkarsvæði sem er alls um 225x70 m stórt og snýr A-V. Garðlagið er alls um 330 m langt. Austasti hluti þess er um 10 m ANV við austasta enda garðlags 015. Þaðan liggur það um 47 m til vesturs þar sem það beygir til norðurs og heldur áfram um 57 m þar sem það beygir loks til NA, um 225 m þar sem það hverfur svo skyndilega. Garðlagið er hæst um 1,3 m en lægst um 0,5 m. Það er um 0,5 m breitt. Girðing er á garðlaginu nær allsstaðar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-274:022 þúst óþekkt 63°46.210N 20°21.967V



Um 650 m NA við bæ 001 og um 320 m norðan við þúst 020 er önnur þúst.
Þústin er í þýfðum móa.
Þústin er um 30x12 m stór og snýr N-S. Á henni eru tveir toppar og við þá tvær dældir. Þústin er alls um 1,2 m há, séð frá suðri. Nyrðri toppurinn er ívið hærri, enda er á honum hundaþúfa, hann er nyrst á þústinni, fast suðvestan í honum er dæld. Hún er um 8x8 m stór og um 0,3 m djúp. Syðri toppurinn er fast sunnan og austan við hana. Austan við syðri toppinn er svo hin dældin. Hún er um 4x5 m stór og snýr N-S, hún er um 0,2 m djúp. Engar skýrar hleðslur eru á hólnum en hann stingur í stúf í flatlendum móanum og líklegt að einhver mannaverkleynist undir sveði í honum. Hugsanlega gætu hér hafa verið beitarhús í grösugum móanum um hálfan kílómeter frá bæ.
Hættumat: engin hætta

RA-274:023 tóft óþekkt 63°46.493N 20°21.591V



Tóftin, horft til vesturs

Um 1,25 km NA frá gamla Oddhól 001 og um 140 m austan við tóftir 024 er tóft.
Tóftin er á grasivöxnu svæði um 5 m sunnan undir grónum hólrana.
Tóftin er einföld, um 12x4 m stór og snýr A-V. Hún er opin til austurs. Tóftin er stungin niður í svörðinn en smávegis torfhleðslur eru greinilegar með norður- og suðurhliðum hennar. Þær eru hæstar um 0,15 m en tóftin er um 0,4 m djúp. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en nálægð hennar við tóftir 024 bendir til að hún hafi hugsanlega verið notuð samhliða þeim, hugsanlega sem einskonar aðald.
Hættumat: engin hætta

RA-274:024 tóftir beitarhús 63°46.445N 20°21.411V

Tóft A, horft til ANA

Tóft D, horft til norðausturs

Tóft E, horft til norðausturs

Tóft B, horft til norðausturs

Tóft C, horft til austurs

Um 1,27 km NA við gamla Oddhól 001 og um 910 m NV við núverandi íbúðarhús á jörðinni eru fimm tóftir. Fríða Hildur Steinarsdóttir heimildamaður sagði að þar hefðu verið beitarhús.
Tóftirnar eru á smáþýfðum mel.
Tóftirnar eru á svæði sem er um 50x50 m stórt. Hér verður öllum tóftunum gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er í suðurhorni rústasvæðisins. Hún er um 17x12 m stór og snýr NV-SA. Hún er tvískipt. Hólf I er sunnar. Það er um 8x4 m stórt að innanmáli og snýr þvert á tóftina. Hólfið er að hluta stungið niður og er dýpst um 1,6 m. Hólf II er stærra. Það er um 9x5 að innanmáli og snýr eins og tóftin. Engar dyr eru nú (2007) greinilegar á tóftinni en þær hafa líklega verið á miðjum NV vegg hennar. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 1,2 m. Hvergi sér í grjót í þeim. Hér hefur líklega verið fjárhús og sambyggð hlaða. Tóft B er um 7 m austan við tóft A. Hún er um 9x8 m stór og snýr SA-NV. Hún er tvískipt. Hólf I er vestar, það er um 4x3 m stórt að innanmáli og snýr NA-SV, það er opið til NA. Hólf II er einnig um 4x3 m stórt að innanmáli og snýr eins. Það er líka opið til NV. Ekki er gengt á milli hólfa. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 1 m og hvergi sér í grjót í þeim. Tóft C er um 25 m NA við tóft A. Hún er um 8x6 m stór og snýr NA-SV. Hún er skeifulaga, opin til norðurs. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,9 m, hvergi sér í grjót í þeim. Tóft D er um 2m NV við C. Hún er um 15x7 m stór og snýr SA-NV. Hún skiptist í fjögur hólf. Hólf I er suðaustast, það er um 4x2 m stórt að innanmáli og snýr SV-NA. Það



er opið til SV, fast vestan við það er hólf II. Það er um 7x3 m stórt að innanmáli og snýr NV-SA, ekkert op er á því. Fast vestan við hólf II er hólf III. Það er um 2x2 m stórt að innanmáli, opið til vesturs auk þess sem gengt er úr því til austurs inn í hólf IV sem er fast sunnan við hólf II. Hólf IV er um 2x1 m stórt að innanmáli. Það er opið á miðjum austurvegg. Hvergi sér í grjót í tóftinni. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,5 m. Tóft E er um 5 m NA við tóft D. Hún er um 12x10 m stór og snýr NA-SV. Tóftin er tvískipt. Hólf I er austar. Það er um 5x4 m að innanmáli. Hólfið snýr NV-SA og dyr eru á því á miðjum SA-vegg. Hólf II er fast vestan við hólf I. Það er um 4x3 m stórt að innamáli og snýr NA-SV. Engar dyr eru á hólfi II og ekki er gengt á milli hólfa. Hleðsluhæð tóftar E er mest um 0,6 m, hvergi sér í grjót í henni. Út frá fjölda tófta á svæðinu má leiða líkur að þvi að beitarhús hafi lengi verið á þessum stað og að tóftirnar hafi ekki allar verið í notkun á sama tíma.
Hættumat: engin hætta

RA-274:025 frásögn hrútakofi 63°45.929N 20°21.086V
Fríða Hildur Steinarsdóttir man eftir gömlum hrútakofa um 140 m SV við núverandi íbúðarhús á jörðinni.
Þar er nú sléttur grasbali.
Engin ummerki hrútakofans sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



RA-275 Lambhagi

20 hdr 1619. 6 hdr. 1847. "Lambhagi er fyrst nefndur í máldaga Oddakirkju frá 1270 [1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88] en árið 1922 fannst kuml úr heiðni sem gæti bent til að bærinn hafi verið kominn í byggð fyrir kristnitöku. Lambhagi lagðist í eyði 1704 og var það með vissu enn 1719, og ekki er getið um búskap þar aftur fyrr en 1749 ... Fyrsti eigandi Lambhaga sem um getur var Skálholtsstóll ... Næst finnst þess getið að Jón Magnússon á Nípu í Fljótshverfi og kona hans Halla Sigmundsdóttir seldu Torfa Eiríkssyni á Keldum hálfan Lambhaga X hundruð að dýrleika 2. október 1619, en Torfi seldi hann aftur 1636 Hákoni Bjarnasyni stjúpsyni sínum. Guðmundur Torfason á Keldum átti hálfan Lambhaga er hann lést 1670 og erfði hann Guðlaug dóttir hans er síðar varð kona Odds Jónssonar digra. Árið 1695 átti Björn Þorleifsson prestur í Odda Lambhaga. Síðan hefur Eiríkur Oddsson prestur í Hrepphólum eignast jörðin hálfa, en seldi þann helming 26. júní 1703 Marteini Björnssyni á Reyðarvatni sem var enn eigandi hans 1711, en hinn helming Lambhaga átti þá Jón Jónsson á Syðriströnd en seldi hann 3. júlí 1719 séra Þorsteini Oddssyni í Holti." VS: Rangvellingabók, 250-251. Í eyði 1709 og 1760 en í byggð 1847, 1709 segir af eyðihjáleigu við Lambhagatún. "Gamalt gróðurlendi Lambhaga er valllendi og mýri en hluti jarðarinnar er örfoka sandur, nú á gróðri leið til að gróa upp fyrir atbeina manna." Nýbýlið Hjarðarbrekka byggt árið 1953. SB V, 87-88.
1711: "Engjar eru stórum af sandi spiltar; það eftir er brúka eigendur til slægna." JÁM I, 254 1850: "Tún eru hér greiðfær en sendin og harðlend. - Utantúnsslægjurnar eru að miklu leyti sendnir bakkar og fast af þeim einungsis elftingarhey mjög létt til fóðurs. - Hinar slægjurnar eru svonefnd Lambhagaflóð sem eru sérlega erfið vegna vatns og bleytu, og verður að standa í þeim venjulega upp í mitti. - Meira er helmingur landsins er nú austur sandur á einstaka stað með hnjótum, en það sem eftir er, sem er lítið að víðáttu, en sumt mýrlendi og sumt valllendi. Hagar eru bærilegir framan af vetri en ónýtir þá álíður. Hættur eru miklar bæði af flóðum og dýjum. Torfrista engin eður nokkur hlunnindi en ágangur af sandi og nokkur af Rangá í vatnavöxtum." 1884: "Grastorfa sú sem túnið liggur vesta í liggur öll eins og það undir sandágangi bæði úr háum sandrofum fáa faðma fyrir austan og sunnan túngarðinn og úr sandgára fyrir norðan túnið. - Allir hagarnir fyrir norðan túnið eru undirorpnir sandágangi, en engjum jarðarinnar er ekki búinn bráður voði þar af." VS: Rangvellingabók, 252 1917: Tún 4,8 ha, þar af 3,5 ha slétt, garðar 1217 m² 1940. "Tún: 1/2 vélfært, hitt greiðfært. Jarðvegur: Sendinn. Engjar: Flæðiengi samfellt 2/5 vélfært, hitt þýft og greiðfært. Votlendar. Beitiland: Mýri og valllendi, fremur þröngt. Góð sumarbeit, lítil vetrarbeit. Ókostir: Nokkurt sandfok á tún." VS: Rangvellingabók, 252

RA-275:001 *Lambhagi* bæjarhóll bústaður 63°47.063N 20°19.300V

Bæjarhóllinn, horft til norðurs

"Bærinn stóð upp í hátúninu, Gamlibær, fram til um 1800, en þá var hann fluttur undan sandfoki og þá settur í rústir Lambhagahjáleigu [004], sem þá var búin að vera í eyði í 50 ár," segir í örnefnalýsingu. Gamli bærinn í Lambahaga stóð þar sem nú stendur íbúðarhús Sjafnar Guðmundsdóttur í Lambhaga I. Húsið var byggt 1978 það er steinsteypt á einni hæð, án kjallara. Sjöfn sagði frá því að þegar grunnur var tekinn fyrir húsinu hafi komið upp aska. Húsið stendur á hól um 140 m norðan við þar sem Lambhagahjáleiga 002 var.
Gróinn hól. Sunnan, vestan og norðan við hann eru tún en að austan er malarplan og heimreið að húsinu. Trjám hefur verið plantað umhverfis húsið.
Hóllinn er allstór og eflaust að hluta náttúrulegur. Íbúðarhúsið á honum stendur á talsverðum stalli sem líkast til er að mestu uppsöfnuð mannvistarlög. Hóllinn er um 43x40 m stór og snýr N-S. Hann er greinilegastur frá suðri og vestri en fellur inn í landið til austurs og norðurs. Hann er hæstur um 2m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Lambhagi, 1

RA-275:002 *Lambhagahjáleiga* bæjarstæði býli 63°46.993N 20°19.339V

Bæjarstæðið, horft til suðurs

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vísalín frá 1711 segir: "Í úngdæmi manna var við Lambhagatún Hjáleiga lítil fjörleg. Eyðilagðist eitthvað fyrir 50 árum. Landskuld vita menn ekki hvað verið hefur. Tún og tóftir er komið í sand. Kann ekki aftur byggjast." "Bærinn [001] stóð upp í hátúninu, Gamlibær, fram til um 1800, en þá var hann fluttur undan sandfoki og þá settur í rústir Lambhagahjáleigu, sem þá var búin að vera í eyði í 50 ár," segir í örnefnalýsingu. Lambhagahjáleiga (og bærinn e. 1800) stóð um 140 m sunnan við núverandi bæjarstæði 001 og 5-10 m norðan við núverandi fjós.
Þar sem bærinn stóð eru nú malarplan og heimreið að fjósi og hlöðu. Að norðan og austan eru tún en að sunnan og SV eru hagar.
Engin ummerki bæjarins sjást á svæðinu en það hefur allt verið sléttað. Bærinn var rifinn árið 1979 og rústum hans rutt út. Uppdráttur af bænum eftir Helgu Skúladóttur er varðveittur í bók hennar, Rangárvellir. Fyrir neðan hann segir: "A baðstofa (6x4x3,5 m.), með 3 gluggum, B bæjardyr ("skúr"), C smiðja, D taðhús ... ". Sjöfn og Ómar sonur hennar (f.1972) sem nú búa í Lambhaga muna bæði eftir gamla bænum, enda var búið í honum fram til 1979. Bærinn sneri A-V, hann var fjögurra bursta. Vestast var eldhús, þá þiljuð baðstofa, bæjardyrnar og austast var búr. Tvær geymslur voru loks hvor við sinn enda bæjarins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM I, 254; Ö-Lambhagi, 2; Túnakort 1917; HS, viðauki.

RA-275:003 heimild um hesthús 63°46.989N 20°19.301V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var þá útihús um 20 m austan við bæ 002. Sjöfn Guðmundsdóttir og Ómar sonur hennar, heimildamenn, muna bæði eftir hesthúsi á þessum stað. Það var 5-10 m norðan við þar sem nú er braggi. Þar sem hesthúsið stóð er un grasivaxin flöt fast austan við heimreið að fjósi og hlöðu.
Samkvæmt Sjöfn var hesthúsið hlaðið úr torfi og grjóti. Engin ummerki þess sjást nú.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-275:004 heimild um útihús 63°47.011N 20°19.298V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 50 m NA við bæ 002 og um 40 m norðan við hesthús 003.
Þar er nú dálítil lægð í sléttu túni.
Engin skýr ummerki hússins sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-275:005 heimild um útihús 63°46.981N 20°19.372V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 40 m sunnan við bæ 002.
Þar stendur nú fjós, byggt 1973.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-275:006 heimild um útihús 63°46.975N 20°19.379V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 50 m sunnan við bæ 002.
Þar er nú fjós og hlaða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-275:007 heimild um útihús 63°46.965N 20°19.382V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 60 m sunnan við bæ 001 og um 10 m sunnan við útihús 006.
Þar er nú fjós og hlaða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-275:008 heimild um útihús 63°46.937N 20°19.366V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 80 m sunnan við bæ 002 en um 10 m sunnan við útihús 007.
Þar er nú malar- og sandplan suðaustan við fjós og hlöðu.
Ómar Helgason í Lambhaga (f. 1972) man eftir grýttum hól á þessum slóðum sem greinileg mannverk voru á. Engin ummerki hússins né hólsins sjást nú.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-275:009 heimild um útihús 63°46.943N 20°19.380V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús nyrst í kálgarði 027, um 40 m VNV við 008 og um 80 m sunnan við bæ 002. Þar sem húsin stóðu er nú malar- og sandplan sunnan við fjós og hlöðu. Að sunnan og suðaustan er grasivaxin brekka.
Sjöfn Guðmundsdóttir (kom að Lambhaga 1970) man eftir tóft á þessum slóðum. Nú sjást engin merki hússins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-275:010 kuml legstaður 63°47.011N 20°19.102V
"Fyrir austan túni er allhá bakkabrot, sem blástur stafar frá, einkum á vorin. Þeir eru nefndir Rof. Þar hefur blásið upp dys,m og fundust bein af manni og hesti," segir í örnefnalýsingu. Rof eru um 200 m SA við bæ 001 og um 190 m ANA við Lambhagahjáleigu 002.
Þar er nú hálfræktað en sendið tún.
Í túninu eru lágir hryggir og dæld á milli þeirra. Nákvæm staðsetning kumlsins er ekki þekkt. Engin ummerki fornleifa sjást í túninu. Í Kumlum og Haugfé segir: "Árið 1922 var safninu afhent spjót fornt (Þjms. 8598) ásamt jaxli úr manni og fylgdi sú greinargerð, að hvort tveggja hefði fundizt í "uppblásinni dys" fyrir vestan Lambhaga. Sennilega hefur þarna verið kuml úr heiðni. Spjótið er illa farið, falurinn brotinn um legg, en þó hefur það skýr einkenni K-gerðar, Sverd 21. Árið 1968 bárust safninu þær upplýsingar að þarna hafi einnig blásið upp bein úr hesti og hundi." Adolf Friðriksson fornleifafræðingur skoðaði staðinn árið 2001 og skrifaði í dagbók sína: "Það mætti kannski sameina fyrri fundinn þeim síðari. Örnefnaskrá og ábúendur benda bæði á stað austan megin, þar er uppblástur, en enginn bendir vestur og þar er enginn uppblástur."
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir:KEKH 2000, 59; Ö-Lambhagi, 1; Dagbók AF 6.júní 2001, ópr.

RA-275:011 gripir
"Spjót í Ásbúðarsafni, fundið í Lambhaga á Rangárvöllum, 31,2 sm að lengd, vantar neðan á falinn, oddar út frá

legg eins og á Þjms. 5004, end eru þessi tvö spjót lík, þótt Lambhagaspjótið sé stærra," segir í athugasemdum um spjót í Kumlum og haugfé.
Fundarstaður spjótsins er ekki þekktur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:KEKH 2000, 344.

RA-275:012 *Sæmundarhellir* hellir lambhús 63°46.896N 20°19.388V
"Í Lambhaga eru fallnir hellar. Sagan segir að þar hafi verið lambahellir Sæmundar fróða," segir í Sunnlenskum byggðum. "Nafnið Lambhagi mun vera frá tímum Oddaverja. Munu þeir, áður en byggð þar hófst, hafa haft þar fénað sinn upp við þurrlendið. Hefur það legið þar við helli mikinn, sem Sæmundarhellir heitir og er þar suður í túninu. Hefur hann verið grafinn upp af núverandi ábúanda, og var skánin í honum tvær skóflustungur á þykkt," segir í örnefnalýsingu.
Sæmundarhellir er nú týndur en hefur líklega verið í suðurenda túns.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:SB V, 12; Ö-Lambhagi, 1; Manngerðir hellar, 215-216

RA-275:013 *Torfuvað* heimild um vað 63°46.544N 20°19.754V
"Suður af bænum er graslendi nokkurt, sem nefnt er Torfa. Þar var vað á Rangá, nefnt Torfuvað, en er nú sjaldan eða aldrei farið," segir í örnefnalýsingu og síðar: "Í annarri örnefnalýsingu , sem hér liggur fyrir ... segir svo: "Lítið eitt sunnan við Torfu er vað á Rangá, sem heitir Klappavað"". Torfuvað og Klapparvað eru líklega eitt og sama vaðið. Suður undan Torfu eru litlar flúðir í ánni, líklega hefur vaðið verið þar en heimildamenn könnuðust ekki við örnefnin. Flúðirnar eru um 1 km suður af bæ 001 og um 470 m ANA við Fögrubrekkuvað 019.
Hér er áin breið og fremur lygn.
Engin ummerki vaðsins sjást.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Lambhagi, 1,4

RA-275:014 renna áveita 63°46.684N 20°20.778V

Skurðurinn, horft til austurs

"... austan við Framflóðin, er mýrarstykki, sem kallað er Mosar, og ná þeir vestur að skurði, sem grafinn er úr Vatninu í Framflóðin, er svo annar skurður grafinn úr þeim og í Rangá," segir í örnefnalýsingu. Skurðurinn sem var grafinn úr Vatninu í Framflóðin mætir skurðinum sem grafin var úr þeim og í Rangá um 570 m norðan við Rangá, um 1,4 km vestan við bæ 001 og um 700 m SV við íbúðarhúsið í Hjarðarbrekku.
Skurðurinn var grafinn fyrir vélaöld.
Skurðurinn liggur í þýfðum móa.
Skurðurinn snýr A-V. Hann er um 1,5 m breiður og um það bil 1,5-2 m djúpur. Uppkast úr honum er beggja vegna við hann, um 2-3 m frá bökkum hans. Hann er um 400 m langur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Lambhagi, 3

RA-275:015 renna áveita 63°46.442N 20°20.501V

"... austan við Framflóðin, er mýrarstykki, sem kallað er Mosar, og ná þeir vestur að skurði, sem grafinn er úr Vatninu í Framflóðin, er svo annar skurður grafinn úr þeim og í Rangá. Gunnlaugur bóndi, sem flutti að Lambhaga 1882, gróf þann skurð í gegnum stykki, sem nefnt er Kragi," segir í örnefnalýsingu. Skurðurinn úr Framflóðunum í Rangá er nú í Hjarðarbrekkulandi, vestan undir Fögrubrekku, um 1,2 km sunnan við bæinn í Hjarðarbrekku og um 1,5 km SV við bæ 001.
Austan við skurðinn er smáþýfður mói við rætur Fögrubrekku en að vestan er slétt túnstykki.
Skurðurinn snýr N-S. Hann er um 5 m breiður og líklega um 3 m djúpur. Uppkast úr honum er um 3 m vestan við hann. Hann er alls um 560 m langur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Lambhagi, 3

Skurðurinn, horft til suðurs

RA-275:016 tóftaþyrping beitarhús 63°47.219N 20°20.540V



Horft inn í gerðið, til suðausturs

"Bakkar heita utan fjárhúsa með Oddagötum [017]," segir í örnefnalýsingu. Um 300 m norðan við íbúðarhúsið í Hjarðarbrekku og um 1 km VNV við bæ 001 eru tóftir.
Norðan og vestan við tóftirnar er sendinn mói, sunnan og suðaustan við er mýri en að suðvestan er slétt tún.
Á þessum stað er garðlag sem umlykur svæði sem er alls um 90x125m stórt og snýr ANA-VSV. Innan þess eru þrjár tóftir og tvær þústir sem hér verða merktar með bókstöfum til aðgreiningar. A er tóftarhóll á miðju svæðinu. Hann er um 30x15 m stór og snýr A-V. Hann er um 1,5 m hár þar sem hann er hæstur. Ekkert skýrt tóftarlag er í hólnum en það mótar fyrir tóft allra austast á honum. Hún hefur jafnvel skipst í tvö til þrjú hólf en þau eru of óskýr til að hægt sé að slá máli á þau. Þetta er stærsti rústahóllinn á svæðinu og líklegt að betiarhúsin hafi staðið hér. Tóft B er um 10 m norðan við tóft A. Hún er einföld, um 11x8 m stór og snýr NA-SV. Dyr eru á miðjum suðurvegg tóftarinnar. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,5 m, hvergi sér í grjót í þeim. Þúst C er um 6 m austan við A. Hún er í raun ílangur hóll, um 0,2 m hár og um 12x5 m stór. Hóllinn snýr N-S. Engar skýrar hleðslur eru á honum. Tóft D er um 7 m SV við A. Hún er um 7x6 m stór og snýr N-S. Hún hefur líklega verið einföld en hleðslur hennar eru mjög signar. Ekkert op er greinilegt á tóftinni, hleðslur hennar eru hæstar um 0,6m. Hvergi sér í grjót í þeim. Þúst E er um 30 m sunnan við D. Hún er um 20x6 m stór, snýr A-V. Hún er allhá, um 1,5 m en ekkert skýrt tóftarlag er á henni. Fleiri ójöfnur eru innan garðlagsins en engin sem óyggjandi mannaverk eru á. Garðlagið er um 0,6 m hátt og um 0,5 m breitt. Það er allvíða rofið af kindagötum. Hlið hefur líklega verið á því austarlega á norðurhlið þess, þar er um 3 m breitt gat á garðlaginu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Lambhagi, 3

RA-275:017 *Oddagötur* gata leið 63°47.275N 20°20.096V

Göturnar, horft til austurs

"Bakkar heita utan fjárhúsa [016] með Oddagötum," segir í örnefnalýsingu. Oddagötur sjást austast í landi Lambhaga, um 760 m NV við bæ 001 og um 380 m austan við beitarhúsin 016 A, þaðan hverfar þær í valllendið til austurs en eru nokkuð skýrar í átt að bæ til vesturs og suðvesturs þar til þær hverfa í beran, sendinn melinn. Göturnar hafa líklega legið frá Odda að bæunum austar í sveitinni.
Þar sem göturnar eru greinilegastar liggja þær um smáþýfðum móa.
Greina má um 5-6 samhliða skorninga á um 3 m breiðu svæði. Hver skorningur er um 0,1 m djúpur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Lambhagi, 3

RA-275:018 *Rauðkollur* varða landamerki 63°47.617N 20°22.058V
Landamerki 1890: "... eru að suðvestan úr vörðu [021] við Eystri-Rangá á holtinu upp af Fögrubrekku, þaðan beina stefnu í Rauðkoll, svo frá Rauðkoll sjónhending í svokallaðan Markamel er stendur við þjóðveginn og Strandarútsenda, og þaðan beina línu í Djúpadalshelli, svo ræður Rangá að fyrst nefndri vörðu." "Vestast og nyrzt í landareigninni er Rauðkollur, grashóll með vörðu, hornmark," segir í örnefnalýsingu. Rauðkollur er um 2,5 km NV við Lambhaga 001 og um 2 km NA frá Odda, um 250 m vestan við veg að Odda.
Þar er gróinn, mosavaxinn melur.
Engin varða er lengur á þessum stað og engin ummkerki hennar eru greinileg. Henni hefur hugsanlega verið raskað þegar girt var á merkjum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Lambhagi, 3; VS: Rangvellingabók, 251

RA-275:019 *Fögrubrekkuvað* heimild um vað 63°46.440N 20°20.278V
"Með Rangá er Fagrabrekka og hallar móti suðri. Þar er prestsvað á ánni að Hvoli, dregur það nafn af brekkunni og kallast Fögrubrekkuvað," segir í örnefnalýsingu Oddhóls. Fagrabrekka er að hluta í landi Oddhóls en að hluta í landi Hjarðarbrekku (áður Lambhaga). Vaðið var á ánni, sunnan undir brekkunni, um 1,4 km SV við bæ 001 og um 480 m vestan við Torfuvað 013.
Sunnan undir Fögrubrekku eru malarbakkar beggja vegna árinnar.
Engin ummerki vaðsins sjást á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Oddhóll, 2

RA-275:020 hellir óþekkt 63°46.950N 20°19.374V
"Í Lambhaga fundust hrundir hellar er grafið var fyrir heyhlöðu og fjóskjallara," segir í Manngerðum hellum. Hellarnir fundust þegar grafið var fyrir fjósi árið 1973. Þeir voru manngerðir. Fjósið stendur nú á þessum stað. Það er um 80 m SSV við þar sem bærinn stóð eftir 1800, 002, og um 218 m SSV við eldra bæjarstæðið 001.
Umhverfis fjósið er malar- og sandslóði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Manngerðir hellar, 223

RA-275:021 varða landamerki 63°46.464N 20°20.638V

Vörðubrotið, horft til vesturs

Landamerki 1890: "... eru að suðvestan úr vörðu við Eystri-Rangá á holtinu upp af Fögrubrekku, þaðan beina stefnu í Rauðkoll [018], svo frá Rauðkoll sjónhending í svokallaðan Markamel er stendur við þjóðveginn og Strandarútsenda, og þaðan beina línu í Djúpadalshelli, svo ræður Rangá að fyrst nefndri vörðu" Umrædd varða, sem nú er aðeins gróið vörðubrot er í holtinu upp af Fögrubrekku, um 100 m norðan við nyrðri enda landamerkjagarðs 030, um 1,1 km sunnan við íbúðarhúsið í Hjarðarbrekku og um 1,5 km SV við bæ 001.
Brotið er á grónum mel. Um 15 m SV við er búið að taka grunn fyrir íbúðarhúsi (Oddhólsmegin).
Brotið er um 0,3 m hátt, nær ávalt um 1 m í þvermál. Suðvestan við það eru tvær, stakar þúfur, hugsanlega gróið grjót úr vörðunni.
Hættumat: hætta, vegna byggingar

Heimildir:VS: Rangvellingabók, 251

RA-275:022 heimild um túngarð 63°46.905N 20°19.135V

"1884: "Grastorfa sú sem túnið liggur vestan í liggur öll eins og það undir sandágangi bæði úr háum sandrofum fáa faðma fyrir austan og sunnan túngarðinn og úr sandgára fyrir norðan túnið," segir í Rangvellingabók. Enginn túngarður er nú um túnið í Lambhaga né á því svæði sem túnið náði yfir árið 1917. Heimildamenn, Sjöfn Guðmundsdóttir og Guðmundur Ómar, könnuðust ekki við túngarðinn. Líklega hefur túngarðurinn verið á túnamörkum, á svipuðum slóðum og mörk túns eru merkt á túnakort frá 1917.
Þar er nú slétt tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 252; Túnakort 1917

RA-275:023 frásögn útihús 63°46.990N 20°19.374V

Sjöfn Guðmundsdóttir (kom í Lambhaga 1970) man eftir tóft sem var 5-10 m vestan við gamla bæinn 002.
Þar er nú malarplan norðan við fjós.
Engin ummerki tóftarinnar sjást nú á þessum stað. Hún hefur líklega verið útihús frá Lambhaga.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-275:023 gerði kálgarður 63°46.983N 20°19.296V



Kálgarðurinn, horft til vesturs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast austan og sunnan við hesthús 003. Þar vex nú rabbabari innan hlaðins gerðis, fast austan og sunnan við bragga. Gerðið er um 25 m austan við þar sem bærinn 002 stóð 1917.
Sunnan og vestan við rabbabaragarðinn, handan braggans, er heimreið að fjósi og hlöðu en að austan og norðan eru tún.
Gerðið nær frá miðri suðurhlið braggans til suðurs um 7 m. Suðurhliðin er um 12 m löng en austurhliðin um 14 m. Þaðan er girt í NA horn braggans. Gerðið er hæst um 0,8 m og breiðast um 0,5 m. Það er hlaðið úr torfi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917

RA-275:024 heimild um kálgarð 63°46.987N 20°19.335V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður sunnan við bæ 002. Þar er nú sá hluti fjóssins sem byggður var árið 2003.
Umhverfis fjósið er malarplan.
Guðmundur Ómar Heglason, heimildamaður, sagði frá því að þegar grafið var fyrir fjósinu árið 2003 hafi komið upp gamall fjóshaugur og mikill fnykur. Því má leiða líkur að því að hér hafi staðið eldra fjós áður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-275:025 heimild um traðir 63°46.993N 20°19.353V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 lágu traðir að bænum 002 úr vestri.
þar sem traðirnar voru er nú grasivaxið svæði fast norðan við malarplan framan, norðan, við núverandi fjós.
Engin ummerki traðanna sjást á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-275:027 heimild um kálgarð 63°46.980N 20°19.387V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður um 80 m SSA við bæ 002, fast framan (sunnan) við útihús 009.
Þar er nú lág grasivaxin brekka.
Ekki sér fyrir garðinum
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917.

RA-275:028 tóft beitarhús 60°47.286N 20°18.569V



Tóftin, horft til norðurs

Tóftarhóll er um 730 m ANA við bæ 001 og um 830 m NA við þar sem bærinn stóð eftir 1800 (sjá 002). Hann er um 300 m austan við heimreið að Lambhaga.
Hóllinn er í grasi- og mosavöxnum móa.
Hóllinn erum 13x16 m stór og snýr N-S. Á honum eru greinilegar hleðsluleifar úr torfi en lag þeirra er nokkuð óljóst. Skýrust er dæld í NV horni hólsins sem líklega hefur myndað eitt hólf í tóftinni. Hún er um 2x4 m stór, snýr A-V, og er um 0,8 m djúp. Austan við hana hefur jafnvel verið annað hólf, minna og þá enn eitt sunnan við það en ekki er hægt að fullyrða um það í því ástandi sem tóftin er nú (2007). Hugsanlega hefur verið gengið inn í tóftina í SV horni hennar, en þar er grunnur kindaslóði. Hóllinn er alls um 0,9 m hár. Sjöfn Guðmundsdóttir og Ómar Helgason heimildamenn sögðu að hér hefðu verið beitarhús.
Hættumat: engin hætta

RA-275:029 garðlag áveita 63°46.829N 20°19.628V
Um 510 m SV við bæ 001 er garðlag í valllendi, um 30 m vestan undir holti sem gengur fram í mýrina sunnan túns.
Garðlagið liggur í mýrarjaðri. Móar eru að austan og suðaustan við það.
Garðlagið snýr NA-SV. Það er alls um 255 m langt. Frá nyrsta enda þess liggur það til SV, um 120 m þar sem það beygir til austurs, um 5m og svo aftur til SV, um 130 m. Það er hæst um 0,6 m og um 0,5 m breitt. Garðlagið hefur líklega verið byggt til að veita vatni SV á engjarnar. Garðurinn er gróinn og allvíða skorinn af kindagötum, sérstaklega á syðsta legg hans. Hann er hlaðinn úr torfi.
Hættumat: engin hætta

Garðlagið, horft til SSA

RA-275:030 garðlag landamerki 63°46.391N 20°20.660V

Garðlagið, horft til NNA

Garðlag liggur frá suðurrótum Fögrubrekku og til suðurs að Rangá á merkjum Oddahóls og Hjarðarbrekku (áður Lambhaga). Það er um 100 m vestan við þar sem skurður 015 kemur í Rangá. Garðlagið liggur um 1,7 km SV frá Lambhaga 001 og um 1,2 km sunnan við íbúðarhúsið í Hjarðarbrekku.
Garðlagið liggur í mosa- og lyngivöxnum móa, sunnan undir grasivaxinni brekku.
Garðlagið liggur N-S. Það er alls um 40 m langt. Það er hæst um 0,7 m og um 0,4 m breitt. Garðlagið er skýrast syðst við ána en verður ógreinilegt um 20 m norðar en þó má greina það í þýfinu lengra til norðurs. Það er hlaðið úr torfi.
Hættumat: engin hætta

RA-275:031 þúst óþekkt 63°46.983N 20°20.737V

Í túninu, um 75 m sunnan við íbúðarhús í Hjarðarbrekku, er uppblásin þúst. Hún er um 1,1 km vestan við Lambhaga 001.
Þústin er í sléttu túni.
Þústin er um 11x9 m stór, snýr N-S og um 0,8 m há þar sem hún er hæst. Þústin er mjög illa farin, sérstaklega á vesturhlið hennar þar sem hún er uppblásin. Hún er þó grænni en túnið umhverfis. Engar skýrar hleðslur eru á þústinni en óyggjandi mannaverk eru á henni. Ekki er þó ljóst hvort hér hefur staðið hús en vera má að hér hafi verið hlaðið til að mynda skjól fyrir búfénað. Dagrún Helgadóttir, heimildamaður, í Hjarðarbrekku vissi ekki til hvers þústin var notuð.



Þústin, horft til VSV

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-275:032 tóft óþekkt 63°47.300N 20°19.927V



Tóftin, horft til suðurs

Tóft er austan við mel, sem er austan íbúðarhúss í Lambhaga 001. Hún er um 680 m NV við bæ 001 og um 530 m austan við beitarhús 016A.
Tóftin er í þýfðum móa. Til vesturs er ber melur en móinn teygir sig í aðrar áttir.
Þústin er um 16x10 m stór og snýr A-V. Hún virðist vera þrískipt en milliveggir eru mjög signir og ógreinilegir. Austast er hólf sem snýr NA-SV. Það er 6x5 m að innanmáli og snýr N-S. Það er opið til NV. Fast vestan við það má greina annað hólf. Það er um 5x5 m að innanmáli, opið til norðurs. Fast vestan við þetta hólf er þriðja hólfið. Það er um 6x4 m að innanmáli og snýr N-S. Það er opið til norðurs. Útveggir tóftarinnar eru skýrari en milliveggir og svo er sem hún hafi að hluta verið

stungin niður í svörðinn. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,3 m ef mælt er utan frá en um 0,7 m að innan. Hvergi sér í grjót í tóftinni. Hlutverk hennar er ekki þekkt.
Hættumat: engin hætta

RA-275:033 frásögn leið 63°47.093N 20°19.134V
Guðmundur Ómar Helgason í Lambhaga man eftir greinlegum götum um 50 m NA við íbúðarhús hans í Lambhaga, um 150 m vestan við bæ 001.
Þar er nú slétt græn flöt.
Guðmundur Ómar sagði göturnar hafa legið í sveig frá NV til suðurs. Guðmundur vissi ekki hvert göturnar lágu en hér hefur hugsanlega verið engjavegur frá Lambhaga.
Hættumat: engin hætta

RA-276 Strönd

Fyrir 1711 var tvíbýli, Efri og Syðri Strönd en efra býlið var í eyði frá 1707, það var eign Skálholtsdómkirkju og talið 20 hdr., syðra býlið var einnig metið á 20 hdr en eigandi var Oddakirkja. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88 "Fyrsti eigandi Efristrandar sem vitað er um, var Hrafn Hængsson lögsögumaður á Hofi sem seldi Þorgeiri Ásgrímssyni landnámsmanni í Odda Strandir báðar ásamt Oddalöndum. Næst er vitað um eigendur jarðarinnar að Oddur Einarsson biskup í Skálholti 1589-1630 keypti jörðina til Skálholtsstóls og var hún síðan eign stólsins uns hann var lagður niður 1785 ..." "Strönd eða Syðriströnd eins og hún var nefnd um margar aldir, finnst fyrst nefnd í Landnámabók Sturlu Þórðarsonar sem skráð var um miðja 13. öld. Jörðin lagðist í eyði 1882 en fólk var þar í húsum skamma stund eftir það. ... " VS: Rangvellingabók, 59, 431
"Eftir auðn frá 1882 var Strönd endurbyggð árið 1933 en þar var reistur heimavistarbarnaskóli er starfaði til 1970. ... og 1974 var þar aftur hafinn búskapur. Gróðurlendi Strandar er mest valllendi en mikill hluti af landareigninni var til skamms tíma örfoka sandur." Nýbýli Litla-Strönd byggð árið 1934. SB V, 85.
1711: "Engjar eru litlar og sækir ábúandinn heyskap til eyðijarðarinnar Lambhaga. ... Túni, slægjum og högum grandar mikið blástur sandur. Jörðin liggur undir stórum spjöllum." JÁM I, 253-254 1839: Syðriströnd: "Útiganga góð, heyskapur oftast lítill því jörðin er mikið eyðilögð og eyðilegst árlega af sandfoki." 1849 Syðriströnd: "Tún slétt og söndug, engjar litlar. Land lítið og blásið. Stórgripahagi sárlítill." 1884 Syðriströnd: "Lítil grasspilda fyrir sunnan Strandasíki, túnstæðið og smá grasblettir í kringum það er það eina af landareigninni sem ekki er komið í beran sand, en er þó nú allt sandétið og undir eyðingu." 1940 Syðriströnd. "Tún: Slétt og greiðfært. Jarðvegur: Sendinn. Engjar: Samfelldar, greiðfarar og þýfðar, þurrar. beitilandið: Grasgeirar. Lítið en allgott til beitar. Jörðin er mjög eydd af sandfoki og enn í hættu." VS: Rangvellingabók, 432

RA-276:001 *Strönd* bæjarhóll bústaður 63°47.948N 20°18.391V

Bæjarhóllinn, horft til norðausturs

Bærinn á Syðri-Strönd stóð þar sem nú stendur þrílyft steinsteypt hús, byggt 1933, sem hýsir nú golfskála. Húsið stendur á talsverðum hól, en mikil landmótun hefur átt sér stað á bæjarstæðinu. Húsið er ekki með kjallara.
Vestan við húsið er heimreið að því og norðan við eru bílastæði. Í aðrar áttir er sléttur golfvöllur.
Hóllinn er um 80x60 m stór og snýr A-V. Hann er hæstur úr suðri um 3 m en lægri úr öðrum áttum. Hólnum hefur mikið verið raskað við byggingu hússins og gerð golfvallarins. Ljóst er að hann er ekki eingöngu uppsöfnuð mannvistarlög frá byggð Syðri-Strandar heldur hefur honum að talsverðu leyti verið rutt upp við þá landmótun sem hefur átt sér stað á þessum slóðum. Mannvistarleifar eru án efa undir sverði þó þeim hafi verið raskað talsvert á undanförnum árum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-276:002 *Efri-Strönd* bæjarstæði bústaður 63°48.280N 20°17.471V

Bæjarstæðið, horft til norðvesturs



Tvíbýli var á Strönd til ársins 1707. "Þessi jörð
halda menn ekki kunni aftur byggjast, því blásturs sandur er yfirgenginn tún mestallt og engjar, so slægjur eru litlar eða engar. ... Hús öll í burt og mikið af beitilandinu komið í aur og sand," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. "Efri-Strönd var smábýli. Það stóð á alháum hól, skammt frá Síkinu, fór hún í eyði 1709, vegna sandfoks," segir í örnefnalýsingu. "Efriströnd stóð á hól um 150 metra vestur frá Strandarsíki og um einn kílómetra norðaustur frá Strönd [001]. Bæjar þessa finnst fyrst getið í Landnámabók Sturlu Þórðarsonar sem skráð var um miðja 13. öld, en 1709 lagðist hann í eyði," segir í Eyðibýlum og auðnum á Rangárvöllum. Í Rangvelllingabók segir ennfremur: "Hún stóð neðar við Síkið að vestanverðu, 4 km sv. frá Eystri Kirkjubæ [278:001] og 5 1/2 km na. frá Odda." Leifar Efri-Strandar eru um 70 m NA við Syðri-Strönd 001 og um 460 m NV við sumarhús sem nú (2007) stendur við Síkið. Ummerkin eru í dálítilli brekku sem hallar til suðurs að Síkinu.
Dældirnar eru í grasivaxinni brekku. Umhverfis er mosa- og grasivaxið svæði með kvistrunnum á stangli.
Brekkan er um 2 m há og hallar til suðurs. Dældirnar eru í brekkunni á svæði sem er um 70x22 m stórt og snýr SV-NA. Dældirnar eru sex talsins og svipaðar að gerð. Hugsanlega leifar nokkurra bygginga. Dæld A er í SA horni svæðisins. Hún er um 12x6 m stór og snýr NA-SV. Hún er um 0.8 m djúp. Dæld B er um 32 m NV við A. Hún er um 8x5 m stór og snýr NA-SV, dældin er um 1 m djúp þar sem hún er dýpst. Dæld C er um 1 m vestan við B. Hún er skeifulaga, um 6x3 m stór, snýr nær N-
S, opin til vesturs. Hún er um 0,9 m djúp. Dæld D er um 2 m norðan við B. Hún er um 8x7 m stór og snýr nær A-V. Hún er um 1,2 m djúp. Um 1 m vestan við hana, um 3 m norðan við C er dæld E. Hún er um 2x4 m stór, snýr N-S. Hún er um 0,8 m djúp. Dæld F er loks um 4 m vestan við E. Hún er um 8x6 m stór, snýr N-S. Hún er um 1,2 m djúp. Engar skýrar hleðsluleifar eru við dældirnar né annars staðar á svæðinu. Svæðið hefur að öllum líkindum tekið talsverðum breytingum síðan bærinn var í byggð og líklegt er að hleðslurnar séu komnar í sand, sem nú er gróinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM I, 253; Ö-Vestri-Kirkjubær, Strönd og Grafarbakki, 8; VS: Rangvellingabók, 59; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 149

RA-276:003 þúst óþekkt 63°47.874N 20°18.567V

Tóftin, horft til suðurs

Þúst er um 200 m SV við Strönd 001, inni í æfingarteig golfvallarins.
Þústin er á sléttri flöt innan golfvallarins, fast SA við hana hallar land til suðurs.
Þústin er um 8x6 m stór og snýr N-S. Hún er mest um 1,1 m há. Í toppi hennar er dálítil dæld, um 0,2 m djúp. Ekki er fullvíst hvort um tóft sé að ræða eða hvort þústin er hluti af landlagsmótun golfvallarins. Gróðurinn sem vex á henni bendir þó til að hún hafi verið hér alllengi. Hún er vel gróin og allfornleg. Nálægð hennar við bæ bendir til að hér hafi verið útihús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-276:004 *Melhús* tóftir beitarhús 63°48.926N 20°16.647V



Tóftin, horft til suðurs

"Skammt suðvestur af túninu á Kirkjubæ er lág, sem heitir Bleikslág fram af henni heita Melar. Fyrir þeim miðjum norðan til Melhús (fjárhús)," segir í örnefnalýsingu. Tóft Melhúsa og dæld við hliðina á henni eru um 550 m SA frá Preststættum (sama og Oddahúsum 005), um 240 m norðan við veg upp að Kirkjubæ og um 2,3 km NA við Strönd 001.

Tóftin og dældin eru á grónum mel, fast suðvestan við hana er ógróinn gilskorningur.

Tóftin og dældin eru á svæði sem er um 20x20 m stórt. Tóftin er um 20x11 m stór og snýr N-S. Hún er tvískipt. Syðst er heygryfja, um 7x6 m stór, snýr A-V. Hún er um 3 m djúp. Sunnan við hana er sjálft fjárhúsið. Það er um 10x7 m stórt, snýr N-S. Um 7 m langur garði gengur eftir því miðju. Hann er um 0,5 m hár og um 0,6 m breiður. Hleðsluhæð tóftarinnar er mest um 1,6 m en norðurveggurinn er mun lægri, um 0,2 m hár og op er á honum miðjum. Allvíða sér í grjót í tóftinni. Dældin er um 1,5 m austan við tóftina. Hún er um 7x4 m stór, snýr N-S, um 0,3 m djúp. Hugsanlega leifar annarrar byggingar sem hér hefur staðið eða af heystæði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 2

RA-276:005 *Presttættur* tóftir beitarhús 63°49.033N 20°17.271V



Tóftasvæðið, horft til norðurs



"Vestur á Melnum er allstór hóll lyngi og kjarri vaxinn, sem heitir Lynghóll. Hann er hornmark milli Kirkjubæjar, Strandar og Varmadals. Norður af honum eru tættur, sem heita Preststættur. Voru eitt sinn sauðahús frá Odda, er Gamlaströnd lá undir Odda," segir í örnefnalýsingu. Preststættur er um 900 m norðan við veg að Kirkjubæ, um 2 km SV af Strönd 001 og um 6,5 km NA við Odda.

Tóftirnar eru í mosa og lyngivöxnum móa.

Tóftirnar eru níu talsins á svæði sem er um 185x50 stórt, snýr NA-SV. Annars vegar er um eiginlegar tóftir að ræða og hins vegar tóftarhóla. Tóftarhólarnir eru líklega uppsöfnuð mannvistarlög og á þeim öllum mátti greina einhverjar hleðslur. Þær voru þó í flestum tilfellum minni og lægri en hólarnir sjálfir svo líklegt er að þar hafi verið byggt oftar en einu sinni á sama stað. Tóftarhóll A er nyrstur. Hann er um 8x6m stór og um 1,2 m hár. Á honum er um 7x6 m stór einföld tóft, opin til austurs. Hleðslur hennar eru um 0,5 m háar. Hvergi sér í grjót í henni. Um 50 m SSV við A er tóft B. Hún er einföld, um 6x7 m stór og snýr N-S. Ekkert op er á tóftinni.

Hleðslur hennar eru hæstar um 1,1 m og hvergi sér í grjót í henni. Um 18 m SSA við B er tóftarhóll C. Hann er um 8x7 m stór og snýr A-V. Hann er hæstur um 1,2 m. Á hólnum er um 4x3 m stór tóft sem snýr N-S. Hún er einföld með opi syðst á vesturvegg. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,6 m, hvergi sér í grjót í þeim. Um 50 m SSV við C er tóft D. Hún er um 16x8 m stór og snýr A-V. Hún er þrískipt. Hólf I er vestast, það er um 8x6 m stórt og snýr N-S. Op er á því á miðjum vesturvegg. Fast austan við hólf I er hólf II. Það er um 4x3 m stórt, snýr A-V, það er opið til norðurs. Fast vestan við hólf II er hólf III. Það er um 6x4 m stórt, snýr A-V. Op er á því syðst á austurvegg. Hleðsluhæð tóftarinnar er mest um 0,9 m, hvergi sér í grjót í þeim. Tóftarhóll E er um 14 m SSV við tóft D. Hann er um 5x4 m stór og snýr A-V. Hann er hæstur um 1 m. Á honum er einföld tóft. Hún er um 3x3 m stór, með opi á miðjum norðurvegg. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,4 m, hvergi sér í grjót í tóftinni. Tóft F er um 12 m SSV við tóft E. Hún er um 6x6 m stór, einföld, með opi á miðjum austurvegg. Hleðsluhæð hennar er mest um 1,1 m, hvergi sér í grjót i henni. Um 12 m SV við tóft F er tóftarhóll G. Hann er um 5x5 m stór, hæstur um 0,9 m. Á honum er um 3 m löng hleðsla, um 0,6 m há og um 0,5 m breið. Hún snýr N-S, hlaðin úr torfi. Tóft H er um 26 m norðan við G. Hún er um 12x5 m stór og snýr N-S. Hún er þrískipt. Nyrsta hólfið, I, er um 3x3 m stórt, opið til NV, sunnan við það er hólf II 7x3 m stórt og snýr N-S, opið til austurs. Hólf III er fast sunnan við hólf II. Það er um 4x4 m stórt, opið til austurs. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 0,7 m og hvergi sér í grjót í þeim. Tóftarhóll J er um 5 m SV við H. Hann er um 7x5 m stór, snýr N-S. Hann er hæstur um 1 m. Á honum er tóft sem er um 3x2 m stór og snýr N-S. Hún er opin til norðurs. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,5 m, hvergi sér í grjót í þeim. Á þessu svæði hafa líklega verið beitarhús um langt skeið og byggingar sífellt í endurnýjun. Tóftirnar hafa vafalaust ekki allar verið í notkun í einu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 2

RA-276:006 garðlag landamerki 63°48.227N 20°17.741V

Garðlagsbúturinn, horft til austurs

Landamerki Efri-Strandar 1652: "Í fyrstu sá landamerkjagarður sem er á milli Strandanna og svo langt austur sem til hans sést. Þaðan sjónhending í Hrosshól. Úr Hrosshól og í Melkotshól. Úr Melkotshól og í Tréhól. Úr Tréhól í Lynghól. Úr Lynghól og í fyrr skrifaðan garð." Um 740 m NA frá Strönd 001 og um 240 m vestan við Efri-Strönd 002 er garðlagsbútur sem líklega er síðustu leifar landamerkjagarðsins.
Garðlagið er á mosa- og grasivöxnum hól.
Garðurinn var austur-vestur á merkjum Syðri- og Efri-Strandar en er nú nær alveg horfinn fyrir utan um 1 m langan bút. Búturinn er um 0,6 m hár og um 1 m breiður. Hann er vaxinn mosa og grasi líkt og umhverfið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 59

RA-276:007 varða landamerki 63°47.570N 20°16.878V

Vörðubrotið, horft til norðausturs

Landamerki Syðristrandar 1890: "Að norðanverðu liggja mörkin úr Lynghól sjónendingu í vörðu á Geitasandi, er stendur þar sem kirkjuvegurinn [279:034] frá Stórahofi liggur yfir þjóðveg, og er sú stefna á milli Heimaeyjar og Bjarnareyjar. Úr nefndri vörðu sjónhending í þúfu á svokölluðum Strandarrana við þjóðveginn, úr nefndri þúfu sömu stefnu í Markamel er einnig stendur við þjóðveginn á svokallaðri Langrófu. Síðan liggja mörkin úr Markamel beina stefnu í fyrst nefndan Lynghól." Ekki er vitað hvar varðan á Geitasandi var nákvæmlega. Landamerki jarðanna hafa breyst og svæðið sem varðan var á tilheyrir nú Landgræðslunni. Gengið var frá Strönd 001 inn á Geitasand í stefnu NA. Um 1,4 km SA af Strönd 001 og um 3,5 km frá gamla bænum á Stórahofi 279:001 er vörðubrot. Það gæti hugsanlega verið sú varða sem nefnd er í landamerkjalýsingunni.
Varðan er á hálfgrónum marflötum sandinum sem teygir sig í allar áttir.
Varðan er um 1,2 m há, gróin mosa og lyngi. Ekkert grjót er sýnilegt. Hún er um 2 m í þvermál.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 432



RA-277 Vestari Kirkjubær

Jarðadýrleiki óviss, en tíund til fátækra samsvarar 20 hdr 1709, Skálholtsdómkirkjueign. 20 hdr., 1847, bændaeign. "Vestri-Kirkjubæjar er fyrst getið í sölubréfi Gunnarsholts frá 1398, þar sem nefnd er Ytri-Kirkjubæjarjörð, en óvist er hvort þar er traust heimild. Að því frágengnu er sölubréf sömu jarðar gert 12. júní 1475 elsta heimild um Vestri-Kirkjubæ. Í skrá um jarðir Skálholtsstóls frá 1859 er jörðin nefnd Stærri-Kirkjubær og 1655 er hún kölluð Syðri-Kirkjubær í bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar. ... Fyrir 1589 var Vestri-Kirkjubær orðinn eign Skálholtsstóls ..." VS: Rangvellingabók, 494. Eyðihjáleiga var í túnfætinum 1711 og einnig var gamalt kot sem ekki er víst að sé byggt úr landi Vestari-Kirkjubæjar. Gíslahjáleiga var einnig byggð úr jörðinni fyrir 1767. "Vestri-Kirkjubær lagðist í eyðir 1950. Land jarðarinnar er að mestu gróið og er meirihluti þess valllendi en einnig nokkur mýri og er það gott beitiland." SB V, 84
1711: "Engjar eru engar." JÁM I, 251 1840: "Útigangur allgóður. Heyskapur enginn nema túnið. Liggur undir áföllum af sandfoki, hefur sums staðar af sér gengið af blástri, en aftur annars staðar heldur batnað að því leyti kvistur hefur aukist í högum, þar sem mold eða fínn sandur hefur mátulega á fokið." 1849: Tún mikil og góð. Engjar litlar. Land til hagbeitar gott og mikið. Gripagagn í meðallagi." 1882: "Þessi (jörð) hefur engar utantúns slægjur nema aðeins í bestu grasárum, en víðáttumiklar og fremur kjarngóða haga, sem ekki eru ennþá spilltir svo teljandi sé." VS: Rangvellingabók, 495 1917: Tún 13,3 ha, þar af 7 ha slétt, garðar 21550 m² 1940: "Tún: Vélfært að mestu. Jarðvegur: Sæmilegur. engjar: Engar. Beitiland: Meirihluti valllendi, nokkur kvistur, dálítil mýri, mjög víðlent og ágætt til allrar beitar. Ókostir: Mikill búfjárgangur. Nokkur uppblástur í högum." VS: Rangvellingabók, 495

RA-277:001 *Vestari Kirkjubær* bæjarhóll bústaður 63°49.752N 20°14.715V

Bærinn í Vestari-Kirkjubæ stóð um 10 m norðan við þar sem heimreið liggur að núvarandi bæ á jörðinni, um 685 m VNV við núverandi íbúðarhús og um 750 m VNV við gamla bæjarstæðið á Eystri-Kirkjubæ 278:001.

Þar er nú grasivaxið svæði, sem teygir sig til norðurs, sunnan heimreiðar. Að vestan sléttuð tún en að austan er grasbali.

Um er að ræða lágan hól eða stall í umhverfið en vart er hægt að kalla hólinn eiginlegan bæjarhóll. Það er þó sem það sé smávegis stallur þar sem bærinn stóð en hann er illgreinilegur vegna mikils gróðurs. Hann er um 36x26 m stór, hæstur frá vestri um 1 m. Hér og þar á svæðinu glittir í grjót- og steinsteypuleifar. Síðasti bærinn í Vestri-Kirkjubæ var byggður árið 1905. Hann var uppistandandi til ársins 1968 þegar hann var brenndur. Uppdráttur af bænum eftir Helgu Skúladóttur er varðveittur í bók hennar, Rangárvellir. Þar segir, fyrir neðan uppdráttinn: "A Íbúðar-timburhús, tvílyft (14,5x7,5x6 m.), B geymsla ("skúr"), C skemma, D hlaða, E smiðja. (Fjósið til hægri, sést ekki hér)." Samkvæmt uppdrættinum voru öll þessi hús sambyggð, fyrir utan hlöðuna sem stóð skammt sunnan við smiðjuna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917. HS, viðauki.

RA-277:002 þúst fjós 63°49.713N 20°14.696V



Þústin, horft til austurs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 60 m SSV við bæ 001. Hörður Thorarensen (f. 1926) man eftir fjósi á þessum stað. Nýtt fjós var byggt árið 1935 á sama stað og enn sér fyrir því. Þegar fjósið var byggt kom upp hringprjónn sem nú er varðveittur á byggðasafninu á Skógum.

Þar sem fjósið var er nú grasivaxið svæði fast sunnan við heimreið að Kirkjubæ.

Á um 30x30 m stóru svæði er mikið rask og allvíða sér í steinsteypuleifar og aðflutt grjót. Suðaustast á því er áberandi dæld. Hún er um 10x7 m stór, snýr A-V og um 1,1 m djúp. Við norður- og suðurbrúnir hennar eru hleðslur, um 0,2 m háar. Um 40 m vestan við dældina er steinsteypt bygging grafin inn í aflíðandi hlíð til vesturs, það mun vera gamla hlandforin. Hún er um 6x10 m stór, snýr A-V og er enn undir þaki. Hörður Thorarensen (f. 1926) mundi vel eftir byggingunni og sagði frá því að þegar hann var fimm ára (1929) hafi hann skrúfað frá forinni en ekki náð að skrúfa fyrir aftur. Hún hefur því verið byggð fyrir 1930.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

RA-277:003 tóft hrútakofi 63°49.637N 20°14.620V



Tóftin, horft til norðurs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 230 m sunnan við bæ 001. Hörður Thorarensen (f. 1926) man eftir hrútakofa á þessum stað. Um 225 m sunnan við bæ 001 er tóft.
Tóftin er er í suðurhlíð grasivaxins hóls sem teygir sig til norðurs og austurs. Vestan og sunnan við er gróin flöt að Síkinu.
Tóftin er einföld, um 9x6 m stór og snýr NNA-SSV. Hún er stungin inn í suðurhlíð hóls en austur- og vesturveggir hennar eru hlaðnir. Hún er opin til SSV. Enn sér í grjót á stöku stað í hleðslum hennar sem eru hæstar um 0,3 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-277:004 heimild um hlöðu 63°49.746N 20°14.706V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 1-2 m sunnan við bæ 001. Hörður Thorarensen (f. 1926) man eftir hlöðu á þessum stað.
Þar er nú grasivaxið svæði, sem teygir sig til norðurs, sunnan heimreiðar. Að vestan eru sléttuð tún en að austan er grasbali.
Hlaðan hefur líklega staðið á sama stalli og bærinn (sjá fornleif 001). Það kemur vel heim og saman við teikningu Helgu Skúladóttur. Engin skýr ummerki byggingarinnar sjást nú í háu grasinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-277:005 heimild um útihús 63°49.697N 20°14.828V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 170 m SV við bæ 001. Hörður Thorarensen (f. 1926) man eftir lambhúsi á þessum stað.
Þar sem lambhúsið var er nú slétt tún.
Engin ummerki hússins sjást í sléttu túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-277:006 heimild um útihús 63°49.709N 20°14.806V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 20 m ANA við lambhús 005 og um 130 m VSV við bæ 001.
Þar eru nú sléttuð tún.
Engin ummerki hússins sjást í sléttu túninu. Hörður Thorarensen (f. 1926) kannaðist ekki við útihúsið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-277:007 heimild um rétt 63°49.721N 20°14.840V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 140 m VSV við bæ 001 og um 60 m NNA af lambhúsi 005. Hörður Thorarensen (f. 1926) man eftir rétt á þessum stað.
Þar sem réttin var eru nú slétt tún.
Engin ummerki réttarinnar sjást í sléttu túninu. Hún mun hafa verið heimilisrétt frá Vestari-Krikjubæ.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-277:008 þúst útihús 63°49.803N 20°14.644V
Samkvæmt túnakorti var útihús um 110 m NA við bæ 001.
Þar sem húsið stóð er aflíðandi grasivaxin hlíð, til austurs. Austar er þýfður mói en vestar grasivaxið svæði og þá slétt tún.
Þar sem húsið stóð er lítill hóll, um 4x5 m að stærð og snýr A-V. Hann er um 0,4 m hár. Hóllinn er flatur í toppinn en engar skýrar hleðslur eru á honum. Hann er líklega leifar þess húss sem hér stóð. Hörður Thorarensen

(f. 1926) mundi ekki eftir húsinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-277:009 *Kirkjubæjarhjáleiga* bæjarstæði býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1711 segir: "Í túnfætinum hefur lítilfjörlegt býli staðið, var Hjáleiga frá Vestari Kirkjubæ. Meinast fyrst byggð eitthvað fyrir 70 árum. Eyðilagðist fyrir 40 árum eða því nær." Í örnefnalýsingu segir ennfremur: "Vestur af hólnum er gamalt eyðibýli (tættur), Kirkjubæjarhjáleiga." Ekki er vitað hvar Kirkjubæjarhjáleiga stóð. Slétt tún eru nú vestan við bæjarstæðið og sennilega hefur hjáleigan verið einhvers staðar á því svæði, miðað við örnefnalýsinguna.
Engin ummerki hjáleigunnar sjást nú vestan við bæjarstæðið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM I, 251; Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 1

RA-277:010 *Melakot* bæjarstæði býli 63°48.708N 20°15.496V

Hvompurnar, horft til vesturs

1711:"Sjest nú aðeins til undirstöðu eða steinaldana nokkurra í sandinum þar bærinn [Melakot] staðið hefur. Enginn veit að segja þessarrar bygðar eyðilegging, meinast þó hafa skeð fyrir nokkrum mannsöldrum. Bæjarstæðið og landið um kring er alt sandi blásið og grasslaust og þar fyrri alldeilis óbyggilegt. Landplátsið hafa menn tilheyrði Oddakirkju," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Í örnefnalýsingu Kirkjubæjar segir: "Völlurinn sunnan við það [Strandarsíki] heitir Móflatir og suður af þeim Bætur, Smábætur, Stórbætur. Framan við Stórubót eru gamlar tættur. Þar stóð bærinn Melkot." "Staðið hefir það til útnorðurs frá ... [Sandi] vestan við Síkið, drjúgan kipp ssv. frá Vestri Kirkjubæ og telst nú í landi þeirrar jarðar. Grjót sést þar aðeins á berum mel, bæði mógrjót úr nefi við Síkið þar nærri og blágrýti flutt frá Eystri Kirkjubæ, úr hellunámi, er þar hefir verið frá fornum öldum," segir í Rangvellingabók. Melakots er einnig getið í Árbók forleifafélasins frá 1952 þar segir: "Annað Melakot stóð vestan við Strandarsíki, um 1 1/2 km suðsuðvestur frá Vestri-Kirkjubæ. Bæjar þessa er fyrst getið með nafni í vitnisburði Erlends Jónssonar um landamerki jarðarinnar 12. maí 1653, en jarðarinnar er getið í máldögum Oddakirkju allt frá 1397, jafnan nefnd þar jarðarpartur sem sé eign kirkjunnar, og hélst svo til 1685 en þá er hennar getið með nafni í máldaga Oddakirkju. Í máldaga Oddakirkju 1397 er takmörkum jarðarpartsins lýst svo: "Kirkjan á jarðapart er liggur með Neðriströnd millum þessara takmarka: Er merkigarður fyrir ofan Torfrima fyrir austan. Bjaun fyrir vestan. Túngarður á Strönd fyrir neðan." Vitnisburður Erlends Jónssonar um landamerki Melakots er á þá leið: "Að Melkoti átti í grófarjarðfallið fyrir norðan grænablett og úr því jarðfalli og út í Tréhól vesturá, en austur úr jarðfallinu og í þá einstöku torfu við lækinn norðast þar sem Miðmelar enda." " Vitnisburður Erlends Jónssonar um landamerki býlisins verður að teljast traustasta heimildin um staðsetningu þess. Flest þeirra örnefna sem þar eru nefnd eru þó týnd (2007). Tréhóll sem er samkvæmt Erlendi á vesturmerkjum býlisins er þó enn þekktur. Í örnefnalýsingu segir: "Suður af heimarihúsum [016] er grashóll sem nefndur er Tréhóll" og síðar "Suður af Tréhól er Litli-Tréhóll, nær en Lynghóll suður af honum". Enginn heimildamanna vissu hvar býlið stóð, en Ágúst Sigurðsson sagði jafnan hafa verið talað um að það hefði staðið um 2 km SV við Vestari-Kirkjubæ fast austan og sunnan við Síkið þar sem það liggur í bugðu sunnan við Móflöt. Sú staðsetning kemur vel heim og saman við örnefnalýsinguna en passar verr við frásögn Valgeirs úr Rangvellingabók þar sem er fullyrt að býlið hafi staðið vestan við Síkið. Gengið var um svæðið beggja vegna við Síkið á þessum slóðum en engar tóftir eða skýr ummerki býlisins fundust. Þar sem Ágúst sagði að jafnan hafi verið talað um að býlið hafi verið eru djúpar hvompur og grynnri dældir fast við Síkið, þær eru þó að öllum líkindum einungis náttúruleg jarðföll. Hnit var tekið á þeim stað.
Hvompurnar eru í grónum gilbarmi Síkisins. Umhverfis er mosa og lyngi vaxið, flatlent svæði.
Hvompurnar eru um 2 km SV við Vestri-Kirkjubæ 001, um 2,2 km SV frá Eystri-Kirkjubæ 278:001 og um 2,77 km NA af Strönd 276:001. Þær ná yfir svæði sem er um 85x25 m stórt og snýr N-S. Þær eru mjög óreglulegar, um 3-4 m djúpar en engar skýrar hleðsluleifar eru í þeim. Ekki er hægt að fullyrða um að þær séu leifar Melakots þó þær séu hugsanlega af manna völdum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM I, 251; Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 1; VS: Rangvellingabók, 279; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 149

RA-277:011 heimild um mógrafir 63°48.856N 20°15.305V
"Völlurinn sunnan við það [Strandasíki] heitir Móflatir," segir í örnefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum segir ennfremur: "Mótak er í landareigninni." Hörður Thorarensen (f. 1926) sagði að mjög gott mótak hafi verið á Móflötum og móðir hans hafi jafnan sagt móinn þaðan vera jafngóðan eldivið og kol. Hann sagði að mógrafirnar hafi verið mjög djúpar og að þær hafi verið grafnar í stöllum svo unnt væri að kasta mónum upp.
Móflatir eru flatlendar og grónar, austan og norðan við þær er Síkið og þá svartur Geitasandur.
Engin ummerki mógrafa sjást á Móflötum. Hugsanlega hafa þær fyllst af sandfoki frá Geitasandi á síðari árum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vestri-Kirkjubær, 1; SB V, 84

RA-277:012 *Fornufjós* heimild um fjós 63°49.685N 20°14.563V
"Þar eru og austan í hólnum tættur, sem heita Fornufjós," segir í örnefnalýsingu. Hörður Thorarensen (f. 1926) man eftir Fornufjósum sem voru um 170 m SA við bæ 001 og um 80 m NA við hrútakofa 003.
þar er nú grasi- og arfavaxið svæði við austurrætur hás hólrana.
Engin ummerki fjóssins eru greinileg á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 1

RA-277:013 *Ostabúr* heimild um skemmu 63°49.771N 20°14.714V
"Norðan við bæinn er stór tóft, gróin og mjög fornleg, sem heitir Ostabúr," segir í örnefnalýsingu. Hörður Thorarensen (f. 1926) mundi eftir tóft ostabúrsins. Hún var um 30 m norðan við bæ 001.
Þar er nú hátt gras á fremur ójöfnu svæði norðan bæjarstæðisins, að vestan er slétt tún en að austan gróinn grasbali.
Sigurður Vigfússon gróf í tóftina árið 1883, í skýrslu hans í Árbók fornleifafélagsins segir: "... lét eg grafa ofan í vestri enda þess gröf, sem var 6 fet á lengd, 4 fet á breidd og 7 fet á dýpt. Þegar komið var 4 fet niðr, fór að koma vettr af ösku, sem varð meiri og meiri eftir því sem neðar kom. Á 3 álna djúpi varð hún mest, rauðleit aska, sem var mikið af, og líka svört viðaraska. Ýmis vóru þar kennimerki úr eldi, svo sem hella, svört að utan, er fanst á 6 feta dýpi. Hún hafði auðsjáanlega verið í eldi og var rauðleit í sárið, þegar hún var brotin, og alt öðruvísi enn önnur hella, sem fanst uppi í moldarlaginu, meir enn alin ofar, þegar vóru bornar saman. Þessi var gráleit í sárið. Þegar hún var brotin, sem annar steinn. Þetta vóru því ljós merki. Það er auðvitað, að þessi aska og kennimerki úr eldi hljóta að vera frá foröld, þar sem askan var mest í 3 álna dýpi niðr í jörðinni, og þessi brunna hella, og það er auðséð, að hér hefir aldrei síðan verið hreyft við. Það sýnir líka þunt öskulag svart úr Heklu, sem var glögt 1 ½ al. niðr í moldarlaginu. ... Mannvirki þetta er nú flatt eða slétt að mestu að ofan, líkt og þar hefði í fornöld verið sléttað yfir. Þar er 2-3 fet á hæð. Syðri hlið þess er nokkrun veginn bein og glögg og eins fyrir báða enda, enn hliðin, sem snýr heim að bænum, er einni eins jöfn eða glögg." Sigurður gróf svo aftur í tóftina árið 1885, þá í austurendann. Í skýrslu hans í Árbók fornleifafélagisns árið 1888-92 segir: "Hún var 16 fet á lengd, og 5 fet á breidd, og um 6 fet á dýpt. Hér fundust öll hin sömu eða lík kennimerki og í vesturendanum 1883." Tóftin er nefnd í bók Kristians Kaalund um íslenska sögustaði: "Þar í túninu [Á Kirkjubæ] er sýnd lítið eitt upphækkuð aflöng tóft allstór, sem er talin vera skemmutóftin eða staður útibúrsins sem brennt var." Páll Sigurðsson fjallar um hana í ritgerð sinni um forn örnefni. Þar segir: "Á Kirkjubæ, í túninu, fáa faðma fyri vestan bæinn, sést enn merki til að hús verið hafi, og eru gamlar sagir, að þar hafi staðið útibúrið, sem Hallgerðr lét stela matnum úr og brenna." Engin ummerki tóftarinnar sjást nú á svæðinu sem líklega hefur verið sléttuð í tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 1; Árbók 1888-1892, 53-54; Árbók 1888-1892b, 74; KK I, 161; PS,537-538

RA-277:014 *Smiðjuhóll* örnefni smiðja 63°49.770N 20°14.737V
"Vestur af henni [ostabúrstóftinni 013] er lítill hóll, sem heitir Smiðjuhóll," segir í örnefnalýsingu. Hörður Thorarensen (f. 1926) kannaðist ekki við örnefnið. Enginn lítill hóll er greinilegur NV við bæ 001 þar sem Smiðjuhóll er sagður vera.
Þar er óslegið, grasivaxið svæði sem teygir sig til norðurs og austurs. Að vestan eru sléttuð tún.
Engin ummerki Smiðjuhóls voru greinileg á svæðinu hann hefur líklega verið sléttaður í tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 1

RA-277:015 *Stekkatún* þúst stekkur 63°50.011N 20°14.844V



Þústin, horft til ASA

"Norður af bænum er nýtt tún, sem heitir Stekkatún, og heimast á því hóll, sem heitir Bratthóll," segir í örnefnalýsingu. Um 20 m SSA við fjárhús 023 og um 490 m norðan við bæ 001 er ílöng þúst í Stekkatúni sem líklega eru síðustu leifar stekksins.

Þústin er í sléttu túni, sem virðist þó úr notkun nú (2007), fast vestan við eru sléttuð og slegin tún en í aðrar áttir er grasivaxið svæði.

Þústin er um 13x7 m stór, snýr N-S. Hún er dældótt í toppinn, hæst syðst og nyrst um 1,2 m. Engar skýrar hleðslur eru á henni. Eflaust eru þetta leifar stekksins sem hér var í túninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 1

RA-277:016 *Heimarihús* tóft+garðlag beitarhús 63°49.851N 20°16.583V

Tóft A, horft til suðurs



Tóft B, horft til suðurs

"Vestur af bænum er hæð, sem heitir Leiti. Á henni hóll, Leitishóll. ... Suðvestur af Leitishól eru fjárhús, sem nefnd eru Heimarihús, nokkru vestar, vestan við Grófina, Ytrihús [017]" segir í örnefnalýsingu. Um 1,5 km VNV við bæ 001 og um 1,2 km vestan við suðurenda garðlags 040 við skemmu, eru Heimarihús. Þar eru tvær tóftir og þúst, innan garðlags.

Innan garðlagsins er grasivaxið, slétt svæði en utan þess er þýfður mói. Fast norðan við er þurr lækjarfarvegur.

Á svæðinu eru sporöskjulaga túngarður, tvær tóftir og ein þúst. Garðlagið liggur utan um svæði sem er alls um 180x80 m stórt og snýr ANA-VSV. Garðlagið er um 0,8 m hátt og um 0,6 m breitt. Það er allvíða skorið af kindagötum. Hlið hefur líklega verið á VNV hlið þess. Þar er um 5 m breitt bil í hleðslunum. Tóft A er vestast, um 70 m austan við vesturvegg garðlagsins. Hún er um 16x17 m stór og snýr NNV-SSA. Tóftin er tvískipt. Syðst í henni er gryfja, hólf I, hún er um 4x4 m að innanmáli og um 1,5 m djúp. Fast sunnan við hana er hólf II, það er um 10x5 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Op er á miðjum NA-vegg þess. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 0,9 m. Hér og þar sér í grjót í tóftinni. Við SV-vegg tóftarinnar hefur verið hlaðið eins konar aðhald. Það er um 9x7 m stórt, snýr NNV-SSA. Það er opið til norðurs. Hleðslur þess eru lægri en tóftarinnar, um 0,5 m háar. Tóft B er um 30 m austan við A. Hún er um 16x10 m stór og snýr NNV-SSA. Hún er tvískipt. Syðst í henni er gryfja, hólf I, sem er um 7x5 m að innanmáli, snýr A-V og um 1,6 m djúp. Nyrðra hólfið er um 10x8 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Um 0,3 m hár garði er í því miðju. Hólfið er opið til NNV. Hleðsluhæð tóftarinnar er mest um 1,2 m. Á stöku stað sér í grjót í hleðslum hennar. Þúst C er á milli tóftanna. Hún er um 5 m vestan við B og um 20 m austan við A. Þústin er um 10x7 m stór og snýr NNV-SSA. Ekkert greinilegt tóftalag er á henni og engar skýrar hleðslur. Þústin er hæst um 0,6 m. Tóftirnar

og þústin eru allar á stalli innan gerðisins. Hann er um 60 x 24 m stór og snýr NNV-SSA. Hann er hæstur frá norðri um 1,5 m hár. Bogi Thorarensen, heimildamaður, taldi að Gíslahjáleiga 029 hafi verið í Heimarihúsum og má það vel vera enda tóftirnar all miklar. Ekki er þó hægt að fullyrða um það að svo stöddu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 2

RA-277:017 *Ytrihús* tóftir beitarhús 63°49.790N 20°17.546V

Tóftin, horft til suðurs

"Vestur af bænum er hæð, sem heitir Leiti. Á henni hóll, Leitishóll. ... Suðvestur af Leitishól eru fjárhús, sem nefnd eru Heimarihús [016], nokkru vestar, vestan við Grófina, Ytrihús," segir í örnefnalýsingu. Ytrihús eru um 700 m vestan við Heimarihús 016 og um 2,32 km VNV við bæ 001. Þar eru tvær tóftir.
Tóftirnar eru á flatlendum, mosavöxnum, smáþýfðum mel.
Tóftirnar eru tvær á svæði sem er um 95x35 m stórt og snýr ANA-VSV. Tóft A er austar. Hún er um 25x8 m stór og snýr N-S. Tóftin skiptist í þrjú hólf. Nyrst er gryfja, hólf I, hún er um 6x4 m að innanmáli og snýr N-S. Gryfjan er dýpst um 1,2 m. Fast sunnan við hana er hólf II. Það er um 10x4 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Engar dyr eru á hólfinu. Syðst í tóftinni er svo hólf III, það er mjög óskýrt, um 5x4 m að innanmáli og snýr A-V. Hugsanlega hafa verið dyr á vestur- og/eða austurvegg þess en báðar eru óskýrar. Hleðsluhæð tóftarinnar er hæst um 1m. Tóft B er um 65 m vestan við A. Hún er um 27x16 m stór og snýr A-V. Tóftin skiptist í fjögur hólf. Hólf I er austast, það er um 7x10 m að innanmáli og snýr N-S. Dyr eru á miðjum suðurvegg þess. Hólf II er fast vestan við I, ekki er gengt á milli þeirra. Hólf II er um 8x4 m að innanmáli og snýr N-S, engar dyr eru á því. Hólf III er fast norðan við II, á því eru engar dyr heldur. Það er um 4x3 m að innanmáli og snýr A-V. Fast vestan við hólf II er svo hólf IV. Það er um 10x10 m að innanmáli. Dyr eru á miðjum norðurvegg þess. Hleðsluhæð tóftarinnar er mest um 0,6 m. Hvergi sér í grjót í tóftunum. Bogi Thorarensen (f. 1947) sagði að húsin hafi verið byggð á níunda áratug 19. aldar af Boga lækni. Hann sendi vinnumenn sína til að byggja húsin og þeir byrjuðu á þeim röngu megin merkja, þ.e. Varmalandsmegin. Mistökin voru þó uppgötvuð snemma og húsin byggð þar sem tóftirnar eru.



Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 2

RA-277:018 gata leið 63°50.101N 20°17.938V

Göturnar, horft til suðausturs

"Vestan við Grófina heitir Bakkar, syðst á þeim Markagil og lítið eitt ofar Dagmálagil. Nokkru ofar er lægð í bökkunum, þar er engjavegur frá Kirkjubæ og heitir lægðin Vonarskarð," segir í örnefnalýsingu. Engjavegur um Vonarskarð lá úr Grafarnesi, yfir Hróarslæk og upp á bakkana. Þar sem vegurinn liggur um skarðið er hann um 670 m NV við Ytrihús 017 og um 2,7 km VNV við bæ 001.
Þar sem vegurinn lá yfir lækinn er hann fremur breiður og lygn. Vonarskarð er ógróið malarskarð en þegar komið er upp á bakkana tekur við þýfður mói.
Engin ummerki vegarins eru greinileg í Grafarnesi en uppi á bökkunum sjást skorningar í móanum. Þeir er um 0,1 m djúpir, um 5-6 skorningar alls, samhliða.
Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 2

RA-277:019 *Smiðjunes* örnefni smiðja 63°50.490N 20°14.988V

"... ofan [við] Krók er stór hvammur, sem heitir Alviðra. Ofan við hvamminn heitir Smiðjunes ..," segir í örnefnalýsingu. Hörður Thorarensen (f. 1926) og Guðjón Sigurðsson (f. 1954) heimildamenn könnuðust ekki við uppruna örnefnisins né fornleifar í Smiðjunesi. Það er um 1,3 km norðan við bæ 001 við Hróarslæk.
Nesið er fremur þýft og votlent, næst ánni en þurrara nær bökkum gilsins sem hún rennur í.
Ekki sér til fornleifa í nesinu. Hugsanlega hefur hér einhvern tíma verið rauðasmiðja. Engin ummerki hennar eru þó greinileg svo það eru tómar getgátur að svo stöddu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 3

RA-277:020 *Brynjuhóll* heimild um legstað 63°50.871N 20°14.145V

Brynjuhóll, horft til norðurs

"... ofan [við] Krók er stór hvammur, sem heitir Alviðra. Ofan við hvamminn heitir Smiðjunes [019], ofan við nesið Blesalág og ofan við hana Brynjunes. Í því er hóll, sem talinn er að vera [svo] fornt dys, Brynjuhóll," segir í örnefnalýsingu. Brynjuhóll er um 2,1 km NA við bæ 001 á milli beitarhústófta 026A og 026B en um 200 m vestan við Hróarslæk.
Hóllinn er á grasivöxnu valllendi.
Hóllinn er ílangur, um 30x13 m stór og snýr A-V. Hann er um 4 m hár. Í toppi hans er um 3x2 m stór dæld sem snýr líkt og hóllinn A-V. Hún er um 0,2 m djúp. Hóllinn verður að teljast ívið of stór til að um dys geti verið að ræða eða að hann sé í heild mannverk. Hann er þó einstakur í umhverfinu og hugsanlega ekki að öllu leyti náttúrulegur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 3

RA-277:021 *Presttætur* heimild um óþekkt

"... ofan [við] Krók er stór hvammur, sem heitir Alviðra. Ofan við hvamminn heitir Smiðjunes [019], ofan við nesið Blesalág og ofan við hana Brynjunes. Í því er hóll, sem talinn er að vera [svo] fornt dys, Brynjuhóll [020]. Langt þar fyrir innan eru Preststættur (í Brynjunesi)," segir í örnefnalýsingu. Þrjár tóftir voru skráðar í Brynjunesi við Brynjuhól (sjá 026) en engar tóftir fundust í nesinu sem koma vel saman við lýsingu örnefnaskrárinnar ("Langt þar fyrir innan [Brynjuhól]"). Nesið var gengið með Hróarslæk til NA og til baka með bökkum gilsins. Heimildamenn könnuðust ekki við örnefnið. Þess ber að geta að Preststættur eru einnig skráðar á Eystri-Kirkjubæ en í örnefnaskrá þeirrar jarðar segir: "Norður af mýrinni [Kirkjubæjarmýri] vottar fyrir gömlum tættum, sem heita Preststættur" (sjá 278:005). Hugsanlega er hér um sömu tóftir að ræða og að örnefnaskrásetjari hafi ruglast á staðsetningunni. Brynjunes sem er fyrir norðan Kirkjubæjarmýri hefur þó alltaf tilheyrt Vestari-Kirkjubæ. Tóft 045 gæti hugsanlega verið Preststættur, hún er fyrir norðan Kirkjubæjarmýri,

Vestari-Kirkjubæjar megin, en þó ekki í Brynjunesi. Þar sem ekki er hægt að fullyrða að tóftir 026 né tóft 045 séu Preststættur, hvorki þær sem nefndar eru í örnefnaskrá Vestari-Kirkjubæjar né þess Eystri, né er heldur unnt að fullyrða að einungis sé um einar Preststættur að ræða, verður örnefnið skráð hér sem og á Eystri-Kirkjubæ (277:005) þó án þess að hægt sé að staðsetja það nákvæmlega.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 3; Ö-Eystri-Kirkjubær, 1.

RA-277:022 *Gröf* bæjarhóll bústaður 63°50.045N 20°18.934V



Bæjarhólllinn, horft til norðurs

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1711 segir: " Jarðardýrleiki xxv hdr.Gröf er ekki nema xx hdr. Kóngsparturinn þar í var aldri nema v hdr....Skógarítak lítið á jörðin í Næfurholtslandi, kallað Grafartorfa, er að nokkru gagni til eldíngar, til kolgjörðar valla, jafnvel ekki. Engjateig í Sökkum í Þykkvabæjarlandi ... Á engjar ber Hróarslækur grjót, aur og mold, og spillir þeim eftir hendinni. Högum spillir blástur. Hætt er peníngi fyrir dýjum og deyr þar tíðum." Í Rangvellingabók segir ennfremur: "Bærinn Gröf stóð í Grafarnesi við Hróarslæk, suðvestan undir öldu sem Bjalli heitir. Gröf finnst fyrst nefnd í máldaga Oddakirkju frá 1270, en 1799 lagðist jörðin í eyði." "Landið meðfram læknum [Hróarslæknum] heitir einu nafni Grafarnes, því þar var áður sérstakt býli, sem hét Gröf," segir í örnefnalýsingu. Gröf stóð suðvestan undir Bjallanum í allmiklum gilhvammi. Þar eru nú rústir býlisins uppi á hól. Hóllinn er um 1,1 km NA frá afleggjaranum að veiðihúsunum við Hróarslæk og um 315 m NNV við Orrustuhól 025, um 3,5 km VNV af bæ 001.
Hóllinn er í grasivöxnum gilhvammi undir grónu felli. Fast austan við rennur lækjarspræna úr hvamminum og niður í mýrina sunnan við.
Hóllinn er um 35x30 m stór, snýr N-S. Hann er hæstur um 2 m. Hóllinn er flatur í toppinn en mjög þýfður. Í NV-horni hans er tóft og mikið aðflutt grjót á stangli. Tóftin er um 8x7 m stór, snýr N-S. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,6 m. Hún er einföld, opin til suðurs. Þúst 041, tóft 054 sem og túngarður 055 hafa líklega tilheyrt Gröf.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM I, 267-8; VS, Rangvellingabók, 124; Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 3.

RA-277:023 tóft fjárhús 63°50.032N 20°14.875V



Tóftin, horft til VSV

Um 530 m sunnan við bæ 001 og um 20 m NNV frá stekkjarþústinni 015 er fjárhústóft.
Tóftin er á grasivöxnu svæði fast norðan og austan við sléttuð tún. Vestar og sunnar er þýfður mói.
Tóftin er um 18x8 m stór og snýr N-S. Hún er tvískipt. Nyrðra hólfið er um 15x8 m að innanmáli og snýr eins og tóftin, í því miðju er um 0,6 m hár og um 1 m breiður garði. Hólfið er opið til norðurs. Fast sunnan við það er hitt hólfið.Það er um 6x6 m að innanmáli og að hluta niðurgrafið, um 1,4 m djúpt. Ekki er

gengt á milli hólfa. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 1,2 m og allvíða sér í grjót í þeim. Tóftin er á allstórum hól og sýnilega ekki fyrsta byggingin sem þar hefur staðið. Hóllinn er um 16x26 m stór, snýr N-S. Hann er um 2 m hár (með hleðslum tóftarinnar).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-277:024 *Kofahólar* tóft smalakofi 63°50.015N 20°18.375V

Tóftin, horft til ASA

"Upp af Efstaskurði [sjá 023] heitir Tungustykki og vestur af því Kofahólar, suður af þeim Kofamýri, en norðan við þá Kofaflóð ..," segir í örnefnalýsingu. Tóft er um 615 m vestan við tóft 047 og um 460 m ASA við Gröf 022.
Tóftin er á grónu holti, umhverfis er blaut mýri.
Tóftin er á um 5x4 m stórum hól sem snýr NV-SA. Hann er um 0,8 m hár og nokkuð þýfður. Sjálf tóftin er um 1x1 m stór, opin til vesturs. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,3 m. Líklega er tóftin gamall smalakofi. Hvergi sér í grjót í hleðslum tóftarinnar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 3

RA-277:025 *Orrustuhóll* örnefni 63°49.927N 20°18.659V
"Þá [eftir 024] Grafarlækur og vestan við hann Hólamýri, í henni miðri er hóll, sem heitir Orrustuhóll," segir í örnefnalýsingu. Orrustuhóll er um 175 m SV við tóft 048 og um 315 m SA við Gröf 022.
Hann er allhár melhóll, umkringdur mýri.
Hóllinn er ílangur, snýr A-V um 4 m hár. Engar sögur fylgja örnefninu.
Heimildir:Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 3

RA-277:026 tóftir beitarhús 63°50.886N 20°14.168V



Tóft B, horft til NNA

Við Brynjuhól 020 í Brynjunesi eru þrjár tóftir. Þær eru um 2,15 km NNA við bæ 001 og um 200 m vestan við Hróarslæk. Samkvæmt Boga Thorarensen (f. 1947) voru húsin stærstu beitarhúsin frá Vestari-Kirkjubæ.
Tóftirnar eru á grasigrónu valllendi.
Á þessum stað eru þrjár tóftir á svæði sem er um 90x45 m stórt og snýr A-V. Tóft A er um 60 m NV við B og um 80 m vestur af C, í NV horni svæðisins. Hún er um 18x9 m stór og snýr N-S. Tóftin er einföld, opin til norðurs. Hleðslur hennar eru mjög signar og svo virðist sem grjót hafi verið tekið úr henni og þá jafnvel nýtt í hinar tóftirnar. Hleðslurnar eru hæstar um 0,1 m. Tóft B er um 45 m SV við C. Hún er um 24x14 m stór og snýr N-S. Hún skiptist í fjögur hólf. Hólf I er nyrst. Það er um 16x4 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Dyr eru á

miðjum norður vegg þess. Hólf II er gryfja, fast sunnan við hólf I. Hún er um 6x6 m að innanmáli og um 1,6 m djúp, ekkert op er á henni. Hólf III er fast vestan við hólf I og II. Það er um 8x4 m að innanmáli, snýr N-S, með dyr í NA horni. Hólf IV er fast vestan við hólf III. Það er fremur ógreinilegt, um 13x2 m að innanmálit, snýr N-S, opið til norðurs. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 1,2 m. Vesturveggur hennar er lægstur um 0,1 m. Á stöku stað sér í grjót í hleðslum. Tóft C er er austust, hún er um 45 m NA við C og um 80 m austan við tóft A. Hún er um 7x8 m stór og snýr A-V. Hún er að nokkru leyti hlaupin í þúfur og því eru hleðslur hennar fremur óskýrar. Hún virðist vera tvískipt. Hólfin snúa bæði N-S, ekki er gengt á milli þeirra. Austara hólfið er um 5x3 m að innanmáli, það vestara um 5x15 m að innanmáli, dyr eru á því í SV horni.
Hættumat: engin hætta

RA-277:027 *Tröllkonugil* örnefni tröll 63°50.117N 20°19.704V
"Syðst í Grafarnesi er stórt og djúpt móbergsgil sem heitir Tröllkonugil," segir í örnefnalýsingu. Tröllkonugil er um 630 m vestan við Gröf 022, um 530 m norðan við tóft 053. Norður endi þess er um 130 m sunnan við þjóðveg að Gunnarsholti.
Gilið er allstórt og djúpt, ógróið. Það liggur úr vestri í sveig til norðurs. Suðaustan við það eru sléttuð tún.
Heimildamaður þekkti engar sögur af Tröllkonugili.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 3-4

RA-277:028 garðlag
"Kirkjubæjarmýri liggur upp á holti. Skjólgarðsmýri ber nafn af skjólgörðum, sem þar hafa verið hlaðnir fyrir hross," segir í örnefnalýsingu. Örnefnið er nú týnt og heimildamenn könnuðust ekki við skjólgarðinn sem mýrin ber nafn sitt af. Hugsanlega er garðlag 035 tengt nafninu en það er þó of langt og umfangsmikið til að teljast vera skjólgarður og líkist meira vörslugarði. Ekki er þó hægt að útiloka að hluti þess hafi verið reistur sem skjólgarður öðru fremur. Þar sem ekki er hægt að segja til með vissu hvar skjólgarðurinn er, er örnefnið skráð hér sér, án þess þó að hægt væri að staðsetja það.
Heimildir:Ö-Vestri-Kirkjubær, Strönd og Grafarbakki, 8

RA-277:029 *Gíslahjáleiga* bæjarstæði býli
"Í manntali Oddasóknar 1816 er Þrúður Gísladóttir húsfreyja í Suður-Móeiðarhvolshjáleigu, sem þá er 49 ára, sögð fædd í Gíslahjáleigu hjá Vestri-Kirkjubæ. Engin önnur heimild er kunn um þennan bæ, svo ekki er vitað hvort hann stóð á sama stað og Kirkjubæjarhjáleiga hafi áður staðið, né hve lengi hann var í byggð. Ekki er einu sinni fullvíst hvort þetta var grasbýli eða tómthús, þó hið fyrra sé líklegra." Bogi Thorarensen taldi líklegt að Gíslahjáleiga hafi staðið þar sem tóftir Heimarihúsa eru nú (sjá 016). Það getur vel verið, enda tóftirnar þar miklar og á talsverðum stalli sem ber með sér að þar hafi verið mannvist í alllangan tíma. Ekki er þó hægt að fullyrða um það að svo stöddu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:VS. Rangvellingabók, 212

RA-277:030 tóft útihús 63°49.823N 20°14.800V



Tóftin, horft til norðurs

Einföld tóft er um 150 m NNV við bæ 001 og um 350 m sunnan við stekk 015.
Tóftin er í sléttu túni.
Tóftin er um 8x12 m stór og snýr A-V. Hún er einföld, opin til suðurs. Hátt gras vex á henni svo erfitt er að meta nákvæma hleðsluhæð veggja hennar er þeir virðist vera um 1,2 m háir. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en af staðsetningu hennar að dæma er líklegt að hér hafi staðið útihús frá Vestari-Kirkjubæ.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-277:031 gripir
Í grein Sigðurðar Vigfússonar, Rannsóknir sögustaða, sem birt var í Árbók fornleifafélagsins frá árunum 1888-1892 segir: "Á sandinum fram undan Kirkjubæ vóru sandhólar vaxnir melgresi. Þeir blésu upp veturinn 1884-

85, og var þar undir harðvelli, og þar fornar götur. Þar fannst og brýni." Fundarstaður brýnisins er ekki nú ekki þekktur lengur (2007).
Heimildir: Árbók 1888-1892b, 74-75

RA-277:032 heimild um leið
Í grein Sigðurðar Vigfússonar, Rannsóknir sögustaða, sem birt var í Árbók fornleifafélagsins frá árunum 1888-1892 segir: "Á sandinum fram undan Kirkjubæ vóru sandhólar vaxnir melgresi. Þeir blésu upp veturinn 1884-85, og var þar undir harðvelli, og þar fornar götur. Þar fannst og brýni." Sandurinn fram undan, sunnan við Kirkjubæ er mjög víðfeðmur. Leiðin sem kom í ljós árið 1885 er ekki þekkt enda sést hún vart lengi á berum, marflötum sandinum.
Heimildir: Árbók 1888-1892b, 74-75

RA-277:033 heimild um traðir 63°49.748N 20°14.723V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 lágu traðir að bæ 001 úr vestri. Þær hafa verið 20-30 m norðan við þar sem heimreiðin að Eystri-
Kirkjubæ liggur nú (2007).
Þar sem traðirnar voru er nú grasivaxið svæði vestan við bæjarstæðið og vestar sléttuð tún.
Engin ummerki traðanna sjást nú á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-277:034 heimild um kálgarð 63°49.739N 20°14.717V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður vestan við hlöðu 004, milli hennar og fjóss 002.
Þar er nú hátt gras, fast norðan við núverandi heimreið sem líkast til liggur þvert yfir þar sem kálgarðurinn var.
Engin ummerki kálgarðsins sjást nú á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-277:035 garðlag túngarður 63°49.664N 20°14.515V

Garðlagið, horft til NNV

Umfangsmikið garðlag liggur austan við bæ 001. Syðsti hluti þess er um 230 m SA við bæ 001 en nyrsti hluti þess er um 400 m NA við hann. Syðsti hluti garðlagsins hefur markað heimatún bæjarins og kemur vel heim og saman við túnakort frá 1917.
Garðlagið liggur á grónu svæði sunnan heimreiðar, en norðan hennar liggur það á mörkum túns og þýfðs móa og þá í mýri.
Garðlagið markar annarsvegar norðurjaðar gamla heimatúnsins á Vestri-Kirkjubæ og hins vegar vestur- og suður jaðar túns ofan, norðan, við bæ 001. Garðlagið er alls um 770 m langt og nær yfir svæði sem er um 435x180 m stórt og snýr N-S. Frá syðsta hluta þess liggur það um 20 m til norðurs þar sem það er rofið á um 60 m bili þar til það heldur áfram um 30 m til norðurs að heimreið. Garðlagið heldur áfram norðan heimreiðar þar sem það liggur um 100 m til NNV þar sem það greinist í tvo hluta. Annars vegar liggur það til vesturs, um 30 m þar sem það hverfur í skurð, og hins vegar um 65 m lengra til norðurs þar sem það greinist aftur. Þar liggur leggur af því til ASA, um 65 m þar sem hann greinist. Annars vegar liggur hann um 100 m lengra til SA þar til hann kemur að skurði og hins vegar liggur hann til norðurs, um 100 m og þá vesturs um 45 m þar sem hann kemur aftur á aðal garðlagið, og hefur þá myndað gerði upp við það. Þaðan heldur garðlagið áfram til norðurs um 100 m þar til það hverfur í þýfða mýrina. Garðlagið er í misjöfnu ástandi. Syðst er það mjög sigið, hæst um 0,4 m en norðar er það hæst um 1,1 m. Það er víðast um 1 m breitt. Garðlagið hefur sennilega verið hluti af túngarði Vestari-Kirkjubæjar. Hvergi sér í grjót í garðlaginu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-277:036 þúst útihús 63°49.707N 20°14.621V



Þústin, horft til suðausturs

Um 110 m SSA við bæ 001 og um 60 m ASA við fjós 002 er dæld eftir byggingu. Hún er stungin ofan í sama hólinn og fjósið var á.
Dældin er í austurbrún hólsins, á grasivöxnu svæði.
Dældin er því sem næst kringlótt um 6 m í þvermál. Hún er um 1,5 m djúp og í botni hennar er smávegis bárujárnsrusl. Engar hleðslur eru við dældina. Hlíðar hennar eru aflíðandi svo hugsanlega hafa veggjarhleðslur hrunið/sigið ofan í dældina. Hún er líklega leifar lítils útihúss.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-277:037 tóft kvíar 63°49.664N 20°14.663V



Tóft er í vesturhlíð hólsins sem fjósið 002 var á, sunnan heimreiðar. Hún er um 160 m sunnan við bæ 001 og um 90 m sunnan við fjós 002.
Tóftin er í grasivaxinni hlíð sem hallar til vesturs, vestar og sunnar er gróin flöt.
Tóftin er um 12x5 m stór og snýr A-V. Hún virðist vera tvískipt. Vestara hólfið er minna, það er um 3x2 m að innanmáli, snýr N-S. Eystra hólfið er fast austan við það. Það er um 5x3 m að innanmáli og snýr eins. Engar dyr eru greinilegar á tóftinni. Hleðslur hennar eru mjög signar, hæstar um 0,1 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en staðsetning hennar og lögun benda til að um kvía- eða jafnvel stekkjartóft sé að ræða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-277:038 heimild um kálgarð 63°49.679N 20°14.932V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður um 240 m VSV við bæ 001 og um 80 m VSV við lambhús 005.
Þar er nú slétt tún.
Engin ummerki kálgarðsins sjást í sléttu túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-277:039 garðlag túngarður 63°49.564N 20°14.872V

Garðlagið, horft til ANA

Garðlag liggur með sunnan- og suðvestanverðu túni á Vestari-Kirkjubæ. Garðlagið er utan þess túns sem sýnt er að túnakorti frá 1917. Það er um 390 m SV við bæ 001.
Garðlagið liggur í grónum flatlendum móa.
Garðlagið markar suður- og vesturmörk svæðis sem er um 145x75 m stórt og snýr N-S. Það er alls um 195 m langt. Frá SA enda þess, þar sem það hverfur skyndilega, liggur það um 50 m til vesturs þar sem það beygir til norðurs um 145 m. Þar hverfur það í sléttað tún. Garðlagið er hæst um 0,4 m og um 0,6 m breitt. Það er hlaðið úr torfi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-277:040 garðlag vörslugarður 63°50.015N 63°50.032V

Garðlagið, horft til norðurs

Garðlag liggur við norður mörk túns, um 570 m norðan við bæ 001. Austasti hluti þess er um 210 m NA við norður enda garðlags 035 en vestur endi þess er um 10 m ANA við skemmu sem stendur við NV horn túnsins. Frá norðurjaðri túnsins liggur garðlagið til norðurs að Hróarslæk. Sá hluti garðlagsins sem markar norðurmörk túns er langt norðan við túnamörk eins og þau eru sýnd á túnakorti frá 1917.
Garðlagið liggur að mestu leyti í þýfðum móa sunnan við það eru sléttuð tún.
Garðlagið er alls um 865 m langt. Það nær yfir svæði sem er alls um 540x450 m stórt og snýr nær N-S. Garðlagið liggur frá skemmunni til norðurs um 75 m þar sem það beygir til NA, um 25 m þar sem það hverfur. Um 100 m austar heldur það áfram um 75 m til NA þar sem það greinist. Annars vegar heldur það áfram til NA, um 15 m og hins vegar beygir það til norðurs um 450 m, alla leið norður að Hróarslæk. Sá armur sem liggur til NA hverfur í hátt gras en um 45 m NA heldur garðlagið áfram um 80 m þar sem það beygir til SA um 145 m, þar hverfur það í skurð. Garðlagið er víðast um 0,8 m hátt og um 0,6 m breitt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-277:041 þúst útihús 63°50.065N 20°18.894V



Þústin, horft til norðurs

Um 30 m NA við Gröf 022 er þúst í gamla túni bæjarins.
Þústin er á þýfðu, grasivöxnu svæði.
Þústin er um 10x4 m stór og snýr N-S. Hæst eru veggir hennar um 1 m á hæð. Ekkert skýrt tóftarlag er á henni né greinilegar hleðslur. Þústin er þó ugglaust mannaverk, eflaust leifar útihúss frá Gröf 022.
Hættumat: engin hætta

RA-277:042 gerði óþekkt 63°50.305N 20°16.725V

Gerðið, horft til suðurs

Garðlag liggur í Efra-Fossnesi. Norðvesturendi þess er tæpum 2 km NV við bæ 001 og um 850 m norðan við Heimarihús 016. Það liggur í smáþýfðum, lyngivöxnum móa.
Garðlagið er alls um 500 m langt. Það afmarkar hólf við gilið sem er um 425x25 m stórt og snýr A-V. Garðlagið liggur frá gilbrún, þar sem land steypist niður að Hróarslæk, til suðurs um 60 m þar sem það beygir til austurs, um 415 m þar sem það beygir loks til norðurs í átt að gilinu, um 25 m. Það er hæst um 1 m og breiðast um 1 m breitt.
Hættumat: engin hætta

RA-277:043 tóftaþyrping óþekkt 63°50.305N 20°15.814V

Tóft A, horft til suðurs

Tóft B, horft til suðurs

Tóft C, horft til VSV



Tóft D horft til SSV

Fjórar tóftir eru í hnapp um 1,37 km NNV við bæ 001 og um 300 m austan við NA horn garðlags 042. Tóftirnar eru um 130 m sunnan við Hróarslæk.
Tóftirnar eru í lyngi og mosavöxnum móa nokkuð þýfðum. Þær eru fast sunnan við allstóran hvamm við lækinn.
Tóftirnar fjórar eru á svæði sem er um 25x30 m stórt og snýr A-V. Hér er hverri tóft gefinn bókstafur til aðgreiningar.Tóft A er í SV horni svæðisins, hún er um 13x6 m stórt og snýr A-V. Tóftin er tvískipt, Eystra hólfið er um 9x4 m að innanmáli. Það snýr eins og tóftin og op er á miðjum austurvegg þess. Vestara hólfið er um 4x3 m að innanmáli og snýr þvert á tóftina, N-S. Ekkert op er á því. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 0,6 m. Tóft B er um 5 m norðan við A. Hún er á hól sem er um 5x5 m stór og um 1 m hár. Tóftin er nokkuð ógreinileg. Hún er einföld, um 2x2 m stór og opin til austurs. Hleðslur hennar eru um 0,3 m háar. Tóft C er um 5 m norðan við B. Hún er einnig á hól. Hóllinn er um 6x7 m stór og snýr N-S, hann er um 1 m hár. Tóftin er um 3x3 m stór, einföld og opin til norðurs. Hleðslur hennar eru um 0,3 m háar. Tóft D er um 15 m SA við C. Hún er um 15x6 m stór og snýr A-V. Tóftin er tvískipt. Eystra hólfið er um 9x5 m að innanmáli, op er á miðjum austurvegg þess. Vestara hólfið er um 4x4 m að innanmáli, ekkert op er á því.

Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 0,7 m. Hvergi sér í grjót í tóftunum. Hlutverk tóftanna er ekki þekkt en hugsanlega hafa hér verið beitarhús eða sel frá Vestari-Krikjubæ.
Hættumat: engin hætta

RA-277:044 frásögn vað 63°50.881N 20°14.355V
Bogi Thorarensen (f. 1946) sagði frá vaði á Hróarslæk, um 2,1 km NNA af bæ 001 og um 175 m vestan við Brynjuhól 020.
Þar eru hólmar í læknum. Bakkar hans eru lágir fast við lækinn er hækka skart beggja vegna.
Engin ummerki vaðsins sjást á þessum stað.
Hættumat: engin hætta

RA-277:045 tóft óþekkt 63°50.442N 20°14.480V

Tóftin, horft til suðurs



Um 1,3 km NNA af bæ 001 og um 1,1 km vestan við tóftir 043 er stök tóft. Hún er um 830 m norðan við fjárhús 023.
Tóftin er í hlíð sem hallar til norðurs, norðar er gróið valllendi. Tóftin er um 8x7 m stór og snýr N-S. Hún er einföld, opin til norðurs. Tóftin er velgróin og hvergi sér í grjót í hleðslum hennar. Þær eru að nokkru leyti hlaupnar í þúfur, hæstar um 0,7 m. Hlutverk hennar er ekki þekkt. Staðsetningin bendir helst til að þó helst til of stór. Hugsanlega um smalakofa sé að ræða en til þess er hún hafa hér verið beitarhús í skamman tíma.
Hættumat: engin hætta

RA-277:046 tóft sæluhús 63°50.397N 20°17.761V

Tóftin, horft til vesturs

Austarlega í Grafarnesi, fast vestan við lækinn sem rennur í Hróarslæk er tóft. Hún er um 1,1 km frá Ytri-húsum 017 og um 1,2 km ANA við Gröf 022.
Tóftin er á gras- og lyngivöxnum bakka lækjarins. Vestar er grasflöt og þá þýfður mói.
Tóftin er við það að hverfa í gras og lag hennar því nokkuð óljóst. Hún virðist vera einföld, um 7x6 m stór, snýr N-S. Op er á miðjum austurvegg hennar. Hleðsluhæð veggja tóftarinnar er mest um 1 m, hvergi sér í grjót í þeim. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en Bogi Thorarensen, heimildamaður taldi líklegt að hér hafi verið veiðikofi við lækinn.
Hættumat: engin hætta

RA-277:047 tóft óþekkt 63°50.212N 20°17.774V

Tóftin, horft til VSV



Tóft er um 350 m sunnan við tóft 046, um 1 km austan við Gröf 022 og um 150 m norðan við Hróarslæk. Hún er um 2,7 km NV við bæ 001.
Tóftin er á grasivöxnu, sléttu svæði sem teygir sig til austurs, vesturs og suðurs að læknum. Norðar er þýfður mói og þá mýri.
Tóftin er á dálitlum hól á flatlendu svæðinu. Hóllinn er um 10x14 m stór og um 1 m hár. Tóftin er í NV horni hans. Hún er um 4x3 m stór og snýr A-V. Op er austarlega á norðurvegg hennar. Tóftin er að hluta stungin niður í hólinn. Hleðslur hennar eru um 0,6 m háar ef mælt er innan frá en að utan eru þær um 0,3 m háar, hvergi sér í grjót í þeim. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en af lagi og staðsetningu hennar að dæma hefur hér hugsanlega verið einhvers konar kofi, smala- eða veiðikofi. Hóllinn er líklega að mestu leyti uppsöfnuð mannvistarlög og sennilegt að hér hafi verið byggingar í langan tíma.
Hættumat: engin hætta

RA-277:048 tóft óþekkt 63°49.986N 20°18.494V

Tóftin, horft til NNV



Einföld tóft er í Grafarnesi, um 380 m SA við Gröf 022 og um 110 m vestan við smalakofatóft 024.
Tóftin er á þýfðum mel sem teygir sig til norðurs. Í aðrar áttir er mýri.
Tóftin er um 3x3 m stór. Hleðslur hennar eru um 0,4 m háar, hvergi sér í grjót í þeim. Tóftin er einföld með opi á miðjum norður- og miðjum suðurvegg. Hér hefur hugsanlega verið einhvers konar kofi, smala- eða veiðikofi eða jafnvel heystæði.
Hættumat: engin hætta

RA-277:049 garðlag óþekkt 63°49.959N 20°18.631V

Garðlagið, horft til vesturs að Orrustuhól

Garðlag liggur frá Orrustuhól 025 til NA út í mýrina. Það er um 300 m SV við Gröf 022.
Garðlagið liggur yfir blauta mýri.
Garðlagið er alls um 30 m langt, rofið á um 0,5 m bili af mýrarsprænu. Það er um 0,6 m hátt og um 1 m breitt. Garðlagið hefur hugsanlega verið brú frá Orrustuhól yfir blautasta hluta mýrinnar til NA en einnig má vera að það hafi verið hlaðið til að stjórna flæði vatns í mýrinni.
Hættumat: engin hætta

RA-277:050 garðlag óþekkt 63°49.923N 20°18.845V
Garðlag liggur fast VNV við Orrustuhól 025 til ASA.
Garðlagið liggur þvert á mýrarspildu á milli tveggja melhóla.
Garðlagið er alls um 20 m langt og snýr VNV-ASA. Það er um 0,6 m hátt og um 0,5 m breitt. Hlutverk þess er ekki þekkt en hugsanlega hefur það þjónað sem brú á milli holtanna en mýrin er mjög blaut á þessum slóðum. Einnig má vera að hleðslan hafi verið gerð til að stjórna flæði mýrarsprænunnar sem rennur á milli þeirra.
Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-277:051 tóft sæluhús 63°49.746N 20°18.684V

Tóftin, horft til norðurs



Tóft er í Grafarnesi, um 600 m sunnan við bæ 001 og um 340 m sunnan við Orrustuhól 025. Hún er um 480 m SV við tóft 048 og um 35 m NV við Hróarslæk.
Tóftin er á smáþýfðum mosa- og lyngivöxnum mel sem nær suður að læknum. Í aðrar áttir er mýri.
Tóftin er um 6x4 m stór og hún snýr A-V. Tóftin er einföld með opi á miðjum suðurvegg. Hleðslur tóftarinnar eru grónar og hvergi sér í grjót í þeim. Þær eru hæstar um 0,4 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en nálægð hennar við Hróarslæk bendir til að hún sé líklega af veiðikofa.
Hættumat: engin hætta

RA-277:052 tóft sæluhús 63°49.699N 20°18.954V
Tóft er í Grafarnesi um 240 m vestan við tóft 051 og um 50 m norðan við Hróarslæk. Tóftin er í þýfðum móa , fast vestan í hólrana, umhverfis er mýri.
Tóftin er um 4x3 m stór og snýr N-S. Hún er opin til vesturs. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 0,6 m, hvergi sér í grjót í þeim. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en nálægð hennar við Hróarslæk bendir til að hún sé líklega af veiðikofa.
Hættumat: engin hætta



Tóftin,horft til austurs

RA-277:053 tóft óþekkt 63°49.609N 20°19.681V

Tóftin, horft til austurs



Tóft er um 620 m vestan við tóft 052 og um 30 m norðan við Hróarslæk, þar sem hann rennur í bugðu til norðurs. Hún er um 1 km SV við Gröf 022.
Tóftin er á mosavöxnum, þýfðum mel.
Tóftin er aðeins um 2x1 m stór og snýr A-V. Op er í suðvesturhorni hennar. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,25 m, hvergi sér í grjót í þeim. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt. Hér hefur hugsanlega verið lítill smala- eða veiðikofi eða jafnvel heystæði.
Hættumat: engin hætta

RA-277:054 tóft útihús 63°50.004N 20°19.024V



Tóftin, horft til norðausturs

Einföld tóft er í túninu á Gröf, um 110 m SV við þústarhólinn 022.
Tóftin er fast vestan og norðan við læk sem hér rennur í gegnum túnið, á þýfðu grasivöxnu svæði. Norðar er mýri.
Tóftin er um 4x3 m stór og snýr A-V. Hún er einföld. Ekki er ljóst hvar op hefur verið á tóftinni þar sem hún er að nokkru leyti hlaupin í þúfur. Líklega hafa þær verið í SV horni hennar. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 0,4 m, hvergi sér í grjót í þeim. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en fjarlægð hennar frá Gröf 022 bendir til að hér hafi verið útihús frá býlinu.
Hættumat: engin hætta

RA-277:055 garðlag túngarður 63°50.016N 20°18.962V

Túngarðurinn, horft til SSV

Garðlag liggur A-V, 10 m sunnan við bæjarhólinn á Gröf 022 og það er líklega síðustu leifar túngarðs býlisins.
Garðlagið liggur í þýfðum móa.
Vestur endi garðlagsins er um 10 m sunnan við hólinn. Þaðan liggur það um 40 m til austurs. Þar er það um 50 m sunnan við hólinn. Á báðum endum hverfur það í þýfi. Garðlagið er um 0,3 m hátt og um 0,4 m breitt. Það er eingöngu hlaðið úr torfi.
Hættumat: engin hætta



RA-278 Eystri Kirkjubær

Jarðadýrleiki óviss 1711, Skálholtskirkjueign. 10 hdr, 1847, bændaeign.
[1367]: "xxiij. Mariukirkia j kirkiubæ er helgud vorre fru. hun a þriu kugillde" DI III 217 1397: Máldagii kirkjunnar DI IV 84 {1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 59}
"Elstu heimildir sem geta um Kirkjubæ eru Landnámabók og Njálssaga er segja frá Otkeli Skarfssyni (eða Hallkelssyni) sem þar bjó á 10. öld. Þar sem kirkja var í Eystri-Kirkjubæ en ekki í Vestri-Kirkjubæ, verður að álíta að það sé Eystri-Kirkjubær sem sögurnar greina frá. ... Í jarðaskrám Skálholtsstóls 1589 er hún nefnd Minni-Kirkjubær og 1655 er hún kölluð Efri-Kirkjubær í bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar." VS: Rangvellingabók, 76; ÍF XII, 120. Hálfkirkja var þar. Jörðin átti engjapláss í Sökkum í Bjólulandi 1709. JÁM I, 250 "Land jarðarinnar er valllendi og mýri, beitiland gott, en hluti landareignar er þó örfoka sandur, nú innan sandgræðslugirðingar ..." SB V, 83
1655: "Þá jörð hefur sandur eyðilagt og liggur fljótlega við spjöllum ef rækslu brestur." VS: Rangvellingabók, 77. 1711: "Túninu spillir sandfjúk. Högum grandar blástur, líka sandur." JÁM I, 250. 1840: "Útigangur nokkur, en heyskapur enginn utantúns, liggur undir áföllum af sandfoki og gengur af sér." 1849: "Tún ekki stór, en allgrasgefin og engjr nokkrar. Land kafið og gott. Gripagagn í meðallagi." 1882: "Þessi jörð er fremur rýr að högum og slægjur litlar og aðeins í grasárum." VS: Rangvellingabók, 77-78 1917: Tún 1,6 ha, þar af 0,4 ha slétt, garðar 1670 m² 1940: "Túnjarðvegur: Harður, sendinn. Engjar: Reytingssamar, greiðfærar og þýfðar. Valllendi og mýrgresi. Fremur þurrlendar. Beitiland: Mýri og vallendi með kvisti. Gott fyrir allan fénað." VS: Rangvellingabók, 77-78

RA-278:001 *Eystri Kirkjubær* bæjarhóll bústaður 63°49.641N 20°13.837V

Bæjarhóllinn, horft til VNV

Eystri-Kirkjubær stóð um 30 m SA við syðra íbúðarhúsið sem nú er á jörðinni, um 745 m SA við Vestari-Kirkjubæ 277:001.
Þar sem bærinn stóð er nú sand- og malarplan á hól sunnan og austan við núverandi íbúðarhús.
Þar sem bærinn stóð er talsverður hóll séð frá suðri og austri sem fellur inn í landið til norðurs og vesturs. Hann er um 80x55 m stór, snýr ASA-VNV og um 4 m hár. Suðaustast á honum er mikið af hellum og steinsteypuleifar. Samkvæmt Guðjóni Sigurðssyni (f. 1954) heimildamanni var síðasta íbúðarhúsið á þessum stað byggt á fjórða áratug síðustu aldar og var það rifið árið 2005. Uppdráttur af bænum eftir Helgu Skúladóttur er varðveittur í bók hennar, Rangárvellir. Þar segir fyrir neðan uppdráttinn: " Mæling er ekki til af þessum bæ. Húsið er 20 ára (1930), járnvarið og nokkuð stórt (eftir Hjört "snikkara" Oddson),og var þar samkomustaður ungmennafélagsins í nokkur ár. Húsið til hægri er gömul hlaða, og nýrri hlaða til vinstri, út frá bæjardyrum. Þar norður af er fjós og hesthús. - Síðar (1934) var þarna byggt veglegt steinhús." Talsvert rask hefur átt sér stað á hólnum og hefur honum að hluta verið rutt út.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917. HS, viðauki.

RA-278:002 heimild um hálfkirkju 63°49.616N 20°13.849V
Hálfkirkju á Eystri Kirkjubæ er getið í heimildum. Elsta heimildin um hana er máldagi frá 1367 en í honum segir: "xxiij. Mariukirkia j kirkiubæ er helgud vorre fru. hun a þriu kugillde" Máldagi kirkjunnar frá 1397 er einnig varðveittur, þá er hálfkirkjunnar getið í handriti frá 1598. í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709 segir: " Hjer hefur í gamaldaga hálfkirkja verið löngu fyrir manna minni". Hörður Thorarensen (f. 1926) taldi hálfkirjuna hafa staðið um 45 m sunnan við bæ 001 og um 45 m NV við Síkið.
Þar er nú slétt tún.
Engin ummerki kirkjunnar sjást í sléttu túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM I, 249; DI III 217, DI IV, 84; AM 263 fol. bl. 59.

RA-278:003 heimild um útihús 63°49.578N 20°13.929V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 100 m austan við bæ 001.
Þar er nú slétt tún.
Engin ummkerki hússins sjást í sléttu túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-278:004 tóft+garðlag hesthús 63°49.720N 20°13.675V

Tóftin, horft til norðausturs

Tóftin, horft til vesturs



Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 170 m NA við bæ 001. Þar er nú tóft og garðlag.
Tóftin er í sléttu túni, austan við hana hallar landi niður að Síkinu en norðar er smáþýfður mói.
Tóftin og garðlagið ná samanlagt yfir svæði sem er um 200x40 m stórt og snýr A-V. Tóftin er um 19x9 m stór og snýr A-V. Hún skiptist í þrjú hólf og garðlög ganga út frá henni til vesturs og austurs. Stærsta hólf tóftarinnar, hólf I, er vestast., Það er um 12x7 m að innanmáli, snýr A-V, með opi á miðjum vesturvegg. Hólf II og III eru bæði austan við hólf I. Hólf II er sunnar, það er um 3x2 m að innanmáli, snýr A-V og er opið til austurs. Hólf III er um 4x3 m að innanmáli. Það snýr N-S og er opið til austurs. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 1 m og allvíða sér í grjót í þeim enda hellutekja (sjá 008) skammt frá. Hellunum er raðað á nokkuð óvenjulegan hátt í hálfgerða klömbruhnausar-hleðslu. Slíkt er einstakt með grjóthleðslu þó að nokkur dæmi um það finnist á þessum slóðum. Þannig eru þær upp á rönd um 3-4 samsíða í einskonar knippi sem halla svo sitt á hvað til hægri og vinstri. Frá NV horni tóftarinnar gengur garðlag til norðurs, um 5 m þar sem það beygir til vesturs. Þar er það um 30 m langt þar til það endar skyndilega. Annað garðlag gengur út frá SV horni tóftarinnar, það liggur til vesturs um 165 m þar sem það hverfur í slétt tún. Garðlögin eru um 0,8 m há og um 0,6 m breið, hlaðin úr torfi. Ágúst Sigurðsson, heimildamaður, kallaði tóftina hestarétt
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-278:005 *Preststættur* heimild
"Norður af mýrinni [Kirkjubæjarmýri] vottar fyrir gömlum tættum, sem heita Preststættur," segir í örnefnalýsingu. Heimamenn kannast hvorki viði örnefnið né tóftirnar. Þess ber að geta að Preststættur eru einnig skráðar á Vestri-Kirkjubæ en í örnefnaskrá þeirrar jarðar segir: "... ofan [við] Krók er stór hvammur, sem heitir Alviðra. Ofan við hvamminn heitir Smiðjunes, ofan við nesið Blesalág og ofan við hana Brynjunes. Í því er hóll, sem talinn er að vera [svo] fornt dys, Brynjuhóll. Langt þar fyrir innan eru Preststættur (í Brynjunesi)." (sjá 277:021). Hugsanlega er hér um sömu tóftir að ræða. Brynjunes sem er fyrir norðan Kirkjubæjarmýri hefur þó alltaf tilheyrt Vestari-Kirkjubæ. Tóft 012 gæti hugsanlega verið Preststættur, hún er fyrir norðaustan Kirkjubæjarmýri svo líklegra er að þar séu Sauðatættur sem einnig eru nefndar í örnefnaskránni, NA af Preststættum (sjá 006). Þar sem ekki er hægt að fullyrða að tóftir 012 sé Preststættur, hvorki þær sem nefndar eru í örnefnaskrá Vestari-Kirkjubæjar né þess Eystri, né er heldur unnt að fullyrða að einungis sé um einar Preststættur að ræða, verður örnefnið skráð hér sem og á Vestari-Kirkjubæ (277:021) þó ekki sé hægt að staðsetja örnefnið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Eystri-Kirkjubær, 1;Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 3

RA-278:006 *Sauðatættur* tóft beitarhús
"Norður af mýrinni [Kirkjubæjarmýri] vottar fyrir gömlum tættum, sem heita Preststættur [005]. Norðaustur af þeim [eru] aðrar tættur, Sauðatættur," segir í örnefnalýsingu. Heimamenn könnuðust hvorki við örnefnið né tóftir á þessu svæði. Um 1,2 km NA af bæ 001 er tóft 012 sem hugsanlega er þær Sauðatættur sem nefndar eru í örnefnaskránni, en ekki er hægt að fullyrða um það að svo stöddu. Svæðið er mjög víðfeðmt og erfitt að fullyrða að ekki séu aðrar tóftir á því en 012 en hún var sú eina sem fannst við vettvangsrannsókn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Eystri-Kirkjubær, 1

RA-278:007 *Djúpavað* heimild um vað 63°51.286N 20°11.111V
"Við girðinguna, sem skilur lönd Eystri-Kirkjubæjar og Reyðarvatns, er vað á læknum, sem heitir Djúpavað," segir í örnefnalýsingu. Djúpavað er á Hróarslæk. Það er um 3,8 km NA frá bæ 001 en um 500 m norðan við þjóðveg milli Gunnarsholts og Keldna.
Þar sem vaðið var á læknum eru bakkar hans lágir beggja vegna, að sunnan eru slétt tún en að norðan grasivaxið flatlendi.
Engin ummerki vaðsins sjást á þessum stað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Eystri-Kirkjubær, 1

RA-278:008 *Hellutak* náma 63°49.677N 20°13.595V

Hellurnar við Síkið, horft til austurs

"Neðan við túnið á Eystri-Kirkjubæ, rétt hjá Strandasíki, heitir Hellutak," segir í örnefnaskrá. Hellutakið er um 200 m austan við bæ 001, við Strandasíki. Þar voru hellur teknar í byggingar. Hellurnar liggja í læknum og austan við hann á berum sandinum.
Samkvæmt Herði Thorarensen (f. 1926) var hægt að ná í hellur á einum stað í læknum. Um 200 m austan við bæ 001 eru smávegis flúðir í læknum og þar er mikið af lausum hellum. Bakkar hans eru fremur brattir beggja vegna, að vestan er hann gróinn en að austan er ber sandurinn og þar sér í mikið af hellum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Eystri-Kirkjubær, 2

RA-278:009 varða landamerki 63°50.460N 20°12.912V

"Sandurinn austan við Strandarsíki heitir Geitasandur. Ofarlega á sandinum eru smálægðir í sandinum, sem heita Síkisbotnar. Við þá er melur, sem nefnist Geitamelur, og á honum stór Varða, en hún er hornmark milli Eystri-Kirkjubæjar og Reyðarvatns Stokkalækjar og Minna-Hofs [sjá fornleif 280:008]. Úr þessari vörðu liggur markið í vörðu, sem er í Litla-Síki. Það mark er á milli Minna-Hofs og Eystri-Kirkjubæjar," segir í örnefnalýsingu. Varðan er um 1,3 km NV af vörðu 280:008, um 580 m NA frá tóft beitarhúsatóft 012 og um 1,7 km NA við bæ 001.
Varðan er austast á mosavöxnu holti á grónum kletti. Holtið teygir sig lengra til vesturs en í aðrar áttir er gróinn melur.
Varðan er um 0,75 m há, ferhyrnd um 1x1 m stór. Hún er fremur fornleg og að hluta mosavaxin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Eystri-Kirkjubær, 2

Varðan, horft til norðausturs

RA-278:010 *Stöðull* tóft kvíar 63°49.749N 20°13.632V

Tóftin, horft til vesturs

"Neðan við túnið á Eystri-Kirkjubæ, rétt hjá Strandarsíki, heitir Hellutak ...[008] Upp af Hellutaki að vestanverðu heitir Stöðull," segir í örnefnalýsingu. Þar er tóft, um 60 m NA við hesthústóft 004 og um 260 m NA við bæ 001.
Tóftin er á grónu smáþýfðu svæði, um 10 m austar hallar landi bratt að Síkinu.
Tóftin er um 6x5 m stór og snýr NA-SV. Hún er einföld, með opi vestarlega á suðurvegg. Hleðslur tófarinnar eru hæstar um 1 m, hvergi sér í grjót í þeim.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Eystri-Kirkjubær, 2

RA-278:011 *Hólgarður* garðlag vörslugarður 63°49.746N 20°13.551V

Garðlagið, horft til norðurs

"Neðan við túnið á Eystri-Kirkjubæ, rétt hjá Strandarsíki, heitir Hellutak [008] ... Upp af Hellutaki að vestanverðu heitir Stöðull [010]. Norður af stöðli er garður, sem heitir Hólgarður, og upp af honum há brekka, Bólbrekka," segir í örnefnalýsingu. Syðsti endi Hólgarðs er um 60 m SA við kvíatóft 010 og um 200 m NA við bæ 001. Þaðan liggur hann til NA og þá vesturs.
Garðlagið liggur um smáþýfðan móa.
Garðlagið markar norður og vesturhliðar svæðis sem er alls um 625x200 m stórt og snýr A-V. Það er alls um 975 m langt. Það er víðast um 0,6 m hátt og um 0,5 m breitt. Frá suðurenda þess, þar sem það hverfur skyndilega, liggur það til NA um 170 m þar sem það beygir til NV, um 100 m. Þaðan liggur það til vesturs um 640 m þar sem það kemur á garðlag 014. Þaðan liggur það loks til VNV um 65 m þar sem það hverfur í skurð. Handan skurðarins er austurendi garðlags (277:035) í landi Vestri-Kirkjubæjar og hafa garðlögin líklega legið saman áður en skurðurinn var grafinn. Garðlagið er víða skorið af kindagötum. Hlutverk garðlagsins er óþekkt en staðsetning þess bendir til að hér sé um vörslugarð að ræða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Eystri-Kirkjubær, 2

RA-278:012 tóft beitarhús 63°50.151N 20°13.030V



Tóftin, horft til suðurs

Stór tóft er um 580 m SV við vörðu 009 og um 80 m norðan við Síkið, um 1,5 km NA af bæ 001.
Tóftin er á grónum mel, norðan gilskornings sem Síkið rennur í. Í aðrar áttir er hálfgróinn melur.
Tóftin er um 18x10 m stór og snýr N-S. Hún skiptist í sex hólf. Hólf I er í SV horni tóftarinnar, það er um 5x4 m að innanmáli, snýr A-V, með opi austast á suðurvegg. Hleðslur þess eru fremur lágar, um 0,5 m háar. Hugsanlega hefur verið gengt úr hólfinu inn í hólf III sem er norðan við það. Hólf II er austan við hólf I. Það er um 6x3 m að innanmáli, snýr N-S. Hleðslur þess eru um 0,4 m háar. Ekki er ljóst hvar eða hvort op hefur verið á því. Hólf III er fast norðan við hólf I. Það er um 6x4 m að innanmáli og snýr N-S. Hleðslur þess eru svipað háar og hólfs I, um 0,5 m. Austan við hólf III og norðan við hólf II er hólf IV. Það er að hluta til stungið niður í svörðinn. Það er um 4x3 m að innanmáli, snýr N-S. Hleðslur þess eru um 1,6 m háar ef mælt er innan frá en um 1,2 m háar ef þær eru mældar að utan. Vel sér í grjót í hleðslum þess, mest átta umför. Ekkert op er á hólfinu. Hólf V er norðan við hólf III. Það er um 5x3 m að innanmáli, snýr N-S. Hleðslur þess eru um 0,9 m háar. Víða sér í grjót í hleðslum þess. Hólfið er opið til norðurs. Hólf VI er austan við hólf V og norðan við hólf IV. Það er um 5x5 m að innanmáli, opið til norðurs. Hleðslur þess eru um 0,6 m háar. Tveir garðar eða jötur eru í hólfinu. Hleðslur þeirra eru nokkuð signar og úr lagi gengnar um 0,3 m háar. Hér hafa líklega verið beitarhús. Þau eru hugsanlega þær Sauðatættur sem nefndar eru í örnefnaskrá jarðarinnar (sjá fornleif 006) eða jafnvel Presttættur (sjá fornleif 005) en ekki er hægt að fullyrða um það að svo stöddu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Eystri-Kirkjubær, 2

RA-278:013 tóft smalakofi 63°50.424N 20°13.105V

Tóftin, horft til suðurs

Dældin, horft til suðvesturs



Um 170 m vestan við vörðu 009 og um 500 m norðan við tóft 012 er tóft hlaðin úr grjóti og dæld í melinn vestan við hana. Hún er um 1,5 km NNA við bæ 001.
Tóftin og dældin eru á grónu, grýttu melholti, vestar er hálfgróinn melur en gróinn mói í aðrar áttir.
Tóftin og dældin eru á svæði sem er um 14x11 m stórt og snýr A-V. Tóftin er um 5x5 m stór, opin til norðurs. Hún er eingöngu hlaðin úr grjóti. Talsvert hefur hrunið úr hleðslum hennar sem nú eru hæstar um 0,7 m. Um 7 m austan við tóftina er um 1,2 m djúp dæld. Hún er um 8x4 m stór og snýr N-S. Dældin er augljóslega manngerð en engar hleðslur eru við hana. Vera má að hún hafi verið grafin ofan í grýttan melinn til að ná í efni í kofann, en hún virðist helst til of stór til þess að það sé skýringin. Líklegra verður að teljast að hér sé um smalakofa að ræða og að fé hafi verið bælt í dældinni.
Hættumat: engin hætta

RA-278:014 garðlag landamerki 63°49.739N 20°14.301V

Garðlagið, horft til austurs

Landamerki milli Kirkjubæjarjarðanna 1801: "Að það gamla garðlag, sem finnst nærfelt mitt á milum nefndra bæja við (svokallað) Eyfalág, skuli vera virt landamerki millum téðra jarða fyrir alda og óborna hér eftir. Þetta garðlag liggur frá áðurnefndum stað, eftir sem næst verður komist allt norður á holtið eða svokallaðan Ás, þar garðurinn aftur sést skýrt, og þaðan rétta leið eður stefnu á vestri Búrfellsöxl, hvar víðast sér til hans allt norður í Hróarslæk." Garðlag liggur á merkjum Eystri- og Vestari-Kirkjubæjar (sem nú eru ein jörð, Kirkjubær). Norðurendi þess liggur að garðlagi 011, um 440 m NV við bæ 001 og um 360 m vestan við Vestari-Kirkjubæ 277:001. Í örnefnalýsingu segir: "Vestan við Strandarsíki móts við Geitasand eru jarðföll, það innsta þeirra heitir Djúpiskurður. Sunnan við hann er graslendi, Gerði" Sunnan við Djúpaskurð er garðlag sem liggur að landamerkjagarðinum og myndar með honum austur og suðurhliðar gerðis.
Garðlagið liggur um smáþýfðan móa.
Landamerkjagarðurinn og gerðishleðslan ná samanlagt yfir svæði sem er um 250x125 m stórt og snýr N-S. Landamerkjagarðurinn liggur N-S, frá garðlagi 011 (sem tengist garðlagi 277:035) til suðurs. Hann er rofinn af heimreið að Kirkjubæ en heldur áfram sunnan hennar, áfram til suðurs að Síkinu. Garðlagið er alls um 285 m langt, það er rofið af skurðum á tveimur stöðum sunnan heimreiðar. Það er hæst um 0,7 m og um 0,6 m breitt. Um 75 m norðan við suðurenda þess mætir það garðlaginu sunnan Djúpaskurðar. Það garðlag er alls um 95 m langt. Það liggur VNV-ASA. Það er um 0,8 m breitt og um 1 m hátt þar sem það er hæst. Frá vesturenda þess, þar sem það hverfur skyndilega, liggur það í um 65 m til VNV. Þar er um 10 m langt bil á því við þurran lækjarfarveg. Handan hans heldur garðlagið áfram, um 30 m til VNV þar sem það kemur á landamerkjagarðinn. Hugsanlega hefur verið nátthagi við landamerkjagarðinn sunnan Djúpaskurðar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 77; Ö-Eystri-Kirkjubær, 2.

RA-278:015 garðlag túngarður 63°49.537N 20°14.217V

Garðlagið, horft til austurs

Garðlag liggur sunnan við tún í Eystri-Kirkjubæ, um 370 m VSV við bæ 001.
Garðlagið liggur á mörkum sléttaðs túns og hálfgróins mels.
Túngarður hefur líklega girt af tún eða hluta túna á Eystri-Kirkjubæ en lítil merki hans sjást nú. Hann er þó enn greinilegur á um 85 m löngum kafla sunnan við tún. Þar liggur garðlag SV-NA, það er um 0,6 m hátt og um 0,8 m breitt. Garðlagið hverfur skyndilega í báða enda þar sem því hefur líklega verið raskað við sléttun túns.
Hættumat: engin hætta

RA-278:016 heimild um kálgarð 63°49.622N 20°13.861V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast sunnan við bæ 001.
Suðurhlíð bæjarhólsins er gróin og þar er mikið og hátt gras. Sunnar eru slétt tún.
Engin ummerki garðsins eru greinileg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-278:017 heimild um kálgarð 63°49.626N 20°13.887V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður um 40 m SSV við bæ 001.
Suðurhlíð bæjarhólsins er gróin háu grasi. Þar sem kálgarðurinn var er nú slóði niður af hólnum til suðurs út á tún.
Engin ummerki garðsins eru greinileg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-278:018 vegur traðir 63°49.635N 20°13.887V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 lágu traðir að bænum 001 úr norðri.
Traðirnar hafa legið um það bil þar sem nú er heimreið að núverandi bæ, fram hjá honum lengra til suðurs, þar sem nú er malarplan og þá niður túnið til SSV.
Samkvæmt túnakortinu lágu traðirnar að bænum úr norðri og frá honum til SSV. Um 40 m VSV við bæ 001 má aðeins sjá móta fyrir þeim í háu grasi. Þar eru þær um 2 m breiðar. Sunnar hverfa þær í slétt túnið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-278:019 gata leið 63°50.316N 20°12.553V

Göturnar, horft til norðausturs

Skýrar götur eru greinilegar um 1,6 km NA frá bæ 001 og um 400 m SA við vörðu 009. Göturnar eru um 500 m austan við tóft 020.
Göturnar liggja í grasi- og mosavöxnum melnum.
Hér eru grunnir skorningar í melnum á um 8 m breiðu svæði, þeir eru um 0,05-0,15 m djúpir. Göturnar liggja N-S í stefnu frá Kirkjubæ að Reyðarvatni. Til suðurs hverfa þær í melinn en til norðurs ná þær svo langt sem augað eygir.
Hættumat: engin hætta



RA-279 Stóra Hof

50 hdr. 1711 Landnámsjörð Ketils Hængs. ÍF I, 347-348. Jarðarinnar getið í Njálu XII, 68. 1198: Páll bp vígir kirkju, - Jarteinabók 1199, Bsk I, 334, sbr. Þorlákssaga yngri, Bsk I, 316. [1367]: Máldagi kirkjunnar. DI III 217 1397: Máldagi kirkjunnar. "Jtem jordina a Draflalausu Þa er Olafur Þollaksson oc Pall Jngialldsson logdu til fyrer refla oc tyunda Reikning." DI IV 84. "Heimildir um fyrstu byggð á Hofi er að finna í Landnámabók, enda jörðin landnámsjörð fyrst byggð um 879. Í Egils sögu Skallagrímssonar er einnig sagt frá landnámi á Hofi og er hún elst þeira fornrita sem geta bæjarins skráð um 1220-1230. ... Ketill Þorkelsson hængur eignaðist land að Hofi við landnám og niðjar hans sem bjuggu þar, hafa vafalaust einnig verið eigendur jarðarinnar. Frá því snemma á 11. öld og fram á síðari hluta 16. aldar eru eigendur Stórahvols ókunnir, nema hvað líklegt er að Ólafur Þorláksson og Páll Ingjaldsson sem gáfu Hofskirkju jörðina Draflaleysu fyrir 1397 hafi verið eigendur jarðarinnar. Sigmundur Þórólfsson lögsagnari á Stórahofi hefur átt alla jörðina og synir hans Ögmundur og Páll fengið hana að helmingi hvor. Ögmundur Sigmundsson seldi Guðmundi Eyjólfssyni mági sínum helming jarðarinnar 30. apríl 1605, en hinn hlutann keypti Guðmundur 12. maí 1616 af Erlendi Jónssyni presti í Miðdal með samþykki konu hans Katrínar Einarsdóttur ... Eftir Guðmund hafa synir hans Þórólfur, Sigmundur og Magnús erft Stórahof að þriðjungi hver. Þórólfur seldi þeim Sigmundi og Magnúsi sinn hluta 2. des 1635 ... Magnús Guðmundsson seldi 28 jan. 1652 Katrínu Erlendsdóttur rúku á Stórólfshvoli sinn helming Stórahofs, 25 hundruð að dýrleika, og 5 ágúst 164 seldi Sigmundur Guðmundsson Katrínu sinn helminginn. Að Katrínu látinni 1694 hefur dóttir hennar Salvör Vigfúsdóttir ... erft jörðina." VS: Rangvellingabók, 411. Jörðin átti skógarítak til eigin þarfa í Næfurholtslandi 1709, einnig fjörðustúf í Eystri Landeyjum með Breiðabólstað, Kollabæ og Múla. 15 hdr. 1847. Hálfkirkja var hér. Í túninu var eyðihjáleigan Hofshjáleiga 1709 og þá er einnig nefnt örnefnið Draflaleysa og var talið að þar hefði verið býli. JÁM I, 249 "Gróið land jarðarinnar skiptist í vallendi og mýri og er gott beitiland." Nýbýlið Hofteigur var stofnað árið 1958. SB V, 81-82
1711: "Túninu hefur sandfjúk stórlega grandað og helmíng, að menn meina af því tekið um næstu 20 ár. Spillir það líika mikið húsum og heyjum, jafnvel mjólk í húsum í stórviðrum. ... Engjaslægja er ærið slæm." JÁM I, 248-249 1850: "Túnið er stórt og víða ógreitt til sláttar, bæði sökum þýfis og svo eru í því harðlendir og snöggir balar, sem eru harðslægir í rekju auk þess heldur í þerrir. - Úr flóðum í nesi því sem nefnist Hofsnes fást í betra meðalári 60 hestar af því heyi sem gefa má kúm, eru þau blaut og vatnsmikil og verður að draga heyið upp úr

þeim á hestum. Aðrar utantúnsslægjur eru lítilfjörlegar. Heyið er þrotalétt og seintekinn heyskapur bæði sökum þýfis og sneggju, þar víða verður að henda topp og topp innan um hagana hvar fénaður á að ganga á sumrum. - Hagarnir eru kostalitlir fyrir málnytu, svo gagn hennar er í kalara meðallagi einkum hvað ærnar áhrærir. - Útigangur fyrir fé á vetrum engan veginn góður ... Landareign jarðarinnar hefur fyrrum verið stór, en nú er mikið af henni komið í sand sem árlega eykst og færir sig meir og meir upp á graslendið, - blöðrumelar sem hér voru eru að mestu afblásnir." 1882: "Þessi jörð hefur lítilfjörlegar slægjur en allgóða haga einkum fyrir hross og er nú talsvert spillt bæði að slægjum og högum af sandfoki." VS: Rangvellingabók, 413 1917: Tún 8,8 ha, þar af 5 ha slétt, garðar 1979 m² 1940. Tún: Að mestu vélfært. Jarðvegur: Allgóður. Engjar: Samfelldar. Vélfært og greiðfært. Þurrlendar. Beitiland: Mýri og valllendi, allvíðlent, snjólétt og gott fyrri sauðfé og hross, lakara fyrir kýr." VS: Rangvellingabók, 413

RA-279:001 *Stóra Hof* bæjarhóll bústaður 63°47.786N 20°12.656V

Bæjarhóllinn, horft t il norðurs



Bærinn á Stóra-Hofi stóð upphaflega uppi á graslendisbrún, um 850 m NV við núverandi íbúðarhús á bænum og um 200 m norðan við þjóðveg. Þaðan var hann fluttur á 18. öld, líklega um 1760-80 (sjá fornleif 006) þar sem hann stóð þar til Einar Ben flutti hann á núverandi stað um 1900 (sjá fornleif 008). Þessa fyrsta bæjarstæðis, sem hér er skráð er getið í grein Páls Sigurðssonar um forn örnefni frá 1886, þar segir: "Bær sá er Ketill bygði [001], er nú fyrir löngu í eyði, vegna sandblásturs, var hann þá fluttur neðar, nær Rángá, þángað sem goðahofið áðr stóð [sjá 006]; en sumar sagnir eru, að hofið hafi staðið þar, sem nú er bæirnn, - aðrir segja að það hafi staðið örskammt frá bænum í túninu; þar sést votta fyrir fornri byggingu". Þess er einnig getið í öðrum heimildum Í grein Sigurðar Vigfússonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags 188-92 segir:"Fyrir norðan bæinn eru sléttar grundir grasi vaxnar; en fyrir ofan þetta sléttlendi er löng brekka, enn lág, og er aflíðandi suðr að bænum. Þar hefir hinn forni bær á Hofi staðið, svo sem 400 faðma norðr frá bænum nú, eða rétt mælt 370 faðma. Þar er nú alt uppblásið og þess vegna hefir bærinn verið fluttr. Þar eru tveir hólar, sem bærinn hefur staðið, og er sín varða á hvorum stað. Einkanlega hafa bæjarhúsin staðið á hinum eystra hól; þar sést fyrir steinaröðum af hleðslu utan í hólnum og grjót á stangli, enn ekki sést fyrir verulegum tóftum þar, því það er alt blásið." Í örnefnalýsingu jarðarinnar segir: "Stóra-Hof hefur gengið mjög af sér á liðnum öldum. Allur Stórholfsvöllur er örblásinn fram á brún og þar með Hof hið gamla, bær Ketils hæng. Hann stóð upp á brúninni í hánorðurs af bænum nú. Þar er nokkurt seinni tíma gróðurhrúgald. Árið 1711 lá jörð og tún undir störum spjöllum af sandi og túnið hafði þá minnkað um helming síðustu 20 ár. Sennilega hefur Hof Ketils farið af skömmu seinna. Skúli á Keldum gizkar á árið 1728, þá var harðindaár mikið, en sandárin fylgja í kjölfar harðindaáranna." Samkvæmt jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín var tvíbýli á jörðinni árið 1709 og bæirnir tveir en skammt á milli þeirra. Þeir munu þeir því báðir hafa staðið á þessari graslendisbrún.

Bæjarstæðið er á gróinni graslendisbrún, norðan við hana er gróið undirlendi þar til uppblásinn sandurinn tekur við. Að sunnan er lág brekka niður að hálfgrónum melnum.

Bæjarstæðið er friðlýst. Í friðlýsingarskrá segir: "Bæjarrústir gamlar í graslendisbrúninni uppi við sandinn fyrir ofan bæinn." Graslendisbrúnin er löng, snýr SSV-NNA. Engar skýrar rústir eða mannverk eru á henni. Sunnar- og austarlega á henni þar sem landi hallar fremur bratt til suðurs eru þó stakir toppar nokkuð grunnsamlegir því umhverfið er flatlent. Þeir eru á svæði sem er um 300x100 m stórt og snýr A-V. Ekkert greinilegt byggingarlag er þó á þeim. Þrír toppar eru mest áberandi. Sá vestasti er um 5x5 m stór og um 0,9 m hár með hundaþúfu á toppnum, um 5 m NA er annar. Hann er um 10x10 m stór og um 0,3 m hár. Sá þriðji er um 90 m austan við þann fyrsta. Hann er um 7x7 m stór og um 1 m hár, syðst og austast á svæðinu. Heimildamönnum bar saman um að hér væri gamla bæjarstæði Ketils hængs og það kemur vel heim og saman við ritaðar heimildir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:JÁM I, 246; Ö-Stóra-Hof, 2; ÁG, 67; Árbók 1888-1892, 50; PS, 499

RA-279:002 heimild um kirkju 63°47.410N 20°12.065V

Hóllinn, horft til suðausturs

Kirkju á Stóra-Hofi er getið í heimildum. Elsta heimildin er frá 1198: "Páll bp vígir kirkju, - Þá var vátviðri mikit,, En sa er Þar bio. aTi von til sin margra gesta oc vaNdamaNa. en Þar var eki sva ørvGr hvsa costr. at eki Þette Þar beina spell møNdo verÞa at husa dropom oc fata meiÞing. ef eki leTe vatviÞri Þvi eno mikla er a var.. Heitið á Þorlák - at enom sela Þorlaki biscopi scylde helga Þa kirkio meÞ GvÞe oc helgom moNom. ef veÞrit ÞornaÞe at none dax oc eki siÞaR. En veÞrit ÞornaÞe iamt at aqveÞiNe stvndo. oc var su kirkia vigÞ fyrst til glorie enom sela Thorlaci biscopi,"; Jarteinabók 1199, Bsk I, 334, sbr. Þorlákssaga yngri, Bsk I, 316. Þá er hennar getið árið 1367: "a iiij kyr. les Vilchinsbok Þui Þetta ber alltt saman"; Hítardalsbók DI III 217 og árið 1397: "hun a .iiij. kyr. giefa skal nyt vndann tveimur ad morni Laugardaga edr Drottinsdaga. Kirkia ad Hofi a heima ad taka tijund syna oc af Þrem bæiumm audrum halfann vaxtoll oc annann huern dag helgann saung og fiorda hvern ottusong. og Þesa daga yfer ef eij hlytst kirkiumessa. Þollaksmessur badar allar tijder. kyndilmessu oc paskadag. kirkiann a mork vax. eyri reykelsis .ij. merkur ad giallda presti og fædi med hverri messu mann edr hest millum veturnatta oc sumarmäla Jtem jordina a Draflalausu Þa er Olafur Þollaksson oc Pall Jngialldsson logdu til fyrer refla oc tyunda Reikning"; Máld DI IV 84. Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "Hjer hefur fyrir 5 eða 6 árum hálfkirkja verið og embættað af prestinum að Odda, Þegar heimafólk gekk til sacramentis, nú er bænhúsið af fallið"; JÁM I: 247. Þegar kirkja var á staðnum var bærinni uppi á graslendisbrúninni (sjá 001) og því verður að teljast líklegt kirkjan hafi verið þar nálægt. Bæring Sigurbjörnsson á Stóra-Hofi sagði hins vegar að hann hafi alltaf heyrt að kirkjan hafi staðið um 850 m SSV við bæjarstæðið 001 og um 190 m VSV af núverandi íbúðarhúsi (sjá fornleif 008). Kirkjan var því skráð þar.

Þar er nú lágur hóll í sléttu túni.

Hóllinn er um 10x20 m stór og snýr A-V. Hann er um 0,5 m hár. Engin skýr ummerki bygginga sjást á svæðinu enda hefur það verið sléttað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bsk I, 334, 316; DI III, 217; DI IV, 84; JÁM I, 247.

RA-279:003 heimild um fjós 63°47.462N 20°11.884V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 2 m sunnan við bæ 008. Bæring Sigurbjörnsson (f. 1958) man eftir fjósi og hlöðu á þessum stað.

Þar er nú suðurhluti útihúsasamstæðu sem nú stendur við íbúðarhúsið.

Gróinn rani gengur út frá útihúsasamstæðunni til vesturs. Það munu vera leifar þeirra húsa sem hér stóðu áður en núverandi útihús voru byggð. Raninn er augljóslega hlaðinn úr grjóti, en nú glittir aðeins í það á stöku stað. Hann er um 16x10 m stór, snýr SV-NA. Hleðslurnar eru hæstar frá suðri um 2 m, en lægri úr norðri, um 1 m.

Heimildir:Túnakort 1917

RA-279:004 hús útihús 63°47.486N 20°11.852V

Hleðslan, horft til norðausturs



Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 20 m ANA við bæ 008.

Þar er nú norðausturhluti þeirrar útihúsasamstæðu sem nú stendur austan við íbúðarhúsið.

Útihúsasamstæðan er greinilega reist á gömlum grunni. Í norðausturhluta

hennar er nú bárujárns-, og að hluta steinsteypt, bygging og út frá henni gengur hlaðinn rani. Hann er alls um 16x10 m langur A-V. Vel sér í grjóthleðslur, fast upp við bygginguna, á um 5 m löngu bili. Þar eru mest um 10 umför greinileg. Hleðslurnar eru hæstar um 3 m úr SA, en hann fellur inn í bæjarhólinn til vesturs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-279:005 *Goðalág [Hof]* heimild 63°47.398N 20°11.920V
Allmikið hefur verið ritað um Hofið á Stóra-Hofi og tóftin er friðlýst. Þó liggur nokkur vafi á staðsetningu hennar og heimildum kemur illa saman um hana. Í örnefnalýsingu jarðarinnar segir: "Í túninu. Goðalágar liggja útsuður af bænum, og er Goðahús í þeim. Grafið hefur verið í það, en ekkert fundizt. Mun þar hafa verið hof það, er bærinn dregur nafn af." [Þegar skráin er rituð stóð bærinn þar sem hann stendur nú, sjá 008]. Páll Sigurðsson skrifaði um hofið í grein sinni um forn örnefni árið 1886: "Bær sá er Ketill bygði, er nú fyrir löngu í eyði, vegna sandblástrs, var hann þá fluttr neðar, nær Rángá, þángað sem goðahofið áðr stóð; en sumar sagnir eru, að hofið hafi staðið þar, sem nú er bæirnn, - aðrir segja að það hafi staðið örskammt frá bænum í túninu; þar sést votta fyrir fornri byggingu." [Þegar greinin er rituð stóð bærinn þar sem hann var á 19. öld, sjá 006]. Kristian Kaalund segir frá hofinu í Íslenskum sögustöðum: : "Nafn sitt hefur bærinn [Stóra Hof] auðvitað af því, að þar var, eins og víða annars staðar á Íslandi, sett goðahof, en þó er það ekki nefnt í sögunum. Munnmæli herma, að staður einn, sem er nú í túninu, hafi fyrrum verið nefndur Goðalágar. [Nmgr. Í fornminjaskýrslu frá Odda er þetta nafn sett í samband við orðið goði og talið að hofið hafi staðið á hæðinni fyrir austan.] Þar er löng grasivaxin laut eða drag, og þar er hoftóftin. Er hún aflöng, 5 faðma löng, en breidd er 4.5 faðmur". Sigurður Vigfússon gróf í hina meintu tóft árið 1883 og fann hvorki gólfskán né grjót í veggjum. Í skýrslugerð hans í Árbók árið 1892 segir: "Austr frá bænum nýja Hofi [006], austr á brekkunni við túngarðinn er sýnd hoftóft; hún er mjög niðrsokkin og vallgróin, og þannig orðin mjög óglögg; þó mun óhætt að fullyrða, að þetta er forn tóft; hún hefir frá ómuna tíð, svo lengi sem menn vita, verið kölluð hoftóft eða goðahús. Rétt fyrir sunnan hoftóftina heitir Goðalág, stór laut og nokkuð djúp. Tóft þessi snýr frá austri til vesturs; í vestra enda hennar sýnist vera afhús og þar þykkr millumveggr með engum dyrum á (það er glögt). Í nyrðra hliðvegg við milliveggin sýnast dyrnar hafa verið. Afhúsið er orðið mjög ógreinilegt, því að tvö lambhús hafa verið bygð við enda þess, eða ofan á gaflhlaðið. Tóftin er 48 fet á lengd að lambhúsunum, að því er mælt verðr, og 18 fet á breidd. Það sem eg gat mælt af afhúsinu, var um 17 fet af miðjum milliveggnum." Þá skrifar Brynjúlfur Jónsson um uppruna bæjarnafnsins í Árbók fornleifafélagsins árið 1893: "Ekki er hægt að segja með vissu, hvar hofið að Hofi hefir staðið. Nálægt Stóra-Hofi sjást engar fornar rústir, en hjá Minna-Hofi er talsvert af rústum og girðingum frá fyrri öldum. Þar mun því hoftóftarinnar að leita." Í friðlýsingarskrá frá 1990 er vitnað í Árbók hins íslenska fornleifafélags, skýrslu Sigurðar Vigfússonar, og þar segir: "Hoftóft forn, rjett fyrir norðan svo-nefnda Goðalág, austur frá bænum, austur á brekkunni" sé friðlýst.
Samkvæmt örnefnakrá jarðarinnar var hofið suðaustur af bæ, þar sem hann stendur nú. Samkvæmt Páli Sigurðsyni var það þar sem bærinn stóð á 19 öld 006. Það hefur líklega verið um 740 m NA við þar sem bærinn stendur nú 008. Samkvæmt Sigurði Vigfússyni var það austur af bæ, þar sem hann stóð á 19. öld, norðan við Goðalágar. Staðsetning hofsins verður enn óskýrari þar sem ekki er vitað hvar bærinn stóð á 19. öld þó hann hafi verið staðsettur eftir bestu getu þá er ekki hægt að fullyrða með vissu að hann hafi verið nákvæmlega þar (sjá fornleif 006). Bæring Sigurbjörnsson, á Stóra-Hofi, sagði frá stað í túninu sem hann hafði heyrt að væri friðlýstur. Hann er um 145 m SSV við bæ 008 og um 940 m SSA við 001. Þar er hóll og fast austan við hann er lág í sléttu túninu. Lágin er um 50 m sunnan við þar sem kirkjan 002 var skráð. Engin mannaverk eru á hólnum sem er stór og ugglaust náttúrulegur né heldur í láginni. Það verður að teljast fremur ólíklegt að Ketill hafi byggt sér hof nær 1 km sunnan við bæ 001, því var annað hnit (B) tekið í lág NA við bæ Ketils 001. Þar er gróið drag, austan við graslendisbrúnina sem bærinn stóð á. Engin ummerki fornleifa sjást í draginu. Það er um 200 m NA við 001. Í þriðja lagi má vera að hofið hafi staðið þar sem Páll Sigurðsson taldi það hafa verið, þ.e þar sem bærinn stóð á 19. öld (sjá 006). Segja má að Brynjólfur hafi komist næst lagi þegar hann sagði ekki væri hægt að segja með vissu hvar hofið stóð.
Heimildir:KK 1, 162; Árbók 1888-1892, 52-53; Ö-Stóra-Hof, 5; ÁG, 67; PS, 499

RA-279:006 *Stóra Hof* bæjarstæði bústaður 63°47.757N 20°12.548V



Bæjarhóllinn (efst í hægra horni) og umhverfi hans, horft til suðurs

Bærinn á Stóra-Hofi 001 stóð á sama stað fram á 18. öld á Hofsvelli. Bærinn var líklega fluttur um 1760-80. Þaðan flutti Einar Ben hann á núverandi stað rétt eftir síðustu aldamót. Í grein Páls Sigurðssonar, Um forn örnefni, frá 1886 segir: "Bær sá er Ketill bygði, er nú fyrir löngu í eyði, vegna sandblástrs, var hann þá fluttr neðar, nær Rángá, þángað sem goðahofið áðr stóð; en sumar sagnir eru, að hofið hafi staðið þar, sem nú er bæirnn, - aðrir segja að það hafi staðið örskammt frá bænum í túninu; þar sést votta fyrir fornri byggingu." Ekki er vitað hvar bærinn stóð á 19. öld, frá því að hann var fluttur af Hofvelli þangað til Einar Ben flutti hann á núverandi stað. Um 115 m SA við 001 og um 740 m NNV við bæ 008 er dálítill hóll og byggingaleifar umhverfis hann í hálfgrónum sandinum, hugsanlega leifar 19. aldar bæjarins.
Hóllinn er rofinn frá brekkubrúninni sem 001 stóð á og nú (2007) er sandflag þar á milli sem teygir sig til austurs. Sunnan og vestan við hann er graslendi.
Hóllinn er um 25x12 m stór og snýr A-V. Hann er um 1 m hár. Engar skýrar hleðsluleifar eru á hólnum. Umhverfis hann eru byggingarleifar og gripir á víð og dreif, á svæði sem er alls um 60x60 m stórt. Þar er talsvert spýtnabrak, járnrusl og hleðslugrjót. Einnig eru glerbrot og leirkerabrot í sandinum sem og aðrir hlutir s.s. gamlir skór og mjólkurbrúsalok. Leifarnar benda til þess að hér hafi verið bygging. Þó ekki sé hægt að fullyrða það án efa að bærinn hafi staðið á þessum stað þá verður það að teljast líklegast út frá staðsetningu og umfangi minjanna.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 145; Haraldur Matthíasson: Landið og landnáma II, 425; PS, 499

RA-279:007 heimild um hesthús
"Suður af Gamla-Hofi vottar fyrri gamalli hleðslu og heitir hún Hestarétt, mun hún frá ævagamalli tíð," segir í örnefnalýsingu. Hér er að öllum líkindum átt við sömu tóft og Sigurður Vigfússon lýsir í Árbók fornleifaélagisins: "Niðr frá bænum á grundinni er ákaflega stór forn tóft kringlótt, enn dálítið aflöng; hún er 16 faðmar í þvermál; dyr vestr úr. Þetta hefir auðsjáanlega verið hestarétt, því haugr sést uppgróinn vestr frá dyrunum."
Ekki er vitað hvar þessi tóft var. Í örnefnalýsingunni er líklega átt við upprunalega bæjarstæðið 001 en Sigurður á líklega við bæjarstæðið á 19. öld, þ.e. 006. Sunnan við 001 er ber sandur og þá hálfgróinn melur niður að vegi. Suður af 006 er graslendi að þjóðvegi og sunnan hans eru sléttuð tún. Svæðið á milli bæjarstæðanna 001, 006 og 008 var gengið fram og til baka við vettvangsskoðun en engin tóft eða þúst sem kemur heim og saman við þessar lýsingar fannst. Þúst 043 var skráð um 110 m vestan við 006 og um 60 m sunnan við 001 hún gæti hugsanlega verið leifar Hestaréttarinnar en ekki er hægt að fullyrða um það að svo stöddu. Önnur óþekkt tóft 011 var skráð sunnan við bæjarstæðin en hún er of nýleg til að geta verið sú rétt sem Sigurður segir frá.
Heimildir:Ö-Stóra-Hof, 2; Árbók 1888-1892, 50.

RA-279:008 *Stóra Hof* bæjarhóll bústaður 63°47.474N 20°11.906V

Bæjarhóllinn, horft til NA

Bærinn á Stóra-Hofi stóð á sama stað fram á 18. öld á Hofsvelli, 001, bærinn líklega fluttur um 1760-80. Þaðan flutti Einar Ben hann á núverandi stað rétt eftir síðustu aldamót. Húsið sem merkt er á túnakort frá 1917 var byggt árið 1909 eftir að eldra hús, byggt 1903, brann. Það er um 850 m SSA við 001. Húsið er timburhús á steinsteyptum grunni með kjallara. Það er á tveimur hæðum.
Vestan og norðan við húsið eru slétt tún en að sunnan og vestan er smáþýft votlendi.
Húsið stendur á hól. Hann er um 120x60 m sórt snýr, A-V. Hóllinn er hár séð frá suðri og suðaustri en fellur inn í landið til norðurs og vesturs. Hann er hæstur um 10 m, ugglaust að mestu leyti náttúrulegur, enda hefur bærinn ekki staðið hér lengi. Fast suðaustan við íbúðarhúsið er útihúsasamstæða á hólnum, að norðaustan er malarplan en ræktaður garður í aðrar áttir. Uppdráttur af bænum eftir Helgu Skúladóttur er varðveittur í bók hennar, Rangárvellir. Fyrir neðan uppdráttinn stendur: "A íbúðar-timburhús (8,9x9x8 m.)".
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; HS, viðauki.

RA-279:009 heimild Páll Sigurðsson (1886) nefnir hringrúst á Hofi: "Skammt frá Hofi sést móta fyrir jarðhríng stórum, sem hefir verið til búinn í fornöld, hann er hérumbil 15 faðmar að þvermáli, en til hvers hann hefir brúkaður verið, er óljóst; má ske hann hafi verið blítveizluhríngr, eða þá dómhríngr, áðr þíng var sett að Þíngskálum." Tóftin er ekki þekkt í dag.
Heimildir:PS, 535

RA-279:010 *Hofshjáleiga* tóftir býli 63°47.714N 20°13.148V



Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1711 segir um Hofshjáleigu: "Engin veit hennar fyrstu bygging. Eyðilagðist fyrir 13 árum eða þarum. ... Kann ekki aftur byggjast vegna ágángs af sandi og slægnaleysis." "Hofshjáleiga stóð nokkuð vestar í sömu brún fyrir neðan þjóðveginn, þar sem hann liggur niður í Nesið," segir í örnefnalýsingu. Bæjarstæði Hofshjáleigu er ekki þekkt í dag. Vestast á sömu graslendisbrún og bærinn stóð á upphaflega 001 eru tvær tóftir sem hugsanlega eru leifar hjáleigunnar. Þær eru um 430 m vestan við 001 og um 1,2 km NV frá núverandi íbúðarhúsi 008.
Brekkan er meira aflíðandi til suðurs, vestast á henni. Vestar tekur við ber sandur en í aðrar áttir er gróið svæði.
"Hofshjáleiga var hjáleiga frá Stórahofi og stóð vestast í túninu þar áður en Hofsbærinn var fluttur," segir í Rangvellingabók. Vestast á brúninni eru ógreinilegar tóftir á svæði sem er um 56x26 m stórt og snýr A-V. Þær eru hugsanlega leifar hjáleigunnar, þó ekki sé hægt að fullyrða um það með óyggjandi hætti. Vestari tóftin, A, er um 10x8 m stór og snýr N-S. Hún er opin til suðurs. Hleðsluhæð hennar er mest um 0,2 m. Tóft B er um 30 m NA við A. Hún er um 16x12 m stór, snýr N-S. Hún virðist vera tvískipt. Austara hólfið er um 9x3 m stórt, snýr eins og tóftin. Það er opið til suðurs. Vestara hólfið er um 10x5 m stórt, snýr eins, en ekkert greinilegt op er á því. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 0,3 m. Hvergi sér í grjót í tóftunum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM I, 249; Ö-Stóra-Hof, 3; VS: Rangvellingabók, 184

RA-279:011 tóft útihús 63°47.491N 20°12.043V



Horft inn úr tóftinni til vesturs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 100 m NV við bæ 008. Þar er tóft í sléttu túninu.
Tóftin er í sléttu túni, skammt norðan við gróna lág sem þar er.
Tóftin er um 16x8 m stór og snýr A-V. Hún er einföld, með dyrum í SV horni. Við dyrnar gengur garðlag til vesturs, um 10 m og ná minjarnar því yfir svæði sem er um 26x8 m stórt, A-V. Hugsanlega hafa verið aðrar dyr á tóftinni í NV horni en þar eru hleðslur hennar lægri, um 0,6 m háar og efst í þeim er flöt hella. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 1,5 m og vel sést í grjót í veggjum hennar, mest sjö umför. Hleðslur garðlagsins eru lægri, um 1,2 m háar, hvergi sér í grjót í því. Það er um 0,8 m breitt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-279:012 *Gvendarkofi* tóftir óþekkt 63°46.774N 20°15.958V

Tóft A horft til vesturs

Tóft B horft til vesturs

Tóft C horft ti lnorðvesturs



Tóft D horft til vesturs

"Tagl, svo er nefndur fremsti tangi Nessins hjá Djúpadal, þar er tóft, sem nefnd er Gvendarkofi," segir í örnefnalýsingu. Austarlega í Taglinu, um 3,6 km austan við bæ 008 og um 1,6 km vestan við beitarhústóft 013 eru tvær tóftir og tvær þústir.
Tóftirnar eru í grónu, smáþýfðu en flatlendu Taglinu.

Tóftirnar eru á svæði sem er um 300x35 m stórt og snýr SV-NA. Tóft A er nyrst á svæðinu. Hún er um 7x3 m stór og snýr NA-SV. Augljóst er að hún hefur ekki verið mikil bygging og í raun eins og aðeins hafi verið stungið upp og hlaðið með suðurhlið stungunnar því aðrar hleðslur eru mjög lágar, eða um 0,2 m. Suðurveggurinn er hinsvegar um 0,8 m hár. Engar dyr eru greinilegar á tóftinni. Tóft B er um 70 m SA við A. Hún er einföld, um 7x6 m stór og snýr A-V. Dyr eru í SA horni hennar. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 0,9 m. Vesturveggurinn er mjög breiður, um 3 m, svo hugsanlega hefur verið annað hólf þar sem nú sést ekki lengur. Hvergi sér í grjót í tóftinni. Þúst C er um 100 m SA við B. Hún er um 8x7 m stór og snýr A-V. Þústin er um 0,9 m há en ekkert greinilegt tóftarlag er á henni og hvergi sér í grjót í henni. Þúst D er um 100 m sunnan við C. Hún er um 8x6 m stór og snýr A-V. Þústin er hæst um 0,7 m. Ekkert greinilegt tóftarlag er á henni heldur, né sér í hleðslugrjót. Þúst D er um 115 m SA við þúst C. Hún er um 6x8 stór og snýr A-V. Þústin er um 0,7 m há. Engar greinilegar hleðslur eru á henni. Þústirnar C og D eru eflaust leifar bygginga þó engar skýrar hleðslur sjáist á þeim. Þær stinga mjög í stúf í flatlendu taglinu og ólíklegt að þær séu náttúrulegar. Ekki er hægt að segja með vissu hver eða hvort einhver þessara minja séu sá Gvendarkofi sem nefndur er í örnefnalýsingu en hann var þó ábyggilega á þessu svæði svo það verður að teljast líklegt. Hlutverk þeirra er ekki þekkt en líklega hafa hér verið beitarhús.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Stóra-Hof, 3

RA-279:013 *Borgarundirlendi* tóft+garðlag beitarhús 63°46.920N 20°14.083V



Tóftin, horft til SSA

"Austur af taglinu [sjá 012] með ánni er Borgarundirlendi og Haldbakkinn austur af því, þar sem krókurinn er á ánni, en Borgarhólar og Borgarflóð fyrir heiman hann," segir í örnefnalýsingu. Um 2 km vestan við bæ 008 og um 740 m sunnan við beitarhúsatóft 047 er tóft og garðlag. Líklega þær minjar þeirrar fjárborgar sem Borgarhólar og Borgarflóð bera nafn sitt af.

Tóftin og garðlagið eru í þýfðum móa, vestan við er mýrarbakki en móinn teygir sig í aðrar áttir.

Tóftin og garðlagið eru á svæði sem er um 80x80 m stórt. Garðlagið er um 60 m vestan við tóftina. Það liggur NNV-SSA, er alls um 80 m langt, um 1 m breitt og hæst um 0,9 m. Hvergi sér í grjót í því. Tóftin er um 16x14 m stór, snýr NV-SA. Hún er skiptist í þrjú hólf. Austasta hólfið, hólf I, er um 12x6 m stórt að innanmáli og snýr eins og tóftin. Hleðslur þess eru um 0,8 m háar. Dyr eru á hólfinu í NA horni þess. Hin hólfin, hólf II og III, eru fast vestan við það. Syðra hólfið, hólf II, er um 6x5 m stórt að innanmáli. Hleðslur þess eru mun hærri en hólfs I, eða um 1,5 m. Gengt er úr því inn í hólf III. Það er um 7x6 m stórt að innanmáli, snýr NV-SA. Hleðslur þess eru lægri en hinna hólfanna, um 0,3 m háar. Líklegt er að dyr hafi verið á því út út tóftinni en þær eru hvergi greinilegar. Hér og þar sér í grjót í tóftinni. Garðlagsbútar ganga út frá SA og NA hornum tóftarinnar. Úr SA horninu gengur hann til SA um 16 m þar sem hann endar við skurð og úr NA horninu til NA um 10 m þar sem hann endar við sama skurð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Stóra-Hof, 3

RA-279:014 náma mógrafir 63°46.770N 20°14.215V

Mógröfin, horft til SSA

"Með ánni eru svonefndar Eyrar, vallgrónar slægjur með gömlum mógröfum, munu þær vera frá tíð Gamla-Hofs," segir í örnefnalýsingu.Um 280 m vestan við tóftir 013 og um 1,7 km VSV við bæ 008 er mógröf. Hún er um 2,2 km SV af Gamla Hofi 001.

Gröfin er í sendnu valllendi. Norðan og norðvestan við er mýri en valllendið heldur áfram í aðrar áttir.

Gröfin er allstór, eflaust upphaflega nokkrar grafir sem nú hafa runnið saman. Hún er um 45x10 m stór og snýr N-S. Syðst er hún þurr en er mjög blaut um miðbikið og nyrst. Gröfin virðist vera

grunn, um 0,3 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stóra-Hof, 3

RA-279:015 *Gömlu-fjárhúsin* tóft+garðlag beitarhús 63°47.285N 20°13.162V



Garðlagið og tóft A, horft til norðurs

Tóft B, horft til SSA



"Í norður af króksundirlendi er Surtsteigur, pyttir og dý. Austar eru Gömlu-fjárhúsin, ..," segir í örnefnalýsingu. Tvær tóftir eru norður af Króksundirlendi, tengdar með garðlagi. Nyrðri tóftin er um 1 km vestan við bæ 008 og um 1 km SV frá elsta bæjarstæðinu 001. Syðri tóftin er um 185 m sunnar, um 70 m norðan við Rangá.
Tóftirnar og garðlögin eru á flatlendum, grasivöxnum mel.
Tóftirnar og garðlögin ná yfir svæði sem er alls um 230x100 m stórt og snýr N-S. Syðri tóftin, B, er um 17x6 m stór, snýr A-V. Hún er tvískipt. Eystra hólfið er um 6x4 m stórt og snýr eins og tóftin. Það er stungið ofan í melinn. Hleðslur þess eru um 1 m háar, ef mælt er innan frá og sér í grjót í suður og vestur veggjum þess. Vestara hólfið er um 9x6 m stórt og snýr A-V. Hleðslur þess eru lágar um 0,4 m. Engar greinilegar dyr eru á tóftinni og ekki er sem gengt hafi verið á milli hólfa. Garðlag gengur út frá SA horni tóftarinnar til austurs um 30 m og úr NV horni hennar til norðurs að tóft A. Tóft A er um 16x8 m stór og snýr A-V. Hún er tvískipt. Eystra hólfið er gryfja, um 1,2 m djúp. Hún er um 6x4 m stór að innanmáli og snýr N-S. Ekkert op er greinilegt á hleðslum hennar. Vestara hólfið er um 9x7 m stórt að innanmáli, það snýr eins og tóftin og er opið til vesturs. Hleðsluhæð þess er um 0,7 m. Jötugarðar liggja með norður- og suðurveggjum hólfsins. All víða sér í grjót í hleðslum tóftarinnar. Garðlag liggur úr SA horni hennar að B eins og áður sagði, auk þess liggur annað garðlag úr NV horni hennar til norðurs um 50 m. Garðlögin eru öll svipuð að stærð og gerð. Hvergi sér í grjót í hleðslum þeirra, þau eru um 0,8 m há og um 0,7 m breið, vel gróin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stóra-Hof, 3

RA-279:016 *Stóralág* heimild um huldufólksbústað 63°47.720N 20°11.767V
"Fyrir norðan túnið er Votabergslág, með læknum upp að sandinum, en norðar er Stóralág. Þar á að vera huldufólk, og á jafnan að hafa hljótt um sig í laut þeirri," segir í örnefnalýsingu. Stóralág er næsta lág norðan við Votabergslág 018. Hún er fast vestan og norðvestan við Mónefið 280:032 og um 470 m NA við bæ 008.
Stóralág er stór kvos, við austurbrún hennar hallar landi bratt niður að votlendinu við lækinn. Hún er hálfgróin í botninn og víða skín í beran melinn. Vesturhlíð hennar er algróin en norðurhliðin er ber og þar er dálítill hellisskúti.
Í örnefnaskrá segir ennfremur: "Þegar Filippus (heimildarm.) var að alast upp á Hofi ásamt systkinum sínum,

vildi það til eitt sinn, að Ingigerður systir hans elti litla telpu, sem þá var á Hofi, austur í lágina, þar hvarf þessi telpa, en sú rétta, sem hún þóttist vera að elta, var þá heima."
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stóra-Hof, 4

RA-279:017 heimild um kálgarð 63°47.447N 20°12.210V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður um 140 m SSA við útihústóft 011 og um 240 m SSV við bæ 008.
Þar eru nú slétt tún.
Engin ummerki garðsins sjást í sléttu túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-279:018 *Votabergslág* garðlag óþekkt 63°47.613N 20°11.807V
"Frá Hofi Gamla niður í Votabergslág inn og vestur af Mónefi [280:032] vottar fyrir gömlum garði, sem gengið hefur verið eftir að sækja vatn," segir í örnefnalýsingu. Votabergslág er fast vestan við rafstöðina (280:034) og um 760 m SA frá Gamla-Hofi 001, um 270 m NA við bæ 008.
Votabergslág er allstór kvos við lækinn, mýrlend í botninn með grónar hlíðar.
Engin garður er í kvosinni en sunnarlega í henni, til móts við þar sem rafstöðvarrústin er við lækinn er allbreið dæld í hlíðum hennar. Í dældinni má sjá leifar af slóða, tvö djúp hljólför. Slóðinn er líklega frá því þegar efni var borið að rafstöðinni en hugsanlega hefur göngugarðurinn verið á svipuðum stað, þeim hentugasta til að fara ofan í lágina.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stóra-Hof, 5

RA-279:019 *Helgukofi* tóft óþekkt



Tóftin, horft til suðurs

"Niður í ölduna gengur smágil, á vestri barmi þess er kofatóft, sem nefnd er Helgukofi," segir í örnefnalýsingu. Gil gengur SA-NV niður í norður hluta Stórulágar 016. Í vesturhlíð þess er sem stungið hafi verið inn í brúnina. Það er um 540 m norðan við bæ 008 og um 710 m ASA við Gamla-Hof 001.
Gilið er hálfgróið í botninn, austurhlíð þess er ber melur en vesturhlíðin er algróin grasi og lyngi. Norðar og norðaustar er ber melur en sunnar og vestar eru sléttuð tún.
Tóftin er ógreinileg vegna mikils grasvaxtar en þó er augljóst að stungið hefur verið niður í gilbarminn og dæld mynduð. Hún er um 6x4 m stór og um 0,8 m á hæð. Hún snýr SA-NV og er opin til NA. Engar hleðslur eru greinilegar og hvergi sér í grjót. Hlutverk tófarinnar er ekki þekkt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stóra-Hof, 5

RA-279:020 heimild um smiðju
"Niður í ölduna gengur smágil, á vestri barmi þess er kofatóft, sem nefnd er Helgukofi [019]. Vestur og norður af honum er smiðja Ketils hængs," segir í örnefnalýsingu. Norðvestur af Helgukofa 019 er ber uppblásinn melur upp að þjóðvegi.
Sunnan og vestan við melinn eru tún en hann teygir sig til norðurs og austurs.
Melurinn var genginn á vettvangi en engin ummerki smiðju sáust.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Stóra-Hof, 5

RA-279:021 *Öskuhóll* öskuhaugur 63°47.387N 20°11.895V
"Í oddanum milli ár og lækjar austast og syðst í túninu er hár, grösugur og fagur hóll, sem heitir Öskuhóll, en brekkurnar norður af honum með læknum Öskuhólsbrekkur," segir í örnefnalýsingu. Öskuhóll er suðvestan við meinta Goðalág (sjá 005), um 160 m sunnan við bæ 008 og um 960 m SSA við Gamla-Hof 001.
Hóllinn er allhár og hallar bratt niður að læknum og ánni til suðurs og suðvesturs. Hann fellur inn í hlíðina til austurs en NA við lækkar hann niður í lág í túninu.
Hóllinn er algróinn og flatur í toppinn. Hann er án efa að mestu leyti náttúrulegur þó ekki sé óhugsandi að ösku hafi verið hent í hólinn. Bærinn hefur einungis staðið nálægt Öskubrekkum í 100 ár. Hóllinn er um 60x10 m stór NA-SV. Hann er um 6 m hár séð frá ánni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stóra-Hof, 5

RA-279:022 *Torfrimi* örnefni rista 63°47.623N 20°13.390V
"Norður og vestur af Dýjakrók hét áður Torfrimi, nú komið í tún," segir í örnefnalýsingu. Torfrimi er nú slétt tún fast sunnan við þjóðveg, um 740 m austan við bæjarstæði 006, við hesthústóft 045.
Engin ummerki torfristu sjást í sléttu túninu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stóra-Hof, 5

RA-279:023 varða landamerki 63°47.714N 20°16.464V

Vörðubortið, horft til suðvesturs

Landamerki: "Bein stefna frá Djúpadalshelli í vörðu á Geitasandi, sem er þar sem nyrsta tindinn á Trippafjöllum ber laust fyrir sunnan Heklu og gamli Selalækjarbær ber í Vetleifsholt. Þaðan í Markamel sem er norðvesturhornmark. Síðan beina línu í Mónefslækjarbotn og eftir þeim læk þar til hann kemur í Bolalæk (Sveiflulæk) en Bolalækur ræður mörkum uns hann fellur í Rangá." Ekki er vitað hvar varðan á Geitasandi var. Landamerki jarðanna hafa breyst og svæðið tilheyrir nú Landgræðslunni. Um 430 m austan við vörðu 276:007 og um 3,7 km frá íbúðarhúsinu á Stórahofi 008 er vörðubrot. Það er hugsanlega leifar landamerkjavörðunnar.
Varðan er á svörtum sandinum sem teygir sig í allar áttir.
Vörubrotið er um 0,6 m hátt og um 0,8 m í þvermál. Það er að hluta hrunið og gróið en enn sér vel fyrir því.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 412

RA-279:024 vegur traðir 63°47.730N 20°12.925V
Í rótum brekkubrúnirnar sem elsta bæjarstæðið 001 er á, er sylla í hlíðina sem greinlega hefur verið stungin inn í brekkuna. Hún er um 180 m austan við meintar tóftir Hofshjáleigu 010 og um 250 m vestan við 001.
Hér er graslendi sunnan brekkunnar að þjóðvegi, það teygir sig til austurs og vesturs.
Syllan er um 17 m löng og um 2 m breið, liggur NNV-SSA. Hún er um 0,9 m djúp, aflíðandi til SSA. Ofar (norðar), er skorningur í brekkunni sem sameinast rennunni en engin augljós mannaverk eru á honum. Líklega er hér um traðir upp hólinn að ræða.
Hættumat: engin hætta

Traðirnar, horft til norðurs

RA-279:025 heimild
Sigurður Vigfússon nefnir tóftir á Stóra-Hofi í grein sinni í Árbók fornleifafélagsins frá 1888-1892: " ... fyrir austan hólinn [001] sést fyrir þremur tóftum, eða brot af þeim; ein af þeim er mjög breið." Engar tóftir né tóftabrot fundust við vettvangsskoðun austan við hólinn.
Fast austan við hólinn eru hálfgrónir grasbalar og þá ber sandur.
Engin ummerki þeirra tófta sem Sigurður Vigfússon nefnir í sinni athugun frá 1895 sjást nú (2007).
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Árbók 1888-1892, 50

RA-279:026 gripir
"Árið 1885 gaf drengur frá Kirkjubæ safninu met úr bronsi, og hafði það fundizt í sandinum nálægt Stóra-Hofi, innan um mannabein, og mun því vafalítið úr kumli. Metið er kúla með flötum skautum, þrjár holur á öðrum fleti, en ein á hinum. Mjög líkt Rygh 478. Það er óskaddað og vegur 1,635 g. Þess má geta, að Páll Sigurðsson í Árkvörn segir frá haug, sem verið hefur á milli Minna-Hofs og Stóra-Hofs: "...var fyrrum nokkrum tíma grafinn upp haugur einn, sem eignaður var Valgarði (gráa), og fannst í honum einhverjar leifar af beinum, og héldu menn sum þeirra væri hrossbein [sjá fornleif 027]." Óheimilt er þó að setja þetta í samband við kumlið með metinu, þótt frá líkum slóðum sé;" segir í Kumlum og Haugfé. Líklega er hér um sama grip að ræða og Sigurður Vigfússon nefnir í grein sinni frá 1885: " "Drengur frá Kirkjubæ fann lítinn tenging, merkilegan, úr bronze. ... Tengingrinn fanst á sandinum nálægt Stórahofi innan um fúin bein." Fundarstaður tengingsins er ekki þekktur í dag (2007).
Heimildir:KEKH, 43; Árbók 1888-1892b, 74

RA-279:027 kuml legstaður 63°47.933N 20°12.464V

Valgarður (?), horft til suðausturs

Í grein Sigurðar Vigfússonar, í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1888-92 segir: "Austr frá hinum forna bæ er móbergshryggr og standa háar móklappir upp úr. Þessi staðr er nú kallaðr, Valgarðr. Þar hefir fundizt fyrir löngu öxi hún var heldr lítil, enn járnþykk, með uppbrettum hyrnum og hringmynduð fyrir egg". Í Kumlum og Haugfé, segir ennfremur: " Þess má geta, að Páll Sigurðsson í Árkvörn segir frá haug, sem verið hefur á milli Minna-Hofs og Stóra-Hofs: "...var fyrrum nokkrum tíma grafinn upp haugur einn, sem eignaður var Valgarði (gráa), og fannst í honum einhverjar leifar af beinum, og héldu menn sum þeirra væri hrossbein."" Heimildamaður, Bæring Sigurbjörnsson, þekkti ekki örnefnið Valgarður, né sögur af stað þar sem bein og gripir hafa komið upp. Um 970 m norðan við núverandi íbúðarhús 008, um 315 m NA við 001 og um 340 m NA við bæjarhól 006 er áberandi móbergshóll í sandinum og er það líklegast umræddur hóll.
Hóllinn er á mörkum hálfgróinna grasbala til vesturs og bers sands til austurs og norðurs.
Hóllinn er nær ber sandhóll en grónir klapparhnausar standa upp úr honum hér og þar sem vindurinn hefur ekki náð að vinna á. Hóllinn er ílangur, um 40x18 m stór og um 3 m hár. Hann virðist vera að mestu leyti náttúrulegur. Þetta er sá staður sem best kemur heim og saman við lýsingu Sigurðar Vigfússonar en ekki er hægt að fullyrða að um sama stað sé að ræða.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Árbók 1888-1892, 50; KEKH, 43.

RA-279:028 heimild um stekk 63°47.340N 20°12.031V
Í grein Sigurðar Vigfússonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1888-92 segir: "Enn undir háa bakknum undan bænum [006], þar sem áin rennr nú og er að brjóta, hefir þá verið undirlendi að ánni. Þessi kona [Ingigerður Narfadóttir] sagði með vissu, þar þar hefði staðið stekkur frá gamla Hofi, og sá hún leifar af honum í sinni tíð ..." Ekki er vitað hvar stekkurinn var enda er hann að öllum líkindum kominn í ána. Áætluð staðsetning var tekið um 270 m SV við bæ 008 og um 160 m NA við þar sem garðlag 036 gengur í ána.
Hér eru bakkar árinnar nokkuð háir, að norðan en þó smá undirlendi, fast við bakkann.
Engin ummerki stekkjarins sjást við ána.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Árbók 1888-92, 51.

RA-279:029 gerði 63°47.489N 20°11.934V

Skrúðgarðurinn, horft til norðausturs. Garðlagið liggur handan trjánna, samsíða þeim

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var garður um 20 m NV við bæ 008. Þar eru nú gerði, leifar skrúðgarðs Einars Ben. Líklega er það hann sem merktur er á kortið. Gerðið er í NV horni garðsins sem nú er framan (norðan) við íbúðarhúsið 008.
Gerðið er á sléttri grasflöt fast sunnan við það vaxa tré. Gerðið er alls um 52 m langt, það liggur annars vegar NNV-SSA og hins vegar A-V og nær yfir svæði sem er um 40x12 m stórt, snýr NNV-SSA. NNV-SSA leggur þess er mun lengri, um 40 m. Þar er gerðið all víða komið á kaf í gras en þar sem það sést er það um 0,6 m hátt og um 0,4 m breitt. A-V leggurinn liggur út frá því sunnarlega, um 15 m norðan við suðurendann. Hann er um 12 m langur, nær alveg horfin í gróður, um 0,6 m hár og um 0,6 m breiður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-279:030 heimild um vað 63°47.137N 20°12.372V

Í grein Sigurðar Vigfússonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1888-92 segir: "Eftir túninu á Stórahofi liggja fornar götur [031] í beina stefnu ofan frá Gamlahofi [001] og þvert í gegnum túnið að miðjum bænum eða húsagöflunum. Vaðið hefir því verið beint suðr undan bænum á Hofi, sem nú er." Vaðið hefur verið um 1,2 km suður af bæjarhól 006, um 1,23 km suður af Gamla-Hofi 001 og um 730 m SV af núverandi íbúðarhúsi 008.
Hér eru bakkar árinnar háir að sunnan en lágir að norðan. Áin er breið og virðist vera nokkuð djúp.
Hér er ekki gott vað nú (2007) en áin hefur e.t.v. breyst síðan vaðið var í notkun. Engin ummerki þess sjást á þessum stað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Árbók 1888-1892b, 74

RA-279:031 heimild um leið 63°47.708N 20°12.518V

Í grein Sigurðar Vigfússonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1888-92 segir: "Eftir túninu á Stórahofi liggja fornar götur í beina stefnu ofan frá Gamlahofi [001] og þvert í gegnum túnið að miðjum bænum eða húsagöflunum. Vaðið [030] hefir því verið beint suðr undan bænum á Hofi, sem nú er. Göturnar hafa legið gegnum kálgarðana [032] fyrir framan bæinn, og þar ofan í eyrina, sem er afbrotin. Göturnar liggja að túngarðinum [033] fyrir norðan bæinn, og sjást koma aftur undan honum í beina stefnu upp að gamla Hofi. Þessar götur eru 8 að tölu, vallgrónar og eru sumsstaðar hnédjúpar." Ekki sér fyrir götum við Gamla-Hof 001 né gamla bæjarstæðið 006. Göturnar hafa líklega legið þar sem nyrsti hluti heimreiðar að Stórahofi er nú, sunnan þjóðvegar og þá til suðurs þar sem nú eru slétt tún.
Þar sem göturnar hafa legið er heimreið og þá slétt tún.
Engin ummerki þeirra sjást.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Árbók 1888-1892b, 74

RA-279:032 heimild um kálgarð 63°47.739N 20°12.530V

Í grein Sigurðar Vigfússonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1888-92 segir: "Eftir túninu á Stórahofi liggja fornar götur [031] í beina stefnu ofan frá Gamlahofi [001] og þvert í gegnum túnið að miðjum bænum eða húsagöflunum. Vaðið [030] hefir því verið beint suðr undan bænum á Hofi, sem nú er. Göturnar hafa legið gegnum kálgarðana fyrir framan bæinn, og þar ofan í eyrina, sem er afbrotin. Göturnar liggja að túngarðinum [033] fyrir norðan bæinn, og sjást koma aftur undan honum í beina stefnu upp að gamla Hofi. Þessar götur eru 8 að tölu, vallgrónar og eru sumsstaðar hnédjúpar." Sigurður á hér við bæjarstæðið á 19. öld, sem hér er skráð nr. 006.
Framan,sunnan, við bæjarstæðið eru grasbakkar að þjóðvegi, en umhverfis er hálfgróinn melur.
Engin ummerki kálgarðanna sjást.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Árbók 1888-1892b, 74

RA-279:033 heimild um túngarð

Í grein Sigurðar Vigfússonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1888-92 segir: "Eftir túninu á Stórahofi liggja fornar götur [031] í beina stefnu ofan frá Gamlahofi [001] og þvert í gegnum túnið að miðjum bænum eða húsagöflunum. Vaðið [030] hefir því verið beint suðr undan bænum á Hofi, sem nú er. Göturnar hafa legið gegnum kálgarðana [032] fyrir framan bæinn, og þar ofan í eyrina, sem er afbrotin. Göturnar liggja að túngarðinum fyrir norðan bæinn, og sjást koma aftur undan honum í beina stefnu upp að gamla Hofi. Þessar götur eru 8 að tölu, vallgrónar og eru sumsstaðar hnédjúpar." Sigurður á við bæjarstæðið á 19. öld, sem hér er skráð nr. 006.

Umhverfis bæjarstæðið er uppblásinn sandur og engin ummerki túngarðs sjást.

Erfitt er að segja til um hvar túngarðurinn hefur legið, hvar mörk túnsins voru þar sem landið hefur mikið breyst og er nú uppblásið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Árbók 1888-1892b, 74

RA-279:034 heimild um leið

Landamerki Syðristrandar 1890: "Að norðanverðu liggja mörkin úr Lynghól sjónendingu í vörðu [276:007] á Geitasandi, er stendur þar sem kirkjuvegurinn frá Stórahofi liggur yfir þjóðveg, og er sú stefna á milli Heimaeyjar og Bjarnareyjar." Engin ummerki leiðarinnar milli Stóra-Hofs og Odda sjást nú á Geitasandi við vörðubrotið 267:007.

Heimildir:VS: Rangvellingabók, 432.

RA-279:035 gripir

"Járnlás lítill, ryðbrunninn; fundinn á Hvolsfelli, skamt fyrir neðan Stóra-Hof." Fundarstaður lássins er ekki þekktur í dag (2007).

Heimildir: Árbók 1908, 54

RA-279:036 garðlag vörslugarður 63°47.427N 20°12.392V

"Rekstrargarður liggur eftir nesinu endilöngu, en sauðir voru reknir eftir til beitar, " segir í örnefnalýsingu. Umfangsmikið garðlagakerfi er í móanum vestur af bæ 008. Austasti hluti þess er um 400 m vestan við bæ 008.

Garðlögin liggja í þýfðum móanum.

Garðlagið er á svæði sem er alls um 745x490 m stórt og snýr A-V. Það er alls um 1755 m langt og nær yfir stórt svæði vestan bæjar og hefur eflaust skipt nesinu niður í beitarhólf. Garðlagið er nú (2007) allvíða rofið af skurðum og fjárgötum. Úr NA horni þess liggur það annars vegar til SSA niður að Rangá og hins vegar til VSV þar beygir það aftur til suðurs niður að á en skammt norðan við ána liggur leggur frá því til vesturs. Út frá honum liggur ferhyrnt gerði og tveir aðrir leggir til norðurs. Garðlagið er misvel varðveitt. Hæst er það um 1,2 m en víðast um 0,8 m hátt. Lægst er það í leggjunum sem liggja til norðurs vestast á svæðinu, þar er það einungis um 0,3 m hátt. Garðlagið er um 0,9 m breitt þar sem það er breiðast en víðast er það mjórra, um 0,5 m. Það er vel gróið og aðeins sér í grjót í því á þeim stöðum sem það hefur verið rofið af fjárgötum.

Garðlagið, horft til norðvesturs

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Stóra-Hof, 2-3

RA-279:037 gripir

1866: "KOPARINNSIGLI. Það er aflángt og gengur lítið eitt í odd til beggja enda. Það hefir að eins lítinn fót með auga að ofan. Allt í kring á því stendur með engilsaxnesku latínuletri: "S[igillum] ÞORLAKI. PS. SVEINI." Á því miðju er kaleikur með dúk yfir, og kross þar yfir. Það er eigi yngra en frá fimtándu öld, en getur verið töluvert eldra. Það fannst, er verið var að taka grundvöll fyrir heygarði á Hofi á Rangárvöllum." Fundarstaður innsiglisins er ekki þekktur í dag (2007), né heygarðurinn.

Heimildir: Skýrsla FÍ I, 135

RA-279:038 *Sandur* bæjarstæði býli
Í grein Vigfúsar Guðmundssonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1953, segir: "Sandur. Bæjarrúst önnur og ókunn að öllu leyti er langt norður á þessum mikla og sama sandi sa. frá Strandabótum og við götuna frá Djúpadal að Kirkjubæjum. ... Hofsmenn telja vafasamt hvort "Sandur" sé í landi þeirra eða Kirkjubæjar." Í Rangvellinga bók segir ennfremur: "Á Geitasandi tæpa þrjá kílómetra austnorðaustur frá Strönd og rúma þrjá kílómetra vestnorðvestur frá Stórahofi eru fornar bæjarrústir." Líklega er hér um sömu bæjarrústir að ræða. Rætt var við fjölda staðkunnugra í leit að rústunum en enginn þeirra kannaðist við þær og ekki reyndist unnt að staðsetja þær.
Geitasandur er víðast ber en hér og þar eru grónir bakkar og melhólar.
Í grein Vigfúsar Guðmundssonar segir: "Aðalrústin er vestan við götuna, og þar hafa fundizt kornkvarnarbrot samstæð, kljásteinar og fleira smávegis af augljósum leifum bæjar. Svo sem 16 föðmum norðaustar sjást líka húsaleifar, sem benda á hús búpeningsins og heystæði. Nærri 30 föðmum suðaustar eru rústir tvær samstæðar, miklu gleggri en hinar, því að rof er nú (1936) að blása frá þeim. Sést þar fyrir hleðsluvegg með aðfluttu grjóti að norðanverðu og gaflhlaði að austan í eystri rústinni, og er hún 18x6 fet. Líkast því sem væru kvíar eða stekkur. Hvort þetta er miklu yngri bygging, ellegar rofabakki hefir um aldaraðir varnað örfoki, verður nú ekki sannað. Hvorki er þetta fjárhúslag né líkindi til, að þarna hafi verið byggt til nokkurra nota a.m.k. síðustu tvær til þrjár aldir." Gengið var frá Strönd (275:001) í austur og norður um Geitasand. Lengst var gengið um 3 km til NA, um 3,3 km VNV af Stórahofi 008. Sandurinn er víðast marflatur og ber en á stökustað eru hálfgrónir melhólar. Kíkir var með í för og hvenær sem færi gafst var skimað yfir svæðið af melhólum en engar rústir fundust við vettvangsskoðunina.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 148-149; VS: Rangvellingabók, 532.

RA-279:039 *Draflaleysa I* bæjarstæði býli
"Draflaleysa stóð sunnan undir öldunefi, sem farið er yfir til Djúpadals," segir í örnefnaskrá. Eyðibýlisins Draflaleysu er getið í heimildum. Elsta heimildin um hana er úr máldaga kirkjunnar á Stórahofi frá 1397: "Jtem jordina a Draflalausu Þa er Olafur Þollaksson oc Pall Jngialldsson logdu til fyrer refla oc tyunda Reikning." Hennar er einnig getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709: "Draflaleysa. Halda menn í gamladaga hafi þar bygð verið eftir sögn eldri manna, en ekki sjást þar nú líkindi til nema lítið garðsbrot. Þetta pláts er engri vissri jörð tileinkað. Landið er blásið og grasslaust og þar fyrir alldeilis óbyggilegt" Vigfús Guðmundsson fjallar um Draflaleysu í grein sinni, Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum, í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1953. Þar talar hann um tvær hugsanlegar staðsetningar bæjarins. Annars vegar Draflaleysu I (sem hér er skráð) og hins vegar Draflaleysu II (sjá 040) þar sem munnmæli segi að bærinn hafi staðið. Í grein hans segir: "Draflaleysa I. Gervinafn þetta er gefið rúst nokkurri, sem nú er aðeins grjótdreif með hellublöðum á gjörblásum mel. Hún er á lágum bala í líðandi halla móti ssa. fáa tugi faðma upp frá veginum milli Hofs og Djúpadals, vestan við Hofsnes og nær því en Rangárbrúnni."
Í grein Vigfúsar Guðmundssonar segir: "Rúst þessa sá eg af veginum á flakki mínu um eyðibýlin 1936, og veit ekki til þess, að enginn hafi veitt henni eftirtekt áður. ... Hellublöðin og grjótið þarna er auðsjáanlega aðflutt, og þó að það sé ekki svo mikið, að úr því einu hafi húsveggir verið hlaðnir að innanverðu, þá er það dreift svo vítt úr í aðalrústinni, að mæling er þar árangurslaus. ... dreifar af litlum hellublöðum sjást nú til og frá á sandunum dálítið vestar. Og munu þær vera leifar af hellunámi því, sem getið er um á Hofi, en ekki aðflutt af mönnum og ekki af veikari afli en jökli ísaldar. Sönnun fyrir .því, að þarna hafi staðið bær, en ekki önnur hús, tel eg vera m.a. lítilsháttar leifar af málmi, aðborna smásteina, nokkur brot af brýnum og heilt brýni 12-15 sm." Bæring á Stórahofi sagði frá því að fyrir nokkru hafi allt í einu birst mikið af hellum í sandinum um 460 m NA við Djúpadal og um 3,8 km VSV við bæ 008. Þar er mikið af hellublöðum á víð og dreif og líklegt að hér sé um hellutakið, sem Vigfús nefnir, að ræða (sjá 041). Það hefur líklega verið hulið sandi á undanförnum árum en komið í ljós eftir stórviðri. Frá hellutekinu var gengið til austurs með öldunni að vestur enda garðlags 049, um 1,5 km, en engar rústir sem koma heim og saman við lýsingu Vigfúsar fundust.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Stóra-Hof, 3, DI IV, 84; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 147; JÁM I, 249;

RA-279:040 *Draflaleysa II* bæjarstæði býli 63°47.156N 20°15.902V

Meint bæjarstæði Draflaleysu (?), horft til austurs

"Draflaleysa stóð sunnan undir öldunefi, sem farið er yfir til Djúpadals," segir í örnefnaskrá. Eyðibýlsins Draflaleysu er getið í heimildum. Elsta heimildin um hana er úr máldaga kirkjunnar á Stórahofi frá 1397: "Jtem jordina a Draflalausu Þa er Olafur Þollaksson oc Pall Jngialldsson logdu til fyrer refla oc tyunda Reikning." Hennar er einnig getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1711: "Draflaleysa. Halda menn í gamladaga hafi þar bygð verið eftir sögn eldri manna, en ekki sjást þar nú klíkindi til nema lítið garðsbrot. Þetta pláts er engri vissri jörð tileinkað Landið er blásið og grasslaust og þar fyrir alldeilis óbyggilegt" Vigfús Guðmundsson fjallar um Draflaleysu í grein sinni, Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum, í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1953. Þar talar hann um tvær hugsanlegar staðsetningar bæjarins. Annars vegar Draflaleysu I (sjá 039) og hins vegar Draflaleysu II: "Draflleysa II. Staður sá, er hér um ræðir, er nokkrum hundruðum metra austar en hinn síðastnefndi [039], alveg á Hofsveginum í slakka norðan við steinstólpann í vesturhorni girðingar um Hofsnes. Sjást þar nokkrir helluklumpar báðumegin við götuna, en engar aðrar byggðarleifar, því að þetta er í lægð og hulið bæði af sandi og gróðri."
Norðan við steinstólpann, sem enn stendur (2007) er blásinn sandur, sunnar og suðaustar er gróið nesið.
Í grein Vigfúsar Guðmundssonar segir: "Get því ekki fullyrt að þarna hafi verið bæjarstæði, en tek það þó í tölu vegna þeirra munnmæla, að þarna hafi Drafleysa verið. Má og vel vera, að fyr hafi sézt þar betur til rústa en nú."
Enginn skýr ummerki bæjarstæðis eru norðan við stólpann. Þar er smá þyrping grjóts, sem minnir fremur á undirstöðu vörðu en byggingar. Hún er um 2x1 m stór, snýr A-V. Hún er um 125 m norðan við stólpann, um 3,3 km vestan við bæ 008. Ef rústir Draflaleysu hafa verið hér eru þær nú uppblásnar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stóra-Hof, 3, DI IV, 84; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 147-148; JÁM I, 249;

RA-279:041 náma 63°47.156N 20°15.902V

Í grein Vigfúsar Guðmundssonar, Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum segir: ".. dreifar af litlum hellublöðum sjást nú til og frá á sandunum dálítið vestar. Og munu þær vera lefiar af hellunámi því, sem getið er um á Hofi, en ekki aðflutt af mönnum og ekki af veikari afli en jökli ísaldar." Um 3,8 km vestan við bæ 008, um 300 m NV af tóft 012A og um 3,5 km VSV við Gamla-Hof 001 er mikil helludreif í sandinum. Hún er um 630 m NA við þjóðveg þar sem hann liggur yfir Rangá hjá Djúpadal.
Hellurnar eru á uppblásnum sandinum, sunnar og suðaustar er gróinn mói en sandurinn teygir sig í aðar áttir.
Bæring Sigurbjörnsson (f. 1958) á Stórahofi sagði frá því að þessar hellur hefðu birst nokkuð skyndilega eftir vindasama tíð. Þær eru alldreifðar svo ótækt er að koma nákvæmu máli á svæðið en það er um það bil 60x20 m stórt og snýr NA-SV, þar sem mesta þyrping er.

Hellutakið, horft til VSV

Hættumat: engin hætta
Heimildir:VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952

RA-279:042 heimild um fjós 63°47.832N 20°12.573V

"Á Hofi hinu forna hefir verið mikið fagurt, eru rústir þær nú tveir hólar uppi í brekkubrúninni, norðr frá bænum, og var í þeim hinum vestari bærinn, en í honum austari fjós og heygarðr. Árni hreppstjóri Jónsson, er lengi bjó á Hofi, sagði mér frá, að þegar hann var að grafa í eystri hólinn eptir grjóti til heimflutnings, þá mundi hann hafa hitt hið forna fjósstæði, hann fann steinaröð, og voru þeir 18 annars vegar," segir í grein Páls Sigurðssonar um forn örnefni frá árinu 1886. Óljóst er hvaða hóla Páll ræðir um. Gamla bæjarstæðið var uppi á brekkubrún sem er alllöng eða um 500 m. Í henni eru talsverðar lægðir svo hugsanlega má skilgreina hana sem nokkra hóla, en þá fleiri en tvo. Staðsetning var áætluð austast á brekkubrúninni, um 110 m NA við 001 og um 130 m norðan við 006.

Þar er brekkan gróin, austar er hálfgróinn melur og þá ber sandurinn.
Engin ummerki fornleifa sjást á brekkubrúninni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:PS, 499-500

RA-279:043 þúst útihús 63°47.753N 20°12.687V

Þústin, horft til suðurs



Um 100 m norðan við þjóðveg, undir brekkubrúninni sem Gamla-Hof stóð á 001, um 55 m SV við það er hóll. Hann er um 115 m vestan við bæjarstæði 006 og um 820 m NV við núverandi bæ 008.
Hóllinn hefur eflaust tengst brekkubrúninni en er nú rofinn frá henni af hálfgrónum melnum. Melurinn teygir sig til austurs og vesturs en að sunnan er gróin flöt að þjóðvegi.
Hóllin er um 22x16 m stór, snýr A-V. Hann er hærri úr suðri en norðri, um 1,2 m, þar sem land hækkar til norðurs. Ekkert skýrt tóftarlag er á hólnum en afar líklegt verður að teljast að þar leynist mannvistarleifar undir sverði þar sem hann er stakur og áberandi í umhverfinu og nálægt eldri bæjarstæðum Stórahofs.
Hættumat: engin hætta

RA-279:044 þúst útihús 63°47.791N 20°12.510V

Þústin, horft til norðaustus

Um 60 m NA við bæjarhól 006, er dálítill hóll. Hann er um 120 m austan við Gamla-Hof 001.
Hóllinn er umkringdur hálfgrónum sandi. Fast austan við hann er lítið dalverpi, kúffullt af járnarusli.
Hóllinn er um 10x10 m stór. Hann er hærri frá suðri, um 1,5 m, þar sem land hækkar til norðurs. Frá norðri er hann um 0,7 m hár. Allvíða stingst járn út úr hólnum og líklegt er að hann hafi að hluta myndast við urðun þess. Þó hefur hér ugglaust verið bygging þar sem hleðslugrjót og spýtur eru einnig greinilegar í hólnum, þó ekki með skýru lagi. Hér hefur líklega verið útihús frá bænum.
Hættumat: engin hætta

RA-279:045 tóft útihús 63°17.636N 20°13.395V



Tóftin, horft til suðurs

Um 670 m austan við Gamla-Hof 001, 730 m austan við bæjarhól 006 og um 1,2 km SA frá núverandi bæ 008, fast sunnan við þjóðveg er tóft.
Tóftin er í sléttu túni.
Tóftin er um 15x6 m stór og snýr N-S. Hún er tvískipt. Nyrst í tóftinni er dæld, um 4x4 m stór að innanmáli og um 2 m djúp. Fast sunnan við hana er annað hólf, um 10x6 m stórt að innanmáli. Hleðslur þess eru hæstar um 1,1 m háar en suðurveggurinn er mun lægri, um 0,8 m. Dyr eru á miðjum suðurveggnum. Vel sést í grjót í tóftinni, mest um 8 umför. Engir garðar eru í tóftinni né jötur. Tóftin hefur án efa verið að útihúsi, mögulega hesthúsi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-279:046 garðlag 63°47.456N 20°14.140V

Garðlagið, horft til norðausturs

Um 200 m sunnan við núverandi hesthús, um 1,8 km VNV við bæ 008 og um 700 m vestan við útihústóft 045 er garðlag. Það er um 1,4 km vestan við Gamla-Hof 001.
Garðlagið liggur í grasivöxnum móa.
Garðlagið markar vestur- og suðurhliðar svæðis sem er alls um 600x125 m stórt og snýr NA-SV. er alls um 130 m langt. Norðausturendi þess er fast við uppkast úr skurði og er líklegt að garðlaginu hafi verið raskað þegar hann var grafinn. Þaðan liggur garðlagið til SV, um 10 m þar sem það er rofið, líklega af hestaumferð. Um 25 m SV heldur það áfram til SV, um 110 m þar til það hverfur skyndilega, um 2 m sunnan við skurð og hefur því líklega einnig verið raskað þar við skurðagröft. Garðlagið heldur áfram handan skurðarins um 290 m þar sem hlið er á því. Þar eru steinsteyptir hliðarstólpar, nú hrundir. Frá hliðinu liggur garðlagið loks um 180 m til NV þar sem það hverfur í sendan melinn. Nú er girðing á NV armi garðlagsins. Garðlagið er um 0,8 m breitt og um 0,7 m hátt. Hvergi sér í grjót í því. Hlutverk garðlagsins er óþekkt en líklega hefur hér verið vörslugarður eða beitarhólf.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-279:047 tóftir beitarhús 63°47.320N 20°14.110V

Tóftin, horft til norðurs



Tvær tóftir eru um 1,5 km VSV við Gamla-Hof 001, um
1,8 km vestan við bæ 008 og um 220 m sunnan við garðlag 046.
Tóftirnar er í þýfðum fremur votlendum móa sem teygir sig til allra átta.
Tóftirnar eru á svæði sem er um 14x10 m stórt og snýr A-V. Tóft A er mun stærri. Hún er um 12x8 m stór og snýr A-V. Hún hefur líklega verið tvískipt en vestara hólfið er illgreinilegt vegna rofs af völdum fjár. Eystra hólfið er mun greinilegra, það er um 4x5 m stórt og snýr eins og tóftin. Dyr eru á miðjum suðurvegg þess. Vestara hólfið hefur líklega verið mun minna, um 4x3 m stórt og snúið N-S. Hugsanlega hafa verið dyr á norðurvegg þess. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 1,5 m og allvíða sér í grjót í þeim. Tóft B er fast framan (sunnan) við vestara hólfið. Hún er um 2x2 m stór. Hleðslur hennar eru um 0,3 m háar, hvergi sér í grjót í þeim. Tóftin er opin til suðurs og minnir mjög á smalakofa. Hlutverk tóftanna er ekki þekkt en af staðsetningu þeirra og lögun að dæma hafa hér líklega verið beitarhús frá Stórahofi.
Hættumat: engin hætta

RA-279:048 tóft óþekkt 63°47.044N 20°15.931V



Tóftin, horft til suðurs

Hringlaga tóft er um 500 m NA frá hellutekjunni 041 og um 500 m norðan við tóft 012A. Hún er um 3,4 km vestan við bæ 008.
Tóftin er á hálfgrónum mel, sunnar er gróið Taglið, en melurinn teygir sig í aðrar áttir.
Tóftin er hringlaga um 5 m í þvermál. Dyr eru á henni til austurs og vesturs, hver á móti annarri. Hleðslur hennar eru grónar mosa og lyngi, um 0,5 m háar. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt.
Hættumat: engin hætta

RA-279:049 náma mógrafir 63°46.752N 20°14.518V
"Með ánni eru svonefndar Eyrar, vallgrónar slægjur með gömlum mógröfum, munu þær vera frá tíð Gamla-Hofs," segir í örnefnalýsingu. Um 250 m vestan frá mógröfum 014 eru fleiri grafir. Þær eru um 2,5 km VSV við bæ 008 og um 2,4 km SV við Gamla-Hof 001.
Grafirnar eru í valllendis móa, til norðurs eru þýfðir hólar.
Grafirnar eru á svæði sem er um 100x30 m stórt og snýr A-V. Þær eru um það bil þrjár, stórar, líklega margar grafir runnar saman. Grafirnar eru grunnar, mest um 0,2 m og þurrar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stóra-Hof, 3.

RA-279:050 tóftaþyrping óþekkt 63°47.193N 20°12.348V



Tóft A, horft til SSA

Um 20 m norðan við Rangá hjá vaði 030 eru tóftir. Þær eru um 140 m austan við þar sem garðlag 036 liggur að ánni. Þyrpingin er um 640 m SV við bæ 008 og um 1,3 km sunnan við Gamla-Hof 001.
Tóftirnar eru við Rangá. Fast við ána er bakkinn lágur og gróinn en ofar hækkar land og þar er þýfður mói.
Á þessum stað eru 5 tóftir á svæði sem er alls um 30x15 m stórt og snýr NA-SV. Hér verður hverri tóft gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er í SA horni svæðisins. Hún er, einföld um 7x9 m stór og snýr A-V. Hún er stungin inn í bakkann til norðurs en vestur og austurveggir hennar eru hlaðnir. Tóftin er opin til suðurs að ánni. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,7 m. Tóft B er um 10 m NV við A. Hún er einnig einföld, um 6x5 m stór og snýr N-S. Dyr eru í SA horni hennar. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 0,8 m. Tóft C er um 2 m SV við B. Hún er um 8x8 m stór. Tóftin er tvískipt. Vestara hólfið er um 8x4 m stórt, snýr NA-SV, dyr eru á því til suðurs, upp við milliveggin. Eystra hólfið er um 3x8 m stórt og snýr eins. Dyr eru einnig á því til suðurs, upp við milliveggin. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 0,6m. Tóft D er um 5 m SV við V. Hún er einföld, um 8x7 m stór og snýr N-S. Tóftin er opin til suðurs. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,6 m. Tóft E er um 7 m SV við D. Hún er einföld, um 8x5 m stór og snýr N-S. Tóftin er opin til suðurs. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,5 m. Hvergi sér í grjót í tóftunum. Hlutverk tóftanna er ekki þekkt. Þær eru grónar og falla vel inn í umhverfið og virðast gamlar. Hugsanlega hafa þær verið fjárhús, en staðsetning tóftanna er þó ekki dæmigert fjárhússtæði. Tóftirnar eru allar opnar að ánni og framan við þær er ekki mikið svæði því þar lækkar land nokkuð bratt niður að ánni. Þær minna einna helst á seltóftir en eru þó helst til of nálægt bæ til að það geti verið. Einnig má vera að hér hafi verið veiðikofar, við ána, en tóftaþyrpingin er kannski helst til of umfangsmikil til að svo megi vera.
Hættumat: engin hætta

RA-279:051 *Stóra-Hof* bæjarstæði bústaður 63°47.786N 20°12.656V
Tvíbýli var á Stórahofi árið 1709, í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "Bæirnir eru tveir og skammt í milli". Annar bær hefur því staðið skammt frá Gamla-Hofi (sjá fornleif 001). Ekki er vitað nákvæmlega hvar hann var.
Bæjarstæðið er á gróinni graslendisbrún, norðan við hana er gróið undirlendi þar til uppblásinn sandurinn tekur við. Að sunnan er lág brekka niður að hálfgrónum mel.
Engin skýr ummerki bæjarins sjást.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM I, 247.



RA-280 Minna Hof

15 hdr. 1711. "Elsta heimild sem getur Minnahofs er Njálssaga, en þar segir frá Skammkel er bjó á Hofi öðru. Sagan er talin skráð á síðari helming 13. aldar, en samkvæmt sögunni var jörðin komin í byggð á 9. tug tíundu aldar. [1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88] Næsta heimild sem til er um jörðina er dómur sem gekk á Kýraugarstöðum á Landi 11 jan 1535. ... Fyrsti eigandi Minnahofts er nú þekkist, var Guðni Þórarinsson lögréttumaður sem fyrir dauða sinn 1534 gaf Þórarni (syni sínum?) jörðina Efrahof eftir sinn dag ... en sú gjöf var dæmd ógild 11. jan 1535. Næsti eigandi jarðarinnar sem um er vitað, var Örnólfur Guðmundsson á Hellum sem seldi Ólafi Árnasyni í Gunnarsholti Minnahof 15 hundrið að dýrleika 11. júlí 1636. Tengdadóttir Ólafs, Ragnheiður Bjarnadóttir, gaaf Bergsteini Guttormssyni síðari manni sínum Innahof 11. des 1659 og að honum látnum 1694 erfðu börn hans Guttormur, Guðrún og Katrín jörðina." IF XII, 120; VS: Rangvellingabók, 279 "Annar helmingur jarðarinnar er gróinn, bæði valllendi og mýri og er það gott beitiland. Hinn hluti jarðarinnar er örfoka sandur, nú nokkuð tekinn að gróa." SB V, 80
1711: "Engjaslægjum spilla skriður af gjróti og blásutrs sandur. Af beitarlandinu halda menn þriðjúng eyddan og kominn í sand." JÁM I, 246 1850: "Þessi jörð er heldur landlítil og snögglend, hér um bil helmingur af landi hennar er komið í sand. - Hættujörð fyrri sauðfé, vegna dýja og má telja að kúgildi farist í þeim á ári, hvað vel sem passað er. Túnin eru greiðfær." 1882. "Þessi jörð hefur góð tún og nokkrar utantúnsslægjur, en litla haga og talsvert spillta af sandfoki." VS: Rangvellingabók, 281 1917: Tún 1,6 ha, þar af 0,4 ha slétt, garðar 1670 m² 1940: "Tún: 3/5 velfært, hitt greiðfært og þýft. Votlendar. Beitiland: Valllendi, skýlt og snjólétt, fremur lítið en gott til allrar beitar. Ókostir: Lítils háttar landbrot frá Rangá. Nokkrar hættur af dýjum." VS: Rangvellingabók, 281. "Áður fyrr var lítið um heimaslægjur á Hofi. Var þá heyfengur sóttur í Grafarnes, en nú hefur ábúandinn, Ingvar Ólafsson, stækkað og bætt túnið mjög og ræst fram mýri fyrir neðan, svo að slægjur eru yfrið nógar." Ö-Minna-Hof, 1

RA-280:001 *Minna Hof* bæjarhóll bústaður 63°47.825N 20°10.947V



Tóftin nyrst á bæjarhólnum, horft til austurs

Bæjarhóllinn, horft til norðurs

Þar sem gamli bærinn, sem merktur er á túnakort frá 1917, stóð er nú timburhús á steyptum grunni, byggt 1908. Húsið er með kjallara. Það stendur um 80 m VSV við núverandi íbúðarhús (sjá 002).
Húsið stendur á háum hól sem er brattur til suðurs og vesturs niður á tún en hann fellur inn í landið til norðurs. Til austurs er hóllinn aflíðandi niður í dæld sem er á milli hússins og núverandi íbúðarhúss sem einnig stendur upp á stórum hól (sjá 002).
Hóllinn er um 75x55 m stór og snýr A-V. Hann er hæstur úr suðri um 5 m. Hesthús, fjós og mjólkurhús eru sambyggð húsinu austan við það á hólnum. Hrútakofi er sambyggður bænum að norðan, nú enn undir þaki en hálfhruninn. Fast norðan við hann sér móta fyrir tóft á hólnum. Hún er líklega af taðhúsi sem hér var. Tóftin er einföld, um 2x3 m stór, opin til vesturs. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,4 m, hvergi sér í grjót í þeim. Hrútakofinn og taðhúsið voru byggð yfir hlóðaeldhús sem áður var norðan við bæinn. Húsið fór illa í jarðskjálfta árið 2000 og stendur til að rífa það. Uppdráttur eftir Helgu Skúladóttur er varðveittur í bók hennar, Rangárvellir. Fyrir neðan uppdráttinn segir: "A íbúðarhús, járnklætt (ofn) (10,1x6,1x5,3 m), B bæjardyr ("skúr"), C og D hlöður, E eldhús, F dyraskýli".
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; HS, viðauki.

RA-280:002 heimild um útihús 63°47.850N 20°10.842V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 80 m NA við bæ 001. Útihúsið hefur staðið þar sem núverandi íbúðarhús stendur nú, það var byggt 1990. Húsið er með kjallara.
Húsið stendur á hól sem hallar bratt til suðurs og austurs niður á tún, fellur inn í landið til norðurs og er aflíðandi til austurs að bæjarhólnum 001.
Hóllinn er um 70x40 m stór og snýr A-V. Hann er hæstur frá suðri um 5 m. Samkvæmt heimildamönnum komu ekki upp neinar minjar eða vísbendingar um mannvist þegar grafið var fyrir íbúðarhúsinu árið 1990 og verður hóllinn því að teljast að mestu leyti náttúrulegur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-280:003 þúst útihús 63°47.881N 20°10.869V



Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 90 m NA við bæ 001. Ingvar Magnússon (f. 1942) man eftir tóft á þessu svæði, um 100 m NA við bæ 001 og um 35 m VNV við tóft 005. Þar er nú þúst.
Þústin er í sléttuðu túni.
Hún er um 10x10 m stór, lág, um 0,5 m há. Ekkert skýrt tóftarlag er á henni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-280:004 tóft hesthús 63°47.871N 20°10.822V



Tóftin, horft til suðausturs

Samkvæmt túnakorti var útihús um 90 m ANA við bæ 001, um 3 m sunnan við útihús 005. Ingvar Magnússon (f. 1942) telur að þar hafi verið hesthúskofar. Um 90 m NA við bæ 001 er stór tvískipt tóft. Líklega er syðra hólfið leifar útihúss 004 og það nyrðra útihús 005. Þau eru þó ekki sambyggð á túnakortinu en staðsetningin passar upp á hár. Einnig má vera að tóftin sem nú er á staðnum hafi verið byggð ofan á tóftir húsa 004 og 005 eftir 1917.

Tóftin er í grasivöxnu túni við vesturbakka Fjósagils.

Tóftin er tvískipt, um 18x7 m stór og snýr N-S. Hún er að hluta stunginn niður í bakka Fjósagils og hleðslur hennar eru mun hærri að innan en utan. Syðra hólfið er um 9x4 m stórt og snýr eins og tóftin. Vesturveggur þess er fremur ógreinilegur og siginn. Hleðslur hólfsins eru hæstar um 1,6 m að innan, en um 1 m að utan. Hólfið er opið til austurs. Nyrðra hólfið er heillegra. Það er um 9x6 m stórt og snýr N-S. Dyr eru á því á miðjum norðurvegg þess. Hleðslur þess eru hæstar um 1, 4 m ef mælt er að innan og þar eru sex umför grjóts greinileg í hleðslum. Að utan eru þær um 1 m háar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

RA-280:005 tóft hesthús 63°47.875N 20°10.833V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 100 m ANA við bæ 001og um 3 m norðan við útihús 004. Ingvar Magnússon (f. 1942) man eftir hesthúskofum á þessum stað. Um 100 m NA við bæ 001 er stór, tvískipt tóft (sjá 004). Hugsanlega er syðra hólfið leifar útihúss 004 og það nyrðra útihús 005. Þau eru þó ekki sambyggð á túnakortinu en staðsetningin passar upp á hár. Einnig má vera að tóftin sem nú er á staðnum hafi verið byggð ofan á tóftir húsa 004 og 005 eftir 1917.

Tóftin er í grasivöxnu túni við vesturbakka Fjósagils.

Engin stök tóft er nú á þessum stað en hugsanlega hafa hús 004 og 005 verið tengd eftir 1917 eða tóftin sem nú er á þessum stað (sjá 004) verið byggð ofan á kofarústirnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

RA-280:006 hellir bústaður 63°47.830N 20°10.915V

"Á Minna-Hofi fannst hellir fyrir nokkru er verið var að grafa fyrir haughúsi. Ekki var hann neitt rannsakaður svo ekki er vitað hvort um stóran helli var að ræða en í honum fundust merki þess að þar höfðu menn gengið um," segir í Sunnlenskum byggðum. Nú stendur fjós þar sem hellirinn var.

Fjósið er sambyggt gamla íbúðarhúsinu og stendur á bæjarhólnum. Sunnar eru slétt tún.

"Á Minnahofi á Rangárvöllum fannst vel höggvinn hellir djúpt í jörðu fyrir fáum árum. Grafið var fyrri haugkjallara undir nýju fjósi og fannst þá hellismuninn í móklapparbrún. Um það bil fets þykkt fokmoldarlag var þar á hellisgólfi. Við hellisgafl lá hvalshryggjarliður en öðuskel í smáskáp höggnum í bergið," segir í Manngerðum hellum. Engin ummerki hellisins sjást nú vegna bygginga.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SB V, 14; Manngerðir hellar, 222-223

RA-280:007 heimild

Í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1894, segir: "Ekki er hægt að segja með vissu, hvar hofið að Hofi hefir staðið. Nálægt Stóra-Hofi sjást engar fornar rústir, en hjá Minna-Hofi er talsvert af rústum og girðingum frá fyrri öldum. Þar mun því hoftóftarinnar að leita. Ferhyrnd girðing er skammt fyrir sunnan túnið. Hún er utan um bunguvaxna flöt, sem tóftir eru á eftir tvo smákofa eigi forna. Verið getur, að hofið hafi staðið í þessari girðingu, en verið rifið niður og sljettað út eftir kristni; smákofarnir svo byggðir þar aftur seinna. ..." Ekki er vitað með vissu hvaða tóftir Brynjúlfur á við í grein sinni. Einu tóftirnar sem nú eru

greinilegar sunnan við bæ 001, nú í túni, eru Fornufjós 024. Hugsanlega eru það þær tóftir sem hann talar um en ekki er hægt að fullyrða um það með neinni vissu.
Heimildir: Árbók 1894, 14-15

RA-280:008 *Geitavarða* varða landamerki 63°50.217N 20°11.477V

Varðan, horft til norðurs

"Geitavarða stendur utarlega á Geitasandi. Hún er hornmark (Reyðarvatns, Stokkalækjar, Kirkjubæjar og Hofs) .." segir í örnefnalýsingu. Varðan er um 4,4 km norðan við bæ 001 og um 5,5 km NV við Stokkalæk 281:001. Varðan er nefnd Geitamelsvarða í landamkerjalýsingu Stokkalækjar frá 1890.
Varðan er fast NV við girðingu, á berum mel sem teygir sig til norðurs og vesturs. Sunnan og suðaustan við er gróinn völlur og þá tún.
Varðan er hlaðin úr flötum hellum. Hún stendur á smá mosavöxnum hól. Talsvert af hellum hafa hrunið úr henni til norðurs. Varðan er um 1,5x1,5 m stór og um 1,6 m há, fremur fornleg.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Minna-Hof, 2; VS: Rangvellingabók, 403

RA-280:009 heimild
Í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1894, segir: "En það eru líka fornar rústir fyrir neðan hlaðbrekkuna á Minna-Hofi. Þær eru miklar fyrirferðar, en óglöggvar. Þó er ein þeirra hin austasta, alls eigi ólík því, að hún gæti verið hoftóft. En hjer er ekki við neitt að styðjast, nema mismunandi tilgátur." Þessar tóftir eru ekki þekktar í dag (2007). Engar tóftir eru sunnan við hlaðbrekkuna á gamla bænum 001 en þar eru nú slétt tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Árbók 1894, 14-15

RA-280:010 heimild um leið 63°48.737N 20°09.682V
"Syðst og austast á Geitasandi, fyrir ofan brúna, sem liggur austur og vestur, er hann nefndur Háisandur. Hann má kalla gróðurlaus. Fyrir neðan brúnina, við götuna upp úr .." segir í örnefnalýsingu. Þar sem leiðin yfir Geitasand lá er nú heflaður vegur frá þjóðvegi á milli Minna-Hofs og Stokkalækjar yfir sandinn til norðurs og NV að þjóðvegi milli Keldna og Gunnarsholts.
Vegurinn liggur yfir sandinn, víða eru lúpínubreiður og hálfgrónir hólar.
Engin ummkerki eldri vegar sjást á sandinum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Minna-Hof, 2

RA-280:011 tóft+garðlag stekkur 63°47.887N 20°10.788V

Tóftin, horft til suðurs



Tvískipt tóft og gerði eru 180 m NA við bæ 001 og um 50
m austan við tóftir 004 og 005. Þær eru um 90 m sunnan við kvíar 019.
Í mosavöxnum, smáþýfðum móa, milli tveggja gilskorninga, Fjósagils að austan og annars að vestan.
Tóftin og gerðið eru á svæði sem er alls um 12x12 m stórt. Tóftin er um 8x6 m stór og snýr N-S. Hún er tvískipt. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,5 m. Syðra hólfið er um 6x5 m stórt að innanmáli og snýr A-V, það er opið til austurs. Á stöku stað sér í grjót í hleðslum þess. Nyrðra hólfið er um 2x5 m stórt, það snýr einnig A-V og er opið til austurs. Aftan (vestan) og norðan, við tóftina er hlaðið gerði. Það er um 12x10 m stórt og snýr N-S. Tvö op er á gerðinu við vestur- og norðurveggi tóftarinnar. Hleðslur gerðisins eru um 0,5 m háar og um 0,3 m breiðar. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en af lögun tóftarinnar að dæma má ætla að hér hafi verið stekkur. Hann er þó heldur nálægt bæ.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-280:012 tóft fjárhús 63°17.964N 20°10.207V



Tóftin, horft til SSA

"Úr Tittlingagili fellur smálækur, Akurgarðalækur, um Akurgarða [281:008].
Örlítil spilda af þeim fylgir Hofinu. Allt frá Akurgörðum og heim undir fjárhús er einu nafni nefnt Inn með brekkum," segir í örnefnalýsingu. Fjárhústóftin er um 660 m austan við bæ 001 og um 90 m vestan við tóft 036.
Tóftin er í sléttuðu túni.
Tóftin er um 19x12 m stór, snýr N-S. Hún skiptist í fjögur hólf. Hólf I er vestast. Það er um 10x3 m stórt að innanmáli, snýr N-S. Dyr er á miðjum suðurvegg. Hólf II er fast austan við hólf I. Það er jafnstórt og snýr eins. Dyr eru einnig á miðjum suðurvegg. Hólf III er fast norðan við hólf I og II. Það er um 7x3 m stórt og snýr A-V. Engar dyr eru á því. Fjórða hólfið, IV, er austan við hólf II. Það er um 8x4 m stórt, snýr N-S. Dyr eru á miðjum suðurvegg. Tóftin er stungin inn í smá brekku til norðurs og hleðslur hennar því mun hærri að innan en utan. Að innan eru þær hæstar um 1,6 m en að utan eru þær víðast um 0,3 m. Suðurveggurinn er þó hærri, um 1, 4 m hár. Allvíða sér í grjót í hleðslum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Minna-Hof, 3

RA-280:013 *Króknesvað* heimild um vað 63°47.680N 20°10.152V
"Suður af brekkunum er Króknesið, tangi, sem gengur út í Rangá. Króknesberg er við ána og Króknesvað á ánni í tanganum," segir í örnefnalýsingu. Vaðið er ekki farið lengur. Ingvar Magnússon, heimildamaður taldi það hafa verið um 700 m SV við bæ 001.
Þar rennur áin fast við Króknesbergið, að sunnan gengur grasivaxinn tangi út í hana og tengist malareyri í ánni. Vaðið er ekki fært nú, þar sem áin rennur fast upp við bergið. Líklega hefur Rangáin breytt farvegi sínum hér frá því sem áður var.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Minna-Hof, 3

RA-280:014 *Mótangi* heimild um mógrafir 63°47.625N 20°10.846V
"Mótak er niður af túninu og heitir þar Mótangi, sem mórinn er tekinn upp," segir í örnefnalýsingu. Mótangi gengur út í ána, skammt SV við Skálastykki 015, um 380 m sunnan við bæ 001.
Í Mótanga er nú þýfður mói.
Áin hefur brotið talsvert af bökkum sínum á þessum stað svo ekki sér til mógrafa lengur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Minna-Hof, 3

RA-280:015 *Rjómabúið* tóft 63°47.630N 20°10.828V

Tóftin, horft til norðvesturs



"Ýmis nöfn eru í Nesinu [engjalöndunum] engjunum, og sum ung [ritað 1934], eins og Skálastykki. Það dregur nafn sitt af rjómaskálanum, sem stóð þar við ána," segir í örnefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum segir: "Rjómabúið á Minna-Hofi var stofnað 1904 og starfaði til 1917. Það var í byrjun nefnt smjörbúið. .... Rjómabúshús var byggt við Eystri-Rangá hjá Minna-Hofi, 13 x 10 álnir, og geymsluskúr 4 x 10 álnir. Í húsinu voru þrjú herbergi, svefnherbergi, vigtar- eða móttökuherbergi og smjörgerðarherbergi. Húsið var byggt úr timbri, járnvarið með steyptu gólfi. Sama var um geymsluskúrinn. ... Grjót í grunn, um 800 hestburðir, varð að reiða á klökkum tveggja klukkustunda ferð og gengu til þess 250 krónur." Um 20 m NV við Rangá, um 380 m sunnan við bæ 001, fast vestan við gamlan og þurran farveg Sveiflulækjar eru leifar Rjómabúsins.
Tóftin er fast sunnan við tún í þýfðum móa við bakka Rangár, fast umhverfis hana er moldarrof.
Tóftin er, einföld, um 10x6 m stór og snýr N-S. Hleðslur hennar eru lágar, eitt umfar grjóts, hæst um 0,3 m. Dyr hafa líklega verið á miðjum suðurvegg hennar. All víða sér í grjót og á einum stað í steinsteypu, líklega leifar gólfsins. Samkvæmt heimildum voru tvær byggingar á svæðinu, umhverfis tóftina er mikið að aðfluttu grjóti en engin skýr ummerki annarra bygginga. Hún hefur líklega verið rifin til grunna.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Minna-Hof, 3; SB V, 23.

RA-280:016 *Simbarimi* heimild um legstað 63°47.809N 20°11.391V
"Austur af Mónefsrimanum [við fyrirhleðslulónið] er Simbarimi, mjög þýfður. Þar á maður að vera heygður, sem Simbi hét," segir í örnefnalýsingu. Simbarimi er um 370 m vestan við bæ 001. Hann gengur fram undan Gjögri út í mýrina.
Riminn er gróinn og þýfður, umhverfis er mýri.
Engin mannaverk eru greinileg á rimanum sem er ugglaust að öllu leyti náttúrulegur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Minna-Hof, 4

RA-280:017 garðlag áveita 63°47.699N 20°10.946V

"Norður af Suðurmýrinni liggur Heimamýri, en garður á milli," segir í örnefnalýsingu. Leifar af áveitugarði eru í mýrinni um 260 m SSV við bæ 001.
Garðlagið er í þýfðri mýri.
Það er alls um 130 m langt og liggur í sveig frá austri til NV. Garðlagið er hlaupið í þýfi og allvíða skorið af fjárgötum. Það er hæst um 0,7 m og um 0,5 m breitt. Það var byggt til að stjórna flæði vatns í mýrinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Minna-Hof, 4

Garðlagið, horft til vesturs

RA-280:018 *Vaðbakki* heimild um vað 63°47.350N 20°11.450V

"Vaðbakki heita bakkar Rangár, suður af mýrinni," segir í örnefnalýsingu. Vaðið er ekki farið lengur. Það var um 970 m SV við bæ 001 og um 440 m frá Stóra-Hofi 279:008.
Malareyri við bakkann sunnan við en að norðan er um 1 m hár grasbakki fast við ána sem hér er fremur breið en nokkuð straumhörð.
Engin ummerki vaðsins sjást við ána.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Minna-Hof, 4

RA-280:019 *Kúaból* tóft kvíar 63°47.931N 20°10.835V

Tóftin, horft til suðausturs

"Í túninu eru ýmis örnefni, Kúaból er gamall stöðull milli túngarðs [020] og girðingar, eiginlega fyrir norðan Norðurtúnið," segir í örnefnalýsingu. Kúaból er um 220 m NA við bæ 001 og um 100 m norðan við hesthústóft 005.
Tóftin er á grasivöxnum hól umhverfis er grasivaxinn mói.
Tóftin er einföld, um 8x4 m stór og snýr ASA-VNV. Hleðslur hennar eru mjög signar, hæstar um 0,2 m, hvergi sér í grjót í þeim. Dyr eru á tóftinni á miðjum suðurvegg.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Minna-Hof, 5

RA-280:020 garðlag túngarður 63°47.584N 20°11.357V

Garðlagið, horft til austurs

"Í túninu eru ýmis örnefni, Kúaból [019] er gamall stöðull milli túngarðs og girðingar, eiginlega fyrir norðan Norðurtúnið," segir í örnefnalýsingu. Túngarður liggur austan og sunnan við tún og teygir sig til vesturs inn í mýrina. Norðausturendi hans er um 150 m vestan við bæ 001 en suðvesturendi hans er um 590 m SV bæjar 001.
Garðlagið liggur annarsvegar við mörk sléttaðs tún og móa og hinsvegar í þýfðri mýri.
Garðlagið nær yfir svæði sem er um 570x360 m stórt og snýr NNA-SSV. Það er alls um 950 m langt. Frá NA enda garðlagsins, þar sem það hverfur í traðirnar (sjá 023), liggur það til suðurs um 200 m þar sem það hverfur í sléttað tún. Garðlagið birtist aftur sunnar og liggur að SV mörkum túns, um 160 m. Þaðan liggur garðlagið til vesturs um 240 m þar sem það greinist. Annarsvegar liggur leggur lengra til suðurs um 70 m þar sem það beygir til VNV, um 150 m, þar sem það hverfur í þýfða mýrina og hinsvegar liggur það til norðurs um 200 m þar sem það kemur á garðlag 017. Þar sem garðlagið liggur á mörkum túns er það hæst um 1,3 m og um 1 m breitt. Það er lægra utan túns, um 0,5 m breitt og um 0,3 m breitt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Minna-Hof, 5

RA-280:021 tóft fjárhús 63°47.876N 20°10.814V

Tóftin, horft til austurs



"Djúpa lautin fyrir austan bæinn heitir Fjósadalur. Vatn stendur þar á vetrum og var sótt þangað vatn í fjósið, áður en vatnsveitan kom," segir í örnefnalýsingu. Fjósadalur er fast austan við tóftir 004 og 005. Í honum er steypt fjárbað og leifar fjárréttar sem þar var. Réttin var notuð fram undir 1960 samkvæmt Ingvari Magnússyni (f. 1942). Fjárbaðið er um 150 m austan við bæ 001 og um 60 m NA við núverandi íbúðarhús (sjá 002).
Fjósadalur er aflíðandi til suðurs. Hann er um 4 m djúpur og um 10 m breiður, algróinn.
Fjárbaðið er í grasivaxinni kvos umhverfis má sjá ógreinileg merki fjárhússins. Það hefur verið stungið niður í brekkuna að austan og norðan. Vestur- og suðurveggir þess hafa verið hlaðnir en hleðslurnar eru nær alveg útflattar, hæstar um 0,15 m. Fjárhúsið hefur líklega verið um 16x16 m stórt. Ekki er unnt að fullyrða hvar dyr hafa verið á húsinu, en þær hafa hugsanlega verið á miðjum suðurvegg þess.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Minna-Hof, 5

RA-280:022 gripir
1868: "Gamall REIÐABÚNÍNGUR úr kopar af karlmanns söðli; í miðju er stór kringlóttur skjöldur, allur útgrafinn með hringrósum með hálf býzönskum blöðum og dýrahöfðum, mjög vel gjört. Allt í kring er grafið með latínuletri: Ellendvr, ásmvnds, son, á, pennan, reiða, enn, einginn, annar, 1639. ... á öðrum sprota-endanum, sem hefir verið að aptan, er ártalið 1620. ... Hann fannst fyrir neðan svokallaðan Hásand milli Hofs og Reyðarvatns á Rángárvöllum." Í örnefnaskrá Minna-Hofs segir: "Syðst og austast á Geitasandi, fyrir ofan

brúnina, sem liggur austur og vestur, er hann nefndur Hásandur." Hásandur eða Háisandur eins og hann er jafnan nefndur er all víðáttumikið svæði á Geitasandi. Ekki er vitað hvar reiaðbúningurinn fannst. Leiðir hafa lengi legið yfir beran sandinn, t.d. 010. Líklegt er að gripurinn hafi fundist við leiðina þó ekki sé hægt að fullyrða það.
Heimildir: Skýrsla FÍ II, 82; Ö-Minna-Hof, 2.

RA-280:023 vegur traðir 63°47.823N 20°10.872V

Traðirnar, horft til austurs

"Meðfram tröðunum að sunnan er kallað Austurskák," segir í örnefnalýsingu. Traðirnar eru merktar á túnakort frá 1917. Enn sér til þeirra um 40 m SA við gamla bæinn 001, um 30 m sunnan við nýja íbúðarhúsið (sjá 002).
Traðirnar liggja sunnan undir hól (sjá 002) á mörkum sléttaðs túns.
Traðirnar eru greinilegar á um 50 m löngum kafla. Þær eru um 3 m breiðar. Traðirnar liggja frá dældinni á milli hóla 001 og 002, suður fyrir hólinn og til austurs, þar sem þær hverfa í slétt tún. Þær eru upphlaðnar, um 0,5 m háar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Minna-Hof, 5; Túnakort 1917.

RA-280:024 *Fornufjós* tóft fjós 63°47.774N 20°10.865V

Tóftin, horft til norðurs



"Fornufjós eru fram á túninu, þar sést enn til framrennslisskurðar," segir í örnefnalýsingu. Tóft Fornufjósa er um 120 m sunnan við bæ 001 og um 270 m norðan við Rjómabúið 015.
Tóftin er í sléttu túni.
Tóftin er um 18x18 m stór. Hún er tvískipt. Syðra hólfið er um 10x4 m stórt og snýr N-S. Það er opið til suðurs. Hleðsluhæð þess er um 1,2 m. Fast norðan við það er annað hólf. Það er um 7x12 m stórt, snýr A-V. Dyr eru á því í NA horni. Hólfið hefur líklega verið að hluta stungið niður í svörðinn. Hleðslur þess eru hæstar um 1 m. Hvergi sér í grjót í tóftinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Minna-Hof, 5

RA-280:025 renna áveita 63°47.767N 20°10.870V
"Fornufjós eru fram á túninu, þar sést enn til framrennslisskurðar," segir í örnefnalýsingu. Fornufjós eru um 120 m sunnan við bæ 001 og um 270 m norðan við Rjómabúið 002 og hefur frammrennslisskurðurinn verið þar við.
Fornufjós eru í sléttu túni.
Vestan og sunnan í tóftarhólnum er dæld. Hún er illgreinileg þar sem mikið gras vex á hólnum en virðist vera um 0,5 m breið og dýpst um 0,15 m. Hugsanlega er hún sá framrennslisskurður sem nefndur er í örnefnalýsingunni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Minna-Hof, 5

RA-280:026 *Mörður* öskuhaugur 63°47.814N 20°10.972V



Mörður, horft til suðurs

"Norðvestur af húsinu á brekkubrúninni er hóll, nefndur Kjálkhóll. Nokkuð sunnar í brúninni er Mörður, gamall öskuhaugur. Þar á Mörður gamli að vera heygður," segir í örnefnalýsingu. Páll Sigurðsson nefnir Mörð í grein sinni um forn örnefni frá 1886: "Haugar tveir eru nálægt Minna-Hofi, er stærri haugurinn nefndr Kjálki, en hinn Mörðr." Mörður er um 20 m SV við gamla bæ 001 á suðvestanverðum bæjarhólnum.
Hóllinn er grasivaxinn, sunnar eru sléttuð tún en að vestan er mýri.
"Á stærri haugnum eru auðsjáanlega mannaverk, og jafnvel á báðum. Nokkrir hafa haldið, að þetta væri haugar þeirra feðga Valgarðs og Marðar, en eg læt ósagt, hvort svo er; mér þærri eins líklegt, að þetta vera kynnu haugar þeirra Hrafns lögsögumanns og Marðar gígu ..." segir í grein Páls Sigurðssonar. Mörður er bátslaga hóll. Hann er um 13x9 m stór í grunninn og snýr NV-SA. Hóllinn mjókkar upp. Hann er flatur í toppinn þar sem hann er um 1,5-2 m breiður og um 6 m langur. Hóllinn er hæstur frá SV, um 4 m en lægri úr NV, um 1,5 m. Vestan í hólnum er dæld. Hún er um 3x2 m stór, snýr A-V. Hún er um 0,2 m djúp. Ingvar Magnússon og Svanlaug Adolfsdóttir á Minna-Hofi könnuðust við sagnir um það að eitt sinn hafi verið grafið í hólinn en hætt við skyndilega þegar bærinn stóð í björtu báli. Hóllinn er líklega að mestu leyti manngerður. Þó er ekki hægt að fullyrða að hér sé legstaður. Mörður er einnig nefndur öskuhaugur í örnefnalýsingu jarðarinnar og því líklegt að ösku frá bænum hafi verið hennt í hann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Minna-Hof, 5; PS, 535

RA-280:027 *Kjálki* heimild um legstað 63°47.832N 20°10.981V
"Norðvestur af húsinu á brekkubrúninni er hóll, nefndur Kjálkhóll. Nokkuð sunnar í brúninni er Mörður, gamall öskuhaugur. Þar á Mörður gamli að vera heygður," segir í örnefnalýsingu. Í grein Páls Sigurðssonar um forn örnefni frá 1886 segir: "Haugar tveir eru nálægt Minna-Hofi, er stærri haugrinn nefndr Kjálki, en hinn Mörðr." Kjálki er um 20 m norðan við Mörð 026 og um 20 m vestan við bæ 001.
Kjálki er grasivaxinn hóll vestan í bæjarhólnum 001. Í grein Páls Sigurðssonar segir ennfremur: "Á stærri haugnum eru auðsjáanlega mannaverk, og jafnvel á báðum. Nokkrir hafa haldið, að þetta væri haugar þeirra feðga Valgarðs og Marðar, en eg læt ósagt, svort svo er; mér þærri eins líklegt, að þetta vera kynnu haugar þeirra Hrafns lögsögumanns og Marðar gígu ..." Ekki eru eins skýr mannaverk á Kjálka og Merði. Hann er líklega að mestu leyti náttúrulegur, þó ekki sé hægt að fullyrða um það að svo stöddu. Hóllinn er um 3x6 m stór og snýr N-S. Hann er um 3 m hár.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Minna-Hof, 5; PS, 535

RA-280:028 heimild um kálgarð 63°47.816N 20°10.947V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru þrír kálgarðar framan (sunnan) við bæ 001. Sá vestasti hefur verið um 18 m sunnan við bæ.
Þar sem kálgarðarnir voru er nú grasivaxin hlíð bæjarhólsins 001. Sunnar eru slétt tún.
Engin ummerki garðsins sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-280:029 heimild um kálgarð 63°47.819N 20°10.922V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru þrír kálgarðar framan, sunnan, við bæ 001. Garðurinn í miðjunni hefur verið um 20 m SSV við bæ 001.
Þar sem kálgarðarnir voru er nú grasivaxin hlíð bæjarhólsins 001. Sunnar eru slétt tún.
Engin ummerki garðsins sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-280:030 heimild um kálgarð 63°47.820N 20°10.897V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru þrír kálgarðar framan, sunnan, við bæ 001. Austasti garðurinn hefur verið um 30 m SV við bæ 001.

Þar sem kálgarðarnir voru er nú grasivaxin hlíð bæjarhólsins 001. Sunnar eru slétt tún.

Þar sem garðurinn var er nú afgirtur skiki sunnan við fjós þar sem er afrennsli úr því. Engin ummerki kálgarðsins sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

RA-280:031 frásögn brunnur 63°47.807N 20°10.915V

Ingvar Magnússon á Minna-Hofi (f. 1942) man eftir brunn sunnan við bæ 001. Hann var um 40 m sunnan við bæ 001 og um 70 m norðan við Fornufjós 024.

Þar sem brunnurinn var eru slétt tún.

Engin ummerki brunnsins sjást í sléttu túninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-280:032 *Mónef* heimild um huldufólksbústað 63°47.688N 20°11.680V

Áletrun í Monef

Mónef, horft til norðausturs

"Við lækinn er móbergsklettur, sem nefndur er Mónef, þar á einnig að vera huldufólk. Eitt sinn kom heimildarmaður framan yfir á í mjög skuggsýnu veðri. Sér hann þá ljós og stefnir á það, en er leiti bar á milli, hvarf ljósið, en stefnan reyndist frá Mónefi. Skömmu eftir að núverandi ábúandi fluttist að Hofi austan úr Mýrdal, heimsótti þau kunningjakona þeirra að austan. Þegar hún fór að litast um og athuga landslagið, segir hún við Ragnhildi húsfreyju: "Hvaða litli bær er þarna á milli Hofanna?" og benti um leið á Mónefið. Stúlka þessi þótti vera skyggn," segir í örnefnalýsingu Stóra-Hofs. Ingvar Magnússon og Svanhildur Adolfsdóttir á Minna-Hofi sögðu frá því að Ingvar Ólafsson (1886-1942), afi Ingvars, hafi eitt sinn ætlað að sýna fram á að engir draugar væru í Mónefi. Hann klappaði í bergið "Hér er ekki draugur" en við það heyrði hann kallað: "Fí fí fú fú hver ert þú þú?". "Hér er ekki draugur" sást lengi í berginu en er nú afmáð. Mónefið er um 650 m vestan við bæ 001 og um 440 m NNA við Stóra-Hof 008.

Mónefið er klöpp sem gengur austur undan Mónefsrima sem er grasivaxin sandalda. Sunnar og austar er þýfð mýri.

Mikið er klappað í Mónefið. Sumt er illlæsilegt en annað skýrt. Til að mynda eru ártölin 1907 og 1999 bæði klöppuð í bergið sem og áletrunin "1860 HOF".

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Stóra-Hof, 4.

RA-280:033 hleðsla sundlaug 63°47.743N 20°11.679V

Sundlaugin, horft til suðurs

Í Sunnlenskum byggðum segir: "Ungmennafélagið Hekla var stofnað 26. júlí 1908 ... Sundáhugi var mikill á upphafsárum félagsins. Byggði félagið 2 sundlaugar, fyrst á Geldingalæk ... en 1915 var stíflaður landamerkjalækur milli Stóra-Hofs og Minna-Hofs og hlaðin þar sundlaug." Þar sem sundlaugin var er nú smá tjörn, um 620 m vestan við bæ 001 og um 100 m norðan við Mónef 032.
Tjörnin er í mýrarspildu fram undan sandöldunum á milli Móbakka og Litlu-Sveiflu.
Engar grjóthleðslur eru við bakka tjarnarinnar en afrennsli hennar er stíflað með torfi og spýtum. Nú (2007) rennur þó aðeins fram hjá stíflunni. Ætla má að tjörnin hafi verið ágætlega djúp þegar stíflan virkaði sem skyldi en bergvatnið rennur örugglega í hana undan sandöldunni. Tjörnin er um 25x6 m stór, snýr N-S. Stíflan er í suðurenda hennar, hún er um 6 m löng, um 0,5 m breið og um 0,5 m há.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:SB V, 29-30.

RA-280:034 mannvirki 63°47.604N 20°11.744V



Rafstöðin, horft til vesturs

Í örnefnaskrá segir: " Móts við Stórulág í Stórhofslandi er Mónefsrimi, mjög þýfður, og Mónefið við fyrirhleðslulónið..." Fyrirhleðslulónið við Mónef 032 veitti vatni í rafstöð sem byggð var við merkjalækinn. Hún var um 95 m sunnan við Mónefið 032, um 340 m NA við Stóra-Hof (279:008) og um 770 m vestan við bæ 001.
Rafstöðin stóð á grasivöxnum bakka lækjarins, umhverfis er þýfður mói.
Rafstöðin var byggð snemma á síðustu öld. Þar sem hún stóð er nú bárujárns og timburbrak, hrundir steinsteyptir veggir og samsettir járnrammar. Það er sem stungið hafi verið niður í svörðinn og einskonar dæld mynduð. Hún er um 18x6 m stór, um 0,5 m djúp og snýr N-S. Steinsteyptu veggirnir eru um það bil í miðri dældinni. Garðlag liggur frá dældinni til austurs, um 70 m. Það er um 1 m breitt og mest um 0,8 m hátt. Garðurinn er allvíða skorinn af mýrarspildum en honum hefur eflaust verið ætlað að veita vatni úr mýrinni í farveg sem liggur fast upp við steinsteypubrakið, hann er nú þurr. Ingvar Magnússon og Svanlaug Adolfsdóttir á Minna-Hofi töldu að rafstöðin hafi verið byggð á álagabletti, enda nálægt Stórulágar 016 og Mónefs 032. Samkvæmt sögunni var kona mannsins sem byggði rafstöðina rúmföst upp frá því.
Hættumat: engin hætta

RA-280:035 *Sauðahús* tóft beitarhús 63°48.217N 20°10.179V



Tóftin, horft til austurs

Um 960 m ANA við bæ 001, fast norðan við sléttuð og afgirt tún er tóft. Tóftin er í grasivöxnum bakka, fast sunnan og vestan við eru sléttuð tún en til austurs er melur.

Tóftin er um 14x6 m stór, snýr SA-NV. Tóftin er einföld með dyrum í NA horni. Hleðslur hennar eru hæstar um 1 m. Víða sér í grjót í tóftinni, mest um 4 umför í austurvegg hennar. Mikið járnbrak er í henni, bogadregnir stoðbitar sem benda til að bragga þak hafi verið á henni. Ingvar Magnússon, heimildamaður sagði að hér hafi verið sauðahús.

Hættumat: engin hætta

RA-280:036 tóft beitarhús 63°47.988N 20°10.116V



Tóftin, horft til suðurs

Tóft er um 90 m austan við fjárhús 012, um 750 m austan við bæ 001 og um 20 m sunnan við sumarhús austan bæjar.

Tóftin er í grasivaxinni dæld, aðeins aflíðandi til suðurs að Rangá. Vestar eru sléttuð tún en gróinn mói í aðrar áttir.

Tóftin er um 17x15 m stór og snýr N-S. Hleðslur hennar eru mjög signar og ógreinilegar þó er sem stungið hafi verið niður í dældinni fyrir tvískiptu húsi. Vestara hólfið er stærra, það er um 7x17 m stórt, snýr N-S. Ekki er ljóst hvar eða hvort op hefur verið á því. Fast austan við það er annað hólf, það er um 5x17 m stórt og snýr einnig N-S, það er opið til suðurs. Við austurvegg þess er sem móti fyrir jötu eða garða. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 0,3 m. Hér er líklega um gömul beitarhús að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



RA-281 Stokkalækur

20 hdr. 1711, Keldukirkjueign. Stotalækur er nefndur í Njálssögu. ÍF XII, 147. "Bærinn Stokkalækur finnst fyrst nefndur í Vilkinsmáldaga Oddakirkju sem skráður var 1397. Þar er bærinn nefndur Statalækur, en það mun vera afbökun af Stotalækur, en svo er lækurinn sem bærinn er kenndur við nefndur í Njálu." VS: Rangvellingabók, 402. Jörðin varð Keldnakirkjueign fyrir 1518. DI VII, 40. "Gróið land Stokkalækjar er að mestu mólendi en einnig mýri að hluta og er gott beitiland. Nokkur hluti jarðarinnar er örfoka sandur innan sandgræðslugirðingar og græddur upp að nokkru." SB V, 79
1711: "Túninu grandar blástur, sandur og skriður í leyingum og hefur um manna minni jafnvel næstu 20 ár, tekið af því fjórða part. Beitilandinu spillir líka blástur og sandur." JÁM I, 241 1840: "Hagasamt á vetrum en landlétt. Heyskapur enginn utan túns. Liggur undir nokkrum áföllum af sandfoki, gengur þó ei ennú mikið af sér." 1849: "Tún slétt og góð, engjar engvar. Land til hagbeitar fyrir sauðfé gott og kýr sæmilegar. Gripagagn gott sumar og vetur." 1884: "Haglendi norðan og austan í landareigninni sem var það kjarnbesta, er nú gjöreytt, og það af högunum, sem ekki hefur nýlega orðið fyrir stórkostlegum skemmdum, er bæði þröngt og magurlent." VS: Rangvellingabók, 403 1917: Tún 4,9 ha, þar af 4,5 ha slétt, garðar 552 m² 1940: "Tún: Þurrlent, 1/2 vélfært, 1/2 greifært. Engjar. Samfelldar, greiðfærar. Mýri og valllendi. Meirihluti þurrlent. beitiland: Að mestu mólendi. Fremur lítið . Gott til allrar beitar. Ókostir: Lítil háttar sandfok á haga. - Aurrennsli á engar." VS: Rangvellingabók, 403

RA-281:001 *Stokkalækur* bæjarhóll bústaður 63°48.420N 20°06.114V

Hlóðaeldhúsið, horft til norðus

Bæjarhóllinn, horft til norðvesturs



Á Stokkalæk stendur nú bárujárnsklætt timburhús (byggt 1946 og 1969) með kjallara og risi. Húsið stendur á flöt sunnan við grasivaxinn hól milli bæjar og þjóðvegar. Aftan (norðan) við það er talsverður hóll og í honum er torfkofi sem er samkvæmt heimildamönnum, Ingu Ástu og Pétri Hafstein, leifar hlóðaeldhúss sem hér var. Austan við eldhúsið eru nýlegar torf- og grjóthleðslur í hólnum en þar stóð fjós. Fjósið var rifið nýlega (nú 2007) og grjótið endurhlaðið í tóftinni til að mynda einskonar lund (sem nú ber nafnið Víglundur eftir hleðslumanninum). Líklega hefur gamli bærinn staðið á þessum hól enda kemur það vel heim og saman við uppdrátt Helgu Skúladóttur af bænum en þar er eldhúsið í honum miðjum og fjós austast. Hóllinn er um 950 m sunnan við þjóðveg, um 5 m norðan við íbúðarhúsið.
Hóllinn er gróinn, að norðan er grasivaxin hæð en í aðrar áttir er malarplan við íbúðarhúsið.
Hóllinn er um 60x20 m stór og snýr A-V. Hann er hæstur frá suðri um 2 m. Til norðurs rennur hann saman við grasivaxna hæðina og er því lágur. Vestast á honum er flaggstöng og þar hefur verið plantað trjám. Uppdráttur af bænum eftir Helgu Skúladóttur er varðveittur í bók hennar, Rangárvellir. Fyrir neðan hann segir: " A baðstofa og geymsla (7,3x4x2,3 m), B stofa, dyr, eldhús og geymsla, C hlaða (grjótveggir), D lambhús (skúrþak), E fjós, F hlaða, G hesthús, H taðhús" Hlóðaeldhúsið sem enn stendur í hólnum skemmdist talsvert í jarðskjálfta árið 2000 og stendur til að lagfæra það. Það er um 6x6 m stórt með dyrum á miðjum suðurvegg. Það er enn undir þaki. Ekki var hægt að fara inn í það vegna skemmda sem urðu við jarðskjálfta en að utan eru um 6 umför grjóts greinileg í hleðslum suðurveggjarins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; HS., viðauki.

RA-281:002 heimild um útihús 63°48.387N 20°06.228V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 110 m SV við bæ 001 og um 80 m VNV við útihús 003.
Þar er nú sléttað tún. Um 10 m vestar er gilskorningur og um 10 m sunnar er dalverpi í túninu.
Engin ummerki hússins sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-281:003 tóft útihús 63°48.364N 20°06.167V



Tóftin, horft til suðurs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 110 m sunnan við bæ 001. Þar er nú tóft sem jafnan er nefnd smiðja. Tóftin er um 3 m sunnan við þar sem nú er hestagirðing, fast við brekkubrúnina þar sem land steypist niður að Stokkalæk til suðurs.
Til suðurs er gróin hlíð niður að læknum en í aðrar áttir er slétt tún.
Tóftin er um 8x6 m stór og snýr A-V. Hún er tvískipt. Eystra hólfið er enn undir þaki sem er þó að hruni komið. Það er um 5x4 m stórt og snýr N-S. Dyr eru á miðjum norðurvegg þess. Vestara hólfið er einnig um 5x4 m stórt og snýr eins. Það er opið til norðurs. Hleðsluhæð veggja tóftarinnar er hæst að sunnan um 1, 5 m en lægri annarsstaðar um 0,5m. Skýrar grjóthleðslur eru í veggjum tóftarinnar að innan, mest um 5 umför.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917

RA-281:004 heimild um áfangastað 63°49.492N 20°05.693V
Kirkjuhóll 035 er við mörk Keldna og Stokkalækjar við upptök lækjarins. "Um nesið og yfir Kirkjuhólsvað [030], sem er fyrir sunnan hólinn, lá þjóðvegur Skaftfellinga til kaupstaðar, lágu þeir oft í nesinu, því þar er hagi góður og staðurinn friðsæll," segir í örnefnalýsingu. Kirkjuhóll er um 1,4 km NA við tóftir 015 á Potthóli, um 1 km VNV við Keldur og um 2 km N við bæ 001. Nesið þar sem áð var er fast sunnan við hann.
Nesið er smáþýft, vaxið mosa og lyngi.
Engin mannverk eru greinileg í nesinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stokkalækur, 1-2

RA-281:005 *Alda* heimild um býli 63°49.917N 20°07.245V

Svæðið, horft til austurs

"Norður að Harðavelli og vestur að Austur-Öldu er Miðalda, nokkuð ofar með öldunni er Hraunslækjarbotn. Þangað á Stokkalækur land lengst til norðurs. Skammt vestar, í viki vestan Miðöldu, hyggur Skúli á Keldum að býli hafi staðið, vegna aðflutts grjóts, sem þar er allmikið af. Eins hafa smáhlutir fundizt þar," segir í örnefnalýsingu. Í Rangvellingabók segir ennfremur: "Röskan 1,5 km vestnorðvestur frá Keldum eru fornar jökulöldur sem Keldnaöldur heita. Hin nyrsta þeirra og hæsta heitir Háalda. Í slakka vestnorðvestur af Háöldu, sunnan Hróarslækjar og innan landamerkja Stokkalækjar, eru rústaleifar sem taldar eru bæjarrústir, því þar hafa fundist mannvistaleifar." Vigfús Guðmundsson nefnir rústirnar í grein sinni í Árbók hins íslenska fornleifafélags : "Dálítinn spöl niður með læknum að sunnanverðu í landi Stokkalækjar eru rústir þær, er eg gef ekki annað nafn en Alda. Nærri eru þær í læknum, í slakka, neðst vnv. í Háöldu." Þar hafa fundist bein og fleiri mannvistaleifar. Um 2,9 km norðan við bæ 001, um 340 m vestan við vörðu 027 og um 130 m austan við sumarhús við Hróarslæk eru þrír stórir steinar í hlíðinni og talsvert af grjóti, hugsanlega aðfluttu, á stangli.
Grjótið er í hálfgróinni hlíð sem hallar til norðurs, niður að læknum.
Grjótið er á mjög mishæðóttu svæði sem er um 40x18 m stórt og snýr A-V. Samkvæmt heimildamönnum er landið svona ójafnt á þessu svæði vegna þess að þangað var sturtað hlössum af kúamykju frá Gunnarsholti til uppgræðslu. Ekkert sérstakt tóftarlag er á mishæðunum og grjótið liggur ekki á neinn skipulegan hátt. Þetta er

eini staðurinn sem kom til greina við vettvangsskoðun sem hugsanlegt bæjarstæði, en gengið var með Hróarslæk frá þjóðvegi, um 800 m til austurs, nánast að upptökum lækjarins. Svæðið við lækinn hefur verið grætt upp og þar hefur verið plantað talsvert af trjám. Hugsanlega hefur bæjarstæðið verið annars staðar og er nú horfið í gróður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stokkalækur, 2; VS: Rangvellingabók, 531; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 132.

RA-281:006 tóft kvíar 63°48.202N 20°08.198V



Tóftin, horft til suðurs

Um 360 m SA við íbúðarhúsið í Akurbrekku, um 320 m SV við tóftir 038 og um 1,75 m vestan við bæ 001 er tóft. Hún er um 5 m norðan við Stokkalæk og um 30 m vestan undir Arnarnefstanga.
Tóftin er á mosa- og lyngivöxnum hól við bakka Stokkalækjar. Til austurs eru malar og sandöldur en í aðrar áttir er mói.
Tóftin er stungin ofan í hólbrot við lækinn. Hún er einföld, um 8x5 m stór og snýr A-V. Ekkert greinilegt op er á henni. Við suður- og vesturhliðar hennar hefur verið stungið niður en hlaðið hefur verið upp með vestur- og norðurhliðum, þar eru hleðslur hæstar um 0,3 m. Fast vestan og norðan við tóftina er þurr farvegur en svo virðist sem einhvern tíma hafi spræna úr læknum runnið um hann eða verið veitt í hann. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en hér er hólmi í læknum sem nefndur er Yfirsetuhólmi. Í örnefnaskrá segir: "Í læknum, fyrir framan Akurgarða, er stór hólmi í læknum, sem heitir Yfirsetuhólmi. Þar voru setin lömb meðan fært var frá." Ærnar hafa þá líklega verið mjólkaðar í tóftinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stokkalækur, 3.

RA-281:007 *Gömluborgir* þúst fjárskýli 63°48.421N 20°08.582V



"Tittlingagil heitir stórt og djúpt móbergsgil í mörkum að Hofi, eru bakkabrot allmikil umhverfis það. Norður af því í Velinum eru Hryggjalágar. Á Vallarbrúninni standa rústir af gömlum fjárborgum, nefndar Gömluborgir," segir í örnefnalýsingu. Á Vallarbrúninni við NA enda Tittlingagils er óljós þúst. Hún er um 190 m norðan við íbúðarhúsið í Akurbrekku og um 2 km vestan við Stokkalæk 001.
Þústin er fast við gilbarminn í mosa- og lyngivöxnum, þýfðum móa. Um 2 m austar er heimreið að Akurbrekku.
Þústin er um 14x14 m stór. Engar skýrar hleðslur eru í henni heldur er fremur sem stungið hafi verið niður í bakka gilsins og er þústin um 0,8 m djúp. Þústin skiptist í þrjú hólf. Hólfið í miðjunni, hólf I, er stærst. Það er um 11x4 m stórt og snýr A-V. Tvö minni hólf II og III eru hvort sínu megin við hólf I. Hólf II er norðan við það. Það er um 4x3 m stórt og snýr A-V. Hólf III er sunnan við hólf I, það er einnig um 4x3 m stórt og snýr eins. Öll hólfin eru opin til vesturs að gilinu en líklegt er að vesturhliðar þústarinnar hafi brotnað eða sigið ofan í gilið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stokkalækur, 3

RA-281:008 *Akurgarðar* heimild um akur 63°48.224N 20°08.372V
"Fyrir austan Tittlingagil, með læknum, liggja Akurgarðar. Mun þar hafa verið stunduð kornrækt í gamla daga, enda staðurinn vel valinn, ágætt skjól, bæði fyrir norðan- og austanátt," segir í örnefnalýsingu. Akurgarðar eru um 1,8 km vestan við bæ 001, sunnan við íbúðarhúsið í Akurbrekku.
Austan við Tittlingagil, með læknum er þýft valllendi með einstaka mýrarsprænum.
Ekki sér til fornleifa í Akurgörðum.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stokkalækur, 3

RA-281:009 tóft+garðlag fjárhús 63°48.413N 20°06.623V



"Litlagil nefnist næsta gil fyrir austan Arnarnef, og upp af því Háunef. Fyrir vestan ærhúsin ..," segir í örnefnalýsingu. Tóft ærhúsanna og garðlag eru um 420 m vestan við bæ 001, um 240 m vestan við tóft 011 og um 30 m ofan (norðan), við sléttuð og slegin tún.
Tóftin er á grasivöxnum hól norðan sléttaðs túns.
Tóftin og garðlagið eru á svæði sem er um 58x54 m stórt og snýr N-S. Tóftin er syðst á svæðinu. Hún er um 15x6 m stór og snýr N-S. Tóftin er að hluta stungin niður í hlíð hólsins. Hleðsluhæð hennar er um 0,7 m að innan en um 0,5 m að utan. Tóftin er tvískipt. Nyrst í henni er gryfja um 4x4 m stór og um 0,9 m djúp. Fast sunnan við hana er um 9x5 m stórt hólf sem snýr N-S. Það er opið til suðurs. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og grjóthleðslurnar eru mjög greinilegar inni í tóftinni, mest um fimm umför. Nyrst í tóftinni er bárujárnsplata, eflaust úr þaki hússins. Um 2 m aftan (norðan) við tóftina liggur garðlag A-V. Það er um 52 m langt. Stungið hefur verið niður í brekkuna sunnan við garðlagið og hlaðið upp norðan við stunguna og garðlagið er því mun hærra að sunnan en norðan, hæst um 1 m. Það er um 0,7 m breitt. Um 3 m vestan við tóftina og um 20 m sunnan við garðlagið er afar grænn og gróskumikill blettur. Hann er um 12x8 m stór og snýr N-S. Engar skýrar hleðslur eða tóftarlag eru þó á honum. Um 20 m norðan við garðlagið er stór kvos og verður ekki betur séð en þar hafi verið stungið niður í brekkuna, þó ekki sé hægt að fullyrða um það. Hún er um 12x12 m stór, opin til austurs og um 1,2 m djúp. Greinilegt er að hús hafa lengi staðið á þessu svæði sem er grænna en umhverfið og ójafnt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stokkalækur, 3

RA-281:010 *Borgargil* örnefni fjárskýli 63°48.359N 20°06.985V
"Litlagil nefnist næsta gil fyrir austan Arnarnef, og upp af því Háunef. Fyrir vestan ærhúsin [009] skerst allhrikalegt gil inn í vallarbrúnina, sem er nefnt Borgargil," segir í örnefnalýsingu. Borgargil er um 300 m vestan við fjárhús 009 og um 720 m vestan við bæ 001.
Gilið er gróðursnautt malargil.
Engar hleðsluleifar sáust í gilinu við vettvangsskoðun. Vera má að gilið dragi nafn sitt af ærhúsum 009 eða jafnvel að það heiti svo vegna þess að fé hefur leitað skjóls í gilinu, undir sandsteinsklettum sem víða standa út úr hlíðum þess.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stokkalækur, 3

RA-281:011 tóft fjárhús 63°48.438N 20°06.334V



Tóftin, horft til suðurs

"Lágivöllur, svo er sléttan nefnd, sem liggur vestur af túninu. Upp af honum er Lambhúshóll. Þar standa nú fjárhús og umhverfis þau byrjun til nýræktar," segir í örnefnalýsingu. Fjárhústóftin sést enn um 180 m vestan við bæ 001, fast sunnan heimreiðar og norðan slóða sem liggur vestur

á tún.
Tóftin er í grasivaxinni kvos, neðan, sunnan heimreiðar. Norðar eru sléttuð tún.
Tóftin er um 18x16 m stór og snýr N-S. Hún er þrískipt. Austasta hólfið, hólf I, er stærst, það snýr N-S og er um 18x8 m stórt. Garði er í hólfinu miðju og nyrst í því er gryfja, hún er um 5x5 m stór og um 3 m djúp. Hólfið er opið til suðurs. Vestan við hólf I eru tvö hólf, II og III. Hólf II er sunnar, það er enn undir þaki. Hólfið er um 9x6 m stórt, snýr A-V. Dyr eru á miðjum vesturvegg þess. Hólf III er fast norðan við hólf II. Það er um 6x6 m stórt, ekkert op er greinilegt á því. Allvíða sér í grjót í hleðslum tóftarinnar sem eru hæstar um 1,2 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stokkalækur, 3

RA-281:012 hleðsla rétt 63°48.410N 20°06.370V



Horft inn í réttina til austurs

"Fyrir austan völlinn [Lágavöll sjá 011] er Réttargil, er það grafið eftir að rennslisvatni. Nafnið dregur það af fjárrétt, sem byggð er í botni þess," segir í örnefnalýsingu. Réttin í Réttargili er um 200 m vestan við bæ 001 og um 60 m SV við fjárhústóft 011.
Réttin er í mosavöxnum botni gilsins.
Réttin er einföld, um 10x8 m stór og snýr A-V. Norður- og suðurveggir réttarinnar eru náttúrulegir barmar gilsins en austur- og vesturveggir hennar eru hlaðnir úr grjóti. Nú (2007) er réttin opin í NV og SA horni en hugsanlega hefur einhver hluti hleðslnanna verið fjarlægður eða hrunið. Líklegt er að við opin hafi verið trégrindur. Upp við SA opið eru dálitlar viðarleifar. Eystri veggur réttarinnar er um 2 m langur og um 0,7 m hár en sá vestari er um 4 m langur og um 1 m hár.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stokkalækur, 4

RA-281:013 *Fornukvíar* tóft kvíar 63°48.379N 20°06.340V

Tóftin, horft til norðausturs



"Austan við það [012] er Kvíaflöt, sem nú er orðin að túni. Þar stóðu kvíarnar, meðan fært var frá," segir í örnefnalýsingu og síðar: "Suðvestur af bænum er Lambhúslaut. Austanvert í henni eru Fornukvíar, sem munu hafa verið notaðar áður en færikvíar þekktust." Kvíaföt er SV við bæ og líklegt að hún beri nafn sitt af Fornukvíum. Við austurbakka Réttargils, vestur undir Kvíaflöt er tóft - hugsanlega af kvíunum sem flötin dregur nafn sitt af. Tóftin er um 65 m sunnan við réttina 012

og um 200 m vestan við bæ 001.
Tóftin er í fremur brattri hlíð, efst í bakka Réttargils. Fast austan við hana er sléttað tún. Hlíðin er fremur þýfð og mosavaxin.
Tóftin er um 5x4 m stór og snýr A-V. Hún er einföld með dyrum á miðjum vesturvegg. Hvergi sér í grjót í hleðslum tóftarinnar sem eru hæstar um 1 m. Fast sunnan við tóftina er sem stungið hafi verið niður í barma gilsins og einskonar gerði myndað. það er um 3x3 m stórt, opið til vesturs að gilinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stokkalækur, 4,5.

RA-281:014 varða 63°48.736N 20°06.585V

Varðan, horft til norðurs

"Stokkalækjarhólar heita einu nafni þrír stórir hólar norðvestur af bænum. Eru tveir þeirra allháir og sjást víða að. Skyggnir heitir sá fremsti. Er af honum gott útsýni (hann er 147 m yfir sjó). Blásinn er hann af bakkabroti, en er nú farinn að gróa á ný. Á honum er varða allmikil," segir í örnefnalýsingu. Varðan á Skyggni er um 700 m norðan við bæ 001 og um 200 m sunnan við vörðu 036.
Varðan er á berum mel uppi á háum hól.
Varðan hefur augsýnilega verið endurbyggð nokkuð nýlega en við rætur hennar vex mosi og lyng svo hún er ugglaust byggð á gömlum grunni. Hún er nær kringlótt, um 1 m þvermál og um 1, 2 m há. Hlutverk vörðunnar er óþekkt en hún hefur hugsanlega verið samgöngubót.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stokkalækur, 4

RA-281:015 tóftir beitarhús 63°49.014N 20°07.030V

Tóft A, horft til norðurs

Tóft B, horft til norðausturs



"Stokkalækjarhólar heita einu nafni þrír stórir hólar norðvestur af bænum [001] ... Nyrðri hóllinn heitir Potthóll ... Sauðahúsin standa suðvestan í háhólnum," segir í örnefnalýsingu. Íbúðarhús Ingu Ástu Hafstein og Péturs Kr Hafstein, núverandi ábúenda, stendur á Potthól. Sauðahúsin eru um 100 m sunnan við íbúðarhúsið, um 1,3 km NNV við bæ 001.
Tóftirnar eru í grasivöxnu túni í suðurhlíð hólsins.
Tóftir sauðahúsanna eru fimm. Þær eru á svæði sem er um 40x25 m stórt og snýr N-S. Tóft A er stærst, hún er í NA horni svæðisins. Hún er um 14x5 m stór, snýr N-S. Tóftin er tvískipt. Nyrst í henni er gryfja, um 3x3 m stór og fast sunnan við hana er aðalhólf tóftarinnar, um 9x5 m stórt, snýr eins og tóftin. Dyr eru á tóftinni á miðjum suðurvegg. Allvíða sér grjót í hleðslum hennar sem eru hæstar um 0,8 m. Um 10 m SV við tóft A er tóft B. Hún er um 7x6 m stór, einföld og snýr NNA-SSV. Dyr eru á miðjum suðurvegg hennar. Hvergi sér í grjót í hleðslum tóftarinnar sem eru hæstar um 0,8 m. Tóft C er um 6 m austan við B. Hún er um 6x6 m stór og einföld. Ekkert op er greinilegt á henni en hleðslur hennar eru nokkuð signar, hæstar um 0,6 m, hvergi sér í grjót í þeim. Út frá SV horni tóftarinnar liggur dálítið garðbrot til vesturs. Það er um 1,5 m langt og um 0,7 m hátt. Tóft D er um 5 m SA við tóft B og um 5 m

SV við tóft C. Hún er um 6x5 m stór, einföld og snýr NNA-SSV. Engar dyr eru greinilegar á tóftinni. Talsvert af grjóti er inni í henni en þó ekki í standandi hleðslum, þær eru hæstar um 0,4 m. Um 11 m austan við tóft D er tóft E. Hún er um 6x4 m stór, einföld og snýr A-V. Hvergi sér í grjót í hleðslum hennar sem eru hæstar um 0,6 m. Engar dyr eru greinilegar á tóftinni. Ljóst er að sauðahús hafa lengi verið á Potthól. Ólíklegt er að tóftirnar hafi allar verið í notkun á sama tíma því þær eru í mjög misjöfnu ástandi. Tóft D og E eru signastar og líklega elstar. Tóft A er greinilega yngst og líklega það hús sem síðast var í notkun á Potthól.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Stokkalækur, 4

RA-281:016 *Byrgi* hleðsla fjárskýli 63°49.162N 20°06.218V



Hleðslan, horft til ASA

"Fyrir austan hana [Vatnslág] liggur Langhóll inn með læknum að Kirkjuhólsnesi. Fyrir honum miðjum við lækinn er Byrgi svonefnt," segir í örnefnalýsingu. Hleðsluleifar, líklega af Byrginu, eru í austurhlíð Langhóls, fast við lækinn, um 560 m norðan við þar sem vegurinn að Keldum liggur yfir Stokkalæk og um 750 m SV við Kirkjuhólsvað 030.
Hleðslan er í gróinni kvos fast við lækinn. Umhverfis er gróinn mói.
Kvosin er um 22x7 m stór og snýr A-V. Hún er líklega náttúruleg, sér í lagi norðurhlið hennar og austurendinn, næst læknum. Greinileg mannverk eru hins vegar í vesturenda hennar. Þar er um 1 m há hleðsla. Hún er um 8 m löng og um 0,7 m breið. Fast vestan við hana er svo lægri hleðsla, jafnlöng en lægri og mjórri. Hún er um 0,2 m há og um 0,2 m breið. Tveir nýlegir girðingastaurar eru í kvosinni, í NV og NA horni hennar. Greinilegt er að aldrei hefur þó verið girt í þá. Þar er einnig lítið rauðmálað skilti sem líklega bendir til þess að hér sé veiðistaður. Skjólgott er í kvosinni og líklegt að fénaður safnist þangað þegar það er vindasamt og dregur kvosin nafn sitt hugsanlega af því.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stokkalækur, 4

RA-281:017 *Útbungsvað* heimild um vað 63°48.902N 20°06.583V
"Á veginum úr á milli hóla er Útbungsvað á læknum," segir í örnefnalýsingu. Útbungsvað er um 100 m norðan við Prestvað 019 á Stokkalæk. Vaðið er um 970 m norðan við bæ 001.
Þar sem vaðið er er bugða á læknum og bakkar hans eru lágir beggja vegna við hann.
Engin ummerki vaðsins sjást á þessum stað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stokkalækur, 4-5

RA-281:018 gata leið 63°48.909N 20°06.650V

Gatan, horft til austurs

"Á veginum út á milli hóla er Útbungsvað á læknum," segir í örnefnalýsingu. Vegurinn út á milli hóla hefur legið á milli Skyggnis, sjá fornleif 014 og Potthóls ,sjá fornleif 015, (núverandi vegur liggur í hlíð Skyggnis). Enn sést fyrir honum í dæld á milli hólanna, um 985 m NNV við bæ 001 og um 350 m SV við tóftirnar á Potthól 015.
Þar sem vegurinn lá er nú gróin dæld á milli hólanna norðan þjóðvegar.
Vel sést til gömlu götunnar skammt austan við þar sem heimreið að íbúðarhúsinu á Potthól liggur frá þjóðveginum. Gatan er greinileg á um 40 m kafla, liggur A-V. Hún er um 1 m djúp og um 4 m breið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stokkalækur, 4-5

RA-281:019 *Prestsvað* heimild um vað 63°48.870N 20°06.483V
"Á veginum úr á milli hóla [018] er Útbungsvað [017] á læknum. Nokkuð sunnar er Prestsvað eða Stokkalækjarvað á veginum frá Keldum," segir í örnefnalýsingu. Prestsvað er á læknum þar sem hann er nú (2007) brúaður. Vaðið er um 420 m norðan við Gamlavað 020 og um 880 m norðan við bæ 001.
Þar sem vaðið er er lækurinn lygn og nokkuð breiður. Lágir grasivaxnir bakkar eru beggja vegna við hann.
Engin ummerki vaðsins sjást.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stokkalækur, 4-5

RA-281:020 *Gamlavað* heimild um vað 63°48.759N 20°06.038V
"Þarna [við 019] eru á læknum svonefndir Steinbogar, Gamli-Steinbogi og Steinbogi, Nýi-. Milli þeirra er svonefnt Gamlavað," segir í örnefnalýsingu. Gamlavað er um 630 m NNA við bæ 001 og um 420 m sunnan við Prestsvaði 019.
Við Gamlavað standa klettasnasir fram í lækinn og þrengja farveg hennar. Vaðið hefur verið nær syðri snösinni en þar rennur lækurinn í dálítilli bugðu.
Greinilegar kindagötur liggja að vaðinu Keldna megin. Þar er bakkinn grasivaxinn og lágur er hækkar fljótt til austurs. Bakkinn er öllu hærri Stokkalækjar megin og algróinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stokkalækur, 5

RA-281:021 gata leið 63°48.725N 20°06.163V
"Þarna [við 019] eru á læknum svonefndir Steinbogar, Gamli-Steinbogi og Steinbogi, Nýi-. Milli þeirra er svonefnt Gamlavað [021]. Á götunni frá Steinboga heim norðanvert við túnið er falleg og slétt flöt, sem heitir Messuflöt," segir í örnefnalýsingu. Messuflöt er austan Loðsu og vestan malarhóls, milli hennar og Stokkalækjar. Á milli flatarinnar og malarhólsins er dálítil dæld og í henni eru grunnir skorningar. Þeir eru um 580 m norðan við bæ 001.
Skorningarnir eru á hálfgrónum mel, að austan er gróin Messuflötin en melurinn teygir sig í aðrar áttir.
Skorningarnir liggja N-S á milli Messuflatar og malarhólsins sem hér er og beygja svo til austurs fyrir hólinn í átt að Keldum. Þeir er um 5 samsíða, á um 3 m breiðu svæði. Skorningarnir eru mjög grunnir, um 0,05 m. Leiðin hefur líklega verið kirkjuleið frá Stokkalæk að Keldum, samanber örnefnið Messuflöt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stokkalækur, 5

RA-281:022 hellir 63°48.350N 20°06.039V

Hellisskútinn, horft til VNV



"Skagar heita tangarnir fram af túninu. Þar er smáskúti,
dottinn hellir, sem notaður var til að setja upp mjólk, áður en skilvindur komu," segir í örnefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum segir ennfremur: "Á Stokkalæk voru tveir hellar, báðir fyrir löngu niður fallnir. Í öðrum þeirra var gert til mjólkur eftir því sem sagt er." Í litlum grasivöxnum slakka, um 150 m sunnan við bæ 001 og um 110 m SA við smiðjutóftina 003 er smávegis fallinn hellisskúti og í botni slakkans sunnan og austan við hellinn er sem stungið hafi verið upp úr slakkanum.
Slakkinn er mjög gróinn og en vesturbakki hans er ber sunnantil þar sem skútinn er.
Stungan og skútinn eru á svæði sem er um 8x8 m stórt. Skútinn er í raun sandsteinsklöpp sem stendur út úr barmi slakkans. Brotnað hefur af henni og nú (2007) liggur stórt stykki framan við skútann. Hann er um 1 m hár, frá yfirborði og upp að klöppinni. Ekki er hægt að tala um neina dýpt á hellinum. Um 3 m SA við skútann í botni slakkans er sem stungið hafi verið upp úr honum á milli austur og vestur barma hans og einskonar aðhald myndað. Stungan en um 0,8 m djúp og um 5 m löng.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stokkalækur, 5; SB V, 14.

RA-281:023 heimild um akur 63°48.339N 20°06.118V
"Upp af austurtanganum er Litlidalur, ferhyrndur, allstór blettur, hlaðinn, e.t.v. gamalt korngerði," segir í örnefnalýsingu. Litlidalur er um 150 m sunnan við bæ 001 og um 60 m SA við Smiðjutóft 003.
Mikill gróður er í dalnum, hátt gras og illgresi enda jarðvegurinn hér ef til vill frjórri en annarsstaðar ef hér hefur verið korngerði.
Engin ummerki gerðisins sjást í dalnum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stokkalækur, 5

RA-281:024 *Lambhúslaut* örnefni lambhús 63°48.375N 20°06.295V
"Suðvestur af bænum er Lambhúslaut. Austanvert í henni eru Fornukvíar [013]," segir í örnefnalýsingu. Um 170 m VSV af bæ 001 og um 40 m SA við kvíatóft 013 er laut á milli Réttargils og dalverpis sem gengur úr Réttargili.
Lautin er mosavaxin. Sunnan við hana er hálfgróinn melur en slétt tún í aðrar áttir.
Inga Ása Hafstein og Pétur Kr. Hafstein könnuðust ekki við örnefnið Lambhúslaut en þessi laut kemur ágætlega heim og saman við lýsingu örnefnaskrárinnar. Engar fornleifar eru greinilegar í lautinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stokkalækur, 5

RA-281:025 gata leið 63°48.434N 20°08.593V

Göturnar, horft til norðausturs

Um 230 m norðan við nýbýlið Akurbrekku, um 2,2 km austan við Minna-Hof 280:001 og um 2 km vestan við Stokkalæk 001 eru greinilegar götur í Vellinum. Þær eru um 15-20 m norðan við Tittlingagil.
Göturnar eru í mosavöxnum, smáþýfðum móa.
Göturnar liggja A-V. Alls eru greinilegir um 14 skorningar á um 12 m breiðu svæði, þeir eru um 0,2 m djúpir. Göturnar liggja eins langt og augað eygir frá Tittlingagili en ekki sást til þeirra í landi Minna-Hofs né nær bæ á Stokkalæk og er líklegt að þær hverfi í sléttuð tún beggja vegna.
Hættumat: engin hætta

RA-281:026 áletrun 63°48.420N 20°06.120V

"Heima á hlaði er stór hestasteinn með höggnum stöfum, B.B. 1783," segir í örnefnalýsingu. . Talsvert hefur verið raskað við hlaðinu. Nú stendur íbúðarhús um 5 m sunnan við bæjarhólinn (byggt 1946 og 1969) þar sem bæjarhlaðið var, samkvæmt túnakorti frá 1917.
Heimreið liggur að húsinu úr vestri, að norðan er bæjarhóllinn og að sunnan eru tún.
Steinninn er nú týndur og fannst ekki við vettvangsskoðun
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Stokkalækur, 5

RA-281:027 varða landamerki 63°49.941N 20°06.835V

Varðan, horft til austurs

Landamerki 1890: "Bergsnef við Eystri-Rangá, vestan við þar, sem Stokkalækur fellur í hana, er mark milli Stokkalækjar og Minnahofs. Ræður svo Tittlingagil upp á brúnina. Úr Tittlingagili sjónhending út í Geitamelsvörðu [280:008], úr Geitamelsvörðu sjónhending beint upp í vörðu hjá Hraunslækjarbotni, úr þeirri vörðu sjónhending austur í Kirkjuhól [035]. Frá Kirkjuhól ræður lækurinn (Stokkalækur) merkjum þangað til hann fellur í Rangá hjá upphaflega nefndu Bergsnefi." Varðan hjá Hraunlækjarbotni er um 1,1 km NV við Kirkjuhól 035 og um 2,9 km norðan við bæ 001.
Varðan er á blásnum malarhól. Hann er brattur til norðurs niður að Hraunlæk. Suðurhlíð hans er gróinn. Til norðurs er hálfblásnir sandhólar en til austurs er Keldnahraun.
Varðan er fornleg, hálfhrunin og mosavaxin. Hún er ílöng, um 2x1 m stór og snýr A-V. Hún er um 0,8 m há.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 403

RA-281:028 tóft mylla 63°48.319N 20°05.867V

Tóftin, horft til austurs



Um 280 m SA við bæ 001 og um 150 m SA við hellisskúta 022, fast norðan við Stokkalæk, er myllutóft.
Tóftin er á grasi og mosavöxnum bakka lækjarins.
Tóftin er um 6x4 m stór, snýr NA-SV. Hún er einföld, opin til SV. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 0,9 m og vel sést í grjóthleðslur í norðurvegg hennar. Fast sunnan og SV við tóftina er rás þangað sem læknum hefur eflaust verið veitt þegar myllan var í notkun.
Hættumat: engin hætta

RA-281:029 heimild um kálgarð 63°48.411N 20°06.123V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast sunnan við bæ 001. Hann hefur líklega verið þar sem íbúðarhúsið stendur nú eða rétt sunnan við það.
Hellulagt er sunnan við húsið og sunnar er grasflöt.
Engin ummerki garðsins sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-281:030 *Kirkjuhólsvað* heimild um leið 63°49.491N 20°05.692V
Kirkjuhóll er við mörk Keldna og Stokkalækjar við upptök lækjarins. "Um nesið og yfir Kirkjuhólsvað, sem er fyrir sunnan hólinn, lá þjóðvegur Skaftfellinga til kaupstaðar, lágu þeir oft í nesinu, því þar er hagi góður og staðurinn friðsæll [004]," segir í örnefnalýsingu. Kirkjuhólsnes er suður undir Kirkjuhól, um 750 m NA við Byrgið í Langhól 016, um 1,4 km NA við tóftirnar á Potthól 015 og um 2 km NNA við bæ 001.
Nesið er hálfgróið mosa og lyngi. Hér er lækurinn breiður og lygn og bakkar hans lágir beggja vegna.
Engin ummerki leiðarinnar né vaðsins sjást um nesið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stokkalækur, 1-2

RA-281:031 vegur traðir 63°48.424N 20°06.147V

Traðirnar, horft til suðurs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 lágu traðir að bæ 001 úr vestri. Nú sést til traðanna um 80 m austan við núverandi heimreið að bæ 001, um 100 m NV við bæ 001.
Traðirnar liggja í grasi- og mosavaxinni hlíð Skyggnis.
Traðirnar liggja N-S. Þær eru greinilegar á um 160 m löngu bili austan heimreiðar en í báða enda hverfa þær í beran mel. Þær erum 4 m breiðar og dýpstar um 1 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917

RA-281:032 garðlag óþekkt 63°48.420N 20°06.254V

Garðlagið, horft til vesturs

Um 110 m VSV við bæ 001 liggur garðlag til NV. Vesturendi þess er um 40 m austan við fjárhústóft 011.
Garðlagið liggur þvert á grasivaxna kvos.
Garðlagið er alls um 300 m langt og snýr norðvestur-suðaustur. Það er um 1,1 m hátt að sunnan en einungis um 0,2 m hátt að norðan. það er um 1,2 m breitt, hlaðið úr torfi. Hlutverk garðlagsins en vera má að það hafi verið hlaðið sem vörslugarður og svo jafnvel notað sem göngugarður frá bæ og að fjárhúsum 011, yfir kvosina.
Hættumat: engin hætta

RA-281:033 þúst útihús 63°48.363N 20°06.633V

Tveir hólar eru í sléttuðu túni vestan bæjar. Vestari hóllinn er um 440 m vestan við bæ 001 og um tæpum 100 m sunnan við tóft 009.
Hóllin er í sléttu túni sem teygir sig til allra átta.
Hóllinn er um 10x6 m stór og snýr A-V. Hann er hæstur um 0,8 m. Líklegt verður að teljast að hóllinn sé a.m.k. að hluta uppsöfnuð mannvistarlög/rústahóll enda er hann mjög reglulegur og stingur í stúf í umhverfinu. Hóllinn hefur augljóslega verið sléttaður en líklegt þykir að undir sverði leynist leifar af útihúsi frá Stokkalæk.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Þústirna 033 og 034, horft til suðurs

RA-281:034 þúst útihús 63°48.375N 20°06.595V

Tveir hólar eru í sléttuðu túni vestan bæjar. Eystri hóllinn er um 30 m austan við hinn vestari 033, um 400 m vestan við bæ 001 og um 75 m sunnan við tóft 009.
Hóllinn er í sléttu túni sem teygir sig í allar áttir.
Hóllinn er um 14x9 m stór og snýr NA-SV. Hann er hæstur um 1 m. Líklegt verður að teljast að hóllinn sé a.m.k. að hluta uppsöfnuð mannvistarlög/rústahóll enda er hann mjög reglulegur og stingur í stúf í umhverfinu. Hóllinn hefur augljóslega verið sléttaður en líklegt þykir að undir sverði leynist leifar af útihúsi frá Stokkalæk.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-281:035 *Kirkjuhóll* þjóðsaga 63°49.538N 20°05.743V

Kirkjuhóll, horft til ANA

"Við upptök hans [Stokkalækjar] er Kirkjuhóll ... Hóllinn hefur verið einkar fagur meðan heill var, hár og grasgefinn. Í hól þessum á að hafa fundizt koparhringur sá, sem lengi var í kikjuhurðinni á Keldum, en er nú í bæjardyrahurðinni. Segja munnmæli, að hringur sá sé úr skipi Ingjaldar á Keldum sem grafið sé með rá og reiða í Kirkjuhól, " segir í örnefnaskrá. Kirkjuhóll er um 1,4 km NV við Potthól og um 2,1 km NA við bæ 001.
Hóllinn er að mestu leyti gróinn grasi og við rætur hans hefur verið plantað trjám og lúpínu.
Engin ummerki fornleifa eru á hólnum.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Ö-Stokkalækur, 1.

RA-281:036 varða óþekkt 63°48.812N 20°06.761V

Varðan, horft til suðurs

Uppi á hólrananum NV af Skyggni er varða. Hún er um 200 m NV við vörðuna á Skyggni 014 og um 900 m NNV við bæ 001.
Varðan er á berum mel uppi á hól.
Varðan er illa hlaðin, eflaust ekki gömul enda ekki minnst á hana í örnefnalýsingu jarðarinnar. Hún er um 2x2 m stór og um 1 m há. Inga Ásta og Pétur Hafstein sögðu að fyrrverandi ábúandi hafi nefnt hólinn Álfhól en engar sögur fara af álfabyggð í honum.
Hættumat: engin hætta

RA-281:037 garðlag túngarður 63°48.471N 20°06.161V

Norðan og NV við bæ 001 er garðlag. Austurendi þess er um 100 m norðan við bæ 001 og þaðan liggur það til SV. Suðvesturendi þess er um 110 m NV við bæ 001.
Sunnan við garðlagið er sléttað tún en norðan við það er gilskorningur, gróinn í botninn.
Garðlagið er alls um 75 m langt, það liggur SV-NA og fjarar út í báða enda. Garðlagið er um 1,5 m hátt þar sem það er hæst og um 0,7 m breitt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Garðlagið, horft til suðausturs

RA-281:038 tóftaþyrping smalakofi 63°48.367N 20°08.031V

Tóftasvæðið, horft til ASA

Um 3 m vestan við norðurhluta Arnarnefsgils, um 1,6 km vestan við bæ 001 og um 430 m austur af íbúðarhúsinu í Akurbrekku eru tóftabrot.
Tóftirnar eru í mosa- og lyngivöxnum móa. Að austan er Arnarnefsgil og að sunnan er grasivaxin kvos, móinn teygir sig í aðrar áttir.
Tóftabrotin eru fimm á svæði sem er alls um 26x24 m stórt og snýr A-V. Hér verður hverri tóft gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er vestast á svæðinu. Þar er hóll sem er um 7x6 m stór og snýr A-V. Uppi á hólnum er hringlaga hleðsla. Hún er um 4x3 m stór með dyrum á NV vegg. Hún er um 0,3 m há en hóllinn allur er um 1,2 m hár. Í austurhlíð hólsins er grjóthrúga sem eflaust kemur úr hleðslunum. Um 5 m SV við A er B. Þar er einnig dálítill hóll. Hóllinn er um 6x5 m stór og snýr N-S. Lítið garðbrot gengur út frá SA horni hans til suðurs. Það er um 3 m langt, um 0,3 m hátt og um 0,8 m breitt. Uppi á hólnum er skeifulaga hleðsla. Hún er um 3x3 m stór, opin til SA. Hún er um 0,7 m há. Um 2 m sunnan við B er C. Þar eru tvær skeifulaga hleðslur, sú stærri liggur utan um þá minni. Hún er um 4x5 m stór, snýr A-V, opin til suðurs. Minni hleðslan er um 3x3 m stór, einnig



opin til suðurs, hleðslur hennar eru hæstar um 0,7 m. Um 7 m austan við B og um 8 m NA við C er D. D er mjög óskýr tóft, þar má þó greina um 6x5 m stóra hleðslu sem snýr A-V. Hún er opin til norðurs. Hleðslurnar eru hæstar um 0,2 m. Frá vesturvegg tóftarinnar liggur lítið garðbrot, það er um 2 m langt og um 0,3 m hátt. Inni í tóftinni er ferkantaður stallur, um 3x2 m stór, snýr N-S. Hann er um 0,2 m hár. Um 4 m norðan við D og um 5 m austan við A er loks E. E er garðlagsbútur sem liggur N-S. Hann er um 6 m langur, um 1 m breiður og um 0,9 m hár. Fast sunnan við hann er dálítil dæld áður en landi hallar bratt niður í Arnarnefsgil. Hlutverk tóftanna er ekki þekkt en hleðslurnar benda til að hér hafi verið setið yfir fé. Tóftabrotin eru eflaust misgömul og má ímynda sér að hér hafi smalar hlaðið upp litlum kofum í gegnum aldirnar.

Hættumat: engin hætta



RA-289 Reyðarvatn

20 hdr 1711, aðeins vestasta Reiðarvatn. Þríbýli var áður á R en Eystra og Mið Reiðarvatn voru bæði í eyði árið 1709 og land fyrrnefndu jarðarinnar hafði lagst undir Mið-Reyðarvatn. 1709 er einnig eyðihjáleigan Spámannsstaðir í landi Vestasta-
Reyðarvatns. Bænhús var á Vestara-Reyðarvatni.. Jörðin átti skógarítak í Næfurholtslandi í Þórunnarhálsi og heyja í jörðinni Lambhaga. JÁM I, 241-242. Vatnsins Reyðarvats er getið í Njálssögu ÍF XII, 147. "Bærinn Reyðarvatn finnst fyrst nefndur í máldaga Oddakirkju frá 1270 [1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88] ." "Elsta heimild sem getur þessa bæjar er kaupbréf Árbæjar á Rangárvöllum frá 1475 en grunur liggur á að það sé falsað. Austasta-Reyðarvatn hefur þó verið til löngu fyrr sem sjá má af jarteinabók Þorláks biskups Þórhallssonar hinni yngstu er skráð var um 1300 en þar er getið um Ysta-Reyðarvatn sem sýnir að þá hafa verið til þrír bæir með Reyðarvatnsnafninu. Yngsta heimild sem getur um Austasta-Reyðarvatns í byggð er visitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1641, en skömmu síðar hefur jörðin lagst í eyði eftir því sem ráða má af jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns ... Austasta Reyðarvatn var fyrri 1589 orðin eign Skálholtsstóls og eftir að byggð tók þar af lagðist landið til Mið-
Reyðarvatns sem einnig var stólsjörð." "Litla-Reyðarvatn var nefnt Mið-Reyðarvatn meðan Austasta-Reyðarvatn var í byggð og nokkurn tíma þar eftir ... Mið Reyðarvatns finnst fyrst getið í skrá um jarðir Skálholtsstóls 1589, en bærinn hefur verið til löngu fyrr sem sjá má af jarteinabók Þorláks biskups Þórhallssonar hinni yngstu frá því um 1300 þar sem getið er um Ysta-Reyðarvatn." VS: Rangvellingabók, 1, 270, 346

1849: "Tún góð, engjar litlar. Land gott og mikið en blásið víða. Gripagagn gott á sumri. Jörðin er hæg." 1884. "Túnið hefur orðið fyrir nokkru sandfoki úr heiðarjaðrinum fyrir norðan það og hefur útnorðurshorn þess kafist af sandi, einnig líka hagabrekkur þær sem jörðin á vestur af túninu og liggja fyrir norðan Reyðarvatnslæk eru sandkafðar. - Hagaland jarðarinnar fyrir sunnan Reyðarvatnslæk er óskemmt nema blettur syðst í því, en sumsstaðar er það að gróa upp og er gott land. Meðfram norðurjaðri landareignarinnar liggur sandgári sá sem eytt hefur Brekknalandi og hefur hann einnig eytt stóra spildu af landnorðurhorni hennar, og borist hefur vikur og sandur í lágar og brekkur í högunum þar, eða þeim megin. Á landsuðurhorni landareignarinnar er líka byrjaður sandgári úr einum sandblástrum þeim sem eyða Keldnalandi og er von mikils skarðræðis af honum. Líka er sandblástur með endilöngum suðurjaðri landareignarinnar en ennþá er haglendi jarðarinnar víðlent og ósundirslitið af sandskemmdum." VS: Rangvellingabók, 348 1917: Tún 6,3 ha, þar af4,5 ha slétt, garðar 1218 m²

RA-289:001 *Vestasta Reyðarvatn* bæjarhóll bústaður 63°51.262N 20°09.083V

Bæjarhóllinn, horft til suðurs

"Árið 1926 var bærinn á Reyðarvatni fluttur frá hinu upprunalega bæjarstæði norðaustan Hróarslækjar og suðvestur yfir lækinn, þangað sem hann enn stendur." "Árið 1926 var bærinn fluttur vestur fyrir lækinn og settur þar í Stekkjartún [006], var þá sandurinn kominn allt í kringum húsin og aðeins smátangi óblásinn af túninu," segir í örnefnalýsingu. Vestasta Reyðarvatn er nú í landi byggt sumarbústöðum sem kallast "Lækur". Bæjarhóll Vestasta Reyðarvatns er um 250 m austur af hesthúsum sem enn standa þar sem síðasta byggingarstig Reyðarvatns var í Stekkatúni 006. Að líkindum er hér um að ræða "upprunalegt" bæjarstæði Vestasta Reyðarvatns.
Bæjarhóllinn er algróinn háu grasi og er í gömlu grónu túni, sem virðist vera ósléttað, eða allavega þá sléttað fyrir afar löngu síðan. Enginn bústaður er byggður á hólnum.
Hóllinn virðist vera um 110 x 90 m og snýr A-V. Hann er rúmlega 2 m á hæð og er augljóslega grænni en umhverfið. Hóllinn er afar ójafn og bungóttur og erfitt er að greina einstök hólf í honum, þó það kynni að vera mögulegt ef hann væri sleginn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:SB V, 73; Ö-Reyðarvatn, 2; Túnakort 1917

RA-289:002 heimild um bænhús
Bænhús var uppistandandi á Vestasta Reyðarvatni árið 1709. Óvíst er hvar bænhúsið hefur verið, en líklega er það nærri bæjarhól 001.
Umhverfið er gamalt gróið tún, sem virðist vera ósléttað, eða allavega þá sléttað fyrir afar löngu síðan.
REYÐARVATN VESTASTA Á RANGÁRVÖLLUM (R) (KELDNAÞING) - BÆNHÚS
1709: Þar er bænhús (hálfkirkja) og embættað af prestinum að Keldum og Gunnarsholti, Þegar heimafólk er til sacramentis, betalast honum Þar fyrir árlega xx álnir, ljóstollur og tíund fellur niður og gelst ekki til sóknarkirkjunnar að Keldum.
Heimildir:JÁM I, 241-242

RA-289:003 heimild um útihús 63°51.266N 20°09.108V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 10 m VNV af bæ 001.
Svæðið er gamalt tún og því vel gróið þykkri sinu.
Ekki er hægt að greina útihúsið á vettvangi. Umhverfið er mjög hlaupið í þúfur, og ekki er loku fyrir það skotið að útihúsið sé einfaldlega samrunnið bæjarhólnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Þústin, horft til norðurs

Heimildir:Túnakort 1917

RA-289:004 þúst útihús
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 130 - 140 m NV af bæ 001.
Fast upp við Hróarslæk, á grasivöxnu og þýfðu svæði. Skammt norður af er gróin hraunbrún og sumarhús aðeins austar.

Ekki sjást ummerki tófta á svæðinu, en þó er greinanlegur lítill hóll eða þúst, um 7 x 6 m að stærð og snýr A-V. Þústin er aðeis grænni en umhverfið í kring.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-289:005 heimild um útihús 63°51.340N 20°09.174V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús um 160 - 170 m norður af bæ 001.
Grasivaxið svæði og stórþýft, í smá halla til suðurs.
Ekki sjást leifar útihúss á svæðinu. Skammt austar er sumarhús og hefur verið sléttað í kringum það.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-289:006 *Stekkatún* heimild um stekk 63°51.245N 20°09.433V

Húsin á Reyðarvatni í Stekkatúni, horft til norðausturs

Stekkatún er merkt á túnakort frá 1917. Stekkurinn í miðju Stekkatúni er þar um 400 m VNV af bæ 001. "Árið 1926 var bærinn fluttur vestur fyrir lækinn og settur þar í Stekkjartún, var þá sandurinn kominn allt í kringum húsin og aðeins smátangi óblásinn af túninu," segir í örnefnalýsingu. Afleggjarinn að síðasta bæjarstæði Reyðarvatns (Stekkatúni) er merktur með skilti "Reyðarvatn" og liggur af þjóðvegi 264, eða Rangárvallavegi.
Slétt tún og hesthús.
Nú standa einungis hesthús eftir á síðasta bæjarstæði Reyðarvatns sem eru enn í notkun, en bæjarhúsin voru brennd fyrir nokkrum árum. Stekkurinn sem sést á túnakorti er ósjáanlegur. Hann er annað hvort undir hesthúsunum eða í sléttuðu túni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Reyðarvatn, 2

RA-289:007 *Eystra Reyðarvatn* bæjarstæði bústaður 63°50.302N 20°07.488V

Bæjarstæðið, horft til vesturs

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1709 segir: "Eystasta Reidarvatn hefur að sögn elstu manna í þeirra úngdæmi bygt verið, þar sem nú almennilega kallast Kóngshóll, hvar og enn sjást líkindi til af girðing nokkurri, en tóftir eru litlar eða engar, og halda menn þetta muni lítilvægt býli verið hafa, eður og Miðreyðarvatn héðan flutt; bæjarstæðið, er menn meira verið hafi, og landið um kríng mestallt er uppblásið, og þar fyrir alldeilis óbyggilegt. Landið heyrir nú annars til Miðreyðarvatns." Hringnæla úr bronsi "Fannst í hinum uppblásnu fornu bæjarrústum á Austasta-Reyðarvatni, þar sem fundizt hafa margir fornlegir hlutir." "Suður frá Litla-Reyðarvatni eru stórir hólar, blásnir niður í móberg. Heitir sá efsti Kóngshóll. Þar stóð Austasta-Reyðarvatn. ... Um nafnið Kóngshóll segir Skúli á Keldum í Eyðibýlum: "Kóngshóll (Dómhringurinn) er líka fyrir ofan bæinn á Austasta-Reyðarvatni," segir í örnefnalýsingu." Kóngshóll er um 90 m NA af rústahól 010, um 290 m SSA af sumarhúsi við Litla Reyðarvatn og um 350 m suður af bæjarhól Litla Reyðarvatns 008.
Nokkuð stór melhóll, nokkuð gróinn grösum og lyngi. Umhverfis er blásinn melur.
FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR Þjms. 6886: Hringnæla úr bronsi, opin og undið upp á endan í lykkju, þvm. 4.8-5.1 sm.
"Elsta heimild sem getur þessa bæjar er kaupbréf Árbæjar á Rangárvöllum frá 1475 en grunur liggur á að það sé falsað. Austasta-Reyðarvatn hefur þó verið til löngu fyrr sem sjá má af jarteinabók Þorláks biskups Þórhallssonar hinni yngstu er skráð var um 1300 en þar er getið um Ysta-Reyðarvatn sem sýnir að þá hafa verið til þrír bæir með Reyðarvatnsnafninu. Yngsta heimild sem getur um Austasta-Reyðarvatns í byggð er

visitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1641, en skömmu síðar hefur jörðin lagst í eyði eftir því sem ráða má af jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns ... Austasta Reyðarvatn var fyrri 1589 orðin eign Skálholtsstóls og eftir að byggð tók þar af lagðist landið til Mið-Reyðarvatns sem einnig var stólsjörð" segir í Rangvellingabók.
Í Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum segir: "Suðvestan í háhæðinni er rúst mikil. En yfir hana er svo gróið, að ekki sést fyrir húsaskipun; kynni þó að finnast, ef grafið væri, því að líklega hefir aldrei blásið niður í mel þarna í skjólinu. Öll er rúst þessi í aflöngum ferhyrning, með beinum hliðum, sýnist vera, um 24 faðma hallalaust til vesturs og 8 faðma í litlum suðurhallla. Við austurendann tekur þó að líkindum, hlið að húsi 2 faðma lengra upp, 4 faðmar á lengd. Vestast er og líking til, að móti fyrir stóru húsi (fjósi?). Þótt rústin sé mikil, tel eg líklegra, að hún sé af peningahúsum og heystæðum en af öðru býli eða bænum sjálfum. Hann hefir staðið á lágri hæð, rúmum 60 föðmum vestar á öldunni. ... Ekkert mótar hér fyrir húsaskipun, og erfitt er að ákveða takmörk byggingarinnar. En hún mun varla minni er 12 faðmar til vestur og 6 faðmar til suðurs [Mögulegt er að hér sé lýst rústum á hól 010 sem er um 80 m SV af Kóngshól]. Nærri bæjarhólnum að austan og lítið neðar eru leifar tveggja húsa [030], samhliða en ekki alveg samstæðra og eigi lítilla. Slakki dálítill eru í öldunni miðja vega milli "fjóss og bæjar". Ofar og efst í honum er ein kofarústin, gjörblásin og grjótdreif ein. Svo sem 36 faðma suður og niður frá bæjarrústinni sjást ennþá leifar af nokkuð stóru húsi, smiðju vafalaust, því að þar hefir fundizt sindur og kolaaska, járnrusl og hamarshaus, lítill og brot af löð ... Ennþá neðar og vestar hefir einhver kofi verið. Undir hraunbrúninni, litlu suðaustar kemur lítil lind. Hefir þar verið gott vatnsból, en þó bæði nokkuð langt og bratt upp að bænum. ... Enn hefir sérstakt hús staðið laust austan við eystri aðalhúsin. Þarna austan við og niður frá eru merkilegar leifar mikilla girðinga [035], er eg held, að verið hafi til skýlis fjórum eða fimm kornökrum. Samtals eru þeir allir að stærð hátt á aðra dagsláttu, en þó gæti verið, að minnsta hólfið hafi verið fjárrétt. Öllum þessum blettum hallar móti suðri í skjóli norðanveðra af öldunni, en sunnan- og suðaustanveðra af hraunbrúninni. Vorið 1938 var svo vel blásið af girðingaleifum þessum öllum að eg gat vel mælt þær og gerði þá af þeim .. Lauslegt riss ... Neðsti hluti girðinganna fjögurra er jafnframt túngarður, og sást greinilega fyrir framhaldi hans úr grjóti, austur með og svo þvert upp í háölduna að austan. Líka vestur fyrir smiðjuna nýnefndu, sem gekk inn í garðinn. Eins sést lítill spotti þvert upp í ölduna, dálítið vestar, en að öðru leyti mun hafa verið afgirt með torfgarði. Norðan í öldunni sjást lausir hraunsteinar, aðfluttir, hér og þar sem eg hefi sett punktalínu, og geri ráð fyrir að þar hafi torfgarður verið. Enn er eftir að lýsa bygging þeirri, er við enga aðra rúst hefir sézt slík, svo nærri bæ. Það er hringur mikill uppi á öldunni, vestan við háhólinn, 35 faðma na. frá fjósrústinni. Hlaðinn hefir hann verið innan allt um kring úr aðfluttu hraungrjóti og 7-8 faðmar í þvermál. Óljóst sást fyrir dyrunum að nv. verðu. Líkur er hringur þessi fjárskýlinu ... Nema ennþá stærri. Þykir hann og líklegastur til fjárskýlis og gjafa í byljum og til varnar gegn hrakningi í læki eða á berangur. ... Loks er að nefna holu eða hellisop lítið í móbergi, um 15 faðma austur frá hringum og á dálítið lægri stað." "Nafnið [Kóngshóll] gæti bent á konungsvald, rétt, dóma, t.d. Eftir kópavogserfðarhyllinguna 1662, ef ekki olllu heldur eftir 1262-64. Dómhringur 40 fet í kross, mikið hraungrjót aðflutt. Gizkar hann á, að þar hafi verið þing á undan Vestara-Reyðarvatni. Beinahrúgur voru þar miklar af stórgripum, áður en eyddust af veðrum, óskiljanlegar af heimildum einum. Háar grastorfur voru í hólnum fram undir aldamót," segir í örnefnalýsingu. Ekki eru sjáanlegar tóftir á Kóngshól eða augljósar aðrar hleðslur úr byggingum. Ofan á hólnum er grjótdreif sem er að hluta yfirgróin. Á grjóthrúgunni er fuglaþúfa. Grjótdreifin er um 3 x 2 m í þvermál N-S og hæst um 0,3 m. Hugsanlega er um að ræða fallna vörðu eða dys.
Heimildir:JÁM I, 241; Árbók 1898, 18-19; Árbók 1917, 23; Árbók 1951-52, 132-36; KEKH, 317; Ö-Reyðarvatn, 4-6; ÁG, 67; VS: Rangvellingabók, 1.

RA-289:008 *Mið Reyðarvatn* bæjarhóll bústaður 63°50.503N 20°07.527V

Bæjarhóll Mið-Reyðarvatns í bakgrunni, útihúss þúst 026 í forgrunni, horft til austurs

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1709 segir: "Mid-Reidarvatn. Hefur í eyði verið síðan stóru bóluna 1707. Jarðadýrleiki er óviss ... Eigandi er Skálholts dómkirkja...Þessi jörð kynni aftur byggjast ómagalausum manni, því bæði er til tún og hagar, en hús flest fallin og í burt." "Litla-Reyðarvatn er suður af Stórhálsi. Þar var byggð til 1872 [1812?]. Enn er nokkuð óblásið af túninu og hefur verið slegið frá Keldum hin síðari ár, eftir að sandgræðslugirðingin kom þar. Bærinn stóð á hólnum norður af lækjarbotninum," segir í örnefnalýsingu. "Litla-Reyðarvatn stóð tæpa tvo kílómetra suðaustur frá Reyðarvatni (Ysta-
Reyðarvatni) undir hraunbrún norðan Hróarslæk, skammt vestan upptaka lítils lækjar sem kemur undan hrauninu og rennur í Hróarslæk." Bæjarhóll Mið Reyðarvatns er um 1,7 km ASA af hlöðu á Spámannsstöðum og um 90 m NA af bústað sem stendur einn á þessum slóðum. Um 50 m austur af

bæjarhólnum er annar minni rústaholl 026.
Stór grasigróinn bæjarhóll í gömlu túni, að NA er hálfgróið hraun í um 50 m fjarlægð.
Í riti um eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum segir : "Bærinn hefir staðið á lágum bala eða að síðustu á sléttum og djúpum jarðvegi. En er nú, eins og víðar, strýtuhóll, með gróðri á kolli, og grjótið hrunið út allt um kring. Sést þar því alls ekkert fyrir húsatóttum ... Túnið mun hafa náð upp í efri brúnina, og í slakka sunnan í henni við götuna eru leifar greinilegar af grjótgirðingu, ferhyrningi, tæpa 15 faðma á hvern veg eða nærri 220 ferfaðmar. Eigi þarf að efast um, að hér séu leifar af fornaldar akri, eins og á Austasta-Reyðarvatni ... Litlu ofar, uppi á brúninni og austan við götuna sást á rúst af kofa, sem að mestu var hulin, þó sást hleðslugrjót og hellubörð út úr rofi. Hefir líklega verið lambaborg. Enn er eftir að nefna mesta mannvirkið á Litla-
Reyðarvatni, sem vissulega getur ekki verið yngra að mun en akurinn, þ.e. varnargarður mikill [031-032]. Sést fyrir honum, að því er virðist frá uppsprettu lækjarins alveg í sand í slakkanum milli brúna, eða hefir verið þar úr torfi. En virðist þó hafa legið þvert norður yfir Stóraháls. Sást þar samt óljóst fyrir honum, þá er eg skoðaði, bæði af sandfylli og miklum blöðkumelahólum. En norðan við hálsinn kemur hann aftur greinilega í ljós út undan stórum meðhól (árið 1945), og sést fyrir hleðslu á moldarhrygg, nokkra tugi faðma, í stefnu á uppsprettur miklar, sem nefnast Miðbotnar ..." "Litla-Reyðarvatn var nefnt Mið-Reyðarvatn meðan Austasta-Reyðarvatn var í byggð og nokkurn tíma þar eftir ... Mið Reyðarvatns finnst fyrst getið í skrá um jarðir Skálholtsstóls 1589, en bærinn hefur verið til löngu fyrr sem sjá má af jarteinabók Þorláks biskups Þórhallssonar hinni yngstu frá því um 1300 þar sem getið er um Ysta-Reyðarvatn." Hóllinn er um 70 x 60 m í þvermál N-S og er um 3 m hár. Hann er algróinn grasi, grænni en umhverfið og ójafn að ofan. Ekki er hægt að greina hólf í honum. Nokkuð þýfður og er hærri og sléttari að norðan en sunnan. Lítið sést í grjót í hólnum, helst glittir í hraungrýti í honum norðanverðum. "Varnargarðurinn mikli" sem VG skrifaði um er líklega hinn sami og annað hvort eða bæði garðlög 031 og 032. Ekki sást fyrir fjarborginni né leifum "fornaldar akursins". Hinsvegar er hér skráð útihús við bæjarhólinn sem VG minnist ekki á, þúst 026.
Hættumat: hætta v/ábúðar
Heimildir:JÁM I, 241; Ö-Reyðarvatn, 5; VS: Rangvellingabók, 270; Árbók 1951-1952, 136-138

Bæjarstæðið, horft til austurs

RA-289:009 *Spámannsstaðir* bæjarstæði býli
Í Jarðabók Árna og Páls 1709 segir: "Spámannsstader hefur kallast hjáleiga frá þessu Reyðarvatni. Er fyrst byggð fyrir elstu manna minni. Eyðilagðist til fulls fyrir 16 árum eða þar um. ... Kann ekki vel aftur byggjast vegna aðþrengíngar og slægnaleysis." "Eyðibýlið Spámannsstaðir er í hádegisstað frá Vestasta-Reyðarvatni. Það hefur verið smábýli, það hefur staðið á Hæðum, en svo er graslendið nefnt af engjum, suður af bænum," segir í örnefnalýsingu. Bæjarstæðið er um 180 m ANA af hlöðu sem stendur ein við tún Spámannsstaða.
Sléttað tún sem byrjað er að hlaupa í þúfur.
Í skrá Brynjúlf Jónssonar yfir eyðibýli á Rangárvöllum segir: "Spámannsstaðir voru hjáleiga frá Reyðarvatni, sem menn vita heldur eigi nær lagst hafa í eyði. Þeir stóðu suðvestur frá bænum fyrir sunnan lækinn. Þar er óblásið og rústin grasbali og mótar nokkuð fyrir tóftum, en þó ógreinilega." Líklega hefur bæjarhóllinn verið sléttaður fyrr á árum. Þó er greinanleg aflöng og ójöfn þúst, um 25 x 20 m A-V. Þústin virðast vera hæst um 1 m. Við vesturendann er sem móti fyrir hólfi, allt að 5 x 5 m að innanmáli og um 0,3 m djúpt. Rústin er vel gróin og ekkert sést í grjót.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM I, 242; Ö-Reyðarvatn, 6; Árbók 1898, 18

RA-289:010 *Eystra Reyðarvatn* bæjarhóll bústaður 63°50.261N 20°07.554V

Bæjarhóllinn, horft til norðvesturs

Röð stórgrýtis á hólnum, horft til norðvesturs

"Á minni hól, þar suður við [sjá 007] sést líka til rústa, aðflutt hraungrjót og hellublöð. Hyggur Skúli á Keldum, að þar hafi býli staðið, ef til vill hjáleiga frá A-R(eyðarvatni)," segir í örnefnalýsingu. Skammt frá Kóngshól er annar hóll með greinilegri mannvistarleifum, verið getur að það sé í raun Eystra Reyðarvatn. Bæjarhóllinn er um 90 m suðvestur af Kóngshól, um 420 m suður af Litla Reyðarvatni 008 og um 350 m suður af sumarhúsi við Litla Reyðarvatn.
Hóllinn er að mestu leyti gróinn mosa og grösum.
Hóllinn er um 60 x 40 m stór A-V og allt að 2 m hár. Um allan hól glittir í hleðslugrjót, hraungrýti, en augljósast mótar fyrir vegghleðslum í honum sunnanverðum. Þar er 13 m löng röð af stórgrýti sem gægist upp úr hlið hólsins frá A-V. Hóllinn er aflangur og jafn að ofan. Ekki er ólíklegt að um rústir nokkurra bygginga sé að ræða. Engar torfhleðslur eða hólf eru greinileg, einungis hleðslugrjót á víð og dreif. Talsverður jarðvegur virðist vera í hólnum og má því vel vera að í honum leynist óblásnar fornleifar undir sverði. Hugsanlega er um uppsafnaðan rústahól að ræða, en einnig er líklegt að hóllinn hafi allavega að hluta hlaðist upp við að uppblásinn jarðvegur hafi safnast í og hlaðist utan á rústir.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Reyðarvatn, 5

RA-289:011 heimild um þingstað
"Reyðarvatn var eitt afhöfuðbýlum hreppsins og þingstaður um langt skeið, fram til 1920, er hann var fluttur að rjómabúinu að Hofi og nú síðast að Strönd," segir í örnefnalýsingu. Heimildamaður, Guðmundur Skúlason, þekkti ekki til þingstaðarins á Reyðarvatni.
Heimildir:Ö-Reyðarvatn, 1

RA-289:012 *Bæjarvarða* varða 63°51.435N 20°08.922V

Varðan, horft til NNA

"Fremst á brún heiðarinnar í hánorður af bænum er Bæjarvarða ..." segir í örnefnalýsingu. Bæjarvarða er um 340 m NA af bæjarhól 001.
Varðan er á grónu hraunholti.
Bæjarvarða er um 3 x 3 m að flatarmáli og um 2 m á hæð. Hún er hlaðin úr miðlungs til stóru hraungrýti og er suðvesturhluti hennar vel gróinn. Ekki er hlutverk vörðunnar þekkt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reyðarvatn, 2

RA-289:013 *Hvammvarða* varða 63°51.492N 20°07.650V

Varðan, horft til norðausturs

"Fremst á brún heiðarinnar í hánorður af bænum er Bæjarvarða [012], Hvammbrún heitir Brúnin suðaustan í móti Grjótheiðinni. Skárust inn í hana smávik eða hvammar mjög grösugir, nú er þetta jafnað með sandi. Upp á þeirri brún er Hvammvarða," segir í örnefnalýsingu. Hvammvarða er um 220 m norður af sumarbústað sem heitir "Evra" og um 1 km austur af Bæjarvörðu.
Hálfgróið hraun, mest mosi og lyng.
Hvammvarða er í raun lítil, sprungin hraunnibba með fuglaþúfu í toppinn. Um 1,3 m á hæð og 3 m að grunnfleti. Ekki er hægt að greina hleðslu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reyðarvatn, 2-3

RA-289:014 heimild um beitarhús 63°51.567N 20°08.628V
"Inn af Grjótheiðinni lágu Blesuviksflatir. ... Þær náðu að Blesuviki. Það er í stefnu að Heklu, að heiman og er hvammur, sem hallar móti vestri. Þar sló T(ómas) í fjárhúskumlið á fyrstu búskaparárum sínum," segir í örnefnalýsingu. Svæðið sem heystæðið ætti að finnast á er innan sumarbústaðalands sem kallast "Lækur". Samkvæmt heimildamanni hefði heykumlið átt að finnast um 650 - 700 m austur af 001.
Hvammurinn er vel grasi gróinn, en fast NA af eru grónir sandfokshólar í grónu hrauni.
Ekki sást til fjárhúss eða heystæðisins við vettvangsathugun. Heimildamaður, Guðmundur Skúlason, hafði heyrt af fjárhúsatóft á þessum slóðum en aldrei rekist á hana sjálfur.
Hættumat: hætta v/ábúðar

Heimildir:Ö-Reyðarvatn, 3

RA-289:015 *Smalaskáli* varða
"Heiðin [Smalaskálaheiði] var kennd við hól með vörðu, sem bar hæst og kallaður var Smalaskáli," segir í örnefnalýsingu. Heimildamaður þekkti ekki vörðuna og fannst hún ekki á vettvangi.
Heimildir:Ö-Reyðarvatn, 3

RA-289:016 *Rönkukofi* tóft smalakofi
"Fyrir norðan heiðina liggur brún til landnorðurs og útsuðurs - Smalaskálabrún, milli Blesuviksflata og Smalaskálaheiðar. Í brúninni var tóttarbrot, sem hét Rönkukofi," segir í örnefnalýsingu. Heimildamaður, Guðmundur Skúlason, þekkti ekki til tóftarinnar og fannst hún ekki á vettvangi.
Blásinn hraunmelur, hálfgróinn
Í örnefnalýsingu segir: "Var kofinn byggður fyrir stúlku, sem sat yfir ánum og hét Ragnhildur."
Heimildir:Ö-Reyðarvatn, 3

RA-289:017 *Dalsmynnisvarða* varða
"Í suð-suðvestur af Smalaskála [015] er Dalmynnisvarða," segir í örnefnalýsingu. Heimildamaður, Guðmundur Skúlason, þekkti ekki til vörðunnar og fannst hún ekki við vettvangsleit.
Heimildir:Ö-Reyðarvatn, 3

RA-289:018 heimild um fjárhús
"Í suð-suðvestur af Smalaskála er Dalmynnisvarða. Vestur af henni er Efra- og Neðra-Dalamynni, allstór hvammur, óblásinn til 1882. Norður af Dalsmynni að Hvammbrún Gamla-Húsbrún, en þar stóðu fjárhús fram yfir aldamót," segir í örnefnalýsingu. Heimildamaður, Guðmundur Skúlason, þekkti ekki til fjárhúsa á þessum slóðum og fundust þau ekki á vettvangi.
Heimildir:Ö-Reyðarvatn, 3

RA-289:019 *Illugagerði* tóft beitarhús 63°51.564N 20°07.736V



Tóftin, horft til NNV

"Frá Dalsmynnisvörðu [sjá 017] að Kubbshól er Litla-Reyðarvatnsheiðin, haglendi þaðan meðan það ver í byggð ... Fyrir framan hana og vestan er Illugagerði. Þar voru fjárhús fram yfir aldamót," segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsrústin er um 150 m NNV af Hvammvörðu 013 og um 360 m N af sumarbústaðnum "Evru". Tóftin er 1,2 km NA af bæ 001.
Rústin er á hálfgrónum hraunmel.
"Þar telur Skúli á Keldum að býli hafi staðið, finnst nafnið benda til þess," segir í örnefnalýsingu. Fjárhúsrústin er stór sporöskjulöguð þúst, nokkuð ávöl í laginu en slétt að ofan og greina má eitt hólf í henni austanverðri. Þústin er um 8 x 6,5 m A-V og um 2 m há. Í rústina hefur safnast áfok, en hleðslugrjót er greinilegt í henni allan hringinn nema við vesturenda. Hleðslugrjótið er meðalstórt og eru mest 3 umför greinanleg. Mögulega mótar fyrir hólfi að austanverðu. Er það um 1 x 2 m að innanmáli N-S og um 0,3 - 0,5 m djúpt. Þústin er vel gróinn grasi, mosa og lyngi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reyðarvatn, 4

RA-289:020 *Siggavarða* varða

"Hjá götunni að fjárhúsunum í Illugagerði [019] er varða, er stendur enn, nefnd Siggavarða," segir í örnefnalýsingu. Þar segir ennfremur: "Strákur, sem Siggi hét, hlóð hana bar hann steinana langt að, eða reiddi fyrir framan sig, þegar hann var að sækja hross.". Heimildamaður, Guðmundur Skúlason, þekkti ekki til vörðunnar og fannst hún ekki við vettvangsleit.
Heimildir:Ö-Reyðarvatn, 4

RA-289:021 heimild um leið
"Hjá götunni að fjárhúsunum í Illugagerði [019] er varða, er stendur enn, nefnd Siggavarða." Segir í örnefnalýsingu. Heimildamaður, Guðmundur Skúlason, þekkti ekki til götunnar og sást hún ekki á vettvangi. Þó er lega hennar gróflega þekkt þar sem hún lá milli bæjar 001 og beitarhúss 019. Bein lína milli bæjar 001 og beitarhúss 019 er um 1,2 km. Uppblástur er aðalástæða þess að gatan sést ekki.
Hraunmelur, víða hálfgróinn.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs
Heimildir:Ö-Reyðarvatn, 4

RA-289:022 mannabein legstaður 63°50.720N 20°07.694V
"Fyrir sunnan Illugagerði er Litli-Háls, en Stóri-Háls nokkuð framar. Um aldamótin blésu þar upp mannsbein, áleit Þorvaldur Thoroddsen, að þau væru af unglingi 14-16 ára," segir í örnefnalýsingu. Stóriháls er skammt norðvestur af Litla Reyðarvatni 008 og liggja rafmagnslínur yfir hálsinn. Guðmundur Skúlason telur að beinin hafi fundist u.þ.b. á miðjum hálsinum, fremur nálægt sumarhúsi hjá Miðbotnum, um 1,5 km SA af bæ 001, 420 m NNV af bæ 008 og um 260 m SA af bæjarstæði 023
Uppblásið hraun sem er þó hálfgróið og þýft.
"Beinin voru dysjuð aftur," segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar beinin voru dysjuð aftur.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Reyðarvatn, 4

RA-289:023 *[Miðbotnar]* bæjarstæði býli 63°50.801N 20°07.965V

Bæjarstæðið, horft til norðvesturs

"Fyrir vestan Litlaháls [sjá 022] er Miðbotn. Hann er nálægt miðja vegu milli Reyðarvatnanna, stóra og litla. Fyrir ofan hann hefur Skúli á Keldum fundið bæjarrúst. Er þess býlis hvergi getið og er því nafn ókunnugt," segir í örnefnalýsingu. "Norðan Litla-Reyðarvatns gengur hrauntunga til vesturs sem heitir Stóriháls. Norðan við hrauntunguna eru uppsprettur sem Miðbotnar heita. Í slakka austur af uppsprettunum eru rústir litlar, en í þeim hefur fundist kléberg sem er talið öruggt merki fornrar byggðar." Miðbotnar eru vestur af Stórahálsi. Bæjarstæðið er innan girðingar við sumarhús sem nú stendur í Miðbotnum. Bæjarstæðið er um 650 m NNA af bæ 008 og um 1,3 km SA af bæ 001.
Þýft og grasivaxið svæði, skammt norður og austur af er hraun. Nokkuð er búið að gróðursetja í rústirnar, sérstaklega að vestanverðu. Bæjarstæðið er mun grænna en umhverfið.
Í ritgerð um eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum segir: "Bygging þarna hefir sennilega verið úr torfi (eða kekkjum) að miklu leyti. Þó sést þar nokkuð löng dreif af aðfærðu hleðslugrjóti og litlum hellublöðum, en engin líking af skipulagi húsa. Svo er þetta nærri gömlum bæjum á báðar hliðar, ekki meira en 10-15 mínútna gangur, að selstaða þar í næstu heimahögum kemur ekki til greina. En sönnun fyrir bæjarleifum hafa Skúli og fleiri fundið; Steinsnúða af snældum, brúnabrot, glerperlu blá og brot úr steinbolla eða potti, 3x4 þumlungar að stærð og greinilega eldborið með svörtu sóti á bungunni." Á staðnum eru rústir sem virðast ná yfir allt að 40 x 30 m svæði og eru allt að 2 m háar. Rústirnar virðast greinast í allt að 8 vel græna smá hóla sem eru allir með grónum rofaborðum. Ekki er hægt að greina hólf í hólunum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reyðarvatn, 4; VS: Rangvellingabók, 531-532; Árbók 1951-1952, 138-139

RA-289:024 heimild um ristu 63°50.844N 20°08.183V
"Fyrir sunnan Giltjörn er Votanes, svo kallað af bleytu og nær botnlausum fenjum. Þar var skorið heytorf frá Keldum. Nú er nokkur hluti þess kominn í sund, en á hitt er hæfilega gengið, svo er þar ágætis slægja," segir í örnefnalýsingu. Ristur voru um 200 m NV af rústum 023, á u.þ.b. miðri sléttunni.
Þýfð mýri innan girðingar, lækur rennur skammt norðaustan við.
Risturnar eru afar ógreinilegar í mýrinni.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reyðarvatn, 4

RA-289:025 *Reyðarvatnsréttir* garðlag rétt 63°50.850N 20°10.144V

Réttirnar, horft til austurs



Reyðarvatnsréttir eru um 930 m SV af Stekkatúni 006. Þær eru um 200 m NV af afleggjaranum heim að Stekkatúni og um 20 m norður af þjóðvegi.
Grasivaxið slétt svæði sem liggur í örlitlum halla til austurs.
Réttirnar eru hringlaga, alls um 40 - 45 m að þvermáli. Réttirnar samanstanda af tveim hlöðnum "hringjum", innri og ytri, þ.e. almenningi og dilkar umhverfis. Inngangur er í traðirnar að austan. Þar eru um 10 m langar "traðir" sem liggja alla leið inn í almenninginn. Frá almenningnum eru svo op í 16 hólf eða dilka sem eru umhverfis. Traðirnar eru um 8 m breiðar yst, en þrengjast niður í 3 m þar sem þær liggja inn í almenninginn. Innri hringurinn er 17 m í þvermál, hleðslurnar í honum eru 1 m þykkar og hleðsluhæð er um 1 m, hlaðið úr grjóti, um 5 umför. Veggur ytri hringsins er um 1,5 m þykkur, hlaðinn úr 6-7 umförum og aðeins hærri en sá innri. Torf er hlaðið utan á grjóthleðslur ytri hrings. Milli innri og ytri hrings er 10 - 12 m breitt bil og þar eru hólfin 16 stikuð niður í hring.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-289:026 þúst útihús 63°50.505N 20°07.608V
Um 50 m vestur af bæjarhól Mið Reyðarvatns er minni þúst eða rústahóll, líklega leifar útihúss. Þústin er um 90 m norður af sumarbústað sem er í fyrrum túni Mið Reyðarvatns.
Stór grasigróin þúst í gömlu túni, að NA er hálfgróið hraun í um 100 m fjarlægð.
Þústin er strýtumynduð, um 20 m í þvermál og um 2,3 m á hæð. Greina má töluvert af grjóti í hólnum en hann er óreglulegur að lögun og ekki hægt að greina einstaka veggi eða hólf.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reyðarvatn, 5-6

RA-289:027 heimild um fjós
"Fjósatunga lá vestur af fjósinu, vestur að læknum, norðan heimreiðar ..." segir í örnefnalýsingu. Örnefni þetta er ekki lengur þekkt og ekki er vitað hvar fjósið var, en líklega var það við hinn stóra bæjarhól 001 eða jafnvel á honum.
Gamalt gróið tún, hlaupið í þýfi og ójöfnur. Nokkur sumarbústaðabyggð er á svæðinu
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reyðarvatn, 6

RA-289:028 heimild um myllu
"Reyðarvatnið fylltist af sandi 1882. Í ósnum hafði verið mylla ...," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar myllan var og engin ummerki eru greinanleg á vettvangi í dag.
Reyðarvatn er uppþornað og horfið. Umhverfis er gróinn hagi og nokkur sumarbústaðabyggð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reyðarvatn ath, 1

RA-289:029 gripir
Í ritgerð Sigurðar Vigfússonar um rannsóknir sögustaða segir: "Sami drengr [frá Kirkjubæ] fann og hjá Reyðarvatni hinu minna, sem er löngu í eyði, tvo brot af fornu, brunnu keri og enda af brýni." Óvíst er um fundarstað gripanna, sem og afdrif þeirra.
Heimildir:Árbók 1888-1892b, 74

RA-289:030 þúst 63°50.246N 20°07.664V



Þústirnar, horft til VNV

"Nærri bæjarhólnum [007] að austan og lítið neðar eru leifar tveggja húsa, samhliða en ekki alveg samstæðra og eigi lítilla (útibúr og skemmur?). Slakki dálítill er í öldunni miðja vega milli "fjóss og bæjar". Ofar og efst í honum er ein kofarústin, gjörblásin og grjótdreif ein. Svo sem 36 faðma suður og niður frá bæjarrústinni sjást ennþá leifar af nokkuð stóru húsi, smiðju vafalaust, því að þar hefur fundizt sindur og kolaaska, járnarusl, og hamarshaus lítill og brot af löð, sem komið er í Þjóðminjasafnið. Ennþá neðar og vestar (40-50 faðma) hefir einhver kofi verið," segir í Árbók. Tvær þústir, mjög líklega þær sem rætt er um í Árbók, eru um 50 - 60 m austur af rústahól 040 og um 180 m SV af Kóngshól 007.
Þústirnar eru á næstum algrónum mel og hrauni.
"Greinilegt að þarna hefur staðið hlaðið mannvirki af einhverri tegund en það er gjörblásið. Eftir stendur vegghleðsla sem er um 15 m að lengd og stendur um 1 m upp úr jörðu. Hluti af mannvirkinu er fallið og gróið yfir svo ekki er hægt að sjá nokkra mynd á tóftinni," segir í fornleifaskráningu MHH og GZ. Um 9 m eru á milli þústanna tveggja, sem virðast mjög blásnar. Þústirnar eru jafnstórar, hvor um sig um 15 x 6 m og um 1 m á hæð. Þær eru aflangar A-V og snúa eins. Ekki sést í eiginlega hleðslu í þústunum en sjá má glitta í hleðslugrjót í talvert miklu magni í þeim báðum sem og í kringum þær. Á milli þústanna er talsverð dreif af mosavöxnu hraungrýti sem gæti verið ættað úr hleðslu. Það virðist liggja í beinni línu, um 10 m A-V og vera 1-2 m á breidd og er það mögulega leif veggjar.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir:Árbók 1951-1952, 133; MHH og GZ: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Reyðarvatns, 16

RA-289:031 garðlag 63°50.585N 20°07.377V

Garðlagið, horft til suðvesturs

Um 150 m NA af bæjarhól 008 er garður sem liggur NV-SA.
Umhverfis er uppblásið hraun og sandur.
Suðaustast er garðlagið á mjög uppblásnu svæði og greinist sem aflöng grjótdreif, um 1-2 m á breidd, en ekki sem eiginleg hleðsla. Um 20 m norðvestar verður garðlagið greinilegra, en þó ekki hægt að tala um áberandi hleðslur. Um 90 m norðvestar hverfur garðurinn svo snögglega og við taka uppblásnir sandhólar. Miklar líkur eru á að garðlag 031 eða/og garðlag 032 séu það sem kallað var varnargarður í Eyðibýlum og auðnum: "Enn er eftir að nefna mesta mannvirkið á Litla-Reyðarvatni ... varnargarður mikill. Sést fyrir honum, að því er virðist frá uppsprettu lækjarins alveg í sand í slakkanum milli brúna, eða hefir verið þar úr torfi. En virðist þó hafa legið þvert norður yfir Stóraháls. Sást þar samt óljóst fyrir honum, þá er eg skoðaði, bæði af sandfylli og miklum blöðkumelahólum. En norðan við hálsinn kemur hann aftur greinilega í ljós út undan stórum meðhól (árið 1945), og sést fyrir hleðslu á moldarhrygg, nokkra tugi faðma, í stefnu á uppsprettur miklar, sem nefnast Miðbotnar ..."
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir:Árbók 1951-1952, 136-138

RA-289:032 garðlag 63°50.462N 20°07.475V
Um 50 m SA af bæjarhól 008 er óljóst garðlag. Mögulega hefur það áður tengst garðlagi 031.
Grasigróið svæði nærri sumarbústað. Trjám hefur verið plantað í garðlagið.
Garðlagið liggur í smá halla til NV og hefur miklu verið plantað af trjám í það. Garðurinn er óljós, töluvert siginn og vel gróinn. Hvergi sést grjót í honum. Garðlagið er um 100 m langt, snýr SV-NA og er um 1-2 m breitt. Miklar líkur eru á að garðlag 032 eða/og garðlag 031 séu það sem kallað var varnargarður í Eyðibýlum og

auðnum: "Enn er eftir að nefna mesta mannvirkið á Litla-Reyðarvatni ... varnargarður mikill. Sést fyrir honum, að því er virðist frá uppsprettu lækjarins alveg í sand í slakkanum milli brúna, eða hefir verið þar úr torfi. En virðist þó hafa legið þvert norður yfir Stóraháls. Sást þar samt óljóst fyrir honum, þá er eg skoðaði, bæði af sandfylli og miklum blöðkumelahólum. En norðan við hálsinn kemur hann aftur greinilega í ljós út undan stórum meðhól (árið 1945), og sést fyrir hleðslu á moldarhrygg, nokkra tugi faðma, í stefnu á uppsprettur miklar, sem nefnast Miðbotnar ..."
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

RA-289:033 garðlag 63°50.759N 20°08.445V

Garðbútur er um 390 m austur af Miðbotnum 023 og um 10 m vestur af læk sem rennur þar á landamerkjum.
Umhverfis garðlagið er gróið þýfi. Girðing liggur þvert yfir garðlagið frá N-S. Garðurinn er vel gróinn, þýfður og töluvert siginn, um 0,2 - 0,4 m hár. Garðurinn er 90 m langur V-A, 1 - 2 m breiður og ekki sést í grjót. Garðlagið hverfur í þýfi á endunum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Garðlagið, horft til vesturs

RA-289:034 tóft heystæði 63°51.304N 20°09.123V

Tóftin, horft til suðurs



Tóft er í sumarbústaðalandinu Læk, 40 - 50 m N af bæjarhól 001.
Tóftin er í gömlu túni, algróin háu grasi.
Tóftin er 6 x 6 m að stærð, nokkuð hringlaga og er hæð veggja um 0,4 m. Ekkert grjót er greinanlegt í vegghleðslum. Mögulega er um heystæði að ræða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-289:035 garðlag 63°50.236N 20°07.583V

Garðlagið, horft til austurs

Garðlag er um 80 m austur af þústum 030 og um 50 m S af bæjarhól 010. Norðvestari bútur garðsins er sýnilegur um 50 m SSA af Kóngshól 007.
Garðlagið er á grónum mel og hrauni.
Garðlagið er greinilegt í tveim hlutum sá suðvestari um 50 m langur og liggur frá A-V, en sá norðeystri um 20m langur N-S. Garðurinn er hlaðinn úr fremur stóru hraungrýti og er nokkuð vel er gróið yfir það, en svo virðist sem áfoksjarðvegur hafi safnast yfir garðinn. Hægt er að greina 1 - 2 umför og er breidd er mest 1 m. Líklega eru um að ræða hluta þeirra garða sem skrifað var um í Eyðibýlum og auðnum, en sem í dag er búið að blása talsvert yfir: "Þarna austan við og niður frá [007/010] eru merkilegar leifar mikilla girðinga, er eg held, að verið hafi til skýlis fjórum eða fimm kornökrum. Samtals eru þeir allir að stærð hátt á aðra dagsláttu, en þó gæti

verið, að minnsta hólfið hafi verið fjárrétt. Öllum þessum blettum hallar móti suðri í skjóli norðanveðra af öldunni, en sunnan- og suðaustanveðra af hraunbrúninni. Vorið 1938 var svo vel blásið af girðingaleifum þessum öllum að eg gat vel mælt þær og gerði þá af þeim .. Lauslegt riss ... Neðsti hluti girðinganna fjögurra er jafnframt túngarður, og sást greinilega fyrir framhaldi hans úr grjóti, austur með og svo þvert upp í háölduna að austan. Líka vestur fyrir smiðjuna nýnefndu, sem gekk inn í garðinn. Eins sést lítill spotti þvert upp í ölduna, dálítið vestar, en að öðru leyti mun hafa verið afgirt með torfgarði. Norðan í öldunni sjást lausir hraunsteinar, aðfluttir, hér og þar sem eg hefi sett punktalínu, og geri ráð fyrir að þar hafi torfgarður verið."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Árbók 1951-1952, 136-138

RA-289:036 garðlag traðir 63°51.248N 20°09.144V



Traðirnar, horft til vesturs

Traðir ligga vestur frá bæjarhól 001.
Traðirnar eru í gömlu, grónu túni.
Traðirnar eru 80 m langar A-V. Hvor garður traðanna er 2 m breiður og eru 3 m milli þeirra. Mest hleðsluhæð er 0,7 m. Traðirnar eru algrónar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-289:037 garðlag túngarður 63°51.257N 20°09.145V

Garðlagið, horft til austurs

Garðlag, sennilega túngarður, er um 10 m vestur af bæjarhól 001 og um 15 m norður af tröðum 036.
Garðlagið er í þýfðu og grónu gömlu túni.
Garðurinn er alls um 190 m langur og liggur í nokkrum sveig frá SA til NV. Garðagið er nokkuð sigið og mjög gróið, sérstaklega suðaustast, en norðar er garðurinn hærri og þar má greina í honum grjót, allt að 3 umför. Garðlagið er um 1 m á breidd og hæst um 0,5 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-289:038 bæjarhóll bústaður 63°51.178N 20°08.980V

Bæjarhóllinn, horft til suðvesturs

Um 110 m SA af bæjarhól 001, hinumegin við Reyðarvatnslæk, er annar hóll sem að líkindum er einnig bæjarhóll. Bæjarhóll sá er í landi sumarbústaðsins "Lindar" sem stendur í um 30 m fjarlægð SSV af hólnum. Aðkeyrsla að bústaðnum er eftir vegi sem merktur er "Lækur" og liggur inn af Heklubraut.
Bæjarhóllinn stendur áberandi upp úr fremur flötu umhverfi sem er líkast til gamalt tún. Reyðarvatnslækur rennur 50 - 70 m NV af hólnum.
Hóllinn er um 50 x 50 m að stærð og rúmlega 2 m hár. Hann virðist vera nokkuð hringlaga að grunnmáli en þó afar ójafn. Hóllinn er þýfður, algróinn grasi og lyngi og mosa. Búið er að planta í hann trjáplöntum, birki, reyni og víði.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

RA-289:039 gerði nátthagi 63°50.940N 20°09.340V

Í landi Spámannsstaða, um 100 m norður og austur af hlöðu sem þar stendur, eru garðlög, mögulega nátthagar frá Reyðarvatni. Garðarnir eru um 100 m vestan við Spámannsstaði 009.
Garðlögin eru í gömlu, grónu túni.
Líklegast eru þetta nátthagar frá Reyðarvatni. Nyrsta garðlagið liggur í ferhyrning, um 60 - 70 m í þvermál og skiptist í 4 hólf. Hvergi sést í grjót og er hann mjög siginn, um 0,2 m hár og grasivaxinn. Frá ferhyrnda garðlaginu liggur áþekkur garður, mögulega gamall túngarður, til SA í um 140 m og sveigir svo til austurs í 80 m. Þar er garðurinn í vel þýfðu, frekar sléttu svæði umhverfis Spámannsstaði 009.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-289:040 þúst óþekkt 63°50.241N 20°07.739V

Þústin, horft til vesturs

Hóll sem í sjást hleðslur er um 490 m SV af bæjarhól 008. Hóllinn stendur mjög greinilega upp úr flatneskjunni í kring.
Umhverfis er sléttur hagi.
Stærð hólsins er um 40 x 30 m A-V og er hann 2-3 m á hæð. Hóllinn er algróinn og sést mest af hleðslugrjóti sunnan og suðaustan í honum, meðalstórt og stórt. Hliðar hólsins eru brattar, hann er ójafn að ofan og mjög grænn. Þetta gæti verið gamall bæjarhóll.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-289:041 63°50.852N 20°09.166V

Garðlag er um 20-30 m suður af garðlagi 039..
Garðlagið liggur í gömlu, grónu túni og haga. Allt umhverfi gróið og fremur slétt, smá þýfi.
Garðlagið er alls 400 m langt og liggur mest megnis A-V, það er um 3 m breitt og 0,2 m hátt. Að vestan liggur garðlagið í 60 m til austurs, svo í 70 m til suðurs og loks í um 270 m til austurs. Garðlagið er algróið og ekkert grjót sést í því. Það er sigið og þýft og sumsstaðar nokkuð óljóst. Ekkert grjót sjáanlegt.
Hættumat: hætta v/ábúðar

RA-289:042 þúst 63°50.873N 20°09.218V

Í landi Spámannsstaða, um 140 m austur af hlöðu sem þar stendur, er að finna þúst sem er mögulega rúst mannvirkis. Þústin er um 90 m SSV af Spámannsstöðum 009.
Þústin er í gömlu, grónu túni.
Þústin er aflöng, um 15 x 9 m A-V og um 0,8 m hæst. Hún er þýfð, ólöguleg og ójöfn. Mögulega rúst mannvirkis undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Þústin, horft til austurs

RA-289:043 tóft heystæði 63°50.876N 20°09.173V

Tóftin, horft til norðurs

Tóft er að finni í landi Spámannsstaða, um 180 m austur af hlöðu sem þar er og um 80 m suður af bæjarstæði Spámannsstaða 009. Tóftin er við austasta enda garðlags 039.
Tóftin er á sléttum engjum, ögn þýfðum.
Tóftin er algróin, um 6 x 5 m að stærð N-S, mest hleðsluhæð er 0,2 - 0,3 m og mögulega eru dyr að sunnan. Ekkert grjót sést í hleðslum. Hugsanlega er tóftin gamalt heystæði, því ekki virðist vera hrun inni í henni. Veggir eru hærri að innan en utan. Tóftin er sigin og þýfð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-290 Steinkross

Jarðadýrleiki óviss 1711 talin 20 hdr eða 10 hdr. "Elsta heimild sem getur um Steinkross er máldagi Oddakirkju frá 1270 [DI II, 86-88] , en 1882 lagðist Steinkross í eyði. Fyrir 1580 var Steinkross orðinn eign konungs ..." VS: Rangvellingabók, 397. Jörðin er lénsjörð prestsins á Stórólfshvoli og Skúmsstöðum. "Steinkross lagðist í eyði 1882 ... Land jarðarinnar er að hluta valllendisflatir og gróið hraun, að hluta örfoka hraun." SB V, 69
1711: "Túninu hefur grandað blásturssandur, líka blöðruslægju. Beitilandinu hefur og sandur spilt og ligggur undir spjöllum. Engjar eru engar fyrir utan það af laufi kann lítið að fást, og hafa ábúendur sókt heyskap þángað sem hann hefur kunnað fást ..." JÁM I, 237-238 Miðja 19. öld Gamli Steinkross: "... heima við bæinn voru "allir búshluta skemmdum undirorpnir af sandroki úr öllum áttum í hverjum vindblæ."" VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 101

RA-290:001 *Gamli-Steinkross* bæjarhóll bústaður 63°53.907N 20°04.954V

Bæjarhóllinn, horft til ANA

"Bærinn Steinkross stóð upphaflega á hól við suðvesturhorn Steinkrossheiðar, en var 1849 fluttur austar á sömu heiðarbrún, í slakka austan undir Dagverðarnesmörkum," segir í Rangvellingabók. Gamli Steinkross er við vesturbrún Steinkrossheiðar, um 800 m NV með heiðarbrúninni af yngra bæjarstæði Steinkross [002]. Samkvæmt heimildamanni, Boga Thorarensen, var Gamli Steinkross, túnið og rústasvæðið sjálft, slegið til 1956.
Bæjarhóllinn og túnið eru algróin þykkri sinu. Á Steinkrossheiði, skammt norður, suður og austur af bæjarstæðinu, er hálfgróinn hraunmelur, en vestur af er gróin hlíð og þar neðan við stór grasslétta.
"Ennþá er fögur torfa eftir af gamla Steinkrosstúninu, sunnan í brekkunni og niður frá bæjarstæðinu, en yfir því er gróinn bali og víst djúpt á tóttum. Vestan við bæjarstæðið er torfan sundurskorin eftir leysingavatn, með háum bökkum og sandflagi neðan við á sléttunni. En áfast við túnið að öðru leyti og í skjóli af því að nokkru leyti er enn eftir löng og mjó grasræma á sléttunni, sem nú er nefnd Jaðar. ... Austan við bæjartorfuna er grjótrúst á nýlega blásnum bala, nærri 8x8 faðmar að fyrirferð. Hefir þar verið fjósið og heygarðurinn. Sér enn glöggt fyrir garðlaginu að norðan og austan, en ekki sjást húsaskil," segir í Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum. Galli á jörðinni að þar var ekkert vatnsból. Bæjarhóllinn er fremur ólögulegur og ójafn og ekki er hægt að greina í honum einstakar byggingar eða tóftir. Stærð bæjarhólsins er líklega um 60x50 m N-S og er hann rúmlega 2 m hár. Að sunnanverðu nær hólinn að grónu gili sem er í brekkunni niður af Steinkrossheiði. Rústahóllinn er algróinn þykku grænu grasi og er gróðurinn meiri, grænni og líflegri á hólnum en í kring. Norðan við gilið er annar minni rústahóll [001B], um 30x25 m N-S að ummáli og gæti hann verið rústir útihúsa. Minni hóllinn er um 1,5 m á hæð og ólögulegur líkt og hinn stærri. Innan hins gamla túns eru án efa fleiri rústastaðir undir sverði og eru í því ójöfnur sem vel gætu verið mannvistarleifar, þó engar tóftir séu greinanlegar. Á þetta sérstaklega við um svæði norðan og norðaustan af bæjarhólnum og austur af minni hólnum [001B]. Miðað við gróðurfar gæti túnið hafa verið um 130x100 m stórt N-S.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 398; Árbók 1951-1952, 100

RA-290:002 *Steinkross* bæjarstæði bústaður



Tóft 002a



Tóft 002b



Tóft 002c



Tóft 002d



Tóft 002e

63°53.555N 20°04.391V

"Bærinn Steinkross stóð upphaflega á hól við suðvesturhorn Steinkrossheiðar, en var 1849 fluttur austar á sömu heiðarbrún, í slakka austan undir Dagverðarnesmörkum," segir í Rangvellingabók. Seinna bæjarstæði Steinkross er fast við suðaustan við malarslóða sem liggur frá Selsundi að Gunnarsholti, um 3 km SV af Koti [RA-291:001] sem einnig stendur fast við sama slóða og er merkt með skilti. Búseta á seinna bæjarstæðinu stóð ekki lengi, aðeins frá 1849 til 1882.

Bæjarrústin og útihúsin standa í grónu gömlu túni innan heilllegs túngarðs, þykk sina liggur yfir fornleifunum.

Einungis er um eitt byggingarstig að ræða á bæjarstæðinu, þar sem búseta á því stóð aðeins í 33 ár. Rústin sem eftir stendur er vegleg og í kringum hana eru ýmis útihús og stór túngarður. Alls er rústasvæðið um 240 x 210 m stórt. Bæjarrústin er um 32 x 24 m að stærð, snýr nokkurnveginn N-S og er algróin. Fast vestur af rústinni er gerði, líklega kálgarður og er hún að viðbættum kálgarðinum 36 x 32 m að stærð A-V. Hægt er að greina 10 hólf á rústinni og er hún hlaðin úr meðalstóru hraungrýti og torfi. Hraungrýtið er sjáanlegt á innanverðum veggjunum. Ekki er hægt að greina grjót í kálgarðinum og er hann algróinn, um 1 m á hæð og þykkt mest 2 m. Sökum þess hve rústin er vel gróin er einungis hægt að greina 4-5 umför af hraungrýti, en þau eru án efa fleiri undir gróðri. Mest veggjahæð í rústinni er um 1,7 m, á henni sunnanverðri. Í suðausturhorni rústarinnar er hólf sem virðist vera að nokkru leyti niðurgrafið og er hæð innan í því um 1,8 m. Til norðvesturs frá bæjarrústinni liggja traðir út fyrir túngarðinn. Traðirnar eru tveir samsíða garðar sem liggja um 30 m frá Steinkrossbænum til VNV og tengjast þar túngarðinum. Hvor traðargarðurinn er um 1 m hár og 2 m breiður og á milli

Túngarðurinn, horft til suðvesturs

Tóft A, horft til austurs

Tóft B, horft til norðaustus

Tóft C, horft til austurs

Tóft D, horft til norðvesturs

Tóft E, horft til SSA

þeirra eru um 3,5 m. Traðirnar eru algrónar en aðeins glittir í grjót í öðrum traðarveggnum. Kringum tún Steinkross liggur heillegur túngarður 002F, alls um 720 m langur. Norðausturhluti túngarðsins er uppi á Lágheiði, þar sem bærinn og útihús eru, en suðvesturhlutinn nær fram af heiðarbrúninni og niður á svokallaða „Mosa", sem er sléttur grasvöllur sem teygir sig til suðurs undan Lágheiði. Túngarðurinn er algróinn og afar heillegur og greinilegur. Hann er hlaðinn úr torfi og á einstaka stað má sjá glitta í hraungrýti, þó ekki sé hægt að greina hleðslur. Víða er garðurinn um 1 m á hæð og 2 m breiður. Niðri á vellinum, Mosum, eru nokkrar gloppur í garðinum og virðast þær flestar stafa af því að ekið hefur verið yfir garðinn á nokkrum stöðum, en einnig var svæðið nýtt sem beitarland undir nautgripi frá Koti. Innan túngarðsins eru 4 tóftir útihúsa, kallaðar hér 002B, C, D og E. Tóft 002B er hátt í 30 m austur af bæjarrústinni. Hún er 9 x 6 m að stærð, snýr A-V og hefur dyr til vesturs. Mesta hleðsluhæð er 1,2 m. Lítið hólf er áfast tóftinni að sunnan, sem gæti mögulega verið heystæði, og er um 3 x 3 m að stærð. Tóftin er hlaðin úr hraungrýti og torfi og er vel yfirgróin. Ekki er hægt að greina fjölda umfara, en grjótið stingst víða upp úr tóftinni. Tóft 002C er fast við túngarðinn að austanverðu, um 60 m frá bæjarrústinni. Tóft 002C er ferhyrnd, um 6 x 6 m að stærð. Sennilega eru dyr á vesturvegg. Tóftin er hlaðin úr hraungrýti og torfi, en ekki er hægt að greina fjölda umfara því vel er gróið yfir tóftina. Hæð veggja er 0,7 m. Rúst 002D er skammt suður af tóft 002B, eða um 15 m. Um er að ræða algróna þúst í túni Steinkross. Þústin er um 7 x 6,5 m að stærð, snýr NV-SA og er hæst um 0,7 m. Meðalstórt hraungrýti stingst út úr þústinni hér og þar. Mögulega er um að ræða tóft sem er full af hruni, þó ekki sé hólf greinanlegt. Tóft 002E er á

heiðarbrúninni, rúmlega 50 m suður af bæjarrústinni. Tóftin er 8 x 5 m að stærð og snýr nokkurnveginn N-S. Ekki er ljóst hvar dyr voru á tóftinni, en mögulega hefur það verið á vesturhliðinni, en þar smá vik í veggnum. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og vel yfirgróin. Mest hleðslu hæð er 0,8 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 394

RA-290:003 *Böðvarsvarða* varða 63°53.416N 20°05.390V

Varðan, horft til vesturs

"Austur af honum [Stóra-Fjárhól] í brúninni [á Lágheiðinni] er Böðvarsvarða. Hlaðin af bónda frá Koti, er Böðvar hét," segir í örnefnalýsingu. Skv.. Þessari lýsingu ætti varðan að vera í landi Kots, en heimildamaður hefur aldrei heyrt um vörðu á þeim slóðum sem lýst er. Þó þekkti hann Böðvarsvörðu í landi Steinkross. Varðan er á Steinkrossjaðri svokölluðum sem er grasslétta suður af Steinkrossheiði. Böðvarsvarða er um 700 m VSV af túngarði Steinkross [002] og um 100 m N af malarslóða milli Selsunds og Gunnarsholts.
Varðan er á fremur sléttu valllendi, algróinni hraunsléttu með grasi og smá mosa.
Varðan er að mestu leyti hrunin og yfirgróin sinu, en þó glittir í grjót í henni austanverðri og eru 3 umför greinanleg. Varðan virðist vera um 0,8 m há og stendur á lágum hól á vellinum.
Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Dagverðarnes, 3

RA-290:004 *Axarvarða* varða landamerki 63°52.627N 20°04.904V

Varðan, horft til suðurs

Axarvarða er hornmark Steinkross, Dagverðarness og Reyðarvatns. Landamerki 1816: "Sjónhending af Axarvörðu er stendur á Vagnbrekkum austan við almenningsgötu [005] er liggur frá Steinkrossi að Reyðarvatni, af henni sjónhending á Melavörðu [006] út við melana, þaðan sjónhending á Ballarholt austan við Svínavöll, þaðan sjónhending á Hvítamel austan við Bolholtsbót, en vestan við Svínhagamessugötu [007], og loksins sjónhending úr Hvítamel í Grásteinshvamm, en síðast þaðan sjónhending í Axarvörðu," segir í Rangvellingabók. "Vestur og norður af hólnum [sjá RA-292:006] eru Hrísin, þar er aðeins óblásin örmjó grasræma, en í minni manna var þar blómlegur gróður og gulvíðirunnar. Hrísin ná að Axarvörðu, en hún er hornmark Dagverðarn. ..." Segir í örnefnalýsingu Dagverðarness. Axarvarða er um 1,2 km VSV af fjárborgunum á Vatnshólum og um 1 km NNA af Blesuviksvörðu. Við Axarvörðu eru nokkrar tóftir nokkurra fjárborga, næst er fjárborg frá Steinkrossi [011] um 10 m NV af Axarvörðu.
Varðan er á grónu hrauni.
Axarvarða er yfirgróin, um 2 m í þvermál, 1,5 m á hæð og á henni eru 2 fuglaþúfur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 398; Ö-Dagverðarnes, 2

RA-290:005 *Almenningsgata* heimild um leið
Landamerki 1816: "Sjónhending af Axarvörðu er stendur á Vagnbrekkum austan við almenningsgötu er liggur frá Steinkrossi að Reyðarvatni, af henni sjónhending á Melavörðu út við melana, þaðan sjónhending á Ballarholt austan við Svínavöll, þaðan sjónhending á Hvítamel austan við Bolholtsbót, en vestan við Svínhagamessugötu, og loksins sjónhending úr Hvítamel í Grásteinshvamm, en síðast þaðan sjónhending í Axarvörðu." Ekki fann skrásetjari ummerki almenningsgötunnar milli Steinkross og Reyðarvatns á vettvangi.
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 398

RA-290:006 *Melavarða* varða landamerki
Landamerki 1816: "Sjónhending af Axarvörðu er stendur á Vagnbrekkum austan við almenningsgötu er liggur frá Steinkrossi að Reyðarvatni, af henni sjónhending á Melavörðu út við melana, þaðan sjónhending á Ballarholt austan við Svínavöll, þaðan sjónhending á Hvítamel austan við Bolholtsbót, en vestan við Svínhagamessugötu, og loksins sjónhending úr Hvítamel í Grásteinshvamm, en síðast þaðan sjónhending í Axarvörðu." Heimildarmaður þekkti ekki vörðuna og hún fannst ekki við vettvangsathugun, en varðan ætti að vera

einhverstaðar á merkjum.
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 398

RA-290:007 *Svínahagamessugata* gata leið
Landamerki 1816: "Sjónhending af Axarvörðu [005] er stendur á Vagnbrekkum austan við almenningsgötu [005] er liggur frá Steinkrossi að Reyðarvatni, af hennni sjónhending á Melavörðu [006] út við melana, þaðan sjónhending á Ballarholt austan við Svínavöll, þaðan sjónhending á Hvítamel austan við Bolholtsbót, en vestan við Svínhagamessugötu, og loksins sjónhending úr Hvítamel í Grásteinshvamm, en síðast þaðan sjónhending í Axarvörðu." Ekki fann skrásetjari ummerki götunnar á vettvangi.
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 398

RA-290:008 tóft stekkur 63°53.649N 20°04.674V



Tóftin, horft til ANA

Lítil rétt, hugsanlega stekkur, er undir hlíð Steinkrossheiðar, um 290 m NV af yngra bæjarstæði Steinkross [002].
Rústin er neðst í lágri hlíð og er hún, sem og umhverfi hennar, algróin þykkri sinu.
Stekkurinn er 11 x 11 m að stærð. Ekkert grjót sést í veggjum og eru þeir að jafnaði um 0,5 m á breidd en verða allt að 1 m breiðastir. Mest hleðsluhæð er allt að 1 m. Mannvirkið er nokkuð ferningslaga, en ekki er fjóldi hólfa ljós, þau eru að minnsta kosti 2, en eru líklegast fleiri. Inngangar í mannvirkið virðist vera á ausur, vestur- og norðurhliðum.
Hættumat: engin hætta

RA-290:009 garðlag óþekkt 63°53.641N 20°04.725V
Um 500 m langt garðlag er á grassléttunni suðvestan undir Steinkrosshlíð og liggur samhliða henni. Garðlagið virðist hefjast um 2 m norður af vegi (milli Selsunds og Gunnarsholts, þar sem hann liggur framhjá 002) og liggur til NNV.
Garðlagið er á grónu valllendi.
Garðlagið er algróið. Frá malaslóða er það nokkuð óljóst, tilgengið og þýft á um 10-15 m kafla, en verður síðan greinilega, um 2 m breitt og allt að 0,4 m hátt. Um 10 m NNV breikkar garðlagið enn, er um 3 m breitt og allt að 0,5 m hátt. Um 160 m NNV er garðlagið allt að 4 m breitt og hátt í 1 m hátt, en eftir það lækkar garðlagið smám saman þar til það rennur saman við umhverfið og hverfur, en það mælist allt í allt um 500 m langt.
Hættumat: engin hætta

RA-290:010 þúst 63°53.771N 20°04.707V

Þústin, horft til vesturs

Nærri vesturbrún Steinkrossheiðar er þúst, um 230 m norður af stekk 008.
Því sem næst algróin hraunslétta.
Þústin er mögulega rúst kindakofa. Hún er nokkuð hringlaga, um 6 m í þvermál og hæst í miðju um 1,2 m. Hraungrýti stingst víða upp úr þústinni ofanverðri, en ekki er hægt að greina hólf. Þústin er algróin þykkri sinu og stendur greinileg upp úr sléttunni í kring.
Hættumat: engin hætta

RA-290:011 tóft fjárskýli 63°52.630N 20°04.911V

Tóftin, horft til norðurs



Fjárborg er í landi Steinkross við hornmarkið Axarvörðu [004]. Borgin er um 10 m NV AF Axarvörðu og um 1,8 km SSV af yngra bæjarstæði Steinkross [002].
Í grasi, lyng- og kjarrgrónum velli.
Borgin er kringlótt, um 5 m í þvermál og hlaðin úr miðlungsstóru hraungrýti og líklega einnig torfi. Ekki er hægt að greina fleiri en 2 umför því tóftin er vel yfirgróin. Mest hleðslu hæð er um 0,7 m.
Hættumat: engin hætta

RA-290:012 *Vatnagötur* gata leið 63°53.913N 20°05.018V
Götur liggja frá Gamla Steinkrossi [001] til VNV að Bitholti (Víkingslæk).
Leiðin liggur yfir grasvöll og hraun.
Reiðgötur, víða greinilegar sem nokkrar samhlið rákir í jörðinni.
Hættumat: engin hætta



RA-291 Kot

"Elsta heimild sem til er um eigendur Kots er jarðabókin 1696, en þá voru eigendur jarðarinnar kirkjur á Leirubakka og Klofa að helming hvort." VS: Rangvellingabók, 228-229. Í eyði 1711, eigendur til helminga Leikbakkakirkja og Klofakirkja. Jörðin átti áður skóg til kolagjörðar. Býlin Ketilstaðavík og Kastalabrekka skráð með Koti. "Land Kots er að mestu uppgróin og hálfróin hraun sem eru ágæt til sauðfjárbeitar og skjólgóð. Hluti af landareigninni er gróðurvana hraun og er sneið af því innan sandgræðslugirðingar. Það land er undir eignarráðum Landgræðslunnar." SB V, 68
"1849:"Tún nokkurt, engjar engar. Sauður gerir gagn betur en annars staðar." 1882: "Þessi jörð hefur engar slægjur né stórgripahaga, en aðeins nokkra fjárbeit, sem þó er talsvert, upplásin og spillt af sandfoki." "VS: Rangvellingabók, 230 1917: Tún 2,3 ha, þar af 0,8 ha slétt, garðar 446 m² 1940: "Tún. Þurrlent, greiðfært. Jarðvegur: Sendinn og vikurblandinn. Engjar: Engar. Beitiland: Að mestu hraun með mosa og smá valllendisgróðri. Ágæt sauðfjárbeit. Mjög lítlir griphagar." VS: Rangvellingabók, 230

RA-291:001 *Kot* bæjarhóll bústaður 63°54.447N 20°01.338V

Bæjartóftirnar, horft til norðurs

Bæjartóftirnar, horft til ASA

Bæjartóftirnar, horft til SSV



1709: "Kynni að sönnu aftur byggjast, ef brunnurinn yrðri upp grafinn, þó er býlið fyrirferðarlítið, þar með hús öll í burt," segir í jarðabók Árna og Páls. "...1732 var jörðin aftur komin í byggð og var það til ársins 1981 nema árin 1869-1871," segir í Rangvellingabók. Bærinn er fast NV við malarveginn milli Selsunds og Gunnarsholts og er greinilega merktur með skilti.

Bæjarrústirnar eru í gömlu grónu túni sem ekki er slegið eða nýtt. Rústirnar eru vel grónar.

Bæjarhúsin á Koti voru rifin fyrir fáum árum og sökum þess að tiltölulega stutt er síðan búseta lagðist af á Koti eru þau í tiltölulega góðu ástandi. Rústin eru úr torfi og grjóti og er þurrhlaðin, en smá steypuleifar eru syðst við nýjasta hluta bæjarhúsanna. Nyrðri hluti bæjarins er eldri en sá syðri, en við syðri hlutann er steypt stétt. Alls eru 9 hólf í bæjarrústinni, en miðja hennar er yfirgróin og ójöfn. Alls er bæjarrústin um 22 x 18 m stór A-V. Mest veggjahæð er í svokölluðu heykumli í sunnanverðri rústinni, en það er niðurgrafið um 1 m og er veggjarhæð því rúmlega 2,5 m í innanverðu heykumlinu og 15-16 umför. Hæð annara veggja er minni, mest hátt í 2 m í syðri hluta rústarinnar en 1,5-1,7 m norðan megin. Á meðfylgjandi teikningu sést hvaða hlutverkum mismunandi hlutar bæjarhúsanna þjónuðu, skrifað upp eftir heimildarmanni sem bjó á bænum sem barn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:JÁM I, 236; Rangvellingabók, 228; Túnakort 1917

RA-291:002 tóft útihús 63°54.424N 20°01.291V

Tóftin, horft til NNA



Tóft útihúss er um 50 m suðaustur af bæjarhúsum Kots og suðaustan við veg milli Selsunds og Gunnarsholts. Tóftin er sýnd á túnakorti frá 1917.
Tóftin er í gömlu grónu túni sem ekki er lengur nýtt.
Tóftin er 6 x 5 m að stærð og snýr NV-SA. Dyr eru á tóftinni að norðvestan. Svo virðist sem tóftin standi á þúst eða litlum hól, sem er eflaust leifar eldri byggingarstiga. Alls er þústin undir tóftinni um 9 x 8 m að stærð NV-SA. Tóftin er algróin og ekki er hægt að greina í henni grjót. Mest veggjahæð er um 0,5 m en mest hæð að meðtaldri þústinni er 1 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917

RA-291:003 *Lambhúshóll* tóft lambhús 63°54.442N 20°01.462V

Tóftin, horft til ANA

"Í túninu eru Fornufjós [021] fyrir vestan bæinn. Sést þar til tófta, vestur af þeim er Kolahóll [022] og Lambhúshóll útsuður af honum og norður af bænum eru Túnhólar," segir í örnefnalýsingu.
Lambhúshóll er lágur rústahóll sem á er heilleg tóft og er hann um 100 m vestur af bæjarhúsunum [001]. Á túnakorti frá 1917 er sýnt útihús á þeim stað sem tóftin á Lambhúshól er.
Lambhúshóll er vel gróinn og er í gömlu grónu túni sem ekki er slegið eða nýtt.
Tóftin er 9 x 6 m að stærð og snýr nokkurn veginn A-V. Innanmál hennar er 7 x 2,5 m og snúa dyr til vesturs. Útihúsið er nokkuð niðurgrafið og stendur það vestur úr lágum hól sem gæti verið leifar eldra byggingarstigs. Austurgafl tóftarinnar er hæstur, um 1,5 m að utanverðu en um 2,3 m að innanverðu. Norður- og suðurveggir eru um 1,6 m á hæð að innanverðu. Í austurgafli eru 14 umför og er útihúsið hlaðið úr miðlungs stóru og litlu hraungrýti. Grjót er í innanverðum veggjum en torf þekur að utan. Ekki er langt síðan lambhúsið var síðast nýtt því þekjan liggur inni í því, bárujárn, timbur og torf.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Kot, 5-6

RA-291:004 tóft útihús 63°54.460N 20°01.437V

Tóftin, horft til suðausturs



Tóft útihúss er í túni Kots, um 80 m VNV af bæjarhúsunum [001]. Útihús er merkt á þessum stað á túnakorti frá 1917.
Tóftin er vel gróin og er í gömlu grónu túni sem ekki er slegið eða nýtt.
Tóftin er 5 x 4 m að stærð og snýr nokkurn veginn NV-SA. Hún er hlaðin úr hraungrýti að innan, en torfi að utan. Veggjahæð er mest rúmlega 1,5 m og er SA veggur hæstur, um 10 umför. Mest er hlaðið úr miðlungs stóru og litlu grjóti. Ekki langt síðan húsið var nýtt því þekjan liggur hrunin í botninum, bárujárn, timbur og torf.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917

RA-291:005 tóft útihús 63°54.497N 20°01.470V

Tóftarbrotið, horft til NNA



Veggjarbrot eru nærri norðurenda túns, um 140 m NV af bæjarhúsum Kots [001]. Um er að ræða rúst útihúss sem sést á túnakorti frá 1917, en í minni heimildamanns var ræktaður rabbabari innan veggjarbrotanna.
Tóftin er í gömlu grónu túni, en enginn rabbabari vex lengur á staðnum.
Tóftin samanstendur af tveim veggjabrotum sem mynda 90° horn, annar er um 3 m N-S og hinn um 4 m A-V. Ekkert grjót sést í veggjunum, en þeir eru vel yfirgrónir og um 0,4 m á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917

RA-291:006 heimild um brunn

Í Jarðabók Árna og Páls 1709 segir: "Brunnur, sem fyrir vatnsból brúkaðist, er byrgður af sandi. Kynni að sönnu aftur byggjast, ef brunnurinn yrði upp grafinn, þó er býlið fyrirferðarlítið, þar með hús öll í burt." Ekki er vitað hvar brunnurinn er sem greint er frá í jarðabók, en mögulega hefur hann verið á svipuðum slóðum og brunnur 015.
Heimildir:JÁM I, 236

RA-291:007 *Kastalabrekka* bæjarstæði býli 63°54.613N 20°01.837V

Tóftir f,g og h, horft til VSV

Tóftir a,b,c,d og e horft til NNV



Í Jarðabók Árna og Páls 1709 segir: "Enginn veit nær þetta býli hefur fyrst bygst, ei heldur eyðilagst. Meiníng manna er, að Kot hafi bygt verið í tvennu lagi, og muni Kastalabrekka hafa verið helmíngur jarðarinnar. Rústir sem til sjest eru grasi vaxnar og vottar að eins til þar hafi bygging verið. Byggjast mætti þetta pláts ef Kotsbrunnur næðist, þó ekki til stórra gagnsmuna." "Kastalabrekka er skammt fyrir vestan bæinn í hvammi. Þar er eyðibær, er álitið, að þar hafi aðalbærinn staðið, en Kot byggzt frá honum og heitið þá Kastalabrekkukot. Þar sést enn til rústa, en ókunnugt er þar um byggð og búsetu," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt heimildamanni, Boga Thorarensen, gekk Kastalabrekka seinna undir nafninu Stekkatún. Kastalabrekka er um 500 m NV af bæjarhúsum Kots.

Kastalabrekka er grasigróinn hvammur, þar sem grær reytingur af mosa og lyngi inn á milli. Hvammurinn er í lágri brekku, en gróin slétta er bæði NA við Kastalabrekkur, upp af brekkunni, og til SA, fyrir neðan brekkuna. Talsvert fjær til NV er berangurslegt hraun og melur. Vatnslaust er á svæðinu, en ekki er ósennilegt að löng laut sem er skammt SA af Kastalabrekku, og snýr NA-SV, sé gamall þurr árfarvegur og þá mögulega bæjarlækur Kastalabrekku. Lautin er í dag algróin.

Í skrá Brynjúlfs Jónssonar yfir eyðibýli segir: "Kastalabrekka hét bær sem stóð um hálfan kílómetra norðvestur af Koti." Í riti um eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum segir: "Þar er yfirgróin rúst, svo sem 5 mínútna spöl nv. Frá Koti og um 6 km vsv frá Fálkhamri. Hraun er þar undir og halli lítill, en engin veruleg brekka. Húsaskil verða ekki greind á rústabungu þessari, enda virðist þar hafa verið kot eitt eða smábýli, því að engar aðrar byggingaleifar sjást þar í nánd." Helgi Þorláksson vill meina að þarna hafi ekki verið býli heldur tengist nafnið Kastalabrekku í Vetleifsholtshverfi og hafi staðurinn átt skógarítök þarna. Hvammurinn er mun grænni en umhverfið á svæði sem er allt að 100 x 100 m í þvermál og kann það að stafa af fornum mannvistarleifum undir sverði, sem og af seinni tíma stekkatúni. Líklega er bæjarhóll undir þéttustu rústaþyrpingunni (mannvirki A-E), sem fellur að nokkru leyti inn í brekkuna að norðan, en er greinilegri frá öðrum hliðum og gæti verið um 2 m hár og allt að 50 x 50 m að stærð. Fleiri fornleifar eru á svæðinu, t.d. Eru mannvirki F-H fyrir norðan hinn meinta bæjarhól og fleiri fornleifar gætu leynst í þéttri sinunni og í ýmsum ójöfnum í hvamminum. Hér eru taldar upp þær tóftir sem augljósar eru á yfirborði, frá A-H. A: Eru hugsanlega leifar miðaldabæjarins. Tilgengin rúst sem er nokkuð gróin inn í umhverfið og virðist vera 20-25 m löng A-V og 10-15 m breið. Hæð veggja er mest 0,5 m, en er 0,2-0,3 að jafnaði. Ekki er hægt að greina grjót í veggjum og er rústin sigin og vel yfirgróin. Tóft B: Er sunnan við A, en snýr eins og er öllu minni, um 10 x 7 m. Dyr hafa verið að vestan. Veggir í tóft B eru hæstir um 0,4 m og ekkert grjót er greinanlegt. Tóft B er tilgengin og gróin inn í umhverfið. Tóft C er að líkindum yngri en B, því hún virðist vera byggð ofan á norðanverða tóft B. Tóft C er um 7 x 5 m og snýr N-S. Greina má hraungrýti í veggjum hennar, en vel er gróið yfir svo ekki er hægt að telja umför. Líklegast er tóft C bæði hlaðin úr torfi og grjóti. Mest veggjahæð um 0,6 m. Tóft D er Stór og greinileg tóft norðan við C. Tóft D er um 9 m löng N-S og allt að 8 m breið, þó það sé öllu óljósara. Austurveggur tóftarinnar er mikill, hár og greinilegur, 2 m

breiður og 1 m hár, en vesturveggurinn er gróinn inn í umhverfið. Greina má yfirgróið grjót í veggjum og sem hrun í botni tóftarinnar. Tóft E er nyrsta greinilega tóftin á ætluðum bæjarhól. Hún er vel yfirgróin, ekkert grjót er greinanlegt í henni og hún er nokkuð tilgengin. Tóftin er um 6 x 4 m að stærð N-S og mest veggjahæð er 0,5 m. Þrjár tóftir eru norðan við megin rústaþyrpinguna. Norðvestan við er tóft F, sem er stór og mikil, en sigin og samgróin umhverfinu. Tóft F er 10 x 8 m að ummáli og snýr NA-SV Ekkert grjót er greinanlegt, í henni og mest hæð veggja um 0,5 m. Skammt austur af F er tóft G, sem einnig er sigin og samgróin umhverfinu. Tóft F er þó öllu minni, eða um 5 x 5 m og hefur dyr til suðurs. Hæð veggja að innan er 0,5 m en að utan 0,2 m. Örskammt norðan við tóft G er tóftar-eða garðbrot sem kallast hér H og er nokkuð ógreinilegt og fellur afar vel inn í umhverfið. Ekkert grjót er greinilegt í hleðslunni og er hún 0,2 m há. Brotið virðist vera allt að 10 m langt og sveigist nokkuð, liggur A-V, en sveigist vestast til suðurs. Líklegt er að hluti leifanna teljist til bæjarins en einnig hlýtur eitthvað að stafa frá stekkjartímanum. Minjarnar eru flóknar og greinilega um fleiri en eitt byggingarstig að ræða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM I, 236; Ö-Kot, 5; VS: Rangvellingabók, 197; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 98; HÞ: "Byggð undir Heklu", 159

RA-291:008 *Ketilsstaðavík* bæjarstæði býli 63°55.437N 19°59.873V
"Í norður frá Koti sem svarar bæjarleið er örnefni nokkurt kallað Ketilstadavik, segjast menn heyrt hafa sagt hjer muni í fyrndinni bær verið hafa, og hrun hann yfir fallið í Hekluhlaupi, sjást þau líkindi þar til, að undir hrauninu er sljett glöt og girðíng nokkur, sem tilgátur eru að túngarður hafi verið. Plátsið er óbyggilegt vegna vatnsleysis, þar til slægjur engar og hagar litlir," segir í Jarðabók Árna og Páls 1711. "Ketilsstaðanef er norðvestast í hrauninu í mörkum Selsunds. Þar er álitið, að bærinn hafi staðið, en orðið undir hrauninu, er það rann fram, að líkindum á 14. öld," segir í örnefnalýsingu. Landamerkjagirðing Kots og Selsunds liggur SA-NV í gegnum vikið. Ketilstaðavik er 200 m ASA af hliðinu á landamerkjagirðingunni milli Selsunds og Kots, sem er á malarveginum sem liggur frá Selsundi að Gunnarsholti.
Ketilstaðanef er úfið og hátt apalhraun, hálfgróið mosa og lyngi. Sunnan við nefið er Ketilsstaðavik, gróin graskvos í hrauninu.
Í skrá Brynjúlfs Jónssonar yfir eyðibýli segir: "Ketilstaðir hafa staðið skamt vestur frá Selskógum; þar gengur hraunkvíslin lengst til útnorðurs og heitir þar Ketilsstaðanef. Undir því ætla menn, að bæinn sé hulinn. Þar skamt frá sér fyrir hringamyndaðri byggingu á hinu flata eldra hrauni, og er getið til, að það hafi verið fjárborg frá Ketilsstöðum. Þetta flata hraun myndar aftur brún nokkru vestar og liggur hún fyrst til útsuðurs, en beygist síðan til suðuráttar." "Ketilsstaðanef heitir tangi sem skagar vestur úr Selsundshrauni syðra (Suðurhrauni) nær miðja vegu milli bæjanna Selsunds og Kots. Það hraun er talið runnið í Heklugosi árið 1300 (Heklueldar) og munnmæli herma að nefið sé kennt við bæinn Ketilsstaði sem þar hafi hulist undir er hraunið rann. ... Garðbrotið sem jarðabókin [JÁM] nefnir er enn sýnilegt. Það gengur þó ekki út frá Suðurhrauni, heldur nokkru sunnar undan öðru hrauni sem sést beggja megin Ketilsstaðanefs og Suðurhraun hefur fallið yfir er það rann. Það hraun er eldra en svo að Ketilsstaðir geti hulist undir því, svo garðbrotið getur ekki verið leifar túngarðs þaðan, enda má vera að það sé náttúrusmíð sem líkist garðbroti en ekki mannaverk." Valgeir Sigurðsson er ekki sammála því að Kot hafi heitið Ketilsstaðakot.
Helgi Þorláksson vill meina að hér hafi ekki verið býli heldur sé nafnið tengt skógaítaki Haga í Holtum og tengist nafnið hjáleigu þaðan. Ekki sást til fornleifa við vettvangsskoðun á svæðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM I, 236-237; Ö-Kot, 2; VS: Rangvellingabók, 224; Árbók 1898, 11-12; HÞ: Byggð undir Heklu, 159

RA-291:009 varða samgöngubót 63°55.111N 20°01.719V

Varðan, horft til norðurs

"Vestan undan nefinu [008] eru sléttar grundir, sem heita Flatir. Þarna er Flathóll, allstór hóll með vörðu. Hann er skammt fyrir norðan Svínhagagötur," segir í örnefnalýsingu. Flathóll er um 800 m N eða NNA af Kastalabrekku. Varðan hefur mögulega verið vegvísir fyrir þá er fóru Svínhagagötu.
Varðan er efst á mosavöxnum hraunhól.
Varðan er 1 m á hæð og 1 x 1 m að stærð að grunnfleti. Hún er hlaðin úr meðalstóru grjóti og er nokkuð yfirgróin mosa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kot, 2

RA-291:010 *Svínhagagata* gata leið 63°55.107N 20°01.755V

Göturnar, horft til suðurs

"Vestan undan nefinu [008] eru sléttar grundir, sem heita Flatir. Þarna er Flathóll, allstór hóll með vörðu. Hann er skammt fyrir norðan Svínhagagötur," segir í örnefnalýsingu. Svínhagagötur liggja nokkuð beinar og greinilegar frá Koti [001] og norður, framhjá Flathól [009] og áfram í átt til Svínhaga.
Göturnar liggja yfir mosa og lyngvaxið hraun, sem og örfoka hraun.
Göturnar snúa N-S. Þær eru fremur augljósar reiðgötur og eru greinanlegar sem 6-8 rásir í jörðinni, mest um 15 - 20 sm djúpar.
Hættumat: hætta v/uppblásturs
Heimildir:Ö-Kot, 2

RA-291:011 *Nálhúshóll* heimild um huldufólksbústað 63°55.863N 20°01.459V

"Í Grashrauninu, suður af Markhól, er Nálhúshóll. Þar á að hafa fundizt nálhús frá huldufólki," segir í örnefnalýsingu Svínhaga. "Svartahraun nær frá Selsundslæk og fremst í Kotslandi. Það er nú örfoka, en heldur farið að gróa á ný. Innarlega í því er Valhúshóll. Svínhagi eignaðist sér hann, hann mun því nálægt mörkum ...," segir í örnefnaskrá Kots. Samkvæmt heimildamanni, Boga Thorarensen, er Valhúshóll rangnefni og afbökun á réttu heiti, Nálhúshóll. Bogi telur að Nálhúshóll sé í landi Selsunds og Kots, en ekki Svínhaga. Landamerkjagirðing Selsunds og Kots liggur yfir Nálhúshól, frá NV-SA. Hægt er að fylgja landamerkjagirðingunni um 1,2-1,3 km frá hliðinu milli Kots og Selsunds sem er á malarveginum frá Selsundi að Gunnarsholti. Nálhúshóll rís greinilegur upp úr umhverfinu.
Nálshúshóll er hálfgróinn mel/hraunhóll, mest gróinn lyngi og mosa, sem rís upp úr melsléttu sem er að mestu leyti ógróin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kot, 2; Ö-Svínhagi, 3

Nálhúshóll, horft til norðvesturs

RA-291:012 *Bæjarvarða* varða 63°54.588N 20°00.737V

Varðan, horft til norðurs

"Sauðabrekka heitir vestasta nefið í Bæjarhrauni, að sjá í Bjólfell frá bænum, líka er hún stundum nefnd Hestur, af stórum kletti þar, líkum hesti. Nokkuð austar er Bæjarvarða að sjá í Heklu," segir í örnefnalýsingu. Varðan er uppi á Bæjarhrauni, skammt frá SV brún þess, um 120 m austur af sumarbústaðnum Efrakoti, sem stendur fyrir neðan hraunkargann. Bæjarvarða er um 550 m NA af Koti [001].
Varðan er á þykku apalhrauni, grónu þykkri og þéttri mosabreiðu, með örlitlu af lyngi inn á milli.
Varðan er um 1,5 m á hæð og 1,5 x 1,5 m að stærð að grunnfleti. Hún er að mestu hlaðin úr meðalstóru hraungrýti 20 x 20 til 30 x 30 sm stórum steinum. Varðan er að nokkru leyti yfirgróin mosa og lyngi neðan til.
Hættumat: hætta v/ábúðar
Heimildir:Ö-Kot, 3

RA-291:013 *Hólmaborg* heimild um fjárskýli 63°53.947N 19°59.730V



"Upp í brúnina að bera í Tindafjallajökul að heiman ber Borgarhóll við himin. Þar hefur fjárborg staðið áður," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Boga Thorararensen kallast fjárborgin Hólmaborg. Fjárborgin er hátt í 1,6 km SA af Koti [001], um 670 m suður af fjárhúsi 029 og um 1,4 km austur af Hádegisvörðu 016.
Borgin er efst (suðaustast) í grónu viki sem gengur SA inn í mosavaxið og úfið hraunið.
Borgin hefur verið reist upp að stóru bjargi að austanverðu og liggja hlaðnir veggir í skeifu út frá bjarginu. Hleðslurnar mynda hólf sem er um 5,5 x 5,5 m að stærð og er innanmál tóftarinnar um 3 x 2 m A-V. Borgin er hlaðin úr hraungrýti og sennilega einnig torfi, en er tilgengin og yfirgróin mosa, grasi o.fl. Hægt er að greina í minnsta lagi 2 umför undir gróðri en þau kunna að vera fleiri. Mest er um miðlungsstórt grjót í tóftinni og eru hleðslurnar hæstar um 0,3 - 0,5 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kot, 4

RA-291:014 heimild um kolagröf
"Upp í brúnina að bera í Tindafjallajökul að heiman ber Borgarhóll við himin. Þar hefur fjárborg staðið áður [sjá 013]. Fyrir vestan hólinn eru mosalautir nefndar Hólmar. Kolviðarhraun ber við himin í landsuðri. Eins og nafnið bendir til hefur það verið skógi vaxið og þar gert til kola, sjást þar enn margar kolagrafir," segir í örnefnalýsingu. Hugsanlega það sama og Kolviðarhóll RA-292:005.
Heimildir:Ö-Kot, 4

RA-291:015 *Brunnhraun* örnefni brunnur 63°54.234N 20°01.273V
"Hrauntunga neðan við túnið í landsuður er kölluð Brunnhraun, ef til vill hefur verið reynt að taka þar brunn nálægt, þótt ekki tækist," segir í örnefnalýsingu. Bogi Thorarensen hefur heyrt að þarna hafi verið uppspretta fyrir öldum síðan, en hún hafi þornað í eldgosi eða jarðskjálfta. E.t.v. er um að ræða sama brunn og talað er um í jarðabók frá 1709 [sjá 006]. Hinn þurri brunnur er um 40 m SA af Gaddhring [024] og um 400 m suður af bæjarhúsum Kots.
Gróin laut í hraunjaðrinum norðanverðum, um 4 m í þvermál og 2 - 4 m djúp. Hliðar lautarinnar eru aflíðandi niður í botn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kot, 4

RA-291:016 *Hádegisvarða* varða eyktamark 63°53.904N 20°01.494V
"Hádegisvarða ber við himin upp á Brún, en svo er brúnin nefnd suður af bænum," segir í örnefnalýsingu. Hádegisvarða er 1 km SSV af bæ [001].
Varðan stendur á hrauni grónu grasi og mosa en þó standa hraunnibbur og stórgrýti hér og þar upp úr gróðrinum.
Varðan er mikið yfirgróin mosa og smá lyngi, svo ekki er fullvíst um hæð hennar. Varðan er þó 1 m á hæð að minnsta kosti. Óvíst er einnig um ummál sökum mosa, en gæti verið 1,5 x 1,5 m til 2 x 2 m. Varðan virðist vera hlaðin úr miðlungs og litlu hraungrýti.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kot, 4

Varðan, horft til suðvesturs

RA-291:017 gata leið 63°54.331N 20°01.403V
"Hádegisvarða [016] ber við himin upp á Brún, en svo er brúnin nefnd suður af bænum. Norðan í þeirri brún fyrir vestan göturnar að Dagverðarnesi er Víðihvammur," segir í örnefnalýsingu. Göturnar liggja frá bæjarhúsum Kots [001] og til SV að Dagverðarnesi.
Mosa, grasi og lyngvaxinn melur og hraun.
Gatan er ekki ýkja greinileg, en sést þó sem 3-5 rákir í jörðinni, sem snúa SV-NA.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kot, 4

RA-291:018 *Fjárhúsnef* örnefni fjárhús
"Hádegisvarða ber við himin upp á Brún, en svo er brúnin nefnd suður af bænum. Norðan í þeirri brún fyrir vestan göturnar að Dagverðarnesi er Víðihvammur. ... Fyrir vestan hvamminn er Fjárhúsnef, og upp af því Fjárhóll, er ber við himinn," segir í örnefnalýsingu. Heimildamaður kannast ekki við fjárhús eða tóftir á þessum slóðum, né við örnefnið ,,Fjárhúsnef", hann segir nefið heita ,,Fjárhólsnef". Ekki sást til tófta við vettvangsathugun.
Heimildir:Ö-Kot, 4-5

RA-291:019 *Steinkrossgata* gata leið 63°53.892N 20°04.933V
"Við Steinkrossgötuna er Engjahóll. Þar kemur bærinn fyrst í ljós, þegar komið er af engjunum," segir í örnefnalýsingu. Gömul leið liggur frá Koti að Gamla Steinkrossi [RA-290:001]. Gatan liggur VSV undir malarslóðanum sem nú er (milli Selsunds og Gunnarsholts), að hliði sem er við veg á mörkum Steinkross og Kots og greinist þar til vesturs frá malarslóðanum og liggur áfram að Gamla Steinkrossi, en malarslóðinn heldur áfram að yngra bæjarstæði Steinkross.
Meiri hluti leiðarinnar er horfinn undir malarslóða, en tæplega helmingur hennar, frá hliði á merkjum og vestur að Gamla Steinkrossi, liggur yfir hraunmel og grasigróið hraun.
Fremur ógreinilegar reiðgötur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kot, 5

RA-291:020 *Kofabarð* örnefni útihús 63°54.531N 20°01.392V
"... Norðan við túnið er barð mosagróið, nefnt Kofabarð. Hefur þar sjálfsagt staðið kofi einhverntíma. Nú er það heldur að blása," segir í örnefnalýsingu. Fast norðan við tún Kots er gróið hraun og melur og nokkur rofabörð. Óvíst er hvaða rofabarð Kofabarð er, eða hvort það sé enn til. Engar rústaleifar sjást á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Kot, 5

RA-291:021 *Fornufjós* þúst fjós 63°54.453N 20°01.393V



Þústin, horft til NNA

"Í túninu eru Fornufjós fyrir vestan bæinn. Sést þar til tófta, vestur af þeim er Kolahóll [022] og Lambhúshóll [003] útsuður af honum og norður af bænum eru Túnhólar," segir í örnefnalýsingu. Fornufjós eru um 40 m VNV af bæjarhúsum Kots 001.
Tóftin er í grónu gömlu túni sem ekki er lengur slegið og er því á kafi í sinu.
Fornufjós eru sporöskjulagaður rústahóll, um 30 x 20 m í þvermál NV-SA. Í hólnum suðvestanverðum er tóft. Eitt hólf að innanmáli 5 x 5 m gengur þar inn í hólinn, en veggir tóftarinnar eru vel grónir við hólinn. Hólfið er 0,7 - 1 m djúpt, en hóllinn er alls rúmlega 1,5 m á hæð. Ekki var hægt að greina nánari úlínur rústanna sökum sinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kot, 5-6

RA-291:022 *Kolahóll* örnefni kolagröf
"Í túninu eru Fornufjós fyrir vestan bæinn. Sést þar til tófta, vestur af þeim er Kolahóll og Lambhúshóll [003] útsuður af honum og norður af bænum eru Túnhólar," segir í örnefnalýsingu. Heimildamaður kannaðist ekki við örnefnið, en er þó mjög kunnugur og taldi afar ólíklegt að kolagröf væri á þessum slóðum. Óvíst er við hvaða hól er átt.
Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Kot, 5-6

RA-291:023 *Skemmuhóll* örnefni skemma 63°54.456N 20°01.372V
Heimildamaður benti á örnefnið ,,Skemmuhól" í túni Kots. Skemmuhóll er hátt í 30 m NV af bæjarhúsum Kots. Gamalt, gróið tún sem ekki er lengur slegið.
Skemmuhóll er lágur, um 1 m á hæð, og um 12 x 10 m að stærð og snýr NV-SA. Ekki er sjáanleg tóft á hólnum og nokkrir svipaðir hólar eru í túninu, en örnefnið gæti bent til þess að undir sverði leynist byggingaleifar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kot, 5-6

RA-291:024 *Gaddhringur* tóft hrossaborg 63°54.250N 20°01.304V

Tóftin, horft til norðausturs



Gaddhringur nefnist hrossaborg sem er um 370 m suður af bæjarhúsum Kots, samkvæmt heimildamanni.
Hrossaborgin er í grónu viki inn í hraunið. Gras, mosi og lyng grær í kring. Tré hafa verið gróðursett norðvestan til í tóftinni.
Gaddhringur er hringlaga, hátt í 14 x 14 m að stærð og er inngangur vestan megin á honum. Borgin er algróin og ekki glittir í grjót. Mest hæð er rúmlega 1 m að utanverðu. Veggirnir eru nokkuð útflattir, sem sést á hve lágir þeir eru miðað við breidd, en þeir eru milli 3,5 og 4,5 m breiðir. En borgin er samt mjög greinileg í umhverfinu.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

RA-291:025 tóft beitarhús 63°55.312N 19°59.823V

Tóftin, horft til austurs



Fjárhústóft er innan girðingar í sumarbústaðalandi Ketilsstaða og Jónskots. Frá malarvegi milli Selsunds og Gunnarsholt er afleggjari til austurs, merktur Ketilsstaðir með skilti. Tóftin er NV við hraunkarga um 160 m NNV af Ketilsstöðum og um 140 m NV af Jónskoti. Tóftin er um 2 km NA af Koti 001.
Rústin er á algróinni grassléttu, fast NV við háa og úfna apalhraunbreiðu, sem er mosavaxin.
Um er að ræða þrjú mannvirki, sambyggð í röð frá SV-NA, alls um 15 x 11 m að stærð. Suðvestast í þyrpingunni er hringlaga tóft, ekki með augljósan inngang, líklega heystæði. Fast NA við er fjárhústóft og svo aðhald hlaðið úr hraungrýti. Heytóftin suðvestast, er rúmlega 4 m í þvermál og rúmlega 2 x 2 m að innanmáli, mest hleðsluhæð er 1 m. Hún er að mestu gróin og á einstaka stað skagar út grjót. Næst er fjárhústóft, um 7 x 5 m að stærð og snýr NV-SA. Innanmál er rúmlega 4 x 2 m. Fjárhúsið er hlaðið úr hraungrýti og torfi. Hraunhleðslur sjást innan á veggjum, torf utan á. Stórt og meðalgrjót er í hleðslunni. Mest 6-7 umför og hæð innan í tóftinni um 1,5 m. Tóftin er algróin að utan. Aðhaldið, sem er NA við fjárhúsið, er einvörðungu hlaðið úr hraungrýti, fremur stóru, og er hlaðið upp að háu og úfnu apalhrauni að SA. Hleðslan er nokkuð tilgengin og er gróin mosa og skófum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-291:026 tóft fjárskýli 63°55.326N 19°59.775V

Tóftin, horft til NNA

Tóftin, horft til suðurs



Fjárborg er undir sama hraunkarga og fjárhús 025, en norðanmegin við. Borgin er um 20 m suður af braggarúst frá því um 1950 sem er á þessum slóðum og um 40 m NA af fjárhúsi 025.
Rústin er á gróinni grassléttu, í viki sem gengur austur í úfið apalhraun. Rústin er 5-10 m norður af hrauninu.
Borgin er 6 x 5 m að stærð og snýr því sem næst N-S. Hún er 3 x 2 m að innanmáli. Borgin er afar heilleg og eru dyr m.a. enn yfirbyggðar. Þegar borgin var undir þaki hefur hún að líkindum verið nokkuð kúlulaga að sjá utanfrá og alveg yfirverpt með torfi. Borgin er gríðarvel hlaðin. Þurrhlaðnir hranugrýtisveggirnar sveigja æ meir inná við er ofar dregur og virðast vera á leið með að mynda hvolf, en toppurinn er hruninn svo ekki er víst hve langt bogalagaða hleðslan hafi náð og hvort borgin hafi verið alveg topphlaðin. Umför í hleðslum borgarinnar eru 11-12, þar af eru 7 umför ofan við dyrnar. Hleðslu hæð inni í borginni er mest 2 m. Dyrnar eru um 0,7 m háar og 0,5 m breiðar. Borgin er hlaðin úr stóru og meðalstóru hraungrýti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-291:027 tóft beitarhús 63°55.293N 19°59.760V

Tóftin, horft til suðurs

Á grassléttu sunnan við sama hraunnef og tóftir 025 og 026 standa við, í landi sumarbústaðanna Ketilsstaða og Jónskots, er önnur fjárhústóft. Fjárhústóftin er um 60 m SA af fjárhústóft 025 og 80 m NV af sumarbústaðnum Jónskoti. Tóftin er um 2 km NA af Koti 001.
Tóftin er á grassléttu og vaxa 3 lítil birkitré úr veggjum hennar.
Fjárhústóftin er 6 x 4 m að stærð og snýr N-S. Dyr eru á suðurhlið, sem snýr að hraunkarganum. Tóftin er hlaðin úr torfi og hraungrýti. Grjót er á innanverðum veggjum en torf utan á. Tóftin er um 1,4 m á hæð að innanverðu, alls um 5 umför og er hlaðin úr fremur stóru hraungrýti. Austurveggur er enn fullkomlega lóðréttur, en vesturveggur er tilgengnari og er aðeins byrjað að hrynja úr honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-291:028 tóft rétt 63°54.608N 20°00.891V

Trjálundurinn, horft til austurs

Hluti réttarinnar, horft til austurs



Rétt er innan girðingar sumarbústaðalands Efrakots, inni í trjálundi um 3 m NV af sumarbústaðnum. Afleggjari að sumarbústaðnum Efrakoti er af malarveginum milli Selsunds og Gunnarsholts.
Réttin er á sléttri grasflöt undir gróinni hlíð. Þó nokkur trjálundur hefur verið gróðursettur umhverfis og inni í réttinni, bæði birki og greni.
Réttin er 19 x 17 m og snýr A-V. Í henni eru 3 hólf og hefur hún inngang bæði að austan og vestan. Réttin er þurrhlaðin úr hraungrýti af öllum stærðum og gerðum, en ekkert torf er í henni. Mest eru 6-7 umför í hleðslum og hæstar eru þær um 1,2 m. Veggirnir eru að jafnaði um 0,5 m þykkir. Réttin er talsvert mosagróin og henni stafar nokkur hætta af trjágróðrinum í kring. Síðast ver réttin nýtt um 1960.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

RA-291:029 tóft beitarhús 63°54.301N 19°59.901V

Tóftin, horft til suðurs



Fjárhústóft er við vegslóða sem liggur til SA frá sumarbústaðnum Efrakoti, hátt í 1 km SA af bústaðnum og 15-20 m frá slóðanum. Tóftin er um 500 m ASA af víkingaaldarmann virki sem var að hluta uppgrafið sumarið 2006 [031], um 670 m N af Hólmaborg 013 og um 600 m vestur af fjárborgum 030. Tóftin er um 1,2 km ASA af Koti 001.
Fjárhúsið er í grasigrónu viki í hrauninu. Skammt NA og A við er mosagróinn hraunkargi.
Tóftin er 7 x 5 m að stærð og snýr u.þ.b. A-V. Innanmál fjárhússins er 5 x 3 m. Veggir eru um 1 m á þykkt og hleðsluhæð 1,6 m og samanstendur af 8 umförum. Hraungrýtishleðsla er að innan en torfi er hlaðið utan á veggi. Bæði er hlaðið úr miðlungs og smáu hraungrýti og er tóftin er algróin að utan. Fjárhúsið er líkast til ekki mjög gamalt, en þekjan liggur hrunin inni í tóftinni, þverbitar og stoðir úr timbri, klæddir að ofan með bárujárni og torfi. Veggir standa enn lóðréttir.
Hættumat: engin hætta

RA-291:030 tóftir fjárskýli 63°54.376N 19°59.172V

Tóft B, horft til suðausturs

Tóft B, horft til norðausturs

Tóft A, horft til VNV

Tóft A, horft til vesturs

Tvær fjárborgir eru býsna faldar uppi á hrauninu Karga, en komast má að þeim á góðum jeppa, sé sama slóða fylgt og liggur að fjárhúsi 029, en það er um 610 m austar. Fjárborgirnar eru jafnframt um 1,5 km ASA af sumarbústaðnum Efrakoti og um 900 m NA af Hólmaborg 013. Borginar eru um 1,8 km austur af bæ 001.



Borgirnar eru í úfnu apalhrauni sem er víðast nokkuð illt yfirferðar. Hæstu hlutar hraunsins og hólar eru að mestu grónir þykkum mosa, en lægri hlutar eru víða grasi-og lyngivaxnir, líkt og svæðið sem borginar standa á.

Fjárborgirnar tvær eru afar heillegar og gríðar vel hlaðnar, en samkvæmt heimildamanni, Boga Thorarensen, eru þær frá ca 1890, en gætu verið þó nokkuð eldri. Því hlýtur sú minni, sem kallast hér borg B, að vera með eldri landbúnaðarmannvirkjum á Íslandi sem enn er undir þaki. Báðar borgirnar eru kúlulaga og líta helst út líkt og snjóhús eða hálfir fótboltar. Báðar borgirnar eru hlaðnar úr hraungrýti og verpt yfir með torfi til einangrunnar. Mest er hlaðið úr meðalstóru hraungrýti. Um 5 m eru á milli borganna og er sú vestari stærri, en hún kallast hér borg A. Hún er rúmlega 5 x 5 m að stærð og 3 m í þvermál að innanmáli. Þak hennar er að hluta hrunið og gæti það hafa gerst í Suðurlandsskjálftanum árið 2000. Hleðsluhæð í borg A er yfir 2,3 m og er grjót run innan í henni. Veggir eru að ofan enn sveigðir inn á við, líkt og þeir hafi myndað hvolf. Óvíst er hvort þakið hefur allt verið úr grjóti eða hvort hrís var nýttur í toppinn. Dyrnar í A snúa til SV og eru um 1 m á hæð, 0,5 m á breidd og rúmlega 1 m djúpar. Yfir dyrunum er hella og 4-5 umför þar yfir. Borg B er aðeins minni eða 4,5 x 3,5 m að stærð og snýr NA-SV. Dyr á B snúa eins og eru sömu gerðar og dyr A. Borg B er ívíð ílengri eða sporöskjulagaðri en borg A og er enn undir þaki. Þurhleðsla úr hraungrýti er bæði í veggjum og þaki og torf er

verpt yfir. Hæð B utan frá er um 1,7 m, en þó er lofthæð meiri því gólf byrgisins er talsvert niðurgrafið og eflaust er um 2 m lofthæð inni í byrginu. Illmögulegt er að komast inn í það því grjót í dyrum er nokkuð tilgengið, líkast til eftir jarðskjálftann 2000, en innanmál virðist vera um 2,5 x 1,5 m.
Hættumat: engin hætta

RA-291:031 tóft 63°54.422N 20°00.481V



Tóftin, horft til SSV

Tóft frá víkingaöld kom í ljós eftir jarðskjálftann árið 2000 og grófu fornleifafræðingar á vegum Byggðasafns Árnesina og Náttúrustofu Vestfjarða prufuskurð í hana sumarið 2006. Tóftin er Um 480 m SA af sumarbústaðinum Efrakoti og rúmlega 500 m VNV af fjárhústóft 029.
Tóftin er SV við úfna hrauntungu, á grasi-og mosavaxinni melflöt.
Tóftin er um 20 x 7 m að stærð og snýr N-S. Hún er nokkuð tilgengin, en þó er hægt að greina að langveggirnir eru bogadregnir. Mesta hleðsluhæð er 0,7 m. Ekkert grjót sést í veggjum tóftarinnar og er hún algróin. Þó er grjóthrúga við hlið prufuskurðsins sem sýnir að grjót er í tóftinni.
Hættumat: engin hætta

RA-291:032 *Fjárhólsborgir* tóftir fjárskýli 63°54.092N 20°03.064V

Tóftirnar, horft til suðurs

Nyrðri tóftin, horft til suðurs

Syðri tóftin, horft til vesturs



"Heiðir suður af Fjárhól í Kotslandi er kölluð Fjárhólsheiði og Fjárhólsborgir skammt frá Grásteini," segir í

örnefnalýsingu. Fjárhólsborgir eru skammt austan marka Kots og Steinkross. Borgirnar eru um 280 m austur af hliði á markagirðingu Kots og Steinkross sem er á veginum milli Selsunds og Gunnarskots. Fjárhólsborgir eru um 90 m beint suður af malarveginum. Fjárhólsborgir eru um 1,5 km SA af bæ 001
Borgirnar eru á grónu hrauni og í kring vex gras, mosi og lyng. Litlir hraunhólar og stórt hraungrýti stingst í gegn á einstaka staða.
Fjárhólsborgir samanstanda af rústum tveggja borga sem tengdar eru saman með garðlagi. Borgirnar tvær eru eins að gerð. Hvor um sig er kringlótt og um 6 m í þvermál. Hleðslurnar í þeim eru nokkuð tilgengnar, en innanmál er um 2,5 x 2 m. Borgirnar eru þurrhlaðnar úr hraungrýti og virðist sem torfi hafi verið pakkað utan á. Að mestu eru borgirnar hlaðnar úr miðlungs hraungrýti, en meiri veggjahæð er í nyrðri tóftinni, 1 m og alls 6 umför. Ekki er unnt að greina dyr á borgunum. Um 5 m eru milli borganna og liggur á milli þeirra bogadreginn garður austan megin sem myndar aðhald, en tvö minni garðbrot liggja frá sitthvorri borginni vestanmegin og er opið á milli þeirra er inngangur í aðhaldið. Garðlögin eru einvörðungu hlaðin úr hraungrýti og eru öllu lægri en borgirnar, um 0,5 m á hæð og 2 umför.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Steinkross, 1

RA-291:033 *Árbæjargötur* gata leið 63°54.318N 20°01.356V
Árbæjargötur liggja frá bæjarhúsum Kots 001 og til suðurs, m.a. skammt vestur af Gaddhring 024.
Göturnar liggja yfir hraun, víðast gróið grasi, mosa og lyngi.
Göturnar eru ekki mjög greinilegar, en sjást þó á köflum sem samsíðar rákir í jörðinni, víða um 7 talsins.
Hættumat: engin hætta

RA-291:034 garðlag túngarður 63°54.489N 20°01.400V
Hlaðinn torf túngarður Kots er greinanlegur um 20 m NA af bæjarhúsum Kots.
Gamalt gróið tún sem ekki er lengur slegið og því vaxið þykkri sinu.
Garðbrotið er greinanlegt á um 100 m kafla, frá frá SA til NV. Það er lágt og tilgegnið og sumstaðar nokkuð ógreinilegt. Hæstur er túngarðurinn 0,5 m og um 1,5 m breiður, en hverfur alveg inn á milli.
Hættumat: engin hætta

RA-291:035 gryfja 63°54.511N 20°01.442V
Samkvæmt heimildamanni er gryfja við norðurenda túns, 140 m NV af bæ 001, jarðhús sem var rifið.
Gamalt gróið tún sem ekki er lengur slegið.
Yfirgróin hola í jörðina, um 2,5 x 1,5 m í þvermál og snýr NV x SA. Holan er um 0,7 m djúp. Reyna átti að gera kartöflugeymlu á 20. öld, en það gekk ekki vel samkvæmt heimildamanni, Boga Thorarensen.
Hættumat: engin hætta

RA-291:036 *Bolholtsgötur* gata leið 63°54.449N 20°01.527V
Bolholtsgötur er merktar á örnefnakort, frá Fornufjósum 021 og til VNV út úr túni.
Gamalt gróið tún.
Göturnar eru afar ógreinilegar í túninu og eru yfirgrónar þykkri sinu, en þó er sem greina megi grunnar rásir sem snúa A-V.
Hættumat: engin hætta

RA-292 Dagverðarnes

"Biskupsannálar séra Jóns Egilssonar í Hrepphólum eru elsta heimild sem getum um Dagverðarnes. Þar segir hann frá Heklugosi sem hann telur að orðið hafi á dögum Gottsvins sem var biskup í Skálholti 1437-1447 og hafi í þeim eldri eyðst 18 bæir fram undan Heklu, þar í meðal tveir stórir staðir sem hétu Skarð eystra og Dagverðarnes. Öskulagarannsóknir hafa leitt í ljós að á 15. öld varð ekkert eldgos í Heklu, en vera megi að um 1440 hafi gosið í hraununum suðaustan eða sunnan við Heklu. ... Næstelsta heimild sem getur um Dagverðarnes, er bréf gert á Keldum 21. ágúst 1684." VS: Rangvellingabók, 54. 1709: "Eyðilagðist til fulls fyrir 12, 14 árum eða þar um. Þángað til hjelst byggíngin öðru hverju um 16 ár eða so, þar fyrir hafði býlið lánga tíma í eyði verið. Eigandi er haldin kirkjan að Breiðabólstað í Fljótshlíð. ... Vatnsból ekki nær en tvær bæjarleiðir og þar fyrir nefur bygíng af fallið, væri annars vel byggilegt." JÁM I, 236 "Dagverðarnes lagðist í eyði 1912. Land jarðarinnar er að mestum hluta gróið hraun og valllendi en hluti þess er sandur sem nú hefur að miklu leyti verið græddur upp." SB V, 69
1711: "Beitiland jarðarinnar er rjett gott, túnstæði og gagnlegt." JÁM I, 136

RA-292:001 *Dagverðarnes* bæjarhóll bústaður 63°53.407N 20°02.540V



Bæjarhús Dagverðarness eru á sömu heiðarbrún og seinna bæjarstæði Steinkross [RA-290:002], en 1,5 km austar. Dagverðarnes var í byggð allt til 1912, þegar bærinn hrundi í jarðskjálfta og búskapur lagðist niður.
Bæjarrústin stendur í grónu gömlu túni.
Bæjartóftirnar samanstanda af 10 hólfum og eru þau frá A-V, samkvæmt Eyðibýlum og auðnum í Rangárvallasýslu: hlaða, fjós, baðstofa, dyr, eldhús, búr, skemma, smiðja, hjallur og hesthús. Stærð bæjarins er um 35 x 10 m A-V (35 x 25 m A-V með kálgörðum sem eru fast sunnan við). Rústin er algróin grasi og greina má grjóthleðslu innan á veggjum. Mest hæð að innan er um 1,6 m og er hægt að telja 7 umför af meðalstóru grjóti. Mest hæð utan á bæjarhúsunum er að norðanverðu allt að 2,5 m. Talsvert torfhrun er innan í tóftunum. Sunnan við bæinn er tvískiptur kálgarður, alls um 27 x 15 m A-V að stærð. Kálgarðurinn skiptist í tvö hólf, hið eystra um 15x 10 N-A en hið vestara um 15 x 15 m. Garðurinn er víðast um 2 m breiður og er hæstur um 1 m. Garðlagið er algróið hárri sinu, en greina má að garðurinn er hlaðinn bæði úr torfi og grjóti, því hraungrýti skagar út úr honum norðanverðum. Rof er í suðausturhorni kálgarðsins, sem stafar þó líklega ekki af jarðvegseyðingu heldur af mannavöldum, en svo virðist sem keyrt hafi verið á garðinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Árbók 1953, 102

Bæjartóftin, horft til norðurs

RA-292:002 heimild um kvíar
VG: "Vestlægari garðurinn [18-19] bendir á kvíar stórar til afnota fyrir Dagverðarnes ... Armurinn að sunnanverðu er brött brún Eldiviðarhraunsins, sennilega lítið gróin þá og ekki aðgengilegt stórgripum. Dyr kvíanna að vestanverðu voru víðari en gaflhlaðið." Óvíst er við hvað er átt, en gæti verið það sama og Kvíaflöt 013.
Heimildir:Árbók 1951-1952, 103

RA-292:003 *Fornuréttarsandur* gerði rétt 63°52.382N 20°04.052V

Réttarstæðið, horft til ASA

"Fyrr á tímum vour skilaréttir hreppsins í landi Dagverðarness, einnig fluttar sökum sandfoks og heitir þar nú Fornuréttarsandur," segir í Sunnlenskum byggðum. "Fornuréttasandur liggur vestur af nefinu [Hraunnefi], dregur hann nafn af því, að þar muni áður hafa staðið almenningsréttir," segir í örnefnalýsingu. Leifar réttarinnar á Fornuréttarsandi eru um 1,1 km NA af Blesuviksvörðu 017, rúmlega 800 m SV af fjárborgunum í Vatnshólum 006 og rúmlega 800 m SA af Axarvörðu [RA-290:004].

Rúst réttarinnar er á sandi sem er verið að græða upp með lúpínu og kemur eflaust til með að hverfa í lúpínuþykkni.

Ekkert er eftir af Fornurétt nema nokkuð hringlaga grjótdreif á sandinum, um 50 m í þvermál. Grjótið er meðalstórt hraungrýti og ágætis hleðslu grjót.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir:SB IV, 18; Ö-Dagverðarnes, 2

RA-292:004 heimild um tjaldstæði 63°53.322N 20°03.086V

" ... í Dagverðarnesi hafa verið tjöld skógarhöggsmanna, líkt og heyskaparmanna við Safamýri um sláttinn," segir í örnefnalýsingu. Heimildamaður, Bogi Thorarensen, vissi ekki nákvæmlega hvar tjaldstæðið var, en taldi sennilegast að það hafi verið á grassléttu skammt sunnan garðlags 021.

Gras-og mosaslétta.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Dagverðarnes, 1

RA-292:005 *Kolviðarhóll* heimild um kolagröf 63°53.179N 20°00.438V

Kolviðarhóll, horft til SSA

"Innst við brún á Pálssteinshrauni er Kolviðarhóll, mosahóll allstór. Mun hann áður hafa verið skógi vaxinn og þar gert til kola," segir í örnefnalýsingu. Kolviðarhóll er innst í hinu gróna viki inn í hraunið sem Dagverðarnesjörðin er við, um 1,8 km ASA af bæjarhúsum Dagverðarness. Kolviðarhóll er um 250 m ANA af garðlagi 019.

Mosavaxinn hraunhóll með lítilli vörðu á toppnum, ofan á stóru bjargi.

VG: "Sést þar enn votta fyrir mörgum kolagröfum." Ekki sást til grafa. Mögulega er það vegna þess að þykkur mosi og gras hylur hólinn að mestu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Dagverðarnes, 1; Árbók 1951-1952, 102

RA-292:006 tóftir fjárskýli 63°52.765N 20°03.469V

Tóft A, horft til suðausturs

Tóft B, horft til suðurs

Tóft C, horft til suðurs



"Vatnshólar eru norður af Fornuréttasandi [sjá 003] syðst og norður af Blesuvikshólum (sem er hornmark Dagverðarness og Reyðarvatns). Þeir eru ekki alveg blásnir. Þar stóðu áður fjárborgir frá Dagverðarnesi," segir í örnefnalýsingu. Vatnshólar eru um 1,4 km SV af bæjarhúsum Dagverðarness 001 og um 1,3 km austur af Axarvörðu [RA-290:004].

Borgirnar eru á stórri grassléttu, gróinni þykkri sinu.

Á svæðinu eru 3 mannvirki á um 120 x 40 m svæði, sem kallast hér A, B og C. Nyrst er stærsta mannvirkið, tóft A, sem samanstendur af þremur hólfum og garðlagi, á upphækkun sem virðist vera uppsafnaður rústahóll. Mannvirki A er 23 x 10 m og snýr NV-SA, en ef aðhaldið er talið með er stærðin 25 x 14 m. Hólfin þrjú gætu öll hafa verið jafnstór að innanmáli í eina tíð, kringum 3 x 3 m, en hleðslurnar eru nokkuð tilgengnar. Ekki er augljóst hvar dyr eru á hólfunum og er það sennilegast sökum mikils grjót- og torfhruns sem er greinilega inni í þeim. Meðfram rústinni er aðhald (sjá teikningu) og er inngangur að NV. Mest hæð tóftar A er ca 1,7 m. Mest er um meðalgrjót í hleðslum og ekki er hægt að greina meira en 2-3 umför sökum þess að hólfin eru full ef hruni. Um 50 m SA af tóft A er tóft B, hringlaga fjárborg, 5 x 5 m að stærð og um 2 m þvermál að innan, dyr snúa til N. Miðlungs hraungrýti er í hleðslum innan á veggjum en torf utaná. Borgin er full af hruni. Ekki hægt að greina meir en 2 umför í hleðslum sökum hruns. Mest veggjahæð er um 1 m. Tóftin er grasivaxin og steinarnir mosagrónir víða. Um 50 m suður af B er rúst C, gerði og áföst borg, alls um 11 x 8 m NNV-SSA. Borgin er 1 - 2 hólf og full af grjót- og torfhruni. Borgin er um 5 x 5 m að utanmáli og opnast inn í gerðið að norðvestan. Hleðsluhæð borgarinnar er um 0,7 m og 2 umför. Gerðið er nokkuð hringlaga um 6 m í þvermál. Gerðið opnast til NV, en einnig inn í borgina til SA. Hleðslur í gerðinu eru hæstar 0,5 m og 2 umför, gróið yfir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Dagverðarnes, 2

RA-292:007 þúst útihús 63°53.393N 20°02.380V

Þústin, horft til austurs



Fast við túngarð Dagverðarness 038, að innanverðu, er þúst. Hún er um 130 m austur af bæ.
Þústin er í gömlu túni sem ekki er lengur slegið en er algróið þykkri sinu.
Ekkert hólf er á þústinni, sem er nokkuð hringlaga og um 8 m í þvermál. Þústin er ójöfn að ofan og er hæst um 0,7 m. Grjót sést á þústinni austanverðri og kann það að vera ættað út túngarðinum.
Hættumat: engin hætta

RA-292:008 gata leið
"Í landnorður frá vörðunni [RA-290:004] er Lækjarkrókur, sem er vatnsfarvegur eftir vetrarvatn. Hafa myndast út frá þeim gárar miklir, sem liggja frá Botnhól. Var farvegurinn greindur í Djúpaskurð. Hann var á götunni að Reyðarvatni," segir í örnefnalýsingu. Ekki fann skrásetjari ummerki götunnar á vettvangi.
Hraun og sandar með grónum svæðum á milli.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs
Heimildir:Ö-Dagverðarnes, 2

RA-292:009 *Djúpulágarvarða* varða 63°53.607N 20°03.159V

Varðan, horft til vesturs

"Í lágheiðarbrúninni er Víðihvammur austur af Steinkrossi og Einarshvammur í hærri brún. Inn með hærri brún gengur hvilft inn í brúnina, sem kölluð er Djúpulágar, og er Djúpulágarvarða í hól upp af þeim," segir í örnefnalýsingu.
Vörðubrotið er á hálfgrónu hraunholti.
Varðan hefur verið hlaðin á stóran stein en er nú að mestu fallin eftir jarðskjálftan árið 2000 svo einungis 3 umför eru eftir. Varðan og steinninn sem hún hvílir á eru samtals um 1,3 m á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Dagverðarnes, 3

RA-292:010 tóft útihús 63°53.444N 20°02.602V



Tóft er innan túngarðs, um 80 m NV af bæ 001.
Í grónu gömlu túni.
Tóftin er algróin, en afar tilgengin og sigin. Hún er um 8 x 4 m að stærð, snýr nokkurn vegin A-V og opnast til vesturs. Mest hæð tóftarinnar er inni í henni við austurvegg, um 0,5 m. Hæð utaná er 0,2 - 0,3 m. Ekki er hægt að greina grjót í tóftinni, en 2 m austan við hana stingst hraungrýti upp úr jörðinni sem gæti verið ættað úr þessu mannvirki.
Hættumat: engin hætta

RA-292:011 *Borgarhóll* tóftir fjárskýli 63°53.206N 20°01.787V



Tóftin, horft til SSA

"Í vestur af Kolviðarhól [005] er Botnshóll. Hann er við botn Lækjarkrókafarveganna, vestur af honum er Húsanef eða Borgarnef, og er Borgarhóll, þar sem húsin stóðu. Borgirnar voru 3 og tók sú stærsta allt að hundrað fjár í stæði, það voru ærhús Dagverðarness," segir í örnefnalýsingu. Borgirnar eru um 700 m SA af bæjarhúsum Dagverðarness og um 700 m vestur af vesturenda garðlags 019.

Borgirnar eru á gróinni hraunbrekku og í kringum þær vex gras, mosi og lyng.

Borgirnar eru 3 og samvaxnar í röð, nokkurn veginn frá NA til SV. Þær eru hringlaga og hlaðnar úr hraungrýti sem torfi hefur verið pakkað utan á. Ekki er hægt að greina augljósar dyr á borgunum sem kann að stafa af því að mikið hrun, hraungrýti og torf, er inni í þeim og kann að hylja dyrnar. Borgirnar 3 virðast allar vera svipaðar að gerð. Þær eru allar hlaðnar úr miðlungsgrjóti og innra rými þeirra er kringlótt og 3-3,5 m í þvermál. Mesta veggjahæð að utan er ríflega 1 m, á nyrstu borginni. Allt svæðið er rúmlega 20 x 12 m NA-SV. Veggir nyrstu borgarinnar virðast vera þykkastir. Hugsanlega voru þessar borgir sömu gerðar og aðrar heillegri í landi Kots, þ.e. topphlaðnar, en sérstaklega má sjá líkindi til þess í borginni sem er í miðjunni, en NA veggur hennar er einna heillegastur og hæstur, 7 umför og 1,5 m á hæð, og virðist vera að byrja að sveigjast inn á við líkt og sést á veggjum Kotsborganna. Það verða að teljast talsverðar ýkjur að allt að 100 fjár hafi komist í einhverja þessara borga.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Dagverðarnes, 3

RA-292:012 *Stöðull* gerði kvíar 63°53.294N 20°02.323V

"Stöðull er austur af túninu," segir í örnefnalýsingu. Stöðulinn er um 220 m SA af bæ Dagverðarness 001.

Stöðullinn er í grónum haga suðvestan undir lágri, gróinni hlíð.

Ferhyrningslagaður garður, sem lokar af svæði sem er um 50 x 50 m að stærð. Garðlagið er breiðast um 4 m og um 0,7 m hátt, en ekki sést í grjót. Hluti af norðurvegg garðlagsins, sem snýr að hlíðinni, rennur saman við umhverfið og hverfur. Norðvestan til innan garðsins eru nokkrar ójöfnur á annars tiltölulega flatri jörðinni innan gerðisins. Ekki sést hvar hefur verið rekið inn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Dagverðarnes, 3

RA-292:013 *Kvíaflöt* gerði kvíar 63°53.350N 20°02.432V



Tóftin, horft til norðausturs

"Í túninu austur og norður af bænum er há brekka, sem heitir Sauðabrekka. Var oft bælt í henni geldfé. Fyrir neðan hana var Kvíaflöt," segir í örnefnalýsingu. Kvíaflöt er um 140 m SA af bæ Dagverðarness 001, rétt SA við túngarð.

Kvíaflöt er neðst í algróinni brekku og er þykk sina yfir öllu umhverfinu.

Kvíarnar eru ógreinilegar sökum þess að þykk sina er yfir þeim. Þó má greina sokkna veggi sem snúa um það bil N-S og mynda U, með opi til suðurs, og er 1,5 m á milli langveggjanna. Mannvirkið er um 10 m langt og virðast veggirnir vera um 1 m breiðir en ekkert grjót er sjáanlegt í mannvirkinu. Hugsanlega eru fleiri mannvirkjaleifar í kring, en sökum sinu er einungis hægt að greina óræðar misfellur í jörðinni. Umhverfis U-ið er um 180 m langt garðlag, eða um 100 x 60 m að ummáli. Garðlagið er sigið, um 0,15-0,20 m á hæð og 2,5 m á breidd. Það er algróið og ekkert grjót er sjáanlegt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Dagverðarnes, 3-4

RA-292:014 *Réttarklaufin* hleðsla rétt 63°53.359N 20°02.592V

Tóftin, horft til austurs



"Fyrir neðan hana [013] er Kolbeinsflöt eða Kolbeinsteigur. Fyrir vestan hana er Réttarklaufin. Þar var fjárréttin, og er henni haldið við frá Koti, því gott þykir að geta rekið þar að fé, ef með þarf," segir í örnefnalýsingu. Réttin er í litlu grónu gili um 100 m SSV af bæ Dagverðarness 001.

Algróið gil niður af túni.

Réttin er í þröngu og fremur grunnu gili og er hún hlaðin þvert yfir gilið. Réttin er lokuð í norðurendann, enda hefur verið rekið upp í hana að sunnanverðu. Réttin er tvö hólf, hið stærra er neðar, að norðan, og er um 10 x 6 m N-S. Syðra hólfið er um 4 x 4 m og opnast inn í nyrðra hólfið. Réttin er hlaðin úr hraunigrýti og er grjótið hlaðið fast að hlíðum gilsins (eða Klaufarinnar). Í hleðslunum eru um 4 umför og eru þær hæstar um 1,4 m. Hraungrýti af öllum stærðum er í hleðslunni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Dagverðarnes, 4

RA-292:015 *Fornufjós* þúst fjós 63°53.446N 20°02.648V

"Á Vesturtúni eru Fornufjós og Skyggnir," segir í örnefnalýsingu. Fornufjós eru innan túngarðs, um 100 m NV af bæ Dagverðarness 001.

Fornufjós eru í grónu gömlu túni. Skammt norður af er hálfgróinn melur, vaxinn mosa og lyngi.

Fornufjós eru nokkuð stór rústahóll og er sigið tóftarbrot vestan í honum. Hóllinn er um 28 x 18 m A-V, um 2 m hár og ekkert grjót sést í honum. Hóllinn er vel gróinn og er grænni og gróskumeiri en nánasta umhverfi í kring. Tóftin er 7 x 5 m að stærð og snýr A-V. Hún er tilgengin og sigin, veggjahæð er um 0,2 - 0,3 m og ekkert grjót sést í henni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Dagverðarnes, 4

Þústin, horft til norðurs

RA-292:016 *Brunnlág* brunnur vatnsból 63°53.364N 20°02.764V

Lágin, horft til suðvesturs

"Niður af Vesturtúni er Brunnlág. Þar var aðalvatnsbólið. Felld hella var í botni og seig vatn þarna að frá nærliggjandi umhverfi," segir í örnefnalýsingu. Brunnlág er 200 m SV af bæ Dagverðarness 001.

Gróinn hagi utan túngarðs, grasivaxið hraun.

Brunnlág er hola í jörðinni, um 1 m djúp og nokkuð hringlaga, um 4 m í þvermál. Holan er nú algróin sem og allt umhverfið í kring. Hellan í botni Brunnlágar hlýtur að vera alveg yfirgróin því hún er ekki sjáanleg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Dagverðarnes, 4

RA-292:017 *Blesuviksvarða* varða landamerki 63°52.115N 20°05.273V

Landamerki 1885: "Að austan er Pálssteinn, þaðan sjónhending í Blesuviksvörðu, þaðan aftur sjónhending í Grástein og svo aftur úr Grásteini sjónhending í fyrstnefndan Pálsstein." Blesuviksvarða er um 1,1 km SV af réttarrústinni á Fornuréttarsandi 003 og um 1 km SSV af Axarvörðu [RA-290:004]

Blesuviksvarða er á hálfgrónum mel, mest vöxnum mosa og lyngi.

Blesuviksvarða er nú hálf fallið vörðubrot, um 0,5 m hátt og 1 m í þvermál. Varðan er nokkuð yfirgróin mosa og lyngi og er hlaðin úr meðalstóru hraungrýti.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:VS: Rangvellingabók, 51

Varðan, horft til norðvesturs

RA-292:018 garðlag 63°53.122N 20°00.720V

Garðlagið, horft til suðurs

Í grein um eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum segir: "Garðar. Þarna, nærri innst á nesinu, vestan við háan vörðuhól, Kolviðarhól, sem er uppi á norðurbrúninni, sést greinilega fyrir mjög gömlum garði, sem nú er ávalur hryggur, vaxinn mosa og grasi. Beinn er hann og þvert yfir nesið, milli brúna, að kletta nefi í brún Eldiviðarhrauns, og að lengd nærri 160 faðmar...En vestur frá garði þessum, 13-14 faðma frá enda hans, í beinni stefnu á Dagverðarnes sýnist vera annað garðlag eins, nema nokkuð rýrara og minna áberandi, líklega lítið styttra og yngra. Það mun enda nú á bakka við grafskurð eftir leysingavatn." Garðlögin eru hér skráð sem eitt. Það er einna innst, eða austast, í hraunviki því, eða "nesi" sem Dagverðarnes er byggt við og dregur nafn sitt af. Garðlagið nær þvert yfir vikið frá N-S, og hefur að líkindum skapað þannig aðhald sem nýtti náttúrulega hraunkarga í kring. Garðurinn er um 200 m VSV af Kolviðarhól og um 1,4 km ASA af bæ Dagverðarness.
Garðarnir eru í algrónu viki sem teygir sig til austurs inn í mosavaxið hraun.
Garðurinn samanstendur af tveim garðlögum. Annað liggur N-S þvert yfir vikið og er um 270 m langt, en hitt liggur þvert vestur frá hinu fyrra og snýr A-V. Garðlögin eru afar sigin og fornleg, en þó vel greinileg í flatneskjunni í vikinu. N-S garðlagið er um 4,5 m breitt og rúmlega 0,2 m hátt. Það hefur að líkindum skapað aðhald í innst í vikinu með aðstoð hraunkargans sem myndar vegg að sunnan, austan og norðan. A-V garðlagið liggur vestur frá N-S garðlaginu, samhliða norðurhlið viksins. A-V garðlagið gæti mögulega hafa skapað aðhald á móti norður hraunveggnum. Garðlagið fjarar út og hverfur hátt í 200 m vestur frá N-S garðlaginu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Árbók 1951-1952, 102-103

RA-292:019 gata leið 63°53.128N 20°00.726V
Í grein um eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum segir: "En vestur frá garði þessum [018], 13-14 faðma frá enda hans, í beinni stefnu á Dagverðarnes sýnist vera annað garðlag eins, nema nokkuð rýrara og minna áberandi, líklega lítið styttra og yngra. Það mun enda nú á bakka við grafskurð eftir leysingavatn. Götuslóðar gamlir sjást við garðlag þetta á báðar hliðar og inn yfir þvergarðinn." Reiðgötur liggja vestur út vikið meðfram og vestur frá garði 018, eflaust að alla leið að Dagverðarnesi.
Gatan er í algrónu viki sem teygir sig til austurs inn í mosavaxið hraun.
Gatan er nokkuð ógreinileg í mosanum og grasinu en þó má greina líkt og samhliða rákir í jörðinni samsíða A-V garðlagi 018.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Árbók 1951-1952, 102-103

RA-292:020 garðlag vörslugarður 63°53.336N 20°02.636V

Garðlagið, horft til NNA

Garðlag liggur frá A-V, skammt sunnan við Réttarklauf [014], neðar í brekkunni, og hjálpar til við rekstur upp hlíðina í réttina. Garðlagið er um 150 m SSV af bæ.
Grasigróið umhverfi, skammt sunnan túns.
Garðurinn er 20 m langur, 1,5 m breiður og um 1 m hár. Hann lokar fyrir neðri hluta brekkunnar undir Réttarklauf og hefur væntanlega beint fénu upp eftir brekkunni. Garðlagið er algróið og ekkert grjót er sjáanlegt í því.
Hættumat: engin hætta

RA-292:021 garðlag nátthagi 63°53.322N 20°02.929V

Garðlag er á grassléttu, sunnan undir Dagverðarnesheiði/Lágheiði, um 300 m SV af bæ Dagverðarness 001.
Grasi, mosa og lyngivaxinn völlur.
Garðlagið er fremur lágt og sigið, víðast um 0,2 m hátt og um 2,5 m breitt.. Það liggur meðfram lágri brekku og er um 230 m langt A-V. Hugsanlega er brekkan norðan við garðlagið mótvægi við garðinn sem myndar þá aðhald. Norður úr vestanverðu garðlaginu liggur annar styttri garður N-S, um 20 m langur, sem virðist skipta þessu mögulega aðhaldi í 2 "hólf". Hugsanlega er um að ræða nátthaga. Garðlagið er algróið, úr torfi og ekki sést í grjót.
Hættumat: engin hætta

RA-292:022 garðlag hrossaborg 63°53.338N 20°02.719V

Hringhlaga aðhald, hugsanlega hrossaborg er skammt sunnan túns, á grónum velli undir brún Dagverðarnessheiðar, um 190 m SV af bæ.
Borgin er á grónum velli.
Gerðið er hringlaga, um 11,5 í þvermál og hefur um 3 m þykka veggi, sem eru hæstir um 0,7 m. Borgin er algróin og ekkert grjót sést í henni. Dyr vísa til suðurs.
Hættumat: engin hætta

Garðlagið, horft til SSA

RA-292:023 tóft óþekkt 63°53.355N 20°02.743V

Tóftin, horft til suðurs

Stór tóft er um 190 m SV af bæ 001 og um 30 m NV af hrossaborg 022.
Tóftin er á algrónu valllendi.
Tóftin er mikil um sig og há og stendur glöggt út í umhverfinu sem lítill hóll. Nokkuð erfitt er þó að átta sig á lagi hennar því rústin virðist vera full af hruni og hefur mögulega rofið að sunnanverðu einhvern tíma í fyrndinni, en rofið er nú gróið á nýjan leik. Alls er rústin 15 x 11 m á stærð og snýr N-S. Hún er um 1,8 m á hæð. Greina má tvær lægðir ofan á rústinni sem eru að líkindum tvö hólf. Hólfin tvö eru 0,5 m djúp.

Mögulega eru dyr á suðurhlið.
Hættumat: engin hætta

RA-292:024 garðlag 63°53.372N 20°02.717V

Garðlagið, horft til norðurs

Tvö sigin garðlög eru við tóft 023, sem líklega hafa verið hluti sama garðsins. Hið austara hefst um 5 m austur af tóft 023 og liggur til norðurs í um 30 metra upp holtið sem þar er. Vestara garðlagið hefst því sem næst fast vestan við tóft 023 og liggur í sveig, fyrst til norðvesturs en svo til norðurs, í alls um 80 m. Tóft 023 virðist vera ofan á garðlaginu og hefur sennilega verið byggð síðar en það.
Garðarnir eru á algrónu valllendi, en teygja sig jafnframt upp á holt að norðanverðu sem er gróið grasi og lyngi.
Garðlagið er hlaðið úr hraungrýti. Það er afar sokkið og á köflum alveg ógreinilegt undir gróðri. Ekkert torf virðist vera í garðinum, þó hugsanlega hafi það áður verið, en er þá nú sigið eða rofið burt. Einungis er sjáanlegt eitt umfar og er það úr meðalstóru grjóti, en

fleiri umför kunna að leynast undir sverði, þannig að garðurinn greinist sem einföld lína af grjóti sem rétt gægist upp úr sverðinum. Rof er í garðinum þar sem tóft 023 er og ekki er ósennilegt að hún sé hlaðin ofan á garðinum. Báðir endar garðsins hverfa svo uppi á holtinu undir gróður. Hugsanlega hefur garðlag þetta tengst túngarðinum einhvertíma fyrr á tímum.
Hættumat: engin hætta

RA-292:025 *Keldnagötur* gata leið 63°52.465N 20°03.447V
Keldnagötur liggja frá Koti, og svo Dagverðarnesi, yfir Mosa, suður að Keldum. Göturnar sjást rúmlega 100 m austur af fjárborgunum á Vatnshólum.
Göturnar liggja yfir gróið hraun.
Hefðbundnar reiðgötur og eru greinanlegar sem rákir í jörðinni.
Hættumat: engin hætta

RA-292:026 garðlag túngarður 63°53.327N 20°02.535V

Túngarðurinn, horft til suðvesturs

Heillegur garður er kringum tún Dagverðarness.
Gróið gamalt tún, en melur að norðvestanverðu.
Garðurinn er allt í allt ríflega 750 m langur kringum túnið. Austurhluti garðsins er 1 - 1,5 m breiður og hæstur um 0,7 m. Hann er algróinn og hlaðinn úr torfi og grjóti. Að norðan og vestan er garðurinn öllu berangurslegri og lægri og einvörðungu úr hraungrýti. Túngarðurinn afmarkar hátt í 350 x 350 m stórt svæði.
Hættumat: engin hætta

RA-292:027 garðlag traðir 63°53.402N 20°02.556V
Traðir liggja VSV frá bæ 001 og vestan við bæjarhúsin er aðhald sem tengist tröðunum.
Gamalt, gróið tún. Þykk sina er yfir öllu.
Traðirnar eru hátt í 60 m langar ANA-VSV. Garðlögin tvö sem mynda traðirnar eru hvort um sig 2 m breið, 1 m há og algróin. Ekkert grjót er sýnilegt. Bilið milli traðarveggjanna er um 1,5 m, en breikkar þegar VSV dregur og fjær bæ. Þar er bilið mest um 5 m. Fast norðan við traðirnar að ANA er ferhyrnt aðhald úr samskonar garðlögum. Aðhaldið er um 20 x 10 m að ummáli N-S og samnýtir að hluta austasta hluta nyrðri traðarveggsins.
Hættumat: engin hætta

RA-292:028 tóft útihús 63°53.410N 20°02.662V

Tóftin, horft til ASA



Tóft er innan túngarðs, um 100 m vestur af bæ.
Gamalt gróið tún.
Tóftin er 8 x 6 m að stærð, snýr NV-SA og er mest hæð veggja um 1 m. Hún er full af hruni en þó má sjá glitta í eitt hólf. Tóftin er algróin þykkri sinu, en finna má fyrir grjóti innan á norðvesturvegg. Ekki er hægt að greina dyr á tóftinni.
Hættumat: engin hætta

RA-292:029 tóft fjárskýli 63°52.616N 20°04.908V

Tóftin, horft til norðvesturs



Tóftir tveggja fjárborga [029 og 034] frá Dagverðarnesi eru við hornmarkið Axarvörðu [RA-290:004]. Fjárborg 029 er um 20 m suður af Axarvörðu og um 2,4 km SV af bæ Dagverðarness. Borg 029 er um 25 m austur af borg 034.
Tóftin er á grónu hrauni.
Í fjárborg 029 eru tvö hólf og að líkindum er um að ræða tvær samvaxnar hringlaga borgir. Hvor hringur um sig er 4 m í þvermál, svo mannvirkið er alls 8 x 4 m að stærð og snýr N-S. Fjárskýlið er hlaðið úr miðlungs og stóru hraungrýti og eru hleðslurnar vel yfirgrónar og signar, en torf virðist vera utan á. Hleðsluhæð veggja er mest um 0,5 m.
Hættumat: engin hætta

RA-292:030 tóft útihús 63°53.386N 20°02.593V

Tóftin ,horft til VNV



Tóft er um 50 - 60 m SV af 001 og 40 - 50 m N af Réttarklauf 014.
Hún er í gömlu túni með mikilli sinu.
Tóftin er um 9 x 7 m að stærð og snýr A-V. Hún er mjög tilgengin og yfir henni er þykk sina. Greina má 1-2 hólf, en útlínur þeirra eru fremur óljós og mótar fyrir grjóti í eystra hólfinu. Tóftin er hæst um 0,5 m.
Hættumat: engin hætta

RA-292:031 garðlag traðir 63°53.420N 20°02.553V



Traðirnar, horft til NNA

Tvö samhliða garðlög eru innan túns, um 20 m norður af bæ, mögulega traðir.
Garðlögin eru í gömlu grónu túni.
Garðarnir eru um 17 m langir Hvor garður er um 2 m breiður og 0,5 m hár 2-3 m eru á milli garðanna.
Hættumat: engin hætta

RA-292:032 tóft útihús 63°53.448N 20°02.547V

Tóftin ,horft til suðausturs



Hringlaga tóft er fast við norðanverðan túngarðinn [026] að innan. Tóftin er um 70 m norður af bæ 001.
Umhverfið er vel gróið, gamalt tún.
Kringlótt tóft fast við túngarð (innan) að norðan. Einungis er hraungrýti í tóftinni, ekkert torf. Hún er 4 m í þvermál. Vel er gróið yfir tóftina af mosa og lyngi. Allt innviði sem og suðurhluti eru undir gróðri en annarsstaðar glittir í 0,3 -0,5 m breiðar hleðslurnar. Hægt er að greina mest 3 umför úr fremur litlu hraungrýti.
Hættumat: engin hætta

RA-292:033 bæjarhóll bústaður 63°53.426N 20°02.499V

Tóftin á hólnum, horft til norðvesturs



Um 30 m NA af bæ Dagverðarness 001 er veglegur hóll, líklegur bæjarhóll, þar sem eldri byggingarstig kunna að leynast undir sverði.
Hóllinn er algróinn grasi og sinu og er í grónu gömlu túni.
Bæjarhóllinn er sporöskjulagaður, um 58 x 25 m að stærð, snýr nokkurnvegin A-V og er rúmlega 2 m hár. Hóllinn er grænni en umhverfið í kring sem gefur til kynna að meira sé um lífræn efni í honum en í túninu umhverfis. Hóllinn er nokkuð ójafn að ofan austan megin, en annars frekar sléttur og felldur. Á toppnum á hólnum þar sem hann er einna hæstur er tóftarbrot. Norður og vestur veggir eru greinilegir en austur og suður veggir signir og ógreinilegir. Ekki er hægt að greina grjót í tóftinni, sem er um 5 x 4 m að stærð N-S. Veggjahæð er mest um 0,3 m.
Hættumat: engin hætta

RA-292:034 tóft fjárskýli 63°52.613N 20°04.942V
Tóftir tveggja fjárborga [029 og 034] frá Dagverðarnesi eru við hornmarkið Axarvörðu [RA-290:004]. Fjárborg 034 er um 40 m SV af Axarvörðu og um 2,4 km SV af bæ Dagverðarness. Borg 034 er um 25 m vestur af borg 029
Tóftin er á grónu hrauni.
Fjárborg 034 er hringlaga, um 5 x 5 m að stærð. Hún er vel yfirgróin og sigin og varla glittir í grjót, en mest hleðsluhæð er um 0,4 m.
Hættumat: engin hætta

RA-292:035 *Kumlhóll* örnefni legstaður 63°53.220N 20°01.142V
Samkvæmt heimildamanni, Boga Thorarensen, er örnefnið Kumlhóll í landi Dagverðarness. Tveir hólar koma til greina sem Kumlhóll og eru þeir hlið við hlið. Hólarnir tveir eru norðan við vikið í hrauninu sem Dagverðarnes er kennt við. Eystri hóllinn er um 200 m NV af vestur enda garðlags 018 og er vestari hóllinn rúmlega 250 m austur af fjárborgunum á Borgarhól 011. Árbæjargötur [RA-291:033] liggja vestur í eystri hólnum, í gegnum Sandgil að Árbæ.
Eystri hóllinn er mosa og grasivaxinn hraunhóll, en sá vestari er heldur berangurslegri en hinn og er rofinn ofan í mold og möl á toppnum, en er annars gróinn mosa og grösum og skagar hraunið víða undan sverði.
Ekki eru augljós merki kumla á hólunum tveimur.
Hættumat: engin hætta

RA-292:036 hellir fjárskýli 63°53.012N 20°00.510V

Hellirinn, horft til norðausturs



Fjárhellir er í hrauninu sunnan megin við vikið sem Dagverðarnes dregur nafn sitt af. Hann er um 170 m austur af suðurenda garðs 018.

Hellirinn er í vel mosa- og lynggrónu hrauni sem er nokkuð úfið og víða stingst hraungrýtið upp í gegn.

Lítill hellisskúti sem opnast til austurs og er lokaður af með hleðslu. Hellismunninn er um 2 m breiður, en hellirinn sjálfur er alls um 4 - 5 m breiður. Hann er um 3-4 m djúpur og ekki nema um 1 m hár. Fyrir framan hellismunnann er vel yfirgróin hleðsla sem er hæst um 0,7 m. Hægt er að greina 2 - 3 umför, en annars er hún yfirgróin þykkum mosa og lyngi. Garðlagið virðist vera um 0,5 - 1 m á breidd, þó það sé ekki fyllilega augljóst sökum gróðurs. Garðurinn hefur sennilega einungis verið hlaðinn úr hraungrýti, smáu og miðlungs. Hellirinn hefur varla rúmað margar skjátur.

Hættumat: engin hætta



RA-293 Selsund [Skarð eystra]

Jarðadýrleiki óviss 1711, talin 10 eða 15 hdr, Klofakirkjueign. Skarð eystra landnámsjörð Þorsteins tjaldstæðings. ÍF I, 362. 1198: Á Skarði eystra. Þar bjó Hallr prestur Þorsteinsson og Eyjólfr hinn óði bróðir hans en þó sér báðir; Guðmundarsaga dýra; Sturl, 161-162 Skarðs eystra er getið c. 1200: í kirknaskrá Páls biskups. DI XII 7. [um 1209]: Máldagi kirkjunnar. "Sa er kirkiu maldagi j scarði hinu eystra. at kirkia a halft land a scarði." DI I 355 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88 1300: "settu natt jola vard landskialfte sua michill fyrir sunnan land at jordin skalf vida. fell ber j Skarde hinu eystra." Lögmannsannáll, IA 262-263; sbr.Flateyjarannáll, IA 387 1332: "Einar Haflida son vigdr till prestz af herra Jone byskope Halldors syne vm haustit j Skarde aa Rangar vollum eftir Þui sem herra Laurencius hafde rad fyrir gert" Lögmannsannáll, IA 270 [1332]: Máldagi kirkjunnar. "Nicholaskirkia I eystra skardi ä halft heimaland." DI II, 693 [1367]: Máldagi kirkjunnar DI III, 217 1390: "[Heklugos] eydduz Skard ok Tialldastadir af bruna" Flateyjarannáll, IA 416 1397: Máldagi kirkjunnar. DI IV 68
"Selsunds er fyrst getið í dómi sem upp var kveðinn á Reyðarvatni 16. febrúar 1587, en leiða má að því verulegar líkur að þetta sé sama jörðin og að fornu nefndist Skarð eystra, og bær hafi verið reistur á þessum stað þegar eftir eyðingu Skarðs sem varð eftir því sem annálar herma í Heklugosinu 1389-1390. Í opinberum skjölum (Vilkinsmáldaga) hefur bærinn í fyrstu haflið sínu forna nafni, en síðar verið kenndur við örnefni, sem að líkindum hefur verið fyrir hendi á þesum stað er bærinn var byggður." "Heimildir um fyrstu byggð í Skarði eystra er að finna í Landnámabók og Þorsteinsþætti tjaldstæðings enda var jörðin landnámsjörð, en elstu samtímaheimildir sem geta bæjarins eru kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá því um 1200 og máldagi kirkjunar í Skarði eystra frá 1209. Bæjarins er einnig getið í Guðmundarsögu dýra í Sturlungu sem er litlu yngri og segir frá ábúendaskiptum þar árið 1198. Tvívegis er í heimildum getið um eyðingu Skarðs eystra. Í fyrra skiptið er Flateyjarannáll gleggsta heimildin ... Í síðara skiptið sem getið er um eyðingi Skarðs eystra eru Biskupaannálar séra Jons Egilssonar ..." Skarð eystra er talið hafa eyðst um miðja 15. öld. VS: Rangvellingabók, 383, 391. 1332: Skarð eystra er nefnd í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað. DI II, 687-689. Litla-Selsund var eyðibýli í landinu í eyði frá um 1660-1670. "Verulegur hluti jarðarinnar er hálfgróin hraun, góð til sauðfjárbeitar og skjólgóð, en fjalllendi, sandar og mólendi, er einnig í landareigninni og þar er nokkurt skógarkjarr." SB V, 67
1849: "Tún sæmilegt, engjar öngvar. Land gott og mikið með skógi góðum. Sauður gerir gott gagn." 1884: "Túnið sem liggur í hléi við Norðurhraunið er óskemmt. - Ekkert annað slægjuland er í landareigninni. Austur af túninu er dálítill blettur með grasrót, varinn blástri með því að hlaða í skörðin á honum við vikurflög þau þó ekki varinn áfoki. Allar aðrar grasflatir í landsuður af bænum, milli Suður- og Norðurhraunsins, eru orðnar ýmist berir vikurflákar eða vikurþaktar mosaþembur, svo engin stórgripabeit er í landareigninni, svo heysókn, sem áður var lítt kleif fyrir fjarlægðarsakir, virðist þess vegna varla mögulegt. Á Norður- og Suðurhraununum, hinu eina nýtilega beitarlandi jarðarinnar, sem þó verður fyrir sandfoki, er allgott sauðland á sumardag, og á vetrardag ef snjólétt er, á hraunum þessum er nokkur skógarló, sem þó er að eyðast af feykingu og kali." VS:

Rangvellingabók, 384 1917: Tún 3,4 ha, þar af 1,8 ha slétt, garðar 220 m² 1940: "Tún: 4 ha, véltækt, hitt greiðfært. Jarðvegur: Sendinn og vikurblandinn. Engjar: Samfelldar, þýfðar, þurrar. beitiland: Mest hraun með nokkrum skógi. Nokkurt mólendi utan hraunsins. Ágæt sauðfjárbeit. Lakara fyrir gripi. Ókostir: Ágangur af afréttarfé. Nokkurt sandfok." VS: Rangvellingabók, 384

RA-293:001 *Selsund* bæjarhóll bústaður 6356.429N 1956.707V

Fjósið horft til NNA



Gamla bæjarstæðið í Selsundi er um 40 m suðaustur af núverandi íbúðarhúsi, fast upp við núverandi skemmu. Heimildarmaður telur að gamli bærinn hafi upphaflega verið byggt af vinnumanni og þá sem sparistofa sem hann síðar hafi gefið húsfreyjunni sem hafi svo stækkað bæinn við stofuna. Þegar heimildarmaður flutti í Selsund 1951 var var gamli bærinn horfinn og eingöngu stór þúst eftir. Þýft svæði.

Bæjarhólinn er þúst ein í dag sem er um 19 x 14 m að stærð en sennilega hefur honum verið spilt að hluta þar sem ný skemma hefur verið byggð fast upp við þústina. Hæð hennar er um 1,4 - 1,6 m en ekki er hægt að segja til um hvernig herbergjaskipan hefur verið, enda eiginleg rúst ekki greinileg. Heimildarmaður segir þó að inngangurinn hafi verið í suðvesturhorninu og að bærinn hafi haft tvær burstir sem snéru NV - SA með eldhúsi í vesturendanum. Tóft af fjósi er austan við bæinn en var þó ekki áfast skv. heimildamanni. Tóftin er krosslaga og er um 12 x 7 m að stærð og ná veggir allt að 1,7 m að hæð. Hleðslur eru sýnilegar að innan allan hringinn með allt að sex til sjö umför af grjóti. Tóftin er opin fyrir miðjum suðurenda og vel gróin að utan.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

RA-293:002 heimild um kirkju 6356.433N 1956.739V

Skemman á kirkjustæðinu, horft til norðurs

Skemman, horft til suðurs

SKARÐ (EYSTRA) Á RANGÁRVÖLLUM (R) - Nikulási (KELDNAÞING)

1198: Þar bjó Hallr prestur Þorsteinsson og Eyjólfr hinn góði bróðir hans en Þó sér báðir; Guðmundarsaga dýra; Sturl, 161-162

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 7

[um 1209]: Sa er kirkiu maldagi j scarði hinu eystra. at kirkia a halft land a scarði. oc halfan siaunda tog asauðar oc eina ku. kirkia a til fiogurra tyga hundraða alna vaðmals j bunaði sinum j tioldum oc messu fötum oc klukkum oc kalec. oc ollu hennar skruði. þvi sem þar þarf at hafa.

Pund vax j oðru lagi oc var þat eigi virt.

Su er þar skyld a. at þar scal vera prestr oc diacn

Sa er j skarði byr skal abyrgiast kirkiu oc hennar fe eptir sliku sem biskup vill; Máld DI I 355
1300: settu natt jola vard landskialfte sua michill fyrir sunnan land at jordin skalf vida. fell ber j Skarde hinu eystra. Þar j kirkiunne var michill malmpottr festr vid brun assinn honum barde sua rauid kirkiunnar af skialftanum at braut pottinn. kistur tvér stodu ok j andyrinu þeim barde saman sua af landskialftanum at badar braut j sman mola; Lögmannsannáll, IA 262-263; sbr. Flateyjarannáll, IA 387
1332: Einar Haflida son vigdr till prestz af herra Jone byskope Halldors syne vm haustit j Skarde aa Rangar vollum eftir Þui sem herra Laurencius hafde rad fyrir gert ; Lögmannsannáll, IA 270
[1332]: Eystra skarde.
Nicholaskirkia I eystra skardi ä halft heimaland.
asaud sextygi oc ij ær. þriar kýr.
þrenn messoklædi oc vmm framm messu serk. stola. hofudlijn. fontur. ij. kantara kapur. ij. kerttistikur oc hin þridia jarnnstika. tiolld vmmhuerfis sig. glodaker oc elldbera. mvnnlogar. ij. oc kirkiu kolu. alltaraklædi ij. brijkarklædi sæmiligt. kerttistikur iiij. texta. Máld DI II 693
[1367]: xxvii. Nichulaskirkia j eystra skarde a halftt heimaland og lx asaudar og ij ær. iij. kyr. iij messuklæde
les Vilchinsbok. þui þad ber nær saman; Hítardalsbók DI III 217
1390: [Heklugos] eydduz Skard ok Tialldastadir af bruna; Flateyjarannáll, IA 416
1397: a halft heimaland
portio Ecclesiæ vmm .vij. ar .iij. merkur. fiell aptur .vj. aurar af portione firir psalltara er lagdur var til kirkiunnar; Máld DI IV 68. "Í Selsundi hefur vaðveist skemma sem munnmæli herma að verið hafi bænhús eða kirkja. Engar ritaðar heimildir eru til um kirkju eða bænhús í Selsundi, og er ekki annað líklegra en að hér sé um ræða kirkju þá sem getið er um í Skarði eystra í Vilkinsmáldaga 1397, og hefur sá bær þá staðið þar, sem nú er Selsund," segir í Rangvellingabók. "Gömul skemma stendur vestan við bæinn í Selsundi; er hún af sumum talin fornt bænhús," segir í örnefnalýsingu. Hér verður ekki tekin afstaða til þess hvort Skarð eystra hafi upphaflega staðið þar sem nú er Selsund. Skemman sem um ræðir er enn þekkt og er um 30 m VNV af bæ 001 og um 40 m suðaustur af Balakofa 004 er skemma, á sama stað og sýnt er á túnakorti frá 1917. Heimildarmaður, Sverrir Haraldsson, segir að þetta hafi verið útiskemma í mannaminnum en segir að sagnir tengdar bænhúsi hafi lifað og ein sé af ungum hjónum sem létu gefa sig saman í lok 19. aldar eða rétt eftir aldamótin en það hafi verið í skemmunni, (því það var stæðilegasta húsið í Selsundi á þeim tíma). Giskað hefur verið á að kirkjan kunni að hafa farið undir hraunið, eftir gosið úr Rauðöldum 1389-90 sem í dag ber nafnið Norðurhraun sem er norðan við bæinn Selsund.
Skemman stendur á sléttuðu malarplani.
Engar leifar af krikju né bænhúsi er að finna í Selsundi en skemman er um 10 x 7 m að stærð og snýr norður-suður og segir heimildarmaður að hún hafi alltaf snúið svoleiðis í hans minni. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti en efriparturinn er með bárujárni og torfi. Hefur henni verið haldið við af heimilisfólkinu. Hleðslan er um 1,4 m að hæð en sjálft húsið er hærra. Í dag er húsið nýtt sem fjárhús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:VS: Rangvellingarbók, 384;Túnakort1917; Ö-Selsund, 6

RA-293:003 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti 1917 var matjurtargarður fast suðaustan við bæ 001.
Sléttað svæði í túni.
Enginn ummerki um matjurtargarð er að finna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-293:004 *Balakofi* heimild um útihús 6356.445N 1956.778V
"Vestast í túninu er Balinn og Balakofinn, nú gjörfallinn," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt túnakorti 1917 stóð útihús um 70 m norðvestur af bæ 001 og um 40 m suðvestur af álagablett 045. Var hann nefdur Balakofi samkvæmt heimildarmanni.
Sléttaður garður sem búið er að planta trjám í.
Engar fornleifar er að finna á staðnum en heimildarmaður segir að núverandi íbúðarhús nái að hluta yfir staðinn þar sem Balakofi stóð og að dyrnar á honum hafi snúið til vesturs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Selsund, 6

RA-293:005 *Nátthagarétt* tóft rétt 6356.487N 1956.938V

Réttin, horft til norðurs



Um 220 m norðvestur af bæ 001 og um 30 m suður af hestagerði 057 var nátthaginn og í honum var rétt skv. Sverri Haraldsyni. Mikið hefur verið slétttað á svæðinu en í norðvesturhorni túnsins er lítil rétt sem hét nátthagarétt.
Norðurhraunið gnæfir fast upp við norðurendann á réttinni en annars er þetta slétt svæði.
Tóftin er regluleg og snýr norður-suður. Hún er um 7 x 5 m að stærð með op er fyrir miðjum suður vegg. Hleðslugrjót sést í henni að innanverðu nær alls staðar með allt að 4 - 5 umförum. Hleðsluhæð tóftar er um 1,10 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-293:006 heimild um lambhús 6356.478N 1956.765V
Um 100 m norðvestur af bæ 001 og um 40 m suðvestur af útihúsi 007 var lambhús samkvæmt heimildarmanni. Húsið sést á túnakorti frá 1917.
Sléttað svæði með Norðurhraunið í hálfgerðri skeifu umhverfis.
Engar fornleifar sjást, enda hefur svæðið allt verið sléttað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-293:007 heimild um útihús 6356.486N 1956.814V
Um 110 m norðvestur af bæ 001 og um 30 m suður af útihúsi 008 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Heimildarmaður segist ekki muna eftir neinu útihúsi á þessum stað.
Grasivaxið þýft svæði.
Engar fornleifar sjást þar sem útihúsið stóð áður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-293:008 heimild um útihús 6356.503N 1956.829V

Reykkofinn, horft til norðausturs

Um 170 m norðvestur af bæ 001 og um 90 m austur af rétt 057 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Núverandi reykkofi stendur á svipuðum stað og útihúsið var samkvæmt heimldarmanni. Hugsanlegt er að reykkofinn hafi verið byggður að hluta úr úthúsinu en hann er hlaðinn úr torfi og grjóti og er vel gróinn.
Sléttað svæði.
Engar fornleifar sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-293:009 *Nefkofi* tóft útihús 6356.514N 1956.761V



Tóftin, horft til norðurs

"Í vesturbarmi Leynisins er Nefkofi, nú tættur, Nefkofanef og Nefkofastígur þar í stefnu austan til á Haukadal," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt túnakorti 1917 stóð Neskofi um 160 m NNV af bæ 001 og um 50 m vestur af 010 er tóft.
Þýft svæði við rætur Norðurhraunsins.
Tóftin er í dálitlum halla. Hún er um 7 x 5 m að stærð og snýr norður-suður með op fyrir miðjum suðurvegg. Hún er einföld og hlaðin úr torfi og grjóti. Hleðslu hæð hennar er um 1,6 m. Töluvert sést af grjóti í henni að innanverðu og sjást allt að tvö til fjögur umför af hleðslum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Selsund, 6

RA-293:010 heimild um fjárhús 6356.512N 1956.702V
Um 150 m norður af bæ 001 og um 50 m austur af Nefkofa 009 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Heimildarmaður segir að þetta hafi verið kindakofi í sinni tíð og seinna hænsnakofi en svæðið þar sem húsið stóð áður hefur verið sléttað.
Sléttað svæði sem farið er að hlaupa í þúfur. Svæðið er í skeifu frá Norðurhrauninu.
Engar fornleifar sjást lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-293:011 heimild um útihús 6356.526N 1956.728V
Um 180 m norður af bæ 001 og um 35 m norðaustur af Nefkofatóft 009 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Heimildarmaður segir að í norðurhorninu hafi í seinni tíð verið reist stór hlaða úr timbri og járni í kringum 1935 - 1940 en nú sé búið að slétta allt.
Sléttað svæði við mosavaxið Norðurhraunið.
Engar fornleifar eru á svæðinu þar sem allt hefur verið sléttað. Þó er einn og einn steinn á stangli hér og þar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-293:012 tóft útihús 6356.439N 1956.728V



Tóftin, horft til suðurs

Um 25 m norð-vestur af bæ 001 og um 15 m vestur af Vörðutóft 039 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917.
Þýft svæði.
Tóftin snýr norður og er um 6 x 4 m að stærð með opi alveg til norðurs. Hleðsla sést á austurhliðinni og eru þar allt að þrjú umför af hleðslugrjóti en að öðru leyti er allt vel gróið og farið í þúfur. Um 1,5 m austur af tóftinni sést glitta í L-laga hleðslu nyrst sem snýr austur-vestur og er um 4 x 2 m að stærð. Allt að tvö umför af hleðslum sjást. Töluverð röskun hefur verið á staðnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-293:013 *Sundrétt* heimild um rétt 6356.113N 1956.551V

Réttarstæðið, horft til vesturs

"Fjárhús [070] standa norðan undir hrauninu. Skammt austur af þeim eru rústir af rétt, Sundrétt, í hraunbrúninni," segir í örnefnalýsingu. Um 600 m suður af bæ 001 og um 280 m norður af tóft 016 var réttin. Ekki kannast heimildarmaður við nafnið en segir að á þessum stað hafi verið rétt sem sé ekki gömul en hafi verið í notkun í kringum 1926 - 1935.
Grasivaxin slétta við rætur hraunsins.
Réttin hefur verið á lítilli syllu í smá halla frá hrauninu. Ekki sést nein hleðsla en sennilega hefur hraunið verið notað sem vesturhlið. Grjótið hefur verið tekið og sennilega nýtt í fjárhús 070 skv. Sverri Haraldssyni. Lítillega sést þó af grjóti í sitthvoru horninu, norðan og sunnanmegin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Selsund, 2

RA-293:014 *Ból* hellir fjárskýli 6355.968N 1956.452V

Hellirinn, horft til norðurs

Hellirinn, horft til VNV

"Fjárhús [070] standa norðan undir hrauninu. Skammt austur af þeim eru rústir af rétt, Sundarétt [013], í hraunbrúninni. Skammt suður af réttinni, uppi af hrauninu, er Bólið. Þar var lengi annað fjárbólið í Suðurhrauninu," segir í örnefnalýsingu. "Í Selsundi er hraunhellir í hrauninu suður af bænum. Í honum leyndust tveir Þjóðverjar um tíma sumarið 1940, þó með vitund bóndans í Selsundi," segir í Sunnlenskum byggðum. Um 870 m SSA af bæ 001 er fjárskýli nefnt Gamlaból samkvæmt heimildarmanni.
Grasi og birki vaxin laut.
"Þetta voru þýskir skipsbrotsmenn af skipinu Bahia Blanka, sem af mörgum var álitið, að hefði verið viljandi sökkt, voru nokkrir menn af því á ferð um Rangárþing. Álitu margir að þetta væru einhverslags njósnarar sendir af Hitler. En um vorið þegar Englendingar hertóku Ísland, brugðu þeir sér fljótlega austur og hirtu þessa menn, en tveir sluppu og komust undan til Reykjavíkur. Maður nokkur úr Reykjavík ók þessum tveimur mönnum síðan inn í Landmannalaugar. Höfðust þeir síðan við inn á Landmannaafrétti fram á sumar. Maður þessi úr Reykjavík færði þeim vistir og eitthvað munu þeir hafa skotið af fugli sér til matar. Fljótlega komust Bretar að því að ekki myndi allt með felldu og sendu menn austur til þess að njósna um ferðir manna á efstu bæjum Rangárvalla. Lítið munu þeir hafa haft upp úr sínum ferðum. Þá næst er sendur maður að Selsundi, ekki hafði hann erindi sem erfiðið af sinni ferð. Enginn vissi um felustað þeirra þýsku, nema Þorsteinn, svo og bjargvættur þeirra úr Reykjavík, en að lokum var hann tekinn af Bretum og varð þá að gefast upp fyrir þeim og fylgja að Selsundi. Frá komu þeirra segir Þorsteinn Björnsson á þessa leið: "En svo ber það við einn morgun í ágúst að ég vakna tæplega sex við að barið er á gluggann. Ég lít út og eru þar komnir hermenn og í fylgd með þeim bjargvætturinn. Hafa þeir neytt hann til sagna og vilja að ég sjálfur vísi þeim leiðina að hellinum. Ég læt undan. Mér er ljóst að ég hefi tapað fyrir heimsveldinu og tilgangslaust að berjast til þrautar. Ég vísa hermönnunum á felustaðinn. - Þar með var hlutverki mínu sem mannvinar í heimsstyrjöldinni lokið." Fjárskýlið er hellir sem hlaðið hefur verið upp að. Hleðslan fyrir hellisopið er um 10 m að lengd og hefur verið hlaðið alveg fyrir neðri hluta munnans en ekki alveg upp. Op er á miðri suðurhlið sem er um1,20 m hátt og um 0,5 m breitt, þó nokkuð mikið sigið. Nokkuð hefur hrunið af grjóti inn í skýlið sem og fyrir utan það en að öðru leyti er allt vel gróið. Allt að sjö umför af hleðslu sjást þó austan megin við opið. Sjáfur hellirinn er ekki manngengur og engar hleðslur eða önnur ummerki sjást í honum sjálfum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Selsund, 2; SB V, 13-14

RA-293:015 heimild um fjárskýli
"Fjárhús [070] standa norðan undir hrauninu. Skammt austur af þeim eru rústir af rétt, Sundarétt [013], í hraunbrúninni. Skammt suður af réttinni, uppi af hrauninu, er Bólið [014]. Þar var lengi annað fjárbólið í Suðurhrauninu. Hitt var í Litla-Selsundi [061]. ... Í suður frá Nónklettum eru Litlu-Selsundsflákar og sunnan í þeim Litla-Selsundsból, opið móti austri, vestur frá Þraut," segir í örnefnalýsingu. Heimildarmaður segir að þarna sé eingöngu klettaskúti en engar hleðslur né neitt manngert að finna þarna og því erfitt að segja til um hvaða skúti þetta er.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Selsund, 2-3

RA-293:016 tóft heystæði 6355.963N 1956.440V

Tóftin, horft til norðurs

Tóftin, horft til vesturs



"Fjárhús [070] standa norðan undir hrauninu. Skammt austur af þeim eru rústir af rétt, Sundarétt [013], í hraunbrúninni. Skammt suður af réttinni, uppi af hrauninu, er Bólið [014]. Þar var lengi annað fjárbólið í Suðurhrauninu. Hitt var í Litla-Selsundi [061]. Hjá Bólinu stendur lítið heykuml," segir í örnefnalýsingu. Um 880 m SSV af bæ 001 og um 15 m SSV af fjárskýli 014 er heystæði eða heykuml eins það er nefnt á þessum slóðum.
Mosa- og birki vaxið hraun.
Tóftin er um 4 x 3,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Op hefur verið á norðurhliðinni sem búið er að hlaða upp í og nú er op á miðri suðausturhliðinni. Hún er bogadreigin og sjást allt að átta umför af hleðslugrjóti að innan en hún er vel gróin að utan. Tóftin er örlítið niðurgrafin en að utan er hún um 0,5 m að hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Selsund, 2

RA-293:017 gata leið
Samkvæmt örnefnalýsingu kemur fram að gata að Bólinu [014] lá frá Miðdalsbóli. Sverrir Haraldsson, heimildarmaður, sem er mjög kunnugur á jörðinni segir að þessi leið sé horfin og ófinnanleg sökum skóglendis í hrauninu. Jafnvel er sennilegt að hún hafi farið undir hraunið.
Mosavaxið hraun.
Enginn ummerki sjást um leiðina.
Hættumat: hætta
Heimildir:Ö-Selsund, 2

RA-293:018 *Syrjuvaðsból* örnefni 6356.142N 1957.140V
"Háu klettarnir fyrir ofan hraunbrúnina heita Nónklettar. Austan í þeim eru Syrjuvaðsból móti austri," segir í örnefnalýsingu. Um 640 m norðaustur af bæ 001 og um 15 m suðvetur af Siggahólsstíg 069 er Syrjuvaðsból.
Gróið hraun með birki og mosa.
Engar fornleifar eru á staðnum eingöngu er um örnefni að ræða þar sem þetta eru eingöngu einfaldur klettaskúti. Svo virðist sem örnefni með nafnliðnum "ból" vísi hér stundum á hella þar sem ekkert manngert er að sjá en líklegt að sauðfé hafi sálfviljugt leitað skjóls. Gæti jafnvel kennt við bara eina kons sem sótti þangað enda er syrja sennilega kindanafn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Selsund, 3

RA-293:019 *Syrjubólsvað* örnefni vað 6356.206N 1957.017V
"Háu klettarnir fyrir ofan hraunbrúnina heita Nónklettar. Austan í þeim eru Syrjuvaðsból móti austri." Segir í örnefnalýsingu.Þar segir enfremur: "Rétt vestur af lækjarmótum er vað á læknum, Dýjavað [025], skammt vestar er Miðvað [026], vestan við Háubakka er Syrjuvað, vestarlega við Salgerðarflöt er Kotsvað [028], hjá Hestatorfu Nýjavað [029], og Skógarvað [030] er vestur undir Krókbrúnum, á veginum sunnan af Rangárvöllum að

Næfurholti. ... Nú er þar trébrú á læknum." Um 480 m suðvestur af bæ 001 og um 150 m norðaustur af Syrjubróli 018. Vaðið virðist ýmist kallað Syrjuvað eða Syrjuvaðsból. Í örnefnaskrá kemur nafnið Siljuvað einnig fram. Virðist vera að um sama vað sé að ræða.
Grasivaxnir bakkar.
Enginn ummerki sjást um vaðið.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Selsund, 3, 4, 6

RA-293:020 *Litlilækur* heimild um vatnsból 6356.203N 1957.779V
"Vestur frá Nónklettum gengur Litlalækjarnef (einnig nefnt Kotsnef). Undan því sprettur Litlilækur, aðalvatnsból Kotsmanna," segir í örnefnalýsingu. Um 970 m VSV af bæ 001er vatnsbólið. Sumarhús stendur um 50 m austur af læknum.
Grasivaxið svæði við rætur suður hraunsins.
Lækurinn er grunnur með grýttum botn og er nær enginn straumur í honum. Dæla hefur verið sett í lækinn til að fá vatn í sumarhúsið sem hjá stendur.
Hættumat: hætta, vegna mannaferða
Heimildir:Ö-Selsund, 3

RA-293:021 *Útilegumannadys* örnefni
"Vestur frá Nónklettum gengur Litlalækjarnef (einnig nefnt Kotsnef). Undan því sprettur Litlilækur [020], aðalvatnsból Kotsmanna. Framan við lækjarbotninn er rofin dys, Útilegumannadys," segir í örnefnalýsingu. Í Útilegumenn og auðar tóttir eftir Ólaf Briem segir: "Munnmæli herma, að Útilegumannshellir dragi nafn af sakamanni, sem þar hafðist við, en bóndinn í Selsundi drap og dysjaði á ákveðnum staðn norðan við Selsundslæk. Þegar Björn Þorsteinsson var að alast upp í Selsundii, gróf hann í dysina og fnan ekkert nema einn hrosslegg. Vorið 1950 grófum við (Ólafur Briem) Björn aftur í dysina og komumst niður á fast hraun, en fundum ekkert, sem bent gat á dys. Verður því að ætla, að hér sé ekki um dys að ræa," Hefur dysin einng verið nefnd Hrossadys. Dysin á að vera ekkii mjög lagt frá læknum en þó er ekki vitað nákvæmlega hvar né að einhver ummerki er að finna sem gætu gefið til kynna hvar hún er.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Selsund, 3; ÚAT,130;

RA-293:022 *Svínahagaból* örnefni
"Milli Selskógs og Leyniskraga, vestur frá Siggastól, eru Svínhagaból. Þar var fengin beit frá Svínahaga í harðindum eða heyleysi, segja munnmæli," segir í örnefnalýsingu. Heimildarmaður segir að aldrei hafi neitt manngert verið að finna á þessum stað, eingngur smá klettaskúti. Staðurinn er í Suðurhrauninu, norðarlega í brúninni.
Gróið hraun.
Engar minjar er að sjá.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Selsund, 3

RA-293:023 *Útilegumannshellir* hellir útilegumannabústaður 6355.466N 1958.423V

Hellismuninn, horft til vesturs

"Uppi á lengsta nefinu, sem gengur vestur á Selskóginn austan til, er Útilegumannshellir. Þar hefur til þess dags sézt mikið af kindabeinum í holu hjá hellinum," segir í örnefnalýsingu. Í útilegumenn og auðar tóttir eftir Ólaf Briem segir: Skammt fyrir austan breina milli Kots og Selsunds á Rangárvöllum er hellir, sem kallaður er Útilegumannahellir. ... Í hraunjaðrinum upp af Stóra-Selskógi er lítill grasivaxin dæld, og austast í henni er hellirinn með dyr móti vestri. Kotsfé hefur löngum leitað skóls í hellinum, svo þykk skán er komin á gólfið, og nú er hann hálffullur af taði og mold. Enginn mannvirki sjást þar nú nema hlaðnir kampar sinn hvorum megin við hellisopið. ... Hellirinn er um 8 m lá lengd frá opi og inn í botn og um 4 m á breidd, þar sem hann er víðastur, en aðeins tveir og hálfur metri innst. En hæðin er ekki nema 1,20, þar sem hellirinn er hæstur og aðeins 90 cm innan við opið. Það er um 70 cm á breidd milli kampanna og 72 cm á hæð, þar sem hæst er. Rétt

vestan við hellisooið er gat ofan í hraunið, um 60 x 30 cm að stærð, og er hraunhella yfir því. Undir gati þessu er neðanjarðar hellir, nærri manngengur, um 5 m á lend og 4 m á breidd. Íi helli þessum var nokkuð af beinu vorið 1950: einn kindarhaus, bannakringla úr stórgrip, hnúta og brot úr lærlegg." Hellirinn er upp af Selskóginum um 2.3 km suðvestur af bæ 001 í hrauninu er hellirinn. Heimildamaður segir að sá sem dvaldist í hellinum hafi verið drepinn við Pálssteinn.
Mosa- og birkivaxið hraun.
"Mosabingur kvað hafa verið þar fram á tíð núlifandi manna. Nokkrar kindur frá Koti hafa legið þar, og hefur hellisgólfið þakizt skán," segir í örnefnalýsingu. Hellirinn er ekki auðsjáanlegur við fyrstu sýn og þar er þó nokkuð skjól. Hann er ekki mjög djúpur eða stór eða um 3 x 3 m að stærð og nokkuð hringlaga. Birkitré hafa vaxið alveg fyrir innganginn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Selsund, 3; ÚAT, 129-130;

RA-293:024 *Kofakargi* heimild
"Austur af suðurhorni Selskógs er áberandi strýtuklettur, sem heiti Háastrýta. Fram af honum er mjög ósléttur kragi. Þar var hlaðinn kofi við skúta, og heitir þar Kofakargi," segir í örnefnalýsingu. Heimildamaður, Sverrir Haraldsson, kannaðist ekki við kofa á þessum slóðum.
Heimildir:Ö-Selsund, 3

RA-293:025 *Steinvað* heimild um vað 6356.245N 1956.246V
"Við Þverlæk, sem kemur úr fjallinu, er Steinvað," segir í örnefnalýsingu. "Rétt vestur af lækjarmótum er vað á læknum, Dýjavað , skammt vestar er Miðvað [026], vestan við Háubakka er Syrjuvað [019], vestarlega við Salgerðarflöt er Kotsvað [028], hjá Hestatorfu Nýjavað[029], og Skógarvað [030] er vestur undir Krókbrúnum, á veginum sunnan af Rangárvöllum að Næfurholti. ... Nú er þar trébrú á læknum." Um 510 suðaustur af bæ 001 og um 190 m austur af Eystravaði 055 er Steinvað eða Dýjavað.
Grasivaxið svæði.
Bakkarnir eru grónir og aflíðandi báðu megin. Tveir stórir steinar eru austur af vaðinu og er það kennt við þá. Vaðið er ekki lengur notað og sést því ekki mikið af því en Sverrir Haraldsson segir að farið hafa verið skáhallt norð-austur upp ána til að komast yfir. Áin er frekar djúp og þó nokkur straumur í henni þar sem vaðið var.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Selsund, 4,8

RA-293:026 *Miðvað* heimild um vað 6356.229N 1956.763V
"Rétt vestur af lækjarmótum er vað á læknum, Dýjavað [025], skammt vestar er Miðvað, vestan við Háubakka er Syrjuvað [019], vestarlega við Salgerðarflöt er Kotsvað [028], hjá Hestatorfu Nýjavað [029], og Skógarvað [030] er vestur undir Krókbrúnum, á veginum sunnan af Rangárvöllum að Næfurholti. ... Nú er þar trébrú á læknum." Um 370 m suður af bæ 001 og um 230 m vestur af Eystravaði 055 er Miðvað.
Grasivaxnir bakkar sem eru mjög blautir.
Vaðið er enn á sama stað og það var og í dag er keyrt þar yfir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Selsund, 4

RA-293:027 tóft stekkur 6356.824N 1959.800V

Stekkurinn, horft til vesturs



Um 2,6 km norðvestur af bæ 001, í hrauni sem liggur fyrir ofan Yfirsetutanga, er tóft sem samkvæmt Sverri Haraldssyni er stekkur. Hann er uppi á hæð en fyrir neðan er ný girðing frá Svínhaga og fast til norðurs rennur Selsundslækur. Beint upp af læpknum í suður um 150-200 m er lítið sund milli kletta þar sem hleðslurnar eru.
Mosavaxið hraun. Til suðurs er svo grasivaxinn sléttur hóll.
Tóftin einhólfa og er um 8 x 4 m að stærð. Hún snýr austurvestur og er hlaðinn á allar hliðar á milli tveggja stórra kletta. Hæð hennar er mest um 0,30 m og í vesturenda sjást allt að þrjú til fjögur umför af hleðslum. Erfitt er að sjá hvar opið var.
Hættumat: engin hætta

RA-293:028 *Kotsvað* heimild um vað 6356.252N 1957.734V

Vaðið, horft til vesturs

"Rétt vestur af lækjarmótum er vað á læknum, Dýjavað [025], skammt vestar er Miðvað [026], vestan við Háubakka er Syrjuvað [019], vestarlega við Salgerðarflöt er Kotsvað, hjá Hestatorfu Nýjavað [029], og Skógarvað [030] er vestur undir Krókbrúnum, á veginum sunnan af Rangárvöllum að Næfurholti. ... Nú er þar trébrú á læknum." Um 900 m VSV af bæ 001 er Kotsvað sem var aðalvaðið milli Kots og Selsunds. Sumarhús standa vestan við lækinn og göngubrú fast sunnan við vaðið.
Grasivaxið svæði sem er með lítilli brekku til norðurs en aflíðandi til vesturs.
Vaðið er enn nothæft sést greinilega, enda enn keyrt yfir það. Bakkarnir eru aflíðandi báðumegin en áin sjálf er dálítið straumhörð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Selsund, 4

RA-293:029 *Nýjavað* heimild um vað 6356.317N 1957.979V

"Rétt vestur af lækjarmótum er vað á læknum, Dýjavað [025], skammt vestar er Miðvað [026], vestan við Háubakka er Syrjuvað [019], vestarlega við Salgerðarflöt er Kotsvað, hjá Hestatorfu Nýjavað [029], og Skógarvað [030] er vestur undir Krókbrúnum, á veginum sunnan af Rangárvöllum að Næfurholti. ... Nú er þar trébrú á læknum." "Norðan við Nónkletta er Siljuvað, þá Kotsvað [028]. Vestar er Vetrarvað ..." segir í örnefnalýsingu. Um 1 km vestur af bæ 001 og um 240 m norðvestur af Kotsvaði 028 er Nýjavað sem einnig er kallað Vetrarvað.
Grasivaxnir bakkar.
Ekki sést móta fyrir vaðinu enda ekki notað lengur. Bakkarnir eru frekar brattir en þó ekki mjög háir. Áin er frekar djúp og straumhörð á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Selsund, 4, 8

RA-293:030 *Skógarvað* heimild um vað 6356.404N 1958.643V

"Rétt vestur af lækjarmótum er vað á læknum, Dýjavað [025], skammt vestar er Miðvað [026], vestan við Háubakka er Syrjuvað [019], vestarlega við Salgerðarflöt er Kotsvað, hjá Hestatorfu Nýjavað [029], og Skógarvað er vestur undir Krókbrúnum, á veginum sunnan af Rangárvöllum að Næfurholti. ... Nú er þar trébrú á læknum." segir í örnefnalýsingu. Um 1.6 km vestur af bæ 001 og um 570 m VNV af Nýjavaði 029 er Skógarvað. Um 20 m vestar er timburbrú yfir ána.

Grasivaxnir, blautir bakkar.

Bakkarnir eru aflíðandi en sjálf áin er nokkuð djúp og straumhörð. Ekki er vaðið nýtt í dag en það var keyrt yfir það áður en brúin kom.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:Ö-Selsund, 4

RA-293:031 *Fjárhúsnef* tóft fjárhús 6356.509N 1957.124V



Tóftin, horft til suðvesturs

"Á Mosunum eru þessi örnefni. Norðvestur með hrauninu: Fjárhúsnef heitir hraunnef næst fyrir vestan túnið. Þar eru upptök Bakkalækjar. Í því eru tóttarbrot," segir í örnefnalýsingu. "Næst bænum er Lindin [054], vatnsból bæjarins, þá Balalækur, Fjárhúslækur og Litlilækur," segir ennfremur í örnefnalýsingu. Um 370 m norð-vestur af bæ 001 og um 150 vestur af rétt 057 upp á miðju Fjárhúsnefinu er tóft.

Mosa og grasivaxið hraun.

Tóftin er um 10 x 9 m að stærð og snýr NV-SA. Hún er tvískipt og hefur hraunið verið nýtt sem norðurpartur en aðrar hliðar eru hlaðnar úr grjóti. Hólf A stærra og er austar í tóftinni. Það er um 9 x 4,5 m að stærð að utanmáli og með opi fyrir miðjum suð-vestur vegg og er það fullt af grjóti sem hefur hrunið úr veggjunum. Allt að fimm til sex umför af hleðslugrjóti sjást í hólfi A sem er um 1,1 m að hæð. Hólf B er vestan við A og er um 5 x 3 m að stærð og alveg opið til suð-vesturs. Grjót sést bæði í austur og vesturhlið og sjást þar allt að fjögur til fimm umför af hleðslum. Hólf B er aðeins lægra en hólf A eða um 0,8 m að hæð. Að öðru leyti er tóftin vel gróin. Enginn ummerki um garða eða jötur er að finna í tóftinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Selsund, 4, 6

RA-293:032 *Stekkurinn* tóft stekkur 6356.581N 1957.363V



Stekkurinn, horft til norðausturs

"Á Mosunum eru þessi örnefni. Norðvestur með hrauninu: Fjárhúsnef [031] heitir hraunnef næst fyrir vestan túnið. Þar eru upptök Bakkalækjar. Í því eru tóttarbrot. Þá kemur Litlalækjarnef; undan því kemur Litlilækur, sem sameinar Bakkalæk mjög bráðlega. Í krykkjunni vestan þess er Stekkurinn, rétt með stekk, nú tættur Sigurðarhúsa," segir í örnefnalýsingu. Um 650 m norðvestur af bæ 001 og um 240 m norðvestur af tóft 031 á Fjárhúsnefinu er Siggatóft samkvæmt heimildarmanni.
Slétt svæði með hraunið til norðurs.
Tóftin er um 10 x 6 m að stærð og snýr NA-SV. Hún er með opi fyrir miðjum suð-vestur vegg og sést í grjót hvarvetna að innanverðu. Eru þar allt að fimm umför af hleðslugrjóti en að utan er hún vel gróin. Hæð hennar er um1,4 m. Hún er einföld og að innan eru jötur sitthvoru megin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Selsund, 4

RA-293:033 *Nýjahús* heimild um fjárhús 6356.436N 1956.521V
"Innan á Selsundstúninu stendur Nýjahús, þar er og fjárhús," segir í örnefnalýsingu. Um 150 m austur af bæ 001 og um 50 m vestur af garði 048 stóð Nýjahús eða Gerðishús eins og heimildarmaður segir að það hafi alltaf verið kallað. Enda hafi það alltaf gengið undir því nafni þar sem Gerðisnef sé austur af fjárhúsi. Fjárhúsið sjálft sligaðist undan snjóþunga og hefur allt verið sléttað þar.
Grasivaxið gil með hraunið til norðurs.
Engar fornleifar er að sjá þar sem fjárhúsið stóð. Grjót sést hér og þar á stangli í þýfðu grasinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Selsund 2, 2

RA-293:034 tóftir beitarhús 6356.515N 1955.666V

Tóftir A og D, horft til norðurs

Tóft A, horft til austurs



"Klunguhöfði er norður af Litlabotni, en það er lækjarbotn skammt austan við túnið. Austan við hann eru sauðahúsin, nú tættur," segir í örnefnalýsingu. Um 860 m ANA af bæ 001 og um 40 m suðvestur af tóft 072 eru fjárhústóftir.

Grasivaxin sylla frá Norðurhrauninu sem er mosa- og lyngvaxið.

Tóftirnar eru fimm og er svæðið um 25 x 16 m að stærð. Tóftin A er um 16 x 7 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er einföld og um 1,3 m að hæð þar sem mest er og allt að fimm umför að hleðslugrjóti að innan. Op er á miðjum vesturvegg sem er um 1 m breiður. Jötur eru sitthvoru megin að innanverðu og eru hlaðnir úr grjóti. Um 12 m norðaustur af tóftinni er hringlaga tóft (tóft B) í hlíðinni sem er stungið niður og hlaðið grjóti í kantana. Það er um 7 x 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Nokkuð mikið hefur verið nýtt af því náttúrulega lausagrjóti sem fyrir var og síðan bætt við hringinn. Á miðri suðurhlið er op sem er um 1,5 m breitt. Um 25 m austur af tóft A er lítil ferköntuð hola (tóft C) sem er um 2 x 2 m að stærð og er niðurgrafin. Eingöngu sjást steinar í botninum en hvergi í köntunum. Hún er vel gróin og um 0,5 m að dýpt. Um 5 m suður af tóft B er sporöskjulaga tóft (tóft D) sem stendur í litlum halla. Hún er um 7 x 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Op hefur verið fyrir miðjum suðurvegg en nú er hrunið fyrir það. Hleðslugrjót sést að innaverðu og eru allt að sex umför af hleðslum. Um 15 m ANA af tóft D er lítill sporöskjulaga (E) hlaðinn hringur úr grjóti. Eingöngu er um einfaldan hring að ræða sem er um 1,5 x 1,5 m að stærð með eingu opi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Selsund, 5

RA-293:035 *Gamlarétt* tóft rétt 6356.430N 1956.690V



Réttin, horft til norðurs

"Þar sem lækurinn fellur frá Norðurhrauni, heitir Jaðarnef, en Sauðnef hrauntota austan við bæinn. Austan hennar er gerði. Gamlarétt og Leggjarétt [036] heita rústir austan í bæjarkampnum," segir í örnefnalýsingu. Rústir Gömluréttar eru um 15 m austur af bæ 001 og um 20 m norðvestur af fjosabrunn 047.
Hraunið er þétt upp við vesturhliðina en vegslóði er að austan.
Ekki er mikið eftir af réttinni en hún er um 10 x 6 m að stærð að innanmáli og hleðsluhæð um 0,6 m. Hraunið hefur verið notað sem norður og norðvesturhlið sem nær alveg til norðaustur en austur hliðin er hlaðin og erum 7 m löng. Réttin virðist vera alveg opin til SSV.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Selsund, 5

RA-293:036 *Leggjarétt* heimild um rétt
"Þar sem lækurinn fellur frá Norðurhrauni, heitir Jaðarnef, en Sauðnef hrauntota austan við bæinn. Austan hennar er gerði. Gamlarétt [035] og Leggjarétt heita rústir austan í bæjarkampnum. " segir í örnefnalýsingu. Nú er ekki vitað hvar Leggjarétt var og ekki sjást leifar af annarri rétt í númunda við Gömlurétt. Líklegt er að hún hafi horfið vegna rasks við hraunbrúnina.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Selsund, 5

RA-293:037 *Hrauntorfustígur* heimild um leið 6356.436N 1956.667V
"Þar sem lækurinn fellur frá Norðurhrauni, heitir Jaðarnef, en Sauðnef hrauntota austan við bæinn. Austan hennar er gerði. Gamlarétt [035] og Leggjarétt [036] heita rústir austan í bæjarkampnum. Hrauntorfustígur hefst upp geilina frá réttinni, og nær hann allt að Hrauntorfu í Hraukadalslandi." Segir í örnefnalýsingu. Um 40 m norðaustur af bæ 001 og um 20 m einnig norðaustur af Gömlurétt 035 byrjar Hrauntorfustígur sem liggur að Næfurholti yfir Haukadalshraun segir heimildarmaður.
Mosavaxið hraun.
Leiðin byrjar neðst í smá gili sem er fast vestan við Gömlurétt. Ekki er leiðin greinileg og segir Sverrir heimildarmaður að í dag sé ekki auðvelt að rekja hana.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Selsund, 5

RA-293:038 *Morsokkuból* örnefni
"Framan við Hrygg, á þeim stíg, er Morsokkuból," Segir í örnefnalýsingu. Heimildarmaður kannast ekki við örnefnið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Selsund, 6

RA-293:039 *Vörðutóft* örnefni 6356.442N 1956.710V
"Framan við Hrygg, á þeim stíg, er Morsokkuból [038]. Nefið, sem bærinn stendur í, heitir Vörðutóft," segir í örnefnalýsingu. Um 25 m norður af bæ 001 og um 30 m norðvestur af Gömlurétt 035 er Vörðutóft eða Réttarnef eins og heimildarmaður segir að það heiti. Sennilegt er að Vörðutóft sé sami staðurinn og Gamalrétt 012 þar sem

Vörðutóft virðist ekki eiga við neinn annan stað og getur heimildarmaður staðfest þetta.
Gróið hraun.
Enga vörðu né aðrar mannvistaleifar er að finna á Réttarnefinu og man Sverrir heimildarmaður ekki eftir neinu manngerðu á staðnum. Líklegt er að Réttarnef sé kennt við Gömlurétt 035 en hún er fast austan við nefið. Uppi á nefinu er sjónvarpsloftnet.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Selsund, 6

RA-293:040 tóft óþekkt 6356.072N 1957.751V

Tóftin, horft til suðurs

Um 1,1 km suðvestur af bæ 001 og um 50 m suður af tóft Litla-Selsunds 061, í suðurhorninu á sumarbústaðarlandinu er grjóthlaðin tóft.
Gróið hraun til suðurs en annað sléttað.
Tóftin er um 5 x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekkert op virðist vera og búið er að planta birki í hana miðja þannig að töluvert rask hefur orðið á henni. Allt að fimm umför af hleðslum sjást á suðurhlið en annars eitt til tvö. Erfitt að sjá.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-293:041 *Nefkofastígur* heimild um leið 6356.523N 1956.748V
"Í vesturbarmi Leynisins er Nefkofi, nú tættur, Nefkofanef og Nefkofastígur þar í stefnu austan til á Haukadal," segir í örnefnalýsingu. Um 180 m NNV af bæ 001 og um 20 m austur af Nefkofa 009 er farið upp á Nefkofastíg sem liggur yfir hraunið.
Mosavaxið hraun.
Stígurinn yfir hraunið er ekki greinilegur og ekki auðvelt að finna hann en hann kemur niður hjá fjárskýli (294:009) í Haukadal.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Selsund, 6

RA-293:042 *Steinka* álagablettur 6356.558N 1957.457V
Um 660 m norðvestur af bæ 001 og um 90 m suðvestur af Siggatóft 032 stendur steinninn Steinka, einn af nokkrum steinum en hann er sá innsti. Sjást djúp för umhverfis steininn. Heimildarmaður segir að sú þjóðtrú hafi viðhaldist að þegar skepna var keypt á bæinn hafi átt að ganga 3 hringi réttsælis og 3 rangsælis umhverfis steininn og þá átti gripurinn að halda lífi og segist hann hafa viðhaldið þessu.
Slétt grasivaxið svæði við rætur Norðurhrauns.
Hættumat: engin hætta

RA-293:043 tóft rétt 6356.585N 1957.336V

Tóftin, horft til norðausturs

Um 590 m norðvestur af bæ 001og um 20 m austur af Siggatóft 032, við rætur hraunsins er lítil, hringlaga rétt með leifum að lágum garði sunnavið.
Slétt grasivaxið svæði við rætur Norðurhraunið.
Tóftin er hringlaga og snýr NA-SV og er um 3 x 2 m að stærð að utanmáli, alveg opin til suðurs. Hún er hlaðin þétt upp við hraunið og er um 0,8 m að hæð. Allt að fjögur umför af hleðslu sjást í henni að innan en að utan er hún vel gróin. Garður liggur um 7 m suður af tóftinni og er hann um 27 m langur og um 0,3 m hár. Hann liggur frá austri til vestur og er töluvert siginn. Hann er hlaðinn úr torfi og grjóti sem sést glitta í af og til. Er þetta líklega aðrekstrargarður.
Hættumat: engin hætta

RA-293:044 *Sundið* heimild um leið 6356.439N 1956.734V
"Gömul skemma stendur vestan við bæinn í Selsundi; er hún af sumum talin fornt bænhús [003]. Milli hennar og tófta gamla bæjarins er þröngur stígur. Þar eiga allir að ganga, þegar þeir koma að bænum eða fara frá honum í ferðalög," segir í örnefnalýsingu. Um 30 m norðvestur af bæ 001 og um 5 m vestur af tóft 012 liggur stígurinn þétt upp við skemmu 002.
Gróið svæði.
Stígurinn eða Sundið sést vart lengur þar sem töluverð röskun hefur orðið á staðnum. Þar sem hann átti að hafa verð genginn er varla greiðfært lengur þar sem girt hefur verið fyrir að norðvestan verðu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Selsund, 6

RA-293:045 *Svíri* álagablettur 6356.460N 1956.750V

Svíri, horft til SSV

"Lindina má ekki hreyfa, hvorki dýpka né róta í henni. Var sú trú, að þeir, sem brytu þessi álög, mundu verða fyrir óhöppum, og þykjast sumir hafa séð þess merki á síðari árum," segir í örnefnalýsingu. Um 70 m norðvestur af bæ 001 og um 15 m suður af Lindinni 054 er álagablettur. Samkvæmt heimildarmanni eru sagnir um að þegar Sigurður Lýðsson bjó í Selsundi (1926-1935) hafi hann hreyft við steinum á staðnum og upp frá því varð konan hans heilsulítil og var því kennt um að hann hafi átt við steinana. Undan Lindinni, að sunnan, er Svíranef eða Svíri sem einnig er álagablettur en þar mátti aldrei slá fyrr en síðast því annars fór að hvessa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Selsund, 6

RA-293:046 álagablettur
"Hvalbein var þar í garði og mátti ekki hreyfa það. Nú mun það týnt," segir í örnefnalýsingu. Beinið var horfið áður en heimildarmaður kom í Selsund. Hann hafði heyrt af því en var ekki viss hvar það var. Beinið átti að fylgja bænum og mátti ekki fjarlægja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Selsund, 6

RA-293:047 *Fjósabrunnur* þúst brunnur 6356.421N 1956.700V

Þústin, horft til norðurs

Fjósabrunnur var um 15 m suður af bæ 001 og um 20 m suðvestur af Gömlurétt 035. Ekki er vitað hvenær hann var grafinn en það var fyrir tíð heimildarmanns. Hann er um 12 m frá gamla fjósinu sem er við bæjarrústina.
Hann er í jaðrinum á sléttu túni sem liggur upp að vegslóðanum inn að túni. Allt svæðið er sléttað.
Brunnurinn hefur verið um 2.5 x 2 m í þvermál og hámark 3 m að dýpt þar sem það er rúmlega það niður á vikurinn og segir heimildarmaður að það hafi ekki verið farið niður fyrir hann. Heimildarmaður segist ekki hafa notað brunninn og var hann fylltur af járni og drasli og tyrft yfir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-293:048 *Gerðisnef* garðlag 6356.433N 1956.476V

Garðlagið horf til SSV



"Nefið, sem bærinn stendur í, heitir Vörðutóft [039], næst austan er Réttarnef, þá Sauðanef og Gerðisnef ..," segir í örnefnalýsingu. Um 190 m austur af bæ 001 og um 40 m austur af Nýjahúsi 033 er garðlag.
Grasivaxin hlíð frá Norðurhrauni.
Garðurinn liggur frá hlíðinni til suðurs og sveigist til suðvestur. Hann er um 77 m langur og um 1 - 1,5 m breiður. Hæð hans er um 0,2 - 0,5 m og er sést í grjót efst í hlíðinni en svo þegar neðar dregur er hann alveg gróinn. Sennilega hefur hann náð lengra út á túnið en þar hefur allt verið sléttað í seinni tíð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Selsund, 6

RA-293:049 *Litlibotn* lind 6356.534N 1955.891V
"Nefið, sem bærinn stendur í, heitir Vörðutóft [039], næst austan er Réttarnef [039], þá Sauðanef og Gerðisnef [048], Fagranef, Jarðsnef og Klif. Austan við það er lítill hvammur, sem heitir Litlibotn; í honum er uppsprettulind, og var talið, að vatnið í henni hefði lækningarmátt," segir í örnefnalýsingu. Uppsprettulindin er um 700 m ANA af bæ 001 og um 80 m NA af Tjarnavaði 050, inni í litlu skarði.

Grasivaxnar, þýfðar hlíðar með hraunið til norðurs.
Uppsprettulindin seytlar undan berginu á nokkrum stöðum. Bakkarnir eru vel grónir og lítillega brattir. Lindin rennur til suðurs og sameinast svo Selsundslæk.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Selsund, 6

RA-293:050 *Tjarnarvað* heimild um vað 6356.495N 1955.943V
"Við upptök Selsundslækjar er grastorfa niður við lækinn, sem heitir Tjarnartorfa. Við enda hennar er vað á læknum, Tjarnarvað," segir í örnefnalýsingu. Um 640 m austur af bæ 001 og um 80 m suðvestur af Litlabotn 049 er Tjarnarvað.
Grasivaxið svæði.
Norðan við ána er bakkinn lágur og vel gróinn en að sunnan er hann nokkuð aflíðandi og uppblásin. Engin ummerki um vaðið.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Selsund, 6

RA-293:051 hleðsla vörslugarður 6356.451N 1956.370V
Um 280 m austur af bæ 001 og um 180 m VNV af garði 071 upp á hrauninu er vörslugarður.
Gróið hraun.
Einföld grjóthleðsla um 60 m löng og um 0,3 m að hæð. Hún liggur yfir hraunið frá austri til vesturs. Var hún notuð sem vörslugarður. Garðurinn er að hluta náttúrulegt hraun þar sem fyllt hefur verið upp í gloppurnar í hrauninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-293:052 tóft fjárhús 6356.101N 1956.592V



Tóftin, horft til vesturs

Um 620 m suður af bæ 001 og um 40 m suðvestur af Sundrétt 013 inn á milli í hrauninu er fjárhústóft. Heimildarmaður minntist á að fjárhúsið hafi ekki verið notað lengi og að aldrei hafi verið notast við spýtur né járn við gerð hússins sem Sigurður Lýðsson byggði en hann var ábúandi í Selsundi 1926 - 1935.
Grasi- og mosavaxið hraun.
Tóftin er í þröngu gili í hrauninu. Hún er um 18 x 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er á miðjum suðvesturendanum og steinþröskuldur þar. Leifar af jötum sjást meðfram veggjum. Hleðslugrjót er sýnilegt að innan og eru allt að fjögur til fimm umför af hleðslugrjóti. Í austurendanum er hlaða sem er um 6 x 4 m að stærð og er hæð tóftar þar um 1,8 m, þar sjást allt að níu umför af hleðslum.
Hættumat: engin hætta

RA-293:053 garðlag vörslugarður 6356.427N 1956.151V

Garðlagið, horft til norðausturs

Um 450 m austur af bæ 001 og um 5 suður af garði 071 liggur lágur garður meðfram túninu. Girðing liggur í austur endanum á garðinum en sveigir svo aðeins út af honum austar þegar sunnar dregur.
Sléttað tún vestan við en til austurs er það byrjað að hlaupa í þúfur.
Garðurinn liggur norður-suður með smá beygju til vesturs niður að árbakka. Hann er frekar lágur um 0,2 - 0,5 m hár og um 0. 8 - 1m breiður. Hann er hlaðinn úr torfi og grjóti sem rétt sést glitta í af og til, sérstaklega þar sem hann er lægstur á norðurendanum. Hann er tæplega 300 m langur og endar við bakkann á brún sem liggur aflíðandi að Selsundslæk.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-293:054 *Lindin* heimild um vatnsból 6356.467N 1956.747V
"Næst bænum er Lindin, vatnsból bæjarins, þá Balalækur, Fjárhúslækur og Litlilækur," segir í örnefnalýsingu. Lindin er um 80 m NNV af bæ 001 og um 25 m SSA af lambhúsi 006.
Grasivaxið svæði sem er uppþornað.
Allt er uppþornað og enginn lækur né uppspretta hvað þá vatnsból í Lindinni. Svæðið er þó örlítið blautara en gengur og gerist og hefur hún verið að þorna upp á síðustu árum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Selsund, 6-7

RA-293:055 *Eystra Vað* vað 6356.245N 1956.482V
Um 390 m SSA frá bæ 001 og um 200 m vestur af Steinvaði 025 er vað sem Sverrir Haraldsson kallar Eystra vað.
Grasivaxið, mýrleit svæði.
Vaðið sést ekki lengur. Bakkarnir eru lágir en áin frekar djúp og smá straumur í henni. Norðan við er smá hóll sem er byrjaður að blása upp.
Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-293:056 *Vörðulækur* örnefni
"Vestan við áðurnefndan Slýslæk er Vörðulækur," segir í örnefnalýsingu. Enginn ummerki er að finna um læk á umræddum stað. Ekki kannaðist heimildarmaður heldudr við að þarna hafi verið lækur né örnefnið sjálft.
Enginn varða né annað mannvistarlegt er að finna á staðnum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Selsund, 7

RA-293:057 tóft rétt 6356.503N 1956.937V

Réttin, horft til austurs

Réttin, horft til norðausturs



Um 230 m norðvestur af bæ 001 og um 30 m norður af garði 071 er tóft sem Sverrir Haraldsson endurhlóð eftir að hann kom í Selsund um 1950.
Tóftin er við rætur Norðurhrauns sem er mosagróið og grasivaxið.
Tóftin er fast upp við vesturendann á garðlagi 071 og er náttúrulegt hraun notað í norð-austur horninu. Hún er 7 x 4 m að stærð og snýr NA-SV. Hún er gerð í hálfhring og er með opi í SSV horninu. Hvergi sést í torf í henni heldur er hún eingöngu hlaðin úr grjóti. Hæð hennar er um 1,5 m og sjást allt að fimm til sex umför af hleðslum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-293:058 *Litliskógur* bæjarstæði býli
Í Rangvellingabók Valgeirs Sigurðssonar segir um Liltlaskóg: "Vestan undir Skyggni milli Norðurhrauns og Botnsfjalls um þrjá kílómetra norðaustur frá Selsundi heitir Litliskógur. Munnmæli herma að þar hafi fyrrum verið bær samnefndur sem hafi orðið undir Norðurhrauni þegar það rann." Litliskógur er skógi vaxið svæði í viki inn í Norðurhrauni. Heimildarmaður segist ekki kannst við neitt manngert á staðnum enda hefur líka allt farið undir hraunið.
Mosavaxið hraun.
Engar frekari upplýsingar er að hafa um það hvar bærinn kunni að hafa staðið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 276

RA-293:059 *Skarð-eystra* heimild um bústað
Í Jarðabók Árna og Páls 1709 segir: "Þykjast menn heyrt hafa í gamladaga hafi bær so heitir, þar sem nú kallast Skarðshólmar, og eru munnmæli að hraun hafi yfir bæinn fallið í einu Hekluhlaupi, er nú eftir pláts nokkurt innaní hrauninu þar nálægt sem bygðin skyldi verið hafa, að vídd sem stórt túnstæði. Kann aldrei aftur byggjast, því slægjur eru engar, gras lítið, vatn ekkert." Í Rangvellingabók eftir Valgeir Sigurðsson segir: "Hugmyndir manna um það hvar Skarð eystra stóð hafa verið nokkuð á reiki á síðari öldum. Elsta heimild um það er jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns ... Skarðshólmar eru í austur frá Dagverðarnesi á milli Eldiviðarhrauns og Kolviðarhrauns og eru innan núverandi landamerkja Keldna. Hin eina heimild sem getur Skarðs eystra á þessum slóðum er þáttur um eyðibýli á Rangárvöllum sem prentaður er með jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Hann er eftir ókunnugan höfund og mun vera ritaður um svipað leyti og jarðabókin. Í þættinum segir: "Vestan frá þessum eyðibýlum í hrauninu er graspláts, sem kallast Skarðshólmar,

sagt er það hafi Stóraskarð staðið og undir hrauninu orðið." Þó þetta bæri ríkjandi skoðun manna við upphaf 18. aldar, fær það ekki staðist því hraun hafa ekki runnið yfir þessar slóðir síðan land byggðist. Á síðast liðinni öld og langt fram eftir þessari var það staðföst meining allra að Skarði eystra hafi staðið suðaustan Selsundsfjalls (Háafjalls) og orðið undir hraunflóðinu sem rann suður með því að austan, fyrir suðurenda þess og nokkuð norður með því að vestan, og nefnt Selsundshraun syðra eða Suðurhraun. Suðaustan í fjallinu er grastorfa sem Skarðstorfa heitir og talin var kennd við bæinn Skarð. Í grein sem dr. Arni Brynjólfsson ritaði í Náttúrufræðinginn 1959 véfengir hann að Skarð eystra hafi staðið austan Selsundsfjalls og færir hann m.a. sem rök fyrir því að öskulög sýni að Suðurhraun sé runnið fyrir 1389, ekki síðar en 1341. Telur hann að Skarð hafi staðið í dalnum milli Bjólfells og Botnafjalls, nánar tilgreint norðan þeirra er hann nefnir Hraunfossbrekku, og hafi hraunfossinn er hann kennir brekkuna við eytt bænum verið endurbyggður þar nærri, en hann eyddist aftur um 1440, en um það leyti telur hann Norðurhraun runnið. Dr. Sigurður Þórarinsson er í bókinni Heklueldar sama sinnis og dr. Ari að því leyti að hann telur Skarð eystra hafa staðið í dalnum milli Bjólfells og Botafjalls, þó ekki undir Hraunfossbrekku, því hraunfossinn þar segir hann eldri en frá 1389. Telur dr. Sigurður að árið 1390 er eldrásin flutti sig úr fjallinu sjálfu og í skógana litlu fyrir ofan Skarð hafi Rauðöldur myndast og Norðurhraun þó runnið þaðan og eytt Skarði eystra, og það ekki byggst aftur. Frásögnin af eyðingu Skarðs, um 1440 telur hann ranga því öskulög sýna að ekkert Heklugos hafi orðið um þær mundir. Arfsagnir herma að bær sem heitið hafi Stóriskógur hafi verið á þeim slóðum, sem nú er talið að Skarð eystra hafi staðið og gætu þær sagnir verið óljós minning um Skarð eystra."
Engar frekari upplýsingar er að hafa um það hvar bærinn kunni að hafa staðið.
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 392; JÁM I, 235

RA-293:060 heimild um traðir
Samkvæmt túnakorti 1917 voru traðir suðaustan við bæ 001.
Sléttað svæði.
Enginn ummerki um traðirnar er að finna þar sem allt hefur verið sléttað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-293:061 *Litla-Selsund* bæjarstæði býli 6356.097N 1957.744V

Bæjarhóllinn, horft til norðausturs

Bæjarhóllinn, horft til suðausturs

1711: "Litla Selsund meina menn hafi verið afbýli eða hjáleiga frá Selsundi. Enginn veit þess fyrstu byggð. Eyðilagðist til fulls fyrir 40 eða 50 árum vegna slægnaleysis. Þar eru hús öll í burt og tóftir fallnar, tún sem var er óblásið, halda menn þar kynni fóðrast i kýr ef ræktað yrði, annars eru slægjur engar aðrar. Kann ekki vel aftur byggjast, því afkomulítið er mjög svo." "Suður af því [Útilegumannadys 021] er Litla-Selsundsnef, en í krikanum sunnan undir því er Litla-Selsund, fornt eyðibýli." Segir í örnefnalýsingu. Litla Selsund var um 1,1 km suðvestur af bæ 001 og um 200 m suður af Litlalæk 020 í landi sumarhúss.
Sumarbústaðarland með sléttu grasi og plöntuðum gróðri.
ÍSkrá yfir eyðibýli eftir Brnjúlf Jónsson segir: "Litla-Selsund, en það hefir verið í eyði frá ómunatíð, og eru þar fjárhús frá Selsundi. Að auki segir í Rangvellingabók eftir Valgeir Sigurðsson eftirfarandi: " Árið 1811 var aftur reistur þar bær og bíð þar næstu tvö ár, en 1813 lagðist Litla-Selsund í eyði.". Geymsla í landi sumarhúsS er nú þar sem beitarhúsið stóð. Hún hefur verið sett inn í hlaðna tóftina sem enn stendur. Tóft (A) eru um 23 x 7 m að stærð og snúa NA-SV. Hleðsluhæðin er um 1,6 m og sjást allt að fjögur til fimm umför af hleðslum að innan en að utan eru þeir vel grónir. Tvö op hafa verið, annað á norðvestur hlið fyrir miðju og hitt fyrir miðri VSV hlið. Um 10 m norðaustur af tóft A er manngerður rústarhóll (B) sem er um 16 x 12 m að stærð og um 1 m að hæð.

Hann snýr eins og tóft A. Aðeins sést af grjóti í austurhorninu á honum sem er rofið en mikið hefur verið hróflað við honum þar sem töluvert er búið að planta af trjám í hann. Þá stendur geymsluskúr í norðvesturhorninu á honum. Líklegt er að þetta sé gamli bæjarhóllinn á Litla-Selsundi. Garðlag liggur umhverfis sumarbústaðarlandið. Það er ferkantað og byrjar í suðurenda hraunsins og liggur í til austurs og þaðan aftur til suðurs í hraunið. Garðlurinn er hlaðinn úr grjóti og torfi en hefur verið rofinn á þremur stöðum. Sennilega hefur hann náð lengra en búið er að planta við austurendann á honum. Sennilegt er að þetta hafi verið túngarðurinn frá býlinu en eitthvað hefur honum þó verð haldið við í seinni tíð. Hæð hans er um 0, 6 m þar sem hann er hæðstur. Töluverð röskun hefur átt sér stað á svæðinu sökum trjárækta og seinni tíma bygginga.
Hættumat: stórhætta, vegna mannaferða
Heimildir:JÁM I, 275; Ö-Selsund, 3; VS: Rangvellingabók, 272; Árbók 1898, 11

RA-293:062 garðlag vörslugarður 6355.312N 1956.779V

Garðlagið, horft til suðvesturs

Um 2,1 km suður af bæ 001 og í smá lægð frá hrauni við fjallsrætur Torfunar liggur garðlag. Heimildarmaður telur að rekja megi garðinn yfir hraunið en þekkir ekki frekari skil á honum.
Mikið uppblásið hraun.
Þetta er hlaðinn grjótgarður sem liggur norður-suður. Hann er ekki hár, eingöngu er grunnur hleðslunnar eftir og ekki sést neitt torf í honum. Garðurinn er um 0,5 m að breidd og um 260 m langur og er því eingöngu um búta að ræða sem eftir er af garðinum. Er hér hugsanlega um fornan garð að ræða en ekki er vitað hvað hann afmarkaði þar sem allt svæið í kring er uppblásið.
Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-293:063 hellir fjárhús
"Annar hellir er í Selsundi í sama hrauni í suðvestur af bænum. Við hann var haft fé hér áður fyrr," segir í Sunnlenskum byggðum. Ekki er vita með vissu hvar þessir hellir er og kannast heimildarmaður við hann.
Hraun.
Heimildir:SB V, 14

RA-293:064 varða landamerki "Að suðvestan að úr vörðu á hábungu Fálkahamars, sem er lítið eitt vestan en hásuður frá bænum, um Ketilstaðanef vestur í Geldingabæli. Þar er hornmark milli Selsunds, Bolholts, Svínhaga og Kots." Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi.
Heimildir:Ö-Selsund, 1

RA-293:065 varða eyktamark
"Inn við dalinu [Efridali] er Miðmorgunhnúkur (með vörðu)," segir í örnefnalýsingu. Ekki var farið á staðinn sumarið 2006. Sverrir Haraldsson man ekki eftir vörðu á Miðmorgunhnúk.
Heimildir:Ö-Selsund, 1

RA-293:066 *Skútinn í Grænupöllum* heimild um fjárskýli
"Þar sem fjallið er breiðarst og hraunið nemur næst því, er Syðri-Skógartorfa, en Innri-Skógartorfa nokkuð innar. Inn af henni er hvilft í fjallið, Grænupallar; niður undan þeim er malarhnúkur, Skyggnir. Efst og austast í Grænupöllum er lítið fjárból, Skútinn í Grænupöllum, þar hefur tófa lagst á seinni árum og nefnist því stundum Grensslakki," segir í örnefnalýsingu. Einnig kallað Sauðaból en þetta er eingöngu hellisskúti og ekkert manngert þar að finna. Sverrir Haraldsson segir að skútinn sé sennilega í afrétti þvi mörkin liggi eftir fjallinu. Ekki var farið á ummræddan stað sumarið 2006
Heimildir:Ö-Selsund, 1-2

RA-293:067 *Völukofanef* örnefni smalakofi 6355.723N 1956.169V
"Suðurhraunið liggur suður frá bænum. Nyrzti og austasti tangi þess heitir Völukofanef," segir í örnefnalýsingu. Um 1,4 km SSA af bæ 001 og um 910 m norðaustur af garðlagi 062 var Völukofanef samkvæmt heimildarmanni.
Birkigróið hraun.
Enginn ummerki um neinar fornleifar er að sjá á staðnum en heimildarmaður Sverrir segir að hér hafi börn haft lítinn kofa til að vera í þegar setið var yfir ánum. Enn fremur segir hann að amma hans hafi gert svo.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Selsund, 2

RA-293:068 *Grænuból* örnefni
"Suður af Syðstadal, en vestan við Lækjarhraunið, er Grenjabrekka, skógi vaxin. Skammt sunnan við hana eru Grænuból," segir í örnefnalýsingu. Örnefni tengdu ból eru algeng á svæðinu og eru þau greinilega oft eingöngu náttúrunöfn og var því ekki farið á staðina sem eru fjarri mannabyggð og oftar en ekki eru engar mannvistaleifar þar að finna.
Gróið hraun.
Heimildir:Ö-Selsund, 2

RA-293:069 *Siggahólsstígur* heimild um leið 6356.135N 1957.154V
"Í miðju Suðurhrauni er hæsti hóll þess með kletti, Siggastóll. Hann ber laust vestur af Fálkhamri frá bænum séð. Næstum því [í] sömu sjónhendingu liggur stígur yfir hraunið að Siggastól og áfram að Litlu-Svikatorfu í Kotslandi. Hann heitir Siggahólsstígur. Á stígnum, miðja vegu milli nyrðri hraunbrúnarinnar og Siggastóls, er Þraut," segir í örnefnalýsingu. Um 640 m suðvestur af bæ 001 og um 16 m suðvestur af Syrjubólsvaði 019 er Siggastólsstígur samkvæmt heimildarmanni.
Birki- og mosavaxið hraun.
Leiðin byrjar fyrir ofan Syrjuvað og nær að Siggastól, sem er klettaborg austast í Selsundslandi og sést þaðan um allt Suðurhraunið. Sjálf leiðin er ekki greinileg þó að upphafið á henni sjáist.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Selsund, 2

RA-293:070 tóft beitarhús 6356.130N 1956.609V

Tóftin, horft til austurs



"Fjárhús standa norðan undir hrauninu. Skammt austur af þeim eru rústir af rétt, Sundarétt [013], í hraunbrúninni," segir í örnefnalýsingu. Um 560 m suður af bæ 001 og um 60 m norður af fjárhústóft 052 sunnan við Selsundslæk er tóft af beitarhúsi, sem var byggð að fyrrum ábúenda Þorsteini Björnssyni sem bjó í Selsundi 1935 - 1947 og voru fjárhúsin reist 1940. Eru þau skráð hér þar sem þau eru hlaðin úr torfi og grjóti.
Grasi vaxið svæði með Suðurhraunið til suðurs.
Tóftin er um 15 x 10 m að stærð og snýr ANA-SVS og er þrískipt. Hún er hlaðinn úr grjóti og torfi og er allt að 2 m að hæð. Hólf A er nyrst og er um 9 x 4,5 m að stærð með opi fyrir miðjum VNV vegg. Hólf B er vestur af A og er um 9 x 4,5 m að stærð og með opi á VNV vegg eins og hólf A. Grjóthleðslur sjást að innan og eru allt að fjögur umför greinileg. Garði er í miðri tóftinni sem er um 8 m langur og vel gróinn. Sverrir heimildarmaður sagði að hann hafi gert þennan hluta upp og notaði fyrir fé. Op hefur einnig verið inni í hólfinu fyrir miðjum

ASA vegg sem hefur legið í heyhlöðuna, hólf C. Hólf C er niðurgrafið hlaða sem er við ASA endan á tóftinni. Það er um 8 x 5 m að stærð og niðurgrafið. Hleðslugrjót sést vel og allt að tólf umför af hleðslum eru sýnileg. Heimildarmaður sagði einnig að þegar allt fjárhúsið hafi verið notað hafi allt að 50 ær verið í því.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Selsund, 2

RA-293:071 garðlag 6356.429N 1956.150V

Garðlagið, horft til norðurs

Um 450 m austur af bæ 001 og um 200 m suðaustur af Tjarnarvaði 050 er hlaðinn garður sem liggur í Norðurhrauninu fyrir ofan bæ. Liggur hann í skeifu í hrauninu fyrir ofan núverandi bæ. Garðurinn byrjar um 450 m vestur af bæ 001 og kemur niður um 220 m norðvestur af bæ 001.
Mosavaxið gróið hraun.
Garðurinn grjóthlaðinn með gaddavír ofan á. Hann er um 0,5 til 1 m að hæð. Hann var byggður í tíð Þorsteins Björnssonar fyrrum ábúanda (1935 - 1947). Er garðinum haldið við af heimilisfólkinu.
Hættumat: engin hætta

RA-293:072 tóft fjárskýli 6356.536N 1955.643V



Tóftin, horft til suðurs

Um 50 m NA af beitarhúsi 034 og um 900 m ANA af bæ 001 inn í lítilli dæld er tóft af fjárskýli..
Gróið svæði. Í viki í hrauninu sem er mosavaxið og birkivaxið.
Annars græn laut.
Tóftin er um 6 x 4 m að stærð og snýr norður-suður með opi til norðurs. Hún er vel gróin og á suðurenda hefur hraunið verið notað að einhverju leyti í hana. Hún er um 1,5 m að hæð og hluti af henni niðurgrafinn. Um tvö umför af hleðslugrjóti sjást þar sem opið var sem og einnig smá viður.
Hættumat: engin hætta

RA-293:073 þúst útihús 6356.494N 1956.757V

Þústin, horft til suðurs

Um 130 m norðvestur af bæ 001 og um 40 m suður af Nefkofa 009 stóð útihús samkvæmt Sverri Haraldssyni. Ekki er vitað nánar um hlutverk hússins þar sem það var hætt að nota það löngu áður en hann kom í Selsund.
Þýft svæði sem hefur verið sléttað.
Þar sem útihúsið stóð er eingöngu lítil þúst eftir sem er hringlaga og um 6 x 6m að stærð. Hæð hennar er um 0,5 m og hvergi sést grjót í henni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



RA-294 Haukadalur

5 hdr 1711 Klofakirkjueign. "Elsta heimild sem þekkt er um Haukadal er visitasía kirkjunnar í Klofa á Landi frá 1662 en nær víst má telja að bærinn hafi byggst löngu fyrr. Jörðin var í eyði árin 1789-1792 og 1920-1927." VS: Rangvellingabók, 149. "Land Haukadals er fjalllendi, hálfgróin hraun og gróðurvana sandar. Graslendi jarðarinnar er gott til sauðfjárbeitar. Lítilsháttar kjarr er í landareigninni og þar er skjólgott." SB V, 66
Landamerki 1886: "Fyrst er það Stóristeinn vestan í Bjólufelli, þaðan sjónhending austur yfir fjallið í Nautaskarð, þaðan í Þríhyrndaklett, þaðan sjónhending í Kanastaðabotna, þaðan sjónhending í vörðu vestarlega á höfðanum við Rangá, þaðan ræður áin inn fyrir Ártorfur á móts við svonefndan beinakrók. Þaðan sjónhending í Stórastein aftur." VS: Rangvellingabók, 150
1849: "Tún sáralítið, engjar engvar. Land til haga gott en blásið mjög." 1882: "Þessi jörð er mjög landlítil og hefur hvorki slægjur né stórgripahaga, en aðeins hafa fyrir sauðkindur." VS: Rangvellingabók, 150 1917: Tún 1,4 ha, þar af 1,2 ha slétt, garðar 202 m² 1940: "Tún: Slétt og greiðfært. jarðvegur: Magur, harður. Beitiland: Að mestu fjalllendi og hraun, nokkuð kjarr. Góð sauðfjárbeit, lítil fyrir gripi. ókostir: Búfjárágangur. Lítil háttar uppblástur á túni." VS: Rangvellingabók, 150

RA-294:001 *Haukadalur* bæjarstæði bústaður 6357.946N 1957.516V

Bæjarhóllinn, horft til norðausturs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð bærinn í Haukadal þar sem núverandi íbúðarhús stendur en það var byggt 1938 samkvæmt heimildarmanni. Upp við norðaustur endann á húsinu hefur verið byggður braggi í tíð Magnúsar Runólfssonar sem hóf búskap í Haukadal 1927.
Íbúðarhúsið stendur í smáhalla til suðurs í sléttu túni.
Enginn bæjarhóll sést. Austan við bæinn stóð hlaða en hún er horfin og búið er að girða svæðið og planta birkitrjám þar. Núverandi bær er um 15 x 10 m að stærð og snýr austur-vestur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-294:002 hús lambhús 6357.946N 1957.444V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var lambhús í um 60 m suður af bæ 001. Við lambhúsið standa nú að auki tveir litlir kofar og er sá er stendur vestast líklegastur sem lambhús. Lambhúsið stendur í grasivaxin dæld austur af bæ.

Mjög grasivaxin dæld sem eitthvað hefur verið plantað af birkitrjám í seinni tíð.

Lambhúsið stendur enn þótt það sé að hruni komið. Það er um 5 x 3 m að stærð og snýr austur-vestur og er hæð hans alls um 1,70 m. Op er á miðjum vesturvegg og sést í grjóthleðslur á öllum hliðum að innan sem og við opið en þar er einnig viður. Að öðruleyti er allt vel gróið. Suðaustan við lambhúsið hafa verið byggðir tveir kofar í seinni tíð en ekki vissi heimildarmaður hvenær það var gert.

Lambhúsið, horft til austurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

RA-294:003 áletrun 6358.311N 1956.853V

Stóristeinn, horft til VSV

"Vestan í því [Bólfelli] er Stóristeinn, sem er í mörkum milli Næfur(holts) og Haukad(als). Er klappað í hann N. á norðurhlið, segir sagan að Haukadalsbónda hafi verið haldið, meðan Næfurholtsbóndi klappaði það í klettinn, sem er þursaberg." Segir í örnefnalýsingu. Landamerki 1765: "Í fyrstu milli Haukadals og Næfurholts úr stóra steininum vestan í Bjólfelli, hvar N er uppá klappað, sjónhending í Ytri-rangá fyrir norðan Ártorfur, síðan ræður áin inn í Ófærugil og allt um Sauðafellsbotna, úr botnunum í Rauðöldur, úr þeim í þríhyrnda klettinn í hrauninu, þaðan og í Nautaskarð fyrir austan Bjólfell, þaðan sjónhending vestur yfir fjallið og í Stórastein aftur." Steinninn er um 870 m norðaustur af bæ 001 og um 2 km suðvestur af Næfurholti (RA296_003).

Steinninn stendur við fjallsrætur þar sem töluvert af grjóti hefur fallið úr hlíðinni sem er annars vel gróin.

Steininn er mjög stór og stæðilegur eða um 20 x 17 m að stærð. Markið N hefur verið rist í steininn og segja bæði Sverrir og Ófeigur heimildarmenn að markið sjáist enn þó að skráningamaður hafi ekki fundið markið þegar hann var á vettvangi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Haukadalur, 1; VS: Rangvellingabók, 292, 150

RA-294:004 *Hellisbjalli* hellir fjárskýli 6357.837N 1955.947V

Hellirinn, horft til vesturs

"Austur af Fögrubrekkur eru gilskorningar, kallaðir Klaufir. Þar neðanvert er klapparhnaus, kallaður Hrafnabjalli, sökum þess, að hrafnar verpa þar. ... Norður af honum er Moshnaus, klöpp vaxin mosa. Þaðan í austur er Hellisbjalli. Þar er hellir, er notaður var til fjárgeymslu," segir í örnefnalýsingu. Um 1,3 km austur af bæ 001 og um 600 m NNV af fjárhústóft 007 efst Hellisbjallanum er smá hellisskúti sem fé kom sér stundum fyrir samkvæmt heimildarmanni.
Brött lyngvaxin brekka.
Engar mannvistarleifar er að sjá í hellinum og segir heimildarmaður að svo hafi aldrei verið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Haukadalur, 1

RA-294:005 hleðsla
"Fyrir austan hann [Einbúa] er Nautaskarð. Þar var áður bil milli hrauns og fjalls, en nú er þar fullt af sandi. Sögn er um það, að þá Oddinn geymdi naut sín í Oddagljúfri, þá hafi verið hlaðið upp í skarðið, svo að þau komust ekki fram," segir í örnefnalýsingu. Ekki kannast heimildarmaður við hleðslur í Oddagljúfri.
Engar hleðslur er að finna á umræddum stað þó víða hafi verið leitað og enginn staður var líklegri en einhver annar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Haukadalur, 1-2

RA-294:006 *Kvíhólar* heimild um kvíar
"Skammt vestar [en Þríhyrndiklettur hornmark] eru Kvíhólar. Er líkast sem grjótkvíar séu í þeim sunnanverðum, þær eru skógivaxnar," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt heimildarmanni eru engar kvíar við Kvíhóla.
Engar kvíar né aðrar mannvistaleifar eru á umræddum stað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Haukadalur, 2

RA-294:007 tóft beitarhús 6357.538N 1955.643V

Tóftin, horft til norðurs





"Þar beint í vestur [af 006] er Hrauntorfuklettar, þrír í röð, í hraunbrúninni með talsverðu millibili. Þar vestur í brúninni er Hrauntorfa, var þar byggt fjárhús árið 1863 og hafa þau verið notuð síðan." Segir í örnefnalýsingu. Um 1,7 km suðaustur frá bæ 001og um 150 m vestur af beitarhúsum 028 eru tóftir af beitarhúsi.

Grasivaxinn melur en annað uppblásið.
Tóftirnar eru tvær. Tóft A er austar, er um 8 x 6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er mjög sigin eða um 0,3 m há. Hvergi sést op á henni en eitthvað af grjóti er að sjá, aðallega að utanverðu á suðurvegg en einnig að innanverðu á vesturvegg. Hugsanlegt að hún hafi verið tvíhólfa en þó erfitt að greina það. Tveir stórir steinar eru fyrir miðri tóft. Tóft B er í um 20 m suður af A en töluvert minni eða um 5 x 4 m að stærð og snýr hún austur-vestur. Tóft B er mjög uppblásin og eru það eingöngu steinarnir sem eftir standa, einföld röð. Hvergi er að sjá op á henni.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Haukadalur, 2

RA-294:008 garðlag túngarður 6357.842N 1957.486V
Hringlaga garðlag liggur umhverfis hluta túnsins í Haukadal. Fyrir sunnan bæ 001 eru um 200 m í garðlagið en að norðan er um 240 m.
Hraun að hluta sem og uppblásið svæði en einnig nær garðurinn yfir grasivaxið svæði.
Garðurinn er hlaðinn úr grjóti og torfi. Hann er lengstur um 440 m og um 380 m þar sem hann er breiðastur. Á suðurhliðinni sem og þeirri SA er eingöngu grjóthleðslur en þar er einnig notast við þær klettaborgir sem eru til staðar. Að öðru leyti er hann úr torfi. Klippt hefur verið á garðinn á nokkrum stöðum í seinni tíð á norð og norðvestur enda en þar hafa verið byggð nýleg fjárhús og heimreiðin liggur í gengum garðlagið. Að hluta verður garðurinn óljós á suðurendanum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-294:009 hellir fjárskýli 6357.595N 1956.492V
"Norðar í hraunbrúninni er Stakkhyrnunef, hraunsnös er gengur norður. Þar var áður fjárból, hraunhellir, en hann smáfyllist af sandi, mest af vatnsrennsli," segir í örnefnalýsingu. Þar segir enn fremur "Þar beint í vestur [af 006] er Hrauntorfuklettar, þrír í röð, í hraunbrúninni með talsverðu millibili. Þar vestur í brúninni er Hrauntorfa, var þar byggt fjárhús árið 1863 og hafa þau verið notuð síðan. Áður var hellir notaður til fjárgeymslu," segir í örnefnalýsingu. Umræddur staður er um 1,1 km suðaustur af bæ 001 og um 700 m VNV af beitarhúsi 007.
Vel gróið hraun.
Engan helli né fjárskýli er að finna þar sem allt er enga hella er að sjá á svæðinu. Hugsanlegt að þeir hafi horfið eftir áfok.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Haukadalur, 2

RA-294:010 gata leið 6357.421N 1957.863V
"Langanef liggur að vesturenda öldunnar. Í þessari brún, nokkuð vestar, er allstór klettur, kallaður Sauðaklettur. Skammt fyrir vestan klettinn liggur gata, milli Selsunds og Haukadals, fyrir gangandi menn," segir í örnefnalýsingu. Leið þessa þekkir heimildarmaður Sverrir Haraldsson og segir hann að komið sé niður hjá Siggatóft í Selsundi [293_032].
Mosavaxið hraun.
Lítillega sést móta fyrir leiðinni sem liggur vestan megin í hrauninu og var hnit tekið þar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Haukadalur, 2

RA-294:011 *Kanastaðir* bæjarstæði býli
"Norðan við Ölduna er Hrauntáin, en undan henni kemur Kanastaðalækur. Uppspretta hans heita Kanastaðabotnar, Syðst- í Selsundslandi. Þar á að hafa staðið bær, Kanastaðir," segir í örnefnalýsingu. 1711: "Kanastaðabotnar kallast eyðipláts nokkur, meinast í Haukadalslandi, nálægt Gráhrauni (Selsundshrauni). Þar í nánd, þykjast menn heyrt hafa í gamladaga muni bær hafa verið, kallaður Kanastaðir, en engin sjást þar nú líkindi til. Munnmæli eru að hraunið skyldi yfir bæinn fallið hafa og hann so aftekinn." "Syðst vestur undir Hrauntánni eru Kanastaðabotnar (skiptast þar lönd Haukadals, Svínhaga og Selsunds), vestur af þeim er Kanastaðatorfa," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar Kanastaðir hefðu átt að vera.
Hraunið þar runnið 1440 eða 1389-90. Helgi Þorláksson vill meina að þarna hafi bær ekki staði hefur komi nafnið frá Kanastöðum í Landeyjum og tengist skógarítökum sem Ossabær hafi átt á Skarðssvæðinu.
Hættumat: hætta
Heimildir:Ö-Selsund, 5; JÁM I, 275; VS: Rangvellingabók, 197; Ö-Haukadalur, 2; HÞ, 159

RA-294:012 *Stekkjatúnslækur* heimild um stekk 6358.485N 1957.771V
"Á vestari öldunni er blágrýtisklettur, klofinn í tvennt, hann er í mörkum milli Næfurh(olts) og Haukad(als), og því kallaður Markasteinn. Fyrir austan Lágar kemur upp lækur, sem nefndur er Stekkjatúnslækur, niður með honum að vestanheita Seylur (mýrlendi), en vestur af þeim Stekkatúnsflöt. Hefur þar verið stekkur til forna." Segir í örnefnalýsingu. Um 1 km NVN af bæ 001 og um 180 m suðvestur af rétt 021 er umræddur staður. Ekki sést neinn stekkur þar og ekki minnist heimildarmaður þess að hafa séð þar tóftir.
Slétt, uppblásið svæði sem byrjað er að gróa aftur, nokkuð um hólamyndun.
Enginn stekkur sést á Stekkjartúninu þar sem líklegt er að hann hafi horfið vegna uppblásturs.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Haukadalur, 3

RA-294:013 *Ullarhvammur* örnefni þvottastaður 6357.926N 1957.630V
"Niður á túninu er Ullarhvammur, er nú búið að setja þar Kálgarð, og Ullarlág, vestan traða 014," segir í örnefnalýsingu. Þvottastaðurinn var um 100 m VSV af bæ 001 niður við lækinn.
Grasivaxinn bakki en beint norð-austur af er nýlegur kálgarður.
Engar hlóðir né önnur ummerki sjást um þvottastað. Sjálfir bakkarnir eru nokkuð brattir og grónir.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Haukadalur, 3

RA-294:014 heimild um traðir 6358.004N 1957.667V
"Niður á túninu er Ullarhvammur, er nú búið að setja þar Kálgarð, og Ullarlág, vestan traða," segir í örnefnalýsingu. "Gamla túnið í Haukadal skiptist í tvennt um gamlar upphlaðnar traðir sem lágu frá bænum til norðvesturs. Það tún sem var fyrir ofan bæ og traðir nefndist Norðurtún," segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Traðirnar byrjuðu í um 160 m norðvestur af bæ 001. Sverrir Haraldsson man vel eftir tröðunum sem voru niðurgrafnar. Einnig segir hann að þær hafi oft orðið ófærar yfir vetrartímann og því hafi vegurinn heim að bæ verið færður. Nú er þar sléttað tún sem var gert í kringum 1940-50.
Slétt grasivaxið tún.
Ekki sjást traðirnar en rétt sést móta fyrir hvar þær voru í grasivöxnu túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Haukadalur, 3; Ö-Haukadalur viðb., 2

RA-294:015 *Viðargarður* garðlag varnargarður 6357.936N 1957.441V

Garðlagið, horft til norðausturs

"Upp af lækjarbotninum er garður, sem hlaðinn var fyrir skriðurennsli í tíð heimildarmanns. Hann er nefndur Viðargarður, af því að við hann var gert til kola [016]," segir í örnefnalýsingu. Um 65 m suðaustur af Leyninu og um 20 m suður af fjárhúsi 002 er bútur af garðlaginu. Heimildarmaður Sverrir Haraldsson segir að hann hafi sést lengi vel, en nú sé eingöngu þessi bútur eftir.
Grasivaxið svæði sem í hefur verið plantað nokkru af birki og þá aðallega fyrir vestan og norðvestan HVAÐ? GARÐINN?.
Garðbúturinn er um 24 m langur og snýr NA - SV. Hann er um 1,5 að breidd og allt að 0,9 m að hæð. Með tímanum hefur austurbrúnin alveg sléttast en til norður er grasivaxin laut.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Haukadalur, 3

RA-294:016 heimild um kolagröf 6357.936N 1957.441V
"Upp af lækjarbotninum er garður, sem hlaðinn var fyrir skriðurennsli í tíð heimildarmanns. Hann er nefndur Viðargarður, af því að við hann var gert til kola," segir í örnefnalýsingu.
Grasivaxið smá hlíð.
Enginn ummerki er að finna á staðnum þar sem allt er vel gróið
Heimildir:Ö-Haukadalur, 3

RA-294:017 *Þórðarklettur* þjóðsaga útilegumannabústaður 6357.827N 1957.529V

Hellirinn, horf til austurs

"Fyrir sunnan túnið er klettahnaus, sem kallaður er Þórðarklettur, og Þórðarflöt vestan hans . Þar átti að hafa haldið til þjófur, sem Þórður hét; matreiddu hjónin í hann og leyndu honum þar," segir í örnefnalýsingu. Um 220 m suður af bæ 001 og í hlíð fyrir austan nátthaga 018 er klettaborg sem ber heitið Þórðarklettur.
Náttúrulegur klettur með grasigróinni hlíð til vesturs.
Hellisskútar sjást í suðurenda klettsins. Þeir eru ekki mjög stórir en þó gæti maður dvalið þar. Engar mannvistaleifar eru sjáanlegar inni í hellinum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Haukadalur, 3

RA-294:018 *Nátthagi* garðlag nátthagi 6357.847N 1857.493V



Tóftirnar, horft til vesturs

"Norðan við Öldu á Þórðarflöt [sjá 017] var Nátthagi. Þetta svæði var afmarkað með torfhleðslugarði og var notað til fjárgeymslu," segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Um 170 m suður af bæ 001 er nátthaginn en í austri er klettaborg.
Grasivaxið beitiland sem farið er að hlaupa í þúfur en til suðurs er uppblásið flatt svæði.
Garðlagið byrjar efst í hlíðinni í norðausturhorninu við klettana og endar við útilegumannahellinn (017) í suðausturhorninu. Það afmarkar svæði sem er um 50 x 50 m að stærð og virðist hafa verið op í suðvesturhorninu sem er um 2 m breitt. Þykkt veggja er um 2 m og eru þeir um 1 m að hæð. Austurbrúnin er upp við klettaborgina og því engin hleðsla þar. Garðurinn er farinn að síga í norðausturhorninu, efst í hlíðinni sem og við suðvesturhornið. Rof er á miðjum norðurvegg sem og á miðjum suðurvegg. Grjót sést glitta í á nokkrum stöðum á norðurvegg og á einum stað á þeim syðri en engin umför sjást. Tvær réttir eru í nátthaganum og eru þær báðar í norðvestur endanum. Sú austari, tóft A er um 12 x 7 m að stærð og snýr norðursuður, með hleðsluhæð um 0,8 m. Hún er fast upp við norðurvegginn á garðlaginu. Tóft B er um 20 m norðvestur af tóft A. Tóft B er þétt upp við norður- og vesturvegg garðsins og er um 9 x 4 m að stærð og snýr einnig norðursuður. Op er í norðvestur horni tóftar. Hæð hennar er um 1 m. Hvergi sést í gjót.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Haukadalur viðb., 1

RA-294:019 *Skógarvað* heimild um vað 6357.932N 1958.461V

"Fremsti lækur og Stórilækur sameinast norður á sandi skammt sunnan þjóðvegar, sem nú er og heitir Höfðalækur. Skammt norðan brúar á þjóðvegi er gamalt vað yfir lækinn. Heitir það Skógarvað," segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Nafnið Skógarvað er ekki þekkt lengur á þessu vaði en um 770 m vestur af bæ 001 er vað á Höfðalæknum samkvæmt heimildarmanni.
Uppblásið svæði sem allt er í sandi nema rétt við árbakkann en hann er gróin.
Sjálfur bakkinn er frekar aflíðandi og grasivaxin. Enn er farið yfir á þessum stað þar sem hjólför sjást greinilega.

Áin er ekki mjög djúp en þó er smá straumur í henni.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Haukadalur viðb., 2

RA-294:020 *Dýjafit* heimild um vað 6358.734N 1959.237V
"Vað yfir Rangá, neðan við Mýrarskóga eða norðvestan við þá. Það heitir Dývað. Sagt var einnig að fara yfir ána á Dýjafit, en svo heitir graslendi Landsveitarmegin fyrir landi Leirubakka," Segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Um 2 km norðvestur af bæ 001 og um 1,4 km VNV af rétt 021 við bakka Rangár er Dýjafit þar sem vaðið var á ánni.
Vel gróin hlíð með lyngi og birkitrjám.
Bakkarnir eru um 0,5 m háir og vel grónir. Rangáin er djúp og straumhörð en á henni er tangi sem farið var fyrir og þar upp kvíslina en þar sést enn rétt móta fyrir slóðanum.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Haukadalur viðb., 2

RA-294:021 tóft rétt 6358.547N 1957.602V



Tóftin, horft til austurs

"Í háaustur frá Undirlendishól er graslendi flatlent sem heitir Mosar. Ná þeir yfir í Næfurholsland. Suðaustan við Mosa, en örskammt norður frá Helgunefi var fjárrétt, sem er enn vel varðveitt," segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Um 1,1 km beint norður af bæ 001 og um 180 m norðaustur af stekkjartúninu á mjög uppblásnu svæði er leifar af grjóthlaðinni rétt.
Uppblásið svæði sem aðeins er byrjað að gróa aftur með litlu kjarri á stangli.
Réttin er um 11 x 9 m að stærð og snýr austurvestur. Hún er þríhólfa og með gerði. Hæð hennar er um 0,7 m og er hún eingöngu úr grjóti. Hólf A er í suð-vesturendanum og er um 7 x 5 m að stærð, snýr norður-suður. Op hefur verið fyrir miðjum vesturvegg. Allt upp í sex umför sjást af hleðslu. Hólf B er norður af A og er það minna eða um 5 x 3,5 m að stærð. Op hefur einnig verið fyrir miðjum vesturvegg. Hólf C er beint austur af A og B en er það hólf minnst eða um 4 x 3 m að stærð að utanmáli. Hvergi er op á því hólfi. Gerði gengur út frá SV- og NV-hliðum á hólfi A og B og er það eingöngu grjót eftir. Veggurinn sem gengur út frá hólfi A er um 7 m landur og beygir til SV og sá er gengur út frá hólfi B er um 10 m langur og liggja til NV. Erfitt er að sjá hvar þau enda þar sem mikill uppblástur hefur átt sér stað á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Haukadalur viðb., 2

RA-294:022 heimild um ristu
"Í Seylum suðaustan við Valllendisöldu var torfrista og var það svæði nefnt Torfpæla," segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Ekki er nú vitað nákvæmlega hvar torf var rist og því var ekkert hnit tekið það sem enginn staður þótti líklegri en annar..
Heimildir:Ö-Haukadalur viðb., 2

RA-294:023 *Fjósaflöt* örnefni fjós 6357.952N 1957.521V

Hleðslan, horft til austurs

"Í norður frá bænum er Fjósaflöt." segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Örnefnið Fjósaflöt er ekki þekkt í dag en fjós mun hafa staðið í um 10 m norður af bæ 001 og í um 50 m vestur af garði 025. Þar hafi fjósið staðið ásamt tveimur hesthúsum sem stóðu þar við, en öll húsin voru rifin fyrir um 10 - 15 árum.
Sléttað svæði sem allt er í órækt. Vegslóði liggur norðan við sem nær upp á tún.
Engar fornleifar sjást þar sem fjósið stóð enda allt verið sléttað. Á vesturhluta svæðisins eru þó hleðslur sem gætu hafa verið hluti af fjósinu eða hesthúsunum. Þetta eru 2 - 3 umför af hleðslum og um 6 x 5 m að stærð. Ofan á þeim er grasivaxið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Haukadalur viðb., 2

RA-294:024 heimild um útihús 6357.999N 1957.556V

"Norður af Laut er Torfa um það bil sjö dagsláttur. Á seinni árum var talað um Niðurtorfu og Upptorfu. Á niðurtorfu voru mjög gamlar kofarústir samtals fimm. Þær voru jafnaðar við jörðu þegar Torfan var gerð að nýrækt. Var það á fimmta áratugnum. Sagt var að í einni kofarústinni sæist stundum ljós og jafnvel huldufólk," segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Torfa er um 100 m NVN af bæ 001.
Sléttað tún.
Allt hefur verið sléttað og því var hnit tekið á smá hól sem þótti líklegur að eitt af útihúsunum hafi staðið en aðrir staðir voru ekki greinilegir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Haukadalur viðb., 2

RA-294:025 *Gerði* garðlag 6357.954N 1957.456V

Gerðið, horft til austurs



"Í háaustur frá bænum hét Gerði. Var það afmarkað með torfhlöðnum vegg og stendur hluti af honum enn. Í Gerðinu var stórgripum leyft að taka niður og hafðir þar til geymslu," segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Um 50 m ANA af bæ 001 og um 20 m NV af lambhúsi 002 stendur bútur af gerðinu.
Í smáhalla á sléttu túninu.
Veggbúturinn er um 8 - 9 m langur og um 1,5 m breiður og snýr norður-suður. Hæð hans er um 0,7 m og er hann vel gróinn, enda sést hvergi í grjót í honum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Haukadalur viðb., 3

RA-294:026 heimild um lambhús 6358.053N 1957.375V

"Efst á Norðurtúni var áður fyrr lambhús, sem aflagðist um 1940. Út frá húsinu er rennislétt flöt, sem heitir Lambhúsflöt," segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Um 230 m norðaustur af bæ 001 og um 30 m norður af garðlagi 008 var lambhús. Sverrir Haraldsson man vel eftir lambhúsinu þar sem það var á leiðinni á milli Næfurholts (RA296_003) og Haukadals.
Sléttað tún.
Engar fornleifar sjást í sléttu túninu. Aðeins sést móta fyrir ósléttu og sennilega hefur húsið staðið þar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Haukadalur viðb., 3

RA-294:027 heimild um leikvöll 6357.936N 1957.441V

"Fyrri ofan Brekkur eru þrjár klettaborgir, þar sem börn léku sér gjarnar með sinn búsmala. Þessar borgir

nefndust einu nafni Klettar." segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Sverri heimildarmaður kannast ekki við að leikstaður barna hafi verið á umræddum stað en segir að þegar hann muni eftir sér hafi leikvöllur verið suður af garðlagi 015.
Grasivaxin hlíð.
Enginn ummerki mannvistar er að sjá.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Haukadalur viðb., 3

RA-294:028 tóft beitarhús 6357.541N 1955.456V

Áletrunin

Tóftin, horft til austurs



Tóft af beitarhúsi er um 170 m beint austur af fjárhúsi 007 og 1,8 km suðaustur af bæ 001.
Vel mosa- og birkivaxið hraun allt í kring
Tóftin er um 11 x 10 m að stærð og snýr austurvestur. Hún er um 1,6 m að hæð og er þríhólfa. Hólf A er syðst og er það stærst eða um 11 x 4 m að utanmáli og snýr austur-vestur með opi fyrir miðjum vesturvegg, en þar er steinhella yfir. Í austurendanum er niðurgrafið heystæði sem er um 2 m að stærð á báða vegu. Grjóthleðslur sjást um allt hólf A að innanverðu og eru allt að níu umför af grjóti. Jötur eru sitthvoru megin í innanverðu hólfi A. Við hornsteininn syðri að utanverðu hefur verið grafið ártalið 1896 - Ari - Jón. Norður af hólfi A í vesturendanum er hólf B, sem er heystæði, en það hólf er um 4 x 4 m að stærð. Op hefur að öllum líkindum verið fyrir miðjum norðurvegg en þar er allt hrunið nú. Það sama er með hólf B og A að allstaðar sést í grjót að innanverðu. Austur af hólfi B er hólf C en það er um 6 x 4 m að stærð og snýr austur-vestur og hefur verið opið alveg til austurs. Grjót sést á öllum hliðum að innanverðu sem og að ofan á veggnum. Sennilegt er að hólf B og C séu eldri þar sem þau eru töluvert grónari heldur en hólf A og að þau hafi hrunið í jarðskjálftanum 1896 en þá hafi hólf A verið reist og grafið í bergið.
Hættumat: engin hætta

RA-294:029 bæjarstæði býli 6358.547N 1957.602V
"Nokkuð í útnorður af bænum er bæjarrúst. Ekki er kunnugt um nafn þess bæjar, en fundizt hefur þar ýmislegt, er bendir til, að þar hafi bær staðið ... Þar var síðar byggt stekkjartún," segir í örnefnalýsingu. Heimildarmaður kannast ekki við að það hafi staðið býli en bendir á að hugsanlegt er að um fjárrétt [021] að ræða.
Engar minjar um bæjarstæði sýnilegar þar sem allt svæðið uppblásið.
Hættumat: hætta
Heimildir:Ö-Haukadalur, 1

RA-294:030 tóft rétt 6357.840N 1957.485V

Tóftin, horft til norðvesturs



Rétt suður af nátthaga um 15cm VSV af klettabrúninni og um 200 m suður af bæ 001 eru leifar af rétt.
Hraunborg með uppblásnu svæði til suðurs.
Það sem eftir er af réttinni er eingöngu hlaðið úr grjóti. Hún hefur verið um 10 x 5 m að stærð og er allt að 1 m að hæð. Op er í suð-austur horninu. Töluvert mikið grjót hefur verið tekið úr henni. Sverrir Haraldsson man eftir að hafa rekið í réttina einu sinni þegar hann var um 12 ára aldur og sagði hann að það hefði verið mjög erfitt að reka inn í hana þar sem hún stendur í hlíð, enda hafi fljótlega eftir þetta hætt að nota hana.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-294:031 þúst óþekkt 6357.591N 1958.122V

Þústin, horft til vesturs



Um 820 SV af bæ 001 og um 560 m NA af fjárhústóft 032 í landi sumarhúss, í smákrika við rætur hraunsins, er óþekkt þúst.
Tóftin er við rætur hraunsins sem og slétt lyngvaxið graslendi þar sem sumarhúsið stendur.
Tóftin er 5 x 4 m að stærð og er sporöskjulaga. Hæð hennar er um 0,3 m og snýr norður-suður með opi á norðurenda. Hún þó nokkuð sigin og sést einn frekar stór steinn í suðurenda.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-294:032 tóft beitarhús 6357.383N 1958.615V



Tóftin, horft til austurs

Um 1,4 km suðvestur af bæ 001 og um 560 m suðvestur af þúst 031 er tóft af beitarhúsi. Stendur hún milli tveggja sumarhúsa í krika.
Hraunið er vel gróið með mosa og birkitrjám til austurs en vestan við rennur lítil á. Sunnan við tóftina er lækjaruppspretta sem sameinast læknum.
Tóftin er 17 x 9 m að stærð og snýr norður-suður með hleðsluhæð um 1,6 m. Hún er með fjögur hólf og er hólf A syðst. Það er um 9 x 5 m að stærð að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á miðjum vesturvegg þar sem hella er enn yfir opinu sem er þó byrjað að siga töluvert. Hleðslugrjót sést allstaðar í henni að innanverðu og eru allt að 9 umför af hleðslum. Austurhliðin er hlaðin fast upp við hraunið. Sést móta fyrir jötum sitthvoru megin sem eru vel grónir. Hólf B er norður af hólfi A. Það er 9 x 4 m að stærð og snýr einnig austur-vestur. Op hefur verið á miðjum vesturvegg en er nú hrunið. Allt að 6 umför af hleðslugrjóti sjást að innanverðu í austur- og vesturendum. Hólf C er í norðvestur horninu við hólf B. Þetta hólf er minnsta hóflið eða um 4 x 4 m að stærð og með op á vesturvegg. Hleðslugrjót sést á öllum hliðum að innanverðu og eru allt að 6 umför sýnileg. Hólf D er norður af C en það hólf er L laga og nær aftur fyrir hólf C. Það er um 6 x 7 m að stærð með opi fyrir miðjum vesturvegg. Hólf D er mjög sigið og hvergi sést í grjót í því enda farið að hlaupa mikið í þúfur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-294:033 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var matjurtargarður fast norðan við bæ 001.
Sléttað svæði að hluta. Braggi hefur verið byggður norðan við bæ.
Enginn ummerki sáust um matjurtargarðinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

Tœnakort fyrir Bolholt



RA-295 Bolholt

Að fornu var jarðardýrleiki 12 hdr, en jörðin tíundaðist sem hún væru 20 hdr 1711. 20 hdr. 1847. Lénsjörð Keldna- og Gunnarholtssókna. "Bolholt hefur fyrir 1580 verið orðið eign konungs, því það ár afhenti Hohn Bucholt höfuðsmaður Gísla Jónssyni biksupi í Skálholti jörðina til að vera lénsjörð prestsins í Skúmsstaðaþingum." VS: Rangvellingabók, 41. "Bolholt lagðist í eyði 1950 en húsmennskufólk hefur verið þar öðru hvoru á síðari árum í nýlega byggðu íbúðarhúsi. Meginhlutinn af Bolholtslandi er nú örfoka sandur og hraun en áður en það blés upp var það hið kostabesta land." SB V, 61
1711: "Túninu, engjum og högum spillir stóum blástur sandur og liggur framvegis undir skaða." JÁM I, 273 1787: "Túnin eru hér hreint af foksandi og bærinn sjálfur sést ekki að standa kunni næsta ár fyrri dalega áfallandi sandfenni." VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1953, 34. 1840: "Útigangur rétt góður, þegar ekki koma sandveður mikil, en þegar það skeður á vetrardegi, tekur nálega af allan haga, því sandur er víðast gengin yfir land þessarar jarðar. - Heyskapur er þar þó nokkur enn, þegar vel lætur í ári." 1849: "Tún engin, engjar snöggar en ekki litlar. Landmikið til forna, en mjög blásið og gott það eftir er." 1884: "Túnið er ennþá ekki stórskemmt af því Rangá hlífir því nokuð á innveginn en að öðru elyti ligja sandblástrar fast að því. - Slægjunes fyrir landnorðan túnið er sumpart eytt, sumpart lítt skemmt. - Litlar og mjóar graslendisræmur í sunnanverði landareigninni eru að fara af og að kalla einskis virði, en nokkuð mieri nytjar eru af sundurtættum mela og laufnubbum í norðanverðri landareigninni, að öðru leyti er landareignin gjöreydd." VS: Rangvellingabók, 41-42 1917: Tún 2,9 ha, þar af 2,2 ha slétt, garðar 528 m² 1940: "Tún: Þurrlent, vélfært að mestu. Jarðvegur: Sendinn. Engjar: Út frá túni, sléttar og greiðfærar, milli mýrar og valllendis, þurrar. beitiland: Að mestu uppblásið eftir smágeirar með Rangá. Sæmilegt til beitar." VS: Rangvellingabók, 41-42

RA-295:001 *Elsta-Bolholt* bæjarstæði bústaður 6356.473N 2008.443V

Bæjarhóllinn, horft til NNV

"Elsta-Bolholt, kallað Forna-Bolholt á uppdrætti Íslands, blaði 47. Tæpan kílómetra austur af Hamri og svipaðan spöl suður af Gilhól," segir í örnefnalýsingu Ingólfs Enarssonar. "Elzta-Bolholt, ..., fór í eyði langt fyrir 1700. Nú er þar örblásið umhverfis" segir í örnefnalýsingu Helgu Skúladóttur. Í Eyðibýli og aðnir á Rangárvöllum eftir Vigfús Guðmundsson segir: "Fyrsti bærinn stóð á flötum bala, er nú gæti ekki kallazt holt." Þar segir en fremur "1691 ... mest partur af húsgarðinum ósstæðilegur og ónýtur, einnig heygarðurinn víða lasinn." Brynjúlfur Jónssonsegir í Skrá yfir eyðibýli:"Fyrst stóð það inn með ánni, nokkru framar en á móts við Járnlaugarstaði. Þar sjást rústir allmiklar í sandunum; en hið bezta af grjótinu er þó búið að draga heim að Bolholti sem nú er." Um 1,2 km ANA af bæ 003 er sandhlíð með 3 - 4 grashólum sem erfitt er að gera grein fyrir hvort hafi verið rústhólar. Hér stóð Elsta-Bolholt samkvæmt Þorsteini Oddsyni heimildarmanni. Uppblásinn melur með grasþúfum á stangli.
Engar fornleifar þar sem allt er uppblásið á svæðinu þar sem bærinn stóð.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-BolholtIE,3; Ö-BolholtHS, 2; Árbók 1898, 12; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1953, 30-31

RA-295:002 *Gamla-Bolholt* bæjarstæði bústaður 6356.137N 2007.231V

Bæjarstæðið, horft til suðausturs

"Gamla Bolholt, í örnefnaskrá Helgu Skúladóttur nefnt Mið-Bolholt, en Gamla-Bolholt virðist vera hið algengara örnefni nú. Rústir sunnanvert á háum grasi grónum hól, sem ber hátt og sést langt að, um kílómetra suð-austur af Elsta-Bolholti; upp á jaðri hraunsins," Segir í örnefnalýsingu Ingólf Einarssonar."Mið-Bolholt stóð á háum hól, norðanvert við Borgarhraun. 1711 er nýbúið að flytja bínn þangað, og helzt hann þar við í um 80-90 ár." Segir í örnefnalýsingu Helsgu Skúladóttur. Vigfús Guðmundsson segir í Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum: "Austan við bæjarholtið á lægri stað sjást leifar af tveimur húsum, er staðið hafa saman, en með dyrum á andstæðum hliðarveggjum, til austurs og vesturs. Eystri rústin er stærri, um 35 fet á lend og 8 fet á vídd, líklega einstætt fjós. Hin 22x7-8 fet ... Á enn lægri stað norðvestar, laust frá holtinu, er grjótdreif af kofa, að líkindum, sem ekki verður mæld. Þar er líka mikið af beinarusli ýmiss konar." "Frá Elsta-Bolholti mun bærinn hafa verið fluttur hingað á 17. öld, en frá Gamla-Bolholti 1789 út að Rangá, þar sem byggð hélst til 1950, er síðasti Bolholtsbóndinn, Böðvar Böðvarsson, flutti að Kaldbak," segir í örnefnalýsingu. Í landi Landgræðslunnar (SA við hreppsveg), er stór grænn hóll í hrauninu um 1,2 km suðaustur af Elsta-Bolholti 001 og um 2 km austur af Bolholti 003. Þetta er Gamla-Bolholt skv. Þorsteini Oddssyni.
Grasivaxin hlíð með hraun til austurs. Mikil uppgræðsla frá Landgræðslunni er fyrir neðan hlíðina til norðurs með grenitrjám, birki og lúpínu.
Bæjarstæðið hefur snúið norður-suður og örlar fyrir smá tóftarbroti á einum af mörgum litlu hólunum sem hafa myndast á svæðinu. Þetta er lítil þúst sem er um 9 x 6 m að stærð og mjög gróin. Annað er uppblásið og byrjað að gróa aftur. Engin önnur ummerki var hægt að greina á stanðum þó víða væri leitað og svæðið gengið.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-BolholtIE, 3;Ö-BolholtHS, 1; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1953, 32

RA-295:003 *Bolholt* tóft bústaður 6356.269N 2009.792V

Bæjartóftin, horft til norðausturs

Áletrunin í steininn



"Frá Elsta-Bolholti mun bærinn hafa verið fluttur hingað á 17. öld, en frá Gamla-Bolholti 1789 út að Rangá, þar sem byggð hélst til 1950, er síðasti Bolholtsbóndinn, Böðvar Böðvarsson, flutti að Kaldbak." Segir í örnefnalýsingu Ingólf Einarssonar."Aftur var byggð upp tekin í Bolholti 1804 og bærinn þá reistur í Hrísnesi vestur við Rangá. Var hann í fyrstu nefndur Nýja-Bolholt og stóð bærinn þar síðan meðan jörðin var í byggð. Bolholt var í eyði 1882-1891, en síðan var búið þar til 1950, en þá lagðist jörðin í eyði og hefur verið það síðan. Á árunum 1969-1973 var reist íbúðarhús hjá síðasta bæjarstæðinu og síðan hefur fólk örðu hvoru verið þar til húsa" segir Valgeir Sigurðsson í Rangvellingabók Yngsta bæjarstæði Bolholts er um 50 m SSA af nústandandi íbúðarhúsi. Um 5-7 m NA af hólnum er núverandi heimreið.

Grasivaxið þýft svæði með bithaga til vesturs en Rangáin rennur í norð-austri.

Bæjarsræðið er um 40 x 25 m að stærð og snýr suðaustur - norðvestur. Tóftin er um 1,7 m á hæð og er hún hæst á suðaustur endanum. Greinileg hólfa skipun er þó nokkuð skýr og er hólf 1 í norðaustur horninu. Það er um 12 x 5 m að stærð að utanmáli og snýr austur-vestur. Op er í norðvestur horninu. Ekki virðist vera innangengt í önnur hólf úr hólfi 1. Hólf 2 er suður af hólfi 1, inni í miðri tóftinni. Hólf 2 er um 7 x 7 m að stærð með opi til norðurs. Opið er þó mjög óskýrt. Ekki er opið í önnur hólf úr hólfi 2. Beint austur af hólfi 2 er hólf 3. Það hólf snýr norður-suður og er með opi á miðjum austurvegg. Hólf 3 er um 4,5 x 5 m að stærð. Suður af hólfi 3 er hólf 4 sem er um 4 x 4 m að stærð og alveg opið til austurs. Grjót sést í vesturhorninu allt að tvö umför af hleðslu. Hólf 5 er suðvestur af hólfi 4. Það hólf er um 6 x 4 m að stærð og snýr norður-suður með opi á miðjum suðurvegg. Um 1 m vestur af hólfi 5 virðast vera mjó göng inní miðja tóftina, þau eru um 1m breið og um 8 m löng og eru opin til suðurs. Þau ganga inn í lítið rými sem hér er kallað hólf 6 en það er allt innfallið og er um 3 x 2 m að stærð og snýr austur-

vestur. Sennilega hafa göngin gengið inn í hólf 2 þar sem þau liggja beint aftan við það hólf en ógerlegt er að sjá það sökum hruns. Vestur af göngunum er hólf 7 en það hólf er um 7 x 5 m að stærð og snýr norður-suður, með opi á suður enda. Hólf 8 er vestur af hólfi 7 og er um 7 x 7 m að stærð, alveg opið til suðurs. Um 1 m breiður garði er fyrir miðju hólfinu sem nær frá opi og nær alveg að norðurveggnum, þó er smá bil þar á milli. Hugsanlegt er að þetta hólf hafi verið fjósið. Hólf 9 er svo vestur af hólfi 8, í suðvesturhorni tóftar. Hólf 9 er um 8 x 7 m að stærð og snýr norður-suður. Hólfið er opið í suðvestur horninu. Grjóthleðslur sjást í norðvestur horninu og má greina allt að sex átta til níu umför af hleðslum Síðasta hólfið, hólf 10, er norður af hólfi 9, þó aðeins austar. Það er um 9 x 9 m að stærð og hefur verið með opi í norðaustur horninu. Núverandi Bolholt stendur í um 60 m norðaustur af tóftinni og var það reist í kringum 1969 og er búið þar í dag. Við norðausturhorn íbúðarhússins er steinn sem er grafið í "B 1851 AF BBS". Var steininn tekinn úr tóftinni og færður við

húsgaflinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-BolholtIE, 3; VS: Rangvellingabók, 40-41,

RA-295:004 tóft útihús 6356.264N 2009.651V



Tóftin, horft til austurs

Samkvæmt Túnakorti 1917 var útihús um 120 m austur af bæ 003 og um 160 m suðaustur af núverandi íbúðarhúsi, fast við suður bakka Rangár (ytri) er tóft.
Algróinn hagi fast við bakka Rangár. Tóftinni stafar eflaust einhver hætta af nálægð sinni við Rangá sökum rofs.
Tóftin er um 9 x 9 m að stærð. 2 hólf eru greinileg. Hið nyrðra er 5 x 2 m að innanmáli og hið syðra er 5 x 3 m. Hólfin eru samsíða. Dyr eru greinilegar á vesturvegg syðra hólfsins en enginn veggur er greinanlegur á vesturvegg nyrðra hólfsins og hefur hugsanlega verið timburþil þar. Mögulegt er að þriðja hólfið hafi verið í tóftinni austanverðri og snúið þá þvert á hin tvö en allt er það þó óljóst vegna hruns. Mest veggjahæð er um 1,8 m. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti en erfitt er að greina fjölda umfara sökum þess hve vel rústin er gróin. Hæst er að greina bárujárn gróið í hrunið sem er ótvíræð vísbending um að um 20. aldar byggingu er að ræða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-295:005 náma mógrafir 6356.438N 2005.201V
"Mótak er í landareigninni," segir í Sunnlenskum byggðum. Um 570 m norðaustur af bæ 003 eru mógrafir. Rangá rennur norðan við.
Grasivaxinn bali sem liggur sunnan við Rangá. Þó nokkuð af kjarri er á annars þýfðu svæði. Hólmi úr Rangá blasir við í vestri en hann er vel gróinn kjarri. Mógrafirnar eru við rætur smá halla úr suðri sem er grasi og kjarri vaxinni hlíð.
Mógrafirnar snúa austur-vestur, alls um 50 x 23 m að stærð og eru allt að um 1,50 m. Grafnirnar eru mjög blautar en með gróna bakka. Þær fjara út við vel gróinn mel að vestan sem liggur að Rangá. Þær eru tiltölulega beinar en á suðurhlið er aðeins skorið inn á einum stað en ekki stórt sár. Samkvæmt Ásgeiri Auðunssyni heimildarmanni fékkst ágætis mór úr gröfunum. Var mórtekinn í landi Bolholts fram yfir 1920 en ekki er vitað hvenær því var hætt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:SB V, 61

RA-295:006 varða landamerki 6357.175N 2006.589V
Í Rangvellingabók eftir Valgeir Sigurðsson segir um landamerki: "Að norðaustan liggja mörkin (móts við Svínahagaland) frá Geldingjabæli, sjónhending í vörðu norðvestan við Járnlaugsstaðabæjartóftir," segir í örnefnalýsingu. Um 3,1 km norðaustur af bæ 003 og um 2 km NNV af vörðu 015 eru landamerki milli Bolholts og Svínhaga.
Grasivaxinn þýfður árbakki. Rangá rennur fast upp við lítinn hólma sem landamerkin miðast við.
Hnit var tekið við landamerkjastaur sem skilur að Bolholt og Svínhaga.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 41

RA-295:007 *Ærhús* tóft beitarhús 6356.687N 2009.024V



Tóftin, horft til norðvesturs

"Bolholtsnes. Við Ytri-Rangá framan frá Hamri inn að Gilhól. Þar er enn óblásið eina verulega haglendi Bolholts, annað en Hrísnes. Í nesinu miðju, skammt frá ánni, var ærhús til 1950," segir í örnefnalýsingu Ingólfs Einarssonar. Um 1 km norðaustur af bæ 003 og um 620 m norðvestur af bæjarstæði 001 er tóft af beitarhúsi. Rangá rennur um 150 - 200 sunnar en tóftin.

Grasi vaxinn melur sem þó nokkuð er búið að græða upp með trjáplöntum. Smá halli er til norðurs er liggur að lægri mel sem nær niður að bakka Rangár.

Tóftin er um 17 x 9 m að stærð og snýr NV/SA, alveg opin til norðvesturs. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti og er hæð hennar mest um 1,8 m. Hleðslugrjót sést eingöngu að innanverðu og þá aðallega í suðvesturhorninu, en töluvert hefur hrunið úr veggjunum þar. Allt að tvö til þrjú umför af hleðslum eru sýnileg. Í suðurendanum er hún aðeins niðurgrafin og mjókkar lítillega við norðurendann, sennilegt að þetta hafi verið hlaða. Engin ummerki um garða né jötur var að sjá inní tóftinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-BolholtIE, 2

RA-295:008 *Borgarhraun* tóftir fjárskýli 6355.961N 2008.262V

Hóll B, horft til suðausturs

"Borgarhraun. Suðvesturhluti þess hluta hraunsins sem er í landi Bolholts. Þetta örnefni nær suður í Kaldbaks og Þingskálaland. Árni Böðvarsson tekur réttara að rita Borgahraun, enda er það kennt við fjárborgir, bæði frá Bolholti og Kaldbak," segir í örnefnalýsingu Ingólfs Einarssonar. Um 1,4 km suðaustur af bæ 003 og um 900 m VSV af Gamla-Bolholti 002 eru þrjár fjárborgir. Uppblásið hólasvæði í hrauninu sem er byrjað að gróa aftur þar sem landgræðslan hefur plantað norð-vestan við fjárborgirnar.

Fjárborgirnar eru allar uppblásnar og orðnar að litlum hólum. Alls er rústarsvæðið um 130 x 45 m að stærð. Hóll A er um 6 x 7 m að stærð og stendur nyrst. Þetta er lítill hóll sem er fullur af grjóti og sandi en er byrjaður að gróa. Hann stendur í litlum halla. Hann er um 1,5 m að hæð og töluvert af grjóti sést í honum neðst . Hóll B er um 60 m suður af A. Hann er stærri en A, um 10 x 10 m að stærð og um 2,5 m hár. Hann er vel gróinn og sjást grjóthleðslur á austurhlið hans sem og aðeins á vesturhlið. Hóll C er um 80 m suðvestur af hól B. Hann er svipaður að stærð og A eða um 7 x 6 m að stærð og um 2,1 m að hæð. Grjót sést í honum nær allan hringinn en að öðru leyti er hann vel gróinn eins og hinir hólarnir. Á engum hólanna eru beinlínis hleðslur en þeir eru greinlega manngerðir.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:Ö-BolholtIE, 2

RA-295:009 tóftir beitarhús 6356.086N 2004.915V



Horft yfir tóftasvæðið til austurs

"Í Borgarhrauni stóðu fjárborgir [008] til 1922, varð þá að flytja þær vegna sandblásturs, austur í Grashraun." segir í örnefnalýsingu Helgu Skúladóttur. Um 2 km austur af Gamla-Bolholti 002 og um 780 m austur af vörðu 015 eru tóftir af beitarhúsum. Vegslóði Landgræðslunnar er um 200 m suðvestur af tóftunum.
Gróið hraun. Spildan sjálf er vel grasivaxin en, gróið hraun blasir við til allra átta.
Tóftirnar eru þrjár og ná yfir svæði sem er alls 45 x 24 m að stærð. Sú nyrsta (tóft A) er stærst eða um 16 x 6 m og stendur hún utan hól. Hún snýr norður-suður og er norðurparturinn niðurgrafinn þar sem hlaðan hefur verið. Er hann um 6 x 6 m að stærð. Hleðslugrjót er vel sýnilegt að innan í allri tóftinni og má greina allt frá fjórum og upp í fjórtán umför þar sem tóftin er dýpst. Op er á miðjum suðurvegg tóftar sem nú er hrunið fyrir. Engin ummerki um garða eða jötur eru sýnilgear að innan. Fast vestan við tóft A hefur verið stungið niður sporöskjulaga heystæði sem er um 7 x 4 m að stærð og um 0,3 m djúpt sem snýr norður-
suður. Tóft B er um 20 m SSV af tóft A. Hún er minni en A eða um 10 x 5 m að stærð og snýr autur-vestur með litlu hólfi áföstu sunnanmegin, sem er um 5 x 4 m að stærð. Tóftin er úr torfi og grjóti og á stærra hólfinu er op fyrir miðjum vesturvegg en á því minna er ekkert op. Hleðslugrjót sést allsstaðar að innanverðu og má greina allt að sex umför af hleðslu, þó hvergi sáist móta fyrir jötum og görðum. Veggjahæð er mest um 1,6 m. Minna hólfið er lægra en þar sjást eingöngu um tvö umför af hleðslum. Fast austan við litla hólfið hefur verið stungið niður smá hringlaga svæði sem er um 3 x 3 m að stærð. Tóft C er 30 m vestur af tóft B. Tóft C er hringlaga gerði hlaðið úr grjóti. Gerðið er um 10 x 10 m að stærð og vestur af því er hlaðinn um 14 m langur veggur með allt að einum til þremur umförum af grjóthleðslu. Í sjálfu gerðinu má sjá allt að þrjú umför af hleðslugrjóti. Op er á vesturhlutanum, sunnan við vegginn sem gengur út frá gerðinu. Sjálft opið er um 2 m að breidd. Norðurhluti tóftarinnar er að hluta náttúrulegur og hefur verið hlaðið útfrá honum sem og ofaná hann. Hæst er gerðið um 1,4 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-BolholtHS, 1

RA-295:010 náma mógrafir 6356.522N 2009.149V

Mógrafirnar, horft til VSV

Samkvæmt Ásgeiri Auðunssyni voru tvennar mógrafir á Bolholti. Um 700 m norðaustur af bæjarhól 003 og um 160 m NNA af mógröfum 005 eru aðrar mógrafir á þurrum mel. Rangá rennur norðan við melinn.
Frekar sléttur grasivaxinn melur með lágu kjarri allt í kring. Trjám hefur verið plantað um 20 m austur af gröfunum.
Mógrafirnar liggja NV-SA á svæði sem er um 66 x 7 m að stærð. Þær eru frekar grunnar eða um 0,20 m. Þær eru alveg þurrar, mikið af sandi hefur fyllt þær og eru því óljósar vegna uppblásturs. Greinilegt er að uppgræðsla hefur verið töluverð á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-295:011 *Hellisvað* heimild um vað 6356.081N 2010.327V
"Hellisvað, á Rangá, um 250 m fyrir ofan Maragil. Kennt við Hólfsstaðahelli á Landi. Mun vera ófært nú orðið," segir í örnefnalýsingu. Hellisvað var um 560 m suðvestur af bæ 003.
Bakki Rangár er fast við litla brekku sem nær uppá sléttað túnið til suðurs og suð-austur.
Engin ummerki um vað eru sýnileg, enda kemur fram í örnefnalýsingu að það er ekki lengur til. Að auki telur Þorsteinn Oddsson frá Heiði að vöðin í sveitinni hafi breyst á milli ára eftir hvernig Rangáin var. Lítill hólmi er í Rangánni sem farið var yfir á vaðinu. Hann er vaxinn mosa og birkitrjám.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bolholt, 4

RA-295:012 *Húsgarðsvað* heimild um vað 6356.400N 2009.351V
"Húsgarðsvað, á Rangá innan við Hamar, yfir í Húsgarðshólma, skammt fyrir suðaustan Húsagarð á Landi," segir í örnefnalýsingu Ingólfs Einarssonar. Húsgarðsvað er um 440 m norðaustur af bæ 003 og um 140 m suðvestur af mógröfum 005. Húsgarðshóli er um 30 m vestur af vaðinu sem er yfir Rangá.
Votlendur melur sem liggur suðvestur af grasbakka. Hólminn er vel kjarri gróinn.
Engin ummerki um vað eru sýnileg enda breyttust þau frá ári til árs samkvæmt heimildarmanni. Líklegast flæðir Rangá stundum yfir melinn sem hnitið var tekið á en vestast þar er áin grunn og lítil eyja í framhaldi áður en straumhörð Rangáin sjálf tekur við út að hólmanum en þar eru bakkarnir vel grónir og nokkuð háir.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-BolholtIE, 4

RA-295:013 *Vað inn í Klettum* heimild um vað 6356.771N 2009.025V
"Vað "inn í Klettum", kallaði Árni Böðvarsson vað á Rangá örskammt austan en þar, sem Bolholtsnes skagar lengst til norðvesturs. Kennt við svonefnda Kletta, háa brún Þjórsárhrauns utan (vestan) við ána, á Landinu," segir í örnefnalýsingu Ingólfs Einarssonar. Vaðið var um um 1,1 km norðaustur af bæ 003 og um 160 m norður af fjárhúsi 007 við bakka Ytri-Rangár.
Melurinn sem bakkinn stendur við er vaxinn lágum kjarrbrúskum. Árbakkinn er mosagróinn en rof er í honum. Norðvestan við Rangána er þó nokkur klettaborg.
Engin ummerki um vað eru á staðnum. Áin er djúp og nokkuð straumhörð. Þorsteinn Oddsson frá Heiði telur að vöð á Rangá hafi verið mörg og að þau hafi breyst frá ári til árs.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-BolholtIE, 6

RA-295:014 heimild um huldufólksbústað 6356.137N 2007.231V
"Í holtinu [Mið-Bolholti] á að vera huldufólk," segir í örnefnalýsingu. Enginn af þeim sem rætt var við veit um neinn huldufólksbústað á landi Bolholts. Bjarni Böðvarsson heimildarmaður telur að staðsetningin gæti hugsanlega verið við Gamla-
Bolholt 002 en kannast ekki við neinar þjóðsögur um huldufólk
Heimildir:Ö-BolholtHS, 1

RA-295:015 *Einbúi* varða landamerki 6356.134N 2005.857V

Varðan, horft til vesturs

"Norður af Hvítmel, við Bótina er kletturinn Einbúi með vörðu á," segir í örnefnalýsingu Helgu Skúladóttur. Einbúi er um 1,1 km austur af Gamla-Bolholti 002 og um 770 m vestur af fjárhústóft 009.
Mjög uppblásið hraun sem er byrjað að gróa.
Varðan stendur efst á frekar háum hraun hól sem er aðeins byrjaður að gróna við ræturnar. Varðan er um 2 x 1 m að stærð að grunnfleti og um 1,1 m að hæð með allt að sjö umförum af hleðslu. Hún stendur yst á norðurbrúninni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-BolholtHS, 1

RA-295:016 heimild um vað
Í Íslenskum sögustöðum eftir Kristian Kalund segir: "Eitt aðalvaðið yfir Ytri-Rangá er nú nokkuð fyrir ofan Þingskála hjá bænum Bolholti, en skammt fyrir sunnan þingstaðinn eru við ána nokkrir smáhólar, Vaðhólar, og þar telja menn að gamalt aðalvað hafi verið og því fremur sem margar gamlar reiðgötur liggja niður að ánni fram hjá þingstaðnum." Erfitt er að segja til um hvar þetta vað var þar sem Rangá hefur í gegnum tíðina breytt sér töluvert. Ekki er vitað hvar þetta vað var
Heimildir:KK I, 161

RA-295:017 gripir
"Reiðbjalla steypt úr kopar, með venjulegri gerð, þverm. 3,7 sm. Blöð mótuð ofan og neðan. Fannst á fornum götum hjá Bolholti á Rangárvöllum." Enginn kannast við hvar þessi gripur fannst
Heimildir:Árbók 1915, 58

RA-295:018 heimild um leið 6356.168N 2010.233V
"Reiðbjalla steypt úr kopar, með venjulegri gerð, þverm. 3,7 sm. Blöð mótuð ofan og neðan. Fannst á fornum götum hjá Bolholti á Rangárvöllum," Reiðslóði sem gæti verið hinar fornu götur sem minnst er á liggur NA/SV í landi Bolholts um 400 m suðvestur af bæ 003, með fram Rangá. Hann liggur meðfram núverandi túngirðingu að sunnanverðu. Erfitt er að gera grein fyrir hvort umrædd leið sé sú sama eða að þetta sé yngri þar sem mikið rof hefur orðið við bakkann.
Sléttað tún. Til norðvesturs rennur Rangá
Ekki er vitað hvert leiðin lág.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Árbók 1915, 58

RA-295:019 gripir
1864 Í skýrslu um Forngripasafn Íslands shegir: "Stór SKAFLASKEIFA fimmboruð, eigi mjög fornleg. Hún fannst fyrir 25 árum síðan, á sandi nálægt Bolholti eldra, norður af Þingskálum." Ekki er hægt að segja til um hvar gripurinn fannst.
Heimildir: Skýrsla FÍ I, 81

RA-295:020 garðlag kálgarður 6356.260N 2009.822V



Um 30 m suður af bæjarhól 003 er bútur af garðlagi, sennilega úr matjurtargarði samkvæmt túnakorti frá 1917.
Allt umhverfi vel grasi gróið.
Garðurinn er L-laga og er mest 1m hár. Hann er 30 m langur til austur og um 14 m norðsuður. Að vestanverðu virðist garðinum hafa verið raskað af yngra mannvirki 022 sem gengur skáhallt á garðinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-295:021 garðlag kálgarður 6356.260N 2009.770V

Um 25 m suðaustur af bæjarhól 003 og um 12 m norðaustur af garðlagi 020 eru hleðsluleifar, matjurtargarður samkvæmt túnakorti frá 1917.
Allt umhverfi er vel grasi gróið.
Um 30 m langur bútur af gaði sem snýr NV-SA og er frá 0,5 til 1 m hár. Hvergi sést í grjót í garðinum. Sennillegt er að annað hafi verið sléttað af honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917



RA-295:022 garðlag traðir 6356.271N 2009.835V



Garðlagið, horft til suðvesturs

Um 35 m austur af bæjarhól 003 er bútur af garðlagi sem gengur skáhallt á vesturenda garðs 020. Sennilega eru þetta leifar af tröðum.
Allt umhverfi vel grasi gróið.
Þetta eru tveir bútar af garðlögum sem liggja samsíða. Sá sem liggur vestar er um 40 m langur frá norðri til suðurs en sá austari er um 30 m og liggur eins. Milli garðana eru um 5 til 10 m. Hvergi sést í grjót í garðinum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-295:023 garðlag traðir 6356.245N 2009.751V



Garðlagið, horft til suðurs

Um 60 m suðaustur af bæjarhól 003 er bútur af garðlagi sem samkvæmt túnakorti frá 1917 gætu verið traðir. Garðurinn liggur skáhallt frá nýrri hestagirðingu í norðvestri.
Allt umhverfi vel grasi gróið.
Þetta er lítið garðbrot sem er um 11 m langt og um 2 m breitt. Það snýr NV-SA og er um 0,3 - 0,5 m að hæð. Hvergi sést í grjót í garðinum.
ábúðar

Hættumat: hætta, vegna
Heimildir:Túnakort 1917

RA-295:024 tóft óþekkt 6356.680N 2009.030V

Um 1 km norðaustur af bæjarhól 003 og um 15 m suður af beitarhúsi 007er gerðistóft.
Grasi vaxinn melur sem þó nokkuð er búið að græða upp með trjáplöntum. Smá halli er til norðurs er liggur að lægri mel sem ná niður að bakka Rangár.
Tóftin er um 9,5 x 7 m að stærð og snýr NV-SA.



Tóftin, horft til ASA

Hún er mest um 1,2 m að hæð og er stungin niður suðaustan megin og hlaðið svo grjóti þar í. Tóftin er opin til norðvesturs og er vel gróin. Grjót sést á norðaustur hlið og má þar sjá allt að fjögur til fimm umför af hleðslum. Ekkert grjót er að sjá á vestur og suðvestur hlið tóftar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-295:025 heimild um tjaldstæði

Í örnefnalýsingu Ingólfs Einarssonar segir: "Háholtsheiði, nú örblásið hraun. Háholtsheiðarklettur sagður vera á henni miðri. Heiðin var fyrrum mjög grasgefin, enda "segja munnmæli að þar hafi eitt sinn verið talin 18 tjöld um heyannir" ..." Umræddur staður er milli Gamla-Bolholts 002 og fjárborgir 008.
Hraun
Enginn staður þótti líklegri en annar í hrauninu og hvergi var að finna hentugan stað þar sem hægt væri að tjalda.
Heimildir:Ö-BolholtIE, 4



RA-296 Næfurholt

50 hdr 1711, kirkjustaður. c. 1200: Jarðarinnar getið í kirknaskrá Páls biskups, DI XII, 7. [1332]: Máldagi kirkjunnar. DI II, 694. [1367]: Máldagi kirkjunnar. DI III, 217 1397: Máldagi kirkjunnar.DI IV 68 1575: Máldagi kirkjunnar DI XV, 662
Talið líklegt að þetta sé landnámsbýli, Þórunnarhálsar sem nefndir eru í Landnámu sennilega í landi jarðarinnar. ÍF I, 364. "Elsta heimild sem getur Næfurholts er kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá því um1200, en næst að aldri er Guðmundar saga dýra, sem skráð var snemma á 13. öld og segir frá Beini Sigmundssyni og áverkum sem hann fékk á Alþingi 1196. Líkur benda til þess að Þórunn landnámskona sem nam Þórunnarháls hafi fyrst reist bæinn í Næfurholti en bústaður hennar er ekki nefndur í Landnámabók. ... Um eigendur Næfurholts er það fyrst vitað fyrir 1397 átti Þuríður Kolbeinsdóttir jörðina, en næst er það vitað um eigendur jarðarinnar að þann 26. júlí 1399 seldi Björn Einarsson Jórsalafari í Vatnsfirði hana Árna Einarssyni staðarhaldara á Grenjaðarstað með samþykki konu sinnar Sólveigar Þorsteinsdóttur. Einar Eyjólfsson í Stóradal undir Eyjafjöllum átti Næfurholt, en að honum látum hlaut ekkja hans Hólmfríður Erlendsdóttir jörðin í arg og gaf hana síðari manni sínum Jóni Hallssyni sýslumanni í Næfurholti árið 1522. Eftir lát Jóns komst jörðin í eigu stjúpsonar hans Eyjólfs Einarssonar í Stóradal, en að honum látnum erfði hana Hólmfríður dóttir hans. Markús Snæbjörnsson sýslumaður í Ási í Holtum átti Næfurholt 1681 og 1695 ..." VS: Rangvellingabók, 289. "Land jarðarinnar er víðáttumikið. Verulegur hluti þess er fjalllendi, sumt vaxið kjarnmiklum gróðri, annað gróðurvana. Láglendi er að hluta gróið vallendi og mýri en að hluta örfoka sandar og hraun. Landið er víða vaxið birkiskógi og áttu margar jarðir áður ítök í Næfurholtsskógum. Jörðin er ágæt beitarjörð og land skjólgott." SB V, 64 Hjáleigur 1709 Háls, Breiðholt og Nýibær allar í eyði. "Skóg á jörðin mikinn að víðáttu brúkandi til kolagjörðar, selur ábúandi hann með leyfi eigenda nokkrum mönnum úr Mýrdal, flestum þó úr Landeyjum til kolagjörðar, og betala fyrir hverja 5 og 6 tunnur sumir v sumir iv, sumir iii álnir. Uppber ábúandi skógartollana og segja sjer þá lagða af eigendum, og eigi að standa fyrir tíundum, því jörðin sje meira tíunduð en hún þykir verð vera. Skógartollar kynnu að hlaupa sig í meðallagi um árið (eftir sögn ábúanda) hjer um lx álnir." JÁM I, 276 Hjáleigur frá Næfurholti voru Ás og Nýibær sem byggðust snemma á öldum, Breiðholt byggt um 1680, Háls byggður um 1683 og Hraunteigur byggður 1863. Hólar nýbýli frá 1943.
1849: "Tún lítið og snöggt. Útfrá fæst lítið. Land til haga gott en víða blásið. Skógarleifar eru í landinu." 1882: "Þessi jörð er alveg slægjulaus, hagar mikið spiltir af sandfoki og uppblæstri. VS: Rangvellingabók, 292 1917: Tún 2,6 ha, þar af 2 ha slétt, garðar 280 m² 1940: "Tún: Þurrlent, slétt og greiðfært. Jarðvegur: Grýttur. Beitiland: Mjög víðlent, mest fjalllendi, mikið skóglendi. Ágætt til sauðfjárbeitar. Sæmilegt fyrir gripi." VS: Rangvellingabók, 292

RA-296:001 *Gamla Næfurholt* bæjarhóll bústaður 6359.931N 1953.821V

Bæjarhóllinn, horft til norðurs

"Árið 1846 var bærinn fluttur sökum afleiðinga Heklugossins ári fyrr, frá bæjarstæði fyrri alda (Gamla Næfurholti) austur fyrir Næfurholtslæk og aftur þaðan 1912 á núverandi bæjarstæði," segir í Sunnlenskum byggðum. "Túnið er enn nytjað, og sést bæjartóftin vel" segir í örnefnalýsingu. Tóftir Gamla-Næfurholts eru á grastorfu, um 2,1 km suðvestur af núverandi bæjarstæði. Gamli bærinn var fluttur austur fyrir Næfurholtslæk 1846 vegna eldgoss úr Heklu. Þar sem áður stóð bærinn Háls (297:001). Þaðan var hann fluttur hins vegar 1912 sökum jarðskjálfta. Við það hrundi íbúðarhúsið og var bærinn þá fluttur í þriðja sinn vestur fyrir lækinn þar sem hann stendur enn þann dag í dag.

Grasivaxin slétt torfa sem er í örlitlum halla.

Bæjartóftin er mjög stæðileg og skýr. Hún er um 43 x 23 m að stærð og um 1 - 1,5 m að hæð. Hún snýr nokkurn veginn austur-vestur. Hægt er að greina allt að 10 - 12 hólf á henni. Byrjað verður á fjósinu sem er í suðausturendanum á tóftinni. Fjósið, hólf A er krossbyggt og hefur verið fyrir þrjár kýr. Það er um 5 x 5 m að stærð, með op fyrir miðjum suðurvegg. Grjóthleðslur sjást í norður-, austur- og vesturvegg á fjósinu.Vestur af fjósi A er hólf B sem að öllum líkingum var baðstofan. Þetta er stærsta hólfið, er um 10 x 5 m og snýr austur-vestur. Grjóthleðsla sést í suðurvegg og er þar að sjá allt að fjögur umför af hleðslum, en að öðru leyti er allt vel gróið í hólfi B.



Op er í norðvesturhorni hólfsins og eru það um 2 m löng göng sem tengjast aðal bæjargöngunum, sem hér eru nefnd C. Aðal göngin eru um 6 m löng og um 1 - 1,5 breið. Þau snúa norður-suður og er allt vel gróið í þeim. Í beinu framhaldi norður af göngum C er hólf D. Hólf D snýr austur-vestur og er um 5 x 2,5 m að stærð. Hleðslugrjót sést í norðurvegg og eru það allt að fjögur umför sem eru sýnileg. Beint móts við litlu göngin úr hólfi B eru önnur lítil göng sem einnig eru um 2 m að lengd og ganga þau inn í hólf E. Hólf E snýr norður-suður og er um 9 x 3 m að stærð. Eitthvað sést glitta í hleðslugrjót á stangli í vesturveggnum. Vestur af hólfi E um 2,5-3 m er lítið hólf sem er hólf F, ekkert op er á milli þeirra. Hólf F snýr norður-suður og er um 5 x 2 m að stærð og alveg opið til suðurs. Þétt vestur af hólfi F er hólf G sem er um 6 x 4 m að stærð og snýr norður-suður og er alveg opið til suðurs. Um 3 - 3,5 m vestur af hólfi G, alveg í vesturenda tóftarinnar er hólf H, en það er u 4 x 3 m að stærð og snýr austur-vestur. Er það opið alveg til vesturs. Norður af hólfi H er hólf I sem er um 6 x 3 m að stærð og snýr norður-suður. Op er í norðvestur horninu. Beint norður af hólfi H er hólf J sem miða við staðsetnigu og lögun gæti hafa verið hlaðan. Hún er um 7 x 6 m að stærð og snýr norður-suður. Hefur hún verið niðurgrafin og er nú um 1,60 m að dýpt. Ekkert op er á henni er líklegast hefur verið gengið niður í hana í norðaustur horninu. Beint upp til norðurs af hólfi D, fyrir miðri tóft er hólf K. Það er um 8 x 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Þetta hólf er þó ekki mjög skýrt en samt greinlegt að um hólf sé að ræða en hvert hlutverk þess er ekki greinilegt. Að auki er í norðaustur horninu smá hringlaga dæld sem er þó frekar óskýrleg. Beint suður af aðalbæjargöngunum, hólf C, er stór og stæðilegur steinn, Hestasteinn kallast hann og er með gati. Að auki er stór og stæðilegur öskuhaugur, um 8 - 10 m fyrir utan tóftina, suður af Heststeini. Öskuhaugurinn er um 13 x 8 m að stærð og snýr austur-vestur. Í dag er búið að setja minnismerki úr grjóti á hauginn til minningar um Guðrúnu Jónsdóttur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SB V, 64; Ö-Næfurholt, 2-3

RA-296:002 *Kirkjugarður* kirkjugarður kirkja 6359.919N 1953.799V
"... austan við þær [Traðirnar [021] í elsta túninu] Kirkjuflöt og Kirkjugarður," segir í örnefnalýsingu. "Kirkju í Næfurholti er fyrst getið í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá því um 1200. í kaþólskri tíð var hún helguð Pétri postula og hafði prest til þjónustu. Eftir siðaskipti var kirkjunni í Næfurholti þjónað af prestinum í Landþingum. Næfurholtskirkja var lögð niður með konungsbréfi 1765." VS. NÆFURHOLT (R) -Pétri (LANDÞING) RANG
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 7.
[1332]: næfurhollt. Gamall maldagi.
Peturs kirkia j nefurloste aa prestz skylld j laundum.
xxx. asaudar oc iij kyr oc gefa vndann freadagh. laughardagh. drottins dagh. sinn daginn vndann huerre j huerre viku.
kluckur v. tiolld vmmhuerfi kirkiu. glerglugg. glodarker ij. munnlaug. kertistikur v. kross sæmiligann. skrin oc mariu skrift. kalek gylltann. alltarisklædi iiij. messuklædi ij. kantarakapu oc slopp. iiij merkur vax. oc vj aurar reykelsis. font med vmmbuningi kerta fioll. kertastokk. c j bokum.
tekur prestur iiij merkur. Máld DI II 694
[1367]: xxviii. Peturskirkia j Næfurloste a prestskylld j heimalande. xxx. asaudar og iij kyr.
les Vilchinsbok; Hítardalsbók DI III 217
1397: a prestskylld j heimalandi
xxx. asaudar oc .iij. kyr og giefa vndann friadag. laugardag og Drottinsdag. sinn dag vnder hverri j hverri viku.
tekur prestur .iiij. merkurMáld DI IV 68
1575: Máld DI XV 662
1709: Þar er alkirkja og embættað níunda hvern helgan dag til jafns við Leirubakka og Klofa; JÁM I: 276
17.5.1765: Næfurholtskirkja lögð niður; (PP, 67) [konungsbréf]. Um 30 m suðaustur af Gamla Næfurholti 001stóð kirkja og kirkjugarður.
Sléttað tún.
Þar sem kirkjan var hefur allt verið sléttað en á reitnum hefur verið reist sáluhlið úr við. Sést móta fyrir útlínum kirkjugarðsins en þó engin leiði sýnileg. Þetta er upphleypt svæði sem er um 18 x 7 m að stærð og snýr austur-vestur. Sennilegt er að garðurinn hafi náð lengra til norðurs en þar hefur nú verið gerður nýlegur grafreitur þar sem hjónin frá Hólum (sérbýli út frá Næfurholti) eru grafin. Umhverfis leiðin hefur verið sett upp járngirðing. Enginn ummerki eru um kirkjuna þar sem allt hefur verið sléttað. Í seinni tíð hefur verið slegið upp tveimur stoðum og röftum til merkis um kirjuna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Næfurholt, 3; VS: Rangvellingabók, 291;

RA-296:003 *Næfurholt* bæjarstæði bústaður 6358.946N 1955.043V

Bæjarstæðið, horft til norðaustus

"Árið 1846 var bærinn fluttur sökum afleiðinga Heklugossins ári fyrr, frá bæjarstæði fyrri alda (Gamla Næfurholti) austur fyrir Næfurholtslæk og aftur þaðan 1912 á núverandi bæjarstæði," segir í Sunnlenskum byggðum. "Á Gamlatúni heita Tættur, þar sem bærinn stóð frá 1845 til 1912," segir í örnefnalýsingu. Húsið Næfurholt III var byggt 1912 og er enn í notkun.Er það skráð hér þar sem það næstum því aldargamalt. Ekki hafa verið gerðar miklar breytingar frá því bærinn var byggður en þó var lítil viðbygging gerð við norðurgaflinn sem og við austurgaflinn. Við suðurgaflinn hefur svo verið byggð skemma. Voru þessar viðbætur gerðar í kringum 1990.
Íbúðarhúsið stendur við sléttað plan.
Ekki er um nein bæjarhól að ræða en bærinn stendur á bakka í lítilli hlíð. Bærinn er um 18 x 12 m að stærð, með áfastri skemmu sem er um 13 x 9 m að stærðs og snýr norður-suður. Húsið er byggt úr timbri með bárujárnsklæðningu. Glytta sést í hleðslubrot á norð-austur horninu á bænum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:SB V, 64; Ö-Næfurholt svör við sp., 5

RA-296:004 þúst útihús 6358.821N 1955.041V

Þústin, horft til suðurs

Á Gamlatúninu um 240 m suður af núverandi Næfurholti 003 og um 50 m suðaustur af Gránaskjónatóft 006 er þúst af útihúsi sem sýnt er á túnakorti 1917.
Sléttað tún til norðurs en til suðurs er grasivaxin hlíð með töluverðu af grjóti sem komið hefur úr hlíðum Bjólfells.
Þústin er um 6 x 5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er um 0,3 m há með tvo steina í norðvesturendanum og smá dæld í henni miðri.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-296:005 þúst útihús 6358.797N 1955.120V



Þústin, horft til suðurs

Á Gamlatúni um 290 m SSV af núverandi Næfurholti 003 og
um 80 m suðvestur af þúst 004 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917.
Grasivaxin hlíð með töluvert af grjóti sem fallið hefur úr Bjólfelli. Sunnan við þústina er náttúrleg dæld.
Þústin er um 5 x 5 m að stærð með dæld í miðju miðri, snýr hún NV-SA. Sést glitta í grjót á stangli í henni. Erfitt er að gera grein fyrir hvar op hefur verið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-296:006 *Gránaskjónatóft* þúst hesthús 6358.833N 1955.091V

Þústin, horft til suðurs



"Skammt sunnan við Tættur [297:001] er Gránaskjónatóft," segir í örnefnalýsingu. Á Túnakorti frá 1917 sést að Gránaskjónatóft er um 80 m suðvestur af Hálsi [297:001] á Gamlatúni. Samkævmt heimildarmanni var þetta hesthús.
Sléttað tún þar sem grjót hefur runnið úr hlíðum Bjólfells.
Þústin er mjög sigin. Hún er um 6 x 5 m að stærð og um 0,30 m há, snýr norður-suður. Hægt er að segja að hún sé hringlaga með opi fyrir miðri norður hlið. Einn steinn sést í þústinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Næfurholt svör við sp.,5

RA-296:007 hús hesthús 6358.935N 1954.968V

Um 60 m suðaustur af núverandi Næfurholti var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Ófeigur Ófeigsson segir að þarna hafi verið hesthús en hluti af því er nýttur í dag sem fjárhús.
Malarvegur liggur meðfram staðnum en ofan hann eru grasi vaxnir bakkar sem halla til VSV.
Þar sem hesthúsið stóð var síðar byggt fjárhús sem enn er nýtt. Fast við suðurendann á hesthúsinu var einnig byggt fjárhús sem nú er hrunið. Fjárhúsið sem enn stendur er úr grjóti, timbri og bárujárni. Það er um 9 x 5 m að stærð og snýr austur-vestur. Enn nýrra fjárhús var svo byggt í suðurendanum á gamla hesthúsinu sem hrundi en fjárhúsið stendur enn. Samkvæmt Ófeigi Ófeigssyni eru öll útihúsið sem enn standa á þessum reit, seinni tíma mannvirki sem voru byggð á grunni þeirra gömlu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

Hesthúsið, horft til ANA

RA-296:008 hús útihús 6658.934N 1954.936V

Húsið, horft til norðausturs

Um 30 m austur af hesthúsi 007 og um 90 m suðaustur af núverandi Næfurholti 003 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Þar stendur nú útihús, mikið uppgert.
Sléttað malarsvæði fyrir framan núverandi Næfurholt 003 en fyrir ofan það er grasivaxin brekka sem húsið sjálft stendur í.
Gamla útihúsið hefur að hluta verið endurbyggt og er nýtt sem hænsnakofi í dag. Það er byggt úr grjóti, timbri og járni. Hænsnakofinn er um 5 x 5 m að stærð og snýr NV-SA og er opið á SV hliðinni fyrir miðju. Hæð hans er um 1,8 m. Ekki vissi heimildarmaður Ófeigur hvað húsið var notað áður en það varð að hænsnakofa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-296:009 tóft rétt 6358.961N 1954.991V



Tóftin, horft til suðausturs

Tóft af rétt stendur um 45 m morðaustur af núverandi Næfurholti 003. Vegslóði liggur fast upp við NV endann á réttinni sem og gamli túngarðurinn 061 sunnan til. Gróð hraun allt um kring.
Tóftin er um 11 x 10 m að stærð og snýr NV-SA. Hún er 1,5 m að hæð og er einföld, hlaðin úr grjóti með smá torfi ofan á. Allt að 5 - 6 umför að hleðslum sjást að innaverðu. Réttin er með opi á NV endanum, aðeins norðar en fyrir miðju og er það um 1,5 m að breidd. Réttin er byggð um 1950 og hefur eflaust klippt gamla túngarðinn 061.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-296:010 *Huldufólkskvos* heimild um huldufólksbústað 6358.989N 1955.024V



Kvosin, horft til austurs

"Vestan við heimreiðartraðirnar Huldufólkskvos ...," segir í örnefnalýsingu. Huldufólkskvos er um 80 m norður af núverandi Næfurholti 003.
Grasivaxin kvos með smá hrauni í norðurhlíðinni.
Ekki kannast heimilisfólkið í Næfurholti við neinar sérstakar sagnir um staðinn né að það minnist þess að hafa séð huldufólk þar. Þó var alltaf sagt að það ætti ekki að vera að leika sér mikið í kvosinni né að vera með háreysti þar í kring.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Næfurholt, 1

RA-296:011 hús fjárhús 6359.187N 1954.924V

"Norður af bænum er gróið hraun, sem skýlir bænum í norðurátt. Örnefni á því: Kolsýrulaut, krikabrún, milli hennar og Vesturáss er Kriki, í honum er fjárhús," segir í örnefnalýsingu. Um 450 m NNA af núverandi Næfurholti 003 er fjárhús sem var byggt 1940.
Sléttað tún að mestu með gróna hlíð til norðurs.
Fjárhúsið er um 21 x 7 m að stærð og snýr norður-suður, með dyr á miðjum suður enda. Eru veggirnir hlaðnir úr grjóti og torfi með bárujárni að framan sem og á þaki. Er það um 1,5 m að hæð. Annað fjárhús var byggt við hliðina árið 1986 og eru þau bæði enn í fullri notkun.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Næfurholt, 1

Húsið, horft til norðurs

RA-296:012 *Hraunteigur* tóft býli 6359.440N 1957.978V





"Næsta stykki fyrir tekið er Hraunteigur og byrjað fremst. Verður þá fyrst talinn Fremstisporður, Miðsporður. Í Miðsporði byggði Halldór Jónsson frá Næfurholti og bjó þar í nokkur ár, og sjást byggingarleifar þar enn ..." segir í örnefnalýsingu. "Á sjöunda tug 19. aldar reisti Halldór Jónsson frá Næfurholti bæ í Hraunteig sem er skógarspilda í Næfurholtslandi. Bærinn stóð fyrir framan skóginn nærri því þar sem Hraunteigslækur kemur í Ytri-Rangá en þar heitir Hraunteigssporður." Í Skrá yfir eyðibýli eftir Brynjúlf Jónsson segi: "Hraunteigur heitir þar sem ný-nefndur lækur fellur felur í Rangá. Þar var býli fáein ár um eða eftir miðju þessarar aldar, sér þar tóftirnar." Fremst í Hraunteig á graslendri tungu eru tóftir af bænum Hraunteig. Þær eru um 2,6 km norð-vestur af núverandi Næfurholti 003 og um 215 m vestur af sauðahúsi 014.

Bæjartóftin, horft til austurs

Vel gróið svæði með birki skóga allt í kring. Lækjarspræna rennur undan landinu til suðurs en í norðri rennur Rangá.

"Bærinn Hraunteigur finnst fyrst nefndur í sóknarmannatali Landþinga 1864 en síðast í prestþjónustubók sama prestakalls 25. ágúst þar ýmist talið í Hraunteigi eða Næfurholti þegar skráð eru prestverk ... Árið 1870 var Halldór eini ábúandinn á öllu Næfurholti og er því líklegt að það ár fremur en árið áður hafi bærinn farið í eyði." Tóftin er um 21 x 10 m að stærð og snýr austur-vestur, með hleðsluhæð um 0,3 m. Hún er vel gróin og ekki sést mikið af hleðslugrjóti í henni, þó dálítið í vesturendanum. Ekki vissi Ófeigur heimildarmaður hvernig húsaskipan var en þar sem tóftin er töluvert sigin þá er erfitt að átta sig á hólfunum þar sem eingöngu rétt sést móta fyrir dældum, Líklegast er hún þó 3 - 5 hólfa. Vesturhólfið A er um 6 x 10 og snýr norður-suður. Op er fyrir miðjum vesturenda en þar fyrir utan eru tvær dældir sem eru frekar óskýrar. Sú nyrðri er um 3 x 2 m að stærð og snýr austur-vestur en sú minni er sunnar og er um 1,5 x 1 að stærð og snýr eins. Úr hólfi A er ekki að sjá neitt op yfir í hólf B sem er austur af A. Ekki er heldur neitt op í hólfi B að sjá. Það er um 6 x 10 m að stærð en ekkert grjót er að finna í því. Yfir í hólf C er ekkert op en frekar óljóst bil er á milli hólfa B og C. Þar er veggurinn um 4 m breiður. Hólf C er í austurhlutanum á tóftinni og er með opi fyrir miðjum suðurvegg. Hólfið er um 4 x 3 m að stærð og snýr austur-vestur, hvergi sést í grjót. Norðan við hólf C eru tvær dældir (merktar D og E á teikningu) og eru þær um 2 x 2 m að stærð báðar. Enginn op eru úr hólfi C í þær eða á milli þeirra. Líklegast hefur austari hlutinn verið útihúsin og þá hefur hólf C verið fjósið miðað við staðsetningu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Næfurholt, 1; VS: Rangvellingabók, 189; Árbók 1898, 9

RA-296:013 *Hraunteigsgata* gata leið 6359.434N 1957.676V

"Austur frá Topp er Háibali. Við Hraunteigsgötu, vestur frá Háabala, skammt þó, eru sauðahús," segir í örnefnalýsingu. Á leið þessari voru djúpar hestagötur sem notaður voru til að ríða út í Land segir Ófeigur heimildarmaður. Um 250 m austur af tóft 012 sést örlítið í slóðann.

Vel gróið rjóður.

Göturnar liggja norður-suður og ná eftir Hraunteignum endilöngum og jafnvel má segja að þær nái alveg heim að Næfurholti 003. Í dag eru göturnar frekar óljósar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Næfurholt, 1

RA-296:014 tóft beitarhús 6359.444N 1957.716V



Tóftin, horft til austurs

"Austur frá Topp er Háibali. Við Hraunteigsgötu, vestur frá Háabala, skammt þó, eru sauðahús," segir í örnefnalýsingu. Um 200 m austur af Hraunteig 012 og um 2,3 km noðvestur af núverandi Næfurholti 003er tóft af beitarhúsi. Var það notað frá Næfurholti fram á 20. öld samkvæmt Ófeigi Ófeigssyni.
Vel gróið svæði með birki rjóðrum allt í kring.
Tóftin er einhólfa um 12 x 5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er um 1,65 m að hæð og er alveg opin til vesturs. Hleðslugrjót sést í innanverðum veggjum og eru þar allt að 8 - 9 umför af grjóti. Að utan er hún vel gróin. Hvorki eru ummerki um garða né jötur inní tóftinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Næfurholt, 1

RA-296:015 tóft beitarhús 6359.747N 1956.895V



Tóftin, horft til vesturs

"Í Rangá Klapparhólmi og Klapparfoss. Þaðan í austur er Sauðaklettur, skammt suður af honum Krossgjá. Í norður frá Sauðklett er Arnarsetur og austan við það gamlar fjárhúsættur," segir í örnefnalýsingu. Um 1 km norð-austur af tóftum Hraunteigs 012 og um 2,1 km norðvestur af Næfurholti 003 eru tóftir af beitarhúsi sem eru austan við Arnarsetur.
Vel grasivaxið svæði með birkitrjám allt í kring. Fast upp við tóftina að vestan er klettur, vel gróinn.
Tóftin snýr austur-vestur og er tvíhólfa með garði í kring fyrir framan. Syðra hólfið er stærra og er um 7 x 5 m að stærð með hleðslu sem er allt að 1 m há. Hleðslugrjót sést allstaðar inni í hólfinu og að auki er þakhella yfir opinu sem er fyrir miðjum austurvegg. Minna hólfið er norðan megin og er um 6 x 6 m að stærð, einnig opið fyrir miðjum austurvegg. Sennilegt að þetta hafi veri heystæði þar sem þetta hólf er töluvert lægra eða um 0,5 m að hæð. Eitthvað af hleðslugrjóti sést í norður- og suður vegg að innan. Tóftin er öll vel gróin að utan. Garður er upp við klettaborg að vestanverðu en í kring sem er 16 m á suðurhlið, 24 m á austurhlið og 11 m á norðurhlið. Hann er um 0,6 m að hæð úr torfi en hvergi sést í grjót í honum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Næfurholt, 1-2

RA-296:016 *Hraunteigstraðir* heimild um traðir 6359.543N 1956.545V

Traðirnar, horft til austurs

"Í austur frá Arnarsetri [sjá 015] er Sauðanef, skammt suðaustur frá því er Stelpuskil, sem er allstór klettur, utast við Hraungerðistraðir og norðan við Ölduvaðsgötu 017," segir í örnefnalýsingu. Traðirnar eru um 1,2 km austur af tóft Hraunteigs 012.
Þær eru í kjarri vöxnu svæði.
Þetta eru náttúrlegar traðir sem hafa myndast milli tveggja smá hæða sem eru birki vaxnar. Þær snúa norður-suður og eru upphafið á litlu kjarrlendi. Traðirnar liggja að gatnamótunum þar sem Háteigsgata 013 og Ölduvaðsgata 017 byrja.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Næfurholt, 2

RA-296:017 *Ölduvaðsgata* gata leið 6359.809N 1957.068V
"Í austur frá Arnarsetri [sjá 015] er Sauðanef, skammt suðaustur frá því er Stelpuskil, sem er allstór klettur, utast við Hraunteigstraðir [016] og norðan við Ölduvaðsgötu," Segir í örnefnalýsingu. Um 1 km norðaustur af Hraunteigstóft 012 er Ölduvaðsgata samkvæmt Ófeigi Ófeigssyni.
Kjarri vaxið svæði.
Þetta var slóði sem farinn var frá Næfurholti 003 yfir að Galtarlæk. Í dag eru ekki greinileg merki um slóðann en þó sést lítillega móta fyrir honum.
Hættumat: hætta
Heimildir:Ö-Næfurholt, 2

RA-296:018 *Ölduvað* heimild um vað 6359.888N 1957.238V
"Í austur frá Arnarsetri [sjá 015] er Sauðanef, skammt suðaustur frá því er Stelpuskil, sem er allstór klettur, utast við Hraungerðistraðir og norðan við Ölduvaðsgötu. Stúlka drukknaði við Ölduvað". Segir í örnefnalýsingu. Um 1 km NNA frá Hraunteigstóft 012 er Ölduvað á Rangá samkvæmt Ófeigi Ófeigssyni.
Uppblásinn melur við bakka Rangár.
Vaðið er ekki greinilegt í dag þar sem mikið rof hefur orðið á Rangá enda áin töluvert straumhörð. Norðan megin við ána eru tveir steypu stólpar en þar var farið yfir kvísl á Rangá. Í dag er bakkinn töluvert brattur þar en örlítið meira aflíðandi sunnanmegin á melnum.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Næfurholt, 2

RA-296:019 tóft fjárskýli 6359.648N 1957.161V



Tóftin, horft til austurs

Um 770 m norðaustur af tóft Hraunteigs 012 og um 280 m suðvestur af beitarhúsatóft 015 upp við Sauðaklett er lítil hleðsla af fjárskýli.
Birki- og víðivaxið svæði sem er nokkuð þýft.
Hleðslan er vel gróin og hlaðin í hálf hring út frá kletti og snýr hún austur-vestur. Hún er um 11 m löng og um 1 m að breidd. Hæð hennar er 1 m og er hlaðin úr torfi en hvergi sést í grjót í henni. Op hefur verið á norðvestur horninu.
Hættumat: engin hætta

RA-296:020 *Grjótréttir* tóftir rétt 6400.581N 1953.710V

Tóft B, horft til norðurs



Tóft C, horft til suðvesturs



" ... og þar innar Bakkaskógur við Bakkaskógarlæk, sem þar rennur á leið sinni suðvestur í Rangá. Myndast þá tangi milli ár og lækjar, sem heitir Vonditangi, er hann upphaf að blásnu hrauni, nokkuð stóru, sem kallast Grjótréttarhraun; í því eru Grjótréttir; í þær var áður rekið og ragað fjársafnið úr Næfurholtsfjöllum," segir í örnefnalýsingu. Grjótréttir eru um 3,2 km NNA frá núverandi Næfurholti 003 í grýttu hrauni. Bæði móðir og móðurbræður Ófeigs Ófeigssonar muna vel eftir að það hafi verið rekið í þessar réttir.

Vel úfið hraun allt í kring.

Þetta eru þrjá hlaðnar réttir. Rétt A er nyrst. Hún er um 26 x 5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er hlaðin úr grjóti og er stór náttúrulegur klettur nýttur sem ein hlið á réttinni. Hleðsluhæð er um 0,6 m með allt að 3 - 4 hleðsluumförum. Hugsanlegt er að hleðsla hafi verið á milli hólfa en þó er það ekki greinilegt. Op hefur verið fyrir miðjum suðurenda en er það orðið frekar óljóst í dag sökum hruns. Rétt B er um 43 m vestur af rétt A. Hún er um 22 x 11 m að stærð og snýr einnig norður-suður, með opi fyrir miðjum suðurenda. Hún er eingöngu hlaðin úr grjóti og má sjá allt að 5 - 6 umför af hleðslum sem eru allt að 0,7 m háar. Ofarlega að norðan í réttinni gengur 4 m langur hleðsluveggur út frá veggnum og er þetta að öllum líkindum dilkur. Rétt C er um 90 m vestur af B. Hún er 18 x 5 m að stærð og um 0,20-30 m að hæð, snýr austur-vestur. Réttin er einföld með opi í suð-austur horninu. Margt bendir til að hún sé eldri en hinar tvær þar sem hún er töluvert grónari. Sama á við um allar réttirnar, að þær hafa verið hlaðnar á þessum stöðum svo hægt sé að nýta nokkra stæðilega kletta í hleðslurnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Næfurholt, 2

RA-296:021 *Gömlutraðir* heimild um traðir 6359.893N 1953.860V

"Hellir er austan til við Gömlutraðir, sunnarlega í Hellistúni," segir í örnefnalýsingu. Traðir voru í túninu á elsta bæjarstæðinu sem fór í eyði um 1845. Þær byrja neðarlega í túninu, um 80 m SSV af gamla bænum 001.
Sléttað tún.
Traðirnar eru um 70 m langar og liggja í NNA upp að bænum. Í dag eru þær illgreinilegar fyrir uan smá dæld í túni sem liggur upp að bæjartóftunum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Næfurholt, 3,

RA-296:022 *Jóns Erlindssonar tóft* tóft bústaður 6359.952N 1953.852V



Tóftin, horft til norðurs

"Þá er Jóns Erlindssonar tóft rétt vestur frá bænum [001]," Segir í örnefnalýsingu. Tóftin er um 50 m NNV frá bæjarstæði gamla Næfurholts 001 er lítil tóft sem kennd er við Jón Erlindsson samkvæmt Ófeigi Ófeigssyni heimildarmanni. Jón þessi mun hafa búið á staðnum.
Sléttað tún.
Tóftin er um 5 x 5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er nokkuð hringlaga með opi á suðurendanum. Tóftin hefur verið stungin niður í túnið norðan til en þar sem hún er hlaðin er hún um 0,6 m há, að því er virðist torfhlaðin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Næfurholt, 3

RA-296:023 tóft fjárskýli 6359.738N 1955.892V

Fjárskýlið, horft til SSA

Í hrauninu um 1,6 km NNV af Næfurholti 003 og um 830 m norður af Vagnvaði 039 er fjárborg.
Uppblásið hraun.
Tóftin er spöröskjulaga og um 7 x 5 m að stærð, snýr norður-suður með opi á NNV horninu. Hún er um 1,50 - 60 m há, öll hlaðin úr grjóti en orðin full af sandi. Dyraopið sést vel og er hellan yfir því enn á sínum stað. Á suðvesturhorninu gengur hlaðinn grjót garður út sem rétt sést móta fyrir. Er hann um 12 m langur og hugsanlegt að hann hafi verið lengri.
Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-296:024 hleðsla óþekkt 6359.760N 1955.920V

Hleðslan, horft til norðvesturs



Um 1,7 km NNV af Næfurholti 003 og um 50 m norður af fjárskýli 023 er grjóthleðsla.
Úfið hraun.
Hleðslurnar eru upp við nokkuð stóra klettasyllu. Líklegast hefur staðurinn verið notaður sem aðhald. Hleðslurnar afmarka svæði sem er um 5 x 3 m að stærð og snýr austur-vestur. Einnig hefur verið hlaðið fyrir op á milli klettana. Allt hlaðið úr grjóti og má sjá allt að 4 - 5 umför af hleðslu.
Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-296:025 *Kindakofatótt* tóft beitarhús 6359.911N 1950.754V



Tóftin, horft til norðvesturs

"Austur í hrauninu, suður af Markhlíð, er sjálfstætt fell, heitir það Melfell. Vestan í því er Kindakofatótt ..." segir í örnefnalýsingu. Um 4 km norðaustur af núverandi Næfurholti 003, sunnan megin í Melfellinu upp við hamarinn er lítil tóft. Skv. Ófeigi Ófeigssyni ætlaði bóndinn í Næfurholti að koma sex lömbum undan þegar fjárkláðinn geisaði um 1850 með því að fela þau þarna. Þetta gekk þó ekki eftir og voru öllum lömbunum slátrað.
Efst við hamarinn er birkiskógur til suðurs og austurs en að öðru leyti er vel gróið hruna allt í kring sem féll 1947.
Tóftin er um 3 x 3 m að stærð og hlaðin úr grjóti. Hún er töluvert hrunin og er um 0,2 m há eða einföld röð af hleðslugrjóti. Ekki hægt að sjá hvar op hefur verið. Birkihrísla hefur tekið sér bólfestu í miðri tóftinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Næfurholt, 4

RA-296:026 heimild um fjárhús 6358.940N 1954.178V

"Veður nú farið heim á leið, verður þá fyrst sagt frá fjárhúsum vestan undir Strillu, en framan undir henni er Fjárhúshóll," segir í örnefnalýsingu. Nú er ekki fyllilega ljóst hvar Fjárhúshóll var en um 700 m austur af núverandi Næfurholti 003 og um 130 m norður af fjárhúsum 049 er þetta líklegasti staðurinn þar sem stutt er í lækinn eða um 30 - 40 m.
Uppblásnar hlíðar. Næfurholtslækur rennur vestan megin í hlíðinni (horft til norðurs) en austan megin er lítil lækjarspræna.
Enginn ummerki um fornleifar er að sjá á staðnum, þó er nokkuð af stæðilelgu grjóti á staðnum sem og að hraungrjót hefur verið borið hingað.
Hættumat: engin hætta, vegna rofs

Heimildir:Ö-Næfurholt, 5

RA-296:027 *Litlistígur* gata leið 6357.865N 1954.070V
"Hraunið fram af Tindilfelli og Gljúfur og Pæla verður næst tekið fyrir og byrjað syðst og vestast. Verður þá fyrst fyrir Litlistígur, til landsuðurs frá Gaplaðsklett[i]..." segir í örnefnalýsingu. Ófeigur Ófeigsson telur að stígurinn hafi verið um 2,2 km VSV af núverandi Næfurholti 003.
Birkivaxið kjarrlendi með gili.
Ekkert sést til stígsins nema rétt að það móti fyrir kindaslóða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Næfurholt, 5

RA-296:028 tóftir fjárskýli 6357.907N 1953.341V

Tóftin, horft til suðurs



"Austan undir Tindafelli, en vestan Gljúfurs, er Krakatá, við hornið á henni gömul fjárhús," segir í örnefnalýsingu. Um 2,4 km suðvestur af núverandi Næfurholti 003, fremst í Gljúfrinu eru tvær tóftir af fjárskýlum.
Mosavaxið hraun allt í kring með eitthvað af birkiplöntum í austri.
Tóftirnar eru tvær og liggja þétt upp við hvort aðra. Sú syðri (A) er stærri og sennilegt að hún hafi tvö byggingarstig. Á hinu yngra er tóftin 6 x 6 m að stærð en undir því er hleðslur sem eru um 7 x 9 m að stærð. Er tóftin því um 1,3 m að hæð og líklegt að yngra stigið hafi verið með op á syðri endanum, þó það sé ekki greinilegt. Tóftin er vel gróin og töluvert sést af grjóti og má greina allt að fimm umför af hleðslum. Tóft B er um 1 - 1,5 m norður af A en hún hefur bara eitt byggingarstig. Hún 4 x 4 m að stærð og um 0,9 m að hæð. Hún er töluvert signari en A en þó má greina eitthvað af grjóti í henni þó eingöngu sjáist einfaldar raðir. Erfitt er að greina op á henni en líklega að það hafi verið í norðurendanum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Næfurholt, 5

RA-296:029 *Stóristígur* gata leið 6357.853N 1952.531V
"Gljúfur heitir gamalt hraun, gróið skógarrunnum, nær inn að Pælu. Austan við það er Kriki, upp úr honum Stóristígur," Segir í örnefnalýsingu. Stóristígur er um 2,9 km suðaustur af núverandi Næfurholti 003 og um 700 m austur af fjárborgum 028 er Stóristígur
Mosavaxið hraun með birki.
Farið er um stíginn austast í Oddagljúfri yfir Norðurhraunið og er komið niður vestan við Selsundsfjallið og komið niður hjá Gömluréttinni [293:035]. Sjálfur stígurinn er ekki mjög greinilega við rætur hraunsins og er hann nokkuð greinilegur alla leiðina yfir í Selsund samkvæmt heimildarmanni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Næfurholt, 5

RA-296:030 *Selvatn* tóft óþekkt 6358.665N 1954.758V



"Austan við hann og vestan við Strillu fyrrnefndan er Selskarð. Á Hálsinum er fyrst Miðmorgunshnúkur, þá Stígur, og Dagmálahnjúkur, vestan í honum Grænabrekka. Milli Háfjalls (svo) heitir Slakki, en austan í honum Selhamar, þar [fyrir] sunnan Selkrókur og við hann Selvatn," segir í örnefnalýsingu. Upp á Selhamri er smátóftarbrot, er þetta um 570 suð-austur af núverandi Næfurholti [003] og um 600 m suð-vestur af fjárhúsi 049. Ófeigur Ófeigsson minnist þess ekki að hafa heyrt að það hafi verið sel við Selvatn, enda er allt uppblásið þar í kring, en í fjallshlíðinni NNV upp á hamri við vatnið er tóftir sem líkist frekar fjárskýli en seli.
Grasivaxin tunga í mjög uppblásinni fjallshlíðinni.
Tóftin er mjög sigin og sést eingöngu rétt móta fyrir henni. Hún snýr NV-SA og er um 5 x 3 m að stærð. Hæð hennar er um 0,2 m og er hún sporöskjulaga með hugsanlegt op til SV.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Næfurholt, 5-6; Ö-Næfurholt svör við sp., 4

RA-296:031 *Myllulækur* hús mylla 6358.887N 1935.005V



Myllan, horft til suðausturs

"Gamla túnið framan við lækinn, örnefni á því eru þessi: Tangi, upp af honum Myllulækur ...," segir í örnefnalýsingu. "Svonefnd Myllukofatótt sést enn á norðurbakka lækjarins." Í svörum við spurningum segir: "Norðan við Myllulækinn er myllukofatótt." Um 40 m NA af Hálsi (297:001) á Gamlatúni og um 135 m SAS frá núverandi Næfurholti 003 er myllutóft sem hefur verið endurnýtt sem smákofi.
Grasivaxin, þýfð hlíð en fast við vesturendann rennur Næfurholtslækur.
Tóftin er 5 x 5 m að stærð og um 0,5 m að hæð. Hún alveg opin til NNV og er nokkuð hringlaga en ekkert grjót sést í henni fyrir utan nokkra steina á stangli fyrir framan hana. Jóna, móðir Ófeigs Ófeigssonar (90 ára) segist muna lítillega eftir myllunni en segir að fljótlega efir að hún fari að muna eftir sér hafi hún verið tekinn þá hafi bræður hennar byggt þar smá kofa í tóftinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Næfurholt, 6; Ö-Næfurholt svör við sp., 4, 5

RA-296:032 *Stekkatún* örnefni stekkur
"Þar sem bærinn (Hólar, sem er hjáleiga frá Næfurholti byggt 1943) stendur nú hafa skapast ýmis örnefni: Horn austast, næst Bakki, þá Stekkatún, Hesthúsflöt ..." segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað með vísu hvar umræddur staður er og ekki kannaðist heimildarmaður Ófeigur Ófeigsson ekki við stekk á túninu.
Sléttað tún.
Engar fornleifar eru sjáanlegar á túninu við bæinn Hólar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Næfurholt, 6-7

RA-296:033 *Hesthúsflöt* örnefni herminjar
"Þar sem bærinn (Hólar, sem er hjáleiga frá Næfurholti byggt 1943) stendur nú hafa skapast ýmis örnefni: Horn

austast, næst Bakki, þá Stekkatún, Hesthúsflöt ..." segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað um eldra hesthús en það sem byggt var útfrá Hólum í kringum 1945. Stóð það austur af bæ.
Sléttað tún.
Engar fornleifar sjást.
Hættumat: engin hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Næfurholt, 6-7

RA-296:034 *Heimavað* heimild um vað 6358.900N 1955.022V

Vaðið, horft til SSV

"Verður nú sagt frá vöðum á bæjarlæknum. Fyrst Heimavað, Dvergasteinsvað og Krókavað, Ærvað, Flatavað norðan við Hólatún, utast Vagnavað," segir í örnefnalýsingu. Heimavað var um 90 m suður af núverandi Næfurholti 003 og um 70 m norðaustur af Hálsi (297:001).
Grasivaxið svæði.
Vaðið er á Næfurholtslæk og er það þar sem myndast hafa nokkrar kvíslar í læknum. Vaðið er vel sýnilegt enda verið keyrt yfir þar og sjást hjólförin vel. Lækurinn er nokkuð breið hérna en báðir bakkarnir eru mjög aflíðandi þó svo að hinn syðri sé örlítið brattari. Straumur er ekki mikill í læknum og er hann ekki mjög djúpur. Göngubrú er á læknum vestan við vaðið
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Næfurholt, 7

RA-296:035 *Dvergasteinsvað* heimild um vað 6358.858N 1955.686V
"Verður nú sagt frá vöðum á bæjarlæknum. Fyrst Heimavað, Dvergasteinsvað og Krókavað, Ærvað, Flatavað norðan við Hólatún, utast Vagnavað," segir í örnefnalýsingu. Dvergasteinsvað er um 550 m SV af núverandi Næfurholti 003 og um 110 m NNV af Tangavaði (050).
Sléttað tún en til NA er girðing og til SV er slétt þýft svæði.
Vaðið sést þó það sé ekki mikið notað í dag og hefur breytt sér að einhverju leyti frá því að það var sem mest notað. Lækur er breiðari hér en á Tangavaðinu [050] og er austurbakkinn brattari en sá vestari.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Næfurholt, 7

RA-296:036 *Krókavað* heimild um vað 6359.011N 1955.632V
"Verður nú sagt frá vöðum á bæjarlæknum. Fyrst Heimavað, Dvergasteinsvað og Krókavað, Ærvað, Flatavað norðan við Hólatún, utast Vagnavað," segir í örnefnalýsingu. Krókavað er um 290 m norður af Dvergasteinsvað 035 og um 500 m VNV af núverandi Næfurholti 003 í smá lægð.
Grasivaxnir bakkar en til SV er þýfð brekka en sléttað tún NA megin við vaðið.
Krókur kemur á lækinn þar sem Krókavaðið er og ber það nafn sitt af því. Sjálf áin er nokkuð djúp hér en sjálfir bakkarnir eru frekar aflíðandi. Áin er fremur breið en ekki mjög djúp.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Næfurholt, 7

RA-296:037 *Ærvað* heimild um vað 6359.075N 1955.710V
"Verður nú sagt frá vöðum á bæjarlæknum. Fyrst Heimavað, Dvergasteinsvað og Krókavað, Ærvað, Flatavað norðan við Hólatún, utast Vagnavað," segir í örnefnalýsingu. Um 590 m NV af núverandi Næfurholti 003 og um 130 m NNV af Krókavaði 036 er Ærvað.
Grasivaxið þýft svæði báðu megin vaðsins.
Bakkar Ærvaðs eru aflíðandi. Lækurinn er fremur breiður en ekki mjög djúpur.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Næfurholt, 7

RA-296:038 *Flatavað* heimild um vað 6359.159N 1955.774V
"Verður nú sagt frá vöðum á bæjarlæknum. Fyrst Heimavað, Dvergasteinsvað og Krókavað, Ærvað, Flatavað norðan við Hólatún, utast Vagnavað," segir í örnefnalýsingu. Flatavað er um 715 m norðvestur af núverandi Næfurholti 003 og um 160 m norður af Ærvaði.

Þýfðir bakkar.
Bakkar Flatavaðs eru aflíðandi þó að sá vestari sé örliðið brattari. Áin er fremur breið en ekki mjög djúp.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Næfurholt, 7

RA-296:039 *Vagnvað* heimild um vað 6359.291N 1955.988V
"Verður nú sagt frá vöðum á bæjarlæknum. Fyrst Heimavað, Dvergasteinsvað og Krókavað, Ærvað, Flatavað norðan við Hólatún, utast Vagnavað," segir í örnefnalýsingu. Vagnavað er um 300 m norðvestur af Flatavaði 038 og um 650 m suðaustur af Hraunteigströðum 016. Minnist Ófeigur Ófeigsson þess að hér hafi verið keyrt yfir lækinn alveg þangað til að brú kom milli 1960-1970, en hún stendur enn.
Mýrarsvæði sem áður var malareyri.
Vaðið er með aflíðandi bakka báðumegin. Lækurinn er hér töluvert straumharðari en á fyrri vöðum þar sem Nýibæjarlækurinn bætist í ána á leiðinni að ofan.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Næfurholt, 7

RA-296:040 *Sporðvað* heimild um vað 6359.329N 1958.162V

Vaðið, horft til vesturs

"Vöð á Rangá ytri: Sporðvað við Fremstasporð. Dývað við Norðastasporð ... Bílvað inn í Vondatanga og Glerhausavað móti Glerhaus," segir í örnefnalýsingu. Um 240 m SSV af tóftum Hraunteigs 012 og um 160 m vestur af Halldórsstíflu 057 er Sporðvað á Rangá.
Uppblásið svæði sem byrjað er að gróa aftur. Kjarrvaxið svæði norðan ár þar sem Hraunteigslækur (sami og Næfurholtslækur) rennur.
Vaðið er mjög skýrt austan megin og er enn bílfært þar þó að bakkarnir vestan til séu brattari. Oftast er farið upp að hólmanum sem er í Rangá og þaðan beint yfir að tveimur steypustaurum sem eru þar.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Næfurholt, 7

RA-296:041 *Dývað* heimild um vað 6359.493N 1958.153V
"Vöð á Rangá ytri: Sporðvað við Fremstasporð. Dývað við Norðastasporð ... Bílvað inn í Vondatanga og Glerhausavað móti Glerhaus," segir í örnefnalýsingu. Um 300 m norður af Sporðvaði 040 og um 170 m norðvestur af tóftum Hraunteigs 012 er Dývað.
Uppgróin eyri við bakka Rangár.
Vaðið er mjög gott skv. Ófeigi Ófeigssyni, enn fremur segir hann að það breytist lítið sem ekkert. Bakkarnir eru lágir og áin grunn á þessum stað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Næfurholt, 7

RA-296:042 *Bílvað* heimild um vað 6400.176N 1955.244V
"Vöð á Rangá ytri: Sporðvað við Fremstasporð. Dývað við Norðastasporð ... Bílvað inn í Vondatanga og Glerhausavað móti Glerhaus." Segir í örnefnalýsingu. Um 1,5 km suðvestur af grjótréttum 020 og 1 km norðaustur af fjárborgum 023 er Bílvað.
Grónar sléttur.
Vaðið er með aflíðandi bakka báðu megin vaðsins. Áin er töluvert breið hérna, djúp og straumhörð. Heimildarmaður sagði að hér hafi verið keyrt yfir allt til ársins 1969 en kom brú yfir ána sem er aðeins neðar.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Næfurholt, 7

RA-296:043 *Glerhausvað* heimild um vað 6401.993N 1950.040V
"Vöð á Rangá ytri: Sporðvað við Fremstasporð. Dývað við Norðastasporð ... Bílvað inn í Vondatanga og Glerhausavað móti Glerhaus." Segir í örnefnalýsingu. Um 5,4 km norðaustur af Bílvaði 042 og um 7 km norðaustur af núverandi Næfurholti 003 er Glerhausvað á Rangá. Er þetta vað í dag í landi Rjúpnafells.

Uppblásnir bakkar.
Vaðið er ekki greinilegt en á þessum slóðum var riðið yfir til að komast inn á afrétt en ekki á milli bæja. Áin er mjög straumhörð, djúp og breið. Bakkar hennar eru þó ekki mjög brattir og eru dálitlar eyrar í ánni sem riðið var út í og þaðan yfir.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Næfurholt, 7

RA-296:044 hellir 6359.884N 1953.757V
"Hellir er austan til við Gömlutraðir [021], sunnarlega í Hellistúni. Sú þjóðsaga var um Hellinn, að í honum hefði verið gersemar geymdar og hlaðið hefði verið upp í munnann. Sverrir man eftir hleðslu þarna, og þar sér fyrir hellinum enn," segir í örnefnalýsingu. Um 100 m suðaustur af elsta Næfurholti 001 og um 2 km norðaustur af núverandi Næfurholti 003 var hellir. Í dag er engan helli að sjá, né hleðslur á staðnum enda verið fyllt upp í hann skv. Ófeigi Ófeigssyni. Eingöngu er djúp laut eftir. Nokkrar þjóðsögur fjalla um staðinn og er ein um að barn hafi farið inn í hann og komið út með hring úr gulli.
Umhverfis er sléttað tún en lengra til suðurs er gróið hraun.
Enginn hellir né hleðslur sjáanlegar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Næfurholt ath og viðb., 1

RA-296:045 garðlag óþekkt 6358.981N 1954.250V

Garðlagið, horft til austurs

Um 210 m NNV af fjárhústóftum 049 og um 650 m austur af núverandi Næfurholti 003 er lítið garðsbrot í Selskarðinu.
Uppblásnar hlíðar. Næfurholtslækur rennur vestan megin í hlíðinni (horft til norðurs) en austan megin er lítil lækjarspræna.
Garðurinn hefur legið yfir skarðið en er í dag eingöngu lítið garðsbrot sem er um 20 m langt og snýr austur-vestur. Garðurinn er mjög siginn, um 0,3 m að hæð og sést bara einföld röð af grjóti. Eingöngu eru leifar af honum austanmegin í hlíðinni en engin hleðsla er sýnileg vestan Næfurholtslækjar. Vegslóði er nú í gegnum garðlagið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-296:046 garðlag óþekkt 6359.143N 1954.678V
Um 220 m suðaustur af fjárhúsi 011 og um 470 m norðaustur af núverandi Næfurholti 003 er garðlag.
Grasivaxið svæði með smá hæð til austurs en til vesturs fer að halla niður á við.
Garðurinn er mjög óskýr og siginn. Hann liggur austur-vestur og er um 120 m langur. Í austari hlutanum er hann skýrari en í þeim vestri en þar liggur hann utan í grýttri hlíð. Garðurinn er eingöngu 1 - 2 umför af grjóti og ekkert torf er ofan á honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Garðlagið, horft til austurs

RA-296:047 *Koltorfa* heimild um kolagröf 6359.646N 1954.141V
"Koltorfa var skammt suður frá Gamla-Næfurholti, og mun hún hafa eyðst að fullu kringum 1950," segir í örnefnalýsingu. Kolatrofa var um 600 m suðvestur af elsta Næfurholti 001 og um 1,5 km norðaustur af núverandi Næfurholti [003].
Uppblásinn melur.
Engar leifar af gröfum sjást í dag en þó nokkuð að af grjóti sem gæti hafa verið brennt, sem og þetta svæði, er aðeins dekkra á melnum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Næfurholt svör við sp., 3

RA-296:048 heimild um 6359.646N 1954.141V
"Koltorfa [047] var skammt suður frá Gamla-Næfurholti, og mun hún hafa eyðst að fullu kringum 1950. Skammt frá Kolatorfu sjást leifar lítilla rústa á malarhól blásnum," segir í örnefnalýsingu.
Ekki sjást nein ummerki á neinum stað nálægt.
Gengið var um svæðið umhverfis kolatorfu en engar rústir fundust. Töluverður uppblástur hefur verið á svæðinu.
Heimildir:Ö-Næfurholt svör við sp., 3

RA-296:049 tóftir beitarhús 6358.871N 1954.183V

Tóftirnar, horft til austurs



"Austan við Selskarð [sjá 030] er mikið af rústum, greinilega mjög misgamlar. Þarna hefur verið fjárhús til skamms tíma," segir í örnefnalýsingu. Um 130 m suður af fjárhústóft 026 og um 710 m ASA af núverandi Næfurholti 003 eru þrjár tóftir.
Grasivaxið svæði á milli fjallshlíða sem eru uppblásnar. Selsvatn er rétt innar.
Þetta eru þrjár tóftir sem gætu verið misgamlar miðað við hvernig þær snúa. Tóft A er norðaustast og er sennilega elst, enda töluvert sigin. Hún er um 9 x 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er í norðaustur horninu á henni. Eilítið sést af grjóti í henni en eingöngu í austurendanum og er hleðsluhæð um 0,5 m þar sem hún er hæst á suðurendanum. Tóft B er um 3 m suður af A og er hún stærst. Hún er um 8 x 8 m að stærð og með opi á miðri vesturhlið. Tóft C er minnst og gæti virst sem hún sé föst við B, en þó er það frekar óljóst. Hugsanlega er um heystæði að ræða. Stærð tóftar C er 5 x 4,5 m og snýr hún austur-
vestur með opi fyrir miðjum austurenda. Töluvert grjót er hrunið inn í hana. Óljós garður virðist ganga út frá tóft A í boga yfir að tóft C. Ekki er hann alveg samfelldur en hlutinn út frá A er um 13 m, með boga til suðurs. Í miðjunni er svo óljóst brot sem er um 9 m langt og er svo syðsti parturinn (það er næst tóft C) um 8 - 9 m en eftir það er hann frekar óljós upp að suð-austur horninu eða um 13 - 14 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Næfurholt svör við sp., 4

RA-296:050 *Tangavað* heimild um vað 6358.808N 1955.614V
"Vöð á læknum eru: Heimavað [034] suður af Næfurholti, Tangavað litlu vestar ..." segir í örnefnalýsingu. Tangavað er um 530 m suðvestur af núverandi Næfurholti 003 og um 110 m SSA af Dvergasteinsvaði 035.
Sléttaðar votlendi sem er byrjað að hlaupa í þúfur.
Tangavað er í dag sama sem horfið, enda hefur Næfurholtslækur breyst nokkuð þar sem skurðir voru gerðir nálægt vaðinu í kringum 1970. Bakkarnir eru þó frekar aflíðandi og lækurinn ekki mjög djúpur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Næfurholt svör við sp., 4

RA-296:051 heimild um ristu 6358.917N 1955.153V

"Torf var rist mest í Nesinu og notað á hey, svo og undir þökur á kofaþök, og sneri þá svörðurinn niður," segir í örnefnalýsingu. Engin merki um ristu sjást lengur, enda er þar nú sléttað tún sem kallað er Nesið en þetta er um 100 m suðvestur af núverandi Næfurholti [003].
Sléttað tún.
Enginn ummerki sjást um ristu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Næfurholt svör við sp., 5

RA-296:052 *Traðir* garðlag traðir 6358.874N 1955.071V



Traðirnar, horft til SSA



"Niður frá þeim (bænum Hálsi), allt niður að læk, eru traðir, og hefur Heimavað [034] eflaust verið við enda þeirra," segir í örnefnalýsingu. Leifar traðanna sjást enn um 20 m norðvestur af mið bæjarstæði Háls [297:001] og um 140 m suður af núverandi Næfurholti.
Tún sem hefur verið sléttað en er byrjað að hlaupa í þúfur. Næfurholtslækur er til norð-vesturs.
Enn sést móta fyrir tröðunum og liggja þær NNV - SSA. Eru þær um 37 m langar og allt að 1 - 1,5 m að breidd og um 1 m að hæð. Eitthvað hefur þó verið átt við þær í seinni tíð þar sem bæði er búið að aka yfir þær fyrir miðju. Þá hefur rétt verið hlaðinn í seinni tíð við suðurendann en þar er einnig eitthvað af grjóti, en hvort það er úr tröðunum eða réttinni er erfitt að segja til um.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Næfurholt svör við sp., 5

RA-296:053 þúst útihús 6358.803N 1955.143V

Um 140 m SVS af Hálsi [297:001] og um 20 m NV af fjárhúsi 005 er þúst.
Grasivaxin hlíð með töluvert af grjóti sem fallið hefur úr Bjólfelli. Sunnan við þústina er náttúruleg dæld.
Þústin er um 5 x 5 m að stærð og um 0,2 m að hæð. Tveir steinar eru í vesturhorninu og er þústin nokkuð hringlaga með smá dæld í miðjunni.
Hættumat: hætta



Þústin, horft til suðurs

RA-296:054 *Milli garða* garðlag túngarður 6358.861N 1954.963V

"Ofan við Gamlatún heitir Milli garða. Þar hefur yngri garður verið hlaðinn nær fjallinu," segir í örnefnalýsingu. Um 170 m SSA af núverandi Næfurholti 003 og um 70 m austur af Háls 297:001 er hlaðinn garður.
Garðurinn er við rætur Bjólfells en þar hefur töluvert að grjóti runnið úr hlíðinni niður á túnið fyrir neðan garðinn.
Garðurinn er um 410 m norður-suður en tekur svo beygju til vesturs og er sá bútur 74 m, klippist hann svo í sundur af mýrlendi og litlum læk en er sá bútur um 90 m en þó frekar óljós. Garðurinn er úr torfi og grjóti, með allt að 3-5 umförum af hleðslugrjóti. Hann byrjar rétt ofan Næfurholtslæk í norðurhorninu. Sennilegt er að hann hafi náð alveg niður að læknum en það sést ekki í dag. Í seinni tíð hefur hann verið endurbættur og eru þær

hleðslur leifar af eldri garðinum sem er aðeins neðar og sést þar um 120 m langur bútur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Næfurholt svör við sp., 5

RA-296:055 Garðlag óþekkt 6358.876N 1955.240V

Garðlagið, horft til SSV

Á sléttu túninu beint suðvestur af núverandi Næfurholti 003 var garðsbrot sem hugsanlega hefur verið partur af gamla túngarði 054. Ófeigur Ófeigsson man eftir garðinum á túninu áður en það var sléttað.
Sléttað tún en Næfurholtslækur rennur sunnan við brotið, líklegt að lækurinn hafi klippt garðinn í sundur á sínum tíma.
Garðurinn liggur norður-suður og er um 30 m langur og um 1,5 m breiður. Hæð hans er um 0,70 - 0,80 m. Hann hefur náð lengra til suðurs en hverfur í votlendi af læknum. Ekkert grjót sést í garðinum.
Hættumat: engin hætta, vegna ábúðar

RA-296:056 *Tappakofatótt* heimild 6358.906N 1954.980V
"Á Heimatúni er Heygarður, austur af bænum, fremst á Lambhústúni, og þar skammt fram af Tappakofatótt," segir í örnefnalýsingu. Í dag er þetta sléttur smá hóll sem er um 90 m suðaustur af núverandi Næfurholti 003.
Sléttað svæði sem er byrjað að hlaupa í þúfur.
Engar fornleifar eru sýnilegar þar sem allt hefur verið sléttað. Fyrir nokkru fundust nokkrir steinar fundust á umræddum stað en hann var sléttaður milli 1940-50.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Næfurholt svör við sp., 5

RA-296:057 *Halldórsstíflur* heimild um samgöngubót 6359.340N 1957.969V
"Þá eru og Halldórsstíflur í Hraunteigslæk vestan við Þrengslistorfu, kenndar við Halldór bónda í Hraunteig, sem mun hafa gert þær til að komast þurrum fótum til húsa á vetrum," segir í örnefnalýsingu. Um 160 m austur af Sporðvaði 040 og um 190 m suður af Hraunteigstóftum 012 er líklegasti staðurinn fyrir að stíflurnar. Heimildarmaður Ófeigur Ófeigsson man ekki eftir neinum stíflum en segir að þarna hafi verið steinar sem stiklað hafi verið á yfir ána.
Uppblásin hlíð til suðurs en til norðurs er vel kjarri gróinn bakki Hraunteigs.
Rétt sést í nokkra steina í ánni, en þeir ná út í hólma sem þar er. Sjálf áin er nokkuð straumhörð og djúp.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Næfurholt svör við sp., 5

RA-296:058 *Stígurinn* gata leið 6359.848N 1952.710V
"Markahlíðartorfur heita grastorfur upp af vesturenda Markhlíðar, en vestur af þeim, í hraunkrika, þar sem Stígurinn yfir Næfurholtshraun kemur norður af, er stakur klettur, sem heitir Grettistak," segir í örnefnalýsingu. Í úfnu hrauninu um 40 m SSA af Grettistaki 059 og um 2,5 km NA af núverandi Næfurholti 003 er upphaf Stígsins segir heimildarmaður Ófeigur Ófeigsson.
Mosavaxið hraun sem rann 1845.
Stígurinn liggur suðvestur yfir frá núverandi Næfurholti 003 og er nýttur til að smala í dag. Sést móta fyrir honum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Næfurholt svör við sp., 6

RA-296:059 *Grettistak* heimild um 6359.866N 1952.740V

Grettistakið, horft til suðurs

"Markahlíðartorfur heita grastorfur upp af vesturenda Markhlíðar, en vestur af þeim, í hraunkrika, þar sem Stígurinn yfir Næfurholtshraun kemur norður af, er stakur klettur, sem heitir Grettistak," segir í örnefnalýsingu. Grettistak er í mosavöxnu hrauni sem er við Stíginn 048 eða um 40 m NNV og um 2,5 km NA af núverandi Næfurholt 003.
Mosavaxið hraun.
Steinninn er nokkuð stór eða um 5 x 4 að stærð og allt að 2,20 m að hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Næfurholt svör við sp., 6

RA-296:060 *Ás* bæjarstæði býli 6359.342N 1954.604V
"Munnmæli herma að svo hafi heitið bær er staðið hafi nær miðja vega milli Gamla-Næfurholts og núverandi Næfurholtsbæjar, vestan undir hæð sem Vesturás heitir. Bæjar þessa er hvergi getið í ritum fyrr en í ritgerð Brynjúlfs Jónssonar frá Minnanúpi um eyðibýli á Rangárvöllum ... en lítillega sér þar til rústa." Um 800 m orðaustur af núverandi Næfurholti 003. Enginn ummerki eftir býlið er að sjá á staðnum í dag.
Lúpínuvaxin hlíð sem er uppblásinn og grýtt.
Í Skrá yfir eyðibýli eftir Brynjúlf Jónsson segir: "Ás hét hjáleiga frá Næfurholti, og stóð vestan í ásnum, sem er suður frá gamla Næfurholti, en norður frá Hálsi. Þar er blásið, og sér til gamalla rústa." Í Eyðibýlum og auðnum á Rangárvöllum eftir Valgeir Sigurðsson segir: "Litlu nær nýja en gamla Næfurholti, austan við götuna þar á milli, er hár og brattur ás, sem Vesturás heitir. ... Flag eitt lítið er mjög nærri lindinni, að norðanverðu, neðan við götuna. Í flagi þessu sjást nokkrir dreifðir hleðslusteinar úr þrenns konar efni, blágrýti og þursagrjót, eins og sést utar og uppi á ásnum, og líka hraunsteinar, sem þar eru ekki. Þeir hljóta því að hafa verið fluttir þar að, úr hrauni því, sem þar er drjúgum spöl neðar. Þetta sýnir því, þótt lítið sé, að þarna hefir einhver bygging verið að fornu fari. Vestan við flagið er grasbakki, og má vel ætla, að umfangsmeiri leifar af byggingu dyljist þar undir. ... Sunnan við þennan stað [Þar sem byggt er nýtt fjárhús] og skógarbrekkuna er bert og blásið gildrag eftir leysingavatn. Í gili þessu, hátt upp í brekkunni , rakst ég á leifar af grjótgarði. Hann hefir legið þvert yfir gildragið, milli tveggja brattra brekkna, á móts við skógartorfuna ofarlega, og virðist norðurendi garðlagsins hverfa þar undir bakka, en suðurendinn liggja að kletti uppi í bröttu brekkunni, og garðlagið allt um 35 faðma á lengd - víst að mestu leyti úr þar fengnu grjóti. Meira en helmingur af garðrúst þessari liggur á grjótmel, með litlum halla til suðvesturs og nær melurinn þaðan spölkorn í sömu átt. Syðri brúnin er gróðurlítil og skóglaus, hún víkur þarna til suðlægrar áttar. Þegar mældir eru fram með henni, frá nefndu garðlagi, 40 faðmar, rekst maður á enn greinilegri leifar af garði. Hverfur endi hans rétt neðst í brekkunni, sem þar er með nokkrum gróðri, en svo sjást leifar hans 22 faðma vestur á melinn." Gengið var vel um svæðið en engar fornleifar sjást á staðnum, það eina sem bent gæti til bústaðar eru 2 - 3 steinar sem hentugir væru til hleðslu. En töluverður uppblástur hefur átt sér stað á svæðinu sem farið er að gróa aftur.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 29; Árbók 1898, 9; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 48

RA-296:061 garðlag túngarður 6358.958N 1955.077V

Garðlagið, horft til austurs

Túngarður er um 40 m norðvestur af núverandi Næfurholti 003. Hugsanlegt að hann hafi verið partur af túngarði 054.
Garðurinn er innan girðingar að hluta til sunnan megin. Kvos er til norðvesturs en að annars er slétt svæði umhverfis bæjarstæðið. Garðurinn liggur norður-suður og beygir svo til austurs, fyrir ofan bæ. Þar heldur hann áfram að rétt (009), en hún hefur verið byggð utan í garðinn. Hann er um 200 m langur og er um 0,60 - 0,70 m hár, úr torfi og grjóti. Garðurinn er vel sýnilegur vestast en þegar austar dregur hefur verið hróflað við honum. Vegslóði (til að fara í Selskarð) er í gegnum hann við réttina (009) og að auki hefur hann rofnað á þremur stöðum. Eins hafa fjárhúsin (007 og 008) raskað honum eitthvað þar sem þau standa fast upp við hann. Garðurinn endar við Næfurholtslæk.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-296:062 þúst óþekkt 6358.920N 1956.015V



Þústin, horft til norðurs

Um 60 m suður af Breiðholti 063 og um 290 m norðvestur af Dvergasteinsvaði 035 er þúst.
Sléttað tún.
Þústin er um 5 x 4 m að stærð og snýr norður-suður. Engar hleðslur er að sjá en þrír steinar á stangli eru í suðurendanum og hefur hún verið aðeins niðurgrafinn á austurendanum. Opið virðist hafa verið í suðvesturendanum.
Hugsanlegt að önnur þúst sé um 5 - 7 m norður af en ekki mjög greinilegt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



RA-296:063 *Breiðholt* bæjarstæði býli 6358.952N 1956.032V

Bæjarstæðið, horft til suðurs

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1711 segir: "Önnur hjáleiga hefur og staðið í Næfurholtslandi, kölluð Breidhollt. Er fyrst bygð fyrir 20 árum eða þar um. Byggíngin varaði fá ár. ... Kann ekki aftur byggjast, því heyskapur er enginn." "Nú verður tekið fyrri Breiðholt og nágrenni þess. Fyrst við lækinn Dvergasteinn, og þar vestar Breiðholtshús og Breiðholtstún ..." segir í örnefnalýsingu. Í Skrá yrir eyðibýli eftir Brynjúlf Jónsson segir: "Breiðholt heitir flöt hæðarbunga vestur frá Næfurholti. Hún er nú mjög blásin norðan og vestan til, en austan í henni eru fjárhús frá Næfurholti. Þar er sagt, að bær hafi verið til forna. Þó er þar engar rústir að sjá, nema eina stekkjartóft, nokkuð gamla. En svo er að sjá, sem hér hafi alt blásið áður, en verið gróið upp aftur, þá er fjárhúsin voru bygð. Er því ekki að marka, þó bæjarrúst sjáist ekki. En fyrir neðan brekkuna hefur aldrei blásið, og er þar forn garður, sem líklegt er að sé túngarður. Engin fornvirki gat ég heldur séð annarsstaðar á bungunni." "Breiðholt var hjáleiga frá Næfurholti er stóð að austanverðu í samnefndu holtI, neðarlega nærri því

miðju. Breiðholts er fyrst getið í alþingingbókinni 1682, þar sem greint er frá vitnisburði er Jón Bjarnason gaf um ábúð þar og í Haukadal. Þetta hefur verið á fyrstu árum byggðar í Breiðholti ..." Um 800 m vestur af núverandi Næfurholti 003 og um 60 m norður af þúst 062 er hóll sem líklega hefur verið bæjarstæðið.
Sléttað tún.
Engin ummerki er að sjá á hólnum en hann er um 21 x 20 m að stærð og snýr austur-vestur. Hæð hans er um 1,5 - 1,7 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM I, 277; Ö-Næfurholt, 6; VS: Rangvellingabók, 48; Árbók 1898, 9-10

RA-296:064 *Nýibær* tóftir býli 6359.052N 1955.422V



Tóftasvæðið, horft til NNV

"Á hól skammt frá upptökum Nýjabæjarlækjar má sjá móta fyrri vallgrónum tóttum, smáum," segir í örnefnalýsingu. "So kallast eyðipláts nokkurt í Næfurholts landi. Þar hefur í gamaldaga bygð verið, en ei vita menn hvort það hefur jörð verið út af fyrir sig eður hjáleiga frá Næfurholti. Munnmæli eru, að þetta býli hafi eyðilagst af einu öskufalli úr Heklu. Þar sjást nokkur merki til tóftarbrota, og sýnist af þeim þetta muni hafa smábýli verið. Kann ekki aftur byggjast vegna heyskaparleysis og blásturs." segir í Jarðabók Árna og Páls. "Við lækinn Tangar, Nestjörn og Koltjörn, Brún, Moldarskarð, Nýibær, gamalt eyðibýl,." Segir í örnefnalýsingu. Um 370m norðvestur af núverandi Næfurholti [003] og um 10 vestur af heimkeyrslunni eru tóftir Nýjabæjar.
Grasivaxið þýft svæði. Lítill lækur rennur í austri ofan hann er grasivaxin brekka..
Í Skrá yfir eyðibýli eftir Brynjúf Jónsson segir: "Nýibær hét hjáleiga út með læknum, sem rennur frá Næfurholti (Hálsi) til útnorðurs. Stekkjarbrot er ofan á rústinni." Í Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum eftir Valgeir Sigurðsson segir: "Auk þess bólar á þremur öðrum kofaleifum, fast við "stekkinn", einni að vestan og tvennum að norðanverðu. Allar litlar, varla meira en svo sem 6-8x10 fet." Tóftin er mjög óskýr og sigin enda mikil röskun sem hefur átt sér stað í nánd við hana, sérstaklega þar sem að svo virðist sem stekkur hafi verið byggður ofan í tóftina. Hann er sennilega það greinilegasta á staðnum. Stekkurinn hefur verið byggður utan í vesturendann á býlinu. Allt svæðið er um 18 x 16 m að stærð og snýr austur-vestur. Hvergi er að sjá grjót nema örlítið í norðaustur horninu á stekknum. Erfitt er þó að greina á milli hólfa en allt í allt eru þetta 5 hólf með stekknum. Sjálfur stekkurinn, hólf A, snýr SV-NA. Hann er um 6 x 5 -10 m að stærð en seinni 5 m eru mjög óljósir og er hann alveg opinn til suðvesturs, með hleðsluhæð um 0,4 m. Suður af stekknum, hólf B, er lítil dæld sem er um 3 x 3 m að stærð og mjög sigin. Norðaustur af B er hólf C, sem er 11 x 3-4 m að stærð og virðist vera alveg opið til suðurs. Norðvestur af hólfi C er hólf D, er það lítil dæld sem er um 4 x 4 m að stærð. Suð-vestur af hólfi D er hólf E. Það snýr norður-suður og er um 5 x 3 m að stærð með opi til NNV. Allt er þetta mjög sigið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Næfurholt svör við sp., 1; JÁM I, 277; Ö-Næfurholt, 1; Árbók 1898, 9; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 49

RA-296:065 heimild um kolagröf 6359.067N 1954.845V
"Skóg á jörðin mikinn að víðáttu brúkandi til kolagjörðar, selur ábúandi hann með leyfi eigenda nokkrum mönnum úr Mýrdal, flestum þó úr Landeyjum til kolagjörðar, og betala fyrir hverja 5 og 6 tunnur sumir v sumir iv, sumir iii álnir. Uppber ábúandi skógartollana og segja sjer þá lagða af eigendum, og eigi að standa fyrir tíundum, því jörðin sje meira tíunduð en hún þykir verð vera. Skógartollar kynnu að hlaupa sig í meðallagi um árið (eftir sögn ábúanda) hjer um lx álnir." Talið er að kolagerð hafi verið á svæðinu þó nú sé ekki vitað um

séstakar kolagrafir.
Grasivaxið svæði sem áður var skógi vaxið.
Enginn ummerki um kolagrafir eru sjáanlegar og ekki minnist heimildarmaður neins sérstaks staðar en segir að þetta hafi verið á þessu svæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM I, 276

RA-296:066 tóft fjárhús 6358.971N 1955.305V



Tóftin, horft til NNV

Um 110 m suðaustur af matjurtargarði 069 og um 220 m norðvestur af núverandi Næfurholti 003 er tóft af fjárhúsi. Vegurinn heim að bæ liggur um 25 - 30 m vestur af tóft.
Grasivaxið, þýft svæði sem er inni í grónum krika.
Tóftin er um 13 x 7 m að stærð og snýr NNV-SSA með op í NNV endanum. Hún er einföld og um 0,8 m að hæð. Hún virðist hlaðin úr torfi, í það minnsta sést hvergi í grjót í henni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-296:067 tóft óþekkt 6400.415N 1953.759V



Í Lambatanga í um 2,9 m NNA af núverandi Næfurholti 003 og um 305 m suður af réttum 020 inni í þéttu birkikjarri er lítil tóft.
Mosavaxið, birkivaxið kjarrsvæði.
Tóftin er um 5 x 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er mjög gróin og um 0,8 m há en ekkert grjót sést í henni. Norðurendinn er nær alveg horfinn en op fyrir miðri vesturhlið.
Hættumat: engin hætta

RA-296:068 *Áveitudæla* örnefni áveita 6358.934N 1955.244V
" ... fram af bænum Bali og Flöt og Flatarhóll og Mýrarseila, ennfremur Áveitudæla." segir í örnefnalýsingu. Á miðri heimreiðinni um 160 m vestur af núverandi Næfurholti 003 var Áveitudæla samkvæmt heimildarmanni Ófeigi Ófeigssyni.
Sléttur malavegur.
Engin ummerki um áveitu sjást á veginum en Ófeigur hefur heyrt af henni á þessum stað. Þar sést lítillega smá dæld í túninu sunnan vegar en enginn ummerki um læk er að sjá.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Næfurholt, 1

RA-296:069 garðlag kálgarður 6359.019N 1955.383V



Kálgarðurinn, horft til NNA

"Við Nýjabæ sjást engin mannvirki önnur ... En skammt austur við brúnina hefir verið rétt (fremur en kálgarður) frá 19. öld að líkindum," segir í riti um eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum. Tóft þess er um 310 m norðvestur og um 90 m SSA af Nýjabæ 064.
Grasivaxin kriki.
Garðurinn er ferhyrndur. Hann er um 25 x 15 m að stærð og snýr norður-suður. Hleðsluhæð hans er um 1,20 - 1,30 m en hvergi sést grjót í honum. Breidd garðsins er um 1 - 1,5 m. Inn í honum sést móta vel fyrir beðunum sem eru um 1 m að breidd og sjást allt að 10 beð. Garðurinn hefur verið rofinn í suð-vesturhorninu sem og fyrir miðjum norður vegg. Að auki er hann nokkuð siginn í norðvestur- og í norðausturhorninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 49

RA-296:070 tóft óþekkt 6358.060N 1954.716V
"Húsarúst fágæt. Ekki munu nú sjást eða þekkja neinar fornaldarrústir austan Bjólfells, nema aðeins af einu stóru húsi. Hún er norðaustan undir Austurbrekkum svonefndum, á berum mel, sem er ávalur og mikill um sig, en ekki hár," segir í riti um eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum. Við Selvatn, sjá 030. Umræddur staður er um 1,7 km SSA af núverandi Næfurholti 003 og um 640 m norðvestur af Litlastíg 027.
Mjög uppblásið svæði sem er norður af Norðurhrauni.
"Þótt grjótdreifin nái nú yfir nærri 20 faðma, bæði á lengd og breidd, held ég, eftir halla og afstöðu, að þessi mikla lengd, 80 fet, geti varla verið svo mikil að réttu máli. ... Engin líkindi sjást til milliveggja í húsinu, þótt líkara virðist, að því væri tvískipt, svo löngu húsi, með dyrum á báðum endum. Ekki leyna sér norðurdyrnar, þar liggja stórir og lögulegir kampsteinar úr þursagrjóti ..." Engin greinileg ummerki er að sjá á staðnum, þó gengið var um svæðið. Það eina sem sást voru nokkrir steinar í röð, en þó eru ekki mjög greinilegar hleðslur en að öllum líkindum eru þær af mannavöldum.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 54-55

RA-296:071 tóft óþekkt 6357.978N 1954.559V

Tóftin, horft til norðurs



Um 1,8 km SSA af núverandi Næfurholti 003 og um 450 m SV af Litlastíg 027 inn í kjarrvaxinni laut, upp við klett eru leifar af grjóthlöðnum hálf hring sem hefur verið notað sem aðhald eða jafnvel rétt samkvæmt Ófeigi Ófeigssyni.
Kjarrivaxið svæði með sléttum fleti þar sem aðhaldið er. Gróið hraun allt í kring.
Þetta er bogadreigin hleðsla sem snýr austur-vestur og er um 14-15 m langt. Eingöngu er hlaðinn einumferð af grjóti og er smá hellisskúti við klettinn sem lokar alveg á aðra hliðina.
Hættumat: engin hætta

RA-297 Háls

Hjáleiga Næfurholts. 1711 segir að jörðin hafi byggst fyrir 28 árum en eyðilagðist fyrir 14 eða 15 árum. Jörðin var í eyði til 1779, búið þar 1779-1787m 1798-1815 og 1829-1844. Bærinn í Næfurholti fluttur á bæjarstæði Háls 1846. "Sögn er þó að Háls hafi verið sami bærinn og landnámsbærinn Þórunnarhálsar, og er það líklegt, því upp af yfir bænum er hálsahryggur sá hinn mikli, er gengur inn af Bjólfelli." BJ: "Skrá yfir eyðibýli ..." Árbók 1898, 9

RA-297:001 *Háls* bæjarhóll bústaður 6358.865N 1955.050V

Bæjarhóllinn, horft til norðurs



Bæjarhóllinn, horft til SSV



Um 150 m suður af núverandi Næfurholti (RA-296:003), á Gamlatúni tóftir Háls sem síðar varð Næfurholt. Við Heklugosið 1845 flutti heimilisfólkið úr Næfurholti [296_001] í bæinn. Árið 1912 hrundi bærinn og flutti fólkið þá í núverandi Næfurholt [296_003].

Sléttað tún allt í kring en í austri og norðri rennur Næfurholtslækur. Fjallsrótin teygir sig niður að suðurendanum. Túnið sjálft er í smá halla til norðurs.

Bæjarstæðið er um 46 x 28 m að stærð og snýr norður-suður. Það er mjög greinilegt þó að herbergjaskipan sé ekki mjög skýr, enda svæðið vel gróið. Syðst er þó sennilega hlaðan (hólf A) og er hún um 10 x 7 m að stærð og snýr austur-vestur. Erfitt er að segja til um dýpt hólfsins þar sem það er vel gróið. Vestur af hólfi A er hólf B sem sennilega hefur verið fjós miða við staðsetningu er það um 6 x 5 m að stærð og snýr norður-suður með opi fyrir miðri vesturhlið. Hólf C er nyrst í hólnum og hefur það sennilega verið baðstofan. Er það hólf þó mjög óskýrt en er um 20 x 9 m að stærð og snýr austur-vestur, eingöngu er um að ræða dæld í tóftina þannig að eingin greinileg ummerki um hleðslur eru sýnilegar. Sennilega er þetta heygarður sökum stærðar en þeir voru algengir aftast í bæjarröðinni á bæjum á suðurlandi á þessum tíma. Önnur hólf í tóftinni eru einnig óljós. Um 4 m suður af hólnum er lítil tóft úr torfi og grjóti. Er hún um 4 x 3 m að stærð og snýr austur-vestur, opin alveg til vesturs, er hlutverk hennar óþekkt. Eitthvað hefur verið byggt við hólinn seinna meir, t.d. hefur rétt úr torfi og grjóti verið byggð við norðvesturhornið. Er hún um 10 x 7,5 m að stærð, opin alveg til norðurs. Um 10 - 14 m langur garður liggur suður upp frá réttinni sem sennilega hefur tilheyrt henni. Allar þessar rústi sem hér eru lýst eru frá síðasta skeiði búsetu á Hálsi. Sennilegt er þó að eldri búseta hafi verið á staðnum og einhverjar endurbyggingar hafa átt sér stað í seinni tíð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-298 Svínahagi

Jarðadýrleiki að fornu 20 hdr, 1711 þá í eyði. Landnámsjörð. ÍF I, 356. "Elsta heimild um Svínahaga er Landnámabók, enda var jörðin landnámsjörð, en síðan finnst hennar ekki getið fyrr en í máldaga Oddakirkju 1553. Svínhagi fór í eyði 1708 og var það enn 1711, en fyrir 1729 var aftur hafinn þar búskapur. ... Björn landnámsmaður í Svínhaga eignaðist land þar við landnám. Síðan er ekki vitað um eigendur jarðarinnar fyrr en 1553, en þá var hún orðin eign Oddakirkju. Fyrir 1580 eignaðist konungur fjórðung jarðarinnar (V hundruð) og 1696 var sá hluti þess partur jarðarinnar orðinn eign Jóns Pétrussonar í Hlíð á Álftanesi ..." VS: Rangvellingabók, 440. "Gróðurlendi jarðarinnar er valllendi og gróið hraun, gott til sauðfjárbeitar, en stór hluti hennar er blásið hraun og örfoka sandur." SB V, 62
1711: "Af túninu hefur sandblástur fjórðúngi að vísu eytt um næstu 20 ár, og hinu sem eftir er mikið spilt. Blöðkuslægjum hefur og grandað blástur sandur og þriðjúng þeirra að vísu af tekið. Hagar eru af sandi stórum spjallaðir, sýnist jörðin framvegis liggja undir spjöllum, jafnvel eyðileggíng." JÁM I, 274 1787: "Hér er heldur ekkert garðefni að fá, þar jarðsvörður er ónýtur af sandi og sandfoki. Túnið hefir verið stórt og slétt að austan og sunnan við bæinn, og þar hefir sandurinn sorfið mest að í fyrstu." VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 38-39 1840: "Útigangur allgóður, heyskapur enginn útantúns nema lítið af melaslægjum, þegar vel árar. Liggur undir áföllum af sandi." 1849: "Tún greiðfær en snögg, engjar engar. Hagland gott og mikið ummáls, en víða blásið. Gripagagn gott." 1882: "Þessi jörð er eydd og uppblásin, en óskemmd að túnum." VS: Rangvellingabók, 440 1917: Tún 6,1 ha, þar af 2 ha slétt, garðar 620 m² 1940: "Tún: Slétt og greiðfært. Engjar: Samfelldar, snöggar. Beitiland: Víðlent valllendi, kjarngott. Gott til sauðfjárbeitar, lakara fyrir gripi. Ókostir: (Ágangur) af afréttarfé. Jörðin er skemmd af uppblæastri, ekki hættulaust enn." VS: Rangvellingabók, 440

RA-298:001 *Svínahagi* bæjarhóll bústaður 63°57.566N 20°03.193V
"... hefur bærinn verið tvífluttur undan sandi... Fyrir austan Torfuna, en svo er nefnd hæðin suður af túninu, fyrir austan lækinn. Á þessari hæð stóð bærinn áður, en var fluttur undan sandinum norðan við lækinn. ... Fyrir austan Bæjarstæði hið gamla, sem er þar uppi á brekkunni, þar stendur nú varða," segir í örnefnalýsingu. "Á túninu suðvestur af bænum er nefnt Gamlibær. Þar var bærinn fyrst settur, fluttur af torfunni, sem bærinn stóð á lækjarbakka og valt allt í lækinn, sem út fyrir fyr var sett. Var hann þá fluttur þangað, sem hann stendur nú," segir í örnefnalýsingu. Í ritgerð um eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum segir: "Bær þessi hefir staðið nokkuð hátt frá ánni, varla minna en 1/2 km að vegalengd, og alveg áveðra á flatlendri brún ... Til rústanna hefi ég ekki getað séð fyrir mjög þykri torfu, sem liggur yfir þeim, ..." Þekkt eru þrjú bæjarstæði Svínahaga og eru þau hér skráð sem 001, 002 og 029. Elsta þekkta bæjarstæði Svínahaga var á Torfunni til 1813. Skv. Örnefnakorti var bæjarstæðið upp af (suður af) skál í Torfunni sem kallast Leynir. Austan við Leyni er Leynishóll og á honum stendur lítill sumarbústaður.
Torfan er grasivaxinn og algróinn hóll. Sunnan við hólinn eru svartir sandflákar sem landgræðslan berst nú við að græða upp.
Ekki eru augljósar útlínur bæjarhóls á Torfunni, enda hefur nokkurt áfok og jarðvegsrof verið á þessum slóðum. Jafnframt er Torfan hóll og því kann að vera erfitt að greina náttúrumyndanir frá manngerðum leifum. Þó glittir í hraungrýti í slakkanum 2 m austur af vörðubrotinu 020, sem kann að vera ættað úr gömlum bæ Svínhaga. Þrír hraungrýtissteinar (ca. 20 sm í þvermál hvert) í röð NA-SV stingast upp úr grassverðinum, og skammt frá má sjá þrjá svipaða steina gægjast upp úr sverði.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Svínhagi, 1, 3-4; Árbók 1951-1952, 39; Örnefnakort Ingólfs Einarssonar

RA-298:002 *Svínahagi* bæjarstæði bústaður 63°57.706N 20°03.185V
"... Hefur bærinn verið tvífluttur undan sandi... Fyrir austan Torfuna, en svo er nefnd hæðin suður af túninu, fyrir austan lækinn. Á þessari hæð stóð bærinn áður, en var fluttur undan sandinum norðan við lækinn ... Fyrir austan Bæjarstæði hið gamla, sem er þar uppi á brekkunni, þar stendur nú varða...Á túninu suðvestur af bænum er nefnt Gamlibær. Þar var bærinn fyrst settur, fluttur af torfunni, sem bærinn stóð á lækjarbakka og valt allt í lækinn, sem út fyrir fyr var sett. Var hann þá fluttur þangað, sem hann stendur nú," segir í örnefnalýsingu. "Flutti bærinn var settur upp á brún nokkurri við lækinn að norðanverðu, á lægri brún og mikið lægra en áður. Gert var þar gott tún og girt frá og að læknum með torfgarði," segir í Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum. Þetta annað bæjarstæði Svínhaga brotnaði ofan í á og er nákvæm staðsetning þess ekki kunn, en vitað er að það var á lækjarbakkanum skammt frá Lauginni [024] og þá líklega við hvilftina sem er austur af Hólmanum.
Algróinn lækjarbakki
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Svínhagi, 1, 3-4; Árbók 1951-1952, 39

RA-298:003 heimild um útihús 63°57.675N 20°03.065V

Á túnakort frá 1917 er merkt útihús um 10 m SV af síðasta bæjarstæði Svínhaga 029.
Þar sem útihúsið var áður er nú þéttur og hár gróður, en einnig lítill rofblettur með mold og mosa.
Sést ekki til útihússins. Tóftin hefur að líkindum verið rifin og jöfnuð við jörðu einhvern tíma eftir gerð túnakortsins. Enn gætu þó leifar þess leynst undir sverði. Á staðnum þar sem útihúsið var áður er nú ein flöt steinhella í jörðinni, annað hvort blá-eða grágrýti, um 0,5 x 0,3 m að þvermáli. Steinhellan gæti hugsanlega verið ættuð úr byggingunni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-298:004 heimild um útihús 63°57.681N 20°03.070V

Á túnakort frá 1917 er merkt útihús um 10 m V af síðasta bæjarstæði Svínhaga 029. Að líkindum hefur útihúsið verið einhverstaðar á milli rústahóla 029 og 032.
Þéttur og mikill gróður er á svæðinu þar sem útihúsið stóð áður.
Ekki sést til útihússins. Tóftin hefur að líkindum verið rifin og jöfnuð við jörðu einhvern tíma eftir gerð túnakortsins. Enn gætu þó leifar þess leynst undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-298:005 tóft útihús 63°57.656N 20°02.914V

Tóftin, horft til austurs



Um 120 m austur af bæjarstæði 029 og 75 m SSA af nýju íbúðarhúsi á Svínhaga er tóft. Þar er sýnt útihús á túnakorti frá 1917.
Tóftin er í grónu túni sem enn er slegið.
Tóftin er 5 x 4 m að stærð og snýr A-V. Hún er eitt hólf, að innanmáli um 3 x 1,5 m og er hlaðin úr torfi og grjóti. Grjót er að innanverðu (þurrhleðsla) og torf utan með og að ofan. Hæst er grjóthleðslan í A-vegg, 7 - 8 umför. Rústin er um 1,5 - 1,6 m á hæð og er í góðu ástandi. Dyr snúa til vesturs og eru um 1 m breiðar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-298:006 þúst útihús 63°57.724N 20°03.150V

Þústin, horft til austurs

Tóft er um 120 m VNV af bæjarstæði 029 og 160 m VNV af heilsársbústað sem reistur var í stað bæjar 029. Útihúsið er merkt á túnakort frá 1917.
Gróið tún, þústin er vaxin háu grasi.
Lág þúst, um 7 x 5 m að ummáli og snýr u.þ.b. A-V. Þústin er 0,3 - 0,5 m há.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-298:007 mannabein legstaður 63°57.554N 20°03.160V

"Beinafundur í Svínhaga, Rangárvallahreppi: Í Árbók 1953, bls. 40, getur Vigfús Guðmundsson um "dys" í Svínhaga. Ég sá þessar leifar 20.6. 1949. Um 50 m SV frá gamla bæjarstæðinu, sem er hálfblásið eða vel það,

sást grjót- og moldarhrúgald á örfoka svæði sunnan undan háu rofbarði. Hjá þessu hrúgaldi og að nokkru leyti í því voru leifar af mannsbeinagrind, leggbein úr útlimum, hnakkabein o.fl. Ekki er auðið að ganga úr skugga um, hvort þetta eru leifar úr fornmannsgröf. En of nærri virðist það hinu gamla bæjarstæði til þess að það sé líklegt, og gætu þetta verið leifar af bænhúsreit frá fyrri öldum," segir í Kuml og haugfé. Mannabeinin fundust í slakkanum suðaustan í Torfunni (sjá 001), um 180 m austur af sumarbústað á Leynishól.
Syðst á Torfunni eru rofabörð en verið er að reyna að halda henni gróinni og hefur m.a. grenitrjám verið plantað á svæðinu, en öll torfan sjálf er vel gróin. Suður af Torfunni er svartur sandur, sem verið er að reyna að græða upp. Svæðið hefur að miklu leyti blásið upp en nú er búið að græða það upp aftur að mestu, sendinn jarðvegur stingst þó víða upp gegnum gróðurinn
Ekki er augljós þúst eða dys á svæðinu enda er allt upp blásið og aftur farið að gróa. Eftirtektarvert er þó að grjótdreif er um svæðið og er grjótið frá 20 - 40 sm í þvermál. Grjótdreifin sker sig nokkuð úr annars sendnu umhverfinu. Erfitt er að átta sig á umfangi svæðisins, þó virðist það vera að minnsta lagi 14 x 14 m miðað við grjótdreifina. Við vettvangsathugun kom skrásetjari auga á tvö bein, sem kunna að vera ættuð úr dys. Annað stakkst út úr rofabarði og er brot rifbeins úr stórgrip, hugsanlega hesti, en hitt lá uppblásið í grjótdreifinni. Seinna beinið er að líkindum brot af langbeini, afar illa farið af því að liggja fyrir veðri og vindum, og kann að vera ættað úr manneskju.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir:KEKH, 52

RA-298:008 tóft beitarhús 63°58.047N 19°59.831V

Tóftin, horft til suðausturs



"Svínahöfði er innstur í mörkum milli Svínhaga og Haukadals, að norðanverðu er hann grasi gróinn, víði og birki er þar heldur í vexti; að innan er hann blásinn. Hann á að draga nafn af svínum, sem sagan segir, að gengið hafi úti og fundizt þar, nú eru þar fjárhús," segir í örnefnalýsingu. Fjárhústóftin er 3 m suðvestan við sumarbústað á lóð R34 í landi Svínhaga, VNV utan í Svínahöfða. Tóftin er um 2,7 km ANA af síðasta bæjarstæðinu 029.
Tóftin er í gras-og lynggróinni hlíð og skammt frá vex einnig birki og kjarrgróður.
Tóftin snýr nokkurnveginn A-V og er 13,5 x 5 m að stærð. Dyr eru að vestanverðu og er hæð veggja að innanverðu um 1,6 m. Tóftin er hlaðin úr fremur stóru hraungrýti, meðalgrjót í hleðslunum er 30 x 30 sm. Innan á veggjum tóftarinnar eru grjóthleðslur en torf utan á. Mest hæð utan á tóftinni er um 2 m, svo virðist sem upphækkun sé kringum tóftina og því er líklegt að eldri minjar leynist undir. Austast í tóftinni og innst er niðurgrafin hlaða, eða "heykuml" og er hún 2 x 2 m að stærð og er veggjarhæðin 2,3 m og samanstendur af 11 umförum grjóts.
Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Svínhagi, 1

RA-298:009 *Götuskipti* gata leið 63°57.692N 20°02.694V
"Djúpalaut er suðvestur af Höfðanum og Dýjalautarhóll fyrir vestan og norðan hana, laus við hraunið. Langhóll er norður og vestur af honum, allstór, liggur frá landnorðri til útsuðurs...Í landsuður af Langhól er æðimikið af uppgrónum götum frá fyrri tímum. Liggja þær bæði upp og fram, austur og vestur. Munu þær sem liggja austur og vestur vera af hinum forna þingvallavegi um uppsveitir Þessar krossgötur eru kallaðar götuskipti," segir í örnefnaskrá. Götuskipti eru vel greinileg rúmlega 200 m austur af nýju íbúðarhúsi á Svínhaga, heilsársbústað úr timbri skammt austur af síðasta bæjarstæðinu 029. Þaðan liggja greinilegar götur til austurs og fylgja m.a. Árgili, en einnig eru greinilegar götur til suðurs að Kotsvaði 017 og eru þá hluti Kotsgatna 018.
Í landi Svínhaga eru Götuskipti í grónu túni og haga sem verið er að byggja upp sem sumarbústaðaland. Sunnan Svínhagalæks liggja göturnar yfir öllu berangurslegra og uppblásnara landslag.
Göturnar eru greinilegar. Þær eru um 8 - 10 m breiðar og samanstanda af fjölmörgum rásum í jörðinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Svínhagi, 2

RA-298:010 *Skógartangi* heimild um tjaldstæði 63°57.532N 20°02.038V

"Skógartangi er innsta örnefnið í Svínahagalandi með læknum, dregur hann nafn af því, að þarna lágu skógarmenn úr suðursveitum, er þeir komu úr skógi ..." segir í örnefnalýsingu. Tanginn er við Svínhagalæk, um 800 m ASA af nýju íbúðarhúsi á Svínhaga, heilsársbústað úr timbri skammt austur af síðasta bæjarstæðinu 029. Grasivaxinn tangi út í Svínhagalæk (Selsundslæk). Því sem næst algróinn melur og mýri.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Svínhagi, 2; Örnefnakort Ingólfs Einarssonar

RA-298:011 garðlag túngarður 63°57.657N 20°02.797V

Garðlagið, horft til suðurs

"Mýrarseyla, svo er nefndur tangi út í lækinn fyrir austan túngarðinn," segir í örnefnalýsingu. Norðurendi garðbrotsins sem enn er sjáanlegt er um 150 m ASA af nýju íbúðarhúsi á Svínhaga, heilsársbústað úr timbri skammt austur af síðasta bæjarstæðinu 029.
Garðurinn er í grónu túni og haga við Svínhagalæk.
Garðurinn hefst sunnan við heimreiðina að Svínhaga, en þar norður af er garðurinn sléttaður og með öllu horfinn. Í norðurenda garðsins er rof og glittir þar í mold. Garðurinn liggur til S og svo til SSV að Svínhagalæk og er alls um 160 m langur. Austan garðsins er Mýrarseylan. Nyrst er garðurinn um 2 m breiður og um 1,3 m á hæð. Um 35 m suður frá norðurendanum er torf rofið úr garðinum á hátt í 30 m kafla og stendur þar einungis eftir grjót. Stærsta grjótið í hleðslunni er hátt í 1 m í þvermál og 0,3 - 0,4 m hátt, annars er mest af grjótinu töluvert minna, ca. 40 x 40 sm. Rétt fyrir norðan miðbik garðlagsins liggur annar eldri og signari garður þvert undir það. Eldra garðlagið hefst um 10 m SA af norðurenda yngra lagsins, og liggur samhliða því til suðurs um 35 m en sveigir þá til vesturs og liggur undir yngra garðlagið og áfram um 50 m að Svínhagalæk. Eldra garðlagið er signara, en þar sem það er greinilegast, næst lækjarbakkanum, er það allt að 2 m breitt og yfir 1 m á hæð, en það er víðast mun lægra eða um 0,4 m að jafnaði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Svínhagi, 2

RA-298:012 *Gerði* garðlag 63°57.850N 20°03.648V

Gerðið, horft til austurs

"Útseta og Gerði nefnast engjastykki norður af túninu. Í Gerðinu, sem er vestar, er hóll með vörðubroti, sem kallaður er Grjóthóll [013]," segir í örnefnalýsingu. Hér eru skráð sex garðlög, en ekki er víst að öll tengist örnefninu. Garðlögin eru aðgreind með bókstöfunum A-F og ná yfir svæði sem er alls um 860 x 500 m stórt. Garðlag A hefst við Rangá, um 620 m NV af nýja íbúðarhúsinu á Svínhaga (heilsársbústað úr timbri skammt austur af síðasta bæjarstæðinu) og liggur til austurs. Garðlag B liggur milli laga A og D, það hefst um 150 m SV af enda lags D við Árgil og liggur þaðan til VSV í átt að lagi A. Garðlag C liggur frá SSV til NNA. SSV-endinn er um 70 m NA af eystri enda lags A og NNA-endi lags C er um 90 m ANA af nyrðri enda lags D við Árgil. Garðlag D hefst um 140 m norður af nýja íbúðarhúsinu á Svínhaga (heilsársbústað úr timbri skammt austur af síðasta bæjarstæðinu) og liggur um 500 m til NA að Árgili. Garðlag E liggur samsíða lagi D, um VNV við það og hefst um 60 m SA af nyrðri enda lags D við Árgil. Garðlag F er um 160 m norður af nýja íbúðarhúsinu á Svínhaga og myndar ferhyrning við syðstahluta lags D.
Garðlögin liggja mestmegnis yfir graslendi.
Garðlag A er hátt í 650 m langt og liggur A-V. Að austan hefst það við Rangá og er um 1 m hátt og 2 m breitt. Um 30 m austar verður garðurinn mun lægri, tilgengnari og ógreinilegri. Hann er fremst á brekkubrún sem liggur niður til suðurs. Þar er hann 0,2 m hár og 1 m breiður, greinilegur sem aflöng bunga á brekkubrúninni. Um 110 m ANA verður garðurinn aftur mun greinilegri, algróinn og ekkert grjót sýnilegt. Hann er rúmlega 1 m hár og um 2 m breiður. Hátt til 40 m austar er 10 m langur rofinn spotti í garðlaginu og hefur mögulega verið farið utan í garðinn á einhverju landbúnaðartæki. Um 150 m austar er garðurinn nokkuð lágur og tilgenginn og liggur þar veglsóði þvert yfir hann frá N-S. Um 40 m austar er garðlagið hæst rúmlega 1 m og er um 2 m breitt og algróið. Rúmlega 110 m austar er garðlagið orðið allt að 1,5 m hátt, en verður svo smám saman óljósara og hverfur alveg um 120 m ANA. Garðlag B er um 130 m langt garðlag sem liggur milli garðlaga A og D. B er siginn og fremur ógreinilegur garður sem snýr nokkurn veginn A-V og fellur inn í umhverfið á sitthvorum endanum og hverfur. Hann er hæstur um 0,2 m og um 1 m breiður. Greina má grjót í honum. Garðlag C er 60 - 70 m N og NA af garðlögum A og B og snýr ANA-VSV. Það er 90 m langt og er algróið. Það er hæst um 1,3

m og um 2 m breitt. Garðlag C fellur inn í umhverfi sitt og hverfur að lokum á báðum endum. Garðlag D hefst við Árgil og liggur til SV hátt í 500 m. Frá Árgili er garðlag D hlaðið úr meðal-og stóru grjóti, um 0,4 m hátt og mest 1 m breitt. Aðeins vottar fyrir torfi í garðinum, en því hefur að líkindum að mestu leyti rofið í burt á einhverjum tímapunkti þó nú sé algróið í kring. Um 130 m suðvestar er algróið torfi yfir garðinn og er hann þar um 0,7 m hár og 2 m breiður. Um 170 m SSV er um 40 m langt rof í garðinum, þar sem hann lækkar mikið, en þar eftir verður hann aftur mjög greinilegur þar til hann hverfur alveg rúmlega 160 m SSV. Garðlag E er rúmlega 10 m langt og liggur samsíða garðlagi D, um 60 m SV af enda þess við Árgil. Garðlag E er um 3,5 m NNV við lag D og er sokkið og yfirgróið. Víðast ber garður E einungis við yfirborð og er líkastur grjótrennu í jörðinni. Þó rís hann hæst um 0,3 m og eru þá greinanleg 2 umför. Garðlag F er alls hátt í 300 m langt og liggur í ferhyrning, sem austurhliðina vantar á. Garðlag D liggur fyrir austan garðlag F og gæti hafa myndað austurvegginn, þó þau séu ekki samvaxin. Garðlag F hefur líklega verið nátthagi. Það er algróið, um 1,5 m breitt og um 0,5 m hátt og ekkert grjót er greinanlegt í því. Hornin að SV og NV eru bæði 90°.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Svínhagi, 2

RA-298:013 varða
"Útseta og Gerði nefnast engjastykki norður af túninu. Í Gerðinu, sem er vestar, er hóll með vörðubroti, sem kallaður er Grjóthóll," segir í örnefnalýsingu. Heimldamenn, Ásgeir Auðunsson og Grettir Rúnarsson, könnuðust ekki við vörðubrotið og það sást ekki við vettvangsathugun. Grjóthóll er merktur á örnefnakort, skammt suður af Árgili, því sem næst beint norður af bæ 002.
Grænn og algróinn grashagi, enginn grjóthóll á þessum slóðum.
Heimildir:Ö-Svínhagi, 2

RA-298:014 *Torfdalur* heimild um ristu 63°57.959N 20°03.403V
"Í Torfdal mun hafa verið skorið torf," segir í örnefnalýsingu. Torfdalur er rúmlega 600 m NV af nýja íbúðarhúsinu á Svínhaga, heilsársbústað úr timbri skammt austur af síðasta bæjarstæðinu 029.
Gróið lítið dalverpi, grasivaxið, skammt suður af Árgili.
Dalverpið er ekki slétt í botninn né í hlíðum og er líklegt að stallað umhverfið sé afleiðing torfristu fyrr á árum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Svínhagi, 2

RA-298:015 tóft beitarhús 63°57.633N 20°05.034V

Tóftin, horft til norðurs

"Vestur og norður af honum [Drangi], en suður af Miðnesi er Tjarnarnes, mun það draga nafn af pytti eða tjörn, sem er í því. Fjárhús stóð í nesinu til skamms tíma.," segir í örnefnalýsingu. Tóftin er hátt í 100 m suðvestur af sumarbústað sem er á norðarlega á Tjarnarnesi og hátt í 60 m vestur af þúst 016. Tóftin er um 1,6 km vestur af síðasta bæjarstæði Svínahaga 029.
Tóftin er í grasivöxnum haga og skammt suður af er uppgræddur sandur. Búið er að gróðursetja grenitré allt í kringum tóftina og í henni.
Tóftin er afar sigin og tilgengin. Hún er 7 x 6 m að ummáli og snýr N-S. Tóftin er algróin, fyrir utan að það glittir í grjót að í henni innanverðri að norðan. Mest hæð veggja er um 0,4 m. Ekki sjást dyr á tóftinni.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Ö-Svínhagi, 4

RA-298:016 þúst 63°57.628N 20°04.959V



Þústin, horft til SSA

Á Tjarnarnesi er þúst, rúmlega 70 m suður af sumarbústað sem er norðarlega á nesinu og um 60 m austur af tóft 015.
Þúst er í grasivöxnum haga og skammt suður af er uppgræddur sandur. Búið er að gróðursetja grenitré í nágrenni þústarinnar, þó ekki á henni sjálfri.
Þústin er mögulega rúst útihúss. Hún er 6 x 6 m í þvermál og rís greinilega upp úr umhverfinu, um 0,5 - 1 m. Þústin er nokkuð óslétt að ofan, sem gæti stafað af hruni.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

RA-298:017 *Kotsvað* heimild um vað 63°57.575N 20°02.711V
"Fyrir austan túngarðinn er vað á læknum á Kotsgötum, það nefnist Kotsvað," segir í örnefnalýsingu. Kotsvað er á Svínhagalæk við Kotsgötur 018 og er merkt á örnefnakort. Vaðið er hátt í 300 m SA af nýja íbúðarhúsinu á Svínhaga, heilsársbústað úr timbri skammt austur af síðasta bæjarstæðinu.
Gróinn lækjarbakki.
Hættumat: hætta v/ábúðar
Heimildir:Ö-Svínhagi, 3; Örnefnakort Ingólfs Einarssonar

RA-298:018 *Kotsgötur* gata leið 63°57.143N 20°02.782V

Vörður við leiðina, horft til suðurs

"Fyrir austan túngarðinn er vað á læknum á Kotsgötum, það nefnist Kotsvað," segir í örnefnalýsingu. Kotsgötur voru mest nýttar af Svínhaga til að komast í kirkju á Keldum. Kotsgata liggur frá Götuskiptum 009 og til suðurs að Kotsvaði 017, þaðan liggur hún að mestu leiti suður úr landi Svínhaga yfir skika í einkaeign sem kallast Berangur. Gatan liggur samhliða nýjum bílslóða sem liggur að tilvonandi heilsársbústað í landi Berangurs.
Fyrir norðan Svínhagalæk liggur gatan yfir gróinn haga en sunnan lækjar er því sem næst örfoka hraun.
Til suðurs frá Kotsvaði, í landi einkalóðarinnar Berangurs, er gatan vörðuð yfir hraunið. Vörðurnar við leiðina eru nokkuð stórar, frá 1,5 - 2 m háar. Gatan er greinileg sem 5 - 6 rákir í jörðinni. Á allavega tveim stöðum eru vörður sitthvoru megin götunnar og mynda nokkurskonar hlið og eru 4 - 5 m á milli varðanna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Svínhagi, 3

RA-298:019 *Flutningur* heimild um ferju 63°58.046N 20°03.357V
"Fremst í Árgili heitir Flutningur, er þar bátur og ferja, þótt ekki sé í lögum," segir í örnefnaskrá. Flutningur var um 150 m norður af Torfdal 014 og um 740 m NNV af nýja íbúðarhúsinu á Svínhaga, heilsársbústað úr timbri skammt austur af síðasta bæjarstæðinu.
Þaðan sem ferjan fór áður er nú gróinn bakki Rangár.
Heimildir:Ö-Svínhagi, 2

RA-298:020 varða 63°57.566N 20°03.193V
"Á þessari hæð stóð bærinn áður, en var fluttur undan sandinum norðan við lækinn. ... Fyrir austan Bæjarstæði hið gamla [001], sem er þar uppi á brekkunni, þar stendur nú varða," segir í örnefnalýsingu. Varðan er um 150 m austur af litlum sumarbústað sem er á Leynishól.
Vörðubrotið er á Torfunni, sem er algróinn hóll.

Varðan er fallin að nokkru leyti. Eftir er grjótdreif og hrúga í miðjunni, um 2-3 umför. Vörðubrotið er um 1 að þvermáli í botninn og 0,2 m há.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Svínhagi, 3-4

RA-298:021 *Klifið* örnefni leið 63°57.385N 20°04.015V
"... Heimranes er við ána og lækinn ... Upp úr Heimranesi gengur Klifið ..." segir í örnefnalýsingu. Klifið er um 620 m SV af litlum sumarbústað sem er á Leynishól.
Umhverfið er svartur sandur sem er í uppgræðslu. Klifið er í dag jeppaslóði sem liggur niður að Heimranesi og Miðnesi, en engar augljósar reiðgötur eru sjáanlegar.
Heimildir:Ö-Svínhagi, 4

RA-298:022 *Heiðasléttur* tóftir fjárskýli 63°57.684N 20°01.809V



Tóftirnar, horft til austurs

Samkvæmt heimildamanni, Gretti Rúnarssyni, voru á Heiðarsléttum 20. aldar fjárhús [022B] sem nú er búið að rífa. Mannvirkjaleifarnar sem enn eru sjáanlegar eru líklega eldri og gætu verið fjárborgir. Mannvirkin eru um 950 m beint austur af nýja íbúðarhúsinu á Svínhaga, heilsársbústað úr timbri skammt austur af síðasta bæjarstæðinu og um 70 m norður af rústum 20. aldar fjárhússins sem búið er að verpa jarðvegi yfir.
Gróinn hagi sem búið er að skipuleggja undir sumarbústaðaland. Vestari tóftirnar tvær eru algrónar grasi, en sú austasta er gróin grasi, lyngi og mosa.
Rústirnar samanstanda af þrem hringlaga tóftum frá A-V og eru tvær vestari tóftirnar tengdar saman með garðlagi. Vestasti hringurinn er hátt í 6 m í þvermál og hefur dyr til NV. Hæð veggja er mest um 0,5 m og ekki er greinanlegt grjót í hleðslum. Hringurinn í miðjunni er stærstur, milli 7 og 8 m í þvermál, en hleðsluhæð veggja hans er ekki nema 0,2 - 0,4 m. Ekkert grjót er sjáanlegt í veggjum og hefur hann einnig dyr til NV. Bæði vestasti hringurinn og miðhringurinn eru ójafnir að innan og er líklegt að það stafi af hruni. Austasti hringurinn er rösklega 2 m frá miðhringnum. Hann er hlaðinn úr hraungrýti, en er of yfirgróinn til að hægt sé að telja umför. Hann er um 5 m í þvermál og eru veggir um 0,2 - 0,4 m háir. Á milli vestari tóftanna tveggja liggja 1 - 2 garðlög. Greinilegra lagið liggur í beina línun á milli hringlaga tóftanna tveggja, er um 7 m langt og um 0,2 m á hæð. Norðan við garðlagið er sem annað bogamyndað liggi milli tóftanna en það er öllu signara og ógreinilegra.
Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

RA-298:023 heimild um leið
"Við götuna að Bolholti er steinn sem heitir Látur, mun hann vera nálægt mörkum," segir í örnefnalýsingu. Heimildamaður, Grettir Rúnarsson, kannaðist ekki við Látur og er ekki fyllilega ljóst hver göturnar voru nákvæmlega.
Milli Svínhaga og Bolholts er stór sandfláki, einungis fast við Rangá er að finna nokkuð graslendi.

Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Svínhagi, 4

RA-298:024 *Laugin* heimild um þvottalaug 63°57.701N 20°03.175V
"Lækurinn er allstrangur þar og því vörn fyrir ágangi búfjár. Skammt vestar er Laugin, volg uppspretta við lækjarbakkann," segir í örnefnalýsingu. Laugin er í hvilft við Svínhagalæk, austur af Hólmanum, sem er í læknum. Laugin er í lækjarbakkanum, um 150 m vestur af nýja íbúðarhúsinu á Svínhaga, heilsársbústað úr timbri skammt austur af síðasta bæjarstæðinu 029.
Volg uppspretta af vatni í algrónum lækjarbakkanum, sem notuð var til þvotta áður fyrr.
Heimildir:Ö-Svínhagi, 5

RA-298:025 *Lambhúsflöt* örnefni lambhús 63°57.733N 20°03.189V
"Norðvesturhorn túnsins er nefnd Lambhúsflöt," segir í örnefnalýsingu. Rúst 20. aldar fjárhúss er á Lambhúsaflöt, um 190 m NV af nýja íbúðarhúsinu á Svínhaga, heilsársbústað úr timbri skammt austur af síðasta bæjarstæðinu 029.
Algróinn hagi.
Á Lambhúsaflöt var 20. aldar fjárhús sem núverandi eigandi jarðarinnar jafnaði við jörðu og verpti yfir jarðvegi. Sýnilegur er lítill yfirgróinn rústahóll sem er velgróinn við umhverfið svo stærð hans er ekki ljós, og hola, um 5 x 3 m í ummál N-S og ríflega 1 m djúp. Ekki er loku fyrir það skotið að eldri minjar leynist undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Svínhagi, 5

RA-298:026 *Tjaldflöt* heimild um tjaldstæði 63°57.701N 20°03.543V
"En vestan við lækinn er Tjaldflöt, þar tjölduðu fjallamenn fyrst eftir að réttir voru fluttar í Réttanesið, áður en farið var að hafa þar veitingar, hopp og hí," segir í örnefnalýsingu. Tjaldflöt er um 450 m vestur af nýja íbúðarhúsinu á Svínhaga, heilsársbústað úr timbri skammt austur af síðasta bæjarstæðinu.
Grasi gróinn hagi milli Svínhagalækjar og Rangár.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Svínhagi, 5

RA-298:027 *Réttarnes* örnefni rétt
"En vestan við lækinn er Tjaldflöt, þar tjölduðu fjallamenn fyrst eftir að réttir voru fluttar í Réttanesið, áður en farið var að hafa þar veitingar, hopp og hí." Segir í örnefnalýsingu. Minnst er á Réttarnes í örnefnaskrá Svínhaga, en þó er nesið norðan við Ytri-Rangá í Landmannahrepp, líklega í landi Skarðs.
Heimildir:Ö-Svínhagi, 5

RA-298:028 varða landamerki 63°58.105N 19°59.463V

Varðan, horft til suðausturs

Landamerki 1886: "Fyrst er varða vestantil á höfðanum við Rangá, þaðan sjónhending í Kanastaðabotna, þaðan í Illadý, þaðan í Geldingabæli, þaðan sjónhending hjá Járnlaugsstaðabæjartóftum við Rangá, þaðan ræður áin í fyrst nefnda vörðu vestan til á höfðanum." Varðan er við landamerkjagirðingu, rúmlega 300 m ANA af fjárhústóft 008.
Varðan er í þéttum birkiskógi.
Varðan er nokkuð fornleg og mikið yfirgróin. Hún er hlaðin úr fremur stóru hraungrýti, 1 m há og allt að 2 m breið.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 440

RA-298:029 *Svínahagi* bæjarstæði bústaður 63°57.682N 20°03.046V

Bæjarstæðið, horft til austurs

"... Hefur bærinn verið tvífluttur undan sandi ... Fyrir austan Torfuna, en svo er nefnd hæðin suður af túninu, fyrir austan lækinn. Á þessari hæð stóð bærinn áður, en var fluttur undan sandinum norðan við lækinn. ... Fyrir austan Bæjarstæði hið gamla, sem er þar uppi á brekkunni, þar stendur nú varða ... Á túninu suðvestur af bænum er nefnt Gamlibær. Þar var bærinn fyrst settur, fluttur af torfunni, sem bærinn stóð á lækjarbakka og valt allt í lækinn, sem út fyrir fyr var sett. Var hann þá fluttur þangað, sem hann stendur nú," segir í örnefnalýsingu. "Flutti bærinn var settur upp á brún nokkurri við lækinn að norðanverðu, á lægri brún og mikið lægra en áður. Gert var þar gott tún og girt frá og að læknum með torfgarði."segir í örnefnalýsingu. Yngsta bæjarstæði Svínahaga er frá 1907 og var síðasti bærinn rifinn árið 2002 þegar búskapur á jörðinni lagðist af. Búið er að verpa jarðvegi yfir rústir síðasta bæjarins. Hóllinn er um 50 m vestur af timburheilsársbústað sem búið er að reisa í stað bæjarins.
Algróinn rústahóll í gömlu túni.
Síðasta bæjarstæðið er það sem sýnt er á túnakorti. Í norðvesturhorni rústahólsins glittir í steyptan grunn og kjallara, en jafnframt má greina í hólnum bárujarnsbrak. Hóllinn er fremur hringlaga, um 25 x 25 m í þvermál og hæstur um miðbik, hátt í 2 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Svínhagi, 1, 3-4

RA-298:030 heimild um kálgarð 63°57.652N 20°03.070V
Á túnakort frá 1917 er merktur kálgarður við Svínhagalæk, um 60 m suður frá bæjarstæði 029.
Grasigróinn lækjarbakki.
Engar leifar kálgarðsins eru sjáanlegar í dag, hvorki garðlaga né jurta.
Hættumat: hætta v/ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-298:031 þúst útihús 63°57.672N 20°03.118V
Lítill rústahóll eða stór þúst er í túni Svínhaga, um 115 m vestur af nýja íbúðarhúsinu á Svínhaga, heilsársbústað úr timbri skammt austur af síðasta bæjarstæðinu. Rústin er um 60 m vestur af síðasta bæjarstæðinu 029
Gróið gamalt tún, fast við brún brekku sem liggur niður að bæjarlæk.
Gróinn lítill hóll eða þúst, vaxinn háum gróðri og þéttum, um 7 m í þvermál og hæstur um 1,5 - 1,8 m. Þústin virðist vera nokkuð hringlaga og ekki er hægt að greina á henni hólf. Á túnakorti frá 1917 er ekkert mannvirki á þessum stað, svo hugsanlega er um að ræða leifar nýrra mannvirkis sem búið er að verpa yfir jarðvegi. Hóllinn virðist vera fremur sléttur og felldur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-298:032 þúst útihús 63°57.677N 20°03.092V
Lítill rústahóll eða stór þúst er í túni Svínhaga, um 90 m vestur af nýja íbúðarhúsinu á Svínhaga, heilsársbústað úr timbri skammt austur af síðasta bæjarstæðinu. Rústin er um 40 m vestur af síðasta bæjarstæðinu 029.
Hóllinn er í grónu gömlu túni og er algróinn þykkri sinu.
Hóllinn er um 15 x 15 að stærð og stendur hæstur um 1,8 m. Engin hólf eru í honum og ekki sést skaga út úr honum steypa eða bárujárn líkt og úr hól 029.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Þústin, horft til austurs

RA-298:033 garðlag 63°57.641N 20°03.642V

Garðlagið, horft til norðvesturs



Á svokölluðum Tanga, sem er mjó landræma milli Rangár og Svínhagalækjar þar sem lækurinn rennur í ána, eru garðbrot, hugsanlega leif einhvers aðhalds. Garðbrotin á Tanga eru skammt SV af Tjaldflöt 026 og um 540 m vestur af nýja íbúðarhúsinu á Svínhaga, heilsársbústað úr timbri skammt austur af síðasta bæjarstæðinu.
Grasi gróinn tangi milli lækjar og ár. Jeppaslóði sem liggur suður eftir Tanganum klippir annað garðlagið í tvennt.
Tveir samsíða garðar sem snúa nokkurn veginn A-V, um 4 m eru á milli. Sá syðri er 17 m langur en sá nyrðri 6 m langur. Hæst standa þeir rúmlega 0,5 m og eru 1 - 2 m breiðir.. Garðarnir eru algrónir grasi og virðast vera einungis úr torfi (ekkert grjót sjáanlegt). 3-4 rofablettir eru í lengri garðinum. Ef til vill hafa garðarnir áður fyrr lokað fyrir Tangann og myndað þar aðhald á móti Svínhagalæk og Rangá.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-298:034 heimild um vað 63°57.744N 20°03.696V
Á örnefnakort Ingólfs Einarssonar er merkt vað á Rangá milli Tjaldflatar 026 og Réttarness og hefur það líklega verið nýtt af fólki í réttum. Vaðið er hátt í 200 m NNV af garðbrotum 033 sem eru á Tanga.
Gróinn árbakki Rangár. Engar götur eru sjáanlegar á þeim stað sem vaðið hefur áður verið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Örnefnakort Ingólfs Einarssonar

RA-298:035 þúst 63°57.571N 20°03.323V



Þústin, horft til SSA

Norðaustan í Torfunni (sjá 001) er hvilft sem kallast Leynir. Þar er að finna þúst, hátt í 50 m austur af litlum sumarbústað á Leynishól.
Þústin er í algróinni hvilft. Búið er að planta grenitrjám fast í kringum þústina.
Þústin er 7 x 5 m að ummáli og snýr nokkurn veginn N-S. Hún er hæst ríflega 1 m og algróin. Ekkert grjót er sjáanlegt í þústinni, né hólf.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

RA-298:036 þúst 63°57.582N 20°03.345V
Norðaustan í Torfunni (sjá 001) er hvilft sem kallast Leynir. Þar er að finna þúst, rúmlega 30 m NA af litlum sumarbústað á Leynishól og hátt í 30 m NV af þúst 035.
Þústin er í algróinni hvilft. Búið er að planta grenitrjám fast í kringum þústina.
Þústin er 15 x 5 m að stærð og snýr N-S. Hún er hæst 0,5 -1 m. Ekkert hólf er í þústinni og ekkert grjót sýnilegt.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

RA-298:037 tóft beitarhús 63°56.866N 20°01.055V



Tóftin, horft til austurs

Tóftin, horft til norðausturs

Beitarhústóft stendur ein og sér á svokölluðum Krókum. Um 2,2 km SA af nýja íbúðarhúsinu á Svínhaga, heilsársbústað úr timbri skammt austur af síðasta bæjarstæðinu. Krókar eru slétt graslendi og er tóftin áberandi í landslaginu.

Fjárhústóftin er í stórum grösugum haga, en til norðurs, vesturs og suðurs er hraun og sandur er skammt austar.

Fjárhústóftin virðist vera á stærri rústahól, og sigið aðhald eða tóft er sunnan við hana. Alls er rústasvæðið um 19 x 17 m N-S og um 2 m á hæð. Fjárhústóftin sjálf er um 13 x 8 m og snýr A-V. Innanmál hennar er 9 x 3 m og eru til dyr vesturs. Hæð innan á veggjum er 1,5 m en innstu 2 metrarnir í fjáhúsinu er svokallað heykuml (hlaða) og er hæð veggja þar 2,3 m og 13 - 14 umför. Aðhaldið sunnan við fjárhústóftina er samgróið henni og virðist vera um 6 x 6 m að ummáli (4 x 3 m að innan N-S). Aðhaldið er um 0,3 - 0,5 m á hæð og ekkert grjót sést í því.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-298:038 hleðsla rétt 63°57.104N 20°02.726V

Réttin, horft til austurs

Réttin, horft ti lnorðausturs



Rétt er í landi einkalóðarinnar Berangurs í Svínhaga. Réttin er um 6 m austan við heimkeyrsluna að tilvonandi bústað Berangurs og um 90 m suður af fyrstu vörðunni við Kotsgötur 018, sem er á brekkubrún skammt sunnan við hlið Berangurs. Réttin er um 950 m SSA af elsta bæjarstæðinu 001 og um 1,2 km SSA af næst elsta bæjarstæðinu 002.
Réttin er í hrauni og er smá gróðurblettur í kringum hana, en annars er allt umhverfið uppblásið.
Réttin er hlaðin úr hraungrýti, stóru og smáu, og er hleðslan hæst 1,4 m og um 6 umför, en víðast er hún þó nokkuð lægri, milli 0,3 - 1 m. Austur frá veginum að Berangri eru tveir samsíða garðar sem auðvelda aðrekstur. Þeir eru hvor um sig um 15 m langir og um 15 m eru á milli þeirra. Garðarnir leiða að tveim hringlaga sambyggðum hólfum. Hið stærra er um 9 m í þvermál og opnast til vesturs, en hitt er um 6 m í þvermál og hefur ekki augljósan inngang. Um 8 - 11 m austar og norðar er garðlag, einnig úr hraungrýti, sem er öllu signara og ellilegra. Það er alls um 35 m langt og liggur í boga norðan og austan réttarinnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-298:039 tóft fjárskýli 63°56.699N 20°03.244V

Tóftin, horft til ASA



Tóft, líklega af fjárborg, er skammt austan fyrirhugaðs bústaðar á Berangri, um 20 m austur af enda heimkeyrslu. Tóftin er um 1,6 km suður af elsta bæjarstæðinu 001 og um 1,9 km suður af næst elsta bæjarstæðinu 002.
Tóftin er í grasi-og lyngigrónu hrauni.
Tóftin er því sem næst hringlaga, hlaðin úr fremur stóru hraungrýti. Þvermál tóftarinnar er 5 m og er hún hæst 1 m og 3 umför. Hleðslan er að nokkru yfirgróin og virðist vera nokkuð þykkur jarðvegur innan í henni, svo hleðslur eru eflaust sumpart undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Túnakort fyrir Kaldbak



RA-299 Kaldbakur

Jarðadýrleiki Víkingslækjar 20 hdr 1711. Fyrst byggður árið 1784 og er land hans hinn helmingjur eyðijarðarinnar Víkingslækjar, hinn hemingurinn er land Þingskála. "Land Kaldbaks og Þingskála er að stærstum hluta örfoka sandar og hraun, nú nokkuð tekin að gróa. Gróðurlendi jarðanna er að mestu leiti valllendi, land gott til beitar." SB V, 60 "Vestan Víkingslækjarlands rennur Ytri-Rangá. Þar sem Víkingslækur rennur í hana heitir Kaldbakshólmi og var hann fyrrum hluti af landi jarðarinar Tjörfastaða á Landi, en á 18. öld braut Rangá sér farveg yfir í Bjallalæk og lenti hann þá austan árinnar. Árið 1768 keypti Loftur Bjarnason þá bóndi á Víkingslæk, en síðar á Kaldbak þetta landsvæði, sem þá var nefnt Tjörfastaðahólmi, og lagði við land sitt og hefur Kaldbakshólmi síðan verið séreign kaldbakseigenda, þó annað land jarðanna Kaldbaks og Þingskála sé óskipt." Ö-
Víkingslækjarland, 1
1884: "Túnið er ennþá ekki í miklum háska því Ytri-Rangá hlífir því. - Landspilda við Rangá sem er óspillt, er aðkeypt sérstök eign jarðarinnar. Jörð þessi hefur óskipta haga með Þingskálum og gildir því að öðru leyti en því sem talir er sama um hana og þá." VS: Rangvellingabók, 192 1917: Tún 2,7 ha, þar af 1,7 ha slétt, garðar 502 m² 1940: "Túnjarðvegur: Sendinn og harður. Tún: Greiðfært og þýft. Engjar: Samfelldar, þýfðar, snöggar, þurrar. Beitiland: Flatlent valllendi, smáþýft. Gott til allrar beitar, en mjög þröngt. Ókostir: Mikill ágangur búfjár. Jörðin er mjög eydd af sandfoki." VS: Rangvellingabók, 192

RA-299:001 *Kaldbakur* bæjarstæði bústaður 6355.700N 2011.487V

Hleðslur við bæinn, horft til norðurs

Bærinn, horft til vesturs

Norðarlega í landi Víkingslækjar stendur nú jörðin Kaldbakur. Bærinn stendur enn þar sem hann stóð þegar núverandi ábúandi tók við búinu 1958. Endurbyggingar urðu á honum í kringum 1963 og svo aftur 1983. Enn er búið í gamla bænum. Annað íbúðarhús var byggt um 1990 og er það um 100 m suður af 001.
Gróinn garður allt í kring.
Ekki er hægt að segja að það sé neinn bæjarhóll enda búsetusaga Kaldbaks fremur stutt. Fyrst var byggt á þessum stað árið 1784. Gamla baðstofan stendur enn en hefur verið stækkuð um 2 m til suðvesturs. Einnig hefur gluggum verið bætt við á vesturhlið. Ekki er neinn hóll undir baðstofunni en nýlegur pallur gengur til suðvesturs frá henni. Samkvæmt heimildarmanni stóðu bæði skemma, geymsla, fjós og hlaða áfast við bæinn norðvestan megin, en í dag er allt farið og gerður hefur verið garður með hleðslugrjótinu í. Kjallari er undir baðstofunni og hann allur hlaðinn úr móbergi. Hleðslur norðvesturveggjar standa grónar en norðausturgaflinn á húsinu hrundi í skjálftanum 2000 og var hann þá rifinn og endurbyggður. Fast við norðausturhliðina sést einföld röð af grjóti sem eru leifar af fjósi sem byggt var af foreldrum Sigríðar Heiðmundsdóttur og var það um 11m að lengd og snéri norður-suður. Að auki kom fram hjá heimildarmanni að tveir litlir kofar hafi verið byggðir af fyrrum ábúenda í kringum 1945 - 1950 norðvestan við húsið en þeir verið niðurfallnir og ónýtir þegar foreldrar hennar tóku við búinu 1958.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-299:002 heimild um útihús 6355.691N 2011.471V
Samkvæmt túnakorti stóð útihús í um 10 m suðvestur af bæ 001.
Sléttur stígur heim að bæ. Tré hafa verið gróðursett bæði austan og vestan við. Hlaðin grjótbeð eru norðaustan við en til suðurs er bílastæði.
Engar fornleifar sjást, enda hefur allt verið sléttað. Ekki man heimildarmaður eftir útihúsi hér.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-299:003 tóft rétt 6355.720N 2011.401V



Tóftin, horft til austurs

Um 80 m norðaustur af bæ 001 var rétt samkvæmt túnakorti. Réttin stendur enn, í smáhalla ofan við Rangá sem er um 20 m austar. Til norðurs eru nústandandi fjárhús.
Grasivaxin brekka með lítilli dæld sunnan við hana. Brekkan nær alveg niður á bakka Rangár.
Tóftin er um 11,5 x 8 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld. Hún er um 0,9 m að hæð og þó nokkuð sést af blágrýti í henni en hún er orðin mjög uppblásin. Mikið af grjótinu er hrunið úr veggjunum á henni en það örlar fyrir allt að 3-4 hleðsluumförum að innan. Op er á suðausturhorninu sem snýr til austurs að Rangánni. Veggir eru byrjaðir að blása upp. Skv. Viðari Steinarssyni voru áður fyrr uppi hugmyndir um að þetta væri dómhringur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1917

RA-299:004 heimild um hesthús 6355.667N 2011.419V
Samkvæmt túnakorti stóð útihús í um 60-70 m austur af bæ 001 og um 60 m suðaustur af nýja íbúðarhúsið. Þetta var hesthús.
Hestagirðing. Nýlegt hesthús stendur fast við.
Engar fornleifar sjást enda allt verið sléttað og endurbyggt. Heimildarmaður man eftir þessum hesthúsum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-299:005 heimild um útihús 6355.663N 2011.409V
Um 90 m suðaustur af bæ 001 stóð útihús samkvæmt túnakorti.
Rangá rennur norðaustan við en til suðurs hefur trjám verið plantað.
Engar fornleifar sjást. Allt svæðið hefur verið sléttað og er nýtt í dag sem hestagirðing.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-299:006 *Laugukofar* þúst fjárhús 6355.636N 2011.638V

Fjárhússtæðið, horft til vesturs

"Túnið sunnan bæjarins á Kaldbak heitir Framtún. Vestarlega á því voru fjárhús frá Kaldbak, sem hétu Laugukofar. Þau voru kennd við Guðlaugu Þorvarðsdóttur d. 1903, sem fyrr var húsfreyja á Kaldbak, en síðar húskona þar og lét þá byggja þarna kofa yfir kindur sínar. Laugukofar voru lagðir niður sem fjárhús og rifnir 1965," segir í örnefnalýsingu. Þúst er um 170 m suðvestur af bæ í miðju sléttuðu túni. Þar stóðu Laugukofar.
Sléttað tún með kartöflugarði til norðurs.
Engar fornleifar sjást en þetta er lítil spilda eða þúst sem ekki er slegin því nokkuð af grjóti á víð og dreif er í henni. Hugsanlega sést móta fyrir smádæld syðst í henni sem er um 5 x 3 m að stærð og snýr austur-vestur. Annars er allt mjög gróið og steinar sjást hér og þar. Þústin sjálf er í smáhalla til norðurs og er um 32 x 24 m stór og snýr austur-vestur. Klara Harðardóttir sagði að hér hefðu verið fjögur útihús, fjárhús, hlaða, hesthús og hrútakofi þegar hún kom hér 1958 en allt er nú farið. Tveir grasivaxnir hólar standa norðvestast á svæðinu og er hugsanlegt að eitthvað af útihúsunum hafi staðið þar. Í dag er allt sléttað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 6

RA-299:007 náma mógrafir 6354.484N 2010.301V

Mógrafirnar, horft til norðvesturs

"Mótak er í landareigninni," segir í Sunnlenskum byggðum. Mógrafir eru um 2,5 km suðvestur af bæ 001 og um 580 m suður af Bitholtsvaði 023. Upphaflega voru þær í sameiginlegu landi Kaldbaks og Þingskála og voru þá samnýttar en eru nú í landi Kaldbaks.
Grasivaxin slétta sem liggur við smágil til vesturs. Til austurs blasir hraunið við. Frekar slétt svæði, lítill mýrarlækur rennur vestan við grafirnar.
Allt svæðið er um 170 x 120 m að stærð og eru þetta fjórar grafir þar sem mógröf A er stæðs eða um 57 x 24 og snýr hún norður-suður. Grafirnar eru ekki mjög djúpar. Sigríður Heiðmundsdóttir hefur eftir Sólveigu á Þingskálum að mórinn hafi ekki verið mjög góður því það hafi verið svo mikill sandur í honum. Eftir að hætt var að nota grafirnar voru þær fylltar með sandi þar sem þær voru svo blautar. Þetta var á bilinu 1930-40. Gröf B er um 70 m Norður af gröf A. Hún er um 80 x 25 að stærð og um 0,80 m djúp. Tvær aðrar mógrafir, C og D eru einnig á svæðinu og er gröf C um 150 m austur af A. Er hún um 50 x 20 m að stærð. Hún er mjög blaut. Gröf D er um 100 m norður af A. Hún er um 15 x 3 m að stærð og ekki mjög djúp eða um 0.60 m við norðurendann en aflíðandi að sunnan.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:SB V, 60

RA-299:008 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti 1917 var matjurtargarður fast suðaustan við bæ 001.
Allt sléttað.
Enginn ummerki um matjurtargarð var að sjá þar sem allt hefur verið sléttað og ræktað upp á nýtt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-299:009 tóft beitarhús 6355.640N 2010.698V

Tóftin, horft til norðvesturs



"Höfðinn austur af Kaldbak ... Suðvestan við Höfðann stóðu ærhúsin frá Kaldbak, þar til í ár (1935), er þau eru flutt framarlega í landareignina," segir í örnefnalýsingu. Um 650 m ASA af bæ 001 er tóft af beitarhúsi. Núverandi Hreppsvegurinn er um 180 - 200 m norður af henni.
Grasivaxið sléttað tún. Til suðurs er uppgróið svæði.
Tóftin snýr NV/SA og er um 20 x 9 m að stærð. Hún er með op á miðri norðurhliðinni. Hún er um 1 m að hæð og virðist vera stungin niður syðst og þar er hæðin um 1,50 -1,60 m, en svo taka veggjahleðslur við þegar norðar dregur. Hún er einföld og hvergi sést í grjót í henni nér að finna nein ummerki um garða eða jötur ínní henni. Hún stendur í smá halla í túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 2

RA-299:010 gata leið 6355.636N 2010.918V

Gatan, horft til austurs

"Landið við götuna vestanvert við Höfðann er nefnt Mýrarsund," segir í örnefnalýsingu. Um 500 m austur af bæ 001 sést smá bútur af slóða eða götu. Samkvæmt heimildarmanni er þetta er gamli hreppsvegurinn en hann liggur um 30 - 40 m norðan við núverandi veg og um 10 m norðar er svo Rangá.
Þýfð grasivaxin ræma milli vegar og ár. Til suðurs er smá brekka upp á veginn. En sést móta fyrir slóðanum sem liggur til norð-austurs. Hann er um 3 m breiður og búturinn sem sést er um 85 m langur. Vegslóði niður af núverandi veg liggur þvert yfir slóðann. Gamli vegurinn þrengist og endar við smá mýrarlæk sem er um 40 m frá aðalvegi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 2

RA-299:011 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var matjurtargarður fast suðvestan við bæ 001.
Allt sléttað.
Enginn ummerki um matjurtargarð var að sjá þar sem allt hefur verið sléttað og ræktað upp á nýtt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-299:012 *Bátshvammur* örnefni ferja 6355.687N 2011.354V
"Í Kaldbakstúni er Bátshvammur, er það nafn frá því að Kaldbakur var ferjustaður," segir í örnefnalýsingu. Um 100 m SSA af bæ 001 um 100 m alveg niður við Rangá og um 75 m norður af rétt 003 er smá hvammuur sem nefnist Bátshvammur.
Grasivaxin dæld út frá tveimur hryggjum sem eru vel grónir. Lítill, vel gróinn hólmi er í Rangánni til norðvesturs.
Hvammurinn er ekki stórt eða breiður. Frekar er þetta smá vík sem bátnum var lagt að. Skv. Sigríði Heiðmundsdóttur var róið frá Landsveitnni upp Rangána (til suðurs) upp fyrir strauminn og yfir, svo látið reka meðfram bakkanum að landi Kaldbaks og inn í litla naustið. Allt þurfti að vera hárnákvæmt. Bakkinn á Rangá er ekki hár, um 20 cm og er svo aflíðandi um 2 m í vatninu áður en dýpkar.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 2

RA-299:013 heimild um beitarhús
"Hefur kvísl úr Rangá fallið ofanvert við hann [Kaldbakshólmi], er nú dýjavætla og nefnist Dý. Standa í tanganum fjárhús frá Kaldbak, syðsti oddi hans heitir Lambatangi," segir í örnefnalýsingu. Heimildarmaður man ekki eftir þessu og heldur ekkert að hægt að sjá á staðnum. Var gengið um svæðið en einginn staður þótti líklegri en annar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 2

RA-299:014 *Hólmatóft* tóft beitarhús 6355.020N 2013.678V



Tóftin, horft til suðvesturs

"Kaldbakshólmi er í daglegu taki aðeins nefndur Hólmi. Í Hólmanum var um skeið fjárhús frá Kaldbak, en það var rifið 1950 og heitir þar síðan Hólmatóft," segir í örnefnalýsingu. Hólmatóft er um 2,2 km suðvestur af bæ 001.
Grasivaxið, sléttað tún. Klettaborgir í landi Heiðar blasa við í suðri en Rangá rennur í norðri.
Tóftin er um 20 x 7 m að stærð og snýr norður-suður. Op er fyrir miðri norðurhlið hennar og er hleðsluhæð um 1 m. Í suðurendanum hefur verið hlaða sem er um 7 x 7 m að stærð. Sjálf tóftin er vel gróin en þó sést glitta í grjót hér og þar í henni, aðallega við norðuropið þar sem eitthvað hrun hefur orðið. Að innan eru enginn ummerki um jötur né garða sjáanleg. Hlaðan er dýpri en sjálf tóftin, niðurgrafin og er allt að 1,5 m að hæð. Hún er þó nokkuð uppblásin og sést í rof á norðurendanum. Til vesturs, þétt upp við tóftina er lítið ferkantað gerði sem er um 8 x 6 m að stærð og snýr austur-vestur og er alveg opið til norðurs með 0,10 - 0,20 m háum veggjabrotum. Um 13 m vestur af tóftinni sést rétt móta fyrir annarri ferhyrndri dæld sem er um 9 x 7 m að stærð og snýr einnig austur-vestur. Hún er öll niðurgrafin og erum 0,10 m djúp. Austan við tóftina eru tvær óljósar, óreglulegar dældir.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 1

RA-299:015 heimild um traðir
Samkvæmt túnakorti 1917 lágu traðir frá suðurenda túns heim að bæ 001 og áfram í norðvestur.
Allt túnið hefur verði sléttað.
Engar traðir eru lengur sjáanlegar
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-299:016 *Þvottasteinn* heimild um þvottastað 6355.662N 2011.332V
"Skammt austan Bátshvamms [012] við beygju á ánni er Þvottasteinn. Þar var skolaður og klappaður þvottur frá Kaldbak og stundum einnig frá Þingskálum," segir í örnefnalýsingu. Þvottastaðurinn var um 50 m suður frá Bátshvammi 012 og um 150 m suðaustur af bæ 001. Heimildamaður man eftir að þvottur hafi verið skolaður þarna á stórum stein sem stóð við bakkann en í dag er hann kominn í kaf að hluta.
Bakki Rangár er fast upp við þá steina sem eftir standa við bakkann. Grónar hlíðar og Rangáin vel straumhörð.
Þovottasteininn stendur um 1 m frá bakkanum. Klara Harðardóttir man eftir að þvegið hafi verið hér en fékk ekki að fara út á sjálfan steininn sem stóð örlítið út í vatninu.
Hættumat: hætta, vegna rofs frá Rangá
Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 5

RA-299:017 *Kaldbaksborgir* heimild um fjárskýli 6355.478N 2008.954V

Hóllinn, horft til austurs

"Austan við Flatirnar er hraunbrún og heita brekkurnar vestan í hrauninu Borgarbrekkur. Á hraunbrúninni eru gamlar fjárborgir uppistandandi en fullar af sandi. Þær heita Kaldbaksborgir, en á landakorti er örnefnið Grímsborgir á þessum slóðum ...," segir í örnefnalýsingu. Kaldbaksborgir eru um 160 m suðvestur af tóft 030 og um 2,1 km austur af bæ 001. Þær eru í jaðri hraunsins í landi Kaldbaks.
Uppblásið hraun sem er byrjað að gróa aftur. Þó nokkuð mikill sandur er á svæðinu. Til norðurs er lítið hlíð sem nær niður á sandflatirnar.
"... má vera að sumir hafi kennt þessar borgir við Grím Hallsson, sem bjó á Kaldbak 1886-1915. Hraunið umhverfis Kaldbaksborgir heitir Borgarhraun." Ekki sjást sjálfar borgirnar en umgjörðin er rétt sýnileg. Þetta er hringlaga hóll sem er fullur af sandi og er byrjaður að gróa. Hugsanlega grjóthleðslur eru bæði austan og vestan megin í hólnum. Hóllinn er um 16 x 16 m að stærð og snýr austur-vestur.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs
Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 7

RA-299:018 varða landamerki 6355.516N 2007.685V
"Í landamerkjaskrá Þingskála og Kaldbaks frá 27. maí 1890 segir að landamerkjalínan milli þessara jarða og Bolholts liggi úr Hvítamel, suðaustanvert við Djúphól og sé línan þar sem Hrólfstaðahellir b er í Hesteyru á Hestfjalli. ... Djúphóll mun vera áberandi hraunhóll með vörðu á, um einn kílómetra uppi á hraunbrúninni," segir í örnefnalýsingu. Vörðubrotið er langt inni í landi Kaldbaks. Prik hefur verið sett til að merkja hólinn sem að öðru leyti er óþekkjanlegur í úfnu hrauninu. Varðan er um 900 m austur af tóft 030 og um 3 km ASA af bæ 001.
Mjög uppblásið hraun allt í kring með blásnum hólum.
Varðan er núna eingöngu vörðubrot sem er um 0,8 m hátt og um 2 x 2 m að stærð. Rétt sést móta fyrir hleðslunni neðst í henni.
Hættumat: engin hætta smá vegna uppblásturs
Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 7

RA-299:019 *Borgartún* bæjarstæði býli
"Upp á hraunbrúninni skammt frá upptökum lækjarins, stóð fyrrum hjáleiga frá Víkingslæk, sem hét Borgartún, en ekki muna menn lengur að greina rústir hennar," segir í örnefnalýsingu. Staðsetning býlisins er ekki þekkt. Valgeir Sigurðsson frá Þingskálum mun hafa reynt að finna býlið en ekki tekist.
Uppblásið svæði.
"Sagnir eru að svo hafi heitið [Borgartún] hjáleiga frá Víkingslæk er staðið hafi uppi á hrauninu nokkru fyrir ofan upptök Víkingslækjar, og hefur mátt sjá rústir þar sem bærinn stóð. Ókunnugt er hvenær býli þetta var í byggð, því engar heimildir geta þess fyrr en Brynjúlfur Jónsson frá Minnanúpi ... 1898".
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 8; VS: Rangvellingabók, 48

RA-299:020 tóft beitarhús 6354.583N 2010.294V

Tóftin, horft til austurs



Um 180 m norður af mógröfum 007 og um 2,3 km suður af bæ 001 er tóft af beitarhúsi. Var húsið byggt 1941 sem sauðahús frá Kaldbak. Húsarústin telst lagalega ekki til fornleifa en er srkáð hér, enda byggð með gömlu lagi úr torfi og grjóti.
Grasivaxin slétta sem vel gróin og farinn að hlaupa í litlar þúfur.
Tóftin er um 10 x 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er um 0,6 m að hæð og er með opi fyrir miðri suðvestur hlið. Stungið hefur verið meðfram henni allri, eitthvað af grjóti sést um alla tóftina en hún er vel gróin. Sigríður telur að það hafi verið allt að 30-40 sauðir sem hafi komist hér inn. Sennilegt að þetta hafi einnig verið nýtt sem skjól fyrir ærnar á beitilandi.
Hættumat: engin hætta

RA-299:021 *Vatnshólsgata/Kotsgata* heimild um leið 6353.604N 2007.696V
"Frá Bitholtsvaði [023] liggur gata austur yfir Botn, milli Vatnshólanna og síðan austur yfir hraunið, og heitir hún Vatnshólagata eða Kotsgata.," segir í örnefnalýsingu. Um 5 km suðaustur af bæ 001 sést móta fyrir slóðanum. Slóðinn liggur með fram Vallarholtinu en í dag er farið norðan við Víkingslæk skv. Viðari Steinarssyni.
Uppblásið svæði með töluverðum vikri. Grasþúfur sjást á stangli.
Slóðinn sést þó nokkuð vel og liggur hann austur-vestur frá Víkingslæk til Kots. Endar slóðinn við vatnsból 022.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 9

RA-299:022 heimild um vatnsból 6354.437N 2009.007V

Vatnsbólið, horft til suðurs

"Frá Bitholtsvaði [023] liggur gata austur yfir Botn, milli Vatnshólanna og síðan austur yfir hraunið, og heitir hún Vatnshólagata eða Kotsgata [021]. Vatnshólar draga nafn af því, að vatn var oft sótt frá bæjunum Steinkrossi og Dagverðarnesi út í Víkingslæk, meðan þeir voru í byggð, því á hvorugum þeirra var vatnsból ..." segir í örnefnalýsingu. Um 3,1 km suðaustur af bæ 001 eru upptök Víkingslækjar samkvæmt heimildarmanni.
Vel gróin, hæðótt dæld þar sem upptök lækjarins eru.
Upptök lækjarins eru í hálfgerðri dæld eða laut. Grasivaxnir háir bakkar eru þar sem upptökin verða en þau koma úr nokkrum kvíslum. Lítill hólmi er við upptökin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 9

RA-299:023 *Bitholtsvað* heimild um vað 6354.792N 2010.201V
"Á móts við Bitholt er Víkingslækur jafnan nefndur Bitholtslækur. Skammt suðvestan við þar, sem lækurinn beygir frá vestri til suðvesturs er vað á honum, sem Bitholtsvað nefnist. Gata liggur af Móa austur yfir sand og yfir lækinn á Bitholtsvaði og heitir hún Bitholtsgata," segir í örnefnalýsingu. Um 2 km suður af bæ 001 liggur

Bitholtsgata 024 við Víkingslæk en þar er Bitholtsvað samkvæmt heimildarmanni.
Bakkinn frá Víkingslæk er lágur og aflíðandi. Uppblásið svæði norðan við hann en gróinn hár bakki til suðurs, nokkuð búið að planta af trjám til austurs. Lítil flúð fyrir ofan vaðið sem og litlir grónir hólmar.
Vegslóði liggur nú yfir vaðið. Víkingslækur er grunnur á þessum stað. Bakkinn er aflíðandi báðum megin en annars eru þeir grónir nema alveg við vatnið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 9

RA-299:024 *Bitholtsgata* heimild um leið 6354.803N 2010.220V
"Á móts við Bitholt er Víkingslækur jafnan nefndur Bitholtslækur. Skammt suðvestan við þar, sem lækurinn beygir frá vestri til suðvesturs er vað á honum, sem Bitholtsvað [023] nefnist. Gata liggur af Móa austur yfir sand og yfir lækinn á Bitholtsvaði og heitir hún Bitholtsgata." Um 2 km suður af bæ 001 þar sem Bitholtsvað 023 er nú vegslóði sem var áður Bitholtsgata. Hnit tekið við lækinn og við hliðið á landinu.
Grasivaxið beitiland. Svæði sem liggur norðan við Víkingslæk.
Vegslóðinn sem farið er eftir nú er gamla Bitholtsgata. Hann náði frá núverandi Hreppsveg að Víkingslæk, yfir vaðið og áfram vestur.
Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 9

RA-299:025 *Fögrubrekkuvað* heimild um vað
"Austantil við miðja Fögrubrekku [vestan við Mýrarhól] er vað á Víkingslæk, sem Fögrubrekkuvað heitir," segir í örnefnalýsingu.
Staðurinn var ekki skráður á vettvangi
Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 10

RA-299:026 varða landamerki 6353.335N 2007.298V
Um 5,6 km SAS af bæ 001 og um 600 m suður af leið 021 eru landamerki milli Víkingslækjar, Heiðar og Steinkross samkvæmt heimildarmanni.
Til suðurs eru grasi vaxnar sléttur með hólum en til norðurs eru uppblásnar hraunsléttur.
Varðan stendur á grasivöxnum hól. Eingöngu er um vörðubrot að ræða sem er vel gróið en rétt sést glitta í grjót.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

RA-299:027 frásögn huldufólksbústaður 6355.697N 2011.383V
Um 80 m austur af bæ 001 og um 50 m suður af rétt 003 er huldufólksbústaður samkvæmt Sigríði Heiðmundsdóttur.
Grasi vaxinn hryggur sem liggur í hlíðinni niður að Rangá. Sunnan og norðan við hann eru grunnar dældir. Allt vel gróið.
Sigríði var alltaf sagt að í þessum hrygg byggi huldufólk. Móðir hennar sagði að það ætti ekki að vera mikið að leika sér þarna eða að renna sér niður brekkuna - sennilega víti til varnaðar þar sem Rangá er beint fyrir neðan. Það voru nokkrir stórir steinar fremst á hryggnum sem nú eru farnir. Klara Harðardóttir, móðir heimildamanns, sagði að hrygginn þar sem huldufólkið býr, hafi aldrei verið sleginn né átt við hann á einhvern hátt.
Hættumat: engin hætta

RA-299:028 garðlag túngarður 6355.551N 2011.506V
Um 50 m vestur af nýja bænum og um 70 m austur af þúst 006 sést móta fyrir gömlum túngarði í sléttu túninu.
Sléttað tún.
Þetta eru tvö garðlagsbrot sem liggja samsíða með um 130 m bil á milli. Bæði brotin liggja norðaustur/suðvestur. Það syðra er um 85 m langt og nokkuð beint en hið nyrðra er um 100 m langt og liggur dálítið krókótt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-299:029 þúst óþekkt 6355.073N 2013.580V



Þústirnar, horft til norðurs

Um 130 m norðaustur af Hólmatóft 014 og um 2,1 km suðvestur af bæ 001 eru tvær óþekktar þústir.
Grasivaxið sléttað svæði.
Tvær þústir sem snúa austur-vestur. Sú syðri er um 8 x 6 m að stærð og eilítið hringlaga. Þústin er um 0,5 m að hæð. Upp á henni eru þúfur sem líkjast veggjarbrotum. Nyrðri hóllinn er 7 x 7 að stærð og um 0,6 m að hæð. Uppi á honum er þunnt veggjarbrot um 4 m langt og 0,5 m breitt við suðurendann sem bogalaga.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

RA-299:030 tóft óþekkt 6355.524N 2008.788V



Tóftin, horft til norðausturs

Um 2,2 km ASA af bæ 001 og um 100 m í norðaustur af fjárskýli 017 er hár hóll með tóftarbroti á.
Uppblásið hraun sem byrjað er að gróa aftur. Til norðurs eru sandflatir og norður af því er uppgræðsla Landgræðslunnar.
Nokkrir grónir hólar eru í kring.
Tóftin er um 6 x 4 m að stærð og snýr norður-suður og er alveg opin til norðausturs. Vesturhliðin er um 3 m að lengd og því styttri en sú austari. Hóllinn er mjög uppblásinn á austurhlið en þar er hæðin á honum um 0,6 m en um 0,30 m á vesturhlið.
Hættumat: engin hætta, vegna uppblásturs



RA-300 Þingskálar

Jarðadýrleiki Víkingslækjar 20 hdr 1711. Þingskálar nýbýli frá 1811, þá var lagt til jarðarinnar helmingur jarðarinnar Víkingslækjar sem fór í eyði ári síðar. Kaldbakur einnig byggður út úr landi Víkingslækjar og eiga þessar tvær jarðir óskipt land að öðru en túni og engjum.
1840: "Útigangur og landkostir hinir bestu. heyskapur nokkur í góðum árum en lítill sem enginn í bágum. Littur undir miklum áföllum af sandfoki og gengur heldur af sér." 1849: "Tún og engar sérlega góðar. Land er mikið en blásið mjög. Jörðin er til slægna og að vörn hin hægasta." 1884: "Túnið liggur beint fyrir opnum sandblástri úr eyðisandi fyrir austan það og stórum sandskörðum rétt við það. Það er allt flagbarið að austan en sandkafið að vestan. - Nesið fyrir vestan og útnorðan bæinn er ennþá lítt skemmt. - Haglendi jarðarinnar má heita algerlega eytt nema hvað rótlaust og sandspillt graslendið loðir efitr við hin svonefndu Bitholt." VS: Rangvellingabók, 517. 1917: Tún 4,7 ha, þar af 3 ha slétt, garðar 866 m² 1940: "Tún. Greiðfært. Jarðvegur: Sendinn og harður. Engjar: Samfelldar, þýfðar, þurrar. beitiland. Valllendi, smáþýft, flatlent. Gott til allrar beitar en mjög þröngt. Ókostir: Nokkur ágangur búfjár. Jörðin mjög eydd af sandfoki." VS: Rangvellingabók, 517.

RA-300:001 *Þingskálar* bæjarstæði bústaður 63°55.455N 20°11.722V

Bærinn, horft til austurs

,,Bærinn Þingskálar var fyrst byggður 1811 og var þá lagður til hans helmingur jarðarinnar Víkingslækjar...Þingskálabær var reistur þar sem fyrr hafði verið háð vorþing Rangæinga [sjá 008]," segir í Sunnlenskum byggðum. Þingskálar eru enn í byggð og er hús það sem nú stendur á bæjarstæðinu frá 1930. Samkvæmt heimildamanni, Sólveigu Sigurðardóttur, var áður talið líklegt að bærinn hefði í fyrstu staðið rúmlega 70 m norð-norðvestar við svokallaðan Þinghól. Þinghóll kallast norðaustasti hluti þingbúðatóftanna [008], en þar eru ekki merkjanlegar bæjarrústir á yfirborði.
Bæjarstæðið er á miklu fornleifasvæði. Allt í kring eru grónar þingbúðatóftir.

Ekki er hægt að greina bæjarhól frá tóftum þingstaðarins [008], en Þingskálabærinn sem nú stendur er byggður 1930 og er bárujárnsklætt timburhús. Ekki hefur verið búið í bænum frá árinu 2000, en hann skemmdist í Suðurlandsskjálftanum. Eystri hluti bæjarins er steypt viðbygging frá 1966. Alls eru bæjarhúsin og hleðslur í kring um 28x21 m að ummáli NV-SA. Bærinn samanstendur af íbúðarhúsi, skemmu og trippakofa. Sjálft íbúðarhúsið er 8 m breitt (N-S) og sunnan við það er hleðsla úr torfi og grjóti sem er um 3 m löng og um 1,5 m á hæð. Sunnan við hleðsluna var skemma en hún er um 6 m að lengd og er klædd bárujárni eins og íbúðin. Sunnan við skemmuna var einnig torfhleðsla með grjóti og sunnan við það var svo trippakofi samkvæmt heimildarmanni. Kofinn er nú hruninn og mikið skemmdur eftir jarðskjálftann 2000. Frá skemmu og útfyrir trippakofa eru 8 m. Trippakofinn er um 7 m breiður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; SB V, 59

RA-300:002 þúst hlaða 63°55.447N 20°11.717V

Þústin, horft til austurs

"Ofan við Búðirnar [008] er gamall kálgarður, löngu aflagður, sem heitir Hlöðugarður [029], enda liggur hann fast neðan við heyhlöðuna," segir í örnefnalýsingu. Hlaðan er merkt á túnakort Þingskála frá 1917, um 10 m suður af bæ. Nú mótar fyrir stórri þúst þar sem hlaðan var, fast við rúst trippakofans 001. Upplýsingaskilti frá Þjóðminjasafninu um þingstaðinn stendur í þúst hlöðunnar.
Umhverfið er gróið og er þústin í aflíðandi brekku frá A-V. Miklar rústir þingbúða eru vestur af þústinni og austur af eru sléttuð tún sem og nýtt íbúðarhús sem tekið var í notkun eftir skjálftann 2000. Gamli bærinn [001] er norður af þústinni.
Þústin virðist vera allt að 12x9 m að stærð og snýr N-S. Hæst er hún í vesturendanum, allt að 2 m. Fyllt hefur verið í rústina og sjást því ekki tóftir, þó má sjá glitta í grjóthleðslur, tvö umför, í henni norðanverðri.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Víkingslækjarland, 3

RA-300:003 *Hesthúshóll* heimild um hesthús 63°55.474N 20°11.833V

Hesthúshóll, horft til norðvesturs

Á túnakort er merkt útihús um 80 m vestur af bæ 001 sem samkvæmt heimildamanni er hesthúsið á Hesthúshól. "Austasti og stærsti hólinn á Hólnum heitir Hesthúshóll. Þar var hesthús, sem rifið var 1955, en hafði þá ekki verið notað í nokkur ár," segir í örnefnalýsingu. Leifar hesthússins eru hátt í 100 m VNV af bæjarhúsum Þingskála 001
Hesthúshóll er algróinn háu grasi og eru þingbúðarústir 008 allt í kring. Stærð hans er óljós þar sem hann rennur saman við umhverfið. Líklegt er að hóllinn sé að miklu leyti gerður úr uppsöfnuðum mannvistarlögum og búðum. Skammt vestur af Hesthúshól er sléttað tún.
Ekkert stendur eftir af hesthúsinu sem rifið var 1955. Einu ummerkin er skál eða lægð í hólnum sem er um 6x5 m að þvermáli og dýpst í miðju um 0,5 m.

Hættumat: hætta v/ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Víkingslækjarland, 4

RA-300:004 heimild um útihús 63°55.481N 20°11.723V

Útihúsið, horft til suðurs



Á túnakorti frá 1917 er merkt útihús um 30 m NNV af bæ 001. Samkvæmt heimildamanni er um að ræða gamlan hrútakofa sem er um 4 m NV af Gömlutröðum 035 og um 40 m N af bæ 001.
Kofinn er í grasi gróinni, aflíðandi brekku (sem er milli bæjar 001 og norður og niður að hlöðu sem er í notkun).
Þekja kofans féll í Suðurlandsskjálftanum árið 2000 og hrundi þá einnig nokkuð úr veggjum. Hálft þakið hangir uppi að norðanverðu, en suðurhlutinn er hruninn inn í kofann. Húsið er 7 x 5 m að utanmáli og snýr N-S. Veggir eru um 1,5 m á breidd og eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Grjóthleðslur eru að innanverðu, alls um 10-11 umför, en torfi er hlaðið utan með. Hæð veggja er mest ríflega 1,5 m og hæð þekjunnar er vel yfir 2 m fyrir miðju. Þekjan er timburgrind undir bárujárni og klædd torfi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-300:005 tóft hesthús 63°55.461N 20°11.632V



Tóftin, horft til austurs

Á túnakorti frá 1917 er útihús um 50-60 m ANA af bæ 001. Samkvæmt heimildamanni, Sólveigu Sigurðardóttur, var útihús þetta hesthús og eru rústir þess 10 m NA af núverandi íbúðarhúsi á Þingskálum sem flutt var inn í eftir skjálftann árið 2000.
Tóftin er fast NV við sléttað tún, á grónum bletti milli túns og heimreiðar.
Hesthúsið var fallið í tóft þegar foreldrar Sólveigar Sigurðardóttur fluttu að Þingskálum árið 1926. Rústin er um 7x5 m að ummáli NV-SA, hún er algróin háu grasi og er mjög greinileg í umhverfinu. Hún er fremur slétt að ofan og örðugt er að greina mun veggja og hólfs. Þó hallast yfirborðið í grunna dæld um miðbik SV veggjar og verður að teljast líklegt að þar hafi verið dyr. Tóftin er í aflíðandi brekku sem hallar til SV og fellur hún að mestu leyti inn í brekkuna að norðaustan, en undan brekkunni að suðvestan er tóftin um 1 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-300:006 hleðsla fjárhús 63°55.410N 20°11.467V



Á túnakorti frá 1917 er sýnt útihús um 190 m austur af bæ 001. Um 10 m þar austur af er svo annað útihús (007) svipaðrar stærðar. Samkvæmt heimildamanni voru útihús þessi fjárhús sem voru rifin eftir 1980. Fjárhúsin stóðu um 200-220 m ASA af bæ 001.
Algróin flöt fast SA af túni, vaxin þéttu og háu grasi.
Fjárhúsin voru í notkun til 1980, en hafa síðan þá verið rifin. Ekki er hægt að greina tóft þar sem fjárhús 006 var. Einu ummerkin eru grjót undirstöður NV og NA veggja og eru þær einungis eitt umfar. Grjótið er stórt og gróið skófum. Leifar NV-
veggjar eru 2 m langar en leifar NA-veggjar 3,5 m langar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-300:007 heimild um fjárhús 63°55.404N 20°11.463V

Grjótdreifin, horft til SSA

Á túnakorti frá 1917 er sýnt útihús (006) um 190 m austur af bæ 001. Um 10 m þar austur af er svo annað útihús svipaðrar stærðar. Samkvæmt heimildamanni voru útihús þessi fjárhús sem voru rifin eftir 1980. Fjárhúsin stóðu um 200-220 m ASA af bæ 001.
Rústin er á algróinni flöt fast SA af túni, vaxinni þéttu og háu grasi.
Fjárhúsin voru í notkun til 1980, en hafa síðan þá verið rifin. Ekki er hægt að greina tóft þar sem fjárhús 007 var. Einu ummerkin er grjótdreif kringum 1,5x1,5 m stóra holu sem er full af hleðslugrjóti og torfi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-300:008 tóftir þingstaður 63°55.442N 20°11.745V

Uppdráttur af búðatóftunum e. Böðvar Þór Unnarsson

"Túnið er greint í Austurtún og Vesturtún og liggur sunnan í Þinghól. Á söguöld var hér þriggja hreppa þing, enn mótar fyrir búðartóftum, þótt mikla ágjöf hafi fengið af sandi. Sýnir það, að allmiklir munu veggir þeirra hafa verið," segir í örnefnaskrá. "Þingskálabær var reistur þar sem fyrr hafði verið háð vorþing Rangæinga og staðarins því getið í fornritum svo sem Njálu og Sturlungu. Miklar minjar hins forna þingstaðar sjást heima við bærinn," segir í Sunnlenskum byggðum. Leifar þingbúðanna eru augljósar í umhverfinu, norður, vestur og suður af bæjarhúsunum 001. Þær eru merktar með skilti frá Þjóðminjasafninu.
Búðatóftirnar eru í dag vel grónar. Bær Þingskála er byggður á tóftunum og eru langar traðir grafnar í gegnum svæðið. Vestur af búðatóftunum er slétt tún og er líklegt að þar undir sverði leynist einnig minjar þinghalds.
FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR: "Þingskálarústir fornar, flestar (um 40) í túninu hjer og þar, en nokkrar utan túns, vestan og norðan og milli Þingskála- og Kaldbaks-túna." 1864: "Gömul snúin JÁRNMÉL með óvanalega stórum hringum og í lengsta lagi. Þau eru 4 1/2 þumlúngur milli hrínganna, en hríngirnir eru 3 þumlúngar og 5 línur þvert yfir. Þau fundust á Þingskála þíngstað," segir í skýrslu FÍ. Halldór Magnússon segir frá búðatóftum í fornleifaskýrslu frá 1818: "Eirninn er lika audséd ad þar heft mikill mannfjöldi samann komid, af þeim mörgu Búdartoptum sem þar eru, storum og

smáum; enn hvar domhringr hefr verid siest ej." (FF) Páll Sigurðsson lýsir staðnum einnig og telur að lögréttan hafi verið í "lángstærstu tóptinni" (Safn .t.s.Ísl. II). Sigurður Vigfússon: "Austast, lengst upp með hæðinni í útsuðr niðr frá þar sem varðan er og hæðin er hæst, sem sumir kallla Þinghól, er búð (1.) sérstök, mjög sokkin, snýr frá austri til vesturs, eða með brekkunni; hún er 35 fet á lengd og 20 fet á breidd; dyr sýnast hafa verið á syðri hlið undan brekkunni; sjást öglögg. Þrettán föðmum vestar er önnur búð (2). mjög niðr sokkin, 52 fet á lengd, 20 fet á breidd; vestra gaflhlaðið er hátt; dyr líta helzt úr fyrir að hafa verið á vestrigafli við hliðarvegginn. Fjórtán föðmum vestar er búð (3.), mjög niðr sokkin, 51 fet á lengd, 20 fet á breidd; dyr á syðra hliðarvegg vestarlega, óvíst hvar, því veggrinn er á þeim kafla mjög óglöggr; snýr í austr og vestr. Vestan við þessa búð er önnur búð (4.), og eitt haflhlað undir báðum; hún er 49 fet á lengd, 21 fet á breidd. Yfir hana er hlaðinn þverveggr, sem auðjáanlega er yngri og allr eystri helmingr búðarinnar síðar hlaðinn, og búðin þannig mínkuð;, dyr á miðjum syðra hliðarvegg. Fimm föðmum vestar og litlu ofar er enn búð (5.), með ákaflega þykkum veggjum og mikilli upphækkun, 49 fet á lengd, að því er séð verðr; breidd lítr út fyrir að hafa verið um 36 fet. Auðséð er á þessari búð, að henni hefir verið eitthvað umbreytt eða hlaðið ofan í hana síðar. Dyr hafa auðsjáanlega verið á syðra hliðvegg. Búðin er mjög aflöguð. Snýr í austr og vestr. Vestr frá syðra horni þessarar búðar er ákaflega stór búð (6.); snýr í austr og vestr; hún er 59 fet á lengd enn 24 fet á breidd. Dyr sjást óglöggt á miðjum syðra hliðvegg. Beint vestr af þessari búð en enn búð (7.), og er sami gafl undir báðum; hún nær vestr undir traðirnar, sem eru nori frá bænum, þannig, að traðarveggrinn hefir skorið meira eða minna af enda búðarinnar. Að því er mælt verðr, er búðin 49 fet á lengd og 24 fet á breidd. Norðar og nær brekkunni hefur verið önnur búð (8.), og er einn hliðarveggr udnri báðum, lengd á þessarri búð verðr ekki sén, því hún er víst að helmingi afskorin af tröðunum, og að því leyti meiri en hin, þar traðarveggrinn gengr skáhalt yfir tóftina; breidd er 24 fet; dyr sjást ekki af fyrrgreindum ástæðum, enn hafa að líkindum verið á vestrgafli búðarinnar, og þannig er auðséð, og hefur verið á hinni fyrstu búð, því glögglega sést, að þær hafa ekki verið á hliðarveggjum. ... Suðri af þessum tveimr síðasttöldu búðum, með 2 föðmum á milli, sést enn fyrir búð (9.), sem líka hefir snúið frá austri til vestrs; allr vesturpartar búðarinnar er upp tekinn og borinn í burtu; eystri gaflhlaðinn sést glögt; lengd búðarinnar verðr samt ákveðin með nokkurn veginn vissu, 45 fet. Breidd eða dyr sjást ekki. Beint vestr af þessari síðasttöldu búð, með 3 faðma millibili, er mjög stór búð (10.), og einkar glögg, 57 fet á lengd og 25 fet á breidd. Dyr sjást glögt á hinum syðra hliðvegg nær eystra enda. Við hinn nyrðra hliðvegg við eystri enda búðarinnar á móti dyrunum hefir auðsjáanlega verið útbygging út úr búðinni, og eru glögg dyramerki á hliðarveggnum milli hennar og búðarinnar. Við vestra gaflhlað þessarrar búðar sýnist vera sem endai að búð (11.), enn er miklu lægri, og mjög niðrsokkin og óglögg. Þetta sýnist vera brot af hinni fornari búð, þannig að hin stóra og háa búð hefur verið bygð ofan í hana að nokkru leyti. Fjórum föðmum vestr undan gaflinum á þessu búðarbroti hefir staðið önnur búð (12.) svo mjög niðrsokkin og óglögg, að hvorki verðr með vissu ákveðin lengd hennar né breidd, og er hún þó ein af þeim fornustu. Í suðr frá búðarbrotinu, með 2 faðma millibili, er enn búð (13.) með háum veggjum; hún snýr í norð og suðr, og er 53 fet á lengd og 25 á breidd; dyr á hinum eystra hliðarvegg miðjum þó heldr nær hinum nyrðra enda. Fast við syðra horn þessarrar búðar kemr enn búð (14.), og snýr frá austri til vestrs; hún er 50 fet á lengd og 22 fet á breidd; bæði gaflhlaðið og hinn syðri veggr er mjög hátt, því að þar er grundvöllr búðarinnar hærri enn undir norðrveggnum, enda er hann miklu lægri og óglöggvari. Dyr hafa verið úr úr honum miðjum tril norðrs. Þessi búð er hin neðsta í brekkunni og næst hinum stóra jarðfalli, er liggr fyrir neðan túnið. Sjö til átta föðmum vestar sýnist votta fyrir lítilfjörlegri upphækkun eða lítilli búð (15.), sem þá hefir snúið í norð og suðr. Hún er rétt á jarðfallsbakkanum. Svo sem 3 föðmum ofar enn hið síðasttalda er ákaflega löng upphækkun eða mannvirki (16.), hið lengsta og stærsta fyrri austan traðirnar. Þetta hefir því varla getað verið ein búð, heldr búðir hlaðnar hver ofan á aðra, sem staðið hafa saman. Upphækkun þessi verðr ekki fullkomlega sundrdeild, enn öll hennar lengd er 94 fet og nær vestrendi hennar fast í traðarvegginn enn breidd þessa mannvirkis um miðjuna, þar sem það er hvorki mjóst né breiðarst, er 26 fet. Mér virðist þessu vera þannig farið, að búð (17.), hafi síðar verið hlaðin ofan á miðju þessa mannvirkis, því að þar er hæst um miðjuna. Dyr á þessari búið munu þá hafa verið á syðra hliðvegg við austurendann. Heszt lítr úr fyrir, að mildin hafi verið tekin úr austrgaflinum í lítinn og ómerkilegan kofa, er bygðr hefur verið í vestrendanum, enn nú er tekinn burt. Hér kynni því að hafa verið þannig haðar, að upphaflega hafi verið hér tvær búðir, og sjálfsagt ein síðar hlaðin ofan á. ... Hér gætu því alls hafa verið 3 búðir (16, 17, 18), sem ekki eru allar frá sama tíma. ... Uppi á brekkunni, þar sem bærinn stendr, fyrir vestan kálgarðinn, stendr búð (19.) langsetis á brekkunni; snýr í austr og vestr; hún er á lengd 58 fet og 24 fet á breidd. Við syðra hliðvegg búðarinnar á brekkubrúninni er þrep eða stallr, sem hlaðinn hefir verið til að ganga eftir. Dyr munu hafa verið á syðra hliðvegg, sem annaðhvort hafa verið dyr inn úr afhúsi eða útbyggingu, sem þá ekki sést, eða það er af mannavöldum síðar, því eðlilegast er, að hafa aðaldyrnar undan brekkunni. Ég hugaði vandlega að öllu kringum kálgarðinn, og fann við suðrhlið hans auðsjáanlega búðarvegg (20.) er stóð fram undan öllum garðinum. Fyrir vestenda þessarrar búðar sést greinilega úr undan vestrhorni á garðinum, enn hinn eystri endi búðarinnar er undir öðrum kálgarðsvegg, er bygðr hefir verið fyrir austan þennan og nær lengra niðr í brekkuna. Það sem sést af hliðarveggnum er 45 fet á lengd. Meðfram öllum veggnum er hár og breiðr stallr á brekkunni, og hefir hann verið hlaðinn fram undan búðinni eins og á þeirri fyrrtöldu. Eftir því, sem munnmæli segja, eru þetta leifar af búð Marðar gígju ... Beint niðr undan þessari búð, fyrir neðan brekkuna, nærri á jafnsléttu, stendr búð (21) 34 fet á lengd og 24 fet á breidd; snýr í austr

og vestr; dyr á syðra hliðvegg miðjum; þessi búð er víst 1 ½ mannhæð frá grundvelli og með ákaflega þykkum veggjum, og er auðsjáanlegt, að hún er hlaðin síðan ofan í aðra búð. Fast við vestrgafl þessarar búðar er stór búð (22.), 65 fet á lengd og 24 fet á breidd; dyr á syðra hliðvegg, heldr nær vestra enda. Við hinn nyrðra hliðvegg við vestrenda þessarrar búðar hefir verið stór útbygging, og jsást dyrnar glögt fram undan þessarri búð og hinni næstu á undan. Hefir verið ákaflega stórt hlað langsetis með búðunum. Fyrir ofan þessa búð sést endi af byggingu eða dálítilli búð (23.), er snýr þvert upp í brekkuna; syðri endinn er óglöggr, enn sýnist hafa náð fast niðr að veggjum á hinni stóru búði; dyr sjást á hinum vestra hliðvegg; lengd búðarinnar verðr ekki vel mæld, enn hún hefir verið mjög stutt. Þessar tvær síðasttöldu búðir eru fyrir vestan traðirnar. Sex faðma norð og suðr frá háu búðinni er hár bali, áfastr við hinn vestra traðarvegg, og beint vestr undan langa mannvirkinu sem árð er nefnt. Annaðhvort hefir hann verið áfamhald af því, og það er þá gegnum skorið af tröðunum, eða þetta er bíð (24.), sér. Tveimr föðmum fyrir neðan þennan bala hefir staðið búð (25.) með mjög útsléttuðum og breiðum veggjum, ekki alháum; hún er 47. fet á lengd, 24 fet á breidd; snýr frá landnorðri til útsuðurs; dyr óglöggvar, sem sýnast hafa verið á hinum syðra hliðvegg miðjum. Tveimr föðmum norð undan þessarri búð hefir enn verið búð (26.), er snúið hefir líkt og hin, enn er nú orðin að bala, eða sléttum hól, aflöngum, og verðr því ekki mæld. Búðin hefir verið lítil. Fjórum föðmum vestr frá þessum búðum, sem síðast eru taldar, hefir verið búð (27), sem er mjög niðrsokkin, 38 fet á lengd; breidd verðr ekki vel mæld; dyr hafa verið á hinum vestra hliðvegg, annaðhvort miðjum eða nær suðrenda. Svo sem tíu föðmum vestr frá þessarri búð virðist hafa staðið búð (28.), á jafnsléttu, sem nú er orðin svo noðrsokkin og óljós, að ekki verð með vissu séð, hvernig hún hefir snúið, og því síðr verðr hún mæld. Tveimr föðmum vestar er stór búð (29.), er snýr austr og vestr; hún er 64 fet á lengd og 25 fet á breidd, dyr hafa verið á syðra hliðvegg nær eystra enda, enn sá veggr er mjög niðrsokkinn, enn bæði gaflhlöðin há og norðveggrinn. Út úr honum nær eystra enda hefir verið útbygging; dyrnar sjást ekki á hliðveggnum inn í bygginguna, og mun hafa sigið saman; fram undan öllum syðra hliðvegg er breiðr stallr eða hlað, enn suðr frá búðinni er flöt jafnslétt. Fimm föðmum vestar kemr enn búð (30.), eigi ákaflega löng, snýr í austr og vestr; veggir ákaflega breiðir og útflattir; lengd hennar er 80 fet, enn breidd 28 fet. Vestan til í miðju búðarinnar er sem þverveggr, sem þó líkist meir haug enn vegg, því hann er miklu hærri og breiðari en gaflhlöð búðarinnar. Það er því ekki hægt að sejg ameð vissu, hvort búðinni hefir verið skift í tvær búðir, eða haugr þessi er borinn þangað á annan hátt; dyr hafa verið á syðra hliðvegg, enn sjást þó óglögt, helzt nær austrenda við upphækkunina. Fjórum föðmum vestar kemr enn búð (31.); snýr í austr og vestr, 34 fet á lengd og 21 fet á breidd; dyr á syðra hliðvegg nær vestra enda; við vestrgafl búðarinnar er útbygging; veggr að henni allir virkjaminni; dyr suðr úr henni, enn engar milli hennar og búðarinnar. Einum faðmi vestar og litlu ofar kemr enn mjög stutt búð (32.), er snýr í austr og vestr, 30 fet á lengd og 20 fet á breidd. Þremr föðmum fyrir vestan þessa búð og litlu neðar eru leifar af búð (33.) er snúið hefur í austr og vestr; eystri partr búðarinnar er glöggr, enn yfir hana miðja hefir túngarðurinn verið hlaðinn og allr vestri endi hennar verið stunginn upp; dyr sjást glöggvar á syðra hliðvegg við eystri enda. Einum faðmi ofar enn þessi búð er löng búð (34.), sem nær miklu lengra austr enn hin; snýr frá sutri til vestrs; búðin er full 60 fet á lengd og 25 fet á breidd; dyr á syðra hliðvegg miðjum; vegir búðarinnar eru mjög útflattir, allr eystri hluti hennar er fyltr upp síðar og sléttað yfir. Átta faðma í landnorðr frá þessarri búð er lítil búð (35.), er snýr frá útsuðri til landnorðurs; hún er 31 fet á lengd; er hún orðin útflött og aflöguð af ofaníburði síðar. Verðr breidd hennar þess vegna ekki mæld; dyr hafa verið móti landnorðri við gaflinn. Tíu faðma í landnorðr hér frá hæð nokkurri í túninu er mannvirki eitt (36) nærri ferskeytt að lögun; veggir ákaflega útflattir og breiðir orðnir; það er að því er mælt verðr 38 fet á annan veg og 36 fet á hinn; dyr sýnast hafa verið vestr úr. Þetta mannvirki hefir aldrei verið búð, það sýnir lögun þess, heldr hefir það verið einskonar samkomustaðr eða lögrétta. Fyrir vestan traðirnar noðr á jarðfallsbakkanum hefir verið bygðr kofi, sem stendr enn; vestr undan honum er upphækkun, sem enga lögun hefr, enn hér verðr þó að álíta, að verið hafi búið (37), enn hér er alt svo aflagað og umrótað, að enga lögun er unt að sjá með því að hér mun hafa verið stungið upp í kofann og sléttað yfir." Sigurður sá einnig "mannvirki eitt, nærri kringlótt upphækkun, mjög hátt umhverfis" en "Ómögulegt er því að ákveða, hvað þetta hefir verið upphaflega..." (sama ,60) Brynjúlfur Jónsson skoðaði staðinn árið 1893 og segir: "...dómhringurinn á að hafa verið þar sem bærinn Kaldbak er, og þar í túninu eru fáeinar búðatóftir." (1894,25) Hann kom aftur á Þingskála nokkru síðar :"Mannvirkið sem varð undir Þingskálabænum, þykir mér líklegast að hafi verið dómhringurinn" (1898,13) Mynd aftan við árb 1908 Kristian Kålund lýsti þingstaðnum á árunum 1872-74: "Þingstaðurinn er aflöng hæð, er nefndist áður Þinghóll, nær frá austri til vesturs, og á suðurbrekkunni er bærinn reistur, rétt hjá þar sem stærsta búðin var, og þá hvarf hún. Alls eru eftir um 50 tóftir, og eru þær fyrir neðan bæinn, í túninu eða rétt fyrir utan það, en heimamenn muna, hvar voru horfnar búðir og benda á stað fyrir fleiri en 100. Margar búðir hafa verið allstórar, hinar stærstu 9-18 faðma langar, 3 faðma breiðar. Sérkennileg fyrir búðirnar er óvenjuleg hæð (margar álnir), einkum á útvegg og hliðarvegg, þar sem búðirnar standa í halla. Flestar virðast hafa snúið hlið að jafnlendinu fyrri neðan. Margar hafa haft útbyggingu við annan enda, sumar dyr á hlið eða sennilega jafnvel tvennar, hvorar gagnvart annarri á áðum langveggjum." Nemandi í Háskóla Íslands, Böðvar Þór Unnarsson, mældi upp svæðið sem hluta af lokaverkefni sínu í fornleifafræði árið 2006. Búðartóftirnar ná sjáanlega yfir svæði sem er um 250 x 130 m að ummáli NV-SA og eru sjáanlegar um 40 - 45 tóftir. Svæðið er mjög hæðótt og liggur hærra en umhverfið svo greinilegt er að um uppsöfnuð mannvistarlög er að ræða, þar sem búðir hafa verið byggðar á tóftum eldri búða í

langan tíma. Ráðlegt væri að grafa prufuskurði til að meta þykkt og umfang mannvistarlaga og aldur fornleifa á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 4; SB V, 59; ÁG, 67; Skýrsla FÍ I, 62; KK I, 160-161; FF , 175; Choriographia, 549; Árbók 1888-1892, 54-60; Árbók 1894, 25

RA-300:009 gripir
1868: Þjms. 596: "Forn BRODDSPORI eða oddur úr járni; hann er öldúngis beinn, með sívölum broddi aptur úr, sem verður digrari, og ferstrendur aptast, líkt og stafbroddur ... Sporinn fannst fyrir sunnan Þíngskála ofanjarðar á moldum 1867, broddurinn lá kvartilsbil þar frá." Þjms. 597: "METASKÁLALÓÐ (?) fornt úr kopar, líklega fyllt með blýi ... það fannst nálægt sama stað og sporinn, á sama ári." Heimildamaður heyrði talað um að þetta hefði fundist suðvestarlega við þingbúðatóftirnar.
Þjms. 596-597. KE telur metið úr járni með bronshúð. Það er kúla með flötum skautum, á flötunum 13 smáhringar umhverfis og einn í miðju. Rygh 478, 25,220 gr. KEKH, 356
Heimildir: Skýrsla FÍ II, 83-84; KEKH, 261

RA-300:010 garðlag túngarður 63°55.400N 20°11.382V

Garðlagið

Gamalt garðlag, mögulega leifar gamals túngarðs, er skammt austur af heimatúni Þingskála. SA endi garðsins er um 60 m A af leifum fjárhúss 007. Þaðan liggur garðurinn í 300 m, nokkuð beinn, til NV og endar um 60 m NA af bæ 001.
Garðurinn liggur yfir gróinn mel austur af túni.
Garðurinn snýr NV-SA og er einungis grjót eftir í honum, 1-2 umför. Frá SA enda garðsins og 80 m NV er megnið af grjótinu mjög stórt, allt að 1 m á kant. Næstu 220 m þar eftir að NV enda garðlagsins er grjótið niðurgrafnara og yfirgrónara og virðist jafnframt vera nokkuð smærra eða um 0,5 m á kant. Á einstaka stað er garðurinn svo siginn að hann líkist "grjótfylltri rennu".
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-300:011 *Víkingslækur* bæjarhóll bústaður 63°54.914N 20°08.929V

Bæjarhóllinn horft til ANA

Bæjarstæði gamla bæjarins í Víkingalæk hlýtur að standa sér vegna þess að Þ og Kaldbakur voru byggð áður en Víkingslækur fór í eyði árið 1812. 20 hdr jörð sem átti skógarítak í Næfurholtslandi en sandfjúk grandaði túnunum og beitarlandinu. "Bærinn Víkingslækur stóð í brún þess [Botnhrauns], fyrir ofan botninn á Víkingslæk. Þar var stórbýli mikið, en fór algjörlega í eyði 1811, er bærinn var fluttir til Þingskála," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt heimildamanni er bæjarstæði Víkingslækjar um 1,4 km SSA af Aftökugili 013 og 2,5 km ASA af bæ Þingskála.
Hið meinta bæjarstæði Víkingslækjar er grænt og gróið og gróa þar fíflar og kjarr, ólíkt svæðinu í kring sem er mun hrjóstrugra. Allt svæðið er mjög uppblásið. Hraunmelar eru fyrir austan svæðið og sunnan en til vesturs er uppblásin flöt sem byrjuð er að gróa aftur.
"Bærinn Víkingslækur er fyrst nefndur í Oddamáldaga 1270 [1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88], en lækjarins Víkingslækjar er fyrst getið í Landnámabók, þar sem sagt er frá takmörkum landnáms Eilífs, er nam Odda inn litla upp til Reyðarvatns og Víkingslækjar," segir í örnefnalýsingu. Bæjarins er getið í máldaga Oddakirkju 1270, Austurbærinn fór í eyði 1811 og Vesturbærinn 1812. Í Eyðibýlum og auðnum segir: "[1794] Var svo riðið um jarðarinnar landareign og fyrirfannst vel helmingur af henni sléttlendi eyðilagt af blástri og sandfoki. útheysskapur lítill af valllendi og nokkur blöðkuslægjur, sem þó er meiripart rauðlauf. Austurtúnin eru sérdeilis af sér gengin og eyðilögð af rúmum þriðjungi. ... Rústir gömlu býlanna eru nú svo gjörblásnar og útvelt hleðslugrjót, að þar verður ekkert mælt. Vestra býlið hefir staðið dálítið hærra, ofarlega og rétt vestast á nefi hraunsins. ... Eru þar nú grjótdreifar miklar á gróðurlausum sandinum, bæði frá bænum og útihúsum, fjósi, heygarði, o.s. frv. Eins er umhorfs á eystri bústaðnum. ... Milli síðastnefndu bæjarrústa, uppi á hraunbrúninni sést vel fyrir (lamba?) borgum þremur, sem

allar hafa staðið á sama hól." Hið meinta bæjarstæði Víkingslækjar er um 80-100 x 40-60 m að stærð og einkennist af mörgum litlum hólum, vöxnum grasi og fíflum. Svæðið sker sig út úr umhverfinu sökum grænku. Ógerlegt er að skera úr um hvor bærinn þetta sé (sá eystri eða vestri) eða hvort þeir hafi báðir staðið á þessu svæði.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir:JÁM I, 271-272; Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 1; Ö-Víkingslækjarland, 1; Árbók 1953, 27-29

RA-300:012 gripir
"Döggskór gamall úr eirblendingi, sléttur og óvandaður, oddur á efri enda en vatnar neðan á hinn; 1,8 sm, br. 1,7-3,2 sm; 3 hringar eru dregnir á með hringfara annarsvegar. Af sverðslíðrum eða hnífskeiðum." Ekki er vitað hvar döggskórinn fannst.
Heimildir:Árbók 1911b, 78

RA-300:013 *Aftökugil* heimild um aftökustað 63°55.586N 20°09.657V

Aftökugil, horft til vesturs

"Fyrir austan túnin eru Flatirnar, allar blásnar. Norðnvert við þær er Aftökugil. Þar voru sakamenn teknir af lífi, þá þing var á Þingskálum," segir í örnefnalýsingu. Bræður voru aflífaðir í Aftökugili árið 1752 eftir að vera dæmdir á Þingskálaþingi, samkvæmt heimildamanni. Aftökugil er um 1,7 km vestur af bæ 001. Í Aftökugili eru upptök Höfðalækjar.
Umhverfi Aftökugils er uppblásið, en virðist þó vera að gróa á nýjan leik.
Ef til vill hefur Aftökugil breikkað frá því sem áður var, en í dag er gilið of breitt til að lagður væri yfir það gálgi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 2

RA-300:014 varða 63°55.301N 20°11.047V
"Milli Bolholts og Þingskála er allmikill sandfláki, gjörsamlega gróðurlaus. Þar er Gilhóll, í landsuðurátt, með vörðu á kollinum," segir í örnefnalýsingu. Gilhóll er ekki á landamerkjum og heimildamaður kannast ekki við vörðu á þessum stað. Gilhóll er um 620 m SA af bæ 001 og um 330 m SA af suðausturenda garðlags 010.
Sandurinn er uppblásinn og hóllinn er að miklu leyti horfinn og rofinn burt. Grasflákar eru víðsvegar á sandinum og smá gróður er á Gilhól, annars er víða rofið í sand.
Ekki sást til vörðu á hólnum.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 3

RA-300:015 tóft+garðlag beitarhús 63°55.262N 20°13.283V

Tóft B, horft til VSV

Tóft A, horft til suðurs

Tóft C, horft til NNV

Tóftir D og B, horft til norðvesturs



"Hefur kvísl úr Rangá fallið ofanvert við hann, er er nú dýjavætla og nefnist Dý. Standa í tanganum fjárhús frá Kaldbak, syðsti oddi hans heitir Lambatangi. Dýjalækur skilur hólmann og Tangann, sem er aðalbeitiland Þingskála, og standa þar fjárhúsin," segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsin eru við Rangá um 1,3 km VNV af bæ 001. Þar sjást tóftir sex landbúnaðarmannvirkja, afgirtar með heillegu garðlagi. Stór grasi gróinn hagi, slétt flöt við Rangá.

Tóftir sex fjárhúsa og heygarða eru á svæðinu, sem er afgirt túngarði á þrjá vegu en markast af Rangá að norðvestan. Garðurinn er afar greinilegur og liggur í ferhyrning í kringum tóftirnar á móti ánni. Garðurinn er alls um 260 m langur og er inngangur á SA-hlið, en að NV rennur Rangá. Garðurinn afmarkar um 80 x 80 m stórt svæði. Ekkert grjót sést í garðinum og er hann algróinn fyrir utan smávegis rof á einstaka stað. Garðurinn er 70-80 cm hár og mest um 1,5 m breiður. Í kringum garðinn að utanverðu er grunn rás, um 1 m breið og víðast 0,2 m djúp og hefur torfið í garðinum að líkindum verið sótt í hana. Tóftirnar sex eru aðgreindar frá A-F. Tóft A er stærst og er hún sú suðvestasta innan garðsins. Tóft A virðist vera tveggja hólfa en er hlaupin í þýfi. Hún er um 17x11 m og snýr NV-SA. Tóftin er í raun eitt stórt hólf og er annað minna innan í stærra hólfinu, hlaðið við innanverðan SV-langvegg. Stóra hólfið opnast til NA og hefur mögulega verið þil þar fyrir. Á austurvegg sést glitta í grjót, þó ekki megi greina eiginlega hleðslu. Þó nokkuð hrun er í hólfinu en veggjahæð er um 80 sm. Minna hólfið opnast einnig til NA, það er mjög gróið, 5x2 m að innanmáli og nærri fullt af hruni. Hvergi sést í grjót og er hleðsluhæðin um 0,4 m. Innst í stærra hólfinu, eða suðaustast, er niðurgrafin hlaða. Dýpt hennar að innanverðu er allt að 1,3 m að hæð og sést hvergi í grjót. Tóft B er um 8 m austur af tóft A. Hún er þríhólfa, 11 x 9 m að ummáli og snýr austur-vestur. Vestasta hólfið er 4 x 1,5 m að innanmáli og snýr N-S. Ekki sést greinilegur inngangur á hólfinu. Hvergi sést í grjót og er hleðsluhæðin um 0,7 m. Næsta hólf austan við er í miðri tóftinni, það er stærst, um 5 x 3 m að innanmáli N-S og á því er inngangur fyrir miðjum suðurvegg. Hvergi sést í grjót,

allt er mjög gróið og ekki er mikið hrun sjáanlegt inni í hólfinu. Hleðsluhæð er um 0,5 m. Þriðja hólfið er austast í tóftinni og svipar til vestasta hólfsins. Það er um 4 x 1,5 m að innanmáli og ekki er sjáanlegur inngangur í það. Ekki sést í grjót og er hleðsluhæð um 0,7 m. Tóft C er rúmlega 10 m austur af tóft B. Þessi tóft er eitt hólf, 9 x 7 m að stærð, sporöskjulöguð og snýr N-S. Ekki sést í grjót og er hleðsluhæðin um 0,6-0,7 m. Norður- og suðurhliðar tóftarinnar standa nokkuð grónar, en austur- og vesturhliðar eru signari. Ekki sést móta fyrir inngangi. Tóft D er skeifulaga tóftarbrot um 5 m norður af B og er 6x3 m að stærð ASA-VNV. Brotið er algróið grasi og ekki sést í grjót. Mest hæð er 0,5 m. Tóft E er ógreinilegt tóftarbrot skammt sunnan við tóft B, mögulega gamalt heystæði. Tóftin er afar sigin, hleðsluhæð um 0,15 m og stærð um 3 x 2 m N-S. Tóft F er mjög sigið tóftarbrot, samsíða og við hlið E. Tóft F er afar lík E en þó aðeins greinilegri í umhverfinu. Ummál er 3 x 3 m og mest hæð veggja 0,4-0,5 m. Mögulega heystæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 3

RA-300:016 *Vaðhóll* heimild um vað 63°55.251N 20°12.445V
"Við krókinn á ánni [sjá 015] er allstór hóll, sem er kallaður Vaðhóll, ekki er þar þó vað á ánni, nú á þessum stað, en mun áður hafa verið og nafnið þar af komið," segir í örnefnalýsingu. Vaðhóll er um 700 m SV af bæ 001.
Grasi gróinn bakki Rangár í grónum haga. Engar augljósar götur liggja upp frá Rangá við Vaðhól.
Í riti Kristians Kålund um íslenska sögustaði segir: "Eitt aðalvaðið yfir Ytri-Rangá er nú nokkuð fyrir ofanÞingskála hjá bænum Bolholti, en skammt fyrir sunnan þingstaðinn eru við ána nokkrir smáhólar, Vaðhólar, og þar telja menn að gamalt aðalvað hafi verið og því fremur sem margar gamlar reiðgötur liggja niður að ánni fram hjá þingstaðnum."
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 3; KK I, 161

RA-300:017 *Tangavað* heimild um vað 63°55.253N 20°12.764V
"Útsuður af honum [Vaðhól 016] er Lynghóll, Hálfhóll við Tangavað, mestu kryppuna á ánni," segir í örnefnalýsingu. Vaðið er yfir Rangá um 400 - 420 m austur af fjárhúsum 015.
Grasigróinn bakki Rangár við sléttan og grænan haga. Áin hefur nokkuð breytt farvegi sínum á þessum slóðum. Ekki má glöggt greina götur við vaðið en þó er sem móti fyrir slóða sem liggur að götu 022.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 3

RA-300:018 *Drekkingarhylur* heimild um aftökustað 63°55.514N 20°12.232V

Drekkingahylur, horft til suðurs

"Nesið vestur af bæjunum er aðalengjar beggja bæjanna, eru þar nokkur örnefni. Merkast mun vera Þjófapyttur eða Drekkingarhylur vestur við Rangá, þar var sakakonum drekkt, meðan á Þingskálum var "hæstiréttur" laga og réttar í Rangárvallasýslu," segir í örnefnalýsingu. Drekkingarhylur er í túni um 430 m VNV af bæ 001.
Umhverfis Drekkingarhyl er sléttað tún.
Drekkingarhylur er í laut í túni. Afar lítið vatn er í pyttinum í dag, en heimildamaður man eftir að hann var eitt sinn næstum barmafullur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 4

RA-300:019 gripir
"Járnístað fornlegt, nær kringlótt þverm. 12,6-12,7 sm. úr sívölum teini, þverm. 0,8 sm. út frá því gengur 2,6 sm 1 og álíka br. spaði upp, og er 1,5 sm, l gat á milli, sem ólin hefir verið í. Undir ilinni greinist beygjan í þrent og myndast þar ferhyrningur, 5x5,8 sm, að stærð með miðbandi. Hefir verið vel gert, en er nú mjög ryðétið. Fanst síðastliðið vor í uppblæstri í Þingskála landi. Virðist vera frá miðöldum." Ekki er vitað hvar ístaðið fannst.
Heimildir: Árbók 1915, 70

RA-300:020 garðlag 63°55.135N 20°12.983V

Garðlagið, horft til norðausturs

"Hjá Hálfhól er vað á Rangá er Tangavað heitir [017]. Skammt austan Hálfhóls, undir lágri brún, mótar fyrir fornu garðbroti, er liggur til útsuðurs vestan Lynghóls, og hefur sá garður girt Tangann af meðan áin rann austan Hólmans," segir í örnefnalýsingu. Garðlagið er um 330 m SA af fjárhúsum 015 og um 180 m SV af rétt 021.
Grasigróinn og grænn hagi. Garðlagið er á grassléttu en liggur vestan við og meðfram lágri hæð (Lynghól).
Garðurinn er nokkuð siginn og ójafn. Hann er um 67 m langur, mest 2 m breiður og 0,5 - 1 m hár. Garðurinn er algróinn og ekki sést í honum grjót.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 2

RA-300:021 tóft rétt 63°55.214N 20°12.751V

Tóftin, horft til norðausturs



"Hjá Hálfhól er vað á Rangá er Tangavað heitir [017]. Skammt austan Hálfhóls, undir lágri brún, mótar fyrir fornu garðbroti, er liggur til útsuðurs vestan Lynghóls, og hefur sá garður [020] girt Tangann af meðan áin rann austan Hólmans. Við garðbrotið skammt frá ánni sést móta fyrri rétt, og má geta þess til að þarna hafi fornmenn geymt hesta sína meðan á þinghaldi stóð," segir í örnefnalýsingu. Tóft, mögulega rétt, er um 950 m SV af bæ 001 og um 440 ASA af fjárhúsum 015.
Grasigróinn bithagi.
Tóftin snýr A-V og er um 16 x 8 m að stærð. Tóftin er mjög sigin og sést hvorki móta fyrir grjóthleðslum í henni né fyrir inngangi. Að sunnan er tóftin byggð upp að lágri hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 2

RA-300:022 *Götur* heimild um leið 63°55.165N 20°12.669V
"Til landnorðurs frá Lynghól [021] heita Götur, og ná þær að öðrum hól er Vaðhóll heitir [sjá RA-299]," segir í örnefnalýsingu. "Götur; svo heita gamlar götur milli Lynghóls og Vaðhóls." Í riti Kristians Kålund um sögustaði á Íslandi: "Eitt aðalvaðið yfir Ytri-Rangá er nú nokkuð fyrir ofan Þingskála hjá bænum Bolholti, en skammt fyrir sunnan þingstaðinn eru við ána nokkrir smáhólar, Vaðhólar, og þar telja menn að gamalt aðalvað hafi verið og því fremur sem margar gamlar reiðgötur liggja niður að ánni fram hjá þingstaðnum." Göturnar eru greinilegar sunnan undir Vaðhól (sjá 016) og liggja þaðan í átt að garðlagi 020 við Lynghól
Grænn og gróinn hagi.
Göturnar eru algrónar. Þær hafa greinilega verið mikið nýttar og yfir langan tíma því þær mynda dæld í jörðina, sumstaðar hátt í 1m djúpa. Í dældinni og umhverfis samhliða henni eru allmargar grynnri rásir. Göturnar snúa nokkurnveginn A-V og eru allt að 6-10 m breiðar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 2; Ö-Víkingslækur í stafrófsröð, 4; KK I, 161

RA-300:023 heimild um vað 63°54.853N 20°13.502V
"Vestan við Feysteinsholt var vað á Víkingslæk. Lá ferðamannavegur upp (norður) Geldingalækjarheiði austan Hundhóls, niður á krókinn og yfir Heiðarlæk á Krókvaði, og síðan yfir Heiðarnes að áðurnefndu vaði," segir í örnefnalýsingu. Vaðið er um 780 m SSV af fjárhúsum 015.

Árbakki Víkingslækjar er algróinn, sléttur hagi umhverfis.
Ekki sáust augljósar götur á svæðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 3-4

RA-300:024 *Fögrubrekkuvað* heimild um vað 63°54.781N 20°11.375V
"Austan til við miðja Fögrubrekku [vestan við Mýrarhól] er vað á Víkingslæk, sem Fögrubrekkuvað heitir," segir í örnefnalýsingu Víkingslækjar. Fögrubrekkuvað er um 1,3 km SSA af bæ 001.
Vaðið er við gróinn árbakka og áin breikkar þar sem yfir er farið. Mýri og hálfgróinn melur er á austurbakkanum, á þeim vestri er bakkinn hærri og slóðin ekki eins greinileg, sennilega rof.
Í dag liggur jeppaslóði að vaðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 10

RA-300:025 heimild um lambhús 63°55.238N 20°11.684V
"Austast á henni [Grjóturðaröldu] er hóll nokkur hærri. Er hann hádegismark frá Þingskálum og heitir Hádegishóll, en vestast á öldunni heitir Litli-Vaðhóll. Norðvestan í honum var lambhús frá Þingskálum, en lítt sjást þar rústir," segir í örnefnalýsingu. Heimildamaður hefur aldrei vitað til lambhúss á þessum slóðum. Aðalhreppsvegurinn liggur fast upp við suðurenda hólsins. Samkvæmt lýsingu ætti lambhúsið að hafa verið um 400 m suður af bæ 001.
Uppblásinn og grýttur hóll. Allt er uppblásið í kring nema tveir hólar sem standa SV við Litla Vaðhól, þeir eru vel grónir.
Engar fornleifar eru sýnilegar.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 3

RA-300:026 tóft 63°55.474N 20°11.695V
Hringlaga, afar ógreinileg tóft er um 20 m A af toppi Gömlutraða 035 og um 50 m NV af nýju í búðarhúsi sem flutt var í eftir jarðskjálftann árið 2000.
Grasigróin flöt norðaustur af bæ 001.
Tóftin er mjög sigin, lág og algerlega yfirgróin. Tóftin er hringlaga og um 5 m í þvermál en þykkt veggja og innanmál er óvíst. Tóftin var ógreinileg við skráningu og virtist einungis rísa örfáa sentímetra upp yfir svörð. Samkvæmt heimildamanni er tóftin greinanlegri eftir slátt, og telur hann líklegt að um fornt heystæði sé að ræða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-300:027 tóft rétt 63°55.408N 20°11.836V



"Norðan moldanna heitir Flöt ... Á Flötinni er rúst af rétt ..." segir í örnefnalýsingu. Réttartóftin er um 130 m SV af bæ 001.
Grasivaxinn melur. Norður af er lítið gil og suður af er uppblásinn grjóthóll.
Tóftin er vel sigin, einföld og sporöskjulaga og um 14 x 12 m að stærð (A-V). Ekkert grjót sést í hleðslum og lítið er af hruni innan í henni. Inngangur er í tóftina að austan. Að austanverðu er tóftin um 0,2 m á hæð en að vestanverðu um 0,5 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 3

RA-300:028 tóft rétt 63°55.426N 20°11.930V

Tóftin, horft til norðurs



Réttartóft byggð fyrir 1925 er um 170 m vestur af bæ 001. Réttin var í notkun til 1970.
Norðan við tóftina er sléttað tún. Að sunnan er aflíðandi brekka niður að litlum læk. Til suðurs er þýfður og grasigróinn melur.
Tóftin er eitt hólf, 12 x 7 m að stærð og snýr A-V. Inngangur er á miðri austurhlið. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti, 4-5 umför og er hleðsluhæð um 1,4 m. Garðbútur liggur út úr norðvestanverðri tóftinni og til vesturs. Garðurinn er um 19 m langur og hefur honum verið raskað vestast, en þar endar hann snögglega. Á vesturendanum er rof sem er að gróa. Ekkert grjót er sýnilegt í garðinum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-300:029 *Hlöðugarður* gerði kálgarður 63°55.441N 20°11.726V

Gerðið, horft til norðurs



"Ofan við Búðirnar [008] er gamall kálgarður, löngu aflagður, sem heitir Hlöðugarður, enda liggur hann fast neðan við heyhlöðuna [002]," segir í örnefnalýsingu. Kálgarðurinn er merktur á túnakort frá 1917 og er um 15 - 20 m SV af bæ 001.
Grasivaxið svæði, vel gróið. Kálgaðurinn er fast við traðir 030.
Garðlagið er um 50 m langt, 2 m breitt og liggur næstum því í ferhyrning. Á því eru 3 hliðar og rétt horn á milli, en fjórða hliðin, suðaustur hliðin, er horfin. Norðaustur veggur garðlagsins er hlaðinn upp að hlöðu 002 og er 7 m langur. Suðvestur veggur er 23 m langur og norðvestur veggur 20 m langur. Hæst er garðlagið að norðaustanverður, um 1 m. Greina má grjót í hleðslunum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 3; Túnakort 1917

RA-300:030 gripir
Hringprjónn "Fannst í gamalli rúst" á Þingskálum, mögulega einni af búðunum. Ekki er vitað nákvæmlega hvar gripurinn fannst.
Þjms. 4239: Hringprjónn, lengd 6 sm, hringinn vantar, nean við hausinn krans af upphleyptum bólum, grafin einföld srik á fleti neðan á hausnum.
Heimildir: Árbók 1937-39c, 11; KEKH, 319

RA-300:031 garðlag traðir 63°55.430N 20°11.798V

Traðirnar, horft til vesturs



"Vestan við Hlöðugarðinn [029] og Búðirnar liggja djúpar traðir niður að Gilinu," segir í örnefnalýsingu. Traðirnar liggja vestur frá bæ 001. Traðirnar eru grafnar og hlaðnar í gegnum fornar þingbúðir (008) sem eru vestan við bæ 001.

Traðirnar eru um 75 m langar og alls um 5 m breiðar, hvor veggur er 2 m breiður og bilið á milli víðast um 1 m. Traðirnar eru hlaðnar úr torfi og grjóti og má greina 5 umför af grjóti, þó svo fleiri felist að líkindum undir grjóðri. Hæð traðanna að utanverðu er um 1,4 m, en að innanverðu 1,8 m .

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 3-4

RA-300:032 *Efrigarður* garðlag kálgarður 63°55.469N 20°11.718V



"Vestan þeirra [031], fast við bæinn, er annar gamall kálgaður (kartöflugarður), sem kallast Neðrigarður [033] og vestan bæjarins var hinn þriðji, sem hét Efrigarður. Þessir tveir síðast nefndu garðar voru síðast notaðir 1947," segir í örnefnalýsingu. Kálgarðurinn er fast vestan við bæ 001.

Algróinn gamall matjurtagarður við bæjarhúsin.

Búið er að slétta garðinn, en greina má tvo veggi sem liggja saman í rétt horn. Alls er garðbrotið ríflega 20 m langt og 2 m breitt. Hæstur er garðurinn 0,2 m en víða er hann flattur ofan í svörð. Ekkert grjót er greinanlegt í garðinum og er hann algróinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 4

RA-300:033 *Neðrigarður* garðlag kálgarður 63°55.467N 20°11.744V



Kálgarðurinn, horft til suðvesturs

"Vestan þeirra [031], fast við bæinn, er annar gamall kálgaður (kartöflugarður), sem kallast Neðrigarður og vestan bæjarins var hinn þriðji, sem hét Efrigarður. Þessir tveir síðast nefndu garðar voru síðast notaðir 1947," segir í örnefnalýsingu. Kálgarðurin er fast norðan við (fram af) bæ 001.

Algróinn gamall matjurtagarður við bæjarhúsin.

Garðlagið er L-laga og alls hátt í 38 m langt. Vesturveggur er um 25 m á lengd, 1,5 m breiður og 0,7 m hár. Norðurveggur er um 14 m langur, ríflega 2 m þykkur og allt að 1,5 m á hæð. Garðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti og þó hann sé algróinn má greina fjögur umför í grjóthleðslu á austanverðurm norðurvegg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 4

RA-300:034 *Heygarður* garðlag 63°55.462N 20°11.701V

Heygarðurinn, horft til austurs



"Að húsabaki á Þingskálum var Heygarður," segir í örnefnalýsingu.
Heygarðurinn er um 10 m austur af bæ 001 og um 45 m vestur af íbúðarhúsi sem flutt var inn í eftir skjálftann árið 2000.
Garðurinn er við gömlu bæjarhúsin 001 í algróinni aflíðandi brekku.
Helmingur heygarðsins stendur enn í dag, þ.e. S og A veggir. Líklegt að hinir hafi verið rifnir er byggt var við bæinn árið 1966. Garðurinn er um 15 m að lengd allt í allt, um 1,5 m á hæð og 2 m á breidd. Að innan er hann hlaðinn úr grjóti (6 umför greinileg) en að utanverðu úr torfi. Grjóthleðslan gekk nokkuð til í skjálftanum 2000 en þó er garðurinn enn mjög heillegur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 4

RA-300:035 *Gömlutraðir* garðlag traðir 63°55.472N 20°11.724V



Traðirnar, horft til suðvesturs

"Austanvert við miðjan Efrigarð liggja grunnar traðir norður fyrir túnið, oft nefndar Gömlutraðir, en vestan þeirra er slétt flöt sem heitir Lambhúshóll," segir í örnefnalýsingu. Gömlu traðir eru rétt norður af Efrigarði 032, um 3-5 m.
Traðirnar eru í gróinni og aflíðandi brekku sem liggur frá bæjarhúsum 001 niður að túni sem er fyrir norðaustan bæ. Brekkan er algróin þykku og háu grasi.
Traðirnar eru um 35 m langar NNA-SSV. Veggirnir eru víðast um 1 - 1,5 m á breidd en eru neðst í brekkunni við það að gróa inn í umhverfið. Mest hleðsluhæð er norðnorðvestast, um 0,4 m og um 0,6 m að innanverðu. Bil milli veggja er um 1 m. Gömlutraðir eru signar og mun tilgengnari en nýrri traðirnar 031.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 4

RA-300:036 brunnur vatnsból 63°55.447N 20°11.758V

Brunnurinn, horft til austurs

"Rétt neðan við Neðrigarð [032] er brunnur, grafinn skömmu eftir síðast liðin aldamót, sem neyzluvatn er tekið úr á Þingskálum," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt heimildamanni var brunnurinn grafinn 1907 af vinnumanni á Þingskálum. Brunnurinn er um 30 m SV af bæ.
Brunnurinn er á vel grónu og þýfðu svæði milli þingbúðatóftanna 008 og nýju traðanna 031.
Brunnurinn var hogginn með meitli og er enn notaður, en búið er að byggja yfir hann dæluhús. Brunnurinn er um 8 m á dýpt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 4

RA-300:037 garðlag 63°55.248N 20°13.015V
Gamall garður er á Tanga (annar en 019), um 220-230 m austur af fjárhúsum 015.
Garðlagið er á grassléttu, í algrónum haga.
Garðurinn er þráðbeinn NNA-SSV, rúmlega 90 m langur. Hann er siginn, mest 20 sm hár og 0,5 - 1 m breiður. Ekki sést í grjót og garðurinn algróinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-300:038 heimild um lambhús 63°55.490N 20°11.806V
"Austasti og stærsti hólinn á Hólnum heitir Hesthúshóll [003]. Þar var hesthús, sem rifið var 1955, en hafði þá ekki verið notað í nokkur ár. Norðanvert við Hesthúshól var lambhús, sem löngu er aflagt," segir í örnefnalýsingu. Lambhúsið var byggt á þingbúðaminjum um 50 - 60 m vestur af hlöðu og um 90 m NV af bæ 001.
Algróin slétta skammt A af túni, þó með nokkrum rústahólum eftir þingbúðir.
Samkvæmt heimildamanni var lambhúsið á stórum, sporöskjulaga rústahól sem tilheyrir þingbúðarústunum. Hóllinn er ríflega 30 m langur, 15 m breiður og hæstur 1,8 m. Lambhúsið átti að hafa staðið vestast í hólnum en öll merki þess eru horfin og runnin saman við aðrar minjar í hólnum. Ekki mundi heimildamaður eftir tóft eða að hafa séð skýran greinarmun milli fornleifa á hólnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 4

RA-300:039 *Gamlibrunnur* heimild um brunn 63°55.447N 20°11.831V
"Austast á Niðurtúni, til suðurs frá Hesthúshól og suðvestur frá Gunnarsbúð [sjá 008] var eitt sinn brunnur, og heitir þar enn Gamlibrunnur," segir í örnefnalýsingu. Brunnurinn var í túni um 90 m vestur af bæ 001
Gróið tún sem enn er slegið.
Brunnurinn er uppfylltur og í dag sést einungis örgrunn lægð, um 1 x 1 m að stærð, þar sem hann var áður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 4

RA-300:040 gerði nátthagi 63°55.397N 20°12.153V



Nátthaginn, horft til vesturs

"Vestan við túnið á Þingskálum heitir Flöt eða öðru nafni Vaðflöt [019]. Syðst á henni eru þrír nátthagar. ... Í suðvestur horni Fremri Nátthaga og eru rústir af gamalli rétt," segir í örnefnalýsingu. Nátthagarnir þrír eru samtengdir og heita Fremri nátthagi, Stóri nátthagi og Litli nátthagi. Nátthagarnir eru um 370 m VSV af bæ 001.

Algróinn hagi fast sunnan við tún. Skammt suður af nátthögunum eru ógrónir melar og sandar, en skammt vestur af rennur Rangá til suðurs.

Nátthagarnir eru allir ferhyrndir í laginu, en misstórir og ná alls yfir svæði sem er um 160 x 70 m stórt. Suðvestastur er Fremri Nátthagi, fast norðanvið hann er Stóri Nátthagi og fast austan við Stóra Nátthaga er Litli Nátthagi. Fremri Nátthagi er signari en hinir. Gerðið er rúmlega 70 x 40 að stærð A-V, víðast um 1,5 m breitt og 0,3 - 0,5 m hátt. Í suðvesturhorni þess er svokölluð rétt, en Sólveig heimildamaður telur að um kvíar sé að ræða. Einungis er eitt hólf augljóst á tóftinni. Veggir kvíanna eru 2 m breiðir og eru þær um 5 x 2,5 m að innanmáli en 10 x 6 m að utanmáli og snúa A-V. Veggjahæð er 0,5 m. Ekkert grjót er sjáanlegt og er tóftin algróin. Stóri Nátthagi er rúmlega 120 x 30 m að stærð A-V. Garðlagið er 2 m breitt, nema sá hluti sem deilt er með Fremri nátthaga, hann er 1 m breiður. Hleðsluhæð er mest um 1 m. Ekkert grjót er sjáanlegt í garðlaginu og er það algróið. Litli nátthagi er um 40 x 25 m að stærð A-V. Garðlagið er 2 m breitt og hleðsluhæð er mest um 1 m. Ekkert grjót er sjáanlegt í garðlaginu og er það algróið. Stór, ólöguleg þúst er í suðvesturhorni Litla Nátthaga. Þústin er 7 x 7 m að stærð og 1 m há. Líklega er þústin rúst útihúss. Garður Litla Nátthaga er sumstaðar nokkuð tilgenginn og rofinn í mold á einstaka stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 4

RA-300:041 *Píutóft* heimild um lambhús 63°55.552N 20°11.922V

"Austan við Vestribala er Eystribali jafnhár honum og er þröngur skorningur á milli. Rétt syðst og vestast á Eystribala stóð um skamma hríð lambhús frá Þingskálum, og var tóftin af því nefnd Píutóft ..." segir í örnefnalýsingu. Píutóft var um 240 m NV af bæ 001, en þar er nú slétt tún.

Tún sem var sléttað 1971.

" ... kennd við Filippíu Sæmundsdóttir, dóttur Sæmundar Guðmundssonar er bjó á þingskálum 1886-1913, en hún sóð fyrir byggingu þessa húss. Aðrir nefndu tóftina Tumatóft, því Tómas Tómasson frá Reyðarvatni reif húsið haustið 1919. Píutóft var sléttuð út haustið 1971," segir í örnefnalýsingu. Heimildamaður man eftir tóftarbroti Píutóftar, en nú er ekkert að sjá í sléttu túninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 5

RA-300:042 *Langavað* heimild um vað 63°55.867N 20°11.963V

"Skammt norðan markanna milli bæjanna Þingskála og Kaldbaks er vað á Rangá, sem Langavað heitir," segir í örnefnalýsingu. Vað þetta yfir Rangá var um 500 m NV af Kaldbaksbæ RA-299:001 og hátt í 800 m NNV af bæ Þingskála (001). Þingskálamegin er hægt að miða við klettaborg sem er á hinum bakkanum.

Kaldbaksmegin er slétt tún og grænn hagi Þingskálamegin.

Langavað var lagt af vegna dýptar árinnar á þessum slóðum. Heimildamaður segir að vöðin hafi breyst frá ári til árs þar sem Rangá er stöðug að breyta sér. Þar sem Langavað var er árbakkinn í dag fremur hár, um 1 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Víkingslækjarland, 5

RA-300:043 tóft beitarhús 63°55.186N 20°13.274V

Tóftin, horft til suðurs



Tóft beitarhúss er um 140 m suður af beitarhúsum 015.
Mjög þýft beitiland, vel gróið og töluvert um litla hóla og mishæðir.
Tóftarbrotið er óskýrt, það virðast vera tvö hólf þó það sé ekki fullljóst. Tóftin er 14 x 6 m að stærð og snýr N-S. Ekki sést í grjót í hleðslum og er tóftin þýfð og þá sérstaklega suðurhlutinn, sem er mjög óskýr. Nyrðra hófið er um 7x5 m að stærð, snýr N-S og er op á norðurendanum. Eina sem sést greinilega á syðri hluta tóftarinnar er SA-hornið annað er afar óskýrt sökum þýfis. Torf virðist hafa verið stungið umhverfis tóftina og þá líklega til að safna efni í hleðslurnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-300:044 þúst útihús 63°55.308N 20°13.225V
Um 100 m NNA af fjáhúsum 015 eru tvær hringlaga þústir sem samkvæmt heimildamanni eru leifar útihúsa.
Þústirnar eru á mjög þýfðu beitarlandi.
Syðri þústin er um 6 x 5 m að stærð, snýr N-S og er 0,3 m á hæð. Um 2 m norðar er önnur þúst, 6 x 6 m að ummáli og 0,4 m há.
Hættumat: hætta v/ábúðar

RA-300:045 *Vaðflöt* örnefni vað 63°55.479N 20°12.203V
"Þá er Vaðflöt við Rangá, norður af Nátthögum [040], nú er það ekki vað á ánni og mun því nafnið gamalt," segir í örnefnalýsingu. Vaðflöt kallast vestasti hluti túns Þingskála. Vaðflöt liggur vestur að síki sem er í gömlum farvegi Rangár og liggur samhliða túninu. Rangá liggur nú nokkrum tugum metra vestar.
Slétt tún.
Ekki sjást götur í sléttuðu túninu liggja að hinum gamla árfarvegi.
Heimildir:Ö-Þingskálar og Kaldbakur, 4

RA-300:046 *Aftökusteinn* örnefni aftökustaður 63°55.449N 20°11.710V

Steinninn, horft til suðvesturs

"Frá tíma slíks réttarfars er "aftökusteinn", stór steinn, sem stóð þar sem nú er matjurtagarður," segir í riti Kristians Kålund um sögustaði á Íslandi. Aftökusteinn kallast steinhella sem stendur upp á rönd við traðirnar 031 beint fyrir framan trippakofann, sem er hluti bæjarhúsanna 001.
Aftökusteinn er um 80 sm há, 50 sm breið og 20 sm þykk steinhella. Um 10 sm niður frá toppi hellunnar er klappað gat í gegnum hana, um 5 x 5 m í þvermál. Hefur grjót þetta að líkindum fremur verið notað til að tjóðra hesta en til aftakna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:KK I, 161

RA-300:047 þúst óþekkt 63°55.428N 20°11.769V

Þústin, horft til suðurs

Í grein Sigurðar Vigfússonar um rannsóknir sögustaða segir: "Eg skal enn fremr geta þess, að ég fann mannvirki eitt fyrir austan traðirnar, ofan til við hinar fyrrnefndu búðir, eða nær brekkunni; það stendr rétt við kálgarðshornið austasta; þeir eru alls þrír niðr undan bænum." Um 65 m SV af bæ 001 er hóll sem líklega samanstendur af mannvistarleifum og kemur heim og saman við lýsingu Sigurðar.
Grasivaxinn sporöskjulaga hóll með traðir 031 til norðurs og þingbúðir 008 til austurs en til suðurs er lítið gil sem áin rennur eftir.
Sigurður lýsti mannvirkinu: "Mannvirki þetta er nærri kringlótt upphækkun, mjög hátt umhverfis, og myndar þannig nær kringlótta tóft með ákaflega digrum veggjum, enn er orðið mjög útflatt og vallgróið. Niðr úr því til suðrs er vítt op, sem lítr helzt úr fyrir að hafa verið inngangr. Mannvirki þetta er 42 fet á hvern veg, að því er mælt verðr, enn hér er ilt að ákveða víst mál ..." Hóllinn er frekar hár, um 2 m, og snýr N-S. Hugsanlega er hóllinn hluti af þingbúðaþyrpingunni sem er skammt austar. Engar mannvistarleifar sjást á hólnum, enda er hann vel gróinn og þýfður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Árbók 1888-1892, 60

RA-300:048 gripir
"Rýtingur og hnífur við; fundnir á Víkingslæk við Þingskála í jörðu." Ekki er vitað hvar gripirnir fundust.
Heimildir:Árbók 1906b, 48

RA-301 Heiði

20 hdr að fornu 1711, Skálholtsdómkirkjueign. "Heiði finnst fyrst nefnd í máldaga Gunnarsholtkirkju sem telinn er frá 1332." "Meir en helmingur af landi Heiðar er hraun, sumt algróið valllendi, en sumt uppblásið og nokkuð tekið að gróa upp aftur. Sá hluti Heiðarlands sem ekki er hraun, skiptist í valllendi, mýri og uppgrædda sanda. Landið er gott til beitar og skjólgott." Jörðin er nytjuð frá Heiðarbrekku. Nýbýli er Heiði II og Heiðarbrekka. SB V, 56-58.
1711: "Á túnið fýkur sandur og vikur og spillir því mikið. Högum grandar og stórum sandfjúk." JÁM I, 271. 1849: "Tún mikil en snögglend, engjar engar en reytist þó nokkuð utantúns. Hagar mjög góðir og grösugir, þeir sem óblásnir eru." 1884: "Túnið er lítt skemmt og rönd af grasheiði austur, suður og vestur af bænum. Grastangi við Rangá ytri, á milli lækjar, óskemmdur, öll landareignin fyrir austan heiðarlæk ýmist sandflög eða sudnurtættar og rótlausar grastóir, og var það áður helstu útheyskapur jarðarinnar." VS: Rangvellingabók, 162 1917: Tún 6,8 ha, þar af 2,5 ha slétt, garðar 943 m² 1940: "Tún: hart og sendið, mishæðótt, gott að mestu vélfært. Engjar: Reytingssamar, greiðfærar þurrar. beitiland: Að mestu valllendi og flatlent hraun: Skýlt. Gott til allrar beitar. Ókostir: Jörðin hefur eyðst allmikið af uppblástri, en fer þó minnkandi." VS: Rangvellingabók, 162

RA-301:001 *Heiði (I)* bæjarstæði bústaður 6353.897N 2010.408V

Bæjarstæðið, horft til VSV

"Bærinn Heiði hefur oftar verið fluttur en nokkur annar bær í Rangárvallahreppi. Núverandi bæjarstæði er það fimmta og var bærinn fluttur á það á síðasta áratug 18. aldar," segir í Sunnlenskum byggðum. "Fyrsti bærinn á Heiði hefir staðið á lágum bala uppi á hraunbrún, sem horfir móti norðurátt." segir í Eyðibýli og auðnir á Rangavöllum. Um 2,8 km suðaustur af núverandi bæ og um 990 m austur af Heiði III stóð Heiði I, sem var fyrsti bærinn.
Uppblásin svæði blasa við til allra átta.
"Bærinn stóð upphaflega á nefi nyrst á Heiðarhrauni röska þrjá kílómetra austsuðaustur frá núverandi bæ á Heiði, en þaðan var bærinn fluttur um hálfan kílómetra suðaustur frá hinu forna bæjarstæði. Engar heimildir eru þekktar sem geta þess hvenær sá flutningur skeði, en líkur eru til þess að það hafi verið snemma á 18. öld. Fyrir 1756 var bærinn fluttur á hól sem er austast á svonefndu Heiðarholti um einn kílómetra vestur frá elstu Heiði og um tvo kílómetra austsuðaustur frá því sem Heiði stendur nú. Stóð bærinn þar uns Jón Ögmundsson sem bjó í Heiði 1796-1800 flutti hann nyrst á svonefnda Hellistorfu um hálfan kílómetra austnorðaustur frá núverandi bæ. Þar stóð bærinn í tvö ár, en þá flutti Jón bæinn aftur og setti hann á heiðarbrúnina sunnan Heiðarlækjar og stendur hann þar síðan." Engar minjar eru sjáanlegar. Bæjarstæðið var á litlum hól sem nú um 1 m að hæð og svæðið um 28 x 17 m að stærð. Hann snýr norður-suður en er hæstur að norðan og austan en jafnast út að vestan og sunnan. Nokkuð er af steinum sem gætu verið úr hleðslum en þó eru engar greinilegar hleðslur að sjá á staðnum, eingöngu stein og stein á stangli. Heimildarmaður telur að það hafi sést móta fyrir garði norðan við bæjarstæðið en engar leifar sjást þar nú.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs
Heimildir:SB V, 56; VS: Rangvellingabók, 159; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1953, 21-22

RA-301:002 heimild um bænhús 6353.892N 2010.398V

Bænhústæðið, horft til ANA

HEIÐI Á RANGÁRVÖLLUM (GUNNARSHOLTSÞING) (R)
[1332]: [til Gunnarsholts] liggur vndir kirkia at gelldinga læk. bænhus a heidi med tiund ... at ollum skylldum; Máld DI II 692 [Gunnarsholts] "Á elstu Heiði hafa blásið upp leifar af kirkjugarði, sem sýnir að þar hefur um eitt skeið verið grafarkirkja." Um 10 m suður af elsta bæjarstæðinu í Heiði 001 sjást raðir grjóts sem afmarka hinn meinta kirkjugarð.
Uppblásið svæði, mjög grýtt með örfáum litlum grasþúfum inn á milli.

Nokkuð vel sést móta fyrir garðinum sem er ferkantaður og er hann um 32 x 25 m að stærð og snýr norður-suður. Eingöngu er þetta einföld röð af grjóti en engar hleðslur. Engin önnur mannvirki eru á staðnum og hvorki mótar fyrir bænhúsi né gröfum. Þorsteinn Oddsson segir þó að bein hafi komið í ljós eftir blástur en þau hafi nær undantekningalaust verið sett undir steina í garðinum. Örfáar beinflyksur sjást á staðnum.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 160

RA-301:003 *Heiði (II)* bæjarstæði bústaður
"Bærinn Heiði hefur oftar verið fluttur en nokkur annar bær í Rangárvallahreppi. Núverandi bæjarstæði er það fimmta og var bærinn fluttur á það á síðasta áratug 18. aldar," segir í Sunnlenskum byggðum. Ekki er vitað með vissu hvar Heiði II var þar sem allt í kring er uppblásið.
Sand blásið svæði
"Bærinn stóð upphaflega á nefi nyrst á Heiðarhrauni röska þrjá kílómetra aust-suðaustur frá núverandi bæ á Heiði, en þaðan var bærinn fluttur um hálfan kílómetra suðaustur frá hinu forna bæjarstæði. Engar heimildir eru þekktar sem geta þess hvenær sá flutningur skeði, en líkur eru til þess að það hafi verið snemma á 18. öld."
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs
Heimildir:SB V, 56; VS: Rangvellingabók, 159

RA-301:004 *Heiði III* bæjarhóll bústaður 6353.889N 2011.621V

Bæjarhóllinn, horft til vesturs

"Bærinn Heiði hefur oftar verið fluttur en nokkur annar bær í Rangárvallahreppi. Núverandi bæjarstæði er það fimmta og var bærinn fluttur á það á síðasta áratug 18. aldar," segir í Sunnlenskum byggðum. "Milli Mýrarinnar og Puntsins er grjótholt, sem heitir Heiðarholt. Austast í þeim er torfa, kölluð Gamla-Heiði; þar hefur bærinn staðið á þriðja staðnum," segir í örnefnalýsingu. Um 1 km vestur af Heiði I 001 og um 550 m norðaustur af fjárhústóft 035 stendur hóll sem nefnist Heiðarholt. Var þar þriðja bæjarstæðið á Heiði.
Uppgróinn hóll sem er byrjaður að hlaupa í þúfur. Austan við hólinn er mikið grjót. Til suðurs er uppblásið svæði en til vesturs stendur aðeins minni hóll. Mikið hraun er allt í kring með grónum svæðum. Til suðausturs er lítil hlíð.
"Bærinn stóð upphaflega á nefni nyrst á Heiðarhrauni röska þrjá kílómetra aust-suðaustur frá núverandi bæ á Heiði, en þaðan var bærinn fluttur um hálfan kílómetrasuðaustur frá hinu forna bæjarstæði. Engar heimildir eru þekktar sem geta þess hvenær sá flutningur skeði, en líkur eru til þess að það hafi verið snemma á 18. öld. Fyrir 1756 var bærinn fluttur á hól sem er austast á svonefndu Heiðarholti um einn kílómetra vestur frá elstu Heiði og um tvo kílómetra austsuðaustur frá því sem Heiði stendur nú. Stóð bærinn þar uns Jón Ögmundsson sem bjó í Heiði 1796-1800 flutti hann nyrst á svonefnda Hellistorfu um hálfan kílómetra aust-norðaustur frá núverandi bæ. Þar stóð bærinn í tvö ár, en þá flutti Jón bæinn aftur og setti hann á heiðarbrúnina sunnan Heiðarlækjar og stendur hann þar síðan." Engar minjar eru sjáanlegar á hólnum sem er um 40 x 25 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er frekar hár, um 2,5 m að austan og sunnan en verður aflíðandi að norðan og vestan. Þorsteinn Oddsson minnist þess ekki að hafa sé nokkuð af mannvistarleifum á staðnum enda sennilegt að allt sé farið sökum uppblásturs.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs
Heimildir:SB V, 56; Ö-Heiði, 2; VS: Rangvellingabók, 159

RA-301:005 *Heiði IV* bæjarstæði bústaður 6354.581N 2013.239V

Bæjarstæðið, horft til norðurs

"Bærinn Heiði hefur oftar verið fluttur en nokkur annar bær í Rangárvallahreppi. Núverandi bæjarstæði er það fimmta og var bærinn fluttur á það á síðasta áratug 18. aldar." Segir í Sunnlenskum byggðum. Við Víkingslæk, sem fellur inn í Heiðarland, er smá torfa, sem heitir Skeggjabæli. Vestanvert við það eru móklappir, og er það smáhellir og grastorfa. Stóð Heiði þar í fjórða staðnum." Segir í örnefnalýsingu. Um 620 m norðaustur af núverandi bæ 006 og um 60 m norður af fjárskýli 016 var fjórða bæjarstæði Heiðar. Bærinn stóð fyrir neðan Hellistorfuna sem er austan við en til norðurs blasir Freysteinsholtið við.
Grasivaxið svæði með vel gróinni hlíð (Hellistorfunni) til austurs. Víkingslækur rennur í um 200 m norðan við. Til vesturs er gil og vestari bakkinn er allur uppblásinn.
"Bærinn stóð upphaflega á nefni nyrst á Heiðarhrauni röska þrjá kílómetra aust-suðaustur frá núverandi bæ á Heiði, en þaðan var bærinn fluttur um hálfan kílómetrasuðaustur frá hinu forna bæjarstæði. Engar heimildir eru þekktar sem geta þess hvenær sá flutningur skeði, en líkur eru til þess að það hafi verið snemma á 18. öld. Fyrir 1756 var bærinn fluttur á hól sem er austast á svonefndu Heiðarholti um einn kílómetra vestur frá elstu Heiði og um tvo kílómetra austsuðaustur frá því sem Heiði stendur nú. Stóð bærinn þar uns Jón Ögmundsson sem bjó í Heiði 1796-1800 flutti hann nyrst á svonefnda Hellistorfu um hálfan kílómetra aust-norðaustur frá núverandi bæ. Þar stóð bærinn í tvö ár, en þá flutti Jón bæinn aftur og setti hann á heiðarbrúnina sunnan Heiðarlækjar og stendur hann þar síðan." Engar minjar sýnilegar þar sem allt er slétt og grasivaxið. Í dag er svæðið notað sem beitiland fyrir hesta og eru rafmagnsgirðingar allt í kring.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs
Heimildir:SB V, 56; Ö-Heiði, 3; VS: Rangvellingabók, 159

RA-301:006 *Heiði V* bæjarstæði bústaður 6354.323N 2013.725V

Hleðslurnar, norðan við bæinn, horft til austurs

"Bærinn Heiði hefur oftar verið fluttur en nokkur annar bær í Rangárvallahreppi. Núverandi bæjarstæði er það fimmta og var bærinn fluttur á það á síðasta áratug 18. aldar," segir í Sunnlenskum byggðum. Núverandi íbúðarhús stendur þar sem síðasti torfbærinn stóð og var hann reistur um 1906-7 samkvæmt heimildarmanni.
Allt hefur verið sléttað og fyrir framan hús hefur verið tyrft og trjám plantað í skjólvegg. Að öðru leyti er malarplan og fast upp við bæinn stendur gamla hlaðan.
Núverandi íbúðarhús stendur þar sem gamli bærinn stóð og var hann reistur um 1906-7. Enginn bæjarhóll er á staðnum. Núverandi ábúendur keyptu jörðina 1989. Húsið Heiðarbrekka var byggð af Þorsteini OddssyniI 1946 og er það beint austur, um 20 - 30 m af gamla bænum. Það hús fór illa í jarðskjálftanum 2000 og ekki íbúðarhæft. Var þá ráðist í að laga húsið þar sem gamli bærinn stóð en hann hafði allur hrunið einnig að mestu leyti en við hann var byggt (austan við hann) 1967. Við endurbyggingu gamla bæjarins var reynt að nýta sem mest úr honum sem og að halda upprunalegu útliti eins og hægt var. Lítill kjallari var undir húsinu sem núverandi ábúendur fylltu en í viðbyggingunni frá 1967 er hinsvegar kjallari. Fyrir aftan bæ standa enn hleðslur vel grónar og eru þær allt að 1,50 - 1,80 m háar með 11-12 umförum af hleðslu. Lengd hans er um 6 m og liggur hann austur-vestur. Gömul eldavél stendur áföst við vegginn. Líklegt er því að gamli bærinn hafi verið um 11 x 7 m að stærð og snúið austur-vestur. Smiðja og hlaða voru einnig vestan við bæinn samkvæmt teikningum frá um 1980. Sögðu núverandi ábúendur að yfir þessu hafi verið sperrur sem hrundu allar í skjálftanum 2000.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:SB V, 56; VS: Rangvellingabók, 159; Túnakort 1917

RA-301:007 heimild um útihús 6354.329N 2013.717V
Samkvæmt túnakorti stóð útihús í um 10 m norð-austur af núverandi Heiði 006.
Nú stendur þar gömul hlaða ásamt öðrum nýlegum útihúsum.
Engar fornleifar sjást þar sem önnur útihús hafa risið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-301:008 heimild um útihús 6354.253N 2013.779V
Samkvæmt túnakorti stóð útihús í um 140 m SSV af núverandi Heiði V 006 og um 160 m norðvestur af útihúsi 014. Þar er lítill hóll.
Grasivaxið tún sem notað er sem beitiland fyrir hesta.
Engar fornleifar sjást á hólnum né öðrum stöðum á svæðinu en túnið sem allt hefur verið sléttað en er þó með litlum hólum á.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-301:009 *Skemmuhóll* heimild um skemmu 6354.293N 2013.792V
"Á túninu fyrir framan bærinn er Skemmuhóll og Skemmudalur. Á hólnum hefur skemma staðið áður fyrr," segir í örnefnalýsingu. Um 80 m suðvestur af Heiði V 006 og um 70 m norður af útihúsi 008 er grasivaxinn lítill hóll, Skemmuhóll. Heimreiðin er um 100 m austur af hólnum.
Grasivaxið tún með þó nokkuð af hólum um allt. Skógarkjarr er vestan við.
Engar minjar sjást, allt hefur verið sléttað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Heiði, 1

RA-301:010 heimild um útihús 6354.356N 2013.705V
Samkvæmt túnakorti stóð útihús í um 60 m NNA af núverandi Heiði 006.
Grasi- og arfavaxið svæði. Til NA og NNA er aflíðandi grasbakki niður að Heiðarlæk.
Engar fornleifar sjást enda allt verið sléttað. Í dag er þetta svæði nýtt sem gerði fyrir hross.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-301:011 heimild um útihús 6354.360N 2013.720V
Samkvæmt túnakorti stóð útihús í um 70 m norður af núverandi Heiði 006 og 15 m norðvestur af útihúsi 010.
Grasi- og arfavaxið svæði. Til NA og NNA er aflíðandi grasbakki niður að Heiðarlæk.
Engar fornleifar sjást enda allt verið sléttað. Í dag er þetta svæði nýtt sem gerði fyrir hross.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-301:012 tóft hesthús 6354.282N 2013.660V



Um 90 m suðaustur af núverandi Heiði 006 og um 80 vestur af Kokkskofa 015 var útihús samkvæmt túnakorti. Hreppsvegurinn liggur í um 50 m suður af umræddum stað og heimtröðin 039 er um 20 m vestar.
Grasivaxið þýft svæði sem er efst á flötinni. Til suðurs tekur grasivaxin hlíð við alveg niður á Hreppsveg.
Eingöngu suðurhliðin eftir af útihúsinu. Þar er að finna hleðslu sem er vel gróin og er um 5,5 m að lengd og snýr austur-vestur. Annað er farið í þúfur og því nokkuð óskýrt. Op hefur sennilega verið í suðvesturhorninu. Hugsanlegt að það hafi verið stærra en ekkert sést, austasti hlutinn seinna notaður sem hænsnakofi samkvæmt Þorsteini heimildarmanni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-301:013 *Fjárhústún* heimild um fjárhús 6354.202N 2013.663V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús 230 m SSA af núverandi Heiði 006 og um 70 m SV af tóft 014. Samkvæmt Þorsteini Oddssyni var þetta fjárhús og hét túnið umhverfis Fjárhústún.
Grasivaxið þýft svæði. Húsalág liggur sunnan við túnið en aðal hreppsvegurinn er í um 100 m vestur af.
Engar fornleifar sjást, allt sléttað og farið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-301:014 tóft fjárhús 6354.226N 2013.599V



Tóftin, horft til ASA

Um 200 m suðaustur af Heiði V 006 og um 70 m norðaustur af fjárhúsi 013 var útihús samkvæmt túnakorti. Þetta var fjárhús samkvæmt Þorsteini Oddssyni.
Grasivaxin hlíð sem liggur austur-vestur. Til norðvesturs er Hvammur en til suðurs er grashóll sem er fast upp við tóftina. Heiðarlækur rennur austan við staðinn.
Tóftin er um 12 x 8 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er einföld og með opi fyrir miðjum austurvegg. Töluvert sést af grjóti í henni að innanverðu og má sjá allt að þrjú til fjögur umför af hleðslum og er hæð hennar um 1,3 m. Vesturhliðin hefur verið rofin og er suðurhliðin töluvert sigin. Suður- og vesturhlið hafa verið stungnar niður að einhverju leyti. Garðlag liggur í um 2 m norður af tóftinni. Það er 75 m langt og um 1,5 - 2 m að breidd og liggur austur-vestur. Eitthvað af grjóti sést í garðinum og þá sérstaklega í vesturendanum. Hæð veggjarins er frá 1m á austurenda upp í 1,5 á vesturenda. Hann er rofinn á nokkrum stöðum en þó aðallega á einum stað. Við austur endann er lítið kassalaga heystæði sem er um 4 x 3 m að stærð og um 0,10 m að hæð. Op er á norðaustur horninu. Heystæðið er mikið sigið og frekar óljóst.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-301:015 *Kokkskofi* heimild um hesthús 6354.284N 2013.561V
"Austan við lækinn er Kokkskofahóll, kenndur við Kokkskofa, sem er hesthús þar í túninu," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt túnakorti stóð útihús í um 150 m suð-austur af Heiði V (006) og um 80 m vestur af útihúsi 012. Var þar hesthús sem kallaðist Kokkskofi. Aðal hreppsvegurinn er 25 - 30 m vestur af og Heiðarlækurinn er um 10 m norðar.
Grasivaxið svæði sem byrjað er að planta trjám í kringum.
Engar minjar sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Heiði, 1: Túnakort 1917

RA-301:016 hellir fjárskýli 6354.550N 2012.245V

Hellirinn, horft til norðurs

"Á heiði var lítill hellir notaður sem fjárhús. Var hægt að hafa í honum 20-30 kindur. Hann er allur fallinn niður," segir í Sunnlenskum byggðum. Um 580 m norðaustur af Heiði V (006) og um 60 m suður af Heiði IV eru steinborgir og í heim var hellirinn skv. Þorsteini Oddssyni.
Uppblásið svæði með grasbökkum austan og vestan við.
Hellirinn er með öllu horfinn.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:SB V, 13

RA-301:017 *Lakatóft* tóft beitarhús 6353.696N 2011.991V



Tóftin, horft til ANA

Um 1,8 km suðaustur af Heiði V 006 og um 470 m suðvestur af Heiði III 004 er tóft af beitarhúsi
Grasi- og lyngvaxin hlíð með litlum klettaborgum allt í kring. Vel glittir í hraunið fyrir ofan tóftina. Til norðurs taka lágar sléttur við og Heiðarlækurinn sést í vestri.
Tóftin er um 12 x 9 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er vel gróin að utan en að innan má sjá allt að þrettán umför af grjóthleðslum. Tóftin er tvískipt og er hólf A norðar. Hólf A er um 9 x 7 m að stærð og snýr norðvestur - suðaustur með opi fyrir miðjum vesturenda. Þar sjást allt að fimm umför af hleðslum en hvorki sjást ummerki um garða né jötur. Hólf B er sunnan við A og er aðeins niðurgrafið og lægra en hólf A. Hólfið er um 6 x 5 m að stærð. Einnig með opi á miðjum vesturvegg. Um 5 m suður af tóftinni er lítið heystæði sem er um 3 x 3 m að stærð en er ekki mjög greinilegt. Líklegast að það hafi verið stungið niður í hallann. Op er á norðvestur horninu.
Hættumat: engin hætta

RA-301:018 *Kvíalág* tóft kvíar 6354.302N 2013.874V



Tóftin, horft til austurs

"Kvíalág er fyrir vestan gamla túnið og Hólar," segir í örnefnalýsingu. Um 130 m VSV af Heiði V 006 og um 70 n NV af Skemmuhól 009 er Kvíalág umkringd trjágróðri.
Vel gróin grasivaxin lág með birki til vesturs og öðrum trjágróðri til austurs. Grasivaxnar hlíðar til austurs og vesturs en til suðurs og norðurs liggur lágin.
Við suðurendann sést móta fyrir mjög lágri tóft sem er um 6 x 3 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er mjög sigin er hleðslan um 0,2 m há. Tóftin er tvískipt og er hólf A syðra en það er minna og erum 2 x 3 m að stærð en hólf B er nyrðra og er það um 4 x 3 m að stærð. Hvergi sést móta fyrir opi á henni og ekkert grjót sést heldur í tóftinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Heiði, 1

RA-301:019 heimild um myllu 6354.356N 2014.166V
"Sunnan og framanvert við þá [Hóla sjá 018] er Myllulind; gekk kornmylla fyrir afli hennar um nokkurra ára skeið. Mylluflöt er meðfram lindinni," segir í örnefnalýsingu. Um 360 m VNV af Heiði V 006 og um 300 m SV af Vagnvaði 020 var mylla samkvæmt heimildamanni. Sumarhúsið Myllubær stendur VNV af staðnum er myllan stóð.
Heiðarlækur rennur úr austri en úr suðvestri rennur vatnið úr uppsprettulind, þær mætast síðar í eina kvísl þar sem myllan stóð. Grasivaxið svæði með bröttum hlíðum og birkitrjám.
Engar minjar er að sjá eftir mylluna en Þorsteinn Oddsson (f. 1920) man hvar hún stóð. Hann sagði þó að hún hafi ekki verið í notkun svo hann muni. Hann sagði einnig að upphaflega hafi myllan staðið austar í læknum en þar hafi straumurinn ekki verið nægur og því hafi hún verið flutt vestar.

Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Heiði, 1

RA-301:020 *Vagnvað* heimild um vað 6354.442N 2013.846V
"Vaðflöt liggur norður og austur með læknum að vaðinu, sem nú er nefnt Vagnavað (er er aðalvegur á uppbæi)," segir í örnefnalýsingu. Um 240 m NNV af Heiði V 006 og um 230 m SSA af fjárhústóft 036 er Vagnvað. Vegslóði hefur verið lagður yfir vaðið sem nær að sumarhúsinu Myllubæ.
Til suðurs er grasivaxin hlíð frá túninu af Heiði en til norðurs er grösugt uppblásið svæði en svo taka grasivaxin tún við því.
Ekki sést hvar vaðið var en sagt er að það hafi verið þar sem vegurinn liggur nú. Búið er að setja rör undir hann fyrir lækinn. Lækurinn er frekar djúpur og austan megin eru bakkar hans brattir en vestan við veginn eru þeir meira aflíðandi, sérstaklega sunnan megin.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Heiði, 1

RA-301:021 *Heygarður* tóft heygarður 6354.348N 2013.866V

Tóftin, horft til norðvesturs



"Fyrir vestan bæ og heygarð er alldjúp laut, kölluð Konulág ...," segir í örnefnalýsingu. Um 120 m norðvestur af Heiði V 006 og um 180 m suður af Vagnvaði 020 er heygarður.
Grasi- og trjávaxið svæði með rafmagnsgirðingu til vesturs. Sunnan við tekur kvíalág við en smá brekka er til vesturs og norður með birki og öðrum trjágróðri.
Tóftin er um 7 x 7 m að stærð og um 0,5 m að hæð. Hún er stungin niður að norðan og vestan en upphlaðin í suður- og austurátt. Hvergi sést í grjót. Í dag hefur garðurinn verið stunginn upp og nú vaxa þar rabbabarar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Heiði, 1

RA-301:022 *Stellukofi* heimild um útihús 6354.345N 2013.539V
"Fyrir vestan bæ og heygarð [021] er alldjúp laut, kölluð Konulág, og er Norðurkinn norður af henni. Þar stóð kofi, sem enn nefnist Stellukofi," segir í örnefnalýsingu. Um 160 m austur frá Heiði V 006 og um 110 m norður af Kokkskofa 015 er grasreitur þar sem Stellukofi stóð. Aðalhreppsvegurinn er um 50 m austar og í norðaustri Heiðarlækurinn.
Vel grasivaxið svæði með mosa. Brött hlíð er til vesturs, vel gróin. Norðan við Heiðarlækinn eru grasivaxnir bakkar með hæðum og hólum.
Engar minjar sjást, allt hefur verið sléttað en þó er grasið aðeins grænna þar sem kofinn stóð. Fast sunnan við staðinn er slóði sem liggur frá læk, upp hlíðina og heim að bæ. Mun oft hafa verið náð í vatn í lækinn og þá farið eftir þessum slóða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Heiði, 1

RA-301:023 *Kirkjugötur* gata leið 6354.441N 2012.546V
Um 2 km suðaustur af Heiði V 006 og um 160 m norður af garðlagi 034 voru Kirkjugötur samkvæmt Þorsteini Oddssyni. Þessar götur voru farnar þegar farið var frá Heiði til kirkju og því nefndar Kirkjugötur.
Mosa- og lyngvaxið hraun.
Sennilega sést ekki lengur til gatnanna. Þær voru farnar áður en girðingar voru settar upp.

Hættumat: engin hætta

RA-301:024 *Nátthagi* gerði nátthagi 6353.986N 2013.821V

Nátthaginn, horft til norðvesturs

Samkvæmt Þorsteinni Oddsyni er Nátthagi um 630 m suður af Heiði V 006 með garðlagi. Garðurinn er í beinu framhaldi af garði 034 þ.e.a.s. hann kemur út frá honum.
Grasivaxið tún sem farið er að hlaupa í þúfur. Nokkrir litlir hólar eru á svæðinu.
Engar tóftir sjást en garðlag er allt í kringum túnið og mun nátthaginn hafa verið notaður við fráfærur. Gerðið sliptist í tvö hólf og nær alveg niður að vegslóða sem liggur að sumarhúsinu Laka. Hann er um 1 m breiður og um 0,6 m hár. Út frá hólfunum heldur gerðið áfram norður og er það um 400 m langt. Á einum stað hefur hann verið skorinn í sundur en það er þar sem vegslóði liggur inn að sumarhúsinu LAKA.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-301:025 *Húsalág* örnefni 6354.202N 2013.663V
"Suður af henni er Fjárhústún [013] og Húsalág austanvert við það." Segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt heimildarmanni er ekkert manngert þarna eingöngu er um djúpa laut að ræða. Sennilegt er að lágin sé kennd við Fjáhústúnið.
Heimildir:Ö-Heiði, 1

RA-301:026 *Puntgata* gata leið 6354.212N 2013.279V
"Nyrzt í henni [Heiðinni] er Langanef. Þar í austur liggur gata, sem kölluð er Puntgata," segir í örnefnalýsingu. Um 420 m suðaustur af Heiði V 006 og um 260 m austur af útihúsi 014 var Puntgata.
Kindaslóðin liggur austur eftir Heiðinni meðfram Langanefi. Grasivaxin hlíð með Heiðarlækinn fyrir neðan.
Kindaslóði eru einu ummerkinn af götunum í dag.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Heiði, 1

RA-301:027 *Gamlistekkur* heimild um stekk 6354.070N 2012.940V
"Nyrzt í henni [Heiðinni] er Langanef. Þar í austur liggur gata, sem kölluð er Puntgata [026]. Fyrir sunnan hana eru tveir steinar, Stóri-Messusteinn og Litli-Messusteinn, og Gamlistekkur," segir í örnefnalýsingu. Um 800 m suðaustur af Heiði V 006 er Gamlistekkur.
Grasivaxið, þýft engi. Til austurs er brúnin sem liggur niður að Heiðarlæk. Laut er bæði austan og norðan við.
Engar fornleifar eru sýnilegar og telur Þorsteinn Oddsson að stekkurinn sé löngu horfinn. Allt grjót mun hafa verið fjarlægt úr honum. Að auki sagði hann að rétt hafi verið byggð síðar á rústum stekkjarins. Líkleg staðsetning er lágur hóll með grænni þúfu á toppnum. Í suðurenda hans er smá dæld eins og þar hafi verið stungið niður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Heiði, 1

RA-301:028 *Stelpa* varða landamerki 6353.194N 2011.807V

Stelpa, horft til norðausturs

"Stelpa er varða á merkjum Heiðar, Gunnarholts og Geldingalækjar," segir í örnefnalýsingu. Varðan er um 2,6 km suðaustur af Heiði V 006, á litlum hól með smá klettum á.
Grýtt hraun með mosa og lyngi. Fast vestan við hólinn er girðingin frá Gunnarsholti.
Hóllinn er mjög grýttur með smá grastorfu ofan á. Langur hraunrani liggur frá norðvestur hliðinni en að öðru leyti er hann nokkuð brattur og um 2 til 4 m að hæð. Sjálfur hóllinn er um 11 x 11 m að stærð. Varðan er efst á hólnum. Hún er mjög gróinn og um 2 x 2 m að stærð og um 0,5 m að hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Heiði, 2

RA-301:029 heimild um mógrafir 6354.403N 2011.837V
"Í Mógili er mótekja nokkur, en mórinn þykir ekki góður," segir í örnefnalýsingu. Mógil er um 1,6 km austur af Heiði V 006 og um 170 m norðaustur af sauðahúsi 033.
Gilið liggur í dæld frá grasivöxnu túni með grasivöxnum hlíðum.
Engar stungur sjást í gilinu sem er mjög blaut af mýri og vatni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Heiði, 2

RA-301:030 *Ingukofi* heimild um útihús
"Í Mógili er mótekja nokkur, en mórinn þykir ekki góður. Austur af gilinu heitir Móflöt, en Ingukofaflatir vestan þess. Eru þær kenndar við Ingukofa, kofarúst sem stendur á flötunum," segir í örnefnalýsingu.
Grasivaxið svæði sem farið er að hlaupa í þúfur.
Svæðið var gengið þvert og endilangt en enginn ummerki fundust um minjarnar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Heiði, 2

RA-301:031 varða landamerki 6354.186N 2012.194V

Varðan, horft til austurs

"Varða á landamerkjum Heiðar og Heiðar II. Varðan á Heiðarholti." segir í Ranvellingabók. Varðan er um 1,3 km ASA af Heiði V 006 og um 350 m suðvestur af sauðhúsi 033, vestast á Heiðarholti. Suðvestan við vörðuna liggur vegslóði að vikurnámu og er þetta sami slóðinn og farinn er að Heiði I 001.
Stórgrýtt holt með uppblásnu svæði allt í kring. Lyngvaxið svæði með töluvert af lúpínu til vesturs á holtinu.
Varðan er vel hlaðin, um 2,5 x 2 m að stærð í grunninn og allt að 1,3 m að hæð. Hún stendur á lyngvöxnum hól með grjóti.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:VS: Rangvellingabók, 161

RA-301:032 tóft beitarhús 6353.649N 2012.856V



Um 1,5 km suðaustur af Heiði V 006 og um 580 m VSV af fjárhústóft 035 er tóft af sauðahúsi. Afleggjarinn sem liggur að sumarhúsinu Laka er um 15 m norðan við tóftina og blasa tóftirnar við frá vegslóðanum rétt áður en farið er niður Lakabrún en þar hefur mikið verið gróðursett.
Grasivaxið tún sem farið er í þúfur. Sunnan við tóftina er gróið grýtt hraun.

Tóftin, horft til austurs

Tóftin snýr aust-vestur á litlum hól í túninu. Hún er um 23 x 9 m að stærð og er tvískipt. Í austurendanum sem er niðurgrafinn hlaða sem er um 8 x 8 m að stærð og allt að 2,10 m djúpt og sjást allt að tólf umför af grjóthleðslum að innanverðu. Ekki er sýnilegt op á heystæðinu. Vestari hluti tóftarinnar er einfalt fjárhús sem er um 14 x 9 m að stærð og snýr austur-vestur. Op hefur verið í suðvesturhorninu og hefur það verið um 2 m breitt. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og sjást allt að tvö umför af hleðslum. Hvergi sjást ummerki um garða eða jötur inn í tóftinni. Hæð hennar er um 1,1 m að utanverðu. Austur af tóftinni er garðlag, það liggur þétt upp við suðausturendann á tóftinni og er um 0,8 x 1 m að breidd og um 0,6 m hátt. Garðurinn er um 40 m langur og liggur austur-vestur. Hugsanlega er smá stubbur út frá austurendanum sem beygir til suðurs en er þó mjög óljós. Garðurinn er vel sýnilegur og sést eingöngu á einum stað í grjót í honum en annars er hann vel gróinn.
Hættumat: engin hætta

RA-301:033 tóft beitarhús 6354.355N 2012.015V



Tóftin, horft til NNA

Á túnsléttu um 1,4 km austur af Heiði V 006 og um 170 m suðvestur af mógröfum 029 er tóft af sauðahúsi samkvæmt heimildarmanni.
Sléttað tún sem þó nokkuð hæðótt.
Tóftin er um 15 x 9 m að stærð og snýr austur-vestur. Á norðurhlið er hæð hennar um 1,5 m en að austan er hún nær horfin. Op er á miðjum vesturvegg en þar er nú grjót hrunið úr veggjum fyrir innganginn.Hvorki sjást ummerki um garða né jötur inní tóftinni en þar sem töluvert hrun er inní henni er hugsamlegt að ummerkin séu til staðar. Töluvert af grjóti sést í tóftinni bæði, hrunið sem og í hleðslu. Í austurendanum virðist hún víkka lítillega og er lítil hringlaga dæld í miðjum austurendanum sem er um 2 x 2 m að stærð.
Hættumat: engin hætta

RA-301:034 *Markalág* garðlag vörslugarður 6353.116N 2011.981V

Garðlagið, horft til norðvesturs

Í SV horninu á landi Heiðar er garðlag. Það liggur um svonefnda Markalág. Garðlagið á upptök sín um 2,7 km SSA af Heiði V 006 og um 200 m suðvestur af vörðunni Stelpu 028.
Uppblásið hraun sem er byrjað að gróa. Þegar norðvestar dregur verður svæðið grónara.
Garðurinn liggur frá uppblásnu hrauni syðst í landi Heiðar og að Heiðarlæk. Hann er um 3 km að lengd og um 1 m að breidd. Hann liggur til norð-vesturs. Garðurinn er hlaðinn úr grjóti fyrstu kílómetrana en syðst er hann eingöngu grjóti þar sem mikill uppblástur hefur orðið á staðnum. Hæð hans er um 0,6 m. Þegar norðvestar dregur verður torfið ráðandi. Allt að tvö til þrjú umför af hleðslum sjást í honum. Töluvert rask hefur orðið á honum þar sem aðal hreppsvegurinn hefur klippt hann í sundur sem og aðrar raskanir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-301:035 tóft óþekkt 6353.710N 2012.153V

Tóftin, horft til norðurs



Um 1,7 km suðaustur af Heiði V 006 og um 140 m norðvestur af fjárhústóft 017 er hringlaga tóft. Hún er fast norðvestan við vegslóðann sem liggur frá sumarhúsinu Laka að Heiði III [004].
Grasi- og mosavaxið, þýft hraun. Tóftin er á smá stalli. Til suðurs er lítil klettaborg en til norðurs er þýfð grasivaxin slétta.
Tóftin er hringlaga, um 7 x 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Hvergi sést op á henni en hleðsluhæð er um 08 m. Grjót sést vel að innan og eru sýnileg allt að tvö til þrjú umför af hleðslum en að utan er hún vel gróin.
Hættumat: hætta, vegna vegslóða

RA-301:036 *Lambhús* tóft lambhús 6354.541N 2014.023V



Tóftin, horft til suðurs

Um 460 m norðvestur af Heiði V 006 og um 200 m norðaustur af tóft 037 er fjárhústóft, oft kölluð Lambhús.
Grasivaxið tún. Til vesturs er lágt kjarr og til suðurs er rofabakki.
Tóftin er um 12 x 10 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er tvískiptog er hæð hennar um 1,7 m. Hólf A er syðst og er það niðurgrafin hlaða sem er um 10 x 6 m að stærð. Hleðslugrjót sést allsstaðar að innanverðu og má greina allt að fimm umför af hleðslum. Hólf B er norður af A og er

um 11 x 6 m að stærð og snýr eins og A. Hólfið virðist örlítið niðurgrafið. Hleðslugrjót sést að hluta til að innan og þá aðallega á austurvegg en þar má greina allt að þrjú umför af hleðslu. Op er fyrir miðjum norðurvegg. Í framhaldi af opinu gengur lítil garður inn í hólf B sem er um 3,5 m að lengd. Hvergi sést op á milli hólfa A og B. Í hvorugu hólfinu eru að finna ummerki um garða eða jötur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-301:037 tóft fjárhús 6354.470N 2014.198V

Tóftin,horft til austurs



Um 460 m NNV af Heiði V 006 og um 200 m SV af lambhúsi 037 er tóft sem skv. Þorsteini Oddssyni er af fjárhúsi.
Tóftin er í lítilli dæld í túninu en lágt kjarr liggur fast upp við að norðan. Út frá dældinni er uppblásið svæði til vesturs. Grasivaxið tún.
Tóftin er um 5 x 5 að stærð og um 1,2 m að hæð. Að innan má greina allt að þrjú umför af hleðslugrjóti en að utan er hún vel gróin. Op er á miðjum vesturvegg tóftar. Hún hefur verið hlaðinn þétt upp við norður og suður hlíðar dældarinnar sem hún stendur í og þó mikið hrunið inn í hana.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-301:038 tóft hænsnakofi 6354.272N 2013.681V

Tóftin, horft til norðurs

Um 100 m suður af Heiði V 006 og um 25 m suðvestur af útihúsi 012 stendur torfkofi sem áður var hænsnakofi en í seinnitíð var hann notaður sem reykkofi. Heimreiðin er í um 10 m vestur af kofanum. Kofinn er talinn reistur um 1950 og því ekki fornleif í lagalegum skilningi. Hann se samt skráður hér, enda í gömlum stíl.
Grasivaxin hlíð með laut til vesturs, smá bakki er fyrir sunnan kofann en svo tekur hlíðin aftur við.
Kofinn er um 10 X 7m að stærð og snýr norður-suður. Op er fyrir miðjum suðurvegg. Hann er enn uppistandandi með þaki og er allt að 2 m að hæð. Hann hefur að öllum líkindum verið stunginn niður í hlíðina. Hann var um tíma notaður sem kartöflukofi en svo var byrjað að reykja kjöt í honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-301:039 heimild um traðir
Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru traðir sem lágu norður að Heiði V 006. Þær heldu svo áfram vestur að skemmu [009]
Sléttað tún.
Enginn ummmerki um traðirnar sjást lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-301:040 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var matjurtargaður fast sunnan við Heiði V 006.
Svæðið hefur allt verið sléttað.
Enginn ummmerki um matjurtargarð var að sjá. Nú er bílaplan sunnan við bæ.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-301:041 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var matjurtargaður fast suðvestan við Heiði V 006.
Svæðið hefur allt verið sléttað.
Enginn ummmerki um matjurtargarð sjást lengur
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

RA-469 Mörk

60 hdr í landamerkabréfi frá 1475 þá sennilega verið að tala um Fornumörk. 10 hdr. 1708. 1475 er Merkur og Merkihvols getið í landamerkjabréfi en bréfið er talið viðsjárvert. Merkihvoll eyðibýli 5 hdr 1847. Fór í eyði árið 1894/5. Mörk og Merkihvoll ekki sama jörðin, báðar í byggð 1708.
1708: "Túninu spillir mold og blástur sandur, líka högum, og liggur hvertveggja undir spjöllum." JÁM I, 285

RA-469:001 *Fornamörk* heimild um bústað
"Bærinn í Mörk stóð suðvestan undir allhárri brún, sem nú er aðeins hraun og sandur, eins og mestur hluti Merkurlands. Þó er enn graslendi kringum bæinn, ..." Segir í örnefnalýsingu. 1475 er talað um gamalt bæjarstæði Fornumörk sem hafi verið sama jörð og Mörk. Alls óvíst er hvar bæjarstæði Fornumerkur hefur áður verið. Hugsanlega var það á svipuðum slóðum og bæjarstæði Merkur 003.
Heimildir:Ö-Skógarkot, Mörk, Eskiholt, Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 16; DI V, 795

RA-469:002 heimild um bænhús
Samkvæmt heimildum í fornbréfasafni var áður fyrr bænhús á Mörk, en alls óvíst er um staðsetningu þess. Mögulega er það undir sverði nærri bæjarstæði Merkur 003.
MÖRK Á LANDI (KLOFAÞING) (R) - BÆNHÚS
[1332]: [til Klofa] liggur bænhus j mork; Máld DI II 695 [Klofa]
[1387]: [til Klofa] liggur bænhvs j Mork; Máld DI III 405 [Klofa]
Heimildir:DI II, 695; DI III, 405.

RA-469:003 *Mörk* bæjarhóll bústaður 64°01.775N 20°01.198V

Tóftirnar, horft til vesturs



"Bærinn í Mörk stóð suðvestan undir allhárri brún, sem nú er aðeins hraun og sandur, eins og mestur hluti Merkurlands. Þó er enn graslendi kringum bæinn, ..." Segir í örnefnalýsingu. 1475 er talað um gamalt bæjarstæði Fornumörk 001 sem hafi verið sama jörð og Mörk. Ekki er ljóst hvort bæjarstæði Fornumerkur er á samastað og bæjarstæði Merkur. Stór hluti lands Merkur, þ.m.t. túnið, er nú sumarbústaðaland í einkaeign og stendur eini sumarbústaðurinn á landareigninni um 10 - 20 m vestur af tóftum síðasta bæjarins. Jafnframt er steinn áletraður "Mörk" greyptur í rústina.
Bæjarhóllinn er í gömlu túni sem ekki er slegið. Ekkert sauðfé er á beit innan hins gamla túns svo afar þykk sina hylur fornleifarnar.
Greinilega sést móta fyrir rústum síðasta bæjarstæðis Merkur, ofan á líklegum bæjarhól. Bæjarstæðið virðist vera um 25 x 15 m, snúa A-V og veggjahæð tóftanna er mest kringum 0,2 - 0,3 m. Sökum þess hve mikil og þykk sina er yfir rústunum er ekki hægt að greina lögun þeirra greinilega og þyrfti að slá rústirnar til að afhjúpa tóftirnar. Rústirnar má greina sem misfellur í jörðinni en hólfaskipan er með öllu óljós. Ekki er umfang bæjarhólsins fullljóst heldur, þar sem hann virðist renna vel inn í umhverfið. Þó er líklegt að hann sé ekki minni en 60 x 30 m A-V og að eini sumarbústaðurinn í nágrenninu sé byggður ofan á honum að austanverðu. Bústaðurinn hefur þó ekki grafinn grunn heldur er hann byggður á steypta stöpla. Hóllinn gæti verið milli 1 - 2 m hár. Ekkert grjót er sjáanlegt í honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Skógarkot, Mörk, Eskiholt, Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 16; DI V, 795

RA-469:004 kuml legstaður 64°01.508N 20°01.240V

Horft yfir svæðið til austurs

Möguleg kumlstæði eru um 500 m suður af bæjarrústum Merkur, staðsett af heimildamanni Sveini Sigurjónssyni. Við hin meintu kumlstæði er varða sem mögulega var hlaðin af Matthíasi Þórðarsyni, þáverandi þjóðminjaverði, árið 1936 til að merkja staðinn.
Umhverfis er næstum örfoka sandur og hraun með grasslitrum inn á milli.

Í kuml og haugfé segir: "Sumarið 1936 rannsakaði Matthías Þórðarson kuml, er blásið hafði upp um 1 km suður frá bæjarrústunum, þar sem Mörk var áður, norðan við norðausturendann á svonefndri Blindubrún. Kumlið var illa leikið. Höfuð mannsins hafði snúið vestur, og sást það af höfuðbeinum og tönnum allmörgum í sandinum. Önnur bein sáust ekki utan við smáar flísar, en þó má þekkja, að beinin eru úr rosknum karlmanni. Líkið hefur verið grafið niður að blásvörtu, þunnu vikurlagi, líklega úr Heklu. Gripir fundust sem hér segir: 11921. Vefjaráhald úr járni, sama gerð og Rygh 413. Steinflís ljósgrá, (hefur glatazt, ekki tölusett). Um 1 m austar, til fóta manninum, var örfoka hrosskuml, og lágu þar allmiklar beinaleifar eftir. Hausinn var nyrzt, og hjá honum fundust brot af járnmélum (Þjms. 11922). Heimildir: Safnaukaskrá ópr., eftir greinagerð MATTHÍASAR ÞÓRÐARSONAR. Um rústir á gamla bæjarstæði Merkur, BRYNJÚLFUR JÓNSSON, Árbók 1898, bls. 5." Tvö möguleg kumlstæði fundust við vettvangsathugun, bæði örfoka og mikið röskuð. Rúmlega 10 m eru á milli þeirra NV-SA. Mögulegt kumlstæði A samanstendur af tveim samliggjandi röðum af hraungrýti. Sú eystri er 3 m löng og er einungis eitt umfar af hraungrýti sýnilegt. Vestari röðin er rösklega 1 m frá og er lík þeirri eystri en gloppóttari. Rúmlega 10 m NV er mögulegt kumlstæði B. B samanstendur af um 3 m langri röð af hraungrýti, sem endar að norðan í grjótdreif, um 2 x 2 m að ummáli. Grjótið í báðum dysjum er lítið og meðalstórt.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir:KEKH, 44

RA-469:005 *Merkihvoll* bæjarhóll býli 64°01.167N 19°54.156V

Hóll B, horft til suðvesturs

Tóft B, horft til suðausturs

Hóll A, horft til VSV

Hleðsla A, horft til suðurs



Hóll A



Tóft B

Merkihvols er getið í bréfi frá 1475, bréfið talið viðsjárvert. 5 hdr., 1708, talin hafa verið 10 hdr., áður. ÁG: "Merkihvols-rústir hinar fornu. Þær eru um 4,3 km landnorður frá [Galtalæk], við veginn, upp með Rangá ytri að vestan." "Austan við veginn, um 600 m inn frá Flataskógi, er kollóttur hraunhóll með graslit, og rofatorfa austan við. Hóllinn heitir Gamli-Merkihvoll. Hér stóð bærinn Merkihvoll lengst af. Í sóknarlýsingu 1841 er getið um bænhús á Merkihvoli, "aftekið fyrir elstu manna minni," segir í Sunnlenskum byggðum. Bæjarstæði Merkihvols er skammt NA af mótum þjóðvegar 26 og malarvegar sem liggur yfir Galtalæk í átt að Næfurholti og um 1,2 - 1-,3 km SV af sumarbústaðalandinu "Merkihvoli".

Í Jarðabók Árna og Páls 1708 segir: "Túninu því litla sem er spillir blástur sandur og liggur undir spjöllum. Líka grandar hann högum." Umhverfis bæjarstæði Merkihvols er því sem næst örfoka hraun- og vikurbreiða.

Brynjúlfur Jónsson ritaði um Merkihvol árið 1911: "Gamli Merkihvoll er alllangri bæjarleið inn frá Galtalæk inn með Rangá. Þar er rústarbúnga afar mikil og er svo mikið grjót í henni að það hefir varnað því að hún blési burt. Annað er þar örblásið. Dálítið af melgrasi vex á rústinni, enda mundi eigi unt að sjá húsaskipun þó hún væri ekki, því grjótið úr veggjunum er alt um kring hrunið út af bungunni. Fyrir sunnan vesturenda hennar er önnur minni bunga, hún er flöt ofan og sýnist svo, sem leifar af garði sjáist á þeirri brún hennar, sem að bænum veit. Hinum megin er meira niður hrunið. Ofan á henni er alt ein grjótdreif. En þó virtist mér sem þar mætti greina undirstöðusteina dálítillar tóftar, er hefði snúið vestur. Ef mér hefir virzt það rétt, þá mun það hafa verið kirkjuundirstaðan. - Það mun raunar aðeins hafa verið bænhús. - Flöturinn ofan á þeirri bungu er þá það sem eftir er af kirkjugarðinum. Ég aðgætti hvort hvergi stæði mannabein útúr suðurhliðinni, sem mest er hrunin, en það var ekki þá sem stóð. Samt munu mannabein hafa komið þar út áður og fokið burtu, því á sandinum skamt framar fann eg 2 brot af leggjum, sitt á hvorum stað, sem sjá mátti að voru af mannsleggjum. Skamt frá rústinni eru bæði grjótbungur og garðslög á fleirum en einum stað, og hafa þar verið allmiklar byggingar. Vatnsbólið hefir verið lækur, sem runnið hefir í Rangá rétt fyrir austan bæinn."

FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR

MERKIHVOLL Á LANDI (R) (LANDÞING) - BÆNHÚS 1709: Heyrt þykjast menn hafa hjer hafi til forna bænhús (hálfkirkja) verið, en engi veit þar framar um að segja, og ekki sjást þar nú nokkur líkindi til.

Friðlýstar minjar - einnig þinglýst sem fornleifar á Landmannaafrétti (Friðlýsingarskrá 67-68) 1866: Þjms. 332: "BRONZ-

ÍSTAÐ mjög fornlegt. Það er 3 þumlúngar og 7 línur á breidd yfir um skóinn, og með spaða að ofan, sem er 1

þumlúngur og 6 línur á breidd. Við hann hefir verið negld ólin með 4 nöglum. Skórinn er beinn og sléttur. Niður úr ístaðinu ganga tveir spaðar, sem eru framhald af hliðum ístaðsins, og út úr því neðanverðu eru tveir hnöttóttir agnúar. Á ístaði þessu eru tvæ ormamyndir, og rísa ormarnir hver gegn öðrum með gapandi hausa, en eru bundnir saman á sporðunum. ... Ístað þetta fannst 1866 í rústum af eyðijörðinni Merkihvoli, sem er fyrir innan Galtalæk, efsta bæ á Landi." Skýrsla FÍ I, 136. Leifar bæjarstæðis Merkihvols er í dag tveir því sem næst örfoka melhólar. Vestari hóllinn, eða hóll A, er gróinn skellum af melgrasi og lyngi og smáræði af mosa. Hann er strýtumyndaður, um 45 m í þvermál neðst, en nokkuð flatur í toppinn, um 8 - 10 m í þvermál. Hóllinn er milli 3 - 3,5 m á hæð. Um allan hólinn er dreif af hraungrýti, mest af meðalstærð og er eflaust ættað úr vegghleðslum. Austan í hólnum, við efri brún hans, eru leifar vegghleðslu sem ekki er oltin til. Hleðslan stendur út úr hlið hólsins og er jarðvegur og sandur pakkaður að henni vestan til, svo hún stendur ekki upp fyrir topp hólsins. Hleðslan er um 8 m löng og 2 m breið greina má allt að 5 umför og er hleðslan um 0,8 m á hæð. Eystri hóllinn, eða hóll B, er stærri en hinn og öðruvísi í laginu, stærð hans er um 80 x 40 m NV-SA. Að norðvestanverðu er hann hæstur, um 6 m, og er þar gróinn í toppinn. Þar er hann einnig nokkuð ójafn og stallaður, en það kann að stafa af uppblæstri sem nú er gróið yfir. Nokkur grjótdreif er niður af norðvesturtoppnum, en ekki í sama skapi og á hól A og hafa þar jafnframt fundist fiskisleggjur. Suðausturhluti hólsins er lægri, um 4 m, og er minna gróinn, en melurinn skín í gegn. Á brún hólsins syðst má greina grjóthlaðna tóft, um 7 x 5 m að ummáli NV-SA. Hleðslurnar standa um 0,2 m upp úr melnum og greina má tvö umför. Tóftin er tvö hólf, hið eystra 3 x 1,5 m að innanmáli en hið vestara 3,5 x 3 m að innanmáli. Ekki er hægt að greina dyr. Grjótdreif er niður hólinn suður af tóftinni. Nýleg varða er á tóftinni og er hlaðin úr veggjagrjóti úr hlíðinni. Nokkur grjótdreif er uppi á hólnum suðaustanmegin en engin önnur hleðsla. ASA undir hól B er talsvert mikið gjall. Þar eru einnig hraunhellur í 3 m langri röð, hver allt að 0,5 m á lengd, 0,3 m á breidd og 10 sm á þykkt. Umhverfis hraunhellurnar er grjótdreif sem gæti vel verið úr gamalli hleðslu. Samkvæmt heimildamanni hefur oft fundist á þessu svæði og jafnvel ummerki eldstæða, og gæti verið um forna smiðju að ræða. Ekki sáust bein á svæðinu, hvorki við hól A né B, sem bent gætu til kirkjugarðs og þá bænhúss.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir:DI V, 794; SB V, 132; JÁM I, 281; ÁG; Árbók 1911, 66-67

RA-469:006 *Merkihvoll* bæjarstæði býli 64°01.601N 19°52.330V

Bæjarstæðið, horft til norðurs



"Á öndverðri 19. öld varð að flytja bæinn um hálfan annan kílómetra innar með ánni. Ekki mun jörðin hafa verið byggileg lengi eftir það, og 1829 leggst hún alfarið í eyði," segir í Sunnlenskum byggðum. Rúst síðasta bæjarhúss Merkihvols er í afgirtu sumarbústaðalandi sem heitir Merkihvoll. Rústin er um 560 m ASA af hliði hins afgirta sumarbústaðalands.

Umhverfis rústina er hálfgrónið hraun og vikur og virðist sem jarðvegur og vikur hafi blásið í rústina. Austurendi rústarinnar er nokkuð gróinn mosa, lyngi og grasi. Enginn bústaður er í næsta nágrenni við fornleifarnar.

Brynjúlfur Jónsson segir í skrá yfir eyðibýli 1898: "Þá var þar fjárhús frá Galtalæk." Rúst Merkihvols er ekki tóft heldur lítill hóll úr jarðvegi og vikri sem miðlungsstórt hleðslugrjót skagar út úr. Svo virðist sem jarðvegur og vikur hafi blásið og safnast í rústina. Hóllinn er um 25 x 15 m að stærð A-V og er eystri hluti hólsins hærri, meiri um sig og grónari en vestari hlutinn. Að austan er hóllinn mest 1,5 m á hæð, en að vestan ekki nema rúmlega 0,5 m á hæð. Austurendinn er nokkuð gróinn mosa, lyngi og grasi. Í sunnanverðum hólnum má greina tvær nokkuð lögulegar hleðslur, andstætt hleðslugrjótinu sem stingst ólögulega út úr rústinni víðast annarsstaðar. Hleðslurnar eru samsíða, 4 m langar og snúa N-S upp eftir suðurhlið hólsins. Um 1 m er á milli þeirra. Hvor hleðsla er um 0,3-0,5 m á breidd, en ekki er unnt að greina fjölda umfara.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SB V, 132; Árbók 1898, 6

RA-469:007 heimild um áfangastað 64°02.229N 19°49.978V

"Mjótt sandskarð grunnt skildi Merkihvolsskóg frá Rjúpnavöllum lengra upp með Rangá, stórri og fallegri grasspildu, sem fyrrum var sjálfsagður áningastaður ferðamanna og fjallamanna," segir í Sunnlenskum byggðum. Rjúpnavellir eru milli þjóðvegar 23 og Rangár, norðvestur af sumarbústaðalandinu Merkihvoli.
"En öskufall frá gilsinu við heklu í mai 1970 kæfði þar allan gróður, og eiga þessir fögru vellir langt í land að ná fyrri svip," segir í Sunnlenskum byggðum. Rúpnavellir eru nú aftur grónir og eru búið að reisa þar gistiaðstöðu fyrir ferðafólk.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:SB V, 132

RA-469:008 *Miðmorgunhóll* varða eyktamark 64°01.799N 20°00.015V

Miðmorgunhóll, horft til suðvesturs

"Á melum þessum, beint í austur frá merkurbæ er hár grjóthóll með vörðu og heitir Miðmorgunhóll," segir í örnefnalýsingu. Miðmorgunhóll er 960 m austur af Mörk 003.
Miðmorgunhóll lítt gróinn melhóll í hálfgrónu og sendnu hrauni.
Varðan er hlaðin úr stóru grjóti. Hún er 1 m há og 2 m í þvermál.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Skógarkot, Mörk, Eskiholt, Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 16

RA-469:009 heimild um leið

"Norðaustur í hrauninu, við götuna milli Skarfaness og Galtalækjar, eru rústir af sauðahúsi [010] frá Mörk á nokkuð grasi vöxnum hól. Nefnast þær Hraunborgir og eru miðja vega milli Skarfaness og Galtalækjar," segir í örnefnalýsingu. Ekki sást til götunnar, en umhverfið er rofin sandauðn.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Skógarkot, Mörk, Eskiholt, Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 17

RA-469:010 *Hraunborgir* tóft beitarhús 64°02.303N 19°57.525V

Hraunborgir, horft til vesturs



"Norðaustur í hrauninu, við götuna milli Skarfaness og Galtalækjar, eru rústir af sauðahúsi frá Mörk á nokkuð grasi vöxnum hól. Nefnast þær Hraunborgir og eru miðja vega milli Skarfaness og Galtalækjar," segir í örnefnalýsingu. Tóft er um 3,1 km ANA af Mörk 003 og um 1,4 km VSV af rétt 013.

Umhverfis tóftina er rofin sandauðn.
Blásið hefur í tóftina rofnum jarðvegi og sandi þannig að hún líkist helst litlum sandhól. Hóllinn snýr nokkurn veginn A-V og er um 20 x 10 m að stærð og hæstur um 1,7 m. Utan með vestari helming hólsins er grjóthleðsla, veggur gamallar byggingar. Hleðslan er 3-5 umför, hlaðin úr litlu til meðalstóru grjóti. Hleðslan um 1,2 m á hæð og nokkuð tilgengin.
Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:Ö-Skógarkot, Mörk, Eskiholt, Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg, 17

RA-469:011 gripir
"Merkihvoll, eyðibær í Landsveit, Þjms. 332: Ístað úr bronsi, bogamyndað, með sléttum skó, hnúðar út úr boganum neðarlega báðum megin, spaði efst til þess að negla ístaðsólina á. Dýraskraut í rúnasteinastíl er á spaðanum, og heldur mynztrið verið fyllt með niello. Hæð með spaða 15,5 sm, nest breidd 11.2 sm," segir í KEKH. Ekki er vitað hvar ístaðið fannst.
Heimildir:KEKH, 258

RA-469:012 tóft rétt 64°00.641N 19°54.363V



Tóftin, horft til norðausturs

Hlaðin rétt er við bakka Rangár um 520 m suður af Kvíahellu 021.
Réttin er í grónu hrauni við bakka Rangár, umhverfis vex mosi, kjarr, lyng og gras. Skammt norðaustar er fyrirhuguð sumarbústaðabyggð.
Réttin er eitt hólf 13 x 7 m NA-SV og opnast til SV. Hleðslur eru úr miðlungsstóru hraungrýti, um 3-4 umför og 1,4 m á hæð. Réttin er full af áfoki, sem er í dag algróið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-469:013 garðlag rétt 64°02.596N 19°55.987V

Garðlagið, horft til VSV



Hlaðið aðhald er um 1,4 km ANA af fjárhúsrúst 010, um 3 km NNV af Merkihvoli 005 og um 4,5 km ANA af Mörk 003
Aðhaldið er í dag í örfoka sandauðn og standa hraunnibbur hér og þar upp úr eyðimörkinni umhverfis. Aðhaldið er sporöskjulaga, snýr nokkurn veginn A-V, 11x7 m að ummáli og hefur dyr til SV. Stór náttúrulegur klettur markar austurhluta inngangsins og er aðhaldið hlaðið út frá honum. Aðhaldið er hlaðið úr meðalstóru hraungrýti og er 3-4 umför og 0,7 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-469:014 þúst útihús 64°01.612N 19°52.329V

Þústin, horft til norðvestusr



Stór þúst, mögulega rúst útihúss við Merkihvol 006 er á sumarbústaðalandinu "Merkihvoli". Þústin er um 550 m ASA af hliði inn á sumarbústaðaland, um 20 m norður af Merkurhvoli 006 og um 8 m suður af malarvegi sem liggur í gegnum sumarbústaðalandið.
Rústin er í hálfgrónu hrauni og vikri.
Ekki er ólíklegt að þústin sé leifar útihúss við Merkurhvol. Þústin er hringlaga í grunninn, 9x9 m að stærð og strýtulöguð, hæst í miðju hátt í 1 m. Meðalstórt hleðslugrjót skagar úr þústinni allan hringinn og upp í topp. Ekki er þó um hleðslu að ræða, heldur er þetta líkara hruni, sem í hefur safnast jarðvegur og vikur. Þústin er hálfgróin mosa, lyngi og grasi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-469:015 tóft fjárskýli 64°01.567N 20°00.452V

Tóftin, horft til VNV



Rúst, mögulega af fjárborg, er m 700 m SA af sumarbústað við Mörk 003.
Umhverfis tóftina er hálfgróinn sandur og hraun.
Um er að ræða lítinn hól eða stóra þúst sem að líkindum er rúst fjárborgar. Mikið jarðvegsrót og áblástur er á þessum slóðum og er sandalda búin að verpast utan um borgina með áfoki og eru lítil grasi gróin rofabörð hér og þar um hólinn. Rústin er hringlaga, um 8 x 8 m að stærð og virðist hafa verið hlaðin úr meðalstóru hraungrýti. Erfitt er að greina fjölda umfara þar sem grjótið stingst út úr hólnum allan hringinn, gægist upp úr sandi og grasi. Mest grjót sést SA og V í hólnum. Hóllinn er um 1,6 m á hæð og sést glitta í hleðslugrjót í 1,5 m hæð.
Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

RA-469:016 tóft útihús 64°01.452N 19°52.705V

Tóftin, horft til norðvesturs



Tóft, mögulega fjárhús, er um 3 m suður af og utan við rafmagnsgirðingu sem umlykur

sumarbústaðalandið Merkihvol og um 400 m SV af Merkihvoli 006.
Tóftin er í hálfgrónu hrauni.
Tóftin er mun heillegri og greinilegri en aðrar fornleifar í nágrenninu, þó hún sé nokkuð tilgengin. Hún er 11 x 6 m að stærð og snýr SA-NV. Tóftin er tvö hólf og er talsvert hrun í suðaustara hólfinu. Tóftin er hlaðin úr stóru og miðlungsstóru hraungrýti, en ekkert torf er sjáanlegt í hleðslum. Greinanleg eru fimm umför og er hleðsluhæð um 1,3 m. Mikið af vikri hefur safnast í tóftina.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-469:017 bæjarstæði býli 64°02.496N 19°51.073V

Garðbrotið, horft til suðvesturs

Skálarústin, horft til norðvesturs



Bæjarstæðið, horft til norðausturs

Fornt bæjarstæði er um 1,9 km NA af Merkihvoli 006 og um 660 m NV af þjóðvegi. Rústirnar eru SV undir lágu hraunholti sem í er mikill vikur. Bæjarstæðið fór að koma í ljós undan vikrinum upp úr 1970.
Rústirnar eru að mikla leyti grafnar í vikur og allt í kring er hálfgróin vikur- og hraunbreiða með stórum gróðurlausum skellum inn á milli.
Mögulega er um að ræða fyrsta bæjarstæði Merkihvols og er það tilgáta heimildamanns. Ekki er útilokað að um Fornumörk 001 sé að ræða, en yngra bæjarstæði Merkur er þó 8,3 km vestar, en bæjarstæði Merkihvols eru mun nær. Við skráningu fundust leifar skála, útihúss og mögulegs túngarðs og ná mannvirkin alls yfir svæði sem er um 90 x 30 m stórt. Skálinn er austast á svæðinu, hann er alls um 27 x 16 m að stærð og snýr NV-SA. Skálinn skiptist sjáanlega í þrjú rými. Sjálfan "skálann", sem er nokkuð sporöskjulaga bygging með bogadregnum veggjum og svo tvær útbyggingar, önnur suðaustan við en hin við langhliðina norðaustan við. Innanmál skálans sjálfs er 15 x 5 m NV-SA. Útbyggingarnar báðar virðast vera um 5 x 3 m að innanmáli. Þykkt veggja er ekki fullljós sökum hruns og þess hve hleðslan er tilgegnin, en virðist vera milli 2-3 m á flestum stöðum. Vegghleðslan er þynnst milli skála og NA útbyggingar, um 1-2 m. Vikur hylur rústina að mestu og ekkert torf

sést í henni, en það er líklega að mestu leyti rofið burt. Veggirnir er hlaðnir úr meðalstóru hraungrýti og eru einungis greinileg 1-3 umför uppúr vikrinum. Mest hleðsluhæð upp úr vikrinum er 0,4 m en er yfirleitt nokkuð minni. Um 26 m austur af skálanum er önnur rúst, mun minni. Er það líklega rúst af útihúsi, en hún er mjög blásin og grafin í vikur. Norðvesturhluti rústarinnar sést einkar vel, þriggja umfara hleðsla sem stendur um 0,4 m upp úr vikrinum. Erfitt er að ráða í þykkt veggja sökum vikurs, en hún virðist um 2 m. Í hleðslum er mest meðalstórt grjót mjög svipað því sem er í skálanum. Nokkur grjótdreif er í kring svo erfitt er að átta sig á hvað fylgir mannvirkinu og hvað ekki, en sumt grjótið gæti jafnvel verið ættað úr öðrum mannvirkjum. Um 36 m austur af útihúsinu er aflöng grjótdreif, um 3 m breið og sýnilega um 16 m löng, en gæti mögulega verið lengri undir vikri. Grjótið er allskyns, stórt, meðal og lítið. Ekki er hægt að greina umför heldur bara dreif af grjóti gröfnu í vikur. Líklega er grjótdreif þessi leifar túngarðs. Hæst skagar garðbrotið um 0,3 m upp úr vikrinum. Yfir öllu svæðinu er vikur og víða er hraungrýtisdreif sem vel gæti verið ættuð úr fleiri mannvirkjum. Sterklega er mælst til þess að svæðið verði rannsakað frekar því fleiri mannvirki kunna að leynast í vikrinum. Samkvæmt heimildamanni voru fleiri hleðslur á svæðinu en eitthvað hefur klárlega skemmst með umferð ökutækja um svæðið.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs

RA-469:018 dys 64°02.419N 19°50.554V

Dysin, horft til VNV

Um 440 m ASA af bæjarstæði 017 er grjótdreif sem gætu hugsanlega verið leifar uppblásins kumls.
Umhverfis er uppblásinn vikur og hraun.
Samkvæmt Sveini Sigurjónssyni var grjótdreifin áður mun lögulegri, en hefur verið raskast til muna síðustu áratugi, var hún áður sporöskjulaga um 2,5 x 2 m að ummáli. Nú er grjótið mun dreifðara, nær yfir um 7 x 5 m svæði NV-SA og ekki er viðlíka grjótdreif að finna í nánasta umhverfi.. Grjótið er frá hnefastórum hnullungum upp í hraunmola sem eru um 20 sm í þvermál. Vikur er yfir öllu umhverfis. Ekki er vitað til þess að bein eða gripir hafi fundist á staðnum. Syðst í grjótdreifinni má enn greina fjóra steina í röð stingast upp úr vikrinum.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs

RA-469:019 gerði rétt 64°03.570N 19°50.288V

Réttarbrotið, horft til suðurs

Gömul rétt er við bakka Þjórsár um 2,1 km NNA af bæjarstæði 017.
Réttin er mestmegnis grafin í vikur við bakka Þjórsár.
Réttin er um 18x18 m að stærð. Norður- og suðurendar réttarinnar eru náttúrulegar klappir, en austur- og vesturveggir eru hleðslur. Réttin hvarf algerlega í vikur um 1970, nema hvað að enn glittir í vestari hleðsluna upp úr vikrinum, um 1-2 umför úr meðalstóru hraungrýti. Samkvæmt heimildamanni var hellismunni í klöppinni sem myndaði norðurenda réttarinnar og var þar fyrir hleðsla sem snýr A-V, en nú er þetta undir vikri.
Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-469:020 gerði rétt 64°03.817N 19°46.016V



Réttin, horft til norðvesturs

Við Rangá, um 6,6 km NA af bæjarstæði Merkihvols 006, er hlaðin rétt í svokölluðu Merkigili. Réttin er um 100 m SA af vikurnámu sem er á þessum slóðum og um 80 m SV af landamörkum Merkihvols, sem markast af gaddavírsgirðingu sem kölluð er "Vírinn" í sveitinni. Merkigil snýr NV-SA og rennur Rangá þvert á það að suðaustan.
Réttin er hlaðin í fremur þröngu gili sem liggur að Rangá. Vikur er í gilinu og er það er hálfgróið mosa og lyngi.
Réttin var endurhlaðin 1967, en lögun hennar var ekki breytt. Réttin er 14 x 11,5 m að stærð NV-SA og eitt hólf. Norðvesturhluti aðhaldsins er bergveggur og opnast það til SA. Veggir réttarinnar eru hlaðnir að mestu úr meðalstóru grjóti og eru mest 0,5 m þykkir, hleðsluhæð er víðast um 1 m og 3-5 umför.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-469:021 *Kvíahella* tóft kvíar 64°00.920N 19°54.336V

Tóftin, horft til norðurs



Kvíahella kallast náttúruleg hraunhella eða klöpp sem hlaðið hefur verið við til að skapa kvíar. Kvíahella er á fyrirhuguðu sumarbústaðalandi suður af Merkihvoli 005. Kvíahella er 480 m SSV af Merkihvoli 005 og um 250 m SSV af hliði inn á sumarbústaðaland.
Umhverfis Kvíahellu er hraun og vikur og nær gróðurlaust. Verið er að skipuleggja landið undir sumarbústaði og liggur sumarbústaðavegur um 10 m austur af kvíunum.
Kvíarnar eru eru eitt hólf. Þær eru hlaðnar upp að stórri hraunhellu og eru um 5 x 2 m að innanmáli NV-SA. Hleðslan er 3 umför af meðal hraungrýti og hæst um 0,7 m. Vestur frá hólfinu liggur stutt hleðsla, rúmlega 2 m löng, að annarri náttúrulegri klöpp og hefur sú hleðsla eflaust hjálpað til við aðrekstur.
Hættumat: stórhætta v/ábúðar

IV. Fornleifar og byggð

Byggð á Rangárvöllum

Hér verður reynt að skoða upphaf byggðar og byggðarþróun á því svæði sem skráð var 2006-2007, kaflinn byggir á kafla Sædísar Gunnarsdóttur um byggðarþróun úr skýrslu um svæðisskráningu fornleifa í Rangárvallasýslu.[2] Jarðirnar sem skráðar voru fyrstu tvö sumrin eru allar innan hins gamla Rangárvallahrepps fyrir utan jörðina Mörk sem tilheyrði áður Landmannahreppi. Jarðirnar sem skráðar voru sumarið 2006 liggja nyrst í sama hreppi, til suðurs með Eystri-Rangá að Heiði og til austurs að Reyðarvatni. Sumarið 2007 voru Kirkjubæirnir og jörðin Strönd skráð auk jarðanna við Ytri-Rangá, suður fyrir þjóðveg og Bakkabæjanna sunnan við Þverá. Landslag á svæðinu er nokkuð fjölbreytt. Efri hluti þess er nokkuð þurrlendur og ber skýr merki nálægðarinnar við Heklu. Þar eru allstór gróðursnauð svæði, örfoka sandar og hraun. Eftir því sem neðar dregur er mýrlendara, sérstaklega sunnan Þverár, á Bakkabæunum en þar hefur nú víða verið ræst fram. Svæðið er fremur jafnlent en ofan (norðan) byggðarinnar er fjallendi.

Aðferðirnar sem beitt er til þess að skoða þróun byggð á svæðinu eru þær að fyrst er litið á landnám á Rangárvöllum eins og sagt er frá því í Landnámabók og á grunni þess og staðsetningum kumla og kirkna er hægt að geta sér til um hvaða jarðir byggðust fyrst á svæðinu. Kuml eru sjálfstæð heimild um byggð fyrir árið 1000 en staðsetning kirkna og bænhúsa gefur einnig vísbendingu forna byggð þar sem hvort tveggja er yfirleitt talið reist mjög skömmu eftir kristnitöku. Nærtækasta skýringin á miklum fjölda guðshúsa á fyrri öldum er að þau hafi upphaflega verið byggð í heimagrafreitum sem hafa verið við flesta bæi eins og kumlateigar í heiðni. Sé svo má nota bænhús eða kirkju sem vísbendingu um að viðkomandi bær hafi verið komin í byggð á fyrri hluta 11. aldar. Jarðir þar sem kirkjur og bænhús hafa verið, eru að jafnaði stærri og dýrari en þær sem ekki höfðu slík hús og er því oft freistandi að álykta að minniháttar jarðir þar sem ekki hafa verið bænhús kunni að vera seinna til komnar, eða hafi að minnsta kosti ekki verið orðnar sjálfstæð býli á fyrri hluta 11. aldar. Sögusvið Njálssögu nær yfir hluta skráningarsvæðisins og má ætla að þær jarðir sem þar eru nefndar hafi verið komnar í byggð þegar Njála við rituð um 1280. Elstu fornbréfin sem geta jarða á svæðinu eru frá 14. öld og má af þeim fá nokkra hugmynd um byggðaskipun þess.

Rangárvallahreppur er innan landnáms Ketils Hængs, sem nam lönd milli Markarfljóts og

Þjórsár og bjó á Stórahofi. Eilífur nam Odda hinn litla upp til Reyðarvatns og Víkingslækjar.[3] Víkingslækur rennur úr Víkingslækjarheiði og í Ytri-Rangá skammt ofan við Heiði á Rangárvöllum. Litli-Oddi er á milli Hróarslækjar og Ytri-Rangár og eru þau mörk glögg báðum megin. Aðrar frásagnir af landnámi á Rangárvöllum eru óljósar. Samkvæmt Landnámu nam Flosi Þorbjarnarson land fyrir utan Rangá, alla eystri Rangárvelli.[4] Flosi virðist hafa numið upp frá landi Eilífs og Ketils hængs, þ.e. frá efsta hluta Hróarslækjar eða Reyðarvatns. Síðan virðist hann láta þrjá landnámsmenn fá allt land sitt, Björn, Þórunni og Þorstein.[5] Björn bjó í Svínhaga og nam land upp með Rangá, upp frá Víkingslæk.[6] Þorsteinn Ásgrímsson nam land á Rangárvöllum ofan Víkingslækjar til móts við Björn í Svínhaga og bjó í Skarði hinu Eystra. Landnám Þorsteins hefur verið stórt. Þórunn móðursystir hans nam Þórunnarhálsa alla, og eru þeir í landi Næfurholts.[7] Í Hauksbók er greint frá brúðakaupi sem haldið var í Skarfanesi hjá Flosa sem átti lönd milli Þjórsár og Engár. Hauksbók segir samt síðar frá landnámsmanninum Flosa á sama hátt og Sturlubók.[8] Má líta á þetta sem svo að Flosi hafi fyrst numið land á Rangárvöllum, látið allt landsvæðið af höndum, síðan fengið efri hlutann af landnámi Ketils einhenda, afa konu sinnar, og flutt í Skarfanes þar sem hann hélt brúðkaup Þuríðar systur sinnar.[9]

Kollur nam land fyrir austan Reyðarvatn og Stokkalæk fyrir vestan Rangá og Tröllaskóg og bjó að Sandgili. Að ofan hefur landnám hans náð út að landi Þorsteins en mörkin eru óljós. Frekar ósennilegt er að höfðingjar hafi búið á Sandgili þar sem alltaf var vatnsskortur. Höfuðbólið Keldur er innan landnámsins og líklegt að þar hafi byggð hafist snemma. Þorgeir bróðir Þorsteins keypti land af Hrafni Hængssyni, Oddalönd og báðar Strandir auk Varmadals og land milli Rangár og Hróarslækjar. Erfitt er að átta sig á mörkum landnámsins, því land er flatt og engin glögg kennileiti að miða við.[10]

Fjórar af þeim jörðum sem skráðar voru árin 2006 og 2007 eru nefndar í Landnámu, Stórahof, Skarð-Eystra (Selsund), Svínhagi og Eystri-Kirkjubær. Stórahof er bújörð fyrsta landnámsmannsins, Ketils hængs en Skarð-Eystra og Svínhagi eru innan landnáms Flosa Þorbjarnarsonar. Eftir að hann lét landið í hendur þriggja annarra landnámsmanna bjó Björn í Svínhaga og Þorsteinn Ásgrímsson að Skarði-Eystra. Eystri-Kirkjubær er innan þess svæðis

---

[2] Sædís Gunnarsdóttir, Menningarminjar í Rangárvallasýslu, 2000.
[3] ÍF I, 356.
[4] ÍF I, 363-365.
[5] Haraldur Matthíasson: *Landið og landnáma* II, 439.
[6] ÍF I, 356.
[7] ÍF I, 360-363.
[8] ÍF I, 351, 362-363.
[9] Haraldur Matthíasson: *Landið og landnáma* II, 449.
[10] ÍF I, 356, 360; Haraldur Matthíasson: *Landið og landnáma* II, 440

sem Þorgeir Ásgrímsson keypti af Hrafni Hængssyni og þar bjó Otkell Skarfsson (eða Hallkelsson). Það má gera ráð fyrir að þessar jarðri séu elstu byggðu jarðirnar á svæðinu.

Kuml hafa fundist í Lambhaga, á Stórahofi og í Mörk. Sagnir um forna legstaði eru meðal annars Brynjuhóll í landi Vestari-Kirkjubæjar, Simbarimi, Kjálki og Mörður í landi Minnahofs og Kumlhóll í landi Dagverðarness. Flestir þessa staða hafa þó yfir sér þjóðsagnakenndan blæ svo óvíst er að um raunverulega legstaði að ræða. Í Svínhaga og á Stóra-Hálsi í landi Reyðarvatns hafa fundist mannabein en ekki er víst að það hafi verið heiðnir legstaðir.

Sóknarkirkjur á skráningarsvæðinu voru á Stórahofi, Eystra-Skarði og í Næfurholti. Bænhús voru á Reyðarvatni vestra, Heiði, Mörk og Merkihvoli og útkirkja eða hálfkirkja á Eystri-Kirkjubæ.

Því má gera ráð fyrir að bæirnir Stórahof, Svínhagi, Skarð Eystra, Næfurholt, Reyðarvatn, Kirkjubær, Heiði, Mörk og Merkihvoll hafi verið komnir í byggð fyrir árið 1000 eða á fyrri hluta 11.aldar þótt þeirra sé ekki getið fyrr en í fyrsta lagi um 1200. Kumlbúinn í Lambhaga gæti hafa verið frá eldri bæjum í nágrenninu, t.a.m. Odda, þó ekki sé útilokað að Lambhagi hafi verið kominn í byggð fyrir 1000.

Í rituðum heimildum er að finna allmikið af upplýsingum um byggð á Rangárvöllum. Í Njálssögu, sem talin er rituð um 1280, er getið um byggð í Stotalæk sem er sennilega sama jörð og Stokkalækur[11] og á Minnahofi.[12] Í máldaga Oddakirkju frá 1270 er getið um Fróðholt tvö, Galtarholt, Strönd, Steinkross, Helluvað (Gröf) og Víkingslæk (lækjar með sama nafni er þó getið í Landnámu).[13] Í máldaga sömu kirkju frá 1332 er ennfremur getið um Uxahrygg (gæti verið sama og Fjósland sem getið er um 1270)[14]. Í biskupaannálum Jóns Egilssonar er þess getið að á árunum 1437-1447 hafi byggð í Dagverðarnesi eyðst í eldgosi.[15] Árið 1475 er fyrst getið um Vestari Kirkjubæ svo öruggt sé í sölubréfi Gunnarsholts.[16]. Í máldaga Oddakirkju frá 1553 er getið um Hátún og Oddahól.[17]. Bolholts er fyrst getið í Alþingisbók frá 1580 [18] og Bakkakots í visitasíubók Brynjólfs Sveinssonar frá 1641.[19] Elsta heimildin um Haukadal er visitasíubók Klofakirkju frá 1662[20]

[11] ÍF XII, 147
[12] VS Rangvellingabók, 279.
[13] DI II, 86-88.
[14] VS Rangvellingabók, 452
[15] Jón Egilsson: ”Biskupa – annálar Jóns Egilssonar”, 70
[16] DI V, 790-792
[17] DI XIII, 652-653.
[18] VS Rangvellingabók, 41.
[19] VS Rangvellingabók, 30
[20] VS Rangvellingabók, 149.

Aðrar jarðir sem skráðar voru byggðust síðar. Háls, hjáleiga frá Næfurholti var byggð árið 1683[21], Kaldbakur var byggður árið 1784[22], Þingskálar árið 1811[23] og Stórholt var byggt árið 1825. Fróðholtshjáleigu er fyrst getið í bændatali 1753, Fróðholtshóls í kirkjubók Stórólfshvolsþinga frá 1827, Markhóls í sóknarmannatali Oddakirkju 1828 og Ártúnakots í húsvitjabók Oddakirkju frá 1831.

Fyrir utan þessar jarðir eru margir staðir, þar sem byggð hefur annaðhvort varað í stuttan tíma eða þar sem hjáleigur eða afbýli hafa lagst í eyði fyrir 1847. Greinilegt er að mikil hjáleigubyggð hefur verið í Rangárvallahreppi en oftast er ekki vitað hvenær býlin voru í byggð og því erfitt að greina ris í þróun hennar. Svo virðist sem byggð hafi verið nokkuð stöðug á svæðinu og virðast um 40 bæir og býli hafi verið í byggð lengst af þar til á 20. öld þegar þeim fækkaði til muna. Á árunum 1650-1700 fóru sex hjáleigur í eyði, Hofshjáleiga (279:010), Lambhagahjáleiga (275:002), Kirkjubæjarhjáleiga (277:009), Breiðholt (296:063, sem fyrst er getið á því tímabili), Litla-Selsund (293:061) og Spámannsstaðir (289:009). Á sama tímabil er fimm annarra bæja fyrst getið, Kots (291:001), Haukadals (294:001), Háls (297:001), Melakots (277:011) og Draflaleysu (279:039/040). Á árunum 1750-1800 byggðust Fróðholtshjáleiga (267:001), Bakkakotskot (265:001) og Kaldbakur (299:001) og þá er Gíslahjáleigu (277:029) í landi Vestari-Kirkjubæjar fyrst getið. Á þeim árum fór Gröf (277:022) í eyði og líklega einnig Mörk (469:001). Mörg býli voru byggð hjá Bakkabæunum, sunnan Þverár á árunum 1800-1850 en þá byggðust Fróðholtshóll (268:001), Markhóll (271:001), Stórholt (272:001) og Ártúnakot (263:001) auk Litla-Selsunds (293:061, sem þá byggðist aftur) og Þingskála (300:001) norðar á svæðinu. Á þeim árum fór Merkihvoll (469:005/006), Víkingslækur (300:011) og Litla-Selsund (293:061, sem þá hafði aðeins verið í byggð um stutt skeið). Á tímabilinu 1850-1900 byggðust Blábringa (270:007) og Hraunteigur (296:012) og þá fóru í eyði Markhóll (271:001), Stórholt (272:001), Litla- (Mið-) Reyðarvatn (289:008), Steinkross (290:002), Háls (297:001) og Hraunteigur (296:012). Mestar breytingar hafa orðið á 20. öldinni en eftir aldamótin 1900 hafa 11 bæir lagst í eyði: Blábringa (270:007), Ártúnakot (263:001), Bakkakotskot (265:001), Vestra-Fróðholt (266:001), Fróðholtshóll (268:001), Galtarholt (270:001), Strönd (276:001), Vestari-Kirkjubær (277:001), Kot (291:001), Dagverðarnes (292:001) og Bolholt (295:001). Nánari umfjöllun um býli sem skráð voru sumrin 2006 og 2007 er í kaflanum bæjarhólar og býli.

[21] VS Rangvellingabók, 157
[22] VS Rangvellingabók, 192.
[23] VS Rangvellingabók, 516

Tafla 1. Lögbýli skráð 2006 og 2007

Heiti jarðar	**Fyrst getið í**
Hátún/Ártún	Máldaga Oddakirkju 1553
Ártúnakot	Húsvitjabók Oddakirkju 1831
Bakkakot	Vísitasíubók Brynjólfs Sveinssonar 1641
Bakkakotskot	Húsvitjunarbók Oddakirkju 1797
Vestara-Fróðholt	Máldaga Oddakirkju 1270
Fróðholtshjáleiga	Bændatali 1753
Fróðholtshóll	Kirkjubók Stórólfshvolsþinga 1827
Eystra-Fróðholt	Máldaga Oddakirkju 1270
Galtarholt	Máldaga Oddakirkju 1270
Markhóll	Sóknarmannatali Oddasóknar 1828
Stórholt	Byggt 1825
Uxahryggur	Máldaga Oddakirkju 1332
Oddahóll	Máldaga Oddakirkju 1553
Lambhagi.	Máldaga Oddakirkju 1270
Strönd	Máldaga Oddakirkju 1270
Vestari-Kirkjubær	Sölubréfi Gunnarsholts 1475*
Eystri-Kirkjubær	Landnámu, Egilssögu, Jarteinabók 1199
Stórahof	Landnámu, Njálu, máld. hálfk. í E-Kb. 1367
Minnahof	Njálssögu, máldaga Oddakirkju 1270
Stokkalækur	Njálssaga, máldaga Oddakirkju 1397
Reyðarvatn	Máldaga Oddakirkju 1270
Steinkross	Máldaga Oddakirkju 1270
Kot	Jarðabók 1696
Dagverðarnes	Biskupsannál Jóns Egilssonar 1437-47
Selsund	Landnámu, Sturlungu, kirknaskrá Páls 1200
Haukadalur	Visitasíu kirkjunnar í Klofa 1662
Bolholt	Alþingisbók 1580
Næfurholt	Kirknaskrá Páls biskups 1200

Heiti jarðar	Fyrst getið í
Háls	Byggt 1683
Svínhagi	Landnámu, máldaga Oddakirkju 1553
Kaldbakur	Byggður 1784
Þingskálar (Víkingslækur)	Byggðir 1811 (Máldagi Oddakirkju frá 1270)
Heiði	Máldaga Gunnarsholtskirkju 1332
Mörk	Landamerkjabréfi frá 1475 (ótraust)

*Getið í sölubréfi frá 1398 en það þykir ótraust heimild

Bæjarhólar og býli

Á skráningarsvæðinu eru alls 40 bæjarhólar skráðir og er ástand þeirra mjög misjafnt. Ný íbúðarhús standa á mörgum þeirra, sumum hefur verið raskað við túnasléttun og útihús hafa verið byggð á enn öðrum. Þrátt fyrir þetta má segja að á svæðinu sé óvenju hátt hlutfall af bæjarhólum sem ekki hefur verið raskað af mannavöldum eða um 48% (19 hólar - sjá skífurit 1). Það skýrist að miklu leyti af því hversu oft bæirnir á svæðinu voru færðir til vegna uppblásturs. Á þeim jörðunum þar sem bæjarstæðin voru færð undan uppblæstri standa því eldri bæjarhólar oft utan þess svæðis þar sem mest rask fer fram (þ.e. utan heimatúns) og varðveitast betur þótt þeim stafi enn hætta af uppblæstri.

Almenna reglan er sú að oftast standa bæir á svipuðum stað öldum saman, jafnvel allt frá landnámsöld til þessarar, og myndast þá bæjarhólar sem eru samsettir úr byggingaleifum og mannvistarlögum. Í bæjarhólum er mikilla og fjölbreytilegra fornminja að vænta. Í þeim varðveitist saga daglegs lífs kynslóðar á kynslóð ofan og í þeim er vanalega marga forngripa að vænta. Bæjarhólar teljast því mjög mikilvægir minjastaðir og brýnt að koma í veg fyrir að þeir verði eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er að í meirihluta tilfella er enn búið á þeim og víða hafa steypuhús með djúpum kjöllurum verið byggð á þeim og skemmt þá að talsverðu leyti. Þar sem enn er búið á bæjarhólum er hæpið að réttlætanlegt sé eða raunhæft að friða þá fyrir frekara raski, en skemmdir bæjarhólar geta þó verið markverð rannsóknarefni og er mikilvægt að reynt verið að finna leiðir til að fylgjast með framkvæmdum á þeim. Mikilverðastir eru þó bæjarhólar þar sem ekki hefur byggt á síðustu áratugum eða þeir orðið fyrir raski.

Greinilegar bæjartóftir eru á níu bæjarhólum af þeim 19 sem ekki hefur verið raskað; á Oddhól 274:001, í Galtarholti 270:001, Gamla Næfurholti 296:001, Hálsi, þar sem Næfurholt stóð síðar 297:001, í Dagverðarnesi 292:001 og 292:033, Koti 291:001, Mörk 469:003 og á

Merkihvoli 469:005. Þessar tóftir hafa allar ótvírætt rannsóknar- og varðveislugildi. Síðasta íbúðarhúsið á bæjarhól Oddhóls 274:001 brann árið 1949 og enn eru skýrar dældir eftir húsið í bæjarhólnum sem er mjög stór. Dældirnar eru grunnur timburhússins sem stóð þar síðast og víða eru steypuleifar í þeim. Hóllinn ber þess skýr merki að byggingar hafa staðið þar lengi. Síðasta íbúðarhúsið á bæjarhól Galtarholts 270:001 var byggt árið 1930 og þess sér skýr merki á hólnum. Hann er allstór og í honum eru þrjár djúpar dældir. Síðasta íbúðarhúsið var timburhús með hlöðnum kjallara. Flutt var af bæjarhól Gamla-Næfurholts 296:001 árið 1846 í kjölfar Heklugoss. Þar er stæðileg tóft sem skiptist í 10-12 hólf og herbergjaskipan nokkuð skýr. Öskuhaugur bæjarins er skammt frá tóftinni. Þegar flutt var af bæjarhólnum fluttist fólkið í Næfurholti á bæjarhól Háls 297:001, þar sem það bjó til ársins 1912, er bærinn hrundi í jarðskjálfta. Tóft þess bæjar er einnig stór en herbergjaskipan er ekki eins skýr og í Gamla-Næfurholti. Síðasti bærinn á bæjarhól Dagverðarness 292:001 hrundi einnig í jarðskjálftanum 1912. Tóft bæjarins er mjög stór og þar má sjá grjót- og kálgarðshleðslur, framan (sunnan) við bæinn. Annar bæjarhóll með tóft á var skráður í Dagverðarnesi 292:033. Ekki er ljóst hvenær búið hefur verið á honum en tóftin er einungis um 5x4 m stór og því tæpast bæjarrúst. Síðasta bæjarhúsið í Koti var rifið fyrir fáeinum árum og ummerki hans því enn skýr á bæjarhólnum. Rústin er úr torfi og grjóti en svolitlar steypuleifar eru greinilegar hér og þar í henni. Hún skipist í níu hólf. Bæjarhóll Merkur 469:003 er allstór og á honum tóft síðasta bæjarins. Ekki reyndist unnt að greina herbergjaskipan í henni vegna mikils gróðurs á hólnum. Ýmiss ummerki síðasta bæjarins á Merkihvoli 469:005 hafa fundist á bæjarhólnum, s.s. ummerki eldstæða og fiskisleggjur. Hólarnir eru tveir og eru nær örfoka. Þar má þó enn sjá hleðslugrjót.

Mikilvægt er að varðveita þá bæjarhóla sem ekki hefur verið raskað þó ekki séu á þeim greinilegar tóftir þar sem búast má við að miklar mannvistarleifar reynist undir sverði. Þeir eru í Stórholti 272:001, Gröf 277:022, á Stórahofi 279:001, í Svínhaga 289:001, á Gamla-Steinkrossi, 290:001, Víkingslæk 300:011, í Heiði III 301:004 og þrír bæjarhólar á Reyðarvatni, 289:001, 289:008 og 289:038. Engar skýrar bæjartóftir eru á þessum hólum. Bæjarhóll Stórahofs er einstakur að mörgu leyti. Þar á að hafa verið bær landnámsmanns Rangárvalla Ketils hængs. Heimildum ber öllum saman um staðsetningu bæjarins og vitneskja um hann hefur varðveist meðal heimamanna. Ekkert greinilegt rask er á hólnum en hann virðist þó að mestu leyti vera náttúrulegur og engar rústir eru sjáanlegar. Talið er að flutt hafi verið af bæjarstæðinu 1760-1780 og má vera að rústirnar hafi blásið upp, þó svæðið sé nú að mestu leyti gróið er svartur sandurinn ekki langt frá. Svipaða sögu er að segja um bæjarhól Grafar en bærinn fór í eyði 1799. Líklegt er að byggingarefni hafi verið tekið úr tóftunum þar í gegnum aldirnar og þær smám saman sigið og horfið, e.t.v. með aðstoð uppblásturs.

Bæjartóftir Svínhaga, Gamla-Steinkross, Víkingslækjar og Heiðar III hafa líklega allar orðið rofi að bráð. Bæjarhólarnir þrír í landi Reyðarvatns eru á kafi í gróðri og vera má að þar leynist tóftir þó ekki hafi verið unnt að greina þær á vettvangi.

Nokkrir bæjarhólar eru í góðu ástandi þrátt fyrir að hafa orðið fyrir einhvers konar raski. Slík er raunin með bæjarhólana í Ártúnum 264:001/002, bæjarhól Fróðholtshóls 268:001, Fornabæjar í Eystra-Fróðholti 269:001, Blábringu 270:007, Markhóls 271:001, Fornabæjar á Uxahrygg 273:001 og Selsunds 293:001. Af þessum bæjarhólum er bæjarhóll Fróðholtshóls í mestri hættu. Hann er plægður reglulega við það hefur komið upp hleðslugrjót. Bæjarhólar Ártúna og Selsunds eru einnig í hættu vegna þess hversu nálægt þeir eru nýjum bæjarhúsum á jörðunum. Bæjarhólar Fornabæjar í Eystra-Fróðholti og bæjarhóll Markhóls eru innan túns og því í hættu. Bæjarhólar Blábringu og Fornabæjar á Uxahrygg eru í minni hættu.

Skífurit 1: Ástand bæjarhóla



Tafla 2: Skráðir bæjarhólar

Sérheiti (númer)	**Búseta**	**Ástand**
Ártún 262:001/262:002	Nýtt íbúðarhús byggt annars staðar 1930.	Að hluta sléttaður. Fjárhús síðar á hólnum.
Ártúnakot 263:001	Í eyði á s.hl. 18. aldar.	Steinsteypt fjárhús á hólnum.
Bakkakot 264:001	Flutt úr gamla bænum 1952.	Nýtt íbúðarhús austast á hólnum.
Bakkakotskot 265:001	Í eyði 1818.	Að hluta sléttaður, vegur liggur yfir hólinn.
Fróðholtshjáleiga 267:001	Flutt úr gamla bænum 1959.	Íbúðarhús án kjallara á hólnum.
Fróðholtshóll 268:001	1819-1907.	Nytjaplöntur ræktaðar á hólnum og hann er margplægður.
Fornibær 269:001	Flutt úr bænum 1810.	Að hluta sléttaður.
Eystra-Fróðholt 269:003	Fyrst byggt á þessum stað 1810.	Íbúðarhús án kjallara á hólnum.
Galtarholt 270:001	Síðasta íbúðarhúsið byggt 1930 - rifið.	Tóftir.
Blábringa 270:007	1856-1970.	Beitarhús á hólnum.
Markhóll 271:001	1828-1881.	Að hluta sléttaður.
Stórholt 272:001	1825-1883.	Bæjarhóll óraskaður.
Uxahryggur/Fornibær 273:001	Ekki vitað hvenær flutt var úr bænum.	Fjárhús á hólnum.

Sérheiti (númer)	Búseta	Ástand
Uxahryggur 273:002	Flutt úr gamla bænum 1976.	Íbúðarhús án kjallara á hólnum.
Oddhóll 274:001	Síðasti bærinn brann árið 1949.	Tóftir.
Lambhagi 275:001	Bærinn fluttur af hólnum um 1800 en nýtt íbúðarhús byggt árið 1978.	Íbúðarhús án kjallara á hólnum.
Strönd 276:001	Í eyði 1882-1933.	Tvílyft steinhús á hólnum, byggt 1933.
Vestari-Kirkjubær 277:001	Í eyði 1950.	Rutt hefur verið úr hólnum. Síðasta húsið þar var brennt árið 1968.
Gröf 277:022	Í eyði 1799	Bæjarhóll óraskaður.
Eystri-Kirkjubær 278:001	Nýtt íbúðarhús byggt annars staðar.	Rutt hefur verið úr hólnum. Síðasta húsið var rifið 2005.
Stóra Hof 279:001	Flutt af hólnum 1760-1780.	Bæjarhóll óraskað.
Stóra Hof 279:008		Íbúðarhús með kjallara stendur á hólnum, byggt 1909.
Minna Hof 280:001	Nýtt íbúðarhús byggt annars staðar 1990.	Íbúðarhús með kjallara stendur á hólnum, byggt 1908.
Stokkalækur 281:001	Nýtt íbúðarhús byggt annars staðar 1946.	Bæjarhól hefur verið rutt út að hluta.
Vestasta-Reyðarvatn 289:001	Flutt af hólnum 1926.	Bæjarhóll óraskaður.
Mið-Reyðarvatn 289:008	Í eyði 1872.	Bæjarhóll óraskaður.
Reyðarvatn 289:038	?	Trjám hefur verið plantað í hólinn.
Gamli-Steinkross 290:001	Flutt af hólnum 1849.	Bæjarhóll óraskaður.
Kot 291:001	Í eyði 1981.	Tóftir.
Dagverðarnes 292:001	Í eyði 1912.	Tóftir.
Dagverðarnes 292:033	?	Tóftir.

Sérheiti (númer)	Búseta	Ástand
Selsund 293:001	Flutt úr bænum á f. hl. 20.aldar.	Skemma byggð fast upp við hólinn.
Gamla-Næfurholt 296:001	Flutt úr bænum 1846.	Tóftir.
Háls/Næfurholt 297:001	Flutt úr bænum 1912.	Tóftir.
Svínhagi 298:001	Flutt af hólnum 1813.	Bæjarhóll óraskaður.
Víkingslækur 300:011	Í eyði 1811.	Bæjarhóll óraskaður.
Heiði III 301:004	Flutt úr bænum á s. hl. 18. aldar.	Bæjarhóll óraskaður.
Mörk 469:003	Í byggð 1708, í eyði ??	Tóftir.
Merkihvoll 469:006	Í eyði fyrir 1894.	Tóftir.

Alls voru 23 býli skráð á svæðinu á 12 jörðum. Flest býli voru skráð í Næfurholti, alls fjögur. Þrjú býli voru skráð á Stórahofi en færri annars staðar. Níu býlanna eru einungis þekkt úr heimildum, þ.e. staðsetning þeirra er nú ókunn. Af þeim 15 býlisstæðum sem eru þekkt (býlin eru 14 en tvö býlisstæði Merkihvols eru þekkt) sjást minjar á 9 stöðum (sjá skífurit 2). Þessar minjar eru í misgóðu ástandi. Greinilegar byggingaleifar eru á bæjarstæði Kastalabrekku 291:007, Litla-Selsunds 293:061, Nýjabæjar 296:064, Hraunteigs 296:012, yngra bæjarstæði Merkihvols 469:006 og í Blábringu 270:007. Í Kastalabrekku eru 8 tóftir og er ein þeirra sennilega bæjartóft bæjarins. Hún er um 20x25 m stór, sigin og vel yfirgróin. Svæðið gekk síðar undir nafninu Stekkatún og því líklegt að einhverjar af tóftunum séu leifar stekkjar frá Koti. Ekki er vitað hvenær búið var í Kastalabrekku en hún var komin í eyði árið 1711 þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín var gerð.[24] Litla Selsund var sömuleiðis í eyði þegar jarðabókin var gerð.[25] Árið 1811 var reistur þar bær en byggðin entist einungis í tvö ár.[26] Síðar voru beitarhús á bæjarstæðinu og rúst þeirra er enn skýr. Þar er einnig greinilegur tóftarhóll (líklega bæjarhóll) og garðlag sem hvort tveggja eru leifar býlisins. Nýibær var einnig í eyði árið 1711, þegar jarðabókin var gerð og var þá talið að hann hafi eyðst vegna öskufalls úr Heklu.[27] Síðar var stekkur byggður ofan í tóftina og er hann enn

[24] JÁM I, 236.
[25] JÁM I, 275.
[26] VS: Rangvellingabók, 272.
[27] JÁM I, 277.

greinlegur. Umhverfis stekkinn eru dældir en engar aðrar skýrar tóftir eru á svæðinu. Býlisins Hraunteigs er fyrst getið árið 1856 en talið er að hann hafi verið kominn í eyði árið 1870. Þar er nú sigin tóft sem virðist hafa skipts í 3-5 hólf. Bærinn Merkihvoll, í landi Merkur, var færður á öndverðri 19. öld og þar sést nú gróin, sigin tóft. Bærinn fór í eyði 1829[28] og því hefur ekki verið búið á þessum stað lengi. Samkvæmt Brynjúlfi Jónssyni voru fjárhús (beitarhús) frá Galtalæk á býlisstæðinu árið 1898[29] og hugsanlega er það tóft þeirra sem enn sér til. Búið var í Blábringu frá 1856-1907[30] og síðar voru þar fjárhús (beitarhús) frá Galtarholti. Þar er nú dálítill hóll, smáþýfður með hellublöðum á stangli en engar skýrar hleðslur eru greinilegar.

Skífurit 2: Ástand býla



.

Tafla 3: Skráð býli

Heiti	**Í eyði**	**Ástand**
Alda 281:005	?	Staðsetning ekki þekkt.
Hofshjáleiga 279:010	Í eyði 1698.	Óljósar tóftir.
Lambhagahjáleiga 275:002 **	Í eyði 1660 (og aftur 1750?).	Ekki sér til fornleifa.
Melakot 277:010	Getið 1653.	Staðsetning ekki þekkt.
Kirkjubæjarhjáleiga 277:009	1640-1670.	Staðsetning ekki þekkt.
Draflaleysa I 279:039/II	Getið 1697.	Staðsetning ekki þekkt.

[28] SB V, 132.
[29] Árbók 1898, 6
[30] SB V, 94

Heiti	Í eyði	Ástand
279:040		
Blábringa 270:007 *	1856-1907.	Bæjarhóll.
Sandur 279:038	?	Staðsetning ekki þekkt.
Gíslahjáleiga 277:029	Í byggð 1767.	Staðsetning óþekkt. Hugsanlega verið í Heimarihúsum 277:016.
Kanastaðir 294:011	Í eyði 1711.	Staðsetning ekki þekkt.
Merkihvoll 469:005/469:006*	Getið 1475–1800/1800-1829.	Bæjarstæðið að blása upp/tóft.
Hraunteigur 296:012	1860 + fáein ár.	Tóft.
Borgartún 299:019	?	Staðsetning ekki þekkt.
Nýibær 296:064 *	Í eyði 1711.	Tóftir.
Nafnlaust býli 294:029	?	Ekki sér til fornleifa.
Miðbotnar 289:023	?	Þústir.
Ás 296:060	?	Ekki sér til fornleifa.
Ketilsstaðavík 291:008	Í eyði 1711.	Ekki sér til fornleifa.
Breiðholt 296:063 *	1682 + fáein ár.	Ekki sér til fornleifa.
Litla-Selsund 293:061 *	Eyðist 1660; byggð 1811-1813.	Tóftir.
Litliskógur 293:058	?	Ekki sér til fornleifar.
Kastalabrekka 291:007	Í eyði 1711.	Tóftir.
Spámannstaðir 289:009	Í eyði um 1695.	Þúst.

*Beitarhús/stekkurbyggð á býlisstæðinu

** Bærinn færður á hjáleigustæðið um 1800.

Kirkjur og legstaðir

Þrjár kirkjujarðir eru meðal þeirra jarða sem skráðar voru sumrin 2006 og 2007, Næfurholt 296:002, Stórahof 279:002 og Skarð eystra 293:002. Elsta heimildin um kirkjuna í Næfurholti og í Eystra-Skarði er kirknaskrá Páls biskups frá 1200.[31] Nú hefur verið sléttað yfir kirkjustæðið í Næfurholti en enn sér móta fyrir kirkjugarðinum. Munnmæli herma að bænhús hafi verið þar sem nú stendur skemma við bæinn Selsund en ekki er hægt að fullyrða að það sé kirkjustæði kirkjunnar í Skarði enda óvíst að bærinn í Eystra Skarði hafi verið á sama stað og Selsund (sjá 293:001). Elsta heimild um kirkjuna á Stórahofi er Jarteinabók Þorláks biskups, en samkvæmt henni vígði Páll biskup kirkjuna þar árið 1198.[32] Kirkjustæðið á Stórahofi er ekki þekkt en munnmæli herma að kirkjan hafi verið á hól í túninu sem nú hefur verið sléttaður (sjá 279:002).

Hálfkirkja var á Eystri-Kirkjubæ 278:002 og er elsta heimild um hana máldagi frá 1367.[33] Engin ummerki kirkjunnar eru nú sýnileg og líklega hefur verið sléttað yfir kirkjustæðið.

Heimildir eru um bænhús á fjórum stöðum á skráningarsvæðinu, í Mörk 469:002, á Heiði 301:002, Vestara-Reyðarvatni 289:002 og Merkihvoli 469:003. Bænhúss á Merkihvoli er getið í sóknarlýsingu frá 1841[34] og er talið að það hafi staðið við bæinn. Engin skýr ummerki þess sáust á bæjarhólnum en Brynjúlfur Jónsson taldi sig hafa fundið undirstöðu þess árið 1911.[35] Bænhúss í Mörk er getið í máldaga Klofakirkju frá 1332[36], en staðsetning þess er nú óþekkt. Bænhúss á Heiði er einnig fyrst getið árið 1332, í máldaga Gunnarsholtskirkju.[37] Enn sést móta fyrir kirkjugarðinum á Heiði, en tóft bænhússins er horfin og engin skýr ummerki grafa eru greinanleg. Samkvæmt heimildamanni, Þorsteini Oddsyni, hafa mannabein blásið upp í garðinum og þau hafi jafnan verið lögð undir steina innan garðsins. Bænhúsið á Vestara-Reyðarvatni var uppistandandi árið 1711 þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín var skráð.[38] Jarðabókin er hins vegar eina þekkta heimildin um það og staðsetning þess er ekki þekkt.

Fjögur bænuhús á móti fjórum kirkjum eða hálfkirkjum telst nokkuð lágt hlutfall og gera má ráð fyrir að bænhús hafi verið á fleiri jörðum. Þar sem engar heimildir hafa varðveist

[31] DI XII, 7
[32] Bsk I, 334
[33] DI III, 217
[34] SB V, 132
[35] Árbók 1911, 66-67
[36] DI II, 695
[37] DI II, 692
[38] JÁM I, 241-242

um þau og engin ummerki þeirra eru greinileg á yfirborði er ekki unnt að fullyrða neitt um staðsetningu þeirra eða fjölda.

Þrjú kuml eru þekkt á svæðinu. Í Lambhaga 275:010, á Stórahofi 279:027 og í Mörk 469:004. Árið 1922 var Þjóðminjasafni Íslands afhent spjót og jaxl úr manni og fylgdi sú greinargerð, að hvort tveggja hefði fundist í uppblásinni dys fyrir vestan við Lambhaga. Árið 1968 bárust safninu svo þær upplýsingar að þarna hafi einnig blásið upp bein úr hesti og hundi.[39] Nákvæmur fundarstaður kumlsins er ekki þekktur en það hefur verið fyrir austan Lambhaga á stað sem nefndur er Rof. Færri heimildir geta kumlsins á Stórahofi. Sigurður Vigfússon getur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1888-1892 um öxi sem fundist hafi í melhól kölluðum Valgarði á Stórahofi[40] og í Kumlum og Haugfé segir að Páll Sigurðsson í Árkvörn hafi getið haugs milli Stóra- og Minna-Hofs sem eignaður hafi verið Valgarði gráa og að þar hafi blásið upp bein, meðal annars hrossbein.[41] Matthías Þórðarson rannsakaði kumlið í Mörk sumarið 1936. Þar fannst höfuðkúpa og tennur ásamt beinflísum úr rosknum manni, hrosskuml og nokkrir gripir.[42]

Mannabeinin fundust árið 1949 [43] í Svínhaga 298:007 og þegar staðurinn var skráður sumarið 2006 fundust bein sem gætu verið mannabein. Talið er að þar hafi verið kristinn grafreitur fremur en fornmannagröf. Bein blésu upp á Stóra-Hálsi í landi Reyðarvatns 289:022 um aldamótin 1900. Þau voru talin vera úr unglingi en ekki er ljóst hvort þar hefur verið um fornmannadys að ræða. Beinin voru dysjuð aftur en ekki er vitað hvar. Grjótdreif sem hugsanlega er leifar uppblásins kumls var skráð í Mörk, 469:018 en engar sögur fara af beinafundi þar. Aðrir meintir legstaðir sem voru skráðir eru Mörður 280:026, Kjálki 280:027 og Simbarimi 280:016 í landi Minnahofs, Kumlhóll 292:035 í landi Dagverðarness og Brynjuhóll 277:020 í landi Vestari-Kirkjubæjar. Þeir hafa hins vegar, eins og áður sagði, flestir nokkuð þjóðsagnakenndan blæ og teljast ekki sérlega líklegir legstaðir.

Útihús og túngarðar

Fyrir utan bæjarhúsin sjálf voru skepnuhús helstu byggingar á hverri jörð. Eins og víðast á Íslandi voru útihús á skráningarsvæðinu dreifð um túnin. Flest slík hús voru fyrir sauðfé, en lítið af fjósum og hesthúsum. Fjós hafa sennilega verið hluti af bæjarhúsunum á flestum bæjum eins og meginþorri smiðja og skemma á skráningarsvæðinu. Hlöður urðu ekki

[39] KEKH 2000, 59
[40] Árbók 1888-92, 50
[41] KEKH 2000, 43
[42] KEKH, 44.
[43] KEKH, 52.

algengar á Íslandi fyrr en undir lok 19. aldar eða í byrjun þeirrar 20. og munu hey víðast hafa verið geymd í stæðum eða gryfjum við skepnuhús þótt ekki séu glöggar heimildir um þetta. Á nokkrum bæum voru svokölluð heykuml greinanleg aftan við bæjartóftirnar og/eða skepnuhúsin og munu þau hafa verið nokkuð algeng á Suðurlandi. Á skráningarsvæðinu voru aðeins skráðar tvær hlöður.

Útihús virðast oftast hafa staðið á sömu stöðum um aldir og hafa á slíkum stöðum gjarnan myndast litlir rústahólar. Fyrir einni öld síðan voru langflestar byggingar á Íslandi skepnuhús, en þeim hefur fækkað síðan meira en nokkurri annarri tegund mannvirkja. Ástæðan er fyrst og fremst túnrækt með stórvirkum vinnuvélum og einnig hafa yngri skepnuhús úr steypu víða verið byggð ofan á eldri útihúsarústum og stórar byggingar oft tekið við hlutverki margra minni húsa.

Tafla 4: Skráð útihús

Tegund	**Heildarfjöldi**	**Þar af horfin**
Útihús, nánara hlutverk óþekkt	93	44
Fjárhús	28	12
Lambhús	13	10
Hesthús	14	8
Fjós	11	6
Hlaða	2	1
Hrútakofi	3	2
Hænsnakofi	1	0
Skemma	3	3
Smiðja	3	3
Alls	172	86

50% útihúsa er horfinn.

Alls sér til 16 eldri fjárhúsa á skráningarsvæðinu. Af þeim stöðum sjást hins vegar aðeins óljósar þústir á yfirborði á tveimur þeirra (270:005 og 299:006) og einföld hleðsla á einum stað 300:006. Greinilegar fjárhústóftir eru því alls 13 talsins. Ein þeirra er í Vestara-Fróðholti 266:012, byggð á fimmta áratug síðustu aldar. Þar er tvískipt tóft, fjárhús og hlaða.

Engar jötur eða garðar sjást í rústinni. Í Galtarholti er fjárhústóft 270:008 og réttarbrot fast við hana. Tóftin hefur líklega verið tvískipt en er nú sigin og gróin. Garði hefur verið í miðju stærra hólfi tóftarinnar. Á Vestari-Kirkjubæ er um 18x8 m stór fjárhústóft á hól 277:023. Tvö hólf eru í tóftinni, stærra hólfið er með garða í því miðju og aftan við það er niðurgrafið hólf, líklega hlaða. Tvær fjárhústóftir voru skráðar á Minnahofi. Annars vegar fjárhústóft 280:012 sem skiptist í fjögur hólf og hins vegar mjög óskýr tóft þar sem steypt fjárbað stendur eftir 280:021. Hugsanlegt er að einn "milliveggurinn" í fjórskiptu tóftinni hafi verið garði. Tvær fjárhústóftir voru skráðar á Stokkalæk. Annars vegar tvískipt tóft auk garðlags aftan, norðan, við hana 281:009 og hins vegar stór tóft 281:011 sem skiptist í þrjú hólf. Engar jötur eða garðar eru greinilegir í tvískiptu tóftinni en í þeirri þrískiptu er garði í miðju stærsta hólfsins. Tvær fjárhústóftir voru einnig skráðar í Selsundi. Tóft 293:031 er tvískipt en hvorki sjást garðar né jötur voru í henni. Tóft 293:052 er tvískipt. Jötur eru meðfram veggjum stærra hólfsins og hlaða fyrir aftan. Í Næfurholti var skráð fjárhús 296:011 hlaðið úr torfi og grjóti sem enn er í notkun auk einfaldrar fjárhústóftar 296:066. Tvær fjárhústóftir voru skráðar á Heiði, einföld tóft með sambyggðu heystæði 301:014 og lítil 5x5 m stór tóft 301:037. Flest fjárhúsin á skráningarsvæðinu hafa því verið garðahús með áfastri hlöðu en einungis ein fjárhústóft með jötum var skráð 293:052.

Önnur útihús sem tengjast sauðfjárbúskap eru lambhús og hrútakofar. Eitt lambhús er enn uppistandandi á skráningarsvæðinu og að auki fundust tvær tóftir slíkra húsa. Ein hrútakofatóf var einnig skráð. Lambhúsið sem enn er uppistandandi er í Haukadal 294:002. Það er um 5x3 m stórt og tveir kofar hafa verið byggðir fast upp við það. Lambhústóftirnar eru á Heiði 301:036 og í Koti 291:003. Tóftin á Heiði er allstór, um 12x10 m og tvískipt með niðurgrafinni hlöðu. Tóftin í Koti er einföld, um 9x6 m stór og virðist hafa verið í notkun langt fram á 20. öld. Hrútakofatóftin 277:003 er á Vestari-Kirkjubæ. Hún er einföld, um 9x6 m stór og að hluta grafin inn í brekku austan við bæinn.

Af hesthúsunum sex sem ekki eru horfin eru fjórar skýrar tóftir, ein þúst og eitt tóftarbrot. Þústin er í landi Næfurholts 296:006. Hún er kölluð Gránaskjónatóft og er mjög sigin og hringlaga. Tvær hesthústóftir voru skráðar á Minnahofi 280:004/005. Þær eru sambyggðar og alls um 19x9 m stórar með háum veggjum. Húsin eru ekki samstæð á túnakorti frá 1917 og hugsanlega hefur þeim verið breytt að einhverju leyti síðan kortið var gert. Tóftarbrot hesthúss er á Heiði 301:012 en eingöngu suðurhlið þess stendur eftir. Á Þingskálum er einföld hesthústóft um 7x5 m stór 300:005 og á Eystri-Kirkjubæ er mjög stór, þrískipt tóft 278:004. Tóftin á Eystri-Kirkjubæ er stærsta hesthústóftin, hún er um 19x9 m stór og þrískipt. Garðlög ganga einnig út frá tóftinni langt til suðurs og vesturs.

Einungis ein fjóstóft var skráð á svæðinu auk fjögurra fjós-þústa. Fjóstóft 280:024 er í túni Minnahofs. Hún er um 18x8 m stór og tvískipt. Á Vestari-Kirkjubæ eru steypuleifar og aðflutt grjót á víð og dreif um 30x30 m stóru svæði þar sem fjósið stóð 277:002. Þar er allstór dæld og steinsteypt hlandfor. Tóftarhóll af fjósi 292:015 er í Dagverðarnesi. Hóllinn er um 28x18 m stór og á honum er sigin tóft sem er um 7x5 m stór. Svipaður hóll er í landi Kots 291:021. Um 5x5 m stór tóft er á honum. Í Eystra-Fróðholti er hóll, fast vestan við bæjarhólinn. Þar var fjós og hlaða 269:002. Engin skýr ummerki húsanna eru á hólnum fyrir utan steinsteypt gólf.

Ein hlaða og einn hænsnakofi sjást enn á yfirborði á skráningarsvæðinu. Einungis þúst er eftir af hlöðunni. Hún er í landi Þingskála 300:002. Fyllt hefur verið í hlöðutóftina sem er um 12x9 m stór og upplýsingaskilti um þingbúðirnar 300:008 er ofan í henni. Hænsnakofinn er í landi Heiðar 301:008. Hann er um 10x7 m stór. Kofinn var reistur árið 1950 og telst því ekki fornleif í lagalegum skilningi en var skráður þar sem hann er byggður úr torfi og grjóti. Kofinn var seinna nýttur sem kartöflugeymsla og síðar reykhús.

Flest útihús voru skráð á Vestari-Kirkjubæ alls 15, en 14 útihús eru þekkt á Heiði, í Selsundi voru 13 skráð, 10 á Þingskálum, níu í Næfurholti, Stórahofi, Lambhaga og Fróðholtshjáleigu en færri annars staðar (sjá töflu 8 í viðauka.).

Samtals var 21 túngarður skráður á svæðinu og fundust leifar þeirra flestra, eða á 19 stöðum. Víða sést nú einungis lítill hluti túngarðanna en annars staðar er um allviðamikil garðlög að ræða. Túngarðar Galtarholts 270:014, Blábringu 270:018, Oddhóls 274:005, Minnahofs 280:020, Dagverðarness 292:026 og Haukadals 294:008 eru heillegastir. En viðamiklir túngarðar voru einnig skráðir á Vestari-Kirkjubæ 277:035, Næfurholti 296:054 og 060 og á Þingskálum 300:010. Í Næfurholti og á Vestari-Kirkjubæ hefur túnið verið.stækkað og stærri garðar byggðir fjær bæ. Til þess bendir garðlagsstúfur 277:039 á Vestari-Kirkjubæ og örnefnið *Milli garða* í Næfurholti (sjá 096:054). Á fyrri hluta 19. aldar voru tún almennt ekki girt á Íslandi og virðist svo hafa verið um allnokkrar aldir. Á 19. öld var rekinn áróður fyrir túngarðhleðslum. Oftast er ekki hægt að greina hvort garðlögin eru forn, en líklegast verður að telja að flestir garðarnir séu frá 19. öld.

Tafla 5: Skráðir túngarðar.

Samtala	Heiti jarðar	Tegund	Hlutverk	Ástand	Ef horfin, af hverju
RA-270:014	Galtarholt	garðlag	túngarður	hleðslur standa grónar	
RA-270:018	Galtarholt	garðlag	túngarður	hleðslur standa grónar	
RA-274:015	Oddahóll	garðlag	túngarður	hleðslur standa grónar	
RA-274:021	Oddahóll	garðlag	túngarður	hleðslur standa	
RA-275:022	Lambhagi	heimild	túngarður	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-277:035	Vestari Kirkjubær	garðlag	túngarður	hleðslur standa grónar	
RA-277:039	Vestari Kirkjubær	garðlag	túngarður	hleðslur standa grónar	
RA-277:055	Vestari Kirkjubær	garðlag	túngarður	hleðslur standa grónar	
RA-278:015	Eystri Kirkjubær	garðlag	túngarður	hleðslur standa grónar	
RA-279:033	Stóra Hof	heimild	túngarður	ekki sést til fornleifar	vegna rofs
RA-280:020	Minna Hof	garðlag	túngarður	hleðslur standa grónar	
RA-281:037	Stokkalækur	garðlag	túngarður	hleðslur standa grónar	
RA-289:037	Reyðarvatn	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-291:034	Kot	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-292:026	Dagverðarnes	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-294:008	Haukadalur	garðlag	túngarður	sést til	
RA-296:054	Næfurholt	garðlag	túngarður	hleðslur signar	
RA-296:061	Næfurholt	garðlag	túngarður	hleðslur standa grónar	
RA-298:011	Svínhagi	garðlag	túngarður	hleðslur standa grónar	
RA-299:028	Kaldbakur	garðlag	túngarður	ekki sést til fornleifar	vegan sléttunar
RA-300:010	Þingskálar	garðlag	túngarður	hleðslur signar	

Stekkir, kvíar, réttir og smalakofar

Stekkir eru yfirleitt einfaldar girðingar með litlu hólfi (lambakró) á einni hlið/við annan enda þar sem fært var frá. Sumstaðar hafa myndast litlir túnblettir í kringum stekki sem voru slegnir. Samanlagt voru skráðir 11 stekkir á svæðinu, sem einungis höfðu það hlutverk, og þar af eru sex horfnir. Af þeim fimm sem eftir standa eru einungis þrjár greinilegar stekkjartóftir.

Leifar stekkjarins á Vestari-Kirkjubæ 277:015 hafa verið sléttaðar og þar er nú gróin þúst og í Stekkjartúni í Selsundi voru Sigðurðarhús 293:032 byggð á stekkjarstæðinu. Þó vel megi vera að hluti hleðslnanna í tóftinni séu úr upprunalega stekknum er tóftin dæmigert jötuhús fremur en stekkur. Stekkirnir á Minnahofi 280:011, í Selsundi 293:027 og á Steinkrossi 290:008 hafa ótvírætt varðveislugildi. Stekkurinn á Minnahofi er tvískiptur með gerði aftan við tóftina en stekkurinn í Selsundi er einfaldur. Stekkurinn á Steinkrossi er nokkuð óljós en í honum eru að minnsta kosti tvö hólf. Að auki voru tvö stekkjarstæði skráð þar sem fyrr stóðu býli. Stekkur var byggður á bæjarstæði Nýjabæjar í Næfurholti, 296:064 og á býlisstæði Kastalabrekku í landi Kots, 291:007. Stekkjartóftin á bæjarstæði Nýjabæjar er nokkuð greinileg, um 5x10 m stór, hún er einföld og alveg opin í annan endan. Margar tóftir og dældir eru á bæjarstæði Kastalabrekku og ljóst að þar eru mörg byggingarstig og ekki reyndist unnt að segja til um hvaða tóftir tilheyra þeim tíma þegar stekkjað var þar og hverjar tilheyra bænum. Alls voru því 13 stekkjarstæði skráð á svæðinu og telst það mjög lágt hlutfall ef miðað er við fjölda bæja á svæðinu. Gera má ráð fyrir að mun fleiri jarðir hafi haft í stekk og því mætti vænta talsvert fleiri stekkja á þeim 34 jörðum sem skráðar voru. Stekkir voru yfirleitt utan túns og varðveitast því oft vel og því vekur fæð þeirra nokkra furðu. Vera má að stór hluti stekkjanna hafi horfið við stækkun túna en einnig getur fæð þeirra skýrst af því að hluti þeirra mannvirkja sem notaðuð voru sem stekkir hafi verið skráðir sem *réttir*, en allmargar réttir voru skráðar á svæðinu og margar þeirra eru nærri bæ.

Kvíar voru yfirleitt mun nær bæ en stekkirnir og oftast beinlínis í túnjaðri. Ekki hafa það alltaf verið hlaðnar kvíar, heldur var stundum aðeins um ákveðinn stað að ræða þar sem ær voru mjaltaðar og sumstaðar voru færikvíar notaðar, sérstaklega þegar komið var fram á þessa öld. Hugtakið „stöðull“ er oft notað um kvíar sem ær voru mjólkaðar í en oftast er það þó notað um stað eða réttir þar sem kýr voru mjólkaðar á sumrum. Samtals voru skráðar 13 kvíar á svæðinu en ætla má að þær hafi verið á flestum bæjum. Líklegasta ástæðan fyrir því að þeirra er ekki getið nema á hluta jarðanna er sú að færikvíar voru mikið algengari í seinni tíð og hafa sennilega ekki staðið á sama stað nema nokkur ár í einu en auk þess má gera ráð fyrir að margar kvíar hafi horfið við túnastækkun, þar sem þær voru oft við jaðar túna. Af kvíunum 13 sem skráðar voru eru ummerki algerlega horfin á þremur stöðum. Ein kvíatóftin sem skráð var ber nafnið Kúaból 280:019 og tengist því líklega mjólkun kúa fremur en áa. Það eru því alls níu kvíatóftir á svæðinu, á Heiði 301:018, tvær á Stokkalæk 281:013, 281:006, í Galtarholti 270:013, á Vestari-Kirkjubæ 277:037, á Eystri-Kirkjubæ 278:010, tvær í Dagverðarnesi 292:012 og 292:013 og ein í Mörk 469:021. Kvíatóftirnar eru flestar einfaldar með lágum hleðslum og mjög áþekkar að stærð. Tóft 277:037 í Vestari-Kirkjubæ og tóft

301:018 á Heiði eru einu tvískiptu kvíatóftirnar á skráningarsvæðinu og vera má að tóftin á Vestari-Kirkjubæ hafi verið notuð sem stekkur en hennar er ekki getið í heimildum. Kvíar 292:012 á Dagverðarnesi eru stórt gerði, um 50x50 m stórt og svipar fremur til nátthaga en kvía. Gerðið er kallað stöðull og líklegt er að einhvern tíma hafi verið minna hólf innan gerðisins þar sem ær voru mjólkaðar.

Aðrar minjar sem tengjast mjaltaám eru smalakofar. Fimm slíkir voru skráðir á svæðinu. Líklegt er að smalakofar og –skýli hafi verið á fleiri stöðum og stundum jafnvel margir á hverri jörð því algengt hefur verið að nýir smalar byggðu sinn eigin kofa frá grunni. Smalakofar eru undantekningarlítið við staði sem hátt ber og þar sem víðsýnt er. Af smalakofunum fimm er einn grjóthlaðinn og mjög veglegur 278:013 í landi Eystri-Kirkjubæjar. Kofans er ekki getið í heimildum en útlit hans og staðsetning þótti benda til að hann hefði verið byggður sem lítill smalakofi. Kofinn er um 500 m norðan við beitarhúsatóft 278:012 og frá honum er víðsýnt. Tóftaþyrping 281:038 var túlkuð sem þyrping smalakofa. Engar heimildir eru til um tóftirnar. Þær eru allar mjög litlar og frá svæðinu við Arnarnefsgil sér víða yfir lönd Stokkalækjar. Því þótti líklegast að kofarnir væru smalakofar en ekki er hægt að útiloka að þær hafi gegnt öðru hlutverki. Smalakofi 277:044 í Grafarnesi í landi Vestri-Kirkjubæjar er “dæmigerðasti” kofinn á svæðinu. Hann er uppi á dálitlum hól þar sem vel sér yfir Grafarnesið þar sem án efa hefur verið sérstaklega mikilvægt að fylgjast vel með fé í blautri mýrinni. Þá var smalakofi 293:067 á Völukofanefi í Selsundi en hann er nú horfinn. Rönkukofa 289:016 í landi Reyðarvatns sem hlaðinn var fyrir smalastúlku að nafni Ragnhildur, er getið í örnefnaskrá jarðarinnar en hann fannst ekki.

Aðhöld til að hemja skepnur, önnur en fjárskýli, gæsaréttir, hrossaborgir, kvíar og stekkir eru flokkuð sem *réttir* í fornleifaskráningu. Réttir eru aðallega notaðar til að: geyma skepnur tímabundið (t.d. í rekstri), draga sundur og/eða til að fást við þær t.d rýja, mjalta eða gelda. Samtals voru skráðar 29 réttir á jörðunum 34 og eru tóftir eða hleðslur þeirra greinilegar á 22 stöðum. Meirihluti þessara réttartófta eru litlar og innan við 250 m frá bæ og hafa þær verið heimilisréttir frá bæjunum. Reyðarvatnsréttir, 289:025 er stærsta réttin á svæðinu ásamt Grjótaréttum 296:020 í landi Næfurholts. Reyðarvatnsréttir eru hlaðnar úr tveimur hringjum, innri og ytri. Innri hringurinn er almenningur og þeim ytri er skipt í 16 dilka. Þær eru um 40-45 m í þvermál. Grjótaréttir eru þrjár á allstóru svæði. Þær eru allar um 20x5 m stórar, hlaðnar upp við náttúrlegar hraundranga sem mynda hluta þeirra. Safnið úr Næfurholtsfjöllum var rekið í þessar réttir. Réttin á Fornuréttarsandi er gömul skilarétt hreppsins, í landi Dagverðarness 292:003. Hún hefur verið stór en er nær alveg horfin. Eingöngu hringlaga grjótdreif um 50 m í þvermál er nú sjáanleg á réttarstæðinu.

Beitarhús, sel og fjárskýli

Beitarhús eru fjárhús sem standa í úthögum fjarri bæ, nýtt til útbeitar á vetrum. Sel eru bústaðir í úthögum eða inn til fjalla sem voru notaðir um sumar til að nýta beit og jafnvel slægjur. Oft er erfitt að skera úr um hvort um sel eða beitarhús eru að ræða en selbyggingar voru oft notaðar sem beitarhús á vetrum. Alls voru 50 beitarhús skráð og þar af eru einungis þrenn horfin. Beitarhúsin eru umfangsmestu fornleifarnar sem skráðar voru á svæðinu ásamt eyðibýlum og eru rústir þeirra að jafnaði í mjög góðu ástandi. Ekkert sel var skráð og kom það nokkuð á óvart, þar sem seljarústir eru yfirleitt skráðar á stærri jörðum, kirkjujörðum og stærri býlum sem eiga land til fjalla eða afréttarlanda. Selja var því ekki að vænta á minni jörðum svæðisins, en fastlega hefði mátt búast við leifum selja á stóru jörðunum nyrst á svæðinu. Fjöldi beitarhúsa bendir til að mikil áhersla hafi verið lögð á vetrarbeit á svæðinu og á langflestum jörðum voru fleiri en eitt beitarhús. Samtals voru 29 fjárskýli skráð á svæðinu. Fjárskýli eru hvers kyns skjól eða afdrep fyrir sauðfénað, þ.m.t. fjárborgir.

Beitarhús

Beitarhúsin sem voru skráð eru margskonar. Á sumum stöðum standa margar tóftir saman, jafnvel innan garðlags en annars staðar eru um stakar tóftir að ræða. Þar sem tóftirnar eru margar saman má oft túlka það sem vísbendingu um að haft hafi verið í beitarhúsum á staðnum í lengri tíma en tóftirnar eru oft af húsum sem ekki voru í notkun samtímis. Þar sem tóftirnar eru stakar hafa þá verið hús í skemmri tíma – hugsanlega við sérstakar aðstæður. Fáar heimildir fjalla um notkun beitarhúsanna en svo virðist sem mörg þeirra hafi verið í notkun langt fram á 20. öld.

Beitarhús eru skráð á nær öllum jörðum, sem skráðar voru sumrin 2006 og 2007, fyrir utan Bakkabæina svokölluðu, sunnan Þverár. Þar eru einungis skráð beitarhús á þremur bæjum af 12, í Bakkakoti, Uxahrygg og í Stórholti. Í Bakkakoti er stök en allstór tvískipt tóft. Hún skiptist í hólf með garða í miðju og sambyggða hlöðu 264:011. Húsin í Stórholti 272:002 eru við Skollarima á merkjum móti Galtarholti. Beitarhúsanna er ekki getið í heimildum en staðsetning tóftarinnar og útlit bendir helst til að hún hafi verið notuð í þeim tilgangi. Þrenn beitarhús eru skráð á Uxahrygg. Sauðahús 273:009 nefnist óskýr tóft sem nú er í landi Uxahryggjar II. Tæpum 200 m norðan við Sauðahúsin er svo tvískipt tóft 273:023. Hennar er ekki getið í heimildum en af lögun hennar og staðsetningu að dæma hafa þar líklega einnig verið beitarhús. Þriðju húsin 273:022 eru svo um 275 m SSA við Uxahrygg I. Þar eru tvær skýrar tóftir, nú innan túns. Allar þessar beitarhúsatóftir eru fremur umfangslitlar ef þær eru

bornar saman við aðrar beitarhúsatóftir í sveitinni.

Ein beitarhús 274:024 eru skráð í landi Oddhóls en þar eru fimm tóftir saman og sumar þeirra allstórar með mörgum hólfum. Tvenn beitarhús eru skráð í Lambhaga. Annars vegar eru þrjár tóftir og tvær þústir innan garðs um 1 km VNV við bæ 275:016 og hins vegar er ein stök tóft 275:028 um 730 m ANA við bæ. Í landi Strandar eru tvenn beitarhús skráð. Önnur eru svokallaðar Preststættur 276:005 sem einnig eru nefndar Oddahús. Þar er alllíklegt að hafi verið haft í seli því tóftirnar eru mjög fyrirferðamiklar og ná yfir stórt svæði. Samkvæmt heimildum voru þar sauðahús frá Odda en hann er um 6,5 km suðvestan við rústirnar. Hinar beitarhúsatóftirnar kallast Melhús 276:004. Þar er tvískipt tóft, stórt hólf með garða og minna og dýpra hlöðuhólf aftan við. Á Kirkjubæjunum voru skráð fimm beitarhús. Þrjú þeirra voru á Vestari-Kirkjubæ. Heimarihús 277:016 nefnast þrjár tóftir innan garðlags um 1,5 km VNV við bæ. Tóftirnar eru á talsverðri hólbungu innan gerðisins og Bogi Thorarenssen taldi að þar hafi Gíslahjáleiga 277:029 jafnvel staðið. Ytrihús 277:017 eru á merkjum móti Varmalandi um 700 m vestan við Heimarihús. Þar eru tvær tóftir. Þær eru báðar allstórar og margskiptar. Þriðju beitarhúsin á Vestari-Kirkjubæ eru í Brynjunesi og þar eru þrjár stórar tóftir 277:026 sem voru samkvæmt Boga Thorarensen stærstu beitarhúsin á jörðinni. Aðeins ein beitarhúsatóft 278:012 var skráð á Eystri-Kirkjubæ, norðan við Síkið. Hún er mjög stór og skiptist í sex hólf. Heimildir geta annarra beitarhúsa, Sauðatætta 278:006 sem voru norður á Kirkjubæjarmýri en þær fundust ekki. Þrenn beitarhús eru skráð á Stórahofi. Stór, fjórskipt tóft 279:013 er um 2 km vestan við bæ og ganga garðlög frá norðaustur- og suðausturhornum hennar. Þá eru önnur beitarhús um 1 km vestan við bæ, Gömlu-fjárhúsin 279:015. Þar eru tvær tóftir tengdar með löngu garðlagi. Tóftirnar eru báðar tvískiptar og í þeirri nyrðri eru jötur með veggjum annars hólfsins. Þriðju beitarhúsin 279:047 eru um 1 km norðan við beitarhúsatóft 279:013. Þar er ein stór tóft og önnur minni. Á Minnahofi voru tvenn beitarhús skráð Sauðahús, 280:035 og tóft 280:036. Í Sauðahúsum er einföld tóft um 960 m ANA við bæ. Tóft 280:036 er mjög óskýr, hún virðist þó hafa verið tvískipt. Ein beitarhús voru skráð á Stokkalæk 281:015. Beitarhúsin voru á Potthól þar sem núverandi íbúðarhús stendur nú og þar eru fimm tóftir.

Tvenn beitarhús eru skráð í Selsundi. Annars vegar eru fimm tóftir, ein stór og fjórar minni saman, um 860 m ANA við bæ 293:034 og hins vegar er stök tóft um 500 m sunnan við bæ 293:070, byggð á fjórða áratug síðustu aldar. Í Haukadal voru þrenn beitarhús skráð. Stór tóft sem skiptist í fjögur hólf 294:032 er um 1,4 km suðvestan við bæ og önnur tóft 294:028, þrískipt, er um 1,8 km suðaustan við bæ. Þriðju húsin eru um 150 m vestan við tóft 294:028, þau voru byggð árið 1863. Tvenn hús voru skráð í Bolholti. Önnur eru um 1 km norðaustur af

bæ. Þar er einföld tóft 295:007 sem notuð var fram undir 1950. Hin húsin eru um 2 km austur af Gamla-Bolholti 295:009 og þar eru þrjár tóftir saman. Í Næfurholti voru fjögur beitarhús skráð. Tvenn þeirra eru allstór. Beitarhús 296:015 eru tvískipt tóft innan garðlags og hús 296:049 eru þrjár tóftir einnig innan garðlags. Hin eru minni, tóft 296:014 er einföld og tóft 296:025 er óskýr og sigin. Tvenn beitarhús voru skráð í landi Reyðarvatns. Beitarhús á Blesuviksflötum sem heimildir geta um fundust ekki, 289:014, en stór stök tóft, Illugagerði 289:019 fannst. Þar telur Skúli á Keldum að hafi verið býli. Á Kaldbak voru fern beitarhús skráð. Þau eru öll fremur lítil. Um 650 m ASA við bæ er einföld tóft 299:009 og munu beitarhúsin þar hafa verið í notkun til 1935. Þá er stök, einföld tóft af beitarhúsum sem byggð voru árið 1941 um 2,3 km suður af bæ 299:020. Af þriðju beitarhúsunum 299:014 má enn sjá tóft og nokkrar dældir umhverfis en samkvæmt örnefnaskrá voru þau hús rifin um 1950. Heimildir geta fjórðu beitarhúsanna 299:013 á Kaldbak en þau fundust ekki. Á Heiði voru skráð þrenn beitarhús. Þau eru öll í minna lagi. Um 1,8 km suðaustur af Heiði V er tvískipt tóft 301:017 og önnur tvískipt tóft 301:032 er um 1,5 km suðaustan við þann bæ. Tóft þriðju húsanna 301:033 er einföld. Þrenn beitarhús voru skráð í Koti. Þrjár tóftir, heytóft, fjárhús og aðhald 291:025, standa saman um 2 km norðaustan við bæinn og stök beitarhúsatóft 291:027 er um 60 m suðaustan við þær. Þriðju húsin eru um 1,2 km ASA við Kot, einföld stök tóft, 291:029. Þrennar beitarhúsatóftir voru einnig skráð í Svínhaga. Þær eru allar stakar, 298:015, 298:008 og 298:037. Tvenn beitarhús voru skráð í Þingskálum. Um 1,3 km VNV við bæinn eru sex tóftir saman umkringdar garðlagi 300:015 og tvískipt tóft er um 140 m sunnan við þá tóftaþyrpingu. Loks var ein stök beitarhúsatóft skráð í Mörk 469:010.

Beitarhús voru byggð á þremur býlisstæðum á svæðinu eftir að býlin fóru í eyði, í Litla-Selsundi 293:061, Blábringu 270:007 og Breiðholti 296:063. Engin ummerki húsanna sjást nú í Blábringu og Breiðholti og skemma við sumarbústað hefur verið byggði ofan í beitarhúsatóftina í Litla-Selsundi svo hún er mikið skemmd. Þá hafa heimildamenn sett fram tilgátur að býli hafi áður verið þar sem beitarhúsin Heimarihús 277:016 eru í Vestari-Kirkjubæ og í Illugagerði í landi Reyðarvatns 289:019. Tóftirnar í Heimarihúsum eru á allmikilli hólbungu sem bendir til að þær séu ekki fyrsta byggingarstigið á svæðinu en engar vísbendingar eru um búsetu í Illugagerði.

Tafla 6: Skráð beitarhús

Samtala	Tegund	Fjarlægð frá bæ	Í notkun
RA-264:011	tóft	1,4 km	?
RA-272:002	tóftir	0,4 km (frá Stórholti 272:001)	?
RA-273:009	tóft	1 km (frá Fornabæ, 273:001)	?
RA-273:022	tóftir	0,2 km	?
RA-273:023	tóft	0,8 km (frá Langhólum 273:013)	?
RA-274:024	tóftir	1,27 km	?
RA-275:016	tóftaþyrping	1 km	?
RA-275:028	tóft	0,73 km	?
RA-276:004	tóftir	2,3 km	?
RA-276:005	tóftir	6,5 km (frá Odda)	
RA-277:016	tóft+garðlag	1,5 km	
RA-277:017	tóftir	2,3 km	byggð um 1890
RA-277:026	tóftir	2,1 km	
RA-278:006	heimild	?	?
RA-278:012	tóft	1,5 km	?
RA-279:013	tóft+garðlag	2 km (frá bæ 279:008)	?
RA-279:015	tóft+garðlag	1 km (frá bæ 279:008)	?
RA-279:047	tóftir	1,8 km (frá bæ 279:008)	?
RA-280:035	tóft	1 km	?
RA-280:036	tóft	0,7 km	?
RA-281:015	tóftir	1,3 km	?

Samtala	Tegund	Fjarlægð frá bæ	Í notkun
RA-289:014	heimild	0,7 km	?
RA-289:019	tóft	1,2 km	fram um aldamót 1900
RA-291:025	tóft	2 km	?
RA-291:027	tóft	2 km	?
RA-291:029	tóft	1,2 km	?
RA-293:034	tóftir	0,8 km	?
RA-293:070	tóft	0,5 km	byggð 1940
RA-294:007	tóft	1,7 km	byggð 1863
RA-294:028	tóft	1,8 km	endurreist 1896
RA-294:032	tóft	1,4 km	?
RA-295:007	tóft	1 km	fram til 1950
RA-295:009	tóftir	2 km (frá Gamla Bolholti 295:002)	byggð um 1922?
RA-296:014	tóft	2,3 km (frá bæ 296:003)	fram á 20. öld
RA-296:015	tóft	2,1 km (frá bæ 296:003)	?
RA-296:025	tóft	4 km (frá bæ 296:003)	um 1850?
RA-296:049	tóftir	0,7 km (frá bæ 296:003)	?
RA-298:008	tóft	2,7 km (frá bæ 298:029)	?
RA-298:015	tóft	1,6 km (frá bæ 298:029)	?
RA-298:037	tóft	2 km (frá bæ 298:029)	?
RA-299:009	tóft	0,6 km	fram til 1935
RA-299:013	heimild	?	?
RA-299:014	tóft	2,2 km	rifið 1950

Samtala	Tegund	Fjarlægð frá bæ	Í notkun
RA-299:020	tóft	2,3 km	byggt 1941
RA-300:015	tóft+garðlag	1,3 km	?
RA-300:043	tóft	1,3 km	?
RA-301:017	tóft	0,5 km (frá bæ 301:004)	?
RA-301:032	tóft	1,5 km (frá bæ 301:006)	?
RA-301:033	tóft	1,4 km (frá bæ 301:006)	?
RA-469:010	tóft	3,1 km (frá bæ 469:003)	?

Sel

Eins og áður sagði kom það mjög á óvart að engar selrústir voru skráðar á svæðinu. Vel getur verið að seljabúskapur hafi verið stundaður á sumrin í stærri beitarhúsatóftunum, þar sem þær voru skráðar margar saman, t.d í Oddhól 274:024, í Selsundi 293:034 og Preststættum á Strönd 276:005. Seljafæðin skýrist að hluta af því að flestar jarðanna sem skráðar voru sumrin 2006 og 2007 eiga ekki land að afrétti eða fjalllendi og sumar hverjar eru fremur litlar svo seljabúskapur hefur ekki verið mögulegur á þeim. Örnefnið Selsund bendir sterklega til að þar hafi verið haft í seli í eina tíð og má vera að bærinn hafi verið byggður á selstæðinu eða að einhver beitarhúsatóftanna á jörðinni sé á eldri seljum. Þess ber einnig að geta að samkvæmt niðurstöðum Þjóðverjans Egon Hitzler sem gerið rannsókn á íslenskum seljum árin 1968-69 áttu aðeins 8% jarða í Rangárvallasýslu sel í upphafi 18. aldar þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hlutfallið var það lægsta á landinu en til samanburðar voru selin flest í Dalasýslu þar sem þau voru á um 51% bæja.[44]

Fjárskýli

Eins og áður sagði voru 29 fjárskýli skráð á svæðinu og voru langflest þeirra, alls 25, á þeim jörðum sem skráðar voru sumarið 2006, nyrst í Rangárvallahreppi. Af skýlunum 29 sér enn til 22. Á tveimur stöðum eru einungis þústir, á Uxahrygg 273:014 og á Stokkalæk 281:007 og lítil hleðsla er greinileg í Byrginu á Stokklæk 281:016 sem hugsanlega hefur verið fjárskýli.

[44] Albína Hulda Pálsdóttir, *Segðu mér sögu af seli*, 2205.

Fimm skýlanna eru hellar og fundust þrír þeirra á vettvangi. Hvorki sjást leifar hella á Heiði 301:016 eða í Haukadal 294:009. Hinir hellarnir þrír eru í Dagverðarnesi 292:036, í Selsundi 293:014 og í Haukadal 294:004. Hlaðið hefur verið fyrir hellismunnana á hellunum í Dagverðarnesi og í Selsundi en engar mannvistarleifar fundust við hellinn í Haukadal.

Tóftir fjárborga sáust á 16 stöðum þær voru langflestar hringlaga og víða voru þær margar saman, eða á alls sjö stöðum. Tóftirnar voru flestar um 5-7 m í þvermál og margar þeirra hafa eflaust verið topphlaðnar. Borgirnar í landi Kots 291:030 eru einstaklega vel varðveittar og er önnur þeirra enn undir þaki. Heimildamaður, Bogi Thorarensen, taldi að hún hafi verið byggð um 1890.

Mótekja, kolagrafir, torfrista og hellutak

Gera má ráð fyrir að mór hafi verið aðaleldsneytið á flestum jörðum á skráningarsvæðinu fram um aldamótin 1900. Mógrafir geta ekki talist mjög athyglisverðar fornleifar í sjálfum sér en mikilvægt er að halda til haga upplýsingum um hvar mór var tekinn. Á nokkrum stöðum á skipulagssvæðinu var birkiskógur sem nýttur var til kolagerðar og kolagrafir voru skráðar á sex stöðum, allar á efri bæjum sveitarinnar í Haukadal 294:016, tvær í Næfurholti 296:065/047, og tvær í Koti 291:022/014 og í Dagverðarnesi 292:005. Engin ummerki þessara grafa sjást nú. Átta mógrafir eru skráðar á svæðinu og enn má sjá ummerki fimm þeirra. Mógrafirnar eru skráðar á sex jörðum af þeim 34 sem skráðar voru, á Minnahofi 280:014, Stórahofi 279:049 og 279:014, Bolholti 295:005 og 295:010, Heiði 301:029, Kaldbaki 299:007 og Vestri-Kirkjubæ 277:011. Mógrafir hafa líklega verið mun víðar en vera má að sumar þeirra hafi verið samnýttar af fleiri en einni jörð. Það mun t.d. vera raunin með grafir 299:007 í landi Kaldbaks sem voru samnýttar með Þingskálum. Nokkuð kemur á óvart að engar mógrafir eru skráðar á mýrlendum jörðum Bakkabæjanna, sunnan Þverár. Það skýrist þó án efa víða af því að grunnt er niður á sandframburð árinnar sem lengi flæddi yfir jarðirnar í leysingum.

Einungis fimm torfristustaðir eru skráðir í sveitinni, á Stórahofi 279:022, í Næfurholti 296:051, í Haukadal 294:022 og tveir í Svínhaga 298:014 og 289:024 Líkt og með mógrafirnar má fastlega gera ráð fyrir að torf hafi verið rist á miklu fleiri stöðum, sennilega að minnsta kosti einum stað á hverri jörð. Ör eftir torfristu gróa hins vegar fremur hratt og því týnast slíkir staðir fljótt. Engin ummerki ristu-staðanna sáust á vettvangi. Hellutak var skráð á tveimur stöðum, á Eystri-Kirkjubæ 278:008 og á Stóra-Hofi 279:041.

Myllur

Á fyrri öldum var allt korn malað í höndum en á 19. öld var farið að byggja vatnsmyllur til að sjá um þetta erfiða verk. Fjórar myllur voru skráðar á svæðinu, í Næfurholti 296:031, á Reyðarvatni 289:028, Heiði 301:019 og Stokkalæk 281:028. Myllur eru eitt fyrsta merkið um innreið nýrra tíma í íslenskum sveitum og er af þeim sökum mikilsvert að reynt verða að varðveita nokkrar slíkar fyrir komandi kynslóðir. Byggt hefur verið yfir tóft myllunnar í Næfurholti og henni breytt í smákofa, myllutóftirnar á Reyðarvatni og Heiði er alveg horfnar en tóft myllunnar við Stokkalæk er enn vel greinileg. Hún hefur því mikið varðveislugildi.

Samgönguminjar

Alls voru 48 leiðir skráðar á svæðinu og enn sér til 29 þeirra. Flestar þessara leiða lágu á milli jarða innan sveitarinnar, alls 30, aðrar lágu innan jarðanna t.a.m. út á engjar og tvær leiðir voru skráðar á milli landshluta. Annars vegar var þjóðleið Skaftfellinga í kaupstað skráð við Kirkjuhól í landi Stokkalækjar 281:030 og hins vegar leið í landi Svínhaga, hluti af hinum forna Þingvallavegi um uppsveitir, 298:009. Ár og lækir hafa verið farartálmar á flestum leiðum innan svæðisins og einnig til annarra sveita. Alls voru 50 vöð skráð á svæðinu og af þeim voru langflest yfir Ytri-Rangá, alls 15. Sjö vöð voru skráð yfir Eystri-Rangá en önnur vöð voru yfir minni vatnsföll, Víkingslæk, bæjarlæk Næfurholts, Selsundslæk, Svínhagalæk, Höfðalæk, Þverlæk, Stokkalæk og Hróarslæk. Aðeins eitt vað var skráð yfir Þverá, 266:005 enda mun áin hafa verið erfið yfirferðar og yfirleitt verið farið yfir á ferju. Einn ferjustaður var skráður yfir Þverá, frá Oddhóli að Fróðholtshjáleigu, 274:009. Tvær ferjur voru skráðar yfir Rangá, við Bátshvamm á Kaldbak 299:012 og Flutningur í landi Svínhaga, 298:019.

Þjóðsögur, álagablettir, huldufólksbústaðir, tröll og útilegumenn

Huldufólksbyggð er skráð á sjö stöðum á skráningarsvæðinu. Huldufólk er sagt hafast við í hólnum Einbúa 274:010 í landi Oddhóls en engar sögur fylgja þeirri búsetu Í klettinum Mónefi 280:032 hjá Stórahofi á að hafa sést ljós auk þess sem sögur fara af draugi í nefinu. Mikið hefur verið klappað í bergið og þegar hugrakkur heimamaður klappaði “hér er ekki draugur”, svaraði draugurinn “fí fí fú fú hver ert þú þú”. Stóralág 279:016 er vestan og norðvestan við Mónefið. Þar segja sögur að huldufólk hafist við og á jafnan að hafa hljótt um sig í lautinni. Þangað á heimasæta á Stórahofi að hafa fylgt lítilli stúlku sem hvarf henni sjónum þegar komið var ofan í lautina. Samkvæmt örnefnalýsingu Bolholts býr huldufólk í Mið-Bolholti 295:014 en engar sögur fylgja þeim stað. Sigríði Heiðmundsdóttur var sagt að huldufólk byggi í hrygg austur af Kaldbaksbænum, 299:027, og var henni bannað að leika sér þar sem barn. Sigríður sagði að aldrei hafi verið hróflað við hryggnum. Þá er örnefnið

Huldufólkskvos, 296:010, þekkt í Næfurholti. Heimilisfólkið kannast ekki við neinar sagnir um kvosina en þó var ávalt brýnt fyrir þeim að vera ekki með háreysti þar. Nálhús frá huldufólki á að hafa fundist í Nálhúshól, 291:011, á merkjum Selsunds og Kots.

Gömul kerling í rollulíki er sögð halda til í bæjarhól Bakkakotskots 265:001 austan við Bakkakot og hafa Bakkbæingar stundum þóst sjá hana í skuggsýnu veðrum að vetrarlagi. Örnefnið Draugur fylgir kofaþúst 267:007 í landi Ármóta, fyrrum Fróðholtshjáleigu en engar sagnir fylgja staðnum. Þá er örnefnið Tröllkonugil 277:027 í landi Vestari-Kirkjubæjar. Gilið er allstórt og vera má að nafnið sé dregið af stærð þess fremur en tröllkonu.

Nokkrir álagablettir voru skráðir á svæðinu. Á steininum Steinku 293:042 í Selsundi hvílir sú sögn að þegar skepna er keypt til bæjarins skuli ganga 3 hringi réttsælis og 3 hringi rangsælis steininn til að tryggja að gripurinn haldi lífi. Djúp för hafa myndast umhverfis steininn og er þjóðtrúnni enn viðhaldið. Lindin 293:054 heitir gamalt vatnsból frá Selsundi um 80 m NNV við bæ. Sú var trú að ef rótað væri við henni, hún dýpkuð eða hreyft við henni á annan hátt myndu menn verða fyrir óhöppum. Álög hvíla einnig á umhverfi Lindarinnar 293:045. Sunnan við Lindina heitir Svíri og skildi það svæði vera slegið síðast því annars fór að hvessa. Sigurði Lýðssyni sem bjó í Selsundi á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar er gert að hafa hreyft við steinum sunnan Lindarinnar og mun kona hans hafa verið heilsutæp upp frá því. Þá lágu álög á hvalbeini í túngarði í Selsundi. Það skyldi ávallt fylgja bænum og ekki mátti hreyfa við því. Hvalbeinið er nú týnt 293:046. Álög voru einnig á Vesturmýrinni 264:007, vestur af Bakkakoti. Mýrina mátti ekki slá því þá myndi snemmbæra drepast. Nú hefur mýrin verið ræst fram.

Fáeinir þjóðsagnastaðir voru skráðir. Þórðarklettur 294:017 og Þórðarflöt eru örnefni sunnan túns í Haukadal. Þar á að hafa haldið til þjófur með þessu nafni. Hjónin í Haukadal leyndu honum þar og matreiddu fyrir hann samkvæmt sögunni. Önnur sögn um útilegumann er þekkt í Selsundi um 2,3 km suðvestur frá bæ. Þar er hellir sem heitir Útilegumannahellir og í honum hafa fundist stórgripabein. Í Kirkjuhól 281:035 við upptök Stokkalækjar leynist mikill fjársjóður samkvæmt munnmælum. Þar á að skip Ingjaldar á Keldum að vera grafið með rá og reiða og segja munnmæli að hringurinn úr kirkjudyrunum á Keldum sem síðar var í bæjarhurðinni hafi fundist í hólnum.

V. Niðurstöður

Þær 901 fornleif sem skráðar voru á svæðinu hafa mismunandi hlutverk eins og kaflarnir að framan gefa til kynna. Fyrir utan þá flokka sem fjallað hefur verið um sérstaklega eru margir aðrir minni minjaflokkar á svæðinu. Tafla 5 sýnir hlutverk og fjölda þeirra fornleifa sem skráðar voru sumrin 2006 og 2007.

Tafla 7: Hlutverk skráðra fornleifa

áfangastaður	2	aftökustaður	3	akur	2	áveita	14
bænhús	3	beitarhús	50	brunnur	5	bústaður	67
býli	27	eyktamark	3	ferja	3	fjárhús	28
fjárskýli	29	fjós	11	hænsnakofi	1	hálfkirkja	1
herminjar	1	hesthús	14	heygarður	1	heystæði	4
hlaða	2	hrossaborg	2	hrútakofi	3		
huldufólksbústaður	7	kálgarður	36	kirkja	3	kolagröf	6
kvíar	13	lambhús	13	landamerki	31	legstaður	9
leið	48	leikvöllur	1	mógrafir	8	mylla	4
nátthagi	5	óþekkt	62	rétt	29	rista	5
sæluhús	3	samgöngubót	2	skemma	3	smalakofi	5
smiðja	3	stekkur	11	sundlaug	1	þingstaður	2
þvottalaug	1	þvottastaður	3	tjaldstæði	4	traðir	24
tröll	1	túngarður	21	útihús	93		
útilegumannabústaður	2	vað	50	varnargarður	6	vatnsból	7
vörslugarður	8						

Ástand fornleifa var metið á vettvangi og skiptist það í sex mismunandi flokka:

a) Ekki sést til fornleifar. Rústin er horfin, byggt hefur verið á henni eða henni rutt burt.

b) Hleðslur signar. Hleðslur hrundar að því marki að lögun tófta er orðin ógreinileg og gjarnan hlaupnar í púfur. Hleðsluhæð 20-80 cm en getur verið hærri þar sem rústir eru afmyndaðar af stórþýfi.

c) Hleðslur standa grónar. Hleðslur byrjaðar að renna í sundur en standa enn að mestu leyti þannig að lögun og herbergjaskipun tófta er greinileg, gróið yfir grjót í veggjum og gólfi. Hleðsluhæð 80-150 cm.

d) Hleðslur standa. Þök hrunin en hleðslur standa enn þannig að greina má einstök umför af torfi/grjóti. Hleðsluhæð 150 cm +

e) Undir þaki. Húsið er enn undir þaki. Miðað er við að þakið sé allt uppistandandi.

f) Sést til fornleifar. Þar sem ekki er um eiginlega tóft að ræða en leifarnar sjást hinsvegar, t.d. mógrafir, áletranir og lendingar.

Skífurit 3 sýnir ástand þeirra minja sem skráðar voru sumrin 2006 og 2007.

Skífurit 3: Ástand fornleifa



Ekki sést til um 38% skráðra fornleifa á svæðinu. Þar sem ekki sást til fornleifa var metið hvaða ástæður lágu að baki því að minjarnar voru horfnar af yfirborði. Ekki reyndist alltaf unnt að segja til um það með vissu en lang flestar minjarnar virðast hafa horfið við túnasléttun eða um 43% af þeim stöðum þar sem minjaspjöll voru þekkt. Skífurit 4 sýnir flokkun minjaspjalla á þeim minjastöðum þar sem ekki sást til fornleifa á yfirborði.

Skífurit 4: Minjaspjöll*



*(þar sem unnt var að meta ástæðu þess að ekki sást til fornleifar)

Hættumat var einnig unnið á vettvangi. Hættustigin eru þrjú eins og greint var frá í kafla II, engin hætta, hætta og stórhætta. Skífurit 5 sýnir hættumat á þeim fornleifum sem skráðar voru sumrin 2006 og 2007. Rétt rúmur meirihluti fornleifanna er í hættu, eða um 52% skráðra minja. 20 fornleifar eru í stórhættu eða um 2% skráðra staða. Engin hætta stafar að 46% minjanna.

Skífurit 5: Hættumat fornleifa:



Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á þeim minjastöðum sem eru í stórhættu þar sem líkur eru til að þeir hverfi á næstu árum og áratugum ef ekki verður gripið til aðgerða sem stuðla að varðveislu þeirra.

Fornleifar í stórhættu:

- **Bæjarhóll Fróðholtshóls 268:001**. Bæjarhóllinn sem er nú í landi Ármóta og er plægður reglulega og er þess vegna í stórhættu.
- **Réttartóft 291:028.** Tóftinni stafar stórhætta af trjágróðri sem vex umhverfis hana.
- **Réttarleifar á Fornuréttarsandi 292:003.** Leifum réttarinnar stafar stórhætta af landgræðslu á svæðinu.
- **Bæjarstæði Litla-Selsunds 293:061.** Bæjarstæðið er í stórhættu vegna trjáræktar og umgangs á svæðinu sem er nú innan sumarbústaðarlóðar.
- **Fundarstaður mannabeina í landi Reyðarvatns 289:022.** Mannabein blésu upp á Stóra-Hálsi í landi Reyðarvatns um aldamótin 1900 og er staðurinn í stórhættu af völdum uppblásturs.
- **Þúst við bæjarstæði Eystra-Reyðarvatns 289:030.** Þústunum stafar stórhætta af uppblæstri á svæðinu.
- **Garðlag við bæjarhól Mið-Reyðarvatns 289:031.** Garðlaginu stafar stórhætta af uppblæstri á svæðinu.
- **Garðlag við bæjarhól Mið-Reyðarvatns 289:032.** Trjám hefur verið plantað í garðlagið og er það í stórhættu af þeim sökum.
- **Meintur Grafreitur í Svínhaga 298:007.** Mannabein hafa komið við gamla bæinn í Svínhaga og er staðurinn í stórhættu vegna uppblásturs.
- **Beitarhúsatóft í landi Svínhaga 298:008.** Tóftin er innan sumarbústaðarlóðar og í

stórhættu af völdum ábúðar.

- **Beitarhúsatóft í landi Svínhaga 298:015.** Tóftinni stafar stórhætta af völdum trjáræktar.
- **Tóftir á Heiðarsléttum í Svínhaga 298:022.** Tóftirnar eru innan fyrirhugaðs sumarbústaðarlands og eru því í stórhættu.
- **Landamerkjavarða í landi Svínhaga 298:028.** Vörðunni stafar stórhætta af trjágróðri sem er umhverfis hana.
- **Bæjarhóll Víkingslækjar 300:011.** Bæjarhól Víkingslækjar stafar stórhætta af uppblæstri á svæðinu.
- **Kumlstæði í landi Merkur 469:004**. Kumlstæði þar sem Matthías Þórðarson fann kuml árið 1936 stafar stórhætta af uppblæstri á svæðinu.
- **Bæjarhóll Merkihvols 469:005**. Bæjarhól Merkihvols í landi Merkur stafar stórhætta af uppblæstri á svæðinu.
- **Tóft 469:015 í landi Merkur.** Tóftin sem líklega er af fjárskýli stafar stórhætta af uppblæstri á svæðinu.
- **Bæjarstæði óþekkts bæjar í landi Merkur 469:017.** Bæjarrústirnar sem komu í ljós undan vikri um 1970 stafar stórhætta af rofi af völdum uppblásturs og umferð ökutækja.
- **Leifar mögulegar dysjar í landi Merkur 469:018.** Meintum leifum dysjarinnar stafar stórhætta af uppblæstri á svæðinu.
- **Kvíatóft í landi Merkur 469:021.** Kvíarnar eru innan fyrirhugaðs sumarbústaðarlands og eru því í stórhættu.

Fimm fornleifar sem skráðar voru sumrin 2006 og 2007 hafa verið friðlýstar með formlegum hætti:

- Goðalág og hoftóft í landi Stórahofs **279:005**
- Bæjarhóll Stórahofs **279:001**
- Bæjarstæði Eystra-Reyðarvatns á Kóngshól **289:007**
- Þingsskálarústir í landi Þingskála **300:008**
- Bæjarhóll Merkihvols **469:005**

Þær voru allar friðlýstar á árunum 1927-1929.[45] Staðsetning svokallaðrar Goðalágar og hoftóftarinnar í landi Stórahofs er mikið á reiki og alls óvíst hvaða staði friðlýsingin á við. Engar tóftir fundust á þeim svæðum sem komu til greina sem hin meinta“Goðalág”. Bæjarhóll

Stórahofs er mjög stór en virðist að mestu leyti vera náttúrulegur, engar skýrar tóftir eru á honum en heimildir og munnmæli benda allar til sama staðsins svo eflaust leynast minjar þar undir sverði. Engar skýrar tóftir eru á Kóngshól en á honum er gróin grjótdreif um 3x2 m stór. Þingskálarústirnar í landi Þingskála ná yfir svæði sem er alls um 250x130 m stórt og þar eru um 40-45 tóftir. Tóftirnar eru á upphækkuðu svæði sem virðist að mestu vera uppsöfnuð mannvistarlög. Tveir hólar eru nú þar sem Mörk stóð. Annar þeirra er um 45 m í þvermál, strýtumyndaður og á honum er grjótdreif og um 8 m löng veggjarhleðsla. Hinn hóllinn er um 80x40 m stór og á honum er um 7x5 m stór, grjóthlaðin tóft.

Kynning og varðveisla

Kynning fornleifa fyrir almenningi er skammt á veg komin á Íslandi og liggja þar ónýttir miklir möguleikar. Íslendingar eru tengdari sögu lands síns en margar aðrar þjóðir og mjög margir hafa áhuga á sögu og fornleifafræði. Menningartengd ferðaþjónusta er tiltölulega nýtt hugtak hér á landi en verður vafalaust vaxandi atvinnugrein á komandi árum. Kynning á fornleifum og sögu getur aukið mjög á gildi útivistar og oft má flétta saman kynningu á gönguleiðum og fornleifafræðslu. Það þarf ekki að vera flókin né dýr framkvæmd, t.d. geta skilti með merkingum og upplýsingum um tóftir og aðra minjastaði skilað miklum fróðleik á einfaldan hátt.

Erfitt er að gera upp á milli minjastaða þegar kemur að því að gera tillögur um hvaða minjastaðir gætu hentað til kynningar og/eða rannsóknar og hvaða staðir hafa óvenjugott minjagildi. Það skal því ítrekað að allar minjar eru jafnar fyrir þjóðminjalögum, þær eru friðhelgar og þeim má ekki raska án leyfis Fornleifaverndar ríkisins. Eftirtaldir staðir skara þó framúr að einhverju leyti og hafa óvenju mikið varðveislu-, rannsóknar- eða kynningargildi:

Bæjarhólarnir 19 sem ekki hefur verið raskað hafa ótvírætt rannsóknar- og varðveislugildi og brýnt er að vernda þá hóla sem eru í stórhættu, Fróðholtshól **268:001**, bæjarhól Víkingslækjar **300:011** og Merkihvols **469:005**. Einnig er mikilvægt að gera ráðstafanir til að vernda þau bæjarstæði sem eru í stórhættu, bæjarstæði Litla-Selsunds **293:061** og bæjarstæði óþekkts bæjar í landi Merkur, **469:017**. Erfitt getur reynst að sporna við hættum af náttúrunnar hendi, s.s. uppblæstri og því er mikilvægt að unnið verði að því að afla þeirra upplýsinga sem bæjarhólarnir og –stæðin búa yfir áður en þau hverfa algerlega.

Óþekkt bæjarstæði í landi Merkur **469:017** er mjög spennandi rannsóknarverkefni. Rústirnar

[45] ÁG , 57-58

komu í ljós undan vikri um 1970. Við skráningu fundust leifar skála, útihúss og mögulegs túngarðs og ná mannvirkin alls yfir svæði sem er um 90 x 30 m stórt. Vikur hylur skálarústina að mestu og ekkert torf sést í henni, en það er líklega að mestu leyti rofið burt. Yfir öllu svæðinu er vikur og víða er hraungrýtisdreif sem vel gæti verið ættuð úr fleiri mannvirkjum. Sterklega er mælst til þess að svæðið verði rannsakað frekar því fleiri mannvirki kunna að leynast í vikrinum. Samkvæmt heimildamanni voru fleiri hleðslur á svæðinu en eitthvað hefur klárlega verið skemmt við umferð ökutækja um svæðið. Brýnt er að komið verið í veg fyrir frekara rask minjanna.

Bæjarhóll Gamla-Næfurholts **296:001** er mjög áhugavert rannsóknarefni. Á hólnum eru enn skýrar tóftir bæjarins sem flutt var úr árið 1846. Næfurholts er fyrst getið í kirknaskrá Páls árið 1200, þar var kirkja og er bærinn með elstu jörðunum á svæðinu. Því má ætla að í bæjarhólnum séu uppsöfnuð mannvistarlög allt frá landnámsöld til miðrar 19. aldar. Í honum leynast án efa miklar upplýsingar um líf fólks á Rangárvöllum. Öskuhóll bæjarins er einnig þekktur. Hann er við bæjartóftina. Rannsóknir á öskuhaugum og dýrabeinum sem í þeim finnast geta varpað skýrara ljósi á hagsögu staða/svæða og beinasöfnin eru mjög verðmætar vísbendingar um byggðaþróun og efnahagsögu. Upplýsingar úr öskuhaugum geta skorið úr um vægi milli landbúnaðar og sjósóknar t.d. og gefa vísbendingar um breytingar á matarræði í gegnum tíðina.

Bæjarhóll Háls **297:001** er einnig mjög áhugavert rannsóknarverkefni. Búseta þar hefur verið stöpul. Bærinn þar var fyrst byggður árið 1683 og fór í eyði um 1697 samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1711. Hann var í eyði til 1779 er hann byggðist aftur og var þá í byggð til 1787. Hann var aftur í byggð á árunum 1798-1815 og 1829-1844. Fólkið úr Næfurholti flutti í bæinn árið 1846 eftir jarðskjálftann og bjó þar til 1912 þegar bærinn lagðist aftur í eyði. Hann er því einstakur að mörgu leyti og rannsóknir á hólnum gætu varpað ljósi á líf fólks frá lokum 17. aldar til þeirrar 20. og hvernig bærinn var endurbyggður og eða lagaður í þrígang á 19. öld. Sú tilgáta hefur verið sett fram að bærinn sé Þórunnarhálsar sem getið er í Landnámu og því má vera að þar leynist mannvistarlög allt frá landnámsöld en uppgröftur gæti skorið úr um hvenær byggð hófst þar með óyggjandi hætti.

Á fyrri hluta 19. aldar byggðust mörg býli sunnan Þverár, Fróðholtshóll **268:001**, Markhóll **271:001**, Stórholt **272:001** og Ártúnakot **263:001.** Byggðin varði ekki lengi á þessum stöðum. Búið var á Fróðholtshól á árunum 1831-1904, á Markhól 1828-1881, í Stórholti 1825-1883 og

í Ártúnakoti frá 1831-1904. Fjárhús standa nú á bæjarstæði Ártúnakots en bæjarhólar hinna býlanna eru heillegir og því henta þeir vel til rannsókna. Þessi býli hafa verið með fátækustu bæjunum á svæðinu og rannsóknir á þeim geta varpað ljósi líf fátækari hluta þjóðarinnar við aldamótin 1900 og ástæður þess að svo mörg býli byggðust upp og fóru í eyði á þessu tímabili. Þar sem búseta varaði ekki lengi á þessum stöðum (a.m.k. ekki á Markhól og í Stórholti) eru þeir viðráðanlegri rannsóknarefni en bæjarhólar þar sem byggð hefur staðið lengi, en slíkar rannsóknir geta tekið fjölmörg ár. Skilti með nöfnum býlanna við bæjarhóla þeirra gætu aukið áhuga og vitneskju um þessi skammlífu býli.

Fyrsta bæjarstæði Vestara-Fróðholts er ekki þekkt en bærinn var fluttur árið 1705 samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1711. Bæjarnafnið Fróðholtshóll bendir til að bærinn sem byggður var árið 1819 hafi verið reistur á hól. Landslag umhverfis bæinn er mjög flatt og ólíklegt að hóllinn hafi verið náttúrulegur. Því má leiða líkur að því að býlið, sem byggt var árið 1819, hafi verið reist á uppsöfnuðum mannvistarlögum, bæjarhól Vestara-Fróðholts. Bæjarhóll Fróðholtshóls **268:001** er fremur stór, um 75x35 m stór og um 2,5-3 m hár. Stærð hans rennir stoðum undir þessa tilgátu þar sem ólíklegt verður að teljast að slíkur hóll hafi safnast upp þau tæplega 100 ár og Fróðholtshóll var í byggð. Hóllinn er því að mörgu leyti spennandi rannsóknarefni.

Fjölmargar rústir beitarhúsa eru á svæðinu eins og áður sagði. Þær rústir sem ef til vill hafa mest varðveislu og rannsóknargildi eru Presttættur eða Oddahús í landi Strandar **276:005** sem eru um margt forvitnilegar. Þær eru níu talsins á svæði sem er um 185x50 m stórt. Heimildir segja að þar hafi verið sauðahús frá Odda og hugsanlega hefur þar verið selstaða frá stórbýlinu. Ekkert sel er þekkt á svæðinu og athyglivert væri að skoða betur hvort og þá hvar slík mannvirki er að finna. Beitarhúsatóftirnar í Heimarihúsum í Vestari-Kirkjubæ **277:016** og tóftin Illugagerði í landi Reyðarvatns **289:019** eru einnig áhugaverðar en tilgátur um að þar hafi verið býli í fyrndinni hafa verið settar fram af heimamönnum.

Þingbúðatóftirnar að Þingskálum **300:008** eru einstakar og einu minjar þinghalds á svæðinu og mjög umfangsmiklar. Þær eru taldar fornar og ljóst að þar hafa yngri búðir verið byggðar ofan í eldri um nokkurt skeið. Þær eru mjög áhugavert rannsóknarverkefni. Með prufuskurðum í tóftirnar ætti, með lítilli fyrirhöfn, að vera hægt að aldursgreina minjarnar og meta umfang þeirra. Tóftirnar henta einnig mjög vel til kynningar. Nú er upplýsingaskilti frá Þjóðminjasafninu við tóftirnar en meira mætti gera til að kynna staðinn almenningi enda er

hann einstaklega vel staðsettur við bæinn á Þingskála.

Meintur grafreitur í landi Svínhaga **298:007** þar sem mannabein hafa komið upp er áhugaverður rannsóknarstaður. Staðnum stafar stórhætta af uppblæstri og því brýnt að ráðist verði í rannsóknir þar sem fyrst. Staðurinn er nálægt bæ í Svínhaga og gæti það bent til að um grafreit úr frumkristni gæti verið að ræða, fremur en fornmannadys.

Fjárskýli í landi Kots eru vel varðveitt og góð dæmi um fjárborgir. Fjárskýli **291:026** er nokkuð heillegt og virðist hafa verið topphlaðið, þó ekki sé hægt að fullyrða um það þar sem toppurinn er hruninn. Dyr skýlisins eru enn yfirbyggðar og um 11-12 umför hraugrýtis standa. Fjárskýli **291:030** eru enn betur varðveitt en henta verr til kynningar þar sem þau eru býsna vel falin og erfitt að komast að þeim. Skýlin eru tvö með um 5 m millibili. Annað er enn undir þaki en þak hins er að hluta hrunið. Heimildamaður, Bogi Thorarensen, taldi að skýlin hefðu verið byggð um 1890. Mikilvægt er að varðveita þessar borgir þar sem þær eru mjög góð dæmi um þessa tegund mannvirkja og að auki eru þær einstaklega vel hlaðnar og góð dæmi um forna byggingarhefð.

Heimildaskrá

Albína Hulda Pálsdóttir. 2005. *Segðu mér sögu af seli. Fornleifafræðileg úttekt á íslenskum seljum.* Ritgerði til B.A- prófs í fornleifafræði. Háskóli Íslands.

ÁG: Skrá um friðlýstar fornleifar. 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.

Árbók 1886: Brynjúlfur Jónsson. Um landnám Sighvats rauða. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1886*, 52-61

Árbók 1888-1892: Sigurður Vigfússon. Rannsóknir sögustaða sem gerðar vóru 1883 um Rangárvöllum og þar í grend, einkanlega í samanburði við Njáls sögu. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1888-1892*, 35-62

Árbók 1888-1892b: Sigurður Vigfússon. "Rannsóknir sögustaða sem gerðar vóru 1885 í Rangárþingi og í Skaftafellsþingi vestanverðu" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1888-1892*, 63-75

Árbók 1894: Brynjúlfur Jónsson. Rannsóknir í Rangárþingi sumarið 1893. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1894*, 21-25

Árbók 1898: Brynjúlfur Jónsson. Skrá yfir eyðibýli í Landsveit, Rangárvallasveit og Holtasveit í Rangárvallasýslu. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1898*, 1-28

Árbók 1900: Brynjúlfur Jónsson. Rannsóknir í Rangárþingi sumarið 1899. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1900*, 1-8

Árbók 1902: Brynjúlfur Jónsson. Rannsóknir í Rangárþingi sumarið 1901. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1902*, 1-32

Árbók 1904: Brynjúlfur Jónsson. Fornleifafundur í Fljótsdal 1902. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1904*, 21-24

Árbók 1905: Brynjúlfur Jónsson. Fornt gerði hjá Rauðnefsstöðum o.fl. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1905*, 56-57

Árbók 1905b: Brynjúlfur Jónsson. Fornt gerði hjá Þorleifsstöðum. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1905*, 55-56

Árbók 1906: Jón Jakobsson. Yfirlit yfir muni selda og gefna Forngripasafni íslands árið 1905. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1906*, 50-53

Árbók 1906b: Jón Jakobsson. Yfirlit yfir muni selda og gefna Forngripasafni íslands árið 1906. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1907*, 47-49

Árbók 1907: Brynjúlfur Jónsson. Fornleifar í Landsveit. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1907*, 26-28

Árbók 1907b: Brynjúlfur Jónsson. Rannsókn í Þórsmörk sumarið 1906. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1907*, 16-22

Árbók 1908: Matthías Þórðarson. Yfirlit yfir muni selda og gefna Forngripasafninu 1907. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1908*, 53-58

Árbók 1909: Matthías Þórðarson. Klaustrið að Keldum. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1909*, 32-33

Árbók 1911: Brynjúlfur Jónsson. Athugasemd um Merkihvol. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1911*, 66-67

Árbók 1911b: Matthías Þórðarson. Skýrsla um viðbót við þjóðmenjasafnið árið 1910. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1911*, 70-98

Árbók 1915: Matthías Þórðarson. Skýrsla um viðbót við þjóðmenjasafnið árið 1914. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1915*, 46-94

Árbók 1917: Matthías Þórðarson. Skýrsla um viðbót við Þjóðminjasafnið árið 1915 (frh). *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1917*, 16-35

Árbók 1923: Hannes Þorsteinsson. Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjarnöfnum á Íslandi. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1923*, 1-96

Árbók 1928: Guðmundur Árnason. Örnefni á Landamannaafrétti. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1928*, 81-93

Árbók 1928b: Skúli Guðmundsson. Nokkur örnefni og staðhættir í Njálu. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1928*, 1-21

Árbók 1930-1931: Matthías Þórðarson. Manngerðir hellar í Árnessýslu og Rangárvallasýslu. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1930-1931*, 1-76

Árbók 1932: Matthías Þórðarson. Forn jarðgöng fundin að Keldum á Rangárvöllum. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1932*, 58-59

Árbók 1932: Skúli Guðmundsson. Athugasemd við ritgerðir um sögustaði o. fl. í Njálu. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1932*, 29-40

Árbók 1933-1936: Helga Skúladóttir. Örnefni í Þríhyrningi. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1933-1936*, 19-24

Árbók 1937-1939: Skúli Guðmundsson. Undir Þríhyrningi. Nokkrar athugasemdir. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1937-1939*, 108-112

Árbók 1937-1939b: Helga Skúladóttir. Örnefni á Keldum á Rangárvöllum. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1937-1939*, 113-139

Árbók 1937-1939c: Shetelig, Haakon. Íslenzkar dysjar og fornleifar frá víkingaöld. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1937-1939*,5-18

Árbók 1951-1952. Vigfús Guðmundsson. Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum I. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1951-1953,* 132-36.

Árbók 1953: Vigfús Guðmundsson. Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1953,* 5-79

Árbók 1962:Gísli Gestsson. Spjót frá Kotmúla í Fljótshlíð. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1962,* 72-81

Árbók 1966: Ásgeir Ólafsson. Jólgeirsstaðir. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1966,* 79-114

Árbók 1971: Gísli Gestsson. Tjarnarkot og veiðivötn. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1971*, 74-85

Árbók 1974: Þór Magnússon. Skýrsla um Þjóðminjasafn 1973. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1974*, 153-173

Árbók 1984: Hermann Guðjónsson. Hreysi og fornleg rétt. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1984*,100

Árni Óla. 1962. *Þúsund ára sveitaþorp: Úr sögu Þykkvabæjar í Rangárþingi.* Reykjavík

Bergsveinn Skúlason. 1950. *Sögur og sagnir úr Breiðafirði.* Reykjavík

Bjarki Bjarnason. 1999. *Njáluslóðir. Örnefni og staðfræði Njáls sögu.* Reykjavík

Björn Guðmundsson. 1936. Hvar bjó Starkarður? *Lesbók Morgunblaðsins* [24.5.1936], 166

Böðvar Þór Unnarsson. 2006. *Þingskálar á Rangárvöllum, Uppmælingar og samanburður við eldri rannsóknargögn auk vangaveltna um tilgang og eðli staðarins.* Ritgerð til B.A. prófs í fornleifafræði. Háskóli Íslands.

Chorographica: Árni Magnússon. 1955. *Corographica Islandica, Safn til sögu Íslands,* 2. flokkur Reykjavík

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI. 1857-1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík.

Eggert Ólafsson. 1974. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferð þeirra á Íslandi árin 1752-1757.* Reykjavík

Eyjólfur Guðmundsson. 1998. Ritgerð um hella í Rangárvallasýslu. *Goðasteinn. Héraðsrit Rangæinga* 34. árg., 54-69

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823* I-II. 1983. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar, Reykjavík

FSP: Sveinn Pálsson. *Ferðabók. Dagbækur og ritgerðir1791-1797*, Reykjavík

Gestur Guðfinnsson. 1972. Þórsmörk. *Árbók ferðafélagsins 1972. Rangárvallasýsla austan Markarfljóts*, 97-173

GR: *Göngur og réttir. Skaftafells- og Rangárvallasýsla* I. 1983. Akureyri

Guðjón Jónsson. 1954. Kambsrétt. *Heima er bezt 1954* nr. 10 4. árg., 297-299

Guðlaugur E. Einarsson. Holtavegur hinn forni. Blanda VII, 319-324

Guðmundur Árnason. 1958. Uppblástur og eyðing býla í Landsveit. *Sandgræðslan, minnzt 50 ára starfs Sandgræðslu Íslands.* Reykjavík

Haraldur Matthíasson. 1982. *Landið og Landnáma* II, Reykjavík.

HB Sumar: Hjörtur Björnsson. 1943. *Sumar á fjöllum,* Reykjavík.

Helgi Hannesson. 1965. Kampastaðir. Kot sem draugur eyddi. *Goðasteinn. Tímarit um menningarmál* 1. hefti, 4. árg., 26-29

HÞ: Helgi Þorláksson. 1997. Byggð undir Heklu. *Goðasteinn. Héraðsrit Rangæinga* 33. árg, 149-161.

HS: Helga Skúladóttir. 1950. *Rangárvellir 1930: lýsing landslags, jarða og búenda, uppdrættir bæjanna, m.m.* Reykjavík.

ÍF I: *Íslenzk fornrit I. Íslendingabók & Landnáma,* Reykjavík 1986

ÍF XV$_2$: Íslensk fornrit XV$_2$. *Biskupasögur I,* Reykjavík 2003.

ÍF XII: *Íslenzk fornrit XII. Njáls saga,* Reykjavík 1954

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* I *Vestmanneyja- og Rangárvallasýsla,* Kaupmannahöfn 1913-1917

JJ: Johnsen, J: *Jarðatal á Íslandi,* Kaupmannahöfn 1847.

Jón Árnason. Örnefni við Veiðivötn á Landamannaafrétti. *Goðasteinn. Tímarit um menningarmál,* 4. árg, 2., hefti, 61-70

Jón Egilsson: "Biskupa – annálar Jóns Egilssonar með formála, athugagreinum og fylgiskjölum eptir Jón Sigurðsson" *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju* I, Kaupmannahöfn 1856, 15-136

Jón Skagan. 1973. *Saga Hlíðarenda í Fljótshlíð,* Reykjavík.

KEKH: Kristján Eldjárn. 1956. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Ísland,i* Akureyri.

KEKH 2000: Kristján Eldjárn. 2000. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi, 2. útg.* Adolf Friðriksson (ritstj.). Reykjavík

KK: Kaalund, Kristian. 1986. *Íslenzkir sögustaðir. Sunnlendingafjórðungur* I, Reykjavík

Manngerðir hellar: Árni Hjartarson, Guðmundur J. Guðmundsson og Hallgerður Gísladóttir. 1991. *Manngerðir hellar á Íslandi.* Reykjavík

MHH og GZ: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðný Zoega. 2005. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Reyðarvatns.* Byggðasafn Árnesinga og Byggðasafn Skagfirðinga.

Oddgeir Guðjónsson. 1998. Minjar og kornmyllur í Fljótshlíð. *Goðasteinn. Héraðsrit*

Rangæinga 34. árg., 39-43

Oddgeir Guðjónsson. Fljótshlíð. *Árbók ferðafélagsins 1966. Rangárvallasýsla vestan Markarfljóts*, 101-112

PS: Páll Sigurðsson. 1886. Um forn örnefni, goðorðaskipun og fornmenjar í Rangárþingi. *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju* II, Kaupmannahöfn, 498-557.

RLLF: *Rit hins íslenska lærdómslistafélags* I-XV, Kaupmannahöfn 1780-1794

Sædís Gunnarsdóttir. 2000. Menningarminjar í Rangárvallasýslu. Greinargerð um svæðisskráningu Reykjavík

SB IV: *Sunnlenskar byggðir. VI Rangárþing austan Eystri Rangár,* [án útgáfustaðar] 1982

SB V: *Sunnlenskar byggðir. V Rangárþing vestan Eystri-Rangár,* [Selfoss] 1987

Skýrsla FÍ I: *Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík* I, *1863-1866,* Kaupmannahöfn 1868

Skýrsla FÍ II *Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík* II, *1867-1870,* Kaupmannahöfn 1874

Skýrsla FÍ III: Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík III, 1871-1875, Kaupmannahöfn 1881

SP Ferðabók sjá **FSP**

SSR: *Rangárvallasýsla. Sýslu og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873.* 1968, Reykjavík

Sædís Gunnarsdóttir. 2000. *Menningarminjar í Rangárvallasýslu. Greinagerð um svæðisskráningu*. Fornleifastofnun Íslands.

ÚAT: Ólafur Briem. 1959. Útilegumenn og auðar tóttir. Reykjavík

VG Eyðibýli og auðnir: Vigfús Guðmundsson. Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1951-1952,* 91-164

Vigfús Guðmundsson. 1931. *Saga Oddastaðar,* [án útgáfustaðar]

VS Rangvellingabók: Valgeir Sigurðsson 1982. *Rangvellingabók. Saga jarða og ábúðar í Rangárvallahreppi,* I-II, Hella

Óprentaðar heimildir:

Túnakort: Túnakort Rangárvallahrepps 1917. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Bakkabæir. Örnefni á Uxahrygg, Galtarholti, Fróðholti, Fróðholtshjáleigu, Bakkakoti og Ártúni. Bergsteinn Kristjánsson skráði eftir handriti Helgu Skúladóttur. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Eystri-Kirkjubær. Örnefni á Eystri-Kirkjubæ. Bergsteinn Kristjánsson skráði.

Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Haukadalur Örnefni í Haukadal. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Haukadalur + viðbót . Viðbót við örnefnaskrá Haukadals. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Heiði Örnefni á Heiði. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Lambhagi. Örnefni í Lambhaga. Bergsteinn Kristjánsson skráði eftir handriti Helgu Skúladóttur. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Minna-Hof. Örnefni á Minnahofi. Bergsteinn Kristjánsson skráði eftir handriti Helgu Skúladóttur. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Næfurholt Örnefni í Næfurholti. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Næfurholt + svör við spurningum. Svör við spurningum Örnefnastofnunar Íslands um örnefni í Næfurholti. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Oddhóll. Örnefni á Oddhól. Bergsteinn Kristjánsson skráði eftir handriti Helgu Skúladóttur. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Stokkalækur. Örnefni á Stokkalæk. Bergsteinn Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Stóra-Hof. Örnefni á Stórahofi. Helga Skúladóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Vestari-Kirkjubær og Strönd. Örnefni á Vestari-Kirkjubæ og Strönd. Bergsteinn Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Selsund Örnefni í Selsundi. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Þingskálar og Kaldbakur Örnefni á Þingskálum og Kaldbak. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Víkingslækjarland Örnefni í Víkingslækjarlandi. Örnefnastofnun Íslands

Ö-BolholtHS. Örnefni í Bolholti. Helga Skúladóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands

Ö-BolholtIE. Örnefni í Bolholti. Ingólfur Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands

Ö-Reyðarvatn. Örnefni á Reyðarvatni. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Dagverðarnes. Örnefni á Dagverðarnesi. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Kot. Örnefni í Koti. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Svínhagi. Örnefni í Svínhaga. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Steinkross. Örnefni á Steinkrossi. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnakort Ingólfs Einarssonar. Landgræðsla ríkisins.

Ö-Víkingslækjarland. Örnefni í landi Víkingslækjar. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Víkingslækur í stafrófsröð. Örnefni í landi Víkingslækjar í stafrófsröð. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Skógarkot, Mörk, Eskiholt, Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Borg. Örnefni í landi Skógarkots, Merkur, Eskiholts, Stóra-Klofa, Litla-Klofa og Borgar. Örnefnastofnun Íslands.

Heimildamenn:

Ágúst Sigurðsson -Eystri-Kirkjubær.
Ársæll Jónsson - Eystra-Fróðholt
Ásgeir Auðunsson – Svínhagi, Bolholt.
Bæring Sigurbjörnsson - Stórahof.
Bjarni Böðvarsson – Bolholt.
Bogi Thorarensen - Vestari-Kirkjubær, Strönd, Steinkross, Kot og Dagverðarnes.
Einar Valmundsson - Galtarholt.
Fríða Hildur Steinarsdóttir - Oddhóll.
Grettir Rúnarsson – Svínhagi.
Guðjón Egilsson – Lambhagi.
Guðjón Sigurðsson – Eystri-Kirkjubær.
Guðmundur Ómar Helgason – Lambhagi.
Guðmundur Skúlason – Reyðarvatn.
Guðmundur Sverrisson –Selsund.
Hafliði Þ. Halldórsson – Fróðholtshjáleiga.
Halla Bjarnadóttir – Ártún.
Helga Dagrún Helgadóttir – Lambhagi.
Hörður Thorarensen – Vestari-Kirkjubær.
Hreinn Árnason – Fróðholtshjáleiga og Vestara-Fróðholt.
Inga Ásta Hafstein – Stokkalækur.
Ingimar Ísleifsson – Oddhóll.
Ingvar Magnússon – Minnahof.
Ingvar Þorsteinsson – Strönd.
Klara Harðardóttir –Kaldbakur.
Magnús Guðmundsson – Uxahryggur.
Ófeigur Ófeigsson – Næfurholt.
Pétur Kr. Hafstein – Stokkalækur.
Sigríður Heiðmundsdóttir – Kaldbakur.
Sjöfn Guðmundsdóttir – Lambhagi.
Skúli Lýðsson – Stokkalækur.
Sólveig Sigurðardóttir – Þingskálar.
Sveinn Guðjónsson – Uxahryggur.
Sveinn Sigurjónsson –Mörk.
Sverrir Haraldsson – Selsund og Haukadalur.
Þóra Bernódusdóttir – Bakkakot.
Þorsteinn Oddsson – Bolholt og Heiði.
Viðar Steinarsson – Bolholt og Kaldbakur.

Viðauki:

Tafla 8:
Ástand skráðra útihúsa

Samtala	Heiti jarðar	Tegund	Hlutverk	Ástand	Ef horfin, af hverju
RA-262:003	Hátún (Ártún)	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna bygginga
RA-262:004	Hátún (Ártún)	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-264:002	Bakkakot	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-264:010	Bakkakot	mannvirki	útihús	sést til	
RA-264:017	Bakkakot	frásögn	fjós	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-264:020	Bakkakot	frásögn	lambhús	ekki sést til fornleifar	vegna bygginga
RA-266:012	Vestra Fróðholt	tóft	fjárhús	hleðslur standa grónar	
RA-267:002	Fróðholtshjáleiga	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna rasks
RA-267:003	Fróðholtshjáleiga	heimild	lambhús	ekki sést til fornleifar	vegna rasks
RA-267:004	Fróðholtshjáleiga	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna rasks
RA-267:005	Fróðholtshjáleiga	heimild	hesthús	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-267:006	Fróðholtshjáleiga	heimild	fjárhús	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-267:009	Fróðholtshjáleiga	heimild	fjárhús	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-267:010	Fróðholtshjáleiga	heimild	fjárhús	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-267:012	Fróðholtshjáleiga	heimild	hesthús	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-267:013	Fróðholtshjáleiga	frásögn	hrútakofi	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-269:002	Eystra Fróðholt	þúst	fjós	sést til	

Samtala	Heiti jarðar	Tegund	Hlutverk	Ástand	Ef horfin, af hverju
RA-269:004	Eystra Fróðholt	þúst	útihús	sést til	
RA-270:002	Galtarholt	tóft	útihús	hleðslur signar	
RA-270:003	Galtarholt	gryfja	útihús	hleðslur útflattar	
RA-270:004	Galtarholt	tóft	útihús	hleðslur signar	
RA-270:005	Galtarholt	þúst	fjárhús	hleðslur útflattar	
RA-270:008	Galtarholt	tóftir	fjárhús	hleðslur standa grónar	
RA-270:012	Galtarholt	þúst	útihús	sést til	
RA-270:019	Galtarholt	þúst	útihús	hleðslur signar	
RA-270:020	Galtarholt	þúst	útihús	hleðslur útflattar	
RA-273:004	Uxahryggur	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna bygginga
RA-273:005	Uxahryggur	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna rasks
RA-273:006	Uxahryggur	hús	útihús	undir þaki	
RA-273:008	Uxahryggur	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-273:010	Uxahryggur	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna rasks
RA-273:011	Uxahryggur	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna niðurrifs
RA-273:012	Uxahryggur	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna niðurrifs
RA-273:025	Uxahryggur	heimild	fjárhús	ekki sést til fornleifar	vegna rasks
RA-274:002	Oddahóll	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	óþekkt
RA-274:003	Oddahóll	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	óþekkt

Samtala	Heiti jarðar	Tegund	Hlutverk	Ástand	Ef horfin, af hverju
RA-274:004	Oddahóll	þúst	útihús	hleðslur útflattar	
RA-274:025	Oddahóll	frásögn	hrútakofi	ekki sést til fornleifar	vegna rasks
RA-275:003	Lambhagi	heimild	hesthús	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-275:004	Lambhagi	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-275:005	Lambhagi	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna bygginga
RA-275:006	Lambhagi	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna bygginga
RA-275:007	Lambhagi	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna bygginga
RA-275:008	Lambhagi	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-275:009	Lambhagi	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-275:012	Lambhagi	hellir	lambhús	ekki sést til fornleifar	óþekkt
RA-275:023	Lambhagi	frásögn	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-277:002	Vestari Kirkjubær	þúst	fjós	hleðslur signar	
RA-277:003	Vestari Kirkjubær	tóft	hrútakofi	hleðslur standa grónar	
RA-277:004	Vestari Kirkjubær	heimild	hlaða	ekki sést til fornleifar	vegna rasks
RA-277:005	Vestari Kirkjubær	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-277:006	Vestari Kirkjubær	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-277:008	Vestari Kirkjubær	þúst	útihús	hleðslur útflattar	
RA-277:012	Vestari Kirkjubær	heimild	fjós	ekki sést til fornleifar	óþekkt
RA-277:013	Vestari Kirkjubær	heimild	skemma	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar

Samtala	Heiti jarðar	Tegund	Hlutverk	Ástand	Ef horfin, af hverju
RA-277:014	Vestari Kirkjubær	örnefni	smiðja	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-277:019	Vestari Kirkjubær	örnefni	smiðja	ekki sést til fornleifar	óþekkt
RA-277:023	Vestari Kirkjubær	tóft	fjárhús	hleðslur standa	
RA-277:030	Vestari Kirkjubær	tóft	útihús	hleðslur standa	
RA-277:036	Vestari Kirkjubær	þúst	útihús	hleðslur útflattar	
RA-277:041	Vestari Kirkjubær	þúst	útihús	hleðslur útflattar	
RA-277:054	Vestari Kirkjubær	tóft	útihús	hleðslur standa grónar	
RA-278:003	Eystri Kirkjubær	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-278:004	Eystri Kirkjubær	tóft+garðlag	hesthús	hleðslur standa grónar	
RA-279:003	Stóra Hof	heimild	fjós	ekki sést til fornleifar	vegna bygginga
RA-279:004	Stóra Hof	hús	útihús	undir þaki	
RA-279:007	Stóra Hof	heimild	hesthús	ekki sést til fornleifar	óþekkt
RA-279:011	Stóra Hof	tóft	útihús	hleðslur standa	
RA-279:020	Stóra Hof	heimild	smiðja	ekki sést til fornleifar	óþekkt
RA-279:042	Stóra Hof	heimild	fjós	ekki sést til fornleifar	óþekkt
RA-279:043	Stóra Hof	þúst	útihús	hleðslur útflattar	
RA-279:044	Stóra Hof	þúst	útihús	hleðslur útflattar	
RA-279:045	Stóra Hof	tóft	útihús	hleðslur standa	
RA-280:002	Minna Hof	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna bygginga

Samtala	Heiti jarðar	Tegund	Hlutverk	Ástand	Ef horfin, af hverju
RA-280:003	Minna Hof	þúst	útihús	hleðslur útflattar	
RA-280:004	Minna Hof	tóft	hesthús	hleðslur standa grónar	
RA-280:005	Minna Hof	tóft	hesthús	hleðslur standa grónar	
RA-280:012	Minna Hof	tóft	fjárhús	hleðslur standa	
RA-280:021	Minna Hof	tóft	fjárhús	hleðslur útflattar	
RA-280:024	Minna Hof	tóft	fjós	hleðslur standa grónar	
RA-281:002	Stokkalækur	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-281:003	Stokkalækur	tóft	útihús	hleðslur standa	
RA-281:009	Stokkalækur	tóft+garðlag	fjárhús	hleðslur standa grónar	
RA-281:011	Stokkalækur	tóft	fjárhús	hleðslur standa	
RA-281:024	Stokkalækur	örnefni	lambhús	ekki sést til fornleifar	óþekkt
RA-281:033	Stokkalækur	þúst	útihús	hleðslur útflattar	
RA-281:034	Stokkalækur	þúst	útihús	hleðslur útflattar	
RA-289:003	Reyðarvatn	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	ekki vitað
RA-289:004	Reyðarvatn	þúst	útihús	sést til	
RA-289:005	Reyðarvatn	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	ekki vitað
RA-289:018	Reyðarvatn	heimild	fjárhús		
RA-289:026	Reyðarvatn	þúst	útihús		
RA-289:027	Reyðarvatn	heimild	fjós	ekki sést til fornleifar	

Samtala	Heiti jarðar	Tegund	Hlutverk	Ástand	Ef horfin, af hverju
RA-291:002	Kot	tóft	útihús	hleðslur signar	
RA-291:003	Kot	tóft	lambhús	hleðslur standa	
RA-291:004	Kot	tóft	útihús	hleðslur standa	
RA-291:005	Kot	tóft	útihús	hleðslur signar	
RA-291:018	Kot	örnefni	fjárhús		
RA-291:020	Kot	örnefni	útihús	ekki sést til fornleifar	
RA-291:021	Kot	þúst	fjós	hleðslur signar	
RA-291:023	Kot	örnefni	skemma	ekki sést til fornleifar	
RA-292:007	Dagverðarnes	þúst	útihús	hleðslur signar	
RA-292:010	Dagverðarnes	tóft	útihús	hleðslur signar	
RA-292:015	Dagverðarnes	þúst	fjós	hleðslur signar	
RA-292:028	Dagverðarnes	tóft	útihús	hleðslur standa grónar	
RA-292:030	Dagverðarnes	tóft	útihús	hleðslur standa grónar	
RA-292:032	Dagverðarnes	tóft	útihús	hleðslur signar	
RA-293:004	Selsund [Skarð eystra]	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	sléttað yfir
RA-293:006	Selsund [Skarð eystra]	heimild	lambhús	ekki sést til fornleifar	sléttað yfir
RA-293:007	Selsund [Skarð eystra]	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	ekki vitað
RA-293:008	Selsund [Skarð eystra]	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	sléttað yfir
RA-293:009	Selsund [Skarð eystra]	tóft	útihús	hleðslur standa grónar	

Samtala	Heiti jarðar	Tegund	Hlutverk	Ástand	Ef horfin, af hverju
RA-293:010	Selsund [Skarð eystra]	heimild	fjárhús	ekki sést til fornleifar	sléttað yfir
RA-293:011	Selsund [Skarð eystra]	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	sléttað yfir
RA-293:012	Selsund [Skarð eystra]	tóft	útihús	hleðslur útflattar	
RA-293:031	Selsund [Skarð eystra]	tóft	fjárhús	hleðslur standa grónar	
RA-293:033	Selsund [Skarð eystra]	heimild	fjárhús	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-293:052	Selsund [Skarð eystra]	tóft	fjárhús	hleðslur standa grónar	
RA-293:063	Selsund [Skarð eystra]	hellir	fjárhús		
RA-293:073	Selsund [Skarð eystra]	þúst	útihús	ekki sést til fornleifar	
RA-294:002	Haukadalur	hús	lambhús	undir þaki	
RA-294:023	Haukadalur	örnefni	fjós	ekki sést til fornleifar	sléttað yfir
RA-294:024	Haukadalur	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	sléttað yfir
RA-294:026	Haukadalur	heimild	lambhús	ekki sést til fornleifar	sléttað yfir
RA-295:004	Bolholt	tóft	útihús	hleðslur standa grónar	
RA-296:004	Næfurholt	þúst	útihús	hleðslur útflattar	
RA-296:005	Næfurholt	þúst	útihús	sést til	
RA-296:006	Næfurholt	þúst	hesthús	hleðslur signar	
RA-296:007	Næfurholt	hús	hesthús	undir þaki	
RA-296:008	Næfurholt	hús	útihús	undir þaki	
RA-296:011	Næfurholt	hús	fjárhús	undir þaki	

Samtala	Heiti jarðar	Tegund	Hlutverk	Ástand	Ef horfin, af hverju
RA-296:026	Næfurholt	heimild	fjárhús	ekki sést til fornleifar	ekki vitað
RA-296:053	Næfurholt	þúst	útihús	hleðslur útflattar	
RA-296:066	Næfurholt	tóft	fjárhús	hleðslur signar	
RA-298:003	Svínahagi	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-298:004	Svínahagi	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-298:005	Svínahagi	tóft	útihús	hleðslur standa grónar	
RA-298:006	Svínahagi	þúst	útihús	hleðslur signar	
RA-298:025	Svínahagi	örnefni	lambhús	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-298:031	Svínahagi	þúst	útihús	sést til	
RA-298:032	Svínahagi	þúst	útihús	sést til	
RA-299:002	Kaldbakur	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	
RA-299:004	Kaldbakur	heimild	hesthús	ekki sést til fornleifar	
RA-299:005	Kaldbakur	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	
RA-299:006	Kaldbakur	þúst	fjárhús	ekki sést til fornleifar	
RA-300:002	Þingskálar	þúst	hlaða	hleðslur signar	
RA-300:003	Þingskálar	heimild	hesthús	hleðslur útflattar	
RA-300:004	Þingskálar	heimild	útihús	hleðslur standa	
RA-300:005	Þingskálar	tóft	hesthús	hleðslur signar	
RA-300:006	Þingskálar	hleðsla	fjárhús	hleðslur útflattar	

Samtala	Heiti jarðar	Tegund	Hlutverk	Ástand	Ef horfin, af hverju
RA-300:007	Þingskálar	heimild	fjárhús	hleðslur útflattar	
RA-300:025	Þingskálar	heimild	lambhús	ekki sést til fornleifar	vegna rofs
RA-300:038	Þingskálar	heimild	lambhús	ekki sést til fornleifar	
RA-300:041	Þingskálar	heimild	lambhús	ekki sést til fornleifar	vegna sléttunar
RA-300:044	Þingskálar	þúst	útihús	hleðslur signar	
RA-301:007	Heiði	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegna bygginga
RA-301:008	Heiði	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	sléttað yfir
RA-301:009	Heiði	heimild	skemma	ekki sést til fornleifar	sléttað yfir
RA-301:010	Heiði	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	sléttað yfir
RA-301:011	Heiði	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	
RA-301:012	Heiði	tóft	hesthús	hleðslur útflattar	
RA-301:013	Heiði	heimild	fjárhús	ekki sést til fornleifar	
RA-301:014	Heiði	tóft	fjárhús	hleðslur standa grónar	
RA-301:015	Heiði	heimild	hesthús	ekki sést til fornleifar	
RA-301:022	Heiði	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	sléttað yfir
RA-301:030	Heiði	heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	ekki vitað
RA-301:036	Heiði	tóft	lambhús	hleðslur standa grónar	
RA-301:037	Heiði	tóft	fjárhús	hleðslur standa grónar	
RA-301:038	Heiði	tóft	hænsnakofi	hleðslur standa	

Samtala	Heiti jarðar	Tegund	Hlutverk	Ástand	Ef horfin, af hverju
RA-469:014	Mörk	þúst	útihús	hleðslur signar	
RA-469:016	Mörk	tóft	útihús	hleðslur standa grónar	

Hnit á ISN93 formi:

Samtala	Logitude	Latitude
262001	426826.33	363988.43
262003	426749.8	363964.17
262004	426702.66	363895.54
262005	425905.44	362234.22
262007	427957.08	363629.07
262009	426819.82	364021.96
262010	426791.02	363974.04
262011	425993.01	361907.41
262012	425896.56	361637.59
262025	427066.76	361658.69
263001	426395.96	363505.21
264001	429105.18	363031.84
264002	429093.74	363014.68
264003	427534.8	360410.78
264007	427553.93	361917.27
264008	426429.29	361187.1
264009	428841.08	363268.33
264010	428672.84	362470.31
264011	428136.36	362027.13
264012	428175.22	359932.49
264013	428221.57	362364.99
264014	428204.61	362254.54
264015	428143.27	361873.88
264017	429124.71	363037.37
264018	429122.34	363028.49
264019	429146.21	363058.08
264020	429179.34	363050.78
264021	429321.55	363046.83
264022	428327.29	361720.43
264023	428444.84	361669.14
264024	426923.56	361526.94
265001	429449.95	363001.47
266002	431300.02	362299.51
266003	431228.81	362263.81
266004	431209.48	362292.41
266005	430258.02	362851.77
266007	430268.48	362799.7
266008	430807.32	362520.02
266009	429435.95	361329.7
266010	428606.97	360711.57
266011	428740.49	359986.93
266012	431126.25	362253.36
267001	431875.94	361843.7
267002	431857.01	361891.82
267003	431845.77	361869.34

Samtala	Logitude	Latitude
267004	431908.88	361820.03
267005	431941.03	361793.4
267006	431368.46	361623.98
267007	431238.48	361870.52
267008	431765.69	361958.09
267009	431247.55	361755.73
267010	430769.65	361128.92
267011	430762.16	360910.97
267012	431877.52	361865.39
267013	431950.3	361784.13
267014	431855.23	361841.73
268001	431371.61	361676.84
269001	431534.33	361274.28
269002	431832.75	361148.44
269003	431847.93	361136.41
269004	431559.38	361073.49
269005	432658.18	359909.61
269006	432013.22	361753.36
269007	432314.59	360096.19
269008	432293.69	359346.5
269009	432002.17	361650.01
269011	431835.31	361130.1
270001	431043.41	359826.77
270002	431062.35	359830.12
270003	431024.68	359808.03
270004	431012.25	359858.53
270005	431175.95	359730.32
270006	431695.08	357628.98
270007	430519.36	358871.76
270008	431125.27	359487.33
270010	430772.41	359997.97
270012	431016	360019.67
270013	431253.86	359731.51
270017	430537.5	358896.41
270019	430480.7	358968.21
270020	430584.25	358861.7
270021	431231.18	359382.4
271001	432600.98	359993.83
272001	432465.68	358924.62
273001	433992.87	358541.98
273002	434127.58	358727.18
273003	434169.59	358713.97
273004	434114.36	358813.57
273005	434101.54	358841.98
273006	434077.09	358826.99

Samtala	Logitude	Latitude
273007	434125.21	358738.62
273008	434129.16	358669.79
273009	432926.42	358428.18
273010	434233.89	358791.68
273011	434248.48	358789.71
273012	434284.78	358822.84
273013	433309.84	359346.31
273014	433691.1	358144.35
273015	434502.92	357495.65
273017	435354.19	358397.8
273018	433738.24	358151.06
273019	433927.39	357955.6
273021	434376.49	357708.07
273023	433006.3	358609.63
273024	433125.62	358606.67
273025	433672.36	358839.21
274001	432128.6	363169.32
274002	432231.56	363220.99
274003	432231.95	363228.29
274004	432304.73	363096.93
274005	432666.07	362457.49
274007	433567.23	362963.21
274008	432786.18	362362.43
274009	432078.7	362173.48
274010	431622.69	362843.68
274011	432181.66	363229.28
274012	432223.87	363235
274013	432102.37	363138.15
274016	432382.64	363217.84
274018	432326.82	363191.6
274019	432315.38	363094.56
274020	432738.85	363335.19
274022	432600.78	363624.14
274023	432921.29	364143.46
274025	433313.39	363086.28
275001	434826.38	365161.79
275002	434791.67	365031.61
275003	434822.44	365023.72
275004	434826.38	365064.35
275005	434764.45	365010.11
275006	434757.75	364998.87
275007	434755.58	364980.33
275008	434767.21	364929.64
275009	434756.17	364939.5
275010	434987.13	365061.79
275012	434747.49	364853.31
275013	434432.9	364206.18
275014	433597.02	364483.3
275015	433814.76	364028.08
275017	434181.03	365568.68

Samtala	Logitude	Latitude
275018	432582.04	366239.68
275019	433998	364021.57
275020	434761.69	364952.72
275021	433703.13	364071.86
275022	434769.38	364853.11
275023	434826.58	365012.87
275024	434778.46	365021.95
275025	434779.84	365032.2
275026	434763.07	365026.48
275027	434750.65	364934.18
275028	435436.04	365563.95
275031	433642.38	365037.73
275032	434320.87	365613.65
275033	434963.86	365214.45
276001	435607.44	366790.36
276002	436375.86	367391.14
276003	435460.5	366656.04
276004	437076.64	368577.31
276006	436152.2	367298.63
276007	436835.62	366062.56
277001	438692.59	370080.83
277002	438707.18	370007.66
277003	438765.96	369866.04
277004	438699.69	370069.2
277005	438598.11	369980.83
277006	438616.65	370001.54
277007	438589.24	370026.2
277008	438752.55	370173.93
277010	438013.31	368154.83
277011	438175.64	368425.83
277012	438815.07	369953.22
277013	438694.17	370115.94
277014	438675.23	370115.15
277015	438596.34	370564.85
277019	438496.14	371457.14
277020	439200.86	372150.62
277022	435242.35	370696.21
277023	438570.5	370603.11
277024	435700.14	370629.54
277025	435463.85	370470.57
277027	434613.96	370842.95
277030	438625.33	370214.56
277033	438685.69	370074.13
277034	438690.42	370056.38
277036	438768.33	369994.84
277037	438731.84	369915.94
277038	438511.72	369948.88
277041	435276.28	370731.51
277045	438910.53	371359.11
277046	436218.47	371330.12

Samtala	Logitude	Latitude
277047	436200.52	370985.75
277048	435601.52	370578.85
277051	435436.04	370134.68
277052	435212.97	370053.42
277053	434612.78	369898.19
277054	435166.81	370620.47
278001	439408.95	369860.52
278002	439398.1	369814.56
278003	439331.24	369745.53
278004	439545.04	370004.31
278007	441702.6	372873.29
278008	439608.94	369923.44
278009	440197.49	371366.61
278010	439581.33	370057.76
278012	440089.41	370795.81
278013	440037.73	371302.7
278016	439388.63	369825.61
278017	439367.72	369833.3
278018	439367.92	369850.07
278019	440486.84	371093.64
279001	440312.09	366395.1
279002	440784.07	365687.81
279003	440934.36	365781.89
279004	440961.58	365825.48
279005	440902.61	365663.36
279006	440399.66	366340.86
279008	440917.01	365804.18
279011	440805.37	365837.51
279012	440784.07	365688.4
279013	439108.16	364809.52
279014	438994.56	364533.59
279016	441039.89	366258.41
279017	440665.93	365758.03
279018	441003.2	366061.18
279019	441021.15	366327.25
279021	440922.73	365642.45
279022	439702.83	366103.58
279023	437181.18	366324.09
279024	440088.82	366295.49
279027	440474.61	366664.92
279028	440809.71	365558.03
279029	440894.92	365832.98
279030	440521.95	365185.26
279031	440428.26	366246.78
279032	440413.86	366306.34
279040	437622.39	365278.15
279041	437283.15	364672.45
279042	440381.91	366478.92
279043	440285.26	366333.96
279044	440431.61	366402

Samtala	Logitude	Latitude
279045	439699.67	366127.84
279047	439100.67	365552.71
279048	437594.58	365070.27
279049	438744.86	364504.01
279050	440543.84	365288.41
280001	441717.19	366441.45
280002	441803.78	366485.63
280003	441783.26	366543.42
280004	441821.33	366525.47
280005	441812.26	366533.16
280006	441743.62	366450.13
280008	441365.72	370893.24
280010	442787.39	368116.37
280011	441849.93	366553.87
280012	442329.41	366687.79
280013	442365.31	366159.99
280014	441793.13	366069.27
280015	441808.31	366076.37
280016	441351.91	366418.96
280018	441287.81	365566.12
280019	441812.85	366637.3
280021	441828.23	366534.74
280023	441778.53	366436.52
280024	441783.07	366345.39
280025	441778.53	366332.57
280026	441696.28	366422.32
280027	441689.78	366455.45
280028	441716.8	366425.08
280029	441738.89	366427.05
280030	441757.82	366430.99
280031	441743.03	366407.52
280032	441110.5	366197.27
280033	441112.66	366299.83
280035	442365.9	367158.4
280036	442405.15	366732.37
281001	445706.27	367475.16
281002	445611.6	367415.4
281003	445660.91	367371.81
281004	446086.54	369460.72
281005	444807.67	370222.84
281006	443987.57	367101.2
281007	443679.88	367513.03
281008	443845.56	367143.8
281009	445288.13	367469.44
281010	444989.13	367374.37
281011	445526.2	367511.65
281012	445496.02	367459.38
281013	445519.49	367401.39
281014	445330.15	368068.24
281016	445644.74	368854.62

Samtala	Logitude	Latitude
281017	445336.85	368378.1
281018	445282.41	368391.32
281019	445417.92	368315.58
281020	445779.84	368103.55
281021	445675.7	368042.21
281022	445765.64	367343.4
281023	445700.55	367325.46
281024	445556.37	367393.7
281025	443670.81	367537.88
281026	445701.14	367475.95
281027	445163.88	370310.81
281028	445906.07	367284.43
281029	445698.78	367458.98
281030	446087.53	369459.15
281031	445679.65	367482.65
281033	445278.47	367375.95
281034	445309.83	367398.63
281035	446047.1	369547.51
281036	445187.74	368213.21
289001	443364.89	372799.33
289003	443344.18	372806.23
289004	443232.55	372849.23
289005	443292.9	372943.9
289006	443076.93	372772.5
289007	444640.22	370991.47
289008	444615.17	371365.03
289009	443264.11	372164.03
289010	444584.99	370915.93
289012	443501.97	373116.68
289013	444546.73	373205.04
289014	443747.92	373357.9
289019	444478.68	373340.54
289022	444485.58	371771.14
289023	444273.16	371924.59
289024	444088.55	372009.2
289025	442480.49	372049.44
289026	444548.31	371371.15
289034	443332.94	372877.63
289036	443314.4	372773.09
289038	443445.76	372640.16
289040	444431.94	370881.02
289041	443422.88	371992.04
289042	443241.03	372077.05
289043	443277.52	372082.57
290001	446833.08	377652.89
290002	447282.77	376991.76
290003	446460.89	376746.79
290004	446833.67	375274.04
290008	447054.38	377169.47
290010	447031.1	377396.09

Samtala	Logitude	Latitude
290011	446828.34	375279.95
290012	446780.81	377665.51
291001	449809.16	378607.11
291002	449846.83	378563.13
291003	449707.58	378599.03
291004	449728.1	378632.36
291005	449702.85	378701.98
291007	449405.62	378921.7
291008	451066.53	380427
291009	449517.65	379845.95
291010	449488.06	379838.65
291011	449752.95	381239.22
291012	450305.21	378860.36
291013	451110.12	377656.64
291015	449855.51	378209.49
291016	449665.18	377600.43
291017	449752.75	378391.73
291020	449767.35	378763.72
291021	449764.58	378618.95
291023	449781.35	378623.48
291024	449831.45	378239.86
291025	451074.23	380194.27
291026	451113.67	380218.72
291027	451125.11	380158.17
291028	450179.37	378900.4
291029	450980.34	378317.57
291031	450509.74	378548.53
291032	448385.71	377971.03
291033	449790.42	378367.67
291035	449725.73	378727.03
291036	449654.13	378613.03
292001	448794.19	376690.97
292003	447523.99	374806.39
292004	448343.9	376539.89
292005	450507.96	376239.11
292007	448924.17	376662.18
292009	448293.6	377071.44
292010	448744.09	376760.79
292012	448968.15	376477.96
292013	448880.38	376582.69
292014	448749.42	376601.43
292015	448706.22	376764.34
292016	448608.98	376613.26
292017	446515.33	374327.11
292018	450273.06	376137.14
292019	450270.89	376142.66
292021	448472.69	376538.12
292022	448644.88	376564.15
292023	448625.55	376596.89
292025	448022.01	374952.94

Samtala	Logitude	Latitude
292028	448694.19	376697.68
292029	446829.92	375253.52
292030	448749.42	376651.53
292032	448789.45	376767.7
292033	448827.91	376725.88
292034	446801.91	375248.2
292036	450444.06	375929.65
293001	453653.08	382229.93
293003	453627.63	382238.02
293004	453596.08	382260.7
293005	453465.7	382339.99
293006	453606.92	382321.45
293007	453567.48	382336.83
293008	453555.64	382368.59
293009	453611.85	382387.92
293010	453659.98	382383.58
293011	453638.68	382410.2
293012	453636.71	382248.47
293013	453772.01	381641.77
293014	453848.73	381371.17
293016	453858.4	381361.5
293018	453291.15	381701.93
293019	453393.32	381819.09
293020	452770.45	381823.63
293023	452223.52	380463.1
293025	454025.26	381882.4
293026	453602.19	381858.54
293027	451137.54	383003.09
293028	452809.11	381913.56
293029	452610.49	382037.63
293030	452070.07	382207.84
293031	453314.62	382383.38
293032	453121.53	382520.46
293033	453805.54	382240.38
293034	454506.12	382377.46
293035	453667.67	382232.3
293037	453686.21	382243.34
293039	453651.1	382254.39
293040	452789.58	381578.86
293041	453622.31	382405.67
293042	453043.82	382479.83
293044	453631.78	382248.67
293045	453619.35	382288.11
293047	453658.8	382215.93
293049	454323.28	382414.34
293050	454279.3	382343.14
293052	453738.28	381618.5
293054	453621.91	382301.33
293055	453831.77	381884.97
293057	453467.08	382370.76

Samtala	Logitude	Latitude
293062	453563.53	380156
293067	454073.39	380911.61
293069	453279.71	381689.9
293070	453724.87	381673.14
293072	454525.65	382416.71
293073	453614.62	382352.02
294001	453034.74	385058.48
294002	453093.72	385058.28
294003	453586.81	385728.49
294004	454313.22	384836.99
294009	453860.96	384394.19
294010	452736.72	384086.51
294012	452842.05	386063.39
294013	452941.26	385022.19
294014	452913.45	385167.95
294015	453096.28	385038.95
294017	453021.14	384836.59
294019	452262.57	385043.29
294020	451652.32	386544.06
294021	452981.29	386176.21
294023	453031.19	385069.33
294024	453003.38	385157.1
294025	453083.86	385073.27
294026	453153.09	385255.72
294027	453095.89	385038.95
294028	454705.72	384281.18
294029	452981.69	386176.02
294030	453056.84	384861.64
294031	452529.82	384406.82
294032	452121.74	384026.35
295001	444063.7	382469.97
295002	445043.17	381827.77
295003	442954.45	382111.98
295004	443069.63	382099.16
295005	443443.2	382415.73
295006	445601.54	383746.67
295007	443596.45	382876.66
295009	446934.85	381700.16
295010	443488.56	382572.13
295011	442510.87	381770.17
295012	443319.14	382348.07
295013	443598.42	383032.68
295014	445043.17	381828.16
295015	446166.23	381803.7
295018	442590.35	381930.53
295024	443591.12	382864.04
296001	456104.51	388702.8
296002	456122.07	388679.72
296003	455081.26	386886.65
296004	455079.28	386653.52

Samtala	Logitude	Latitude
296005	455013.8	386610.33
296006	455038.65	386677.39
296007	455142.2	386864.76
296008	455168.44	386862.2
296009	455124.06	386912.89
296010	455098.02	386966.73
296011	455184.61	387332.41
296012	452699.84	387839.69
296013	452946.58	387825.69
296014	452913.84	387844.03
296015	453592.13	388396.49
296017	453452.49	388513.25
296018	453316.4	388663.15
296019	453372.41	388216.81
296022	456079.86	388742.24
296023	454410.07	388367.1
296024	454387.98	388409.51
296025	458604.67	388629.62
296026	455786.57	386865.75
296027	455846.33	384867.36
296028	456443.17	384935.8
296029	457102.92	384827.32
296030	455306.11	386361.02
296031	455109.86	386758.45
296034	455096.64	386801.45
296035	454554.24	386730.25
296036	454601.78	387014.66
296037	454539.85	387133.2
296038	454490.74	387290
296039	454319.73	387539.3
296040	452546.78	387635.56
296041	452558.82	387939.69
296042	454950.49	389173.99
296043	459238.38	392490.89
296044	456155.01	388613.25
296045	455729.57	386941.48
296047	455835.29	388175.59
296048	455835.68	388176.37
296050	454611.44	386635.97
296051	454990.53	386834.19
296052	455056.21	386752.14
296053	454995.66	386621.57
296055	454918.54	386759.44
296056	455131.36	386811.51
296057	452704.57	387654.88
296058	457007.85	388536.13
296059	456983.79	388569.07
296060	455449.5	387616.23
296062	454287.19	386849.38
296063	454274.37	386908.55

Samtala	Logitude	Latitude
296064	454774.75	387087.44
296065	455246.15	387108.35
296066	454868.24	386936.55
296067	456167.43	389601
296068	454916.76	386867.13
296069	454805.52	387026.1
296070	455324.45	385235.6
296071	455450.28	385082.15
297001	455073.37	386736.75
298001	448387.69	384425.95
298002	448398.53	384687.09
298003	448495.77	384626.93
298004	448492.22	384637.38
298005	448618.25	384590.44
298006	448427.53	384719.24
298007	448414.71	384403.66
298008	451147.99	385275.04
298010	449329.68	384348.04
298014	448228.71	385160.06
298015	446886.73	384575.85
298016	446948.07	384565.2
298017	448781.96	384436.4
298019	448268.75	385320.61
298020	448387.88	384426.14
298021	447710.97	384101.89
298022	449521.79	384626.34
298024	448406.82	384677.62
298025	448396.17	384736
298026	448106.43	384680.97
298028	451449.96	385377.61
298029	448511.75	384639.75
298030	448491.43	384584.92
298031	448452.38	384622.59
298032	448473.68	384630.28
298033	448023.59	384570.91
298034	447982.76	384764.6
298035	448281.97	384436.6
298036	448264.02	384457.31
298037	450113.1	383097.77
298038	448755.33	383560.68
298039	448319.84	382815.52
299001	441548.95	381079.65
299002	441556.64	381062.69
299003	441619.95	381115.55
299004	441603.98	381017.92
299005	441611.47	381009.24
299006	441423.9	380963.29
299009	442192.53	380956.58
299010	442012.06	380951.25
299012	441658.02	381053.82

Samtala	Logitude	Latitude
299014	439733.79	379851.08
299016	441675.18	381007.07
299017	443612.23	380629.37
299018	444651.46	380681.83
299020	442486.21	378986.59
299021	444578.88	377130.02
299022	443534.32	378696.26
299023	442569.05	379374.36
299024	442554.45	379394.28
299026	444896.03	376623.32
299027	441634.55	381072.16
299029	439815.84	379946.93
299030	443750.29	380711.42
300001	441348.56	380628.38
300002	441352.5	380612.8
300003	441258.42	380665.46
300004	441348.76	380676.7
300005	441422.32	380637.26
300006	441555.46	380541.2
300007	441558.61	380528.78
300008	441329.23	380605.3
300011	443614.2	379581.06
300013	443041.23	380840.41
300014	441895.1	380331.94
300015	440064.95	380294.07
300016	440750.15	380260.73
300017	440489.2	380270
300018	440933.18	380746.52
300021	440498.67	380197.22
300023	439871.46	379537.87
300024	441609.11	379371.2
300025	441372.23	380224.84
300026	441371.44	380663.69
300027	441253.29	380542.19
300028	441177.36	380578.09
300029	441345.01	380601.56
300034	441366.11	380640.81
300036	441318.97	380614.97
300038	441281.3	380694.45
300039	441259.41	380614.77
300041	441188.8	380812.01
300042	441166.51	381397.4
300043	440069.68	380153.44
300045	440956.26	380680.84
300046	441358.42	380617.14
300047	441308.91	380578.28
301001	442368.86	377713.44
301002	442377.14	377703.97
301004	441375.97	377717.58
301005	440076.39	379029.39

Samtala	Logitude	Latitude
301006	439669.49	378557.41
301007	439676.99	378567.27
301008	439623.14	378427.83
301009	439613.87	378501.59
301010	439687.44	378617.17
301011	439675.02	378625.85
301012	439721.56	378479.31
301013	439716.04	378331.58
301014	439769.89	378374.97
301015	439802.43	378482.07
301016	440071.07	378970.42
301017	441066.91	377363.94
301018	439546.81	378519.34
301019	439310.13	378624.86
301020	439575.61	378780.68
301021	439555.1	378605.14
301022	439822.94	378595.08
301023	440603.4	376899.65
301025	439716.24	378330.98
301026	440030.83	378343.8
301027	440303.21	378074.38
301028	441199.84	376430.03
301029	441217.2	378680.29
301031	440917.4	378278.13
301032	440357.25	377291.16
301033	441070.46	378589.56
301035	440934.56	377392.74
301036	439434	378966.67
301037	439288.04	378838.47
301038	439703.81	378461.75
469003	450143.28	392219.1
469006	457362.87	391787.75
469007	459294.4	392928.95
469008	451107.95	392248.69
469010	453150.32	393153.61
469012	455680.85	390027.23
469013	454411.05	393679.24
469014	457364.25	391808.66
469015	450744.84	391822.46
469016	457053.41	391514.98
469018	458829.71	393288.71
469019	459075.07	395422.99
469020	462556.87	395839.16
469021	455710.83	390545.96
26206A	426907.98	362425.54
26206B	426923.37	362395.36
26213A	426961.04	362592.21
26213B	426954.92	362497.14
26213C	426956.3	362462.42
26213D	426931.65	362298.92

Samtala	Logitude	Latitude
26606A	430994.1	362433.83
26606B	430939.47	362463.21
26910A	430866.89	360779.02
26910B	431015.01	360916.3
27014A	431240.65	359728.55
27014B	431001.99	359906.65
27014C	430954.06	359822.83
27014D	431116.78	359723.81
27015A	431143.02	359878.05
27015B	431106.92	359891.86
27015C	431054.46	359879.04
27016A	430890.16	359955.57
27016B	430805.15	359840.97
27018A	430477.74	358949.07
27018B	430438.69	358948.48
27018C	430470.64	358835.27
27018D	430562.36	358824.82
27018E	430591.35	358867.81
27202A	432160.95	358602.14
27202B	432129.98	358559.93
27316A	433686.96	358203.72
27316B	433681.63	358203.72
27316C	433582.22	358241.79
27316D	433690.31	358198.99
27316E	433753.62	358172.56
27316F	433766.05	358168.22
27316G	433918.9	358103.72
27320A	434053.22	357802.55
27320B	434602.32	357617.93
27322A	434218.31	358477.88
27322B	434235.47	358474.53
27406A	432544.57	363269.71
27406B	432530.17	363245.25
27406C	432564.1	363244.66
27406D	432579.48	363246.63
27406E	432584.21	363261.03
27406F	432599.01	363245.65
27406N	432623.07	363280.16
27414A	432101.97	363228.88
27414B	432062.53	363206.59
27414C	432047.93	363199.69
27414D	431804.94	363304.03
27414E	432063.12	363193.58
27414F	432064.5	363205.8
27415A	432222.09	363237.76
27415B	432236.49	363275.23
27415C	432282.64	363290.42
27415D	432322.09	363260.24
27415E	432353.25	363235.19
27415F	432382.84	363206

Samtala	Logitude	Latitude
27415G	432408.67	363117.64
27415J	432407.49	363114.68
27415K	432405.12	363253.93
27415L	432370.41	363249
27415M	432423.47	363260.64
27415O	432698.22	363301.86
27417A	432315.19	363274.84
27417B	432316.17	363282.33
27417C	432307.3	363298.51
27417D	432319.52	363314.28
27417E	432337.87	363296.93
27417F	432338.85	363288.05
27421A	432705.51	363306.39
27421B	432659.16	363314.68
27421C	432637.86	363367.34
27421D	432834.7	363476.81
27424A	433058.17	364034.98
27424B	433067.24	364050.76
27424C	433028.98	364080.54
27424D	433038.64	364088.23
27424E	433053.83	364096.52
27515H	432470.21	363087.66
27515K	432468.83	363078
27516A	433813.78	365473.81
27516B	433821.67	365497.68
27516C	433843.17	365467.9
27516D	433801.55	365464.15
27516E	433797.41	365431.01
27516F	433736.86	365483.28
27516G	433801.55	365526.87
27516H	433882.61	365525.29
27516J	433794.65	365414.44
27516K	433903.52	365474.01
27529A	434547.69	364732.41
27529B	434491.48	364625.31
27529C	434477.28	364480.14
27529D	434494.83	364607.56
27529E	434490.49	364611.11
27530A	433682.62	363936.96
27530B	433679.66	363952.93
27530C	433677.09	363980.74
27605A	436568.76	368787.17
27605B	436539.96	368738.25
27605C	436545.09	368720.9
27605D	436517.28	368679.67
27605E	436510.77	368665.08
27605F	436506.43	368652.45
27605G	436498.35	368641.8
27605H	436493.02	368668.63
27605J	436485.92	368665.87

Samtala	Logitude	Latitude
27716A	437163.62	370295.62
27716B	437193.8	370334.48
27716C	437179.2	370323.83
27716E	437227.72	370382.21
27716F	437262.63	370327.18
27716G	437192.02	370251.64
27716H	437100.31	370228.17
27716J	437063.82	370309.23
27717A	436371.72	370198.78
27717B	436300.13	370147.1
27718A	436550.42	370593.25
27718B	436052.4	370792.06
27726A	439182.32	372178.03
27726B	439241.3	372158.51
27726C	439264.18	372199.53
27735A	438853.34	369913.97
27735B	438856.29	369925.81
27735C	438875.62	369996.81
27735D	438871.09	370034.88
27735E	438866.94	370055.59
27735F	438812.9	370155.58
27735G	438787.66	370160.32
27735H	438826.12	370166.63
27735J	438837.75	370219.69
27735K	438858.07	370316.13
27735L	438906	370310.02
27735M	438877.2	370201.74
27735N	438985.09	370147.5
27735P	438892.39	370427.97
27739A	438556.69	369734.68
27739B	438500.48	369733.5
27739C	438470.11	369790.3
27739D	438487.46	369870.38
27740A	438738.35	370568.6
27740B	438693.97	370601.93
27740C	438689.83	370600.15
27740D	438622.37	370652.62
27740E	438549.2	370637.82
27740F	438299.5	370497.79
27740G	438294.77	370578.46
27740H	438309.36	370582.99
27740I	438413.7	370607.25
27740J	438487.46	370622.64
27740K	438503.64	370623.62
27740L	438328.1	371043.34
27742A	437064.61	371141.56
27742B	437092.22	371091.86
27742C	437494.38	371155.57
27742D	437508.98	371174.9
27743A	437811.34	371125.39

Samtala	Logitude	Latitude
27743B	437815.48	371137.82
27743C	437820.61	371146.3
27743D	437841.52	371134.46
27749A	435487.32	370529.54
27749B	435475.49	370504.69
27750A	435310.6	370467.61
27750B	435330.12	370463.86
27755A	435218.49	370642.76
27755B	435259.32	370638.81
27804B	439576.79	370011.6
27804C	439376.8	370048.49
27811A	439647.6	370051.05
27811B	439755.29	370181.03
27811C	439676.2	370249.07
27811D	439192.78	370142.96
27811E	439054.71	370111.01
27811F	439000.47	370139.61
27814A	439032.03	370050.46
27814B	439021.58	370017.13
27814C	439003.43	369971.37
27814D	439015.46	369953.02
27814E	438970.89	369882.41
27814F	438966.35	369876.1
27814G	438938.94	369792.28
27814H	438960.83	369866.04
27814I	438987.85	369848.29
27814J	438997.12	369849.08
27814K	439057.67	369826.6
27815A	439093.17	369672.56
27815B	439163.98	369618.91
27819B	440522.93	371121.05
27905B	440431.81	366548.55
27910A	439905.39	366269.46
27910B	439937.73	366288.2
27912A	437562.23	364568.9
27912B	437634.82	364549.17
27912C	437734.81	364513.87
27912D	437826.33	364445.43
27913A	439128.28	364743.25
27913B	439040.31	364767.32
27915A	439878.56	365472.04
27915B	439951.54	365302.02
27915C	439973.83	365294.72
27915D	439880.93	365526.87
27936A	440515.83	365725.09
27936B	440402.22	365695.11
27936C	440407.75	365596.3
27936D	440412.87	365447.58
27936E	440419.58	365220.76
27936F	440328.06	365292.55

Samtala	Logitude	Latitude
27936G	440181.71	365359.61
27936H	440150.16	365372.04
27936J	440180.93	365377.56
27936K	440156.27	365383.28
27936L	440089.61	365398.86
27936M	440098.68	365421.54
27936N	440199.07	365430.22
27936P	440231.22	365463.36
27936Q	440218.99	365453.1
27936R	440106.77	365482.49
27936S	440097.89	365560.6
27936T	440068.7	365526.08
27936U	440019.59	365397.48
27936V	439995.72	365394.52
27936X	440015.05	365418.98
27936Y	440694.33	365452.71
27946A	439080.94	365806.94
27946B	439066.94	365798.26
27946C	439039.72	365777.16
27946D	438953.14	365711.68
27946E	438602.85	365460.2
27946F	438452.36	365575.78
27946G	438611.92	365462.96
27946H	438851.36	365638.9
27950B	440529.64	365291.96
27950C	440526.09	365289
27950D	440520.56	365284.66
27950E	440511.29	365277.17
28017A	441713.25	366207.53
28017B	441617.78	366183.07
28017C	441491.55	366210.29
28020A	441371.63	365999.44
28020B	441442.24	365949.54
28020C	441488.2	366010.09
28020D	441744.01	365946.78
28020E	441791.15	366093.33
28020F	441834.15	366240.07
28020G	441882.87	366428.63
28020H	441864.53	366457.82
28020J	441619.56	366182.48
28034A	441054.48	366043.43
28034B	441048.96	366047.96
28034C	441078.74	366108.12
28101B	445701.34	367480.68
28109B	445260.52	367504.15
28115A	444973.54	368591.31
28115B	444952.44	368581.84
28115C	444953.43	368571
28115D	444943.17	368562.91
28115E	444950.66	368553.44

Samtala	Logitude	Latitude
28121B	445648.48	368120.51
28131B	445511.21	367705.13
28131C	445577.48	367556.22
28132A	445591.28	367477.13
28132B	445568.01	367501.39
28137A	445669.19	367570.03
28137B	445649.67	367564.51
28137C	445609.63	367529.2
28138A	444130.17	367403.96
28138B	444121.69	367395.28
28138C	444125.04	367384.04
28138D	444140.23	367393.31
28138E	444143.78	367398.83
289030A	444493.87	370890.48
289030B	444480.26	370880.23
289031A	444740.61	371516.11
289031B	444699.78	371591.06
289032A	444657.97	371293.43
289032B	444715.76	371362.47
289033A	443885.79	371858.32
289033B	443871	371853.98
289033C	443794.67	371848.45
289035A	444559.74	370870.17
289035B	444610.83	370864.65
289035C	444665.27	370921.25
289035D	444660.14	370939.4
289037A	443313.61	372790.06
289037B	443255.82	372822.8
289037C	443216.57	372910.96
289039A	443177.52	372257.91
289039B	443142.61	372203.28
289039C	443129.39	372244.5
289039D	443183.04	372228.13
289039E	443151.68	372263.04
289039F	443136.69	372185.92
289039G	443180.08	372122.02
289039H	443277.32	372080.21
289041A	443548.91	371971.73
289041B	443419.13	371994.8
289041C	443288.96	371966.99
289041D	443282.84	372037.21
289041E	443226.83	372045.49
290001B	446800.93	377680.7
290002B	447321.23	376970.85
290002C	447349.05	376993.53
290002D	447317.09	376952.7
290002E	447293.03	376930.22
290002F	447106.05	377006.55
290009A	447149.44	377041.07
290009B	447012.17	377155.07

Samtala	Logitude	Latitude
290009C	446985.34	377203
291007A	449403.64	378929.79
291007B	449418.44	378915.2
291007C	449421.2	378920.91
291007D	449425.54	378926.44
291007E	449429.28	378935.9
291007F	449402.66	378968.25
291007G	449427.9	378970.42
291007H	449427.31	378977.72
291019A	446850.04	377624.49
291019B	448105.84	377958.8
291030A	451579.54	378446.76
291030B	451588.02	378457.21
291034A	449760.05	378685.02
291034B	449835.2	378620.53
292006A	448013.53	375510.52
292006B	448086.31	375494.54
292006C	448102.29	375435.77
292006D	447999.92	375524.52
292011A	449398.32	376300.25
292011B	449402.86	376303.01
292011C	449404.43	376307.35
292012A	448986.69	376519.97
292012B	449000.69	376511.69
292012C	448986.49	376469.48
292012D	448931.86	376480.13
292012E	448942.31	376521.35
292013A	448825.15	376554.88
292013B	448824.36	376495.51
292013C	448887.28	376479.14
292018A	450276.21	375907.36
292018B	450278.78	376174.81
292019A	450275.03	376136.55
292019B	450081.15	376167.31
292020A	448712.73	376559.22
292020B	448736.4	376553.5
292021A	448301.89	376592.55
292021B	448311.16	376578.94
292021C	448335.02	376576.58
292021D	448343.11	376596.1
292021E	448500.11	376537.13
292021F	448526.34	376539.3
292024A	448648.04	376628.06
292024B	448634.03	376597.09
292024C	448611.35	376609.91
292024D	448579.6	376676.38
292026A	448795.17	376541.07
292026B	448931.46	376673.22
292026C	448846.06	376756.26
292026D	448801.49	376757.84

Samtala	Logitude	Latitude
292026E	448586.5	376772.43
292026F	448585.91	376725.88
292026V	448678.41	376667.5
292026W	448705.43	376668.09
292026X	448698.53	376562.77
292026Y	448699.51	376622.14
292026Z	448723.38	376657.05
292027A	448780.58	376682.3
292027B	448779.39	376707.34
292027C	448779.59	376684.86
292027D	448721.01	376667.31
292027E	448767.96	376682.1
292027F	448767.76	376700.84
292027G	448769.73	376703.79
292027I	448777.62	376702.22
292031A	448783.73	376715.63
292031B	448790.83	376730.62
292031C	448795.17	376730.03
292031D	448788.86	376714.44
292035A	449932.43	376325.3
292035B	449673.46	376304
29301A	453657.81	382228.15
29334B	454514.4	382386.14
29334C	454531.37	382376.87
29334D	454515.78	382381.8
29334E	454526.24	382392.65
29341B	453467.87	384362.44
29343A	453144.01	382526.97
29343B	453142.83	382513.55
29343C	453126.66	382504.09
29348A	453842.03	382234.66
29348B	453839.46	382209.42
29348C	453808.7	382178.65
29351A	453929.6	382266.81
29351B	453866.68	382270.76
29353A	454107.7	382218.69
29353B	454126.05	382129.54
29353C	454036.11	381994.04
29361A	452796.09	381625.21
29361B	452804.57	381629.55
29361C	452830.61	381630.53
29361D	452797.27	381597.59
29361E	452798.06	381574.91
29361F	452751.32	381595.82
29361G	452747.96	381597.2
29361H	452733.76	381602.52
29361I	452770.65	381656.96
29362B	453521.92	380348.5
29371A	454108.1	382223.42
29371B	454104.55	382231.9

Samtala	Logitude	Latitude
29371C	454101.2	382263.66
29371D	453707.12	382548.27
29371E	453533.36	382504.88
29371F	453460.77	382344.52
29407A	454553.26	384277.63
29407B	454546.95	384259.48
29408A	453056.44	384864.8
29408B	453053.09	384866.57
29408C	453035.14	384843.1
29408D	453174.98	384960.45
29408E	453295.1	385164.79
29408F	453281.49	385243.68
29408G	453158.21	385298.32
29408H	453096.28	385324.35
29408I	453001.61	385291.81
29408J	452914.04	385161.04
29408K	452894.31	385115.68
29408L	452886.42	385093.39
29408M	452883.07	385087.08
29408N	452854.87	385016.27
29418A	453051.12	384874.26
29418B	453012.06	384900.69
29418C	452986.22	384858.09
29418D	453021.92	384837.38
29418E	453030.8	384882.35
29418F	453013.44	384899.11
29503A	442922.5	382165.63
29508A	444194.66	381515.94
29508B	444212.22	381461.3
29508C	444166.46	381396.61
29509C	446895.21	381677.87
29520A	442929.4	382095.22
29520B	442954.84	382080.03
29520C	442961.35	382089.3
29521A	442972.59	382094.82
29521B	442999.61	382081.21
29522A	442919.34	382114.94
29522B	442918.35	382072.34
29522C	442924.66	382104.69
29522D	442927.82	382070.96
29523A	442987.19	382066.42
29523B	442997.44	382061.1
29616A	453871.81	388013.46
29616B	453844.79	388028.84
29620A	456212.01	389908.1
29620B	456169.21	389904.94
29620C	456082.42	389906.13
29621A	456071.38	388631.59
29621B	456104.32	388692.14
29646A	455384.41	387247.4

Samtala	Logitude	Latitude
29646B	455268.43	387216.23
29649A	455781.25	386737.74
29649B	455782.63	386725.12
29649C	455776.51	386725.12
29654A	455143.58	386726.7
29654B	455073.96	386600.66
29654C	454888.76	386555.69
29654D	454846.35	386614.27
29654E	454801.18	386674.03
29654F	454793.69	386687.25
29654G	454925.44	386604.61
29654H	455020.71	386593.96
29661A	455053.84	386909.73
29661B	455060.74	386920.78
29661C	455086.98	386939.91
29661D	455121.3	386915.84
29661E	455129.58	386905.19
29661F	455183.82	386868.9
29661G	455192.7	386861.6
29661H	455209.46	386843.85
29669A	454803.35	387036.55
29669B	454810.65	387014.46
29669C	454794.67	387012.29
29669D	454791.12	387030.64
298009A	448799.32	384652.77
298009B	449694.76	384738.37
298009C	450048.6	385019.43
298009D	450586.27	385249.21
298009E	451103.42	385350.78
298011A	448713.72	384589.45
298011B	448711.15	384531.47
298011C	448671.31	384442.12
298011D	448667.76	384441.13
298011E	448710.76	384533.24
298011F	448676.83	384518.45
298011G	448719.24	384543.7
298011H	448720.82	384582.16
298012-A1	448025.17	384959.86
298012-A10	448587.09	385047.44
298012-A11	448621.61	385073.86
298012-A12	448650.21	385077.22
298012-A2	448055.74	384953.16
298012-A3	448159.68	384994.77
298012-A4	448194.59	385005.03
298012-	448339.56	385033.63

Samtala	Logitude	Latitude
A5		
298012-A6	448378.61	385038.36
298012-A7	448381.57	385036
298012-A8	448493.21	385039.15
298012-A9	448547.05	385036.98
298012-B1	448633.05	385056.51
298012-B2	448730.88	385060.45
298012-B3	448761.05	385082.94
298012-C1	448706.62	385121.4
298012-C2	448740.74	385142.5
298012-C3	448757.3	385187.67
298012-D1	448850.99	385203.84
298012-D2	448775.84	385099.51
298012-D3	448687.88	384959.47
298012-D4	448669.53	384922.59
298012-D5	448581.17	384786.1
298012-E1	448814.9	385158.28
298012-E2	448808.19	385146.05
298012-F1	448649.02	384946.45
298012-F2	448549.81	384952.17
298012-F3	448530.29	384811.94
298012-F4	448581.96	384792.02
298018A	448710.76	383634.44
298018B	448703.46	383422.02
298018C	448705.83	383214.33
298018D	448710.56	382948.85
298018E	448758.29	382831.69
29901A	441556.44	380986.76
29906A	441434.95	380985.38
29906B	441451.71	381006.09
29907A	442476.74	378802.57
29907B	442459.39	378872.59
29907C	442621.91	378775.55
29907D	442496.07	378903.76

Samtala	Logitude	Latitude
29909B	446928.34	381678.46
29910A	442056.44	381021.67
29918A	446114.35	380022.47
29924A	441652.3	380311.03
29928A	441528.83	380802.54
29928B	441580.31	380869.8
29928C	441505.16	380983.4
29928D	441430.61	380868.22
300010A	441624.49	380521.68
300010B	441561.97	380564.28
300010C	441529.62	380578.28
300010D	441483.07	380618.32
300010E	441441.06	380647.12
300010F	441381.3	380685.38
300011B	443600.59	379487.77
300020A	440306.17	380053.64
300020B	440339.7	380104.92
300022A	440563.76	380104.13
300022B	440747.78	380176.12
300031A	441285.64	380583.21
300031B	441349.74	380622.46
300032A	441352.11	380654.02
300032B	441344.81	380657.77
300032C	441333.96	380650.86
300033A	441331	380650.47
300033B	441323.11	380638.64
300033C	441340.87	380618.91
300035A	441347.77	380660.92
300035B	441361.58	380691.89
300037A	440284.08	380263.3
300037B	440326.29	380353.04
300040A	441061.58	380571.58
300040B	441064.34	380547.12
300040C	440989.2	380524.83
300040D	440982.29	380565.86
300040E	440944.42	380566.05
300040F	440957.84	380594.85
300040G	441083.28	380609.25
300040H	441125.68	380613
300040I	441129.63	380596.82
300040J	441082.09	380588.54
300044A	440114.65	380379.67
300044B	440119.78	380386.57
30106A	439646.81	378562.34
30114A	439772.25	378383.05
30114B	439819.79	378401
30117A	441068.09	377351.51
30119B	439358.06	378630.78
30124A	439579.16	377931.98
30124B	439645.23	378037.7

Samtala	Logitude	Latitude
30124C	439570.68	378072.01
30124D	439534.59	378001.01
30124E	439630.44	378188.38
30124F	439687.64	378128.82
30124G	439650.36	378223.1
30124H	439653.72	378227.63
30124I	439668.51	378260.37
30124J	439741.09	378288.38
30124K	439733.2	378277.53
30124L	439676.99	378254.46
30124M	439668.9	378256.43
30132A	440368.89	377293.72
30132B	440406.37	377309.31
30134A	441054.09	376286.64
30134B	440631.02	376741.66
30134C	440445.62	376940.87

Samtala	Logitude	Latitude
30134D	440160.41	377247.57
30134E	439695.92	377745.39
30134F	439567.13	377913.44
30134G	439520.98	377975.17
30134H	439468.12	378098.05
30134I	439458.65	378119.15
30134J	439427.09	378185.23
30134K	439223.74	378594.1
30134L	439256.29	378615.4
469004A	450101.27	391722.66
469004B	450092.98	391733.71
469005A	455864.08	391002.95
469005B	455947.71	390983.23
469017A	458409.4	393437.23
469017B	458363.65	393438.22
469017C	458329.33	393443.74

Minjakort:

Garðlög eru merkt með rauðum línum og leiðir með gulum punktalínum. Þar sem minjar eru mjög þéttar næst bæjum má sjá nánari dreifingu þeirra á túnakortum framan við hverja jörð í fornleifaskránni.




Minjakort: Fróðholtshóll, Eystra-Fróðholt, Galtarholt,
Stórholt, Markhóll og Uxahryggur
N
0
1000
2000
metrar
268001
269009
269001
269004
269003
269010B
269010A
269007
271001
269005
269008
272001
272202A
272202B
273013
273023
273024
273009
273025
273006
273005
273008
273001
273004
273012
273007
273003
273002
273322B
273322A
273017
273014
273019
273320A
273021
273015
270006
270014B
270012
270004
270015A
270003
270002
270013
270005
270021
270008
270001
270016A
270010
270018B
270007
270020
270018D
270018C
270018A


Minjakort: Oddhóll og Lambhagi
N
0
1000
2000
metrar
275018
ODDI
275028
275032
275017
275516C
275516A
Hjardarbr.
275031
275004
275001
275033
275010
275003
275002
275027
275012
275007
275022
275029A
275029B
275029C
275013
275014
275015
275021
275019
275030C
275030A
274007
274025
274023
274424C
274424A
274022
274421D
274417F
274020
274406A
274018
274011
274012
274019
274002
274003
274004
274013
274001
274414D
274010
274005
274008
274009


Minjakort: Eystri-Kirkjubæir, Vestari-Kirkjubæir og nyrðri hluti Strandar
N
0
1000
2000
metrar
278007
278008
278019
278009
278012
278013
27726C
27726A
277020
277045
277019
277040L
277023
277015
277040A
277040G
277040I
277033
277030
277013
277001
277007
277006
277005
277002
277038
277003
277036
27735P
27735K
277004
277034
27811B
278008
278018
278001
278016
278017
278002
278003
27814I
27735A
27743C
27743D
27743B
27743A
27742D
27742A
277046
277047
27718A
27718B
27716A
27717A
27717B
277041
277022
277027
27755A
277054
277025
27750B
277051
277052
277053
278004
27605A
27605B
27605E
27605G
27605C
27605D


Minjakort: Stóra-Hof, Minna-Hof og syðri hluti Strandar
N
0
1000
2000
metrar
280010
280035
280036
280012
280002
280018
280003
280019
280004
280005
280006
280028
280001
280027
280016
280026
280017B
280014
280020B
280020D
280033
280032
279016
279018
279004
279008
279029
279002
279021
279028
279019
279006
280034B
279011
279017
279012
279050
279050E
279030
279027
279005B
279042
279031
279043
279001
279024
279910A
279910B
279022
279045
279936S
279936R
279936G
279936E
279915A
279915B
279915C
279915D
279946A
279047
279946F
279946E
279013
279913A
279014
279913B
279049
279040
279048
279912A
279912B
279912C
279912D
279041
276007
276002
276006
276000
276003


Minjakort: Stokkalækur
N
0
1000
2000
metrar
281027
281005
281035
281004
281030
281016
281017
281036
281020
281021
281014
281131B
281137B
281012
281001
281002
281023
281028
281003
281024
281034
281033
281011
281013
281009
281010
281115A
281115B
281115C
281025
281007
AKURBR
281008
281006
281138A
281138B
281138C
281138D
281138E


Minjakort: Reyðarvatn
N
289019
289013
289014
289012
289005
289034
289003
289001
289036
289038
289037
289004
289006
289039
289009
289039C
289043
289042
289041
289033
289024
289023
289022
289031
289032
289008
289026
289007
289035
289010
289035
289030A
289040
289030B
289002
0
500
1.000
metrar


Minjakort: Steinkross
N
290001B
290001
291019A
290012
290010
290008
290002C
290002
290002B
290002D
290002E
290003
299021
299026
0
500
1.000
metrar


Minjakort: Kot
N
291011
291009
291010
291009
291025
291026
291027
291007 A - H
291020
291005
291035
291004
291036
291003
291023
291021
291034
291002
291001
291017
291033
291024
291015
291038
291012
291031
291029
291030B
291030A
291013
291016
291032
291019B
0
500
1 000
metrar


Minjakort: Dagverðarnes
N
0
500
1.000
metrar
292009
292028
292024
292024
292016
292021
292004
292023
292022
292026
292020
292030
292014
292026
292011 A - C
292035B
292035A
292019
292018
292018
292005
292036
292007
292013
292012
292001
292027
292027
292031
292031
292010
292032
292033
292015
292006D
292006A
292006B
292006C
292025
292003
292029
292017


Minjakort: Selsund
N
0
500
1 000
metrar


Minjakort: Haukadalur
N
0
450
900
metrar
294020
294029
294021
294012
294003
294019
294024
294014
294013
294001
294018
294026
294008
294025
294002
294015
294027
294418B
294418A
294030
294017
294018
294004
294009
294007A
294007B
294028
294010
294032


Minjakort: Bolholt
N
295006
295013
295007
295024
295010
295006
295001
295003
295004
29521
29523A
29520
29522
29522
295018
295014
295002
295015
29508A
29508B
29508C
295009
29909B
29509G
0
500
1.000
metrar


Minjakort: Næfurholt og Háls
N
0
1.000
2.000
metrar


Minjakort: Svínahagi
N
298009E
298008
298009
298022
298010
298037
298038
298018
298039
298021
298015
298016
298019
298014
298012 A5
298012
298012
298017
298025
298006
298004
298029
298032
298005
298011
298017
298007
298003
298030
298024
298036
298035
298033
0
500
1.000
meters


Minjakort a: Kaldbakur og Þingskálar, eystri hluti
N
0
500
1.000
metrar
299030
299017
300011
300011B
298022
299024
299023
299020
299007D
299007A
299007C
299007B
300024
300002
299010A
299010
299003
299027
299012
299004
299005
299007
299028
300010
300001
300046
300006
300007
300008
300014
299024A
300026
300034
300005
300029
300036
300033
300025
300042
298001
299002
299006 A - B
299001A
300038
300004
300035
300041
300032
300003
300039
300040
300028
300027
300031
300047
300045
300016
300022
300021
300020
300037
300044A
300044B
300015
300043
299029
299014
300023


Minjakort b: Kaldbakur og Þingskálar, vestari hluti
N
300029
300008
300014
300002
299244
300036
300033
25
300024
299024
299023
300011
300011B
299020
299007D
299007B
299007A
299007C
299022
299021
299026
0
500
1.000
metrar


Minjakort: Heiði
N
301002
301004
301005
301006
301008
301009
301010
301011
301012
301013
301014
301015
301016
301017A
301018
301021
301022
301023
301024
301026
301027
301028
301031
301032
301033
301034
301035
301036
301037
30124
30132
30134
0
500
1.000
metrar


Minjakort: Mörk
N
469020
469019
469017B
469017C
469017A
469018
469014
469005B
469005A
469013
469010
469008
469015
469004A
469004B
469003
0
1.500
metrar

BOLHOLT

Laustegur örnefnauppdrátturr eftir flugmynd, en engum mælingum.

Heimildarmenn um örnefni:

Árni Böðvarsson, cand. mag., í Bolholti 1931-44.

Bjarni Böðvarsson, bónghól, í Bolholti 1938-50.

Valgeir Sigurðsson, á þingskálum 1934 og síðan.

Stuðst við örnefnaljósingu eftir Helgu Skúladóttur frá Keldum.

Ingólfur Einarsson
1973-78





ÖRNEFNI HJÁ ÞINGSKÁLUM

1. Heygarður
2. Hlöðugarður
3. Búðir
4. Fremrigarður
5. Njálsbúð
6. Gunnarsbúð
7. Gamlibrunnur
8. Hesthúshóll
9. Efrigarður
10. Gömlutraðir
11. Lambhúshóll
12. Hólar

ÖRNEFNI, SEM EKKI ER HÆGT AÐ STAÐSETJA:

Borgartún — ójáleiga eða arðýli frá Víkingslæk, suðaustur frá heimabýlinu, nálægt upptökum Víkingslækjar.

Fífuflag — nefnt í landamerkjalýsingu 1605. Hún hafa verið suðaustur frá Freysteinsholtum, í stefnu á Svínavöll og Ballarholt.

Stóraklif — nefnt í tveimur landamerkjalýsingum 1605; milli Hvítamels og Hrísnesbrúna. Ef til vill Djúpholl eða hraunbrúnin vestur þaðan.

VÍKINGSLÆKUR
KALDBAKUR, ÞINGSKÁLAR
ÖRNEFNI

Mjög lauslegt riss, eftir flugmynd og korti, en engum mælingum. Örnefni hefur staðsett, eftir munnlegum og skriflegum heimildum og eigin athugunum:

Valgeir Sigurðsson á Þingskálum.

Ingólfur Davíðsson 1972


Geldingaból
Grashraun
Mershóll
Nálhúshóll
land Bolholts
land Selsunds
Drangur
Sáta
Hvítamelshraun
Hvítimelur
Vatnahraun
Flatabakkar
Flatir (Ketilsstaðaflatir)
Flathóll
Markabúfa
Ketilsstaðanef (Nefið)
Brunnhola
Ketilsstaðavík
Braggi
Fjárborg
Fjárhús
Selsundshraun syðra (Suðurhraun) 1300?
Guddukvammur?
Dalabakkar
Dalahóll
Hekkadrjúgi
Flatahraun
Loðmundarnef
Vellhólar
Sauðahús
Selsundsgötur
Svínhagabraut
Svínhagagötur
Vatnslág
Bolholtsgötur
Brúnkolluhvammur
Kastalabrekka (bæjarrúst)
(Stekkatún)
Bakk(a)endar
Vesturmosar
Langhóll
Stóralaut
Tangabrún
Tangalaut
Skurður
KOT
(í eyði frá 1981)
Stelpa
Fagurhóll
Blesugrenshvammur?
Hestur
Sauðabrekka
Fersi
Kollur
Djúpidalur
Bæjarvarða
Bæjarhraunsbrún
Fjárrétt
Flaghóll
Stóri-Bílídudalur
Litli-Bílídudalur
Botnunefshvammur
Botnunef
Kargi
Kargabrún
Réttin
Litla-Svikatorfa
Stóra-Svikatorfa
Gunnutorfa
Fálkhamar
Grenhólmi
Pálssteinshraun 1554?
afréttur
Pálssteinn
Klofhóll
Kolviðarhraun
Mjðmorgunshóll
Ástukletur
Borgarhóll
Hólmaborg
Hólmar
Litlahraunsnef
Kvos
Hvítsteinn
Litlahraun (Brunnhraun)
Háubrekkudalir
Hábrekka
Brunnhólar
Brunnur
Hádegisvörðuhóll
Árbæjargötur
Hádegisvarða
Gvendarþúfa
Litlabrún
Mosar (Framrimosar)
Sandlaut
Stóralaut
Stóristeinn
Fjárhólsnef
Fjárhóll
Viðlhvammur
Hábrún
Fjárhólsbergir
Brún
Keldnagötur
Dagverðarnessgötur
Dagverðarnesheiði
land Dagverðarness
Fjárhólsheiði
Grenhólar
Engjahóll (Enghóll)
Stórhólar
Steinkrossgötur
Grásteinn
Steinkrossheiði
Tangahraun
Tangi
land Steinkross
Slétta
Hólar
Norðurtún
Sandlág
Svínhagagötur
Kofaborð
Tótt
Lambhúshóll
Lambhús
Skemmulaut
Skemmuflöt (Flötin)
Fornufjós
Hundhóll
Austurtún
Tótt(in)
Flöt(in)
Brýhyrningur
götur
Slétta
Vestastún
0
500
1000 m
1 km (ónákvæmt)

Rangárvallahreppur, Rang.
GUNNARSHOLT
REYÐARVATN
Mjög lauslegur uppdráttur eftir flugmynd,
en engum mælingum.
Þorsteinn Oddsson frá Heiði
staðsetti örnefni eftir heimildum í
Örnefnastofnun og eigin athugunum.
Mörg örnefni hefur ekki verið unnt
að staðsetja.
Gert með styrk og stuðningi
Örnefnastofnunar Þjóðminja-
safns og Landgræðslunnar.
1990-93
Ballarholt
Vallholt
land Steinkross
Axarvarða
land Dagverðarness
Blesuvikshóll
land Keldna
Hrafnabrún
Langholtsvik
Selbrún
Selhóv
Brekknaheiði
Litli-Valshóll
Valshóll
land Heiðar
Rollukletttur
Dúkonuhóll
Kelgrefarholt
Stelpa
Kornbrekknakofar
Oddhólar
Miðhóll
Fjárhúshóll
Segir
Einir (klettur)
Vesturhraun
Lágahraun
Heiðargötur
Hátúnahóll
land Geldingalækjar
Pétún
Jónshóll
Leirur
Móalda
Mógrafir
Gunnarsholt
Vesturhúsdalur
Austurhúsdalur
Gunnarshóll
Kornbrekknaheiði
Smalaskáli
Smalaskálaheiði
Gráfelsheiði
Vesturtún
Gunnarsholtsvellir
Sandatún
Klofalækur
Lækjarkjaftur
Klofi
Djúpinn
Vakhóll
Gunnarsholtslækur
Titlingagil
Djúpinhvammur
Lágarkjaftur
Kollaspar
Mjóstangi
Hróarslækur
Skipholslág
Dalamynni
Illugaheiði
Reyðarvatn
Miðbotn
Langanef
Litlihóls
Stórihóls
Goltjörn
Votanes
Litla-Reyðarvatn
Kóngshóll
Austasta-Reyðarvatn
Litla-Reyðarvatns heiði
Kóngshólshraun
Hrauns lækur
Hraunslækjarbotn
Hönhóll
Hönhólamúli
Geitamelur
Stórólda

Rangárvallahreppur, Rang.

SVÍNHAGI

Mjög lauslegur örnefnauppdráttur eftir flugmyndum, en engum mælingum.

Heimildir:

Örnefnalýsing Helgu Skúladóttur á Keldum, í Örnefnastofnun.

Bogi Thorarensen á Helluvaði staðsetti örnefni í samráði við systkinin á Minnivöllum á Landi:

Ásgeir Auðunsson, f. 1918 í Svínhaga,
Guðbjörgu Auðunsdóttur, f. 1920 í Svínhaga,
Óskar Auðunsson, f. 1916 í Svínhaga.

Þau áttu heima í Svínhaga til 1952.

Gert með styrk og stuðningi Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns 1983-90.




Hvítsmelshraun
Ketsland
Vatnagötur
Gamli-Steinkross (Gamlibar) (til 1869)
Steinkrossbrún
Grænafjöll
Langhöll
Dalir
Jaðar
(Steinkrossjaðar)
Tegl
Stekkur
Steinkrossbrekka
Kristinsfell
Steinkross (1849-82)
Báðarsvarða?
Mosar
Lágheiðarbrún
Lágheiðar
Djúpulágar
Fjarðhöfðaheiði
Grástein
Waunnet
Fjarðhöfðaborgir
Sandlaut (Sandlág)
Fegrihnúkur
Ljósulágaverða
Skjálgarðshöll
Skyggnir
Dagverðarnes (til 1912)
Borgarhöll
Borgarnef
Litli-Fjarðhöll
Kolviðarhöll
Kumlhöll
Botnhöll
Skarðsá
Pétssteinn
Litli-Skarðhólmi
Ketsland
Eldiviðarhraun
Gár
(Lækjarkrókagár)
Hrísar
Hrísbrún
Akarverða?
Furðurótarsandur
Reykvatnsland
Rattarflatir
Blesuvikshöll (Blesuvíksverða)?
Ballarholt
Vatnsmýrarland (Kaldaðs og Bringnesja)
Vatnsmýrarhraun
Suðurhraun
Tangahraun
Steinkrossheiði
Gár
Heiðarbrún
Fjarðhöfðaheiði
Ketsland
Breiðavatnsland
Vatnsmýrarbrún
Skarðsá
N
S


Norðurhraun
(Selsundshraun nyrðra)
(1389-90?)
Augnhraun
Jaðar
Hryggir
Miðhraunshryggur
Litliskógur
Skygnir
Botnafjall
Stórhóll
Prestsklettur
Þrihyrnuklettur
Haukadalsalda
Hrauntá
Kanastaðalækur
Selsundsalda
Mosar
Tjarnir
Víkur
Sund
Torfur
Þverlækur
SELSUND
Krókahraun
Krókabrún
Vesturkrókar
Miðkrókar
Geldingabæli
Bolholtsgata (í Bolholti nefnd Selsundsgata)
Grashraun
Markhóll
Grákall (Grákollur)
Litlaselsundsflatir
Litla-Selsund
Flatahraun
Málhúshóll
Selskógur
Flatir
(Ketilsstaðaflatir)
Ketilsstaðanar
Selsundshraun syðra
(1300?)
Hrossagötur
Há(a)fjall
Selsundsfjall
Fálkhamar
Skál
hraun frá 1947
Stóraskógsbotnar
Botnalækur

HEIÐI

ÖRNEFNI

Mjög lausleg riss, eftir flugmynd

og Korti [illegible]

Heimildarmenn um örnefni:

Ódcur Oddsson, bóndi á Heiði

Þorsteinn Oddsson, bóndi á Heiði

Einnig stuðst við örnefnalýsingu í Þjóðminjasafni

Ingólfur Davíðsson

1970